# Stjórnartíðindi
# 1963 - A-deild

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundi skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

## Takmörkun ábyrgðar
Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.


## Höfundaréttur
Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).


## Ábendingar
Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

## Athugasemdir um þessa útgáfu
Gallar á bls. 11, 68, 162, 248, 284, 287, 309, 416, 436, 441, 448, og 450-451.


Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

# STJÓRNARTÍÐINDI

# 1963

## A-DEILD

REYKJAVÍK — 1963
RÍKISPRENTSMIÐJAN GUTENBERG

*Útgefandi dómsmálaráðuneytið.*

# Efnisyfirlit

## í tímaröð.


| Nr. | Dagsetning | Fyrirsögn | Blaðsíðutal |
|---|---|---|---|
| 1 | 18. jan. | Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfundar | 1 |
| 2 | 13. febr. | Lög um samkomudag reglulegs Alþingis 1963 | 1 |
| 3 | 19. febr. | Lög um landsdóm | 2—8 |
| 4 | S. d. | Lög um ráðherraábyrgð | 8—10 |
| 10 | 23. febr. | Lög um breyting á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950, og lögum nr. 29 1955, um breyting á þeim lögum | 155—156 |
| 6 | 20. marz | Lög um breytingu á lögum nr. 38/1951, um landshöfn í Rifi á Snæfellsnesi | 13—14 |
| 9 | S. d. | Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa h/f Hval innflutning á Hvalveiðiskipi | 155 |
| 13 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 23 6. maí 1955, um landshöfn í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi | 163 |
| 8 | 21. marz | Lög um breyting á lögum nr. 124 22. des. 1947, um dýralækna | 153—154 |
| 62 | 30. marz | Auglýsing um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands | 300 |
| 5 | 2. apríl | Lög um veitingu ríkisborgararéttar | 11—13 |
| 44 | 3. apríl | Lög um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða tæknifræðinga | 275—276 |
| 45 | S. d. | Lög um iðnlánasjóð | 277—280 |
| 38 | 5. apríl | Forsetabréf um þingrof og almennar kosningar til Alþingis 9. júní 1963 | 250 |
| 46 | 13. apríl | Lög um hámarksþóknun fyrir verkfræðistörf | 280 |
| 47 | 16. apríl | Lög um breyting á lögum nr. 30 17. maí 1957, um breyting á lögum nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum | 281 |
| 48 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum | 281—282 |
| 60 | S. d. | Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að selja eyðijörðina Bakkasel í Öxnadalshreppi | 299 |
| 61 | S. d. | Lög um heimild til að selja jörðina Utanverðunes í Rípurhreppi í Skagafjarðarsýslu | 299 |
| 50 | 18. apríl | Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja prestssetursjörðina Vatnsenda í Suður-Þingeyjarsýslu og Æsustaði í Austur-Húnavatnssýslu | 284 |

| Nr. | Dagsetning | Fyrirsögn | Blaðsíðutal |
|---|---|---|---|
| 11 | 19. apríl | Lög um breyting á sjómannalögum, nr. 41 9. maí 1930 | 156—161 |
| 12 | 20. apríl | Lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla | 161—163 |
| 14 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland | 163—164 |
| 15 | S. d. | Lög um breyting á siglingalögum nr. 56 30. nóv. 1914 | 164—186 |
| 18 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 49 28. apríl 1962, um Ríkisábyrgðasjóð | 188 |
| 19 | S. d. | Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán fyrir Slippstöðina h/f, Akureyri | 188 |
| 20 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 30/1960, um skipun innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl. | 189 |
| 37 | S. d. | Forsetabréf um þinglausnir | 249 |
| 49 | S. d. | Lög um byggingarsjóð aldraðs fólks | 282—283 |
| 51 | S. d. | Lög um viðauka við lög nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins | 284 |
| 52 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 71/1954, um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna | 285 |
| 53 | S. d. | Lög um veitingasölu, gististaðahald o. fl. | 285—291 |
| 54 | S. d. | Lög um heimild til lántöku fyrir raforkusjóð | 291 |
| 55 | S. d. | Lög um bændaskóla | 292—294 |
| 56 | S. d. | Lög um lögreglumenn | 294—297 |
| 17 | 22. apríl | Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að selja tvær eyðijarðir í Árskógshreppi | 187 |
| 57 | S. d. | Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna vatnsveituframkvæmda í Vestmannaeyjum | 297 |
| 58 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 10/1952, um heimilishjálp í viðlögum | 298 |
| 21 | 23. apríl | Lög um kirkjugarða | 189—196 |
| 22 | 26. apríl | Lög um almenningsbókasöfn | 197—204 |
| 23 | S. d. | Lög um Kennaraskóla Íslands | 204—209 |
| 24 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 56 frá 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, og lögum nr. 57 frá 5. júní 1957, um breyting á þeim lögum | 209—210 |
| 25 | S. d. | Lög um Tækniskóla Íslands | 211—212 |
| 26 | S. d. | Lög um heimild handa siglingamálaráðherra til að veita Rafni Kolssyni skipstjóraskírteini á íslenzkum skipum | 212 |
| 27 | S. d. | Lög um þátttöku Síldarverksmiðja ríkisins í útgerðarfélagi í Siglufirði | 213 |
| 32 | S. d. | Lög um heimild handa ríkisstjórninni til þess að afhenda þjóðkirkju Íslands Skálholtsstað | 245 |
| 33 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði | 245—247 |
| 34 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 61/1947, um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip | 248 |
| 36 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 7 14. júní 1929, um tannlækningar | 249 |

| Nr. | Dagsetning | Fyrirsögn | Blaðsíðutal |
|---|---|---|---|
| 39 | 26. apríl | Lög um breyting á lögum nr. 36 12. febrúar 1945, um framboð og kjör forseta Íslands | 250 |
| 31 | 27 apríl | Lög um breyting á lögum um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands h/f nr. 113 29. des. 1951 | 244 |
| 41 | S. d. | Lög um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa | 272—273 |
| 7 | 29. apríl | Lög um tollskrá o. fl. | 14—153 |
| 16 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 73 25. nóv. 1952, um tilkynningar aðsetursskipta | 186—187 |
| 28 | S. d. | Lög um fasteignamat og fasteignaskráningu | 213—218 |
| 29 | S. d. | Lög um Lífeyrissjóðs starfsmannna ríkisins | 218—224 |
| 30 | S. d. | Lyfsölulög | 225—244 |
| 35 | S. d. | Lög um skattfrelsi vinninga í happdrætti Styrktarfélags vangefinna o. fl. | 248 |
| 40 | 30. apríl | Lög um almannatryggingar | 251—272 |
| 42 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 69 28. apríl 1962, um tekjustofna sveitarfélaga | 274 |
| 43 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 69 28. apríl 1962, um tekjustofna sveitarfélaga | 275 |
| 59 | S. d. | Lög um makaskipti á landspildum úr landi jarðanna Laugardalshóla og Miðdalskots í Laugardalshreppi | 298 |
| 63 | 11. júlí | Forsetabréf um heiðurspening til minningar um vígslu Skálholtskirkju og afhendingu Skálholtsstaðar til þjóðkirkjunnar 1963 | 301—302 |
| 64 | 17. ágúst | Bráðabirgðalög um lausn kjaradeilu verkfræðinga | 302—303 |
| 65 | S. d. | Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands | 303 |
| 80 | 5. sept. | Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum | 477 |
| 81 | 16. sept. | Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til fundar fimmtudaginn 10. október 1963 | 477 |
| 76 | 11. okt. | Auglýsing um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands | 473 |
| 82 | 6. nóv. | Auglýsing um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands | 478 |
| 68 | 14. nóv. | Auglýsing um breytingu á forsetaúrskurði nr. 64 frá 20. nóvember 1959, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl. | 362 |
| 83 | 18. nóv. | Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands | 478 |
| 84 | 3. des. | Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum | 478 |
| 72 | 9. des. | Lög um hækkun á bótum almannatrygginganna | 470 |
| 69 | 12. des. | Lög um fullnustu refsidóma, sem kveðnir hafa verið upp í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, o. fl. | 363—367 |
| 70 | 30. des. | Fjárlög fyrir árið 1964 | 367—454 |
| 71 | S. d. | Vegalög | 455—470 |

| Nr. | Dagsetning | Fyrirsögn | Blaðsíðutal |
|---|---|---|---|
| 73 | 30. des. | Lög um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga | 471 |
| 74 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 41 27. apríl 1963, um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa | 472 |
| 75 | S. d. | Lög um breyting á siglingalögum, nr. 56 30. nóv. 1914 | 472 |
| 78 | S. d. | Fjáraukalög fyrir árið 1962 | 474—475 |
| 79 | S. d. | Lög um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1962 | 476—477 |
| 85 | S. d. | Lög um Lífeyrissjóð barnakennara | 479—484 |
| 66 | 31. des. | Siglingalög | 304—345 |
| 67 | S. d. | Sjómannalög | 345—362 |
| 77 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 48 7. apríl 1956, um náttúruvernd | 473—474 |
| 86 | S. d. | Lög um stofnun happdrættis fyrir Ísland | 485—486 |

# Yfirlit

## eftir málaflokkum.


| Nr. | Dagsetning | Fyrirsögn | Blaðsíðutal |
|---|---|---|---|
| | | **Aðsetursskipti,** sjá landshagir. | |
| | | **Almannatryggingar.** | |
| 40 | 30. apríl | Lög um almannatryggingar | 251—272 |
| 72 | 9. des. | Lög um hækkun á bótum almannatrygginganna | 470 |
| | | **Almenningsbókasöfn,** sjá menntamál. | |
| | | **Alþingi, alþingiskosningar.** | |
| 1 | 18. jan. | Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfundar | 1 |
| 2 | 13. febr. | Lög um samkomudag reglulegs Alþingis 1963 | 1 |
| 37 | 20. apríl | Forsetabréf um þinglausnir | 249 |
| 38 | 5. apríl | Forsetabréf um þingrof og almennar kosningar til Alþingis 9. júní 1963 | 250 |
| 81 | 16. sept. | Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til fundar fimmtudaginn 10. október 1963 | 477 |
| | | **Ábyrðarheimildir,** sjá ríkisábyrgðir. | |
| | | **Bankamál.** | |
| 31 | 27. apríl | Lög um breyting á lögum um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands h/f, nr. 113 29. desember 1951 | 244 |
| | | **Bráðabirgðalög.** | |
| 64 | 17. ágúst | Bráðabirgðalög um lausn kjaradeilu verkfræðinga | 302—303 |
| | | **Bændaskóli,** sjá menntamál, landbúnaður. | |
| | | **Dómsmál.** | |
| 3 | 19. febr. | Lög um landsdóm | 2—8 |
| 33 | 26. apríl | Lög um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði | 245—247 |
| 69 | 12. des. | Lög um fullnustu refsidóma, sem kveðnir hafa verið upp í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, o. fl. | 363—367 |

| Nr. | Dagsetning | Fyrirsögn | Blaðsíðutal |
|---|---|---|---|
| | | **Dýralæknar,** sjá landbúnaður. | |
| | | **Einkamál,** sjá dómsmál. | |
| | | **Fasteignir.** | |
| 28 | 29. apríl | Lög um fasteignamat og fasteignaskráningu ........ | 213—218 |
| 41 | 27. apríl | Lög um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa ........ | 272—273 |
| 74 | 30. des. | Lög um breyting á lögum nr. 41 27. apríl 1963, um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa ........ | 472 |
| | | **Félagsmál.** | |
| 49 | 20. apríl | Lög um byggingarsjóð aldraðs fólks ........ | 282—283 |
| 58 | 22. apríl | Lög um breyting á lögum nr. 10/1952, um heimilishjálp í viðlögum ........ | 298 |
| | | **Fjárlög, ríkisreikningur.** | |
| 70 | 30. des. | Fjárlög fyrir árið 1964 ........ | 367—454 |
| 78 | S. d. | Fjáraukalög fyrir árið 1962 ........ | 474—475 |
| 79 | S. d. | Lög um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1962 | 476—477 |
| | | **Forseti Íslands.** | |
| 39 | 26. apríl | Lög um breyting á lögum nr. 36 12. febrúar 1945, um framboð og kjör forseta Íslands ........ | 250 |
| 65 | 17. ágúst | Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands ........ | 303 |
| 80 | 5. sept. | Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum ........ | 477 |
| 83 | 18. nóv. | Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands ........ | 478 |
| 84 | 3. des. | Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum ........ | 478 |
| | | **Gjaldeyrismál,** sjá innflutningsmál. | |
| | | **Hafnir, lendingarbætur.** | |
| 6 | 20. marz | Lög um breyting á lögum nr. 38/1951, um landshöfn í Rifi á Snæfellsnesi ........ | 13—14 |
| 13 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 23 6. maí 1955, um landshöfn í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi .. | 163 |
| | | **Happdrætti.** | |
| 14 | 20. apríl | Lög um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland ........ | 163—164 |
| 35 | 29. apríl | Lög um skattfrelsi vinninga í happdrætti Styrktarfélags vangefinna o. fl. ........ | 248 |

| Nr. | Dagsetning | Fyrirsögn | Blaðsíðutal |
|---|---|---|---|
| 52 | 20. apríl | Lög um breyting á lögum nr. 71/1954, um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna | 285 |
| 86 | 31. des. | Lög um stofnun happdrættis fyrir Ísland | 485—486 |
| | | **Háskóli Íslands.** | |
| 62 | 30. marz | Auglýsing um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands | 300 |
| 76 | 11. okt. | Auglýsing um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands | 473 |
| 82 | 6. nóv. | Auglýsing um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands | 478 |
| 86 | 31. des. | Lög um stofnun happdrættis fyrir Ísland | 485—486 |
| | | **Heiðurspeningur,** sjá orður. | |
| | | **Heilbrigðismál.** | |
| 30 | 29. apríl | Lyfsölulög | 225—244 |
| 36 | 26. apríl | Lög um breyting á lögum nr. 7 14. júní 1929, um tannlækningar | 249 |
| | | **Heimilishjálp,** sjá félagsmál. | |
| | | **Iðnaðarbanki Íslands,** sjá bankamál. | |
| | | **Iðnaðarmál.** | |
| 25 | 26. apríl | Lög um Tækniskóla Íslands | 211—212 |
| 45 | 3. apríl | Lög um Iðnlánasjóð | 277—280 |
| | | **Innflutningsmál.** | |
| 20 | 20. apríl | Lög um breyting á lögum nr. 30/1960, um skipun innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl. | 189 |
| | | **Jarðir,** kaup, sala. | |
| 17 | 22. apríl | Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að selja tvær eyðijarðir í Árskógshreppi | 187 |
| 41 | 27. apríl | Lög um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa | 272—273 |
| 50 | 18. apríl | Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja prestssetursjörðina Vatnsenda í Suður-Þingeyjarsýslu og Æsustaði í Austur-Húnavatnssýslu | 284 |
| 59 | 30. apríl | Lög um makaskipti á landspildum úr landi jarðanna Laugardalshóla og Miðdalskots í Laugardalshreppi | 298 |
| 60 | 16. apríl | Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að selja eyðijörðina Bakkasel í Öxnadalshreppi | 299 |
| 61 | S. d. | Lög um heimild til að selja jörðina Utanverðunes í Rípurhreppi í Skagafjarðarsýslu | 299 |

| Nr. | Dagsetning | Fyrirsögn | Blaðsíðutal |
|---|---|---|---|
| | | **Kennaraskóli Íslands,** sjá menntamál. | |
| | | **Kirkjumál.** | |
| 21 | 23. apríl | Lög um kirkjugarða | 189—196 |
| 32 | 26. apríl | Lög um heimild handa ríkisstjórninni til þess að afhenda þjóðkirkju Íslands Skálholtsstað | 245 |
| 63 | 11. júlí | Forsetabréf um heiðurspening til minningar um vígslu Skálholtskirkju og afhendingu Skálholtsstaðar til þjóðkirkjunnar 1963 | 301—302 |
| | | **Landakaup,** sjá sveitarstjórnarmál. | |
| | | **Landbúnaður.** | |
| 8 | 21. marz | Lög um breyting á lögum nr. 124 22. des. 1947, um dýralækna | 153—154 |
| 10 | 23. febr. | Lög um breyting á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950, og lögum nr. 29 1955, um breyting á þeim lögum | 155—156 |
| 48 | 16. apríl | Lög um breyting á lögum nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum | 281—282 |
| 55 | 20. apríl | Lög um bændaskóla | 292—294 |
| | | **Landsdómur,** sjá dómsmál. | |
| | | **Landshagir.** | |
| 16 | 29. apríl | Lög um breyting á lögum nr. 73 25. nóv. 1952, um tilkynningar aðsetursskipta | 186—187 |
| | | **Launamál.** | |
| 29 | 29. apríl | Lög um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins | 218—224 |
| 46 | 13. apríl | Lög um hámarksþóknun fyrir verkfræðistörf | 280 |
| 64 | 17. ágúst | Bráðabirgðalög um lausn kjaradeilu verkfræðinga | 302—303 |
| 85 | 30. des. | Lög um Lífeyrissjóð barnakennara | 479—484 |
| | | **Lífeyrissjóður** | |
| 29 | 29. apríl | Lög um Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins | 218—224 |
| 85 | 30. des. | Lög um Lífeyrissjóð barnakennara. | 479—484 |
| | | **Lyfsala,** sjá heilbrigðismál. | |
| | | **Lögreglumál.** | |
| 56 | 20. apríl | Lög um lögreglumenn | 294—297 |
| | | **Menntamál.** | |
| 12 | S. d. | Lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla | 161—163 |
| 22 | 26. apríl | Lög um almenningsbókasöfn | 197—204 |
| 23 | S. d. | Lög um Kennaraskóla Íslands | 204—209 |

| Nr. | Dagsetning | Fyrirsögn | Blaðsíðutal |
|---|---|---|---|
| 24 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 56 frá 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, og lögum nr. 57 frá 5. júní 1957, um breyting á þeim lögum .......... | 209—210 |
| 25 | S. d. | Lög um Tækniskóla Íslands ...................... | 211—212 |
| 55 | 20. apríl | Lög um bændaskóla ............................ | 292—294 |
| | | **Náttúruvernd.** | |
| 77 | 31. des. | Lög um breyting á lögum nr. 48 7. apríl 1956, um náttúruvernd .................................. | 473—474 |
| | | **Norræn samvinna.** | |
| 69 | 12. des. | Lög um fullnustu refsidóma, sem kveðnir hafa verið upp í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, o. fl. | 363—367 |
| | | **Opinberir starfsmenn.** | |
| 29 | 29. apríl | Lög um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins .......... | 218—224 |
| | | **Orður.** | |
| 63 | 11. júlí | Forsetabréf um heiðurspening til minningar um vígslu Skálholtskirkju og afhendingu Skálholtsstaðar til þjóðkirkjunnar 1963 ......................... | 301—302 |
| | | **Raforkumál.** | |
| 51 | 20. apríl | Lög um viðauka við lög nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins ................................ | 284 |
| 54 | S. d. | Lög um heimild til lántöku fyrir raforkusjóð ...... | 291 |
| | | **Ríkisábyrgðir.** | |
| 18 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 49 28. apríl 1962, um Ríkisábyrgðasjóð ............................ | 188 |
| 19 | 20. apríl | Lög um heimild fyrir ríkisstjórnin til að ábyrgjast lán fyrir Slippstöðina h/f, Akureyri ................. | 188 |
| 41 | 27. apríl | Lög um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa ................................ | 272—273 |
| 54 | 20. apríl | Lög um heimild til lántöku fyrir raforkusjóð ...... | 291 |
| 57 | 22. apríl | Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna vatnsveituframkvæmda í Vestmannaeyjum ........ | 297 |
| | | **Ríkisborgararéttur.** | |
| 5 | 2. apríl | Lög um veitingu ríkisborgararéttar ............... | 11—13 |
| | | **Ríkisstjórn.** | |
| 4 | 19. febr. | Lög um ráðherraábyrgð .......................... | 8—10 |
| 68 | 14. nóv. | Auglýsing um breytingu á forsetaúrskurði nr. 64 frá 20. nóvember 1959, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl. ................................ | 362 |

| Nr. | Dagsetning | Fyrirsögn | Blaðsíðutal |
|---|---|---|---|
| | | **Ríkisstofnanir.** | |
| 27 | 26. apríl | Lög um þátttöku Síldarverksmiðja ríkisins í útgerðarfélagi í Siglufirði | 213 |
| 24 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 56 frá 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, og lögum nr. 57 frá 5. júní 1957, um breyting á þeim lögum | 209—210 |
| | | **Samgöngumál.** | |
| 71 | 30. des. | Vegalög | 455—470 |
| | | **Siglingar, skip.** | |
| 9 | 20. marz | Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa h/f Hval innflutning á hvalveiðiskipi | 155 |
| 11 | 19. apríl | Lög um breyting á sjómannalögum nr. 41 19. maí 1930 | 156—161 |
| 15 | 20. apríl | Lög um breyting á siglingalögum, nr. 56 30. nóv. 1914 | 164—186 |
| 34 | 26. apríl | Lög um breyting á lögum nr. 61/1947, um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip | 248 |
| 47 | 16. apríl | Lög um breyting á lögum nr. 30 17. maí 1957, um breyting á lögum nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum | 281 |
| 66 | 31. des. | Siglingalög | 304—345 |
| 67 | S. d. | Sjómannalög | 345—362 |
| 75 | 30. des. | Lög um breyting á siglingalögum, nr. 56 30. nóv. 1914 | 472 |
| | | **Síldarverksmiðjur ríkisins**, sjá ríkisstofnanir. | |
| | | **Sjávarútvegur.** | |
| 9 | 20. marz | Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa h/f Hval innflutning á Hvalveiðiskipi | 155 |
| 11 | 19. apríl | Lög um breyting á sjómannalögum, nr. 41 19. maí 1930 | 156—161 |
| 15 | 20. apríl | Lög um breyting á silglingalögum, nr. 56 30. nóv. 1914 | 164—186 |
| 27 | 26. apríl | Lög um þátttöku Síldarverksmiðja ríkisins í útgerðarfélagi í Siglufirði | 213 |
| 34 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 61/1947, um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip | 248 |
| 47 | 16. apríl | Lög um breyting á lögum nr. 30 17. maí 1957, um breyting á lögum nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum | 281 |
| 66 | 31. des. | Siglingalög | 304—345 |
| 67 | S. d. | Sjómannalög | 345—362 |
| 75 | 30. des. | Lög um breyting á siglingalögum, nr. 56 30. nóv. 1914 | 472 |
| | | **Sjómannalög**, sjá sjávarútvegur, siglingar, skip. | |
| | | **Skattar, gjöld.** | |
| 7 | 29. apríl | Lög um tollskrá o. fl. | 14—153 |
| 24 | 26. apríl | Lög um breyting á lögum nr. 56 frá 31. maí 1927, um | |

| Nr. | Dagsetning | Fyrirsögn | Blaðsíðutal |
|---|---|---|---|
| | | skemmtanaskatt og þjóðleikhús, og lögum nr. 57 frá 5. júní 1957, um breyting á þeim lögum | 209—210 |
| 42 | 30. apríl | Lög um breyting á lögum nr. 69 28. apríl 1962, um tekjustofna sveitarfélaga | 274 |
| 43 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 69 28. apríl 1962, um tekjustofna sveitarfélaga | 275 |
| 73 | 30. des. | Lög um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga | 471 |
| | | **Skálholt.** | |
| 32 | 26. apríl | Lög um heimild handa ríkisstjórninni til þess að afhenda þjóðkirkju Íslands Skálholtsstað | 245 |
| 63 | 11. júlí | Forsetabréf um heiðurspening til minningar um vígslu Skálholtskirkju og afhendingu Skálholtsstaðar til þjóðkirkjunnar 1963 | 301—302 |
| | | **Skipstjórnarréttindi.** | |
| 26 | 26. apríl | Lög um heimild handa siglingamálaráðherra til að veita Rafni Kolssyni skipstjórnaskírteini á íslenzkum skipum | 212 |
| | | **Skólar,** sjá menntamál. | |
| | | **Sveitarstjórnarmál.** | |
| 41 | 27. apríl | Lög um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa | 272—273 |
| 74 | 30. des. | Lög um breyting á lögum nr. 41 27. apríl 1963, um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa | 472 |
| | | **Söfn,** sjá menntamál. | |
| | | **Tannlækningar,** sjá heilbrigðismál. | |
| | | **Tónlistarskóli,** sjá menntamál. | |
| | | **Tryggingar.** | |
| 34 | 26. apríl | Lög um breyting á lögum nr. 61/1947, um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip | 248 |
| | | **Tækniskóli Íslands,** sjá menntamál. | |
| | | **Utanríkismál.** | |
| 69 | 12. des. | Lög um fullnustu refsidóma, sem kveðnir hafa verið upp í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, o. fl. | 363—367 |

| Nr. | Dagsetning | Fyrirsögn | Blaðsíðutal |
|---|---|---|---|
| | | **Útsvar.** | |
| 42 | 30. apríl | Lög um breyting á lögum nr. 69 28. apríl 1962, um tekjustofna sveitarfélaga | 274 |
| 43 | S. d. | Lög um breyting á lögum nr. 69 28. apríl 1962, um tekjustofna sveitarfélaga | 275 |
| | | **Vatnamál.** | |
| 57 | 22. apríl | Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna Vatnsveituframkvæmda í Vestmannaeyjum | 297 |
| | | **Vegir,** sjá samgöngumál. | |
| | | **Veitingasala, gististaðahald.** | |
| 53 | 20. apríl | Lög um veitingasölu, gististaðahald o. fl. | 285—291 |
| | | **Verkfræðingar, húsameistarar og tæknifræðingar.** | |
| 44 | 3. apríl | Lög um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða tæknifræðinga | 275—276 |
| 46 | 13. apríl | Lög um hámarksþóknun fyrir verkfræðistörf | 280 |
| 64 | 17. ágúst | Bráðabirgðalög um lausn kjaradeilu verkfræðinga | 302—303 |
| | | **Þjóðleikhús,** sjá menntamál. | |

STJÓRNARTÍÐINDI A 1 — 1963



## FORSETABRÉF
### um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfundar.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi, 83. löggjafarþing, skuli koma saman til framhaldsfundar þriðjudaginn 29. janúar 1963, kl. 13.30.

*Gjört að Bessastöðum, 18. janúar 1963.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**
(L. S.)

*Ólafur Thors.*

13. febrúar. Nr. 2.

## LÖG
### um samkomudag reglulegs Alþingis 1963.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Reglulegt Alþingi 1963 skal koma saman fimmtudaginn 10. október 1963, hafi forseti Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 13. febrúar 1963.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**
(L. S.)

*Ólafur Thors.*



Reykjavík. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

# LÖG
## um landsdóm.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Landsdómur fer með og dæmir mál þau, er Alþingi ákveður að höfða gegn ráðherrum út af embættisrekstri þeirra.

2. gr.

Í landsdómi eiga sæti 15 dómendur, og eru þeir þessir:

a. Hæstaréttardómarar, fimm að tölu, yfirsakadómarinn í Reykjavík og prófessorinn í stjórnskipunarrétti við Háskóla Íslands. Hæstiréttur kveður til varadómendur hæstaréttardómara úr hópi lagakennara háskólans, hæstaréttarlögmanna eða héraðsdómara, sem fullnægja skilyrðum til þess að vera skipaðir dómarar í hæstarétti. Varamaður yfirsakadómara er elzti sakadómarinn í Reykjavík. Lagadeild háskólans kýs varamann prófessorsins í stjórnskipunarrétti.

b. Átta menn kosnir af sameinuðu Alþingi með hlutfallskosningu til 6 ára í senn. Samtímis og með sama hætti skulu kosnir jafnmargir varamenn.

3. gr.

Enginn er kjörgengur í landsdóm samkvæmt b-lið 2. gr., nema hann fullnægi eftirgreindum skilyrðum:

1. Sé eigi yngri en 30 ára og eigi eldri en sjötugur.
2. Sé lögráða og hafi forræði fjár síns.
3. Hafi óflekkað mannorð.
4. Hafi íslenzkan ríkisborgararétt.
5. Eigi heimili á Íslandi.
6. Sé eigi alþingismaður eða starfsmaður í stjórnarráðinu.

Skylt er bæði konum og körlum, sem kjörgeng eru, að taka kjöri í landsdóm.

Enginn, sem ekki fullnægir framangreindum skilyrðum, má sitja í landsdómi.

Skyldir menn eða mægðir að feðgatali eða niðja eða hjón, kjörforeldri og kjörbarn, fósturforeldri og fósturbarn eða skyldir eða mægðir að fyrsta eða öðrum lið til hliðar mega ekki sitja samtímis í landsdómi.

4. gr.

Ef einhver hinna kjörnu dómenda fellur frá, flytur af landi brott eða missir kjörgengi, tekur varamaður sæti hans þann tíma, sem eftir er af kjörtímabilinu.

5. gr.

Jafnskjótt og kjör landsdómsmanna samkvæmt b-lið 2. gr. hefur farið fram, tilkynnir forseti sameinaðs Alþingis hæstaréttarforseta hverjir hafi hlotið kosningu sem dómendur og varamenn, en hann tilkynnir þeim það aftur hverjum fyrir sig.

6. gr.

Hæstaréttarforseti er sjálfkjörinn forseti landsdóms. Varaforseti hæstaréttar er varaforseti landsdóms. Nú forfallast þeir báðir, forseti og varaforseti, og kýs þá dómurinn forseta, er vera skal einn hinna löglærðu dómara.

7. gr.

Dómari í landsdómi skal, áður en hann tekur fyrsta sinn til starfa í dómnum, undirrita drengskaparheit um það, að hann skuli rækja starfann af samvizkusemi og óhlutdrægni í hvívetna og svo sem hann veit helzt að lögum. Skal dómsforseti gæta þess, að heitvinning fari fram lögum samkvæmt.

8. gr.

Aldrei má setja landsdóm með færri dómendum en 10, enda séu meðal þeirra að minnsta kosti 4 hinna löglærðu dómara samkvæmt a-lið 2. gr.

9. gr.

Ríkissjóður leggur landsdómi til dómbók, er vera skal tölusett, gegnumdregin og innsigluð. Skal hún löggilt af forseta sameinaðs Alþingis.

10. gr.

Hæstaréttarritari er dómritari við landsdóm. Sé hann forfallaður, setur dómsforseti mann utan dómsins til að gegna ritarastarfi. Dómsforseti ræður og dómritara aðstoðarmann, ef þurfa þykir.

11. gr.

Landsdómur skal að jafnaði koma saman í Reykjavík. Þó getur landsdómur ákveðið að koma saman og heyja dómþing annars staðar, ef ástæða þykir til.

12. gr.

Dómþing landsdóms skulu háð í heyranda hljóði. Landsdómi er þó rétt að kveða á um þinghald fyrir luktum dyrum, ef hann telur til þess sérstakar ástæður, svo sem horf tiltekinna málsatvika við erlendum ríkjum eða hagsmuni ríkisins. Ef landsdómur ákveður þinghald fyrir luktum dyrum, kveður hann upp um það sérstakan úrskurð.

13. gr.

Ákvörðun Alþingis um málshöfðun gegn ráðherra skal gerð með þingsályktun í sameinuðu þingi, og skulu kæruatriðin nákvæmlega tiltekin í þingsályktuninni, enda sé sókn málsins bundin við þau. Jafnframt kýs Alþingi mann til að sækja málið af sinni hendi, og annan til vara, ef hinn kynni að forfallast. Enn fremur kýs sameinað Alþingi fimm manna þingnefnd með hlutfallskosningu til þess að fylgjast með málinu og vera saksóknara Alþingis til aðstoðar.

14. gr.

Forseti sameinaðs Alþingis sendir hæstaréttarforseta tafarlaust tilkynningu um málshöfðunarákvörðun Alþingis, en hann tilkynnir síðan, svo fljótt sem tök eru á, ákærðum málshöfðun og sendir honum eftirrit af þingsályktun Alþingis.

15. gr.

Forseti landsdóms skipar ákærðum svo fljótt sem verða má verjanda úr hópi hæstaréttarlögmanna, og skal við val á verjanda farið eftir ósk ákærða, ef ekkert mælir henni í móti. Rétt er, að ákærður haldi sjálfur uppi vörn fyrir sig ásamt verjanda. Skipun verjanda skal tafarlaust tilkynnt saksóknara Alþingis.

16. gr.

Það er skylda saksóknara Alþingis að leita allra fáanlegra sannana fyrir kæruatriðum, hann undirbýr gagnasöfnun og rannsókn í málinu og gerir tillögur

til landsdóms um viðeigandi ráðstafanir til að leiða hið sanna í ljós. Hann hefur um starf sitt samráð við saksóknarnefnd Alþingis.

Það er hlutverk verjanda að draga fram allt, er verða má ákærðum til sýknu eða hagsbóta, og að gæta hagsmuna ákærðs í hvívetna.

17. gr.

Verjandi skal hafa aðstöðu til að fylgjast með öllu, er fram kemur í málinu, og á hann rétt á að vera viðstaddur öll dómþing í málinu, hvar sem þingað er og hvort sem dómþing er háð í heyranda hljóði eða fyrir luktum dyrum, en í síðast nefndu tilviki getur dómur bannað verjanda að skýra opinberlega frá því, sem fram hefur komið á dómþingi.

18. gr.

Þegar er dómsforseti hefur fengið tilkynningu samkvæmt 14. gr., skal hann kveðja dómendur saman með hæfilegum fyrirvara.

19. gr.

Dómsforseti gefur út stefnu á hendur ákærðum og ákveður stefnufrest, er aldrei skal vera skemmri en 3 vikur. Stefna skal gefin út í nafni landsdóms. Saksóknari Alþingis lætur síðan birta stefnu með venjulegum hætti. Ákærðum eða þeim, sem stefna er birt fyrir hans hönd, skal jafnan afhent afrit stefnunnar. Um leið skal og afhent eftirrit af ályktun Alþingis, nema hún hafi verið tekin orðrétt upp í stefnu.

20. gr.

Nú er óvíst um dvalarstað ákærðs, og skal þá birta stefnu og ályktun Alþingis í Lögbirtingablaði með hæfilegum fyrirvara, er dómsforseti ákveður.

21. gr.

Dómsforseti ákveður í samráði við saksóknara og verjanda stað og stund fyrsta þinghalds landsdóms.

22. gr.

Samkvæmt tilmælum saksóknara, verjanda eða ákærðs getur dómsforseti — eða landsdómur eftir að hann er kominn saman — ákveðið, ef hentugt eða nauðsynlegt þykir, að rannsókn ákveðinna atriða eða öflun tiltekinna gagna skuli fara fram fyrir héraðsdómi. Málsaðilar snúa sér þá til viðkomandi héraðsdómara með beiðni um rannsókn eða gagnaöflun og leggja fram ákvörðun dómsforseta eða landsdóms. Úrskurði héraðsdómara, er að slíkri rannsókn lúta, má kæra til landsdóms.

23. gr.

Samkvæmt tilmælum saksóknara Alþingis og að fullnægðum skilyrðum laga um meðferð opinberra mála, samanber VI., VII., VIII. og IX. kafla laga nr. 82 frá 21. ágúst 1961, getur landsdómur úrskurðað, að lagt skuli hald á muni, sem ætla má, að hafi sönnunargildi í málinu, að húsleit skuli gerð og að ákærður skuli tekinn í gæzlu.

Nú telur saksóknari brýna þörf slíkra aðgerða, áður en landsdómur kemur saman, og getur þá dómsforseti tekið um þær ákvörðun til bráðabirgða, en úrskurður hans skal borinn undir landsdóm svo fljótt sem verða má.

24. gr.

Að liðnum fresti þeim, sem til er tekinn samkvæmt 18. og 19. gr., kemur landsdómur saman á tilgreindum stað og tíma, og er þá settur af dómsforseta. Þingfestir saksóknari þá málið, leggur fram stefnu með árituðu birtingarvottorði, málshöfðunarályktun Alþingis, ákæruskjal, eftirrit af dómprófum þeim, sem þegar kunna að hafa

farið fram, og önnur þau sakargögn, sem fyrir hendi eru og unnt er að leggja fram á dómþingi. Enn fremur leggur hann fram nafnaskrá þeirra manna, sem óskað er eftir að skýrsla sé af tekin fyrir landsdómi. Ákæruskjal skal eftir því sem við á fullnægja fyrirmælum 115. gr. laga nr. 82 frá 21. ágúst 1961, um meðferð opinberra mála.

25. gr.

Af skjölum þeim, er greinir í 24. gr., skal verjanda fengið endurrit, og á hann rétt á hæfilegum fresti til að kynna sér þau og til að leggja fram sín gögn og greinargerð. Landsdómur ákveður á þessu dómþingi, hvenær næsta þinghald skuli vera.

26. gr.

Dómsforseti gætir þess, að dómþing sé háð eftir réttum reglum. Honum er rétt að áminna þá, sem á þingi eru, ef framkoma þeirra er óviðeigandi. Getur hann vísað mönnum úr dómsal, ef nærvera þeirra horfir til truflunar á þingfriði eða þeir koma ósæmilega fram við dómendur eða aðra.

27. gr.

Í fyrsta þinghaldi skorar dómsforseti á málsaðila að segja til þess, ef þeir telja nokkurn dómenda vanhæfan til meðferðar málsins. Komi fram krafa um, að einhver dómari víki sæti, kveður landsdómur upp úrskurð um þá kröfu. Um skyldu dómenda í landsdómi til að víkja sæti gilda sömu reglur og um hæstaréttardómendur.

Nú víkur dómari sæti og kemur þá varamaður í hans stað, ef til er. Eigi er landsdómur bær að fara með mál og dæma, nema að minnsta kosti 10 dómendur, hinir sömu, hlýði á alla sókn og vörn í málinu og taki þátt í að dæma það, og skulu þar af vera 4 hinna sjálfkjörnu dómara hið fæsta.

28. gr.

Að liðnum fresti þeim, sem til er tekinn af landsdómi, skal verjandi leggja fram greinargerð af ákærðs hálfu og gögn þau, er hann hyggst bera fyrir sig í málflutningi skjólstæðingi sínum til varnar, svo og nafnaskrá yfir menn þá, sem hann óskar, að yfirheyrðir séu, enda séu þeir ekki á skrá saksóknara.

Nú óska málsaðilar, annar hvor eða báðir, eftir frekari fresti til gagnasöfnunar til undirbúnings málflutningi, og skal þá enn veittur hæfilegur frestur, er aðilar skulu nota sameiginlega.

29. gr

Nú óskar annar hvor málsaðila síðar að bera fyrir sig önnur sakargögn en þau, sem hann hefur lagt fram eða getið er á skrá hans eða í greinargerð, eða hann óskar að afla einhvers sönnunargagns á annan hátt en þar er til tekið, og er það þá því aðeins hægt, að gagnaðili samþykki eða dómurinn leyfi.

30. gr.

Forseti á, er þess er krafizt af öðrum hvorum málsaðila, að gefa út stefnu til vitna þeirra, er leiða á fyrir landsdómnum. Um stefnufrest og stefnubirtingu gilda almennar reglur.

31. gr.

Um vitni og vitnaskyldu fyrir landsdómi fer, eftir því sem við getur átt, eftir almennum reglum um vitni í refsimálum, samanber XII. kafla laga nr. 82 frá 21. ágúst 1961, um meðferð opinberra mála.

32. gr.

Að loknum málatilbúnaði samkvæmt 28. gr. hefst sókn máls og vörn fyrir landsdómi. Gerir saksóknari fyrst stutta grein fyrir málsatvikum og sakargögnum þeim,

er hann hyggst styðja ákæru við. Því næst spyr hann ákærðan um sakaratriði. Verjandi, dómsforseti og aðrir dómendur geta síðan lagt spurningar fyrir ákærðan.

Sé mál höfðað gegn tveim mönnum eða fleiri, ákveður dómsforseti í hvaða röð þeir skuli prófaðir, hvort þeir skuli hlýða á framburð hver annars og hvort þeir skuli samprófaðir.

Hvenær sem vætti, framlögð gögn eða önnur atvik gefa tilefni til, skal ákærður yfirheyrður að nýju.

Engum þvingunaraðgerðum má beita við ákærðan til þess að fá hann til að svara. Mál verður jafnt tekið til meðferðar og dæmt, þó að ákærður mæti ekki eða neiti alveg að gefa skýrslu.

33. gr.

Nú er fengin skýlaus játning ákærðs, og ákveður þá landsdómur að hverju leyti þörf sé frekari sönnunargagna.

34. gr.

Þegar lokið er prófun ákærðs, flytur saksóknari fram sakargögn og leiðir vitni. Spyr hann þau sjálfur, en verjanda og ákærðum er heimilt að leggja fyrir þau gagnspurningar. Auk þess getur dómsforseti og einstakir dómendur beint spurningum til vitnis. Síðan flytur saksóknari sókn sína munnlega. Gerir hann þar grein fyrir ályktunum þeim, sem dregnar verða af gögnum málsins, lagaatriðum og endanlegum kröfum. Því næst færir verjandi fram sín gögn og leiðir vitni. Fer sú vitnaleiðsla fram með sama hætti og sagt var um vitni, sem leidd eru af saksóknara. Að því búnu flytur verjandi munnlega vörn, svo og ákærður sjálfur, ef hann vill. Í vörn skal gerð grein fyrir ályktunum, sem dregnar verða af sönnunargögnum, lagaatriðum, sem máli skipta, og kröfur rökstuddar. Landsdómur ákveður, hvort málflytjendur megi tala oftar, en ákærður og verjandi hans skulu ætíð hafa tækifæri til að taka eins oft til máls og saksóknari og að taka til máls síðast, áður en málið er tekið til dóms.

Landsdómur sker úr öllum vafa- og ágreiningsefnum, sem upp kunna að koma í sambandi við vitnaleiðslu.

35. gr.

Neiti vitni án lögmætra ástæðna að svara, getur landsdómur dæmt það í sekt eða varðhald allt að 6 mánuðum.

36. gr.

Reglum um vitni skal beitt um matsmenn og skoðunarmenn eftir því sem við á.

37. gr.

Verði nauðsynlegt, eftir að sókn máls og vörn fyrir landsdómi er byrjuð, að fresta málsmeðferð, ákveður dómurinn, hvort eða að hve miklu leyti þurfi að endurtaka það, sem þegar hefur fram farið, er málið er á ný tekið fyrir.

38. gr.

Vitnaskýrslur skulu stuttlega bókaðar í dómbók. Þegar yfirheyrslu er lokið, skal bókunin lesin upp og staðfest, að rétt sé bókað. Dómsforseti getur ákveðið, að skýrslur vitna og kunnáttumanna skuli hraðritaðar eða teknar á talvél. Kröfur og mótmæli skulu nákvæmlega bókuð. Ræður saksóknara og verjanda þarf eigi að bóka, nema dómsforseti mæli svo fyrir, að einstök atriði úr þeim skuli bókuð. Dómsforseti getur ákveðið, að ræður málflytjenda skuli teknar á talvél.

39. gr.

Að málflutningi loknum skal málið þegar tekið til dóms. Ganga dómendur þá á ráðstefnu. Að loknum umræðum dómenda fer fram atkvæðagreiðsla. Dómsforseti

stjórnar umræðum og atkvæðagreiðslu, ákveður í hvaða röð dómendur greiði atkvæði, og sker úr ágreiningi, sem rísa kann við atkvæðagreiðsluna.

Afl atkvæða ræður úrslitum. Séu atkvæði jöfn ræður atkvæði forseta. Ráðstefna og atkvæðagreiðsla fer fram fyrir luktum dyrum.

40. gr.

Ákærður verður aðeins dæmdur fyrir þær sakir, sem tilgreindar eru í ályktun Alþingis. Hins vegar er dómurinn ekki bundinn við refsikröfur saksóknara.

41. gr.

Dóm landsdóms skal semja skriflega. Skal hann byggður á forsendum, þar sem meðal annars skal greina kröfur málsaðila og mótmæli, málsatvik og málsástæður, er máli skipta, sönnunargögn og mat á þeim, að því leyti sem þau geta skipt máli, lagaákvæði, sem máli varða, hugleiðingar dómsins og niðurstöðu. Aðalniðurstaða dómsins skal, svo sem venja er, dregin saman í dómsorð.

42. gr.

Dómur skal skráður í dómbók. Dóm skal jafnan kveða upp svo fljótt sem við verður komið.

43. gr.

Dómsforseti les dóminn upp í heyranda hljóði á dómþingi. Sé ákærður eigi viðstaddur dómsuppsögu, skal saksóknari sjá um, að honum sé birtur dómurinn með sama hætti og stefna. Dómseftirrit skulu send forseta sameinaðs Alþingis og dómsmálaráðherra. Landsdómur getur ákveðið, að dómur skuli prentaður og gefinn út.

44. gr.

Sératkvæði dómenda í landsdómi skulu samin, skráð og lesin á dómþingi með sama hætti og dómur. Sé dómur prentaður, skulu þau einnig prentuð.

45. gr.

Dómsmálaráðherra annast um, að dómi sé fullnægt á þann hátt, sem venjulegt er.

46. gr.

Málskostnaður allur greiðist úr ríkissjóði, nema að því leyti sem ákærður kann að verða dæmdur til að greiða hann. Landsdómur metur það eftir grundvallarreglum réttarfarslaga, hvort og að hve miklu leyti málskostnaður skuli lagður á ákærðan. Þegar ákærður er dæmdur til að greiða málskostnað, skal tekið tillit til þess, hversu sök hans er mikil, svo og til efnahags hans.

47. gr.

Saksóknara og verjanda skal í dómi ákveðin hæfileg þóknun fyrir starfa sinn. Þeir eiga og rétt á að fá endurgoldinn útlagðan nauðsynlegan kostnað.

48. gr.

Um þóknun til vitna og matsmanna fer eftir sömu reglum og í öðrum dómsmálum.

49. gr.

Dómendur í landsdómi og dómritarar eiga rétt á ferða- og dvalarkostnaði eftir sömu reglum og gilda um alþingismenn. Landsdómur ákveður þóknun til dómenda og dómritara fyrir hvert einstakt mál.

Allur dómskostnaður greiðist úr ríkissjóði.

50. gr.

Samkvæmt beiðni dómfellds manns getur landsdómur leyft, að mál, sem þar hefur verið dæmt, verði tekið til meðferðar að nýju, ef fram eru komin ný gögn, sem ljóst eða líklegt gera, að dómfelldi hefði verið sýkn dæmdur, eða dæmdur fyrir mun minna brot, ef þau gögn hefðu komið fyrir dómendur, áður en dómur gekk, eða ef ætla má, að falsgögn hafi valdið refsidómi að einhverju eða öllu leyti.

Beiðni um endurupptöku skal senda forseta landsdóms, er kveður dóminn saman til þess að taka ákvörðun um, hvort endurupptaka skuli leyfð.

Nú ákveður landsdómur endurupptöku máls, og fer þá um meðferð og flutning málsins samkvæmt ákvæðum laga þessara.

51. gr.

Að því leyti, sem eigi er á annan veg mælt í lögum þessum, skal, eftir því sem við getur átt, beita ákvæðum laga um meðferð einkamála í héraði um meðferð máls fyrir landsdómi.

52. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Falla þá úr gildi lög nr. 11 frá 20. október 1905, um landsdóm, og lög nr. 30 frá 2. nóvember 1914.

*Gjört að Bessastöðum, 19. febrúar 1963.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**
(L. S.)

*Bjarni Benediktsson.*

Nr. 4. 19. febrúar.

# LÖG

## um ráðherraábyrgð.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ráðherrar bera ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum eftir því, sem fyrir er mælt í stjórnarskrá og lögum þessum.

Ákvæði almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi taka einnig til ráðherra eftir því, sem við getur átt.

2. gr.

Ráðherra má krefja ábyrgðar samkvæmt því, sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum, fyrir sérhver störf eða vanrækt starfa, er hann hefur orðið sekur um, ef málið er svo vaxið, að hann hefur annaðhvort af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi farið í bága við stjórnarskrá lýðveldisins, önnur landslög eða að öðru leyti stofnað hagsmunum ríkisins í fyrirsjáanlega hættu.

3. gr.

Sá ráðherra, sem ritar undir lög eða stjórnarerindi með forseta, ber ábyrgð á þeirri athöfn. Annar ráðherra verður því aðeins sóttur til ábyrgðar vegna þeirrar

embættisathafnar forseta, að hann hafi ráðið til hennar, átt þátt í framkvæmd hennar eða látið framkvæmdir samkvæmt henni viðgangast, ef hún lýtur að málefnum, sem undir hann heyra.

4. gr.

Séu embættisathafnir, sem atbeina forseta þarf til, vanræktar, hvílir ábyrgð vegna þeirrar vanrækslu á ráðherra þeim, sem málefnið heyrir undir. Enn fremur hvílir ábyrgð á hverjum þeim ráðherra, sem stuðlað hefur að þeirri vanrækslu.

5. gr.

Sé um að ræða embættisathöfn í ríkisráði eða á ráðherrafundi, sbr. 16. og 17. gr. stjórnarskrárinnar, bera allir viðstaddir ráðherrar, sem með ráðum, fortölum, atkvæði eða á annan hátt hafa stuðlað að þeirri athöfn, ábyrgð á henni.

6. gr.

Hver ráðherra ber ábyrgð á stjórnarerindum þeim, sem út eru gefin í hans nafni, nema ákvörðun sé án hans atbeina tekin af undirmanni, sem til þess hefur heimild samkvæmt venju, eða eðli máls, eða starfsmaður hafi vanrækt að leggja erindi fyrir ráðherra. Ráðherra verður þó einnig sóttur til ábyrgðar fyrir þvílíkar ákvarðanir, ef honum hefur verið um þær kunnugt og hann hefur látið þær viðgangast án þess að gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir þær.

7. gr.

Ráðherra sá, er ábyrgð ber á embættisathöfn samkvæmt greinunum hér á undan, verður einnig sóttur til ábyrgðar fyrir athafnir undirmanna sinna, er byggjast á téðri embættisathöfn eða lúta að framkvæmd hennar, enda hafi þær verið fyrirskipaðar af ráðherra eða megi, eins og á stendur, teljast eðlilegar eða nauðsynlegar til framkvæmdar henni.

8. gr.

Í samræmi við ákvæðin hér á undan, varðar það ráðherra ábyrgð eftir lögum þessum:

a. Ef hann sjálfur gefur út fyrirmæli eða veitir atbeina sinn til, að út séu gefin fyrirmæli forseta um málefni, sem eftir stjórnarskránni verður aðeins skipað með lögum eða heyrir undir dómstóla.
b. Ef hann leitar eigi samþykkis Alþingis, þegar skylt er samkvæmt stjórnarskránni.
c. Ef hann annars framkvæmir sjálfur, fyrirskipar framkvæmd á eða lætur viðgangast að framkvæmt sé nokkuð það, er fer í bága við stjórnarskrá lýðveldisins, eða lætur farast fyrir að framkvæma nokkuð það, sem þar er fyrirskipað eða veldur því, að framkvæmd þess farist fyrir.
d. Ef hann verður þess valdandi, að nokkuð það sé ráðið eða framkvæmt, er skert getur frelsi eða sjálfsforræði landsins.

9. gr.

Það varðar einnig ráðherra ábyrgð eftir lögum þessum, ef hann veldur því, að brotið sé gegn öðrum lögum landsins en stjórnskipunarlögum þess:

a. Með því að leggja fyrir forseta til undirskriftar ályktanir, tilskipanir eða erindi, er fara í bága við lögin, eða með því að láta farast fyrir að útvega forsetaundirskrift undir ályktun, tilskipun eða erindi, þar sem hún er lögmælt.
b. Með því annars að framkvæma eða valda því, að framkvæmt sé nokkuð það, er fer í bága við fyrirmæli laganna, eða með því að láta nokkuð ógert, sem heimtað er í lögum, eða verða þess valdur, að slík framkvæmd farist fyrir.

10. gr.

Loks verður ráðherra sekur eftir lögum þessum:

a. Ef hann misbeitir stórlega valdi sínu, enda þótt hann hafi ekki beinlínis farið út fyrir embættistakmörk sín.

b. Ef hann framkvæmir nokkuð eða veldur því, að framkvæmt sé nokkuð, er stofnar heill ríkisins í fyrirsjáanlega hættu, þótt ekki sé framkvæmd þess sérstaklega bönnuð í lögum, svo og ef hann lætur farast fyrir að framkvæma nokkuð það, er afstýrt gat slíkri hættu, eða veldur því, að slík framkvæmd ferst fyrir.

11. gr.

Brot gegn lögum þessum varða, eftir málavöxtum, embættismissi, sektum, allt að kr. 50000.00, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

Við ákvörðun refsingar skal höfð hliðsjón af 70. gr. almennra hegningarlaga.

Hafi ráðherra jafnframt brotið gegn hinum almennu hegningarlögum, skal hegning sú, sem hann hefur til unnið, tiltekin í einu lagi samkvæmt reglum 77. gr. almennra hegningarlaga.

12. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóðs. Sé sekt eigi greidd, kemur varðhald í hennar stað, og skal ákveða í dóminum, eftir öllum málavöxtum, hve langt það skuli vera.

13. gr.

Hafi ráðherra bakað almenningi eða einstaklingi fjártjón með framkvæmd eða vanrækslu, sem refsiverð er eftir lögum þessum, skal og, þegar þess er krafizt, jafnframt hegningunni dæma hann til að greiða skaðabætur, en um skaðabótaskyldu hans fer eftir almennum reglum.

Skaðabótaábyrgð ráðherra gagnvart ríkissjóði fellur niður, samþykki Alþingi ríkisreikning án fyrirvara, nema ráðherra hafi beitt svikum.

14. gr.

Málshöfðun eftir lögum þessum getur eigi átt sér stað, ef 3 ár líða frá því, er brot var framið, án þess að Alþingi hafi samþykkt ályktun um málshöfðunina. Sök fyrnist þó aldrei fyrr en 6 mánuðir eru liðnir frá því, að næstu reglulegu alþingiskosningar, eftir að brot var framið, fóru fram.

Nú samþykkir Alþingi, áður en málshöfðunarfrestur er liðinn, að kjósa rannsóknarnefnd samkvæmt 39. gr. stjórnarskrárinnar til athugunar á störfum ráðherra, og getur Alþingi þá jafnan samþykkt málshöfðun innan árs frá kosningu rannsóknarnefndar.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 2 frá 4. marz 1904, um ábyrgð ráðherra Íslands.

*Gjört að Bessastöðum, 19. febrúar 1963.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Bjarni Benediktsson.*

**Stjórnartíðindi A, nr. 1—4. Útgáfudagur 18. marz 1963.**

STJÓRNARTÍÐINDI A 2 — 1963



# LÖG
## um veitingu ríkisborgararéttar.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Andersen, Orla Preben, landbúnaðarverkamaður, Teigi í Mosfellssveit, f. í Danmörku 29. janúar 1939.
2. Benke, Veronika Erzsébet, húsmóðir í Reykjavík, f. í Ungverjalandi 6. apríl 1940.
3. Bischoff, Ingeburg (Eiríksson), húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 21. júní 1928.
4. Bjartmars, Kirsten Fritze, f. Mortensen, húsmóðir í Reykjavík, f. í Danmörku 6. maí 1933.
5. Csillag, Erzsébet Eszter, f. Varga, húsmóðir í Reykjavík, f. í Ungverjalandi 1. janúar 1934.
6. Csillag, György, verkamaður í Reykjavík, f. í Ungverjalandi 25. maí 1935.
7. Csillag, József, járnsmiður í Reykjavík, f. í Ungverjalandi 2. júní 1934.
8. Csillag, Rozália, f. Szatmári, húsmóðir í Reykjavík, f. í Rúmeníu 25. nóvember 1937.
9. Dam, Jörgen Kulmbak, verkamaður, Hraunprýði, Engidal, Garðahreppi, f. í Danmörku 27. febrúar 1937.
10. Davidsen, Thea Frida, húsmóðir í Reykjavík, f. í Færeyjum 14. september 1926.
11. Einarsson, Lucie, húsmóðir, Bolungarvík, f. í Danmörku 3. september 1936.
12. Fivelsdal, Harald Undertun, bóndi í Dalasýslu, f. í Noregi 15. marz 1940.
13. Frederiksen, Kristian Emil, sjómaður, Akranesi, f. í Reykjavík 3. nóvember 1931.
14. Gottsbacher, Leonilla, húsmóðir á Seltjarnarnesi, f. í Austurríki 29. apríl 1923.
15. Green, Dora, húsmóðir í Reykjavík, f. í Englandi 18. maí 1928.
16. Gærdbo, Finn, sjómaður í Ólafsvík, f. í Færeyjum 25. júní 1938.
17. Hansen, Benny Martin, framreiðslumaður í Reykjavík, f. í Danmörku 13. júní 1931.
| | 09 | Lífræn yfirborðsvirk efni, yfirborðsvirkar efnablöndur, þvotta- og ræstiefni (þó ekki þvottaduft), einnig þótt þau innihaldi sápu | 110% |
| **34.03** | 00 | **Smurefni gerð úr blöndum af olíum eða feiti eða úr blöndum gerðum að meginefni úr olíum eða feiti, þar með ekki talin smurefni, sem innihalda 70% eða meira af olíum unnum úr jarðolíu eða skífuolíu, miðað við þunga** | 2% |
| **34.04** | 00 | **Tilbúið vax (þar með talið vax leysanlegt í vatni), vaxblöndur, sem hvorki eru jafnblandaðar né innihalda upplausnarefni** | 35% |
| **34.05** | | **Fægi- og gljáefni fyrir skófatnað, húsgögn, gólf eða málma, ræstiduft og aðrar þess konar vörur, þó ekki vaxblöndur, sem teljast til nr. 34.04.00:** | |
| | 01 | Bón alls konar | 110% |
| | 02 | Ræstiduft | 110% |
| | 03 | Skóáburður og leðuráburður | 110% |
| | 09 | Annað | 110% |
| **34.06** | 00 | **Sterín-, paraffín- og vaxkerti ásamt öðrum þess konar vörum** | 110% |
| **34.07** | 00 | **Mótunarefni (þar með talin mótunarefni ætluð börnum til dægrastyttingar og samstæður af mótunarefni); vax og annað mótunarefni til tannviðgerða í plötum, stöngum, skeifulaga eða öðruvísi í lögun** | 35% |

## 35. kafli.

## Prótein, lím og klístur.

Athugasemd:

Til þessa kafla telst ekki:
a. Prótein, sem ætluð eru til lækninga (nr. 30.03).
b. Póstkort og önnur grafísk verk úr gelatíni (49. kafli).

| | | | |
|---|---|---|---|
| **35.01** | 00 | **Kasein, kaseinöt og aðrir kaseinderivatar, kaseinlím** | 50% |
| **35.02** | 00 | **Albúmín, albúmínöt og aðrir albúmínderivatar** | 35% |
| **53.03** | 00 | **Gelatín (þar með talið gelatín í ferhyrndum plötum, einnig þótt þær séu litaðar eða unnar á yfirborðinu) og gelatínderivatar; lím unnið úr beinum, húðum, sinum eða öðru þess háttar, fiskilím; matarlím** | 100% |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 35.04 | 00 | **Pepton og önnur prótein og derivatar þeirra; húðaduft, einnig þótt það hafi krómsaltameðferð** | 35% |
| 35.05 | 00 | **Dextrín; uppleysanleg sterkja; brennd sterkja og sterkjuklístur** | 35% |
| 35.06 | | **Límblöndur, ót. a.; hvers konar efni, sem nota má til límingar og eru í smásöluumbúðum, sem bera það með sér, að um lím sé að ræða, enda vegi innihald í hverju stykki ekki meira en 1 kg:** | |
| | 01 | Í smásöluumbúðum, enda vegi innihald í hverju stykki ekki meira en 1 kg | 80% |
| | 09 | Annars | 50% |

## 36. kafli.
## Sprengiefni; flugeldar og skrauteldar; eldspýtur, kveikilegeringar og tiltekin eldfim efni.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla teljast ekki aðgreind, kemískt skýrgreind efni önnur en þau, sem nefnd eru í a- og b-lið 2. athugasemdar þessa kafla.
2. Til nr. 36.08 telst einungis:
   a. Metaldehyd, hexametylentetramín og önnur þess konar efni, enda séu þau mótuð (t. d. í töflur, stengur eða á annan svipaðan hátt) og ætluð til notkunar sem eldsneyti, enn fremur eldsneyti að meginefni úr alkóhóli og annað svipað eldsneyti sem fast efni eða deig.
   b. Fljótandi eldsneyti (t. d. benzín) til notkunar í kveikjara, enda sé það í hylkjum, er ekki taka meira en 300 cm³.
   c. Bik- og harpixblys, eldkveikjarar og aðrar þess konar vörur.

---

| | | | |
|---|---|---|---|
| 36.01 | 00 | **Púður** | 35% |
| 36.02 | 00 | **Sprengiefni tilbúin til notkunar, þó ekki púður** | 35% |
| 36.03 | 00 | **Kveikiþráður, sprengiþráður** | 35% |
| 36.04 | 00 | **Hvellhettur og önnur þess konar kveikiefni til notkunar við sprengingar** | 35% |
| 36.05 | | **Flugeldar, skrauteldar og aðrar þess konar vörur:** | |
| | 01 | Flugeldar o. þ. h. til slysavarna, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins | 20% |
| | 09 | Annað | 125% |
| 36.06 | 00 | **Eldspýtur (þó ekki bengalskar eldspýtur)** | 125% |
| 36.07 | 00 | **Ferró-cerium og aðrar kveikilegeringar, einnig mótaðar** | 125% |
| 36.08 | 00 | **Önnur eldfim efni** | 80% |

## 37. kafli.
## Vörur til ljósmynda- og kvikmyndagerðar.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla teljast ekki afklippur eða úrgangur.
2. Til nr. 37.08 telst einungis:
   a. Blönduð kemísk efni til ljósmyndagerðar (t. d. ljósnæmar jafnblöndur, framkallarar, festingar- og blæbreytingarsölt).
   b. Óblönduð kemísk efni til notkunar í sama skyni, enda séu þau í hæfilega stórum skömmtum eða í smásöluumbúðum og tilbúin til notkunar.

   Til nr. 37.08 telst ekki lakk, klístur og önnur þess konar efni til notkunar við ljósmyndagerð.

---

| | | | |
|---|---|---|---|
| **37.01** | | **Ljósnæmar plötur (þar með blaðfilmur), ólýstar, úr hvers konar efni öðru en pappír, pappa eða vefnaði:** | |
| | 01 | Röntgenfilmur og -plötur, ólýstar | 30% |
| | 09 | Aðrar | 70% |
| **37.02** | | **Ljósnæmar filmur í rúllum, ólýstar, einnig gataðar:** | |
| | 01 | Röntgenfilmur | 30% |
| | 02 | Kvikmyndafilmur | 70% |
| | 09 | Aðrar | 70% |
| **37.03** | 00 | **Ljósnæmur pappír, pappi eða vefnaður, lýstur eða ólýstur, en ekki framkallaður** | 70% |
| **37.04** | 00 | **Ljósnæmar plötur og filmur, lýstar, en ekki framkallaðar, negatív eða pósitív** | 70% |
| **37.05** | 00 | **Plötur og filmur, einnig gataðar (aðrar en kvikmyndafilmur), lýstar og framkallaðar, negatív eða pósitív** | 70% |
| **37.06** | 00 | **Kvikmyndafilmur einungis með hljómbandi, lýstar og framkallaðar, negatív eða pósitív** | 70% |
| **37.07** | 00 | **Aðrar kvikmyndafilmur, með eða án hljómbands, lýstar og framkallaðar, negatív og pósitív** 1 kg | 50 kr. |
| **37.08** | 00 | **Kemísk efni til ljósmyndagerðar (þar með talið leifturduft)** | 70% |

## 38. kafli.
## Ýmis kemísk efni.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Aðgreind, kemískt skýrgreind frumefni og sambönd með þeim undantekningum, er nú greinir:
      1. Tilbúið grafít (nr. 38.01).
      2. Sótthreinsandi efni, efni til varnar gegn og til útrýmingar á skordýrum, sveppum og illgresi, efni til að hindra spírun, rottueitur og önnur þess konar efni, er teljast til nr. 38.11.
      3. Eldslökkvandi efni í hylkjum fyrir slökkvitæki eða annars konar til notkunar í sama skyni (nr. 38.17).
      4. Efni nefnd í a-, c-, d- eða f-lið 2. athugasemdar hér að neðan.

   b. Lyf (nr. 30.03).
2. Eftirtaldar vörur teljast til nr. 38.19 og einskis annars númers:
   a. Ræktaðir krystallar (aðrir en til ljóstækniáhalda) úr magnesíumoxydi eða úr halógenídum alkalímálma eða jarðalkalímálma, enda vegi hver krystall a. m. k. 2½ g.
   b. Fúsilolía.
   c. Blekeyðandi efni í smásöluumbúðum.
   d. Leiðréttingalakk í smásöluumbúðum fyrir fjölritunarstensla.
   e. Bræðanlegir leirmunir til hitamælinga (t. d. segerkeilur).
   f. Gips sérstaklega tilreitt til notkunar við tannviðgerðir.
   g. Blönduð alkyl mjög lágt pólymeriseruð.

---

| | | | |
|---|---|---|---|
| **38.01** | 00 | **Tilbúið grafít; hlaupkennt (collodial) grafít annað en jafnblöndur þess í olíu** | 35% |
| **38.02** | 00 | **Dýrakol (t. d. beinsverta, fílabeinssverta), einnig notuð** | 35% |
| **38.03** | 00 | **Ávirk kol (aflitandi, afskautandi eða aðsogandi), ávirkt kísilgúr, ávirkur leir, ávirkt alúmíngrýti (bauxite) og önnur ávirk náttúrleg steinefni** | 35% |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **38.04** | 00 | **Gasvatn og notaður gashreinsunarleir** | 35% |
| **38.05** | 00 | **Tallolía (tallsýra)** | 35% |
| **38.06** | 00 | **Innsoðinn súlfitlútur** | 35% |
| **38.07** | 00 | **Terpentínuolía og önnur upplausnarefni úr terpenum framleidd með eimingu eða annarri aðferð úr viði barrtrjáa (t. d. balsam-, trjá- og súlfatterpentína), óhreinsað dípenten, óhreinsað cymen, „pine-oil“** | 35% |
| **38.08** | 00 | **Kólófóníum og harpixsýrur ásamt derivötum þeirra (þó ekki harpixesterar, er teljast til nr. 39.05), harpixkjarni (pínólín) og harpixolíur** | 35% |
| **38.09** | | **Viðartjara; viðartjöruolíur (þó ekki upplausnarefni og þynnar, er teljast til nr. 38.18); viðarkreósót, óhreinsað metanól, acetónolía:** | |
| | 01 | Metanól óhreinsað | 35% |
| | 02 | Acetónolía | 35% |
| | 09 | Annað | 35% |
| **38.10** | 00 | **Bik úr jurtaríkinu hvers konar; bruggarabik og annað þess konar að meginefni úr kólófóníum eða biki úr jurtaríkinu; kjarnabindiefni (fyrir mótasand) að meginefni úr harpixefnum** | 35% |
| **38.11** | | **Sótthreinsandi efni, efni til varnar gegn og til útrýmingar á skordýrum, sveppum og illgresi, efni til að hindra spírun, rottueitur og önnur þess konar efni, enda séu þau í smásöluumbúðum, séu blöndur efna eða tilreidd sem sérstakar vörur til notkunar í ofan nefndu skyni (t. d. bönd, kveikir eða kerti blönduð brennisteini, flugnaveiðarar):** | |
| | 01 | Baðlyf, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins | 20% |
| | 02 | Efni til að hindra spírun eða til eyðingar illgresis, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins | 20% |
| | 09 | Annað | 35% |
| **38.12** | 00 | **Steining, bæs og annað þess konar til notkunar í pappírs-, vefnaðar- eða leðuriðnaði og skyldum iðngreinum** | 35% |
| **38.13** | 00 | **Bæs fyrir málma, bræðsluefni og önnur hjálparefni til notkunar við lóðun málma og logsuðu, lóð- og logsuðuduft ásamt lóð- og logsuðupasta úr málmi og öðrum efnum; efni til að þekja eða fylla logsuðu- eða rafsuðuþráð** | 20% |
| **38.14** | 00 | **Efni til varnar banki í vélum, oxyderingu, tæringu eða harpixmyndun, efni til aukningar á þykkt smurolíu og önnur svipuð efni til blöndunar í jarðolíu** | 35% |
| **38.15** | 00 | **Efni til hvatningar vúlkaniseringar** | 35% |
| **38.16** | 00 | **Efni til ræktunar smáverugróðurs** | 35% |
| **38.17** | 00 | **Blönduð efni og hleðslur til að slökkva eld; eldslökkvandi efni í hylkjum fyrir slökkvitæki eða annars konar hylkjum til notkunar í sama skyni** | 30% |
| **38.18** | 00 | **Blönduð upplausnarefni og þynnar fyrir lakk og annað þess háttar** | 60% |
| **38.19** | | **Kemísk framleiðsla og fullunnar vörur kemísks iðnaðar og skyldra iðngreina (þar með taldar blöndur úr náttúrlegum efnum), úrgangsefni kemískrar framleiðslu og skyldra iðngreina, enda séu vörur þessar ekki taldar annars staðar:** | |
| | | *Kemísk framleiðsla:* | |
| | 11 | Hemluvökvi | 125% |
| | 12 | Frostlögur | 125% |
| | 13 | Sementsteypuþéttiefni | 35% |
| | 19 | Önnur | 50% |
| | 20 | *Eldfast lím og mörtel* | 35% |

# VII. flokkur.

## Plast — þar með talið sellulósaester og -eter, gerviharpix og önnur plastefni — og vörur úr plasti; náttúrlegt gúmmí (kátsjúk), tilbúið (syntetískt) gúmmí og faktis og vörur úr þessum efnum.

### 39. kafli.

### Plast — þar með talið sellulósaester og -eter, gerviharpix og önnur plastefni — og vörur úr plasti.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla teljast ekki:
   a. Prentþynnur, er teljast til nr. 32.09.
   b. Tilbúið vax, er telst til nr. 34.04.
   c. Tilbúið gúmmí eins og það er skýrgreint í 40. kafla og vörur úr því.
   d. Reiðtygi og aktygi, er teljast til nr. 42.01, handtöskur og annað þess háttar til ferðalaga í nr. 42.02.
   e. Efni til körfugerðar, vörur úr því og aðrar vörur úr fléttiefnum, er teljast til 46. kafla.
   f. Tilbúin spunaefni og vörur úr þeim, er teljast til XI. flokks.
   g. Skófatnaður, höfuðföt, regnhlífar, sólhlífar, göngustafir, svipur (keyri), blævængir og hlutar til nefndra vara og aðrar vörur, er teljast til XII. flokks.
   h. Glysvarningur, er telst til nr. 71.16.
   ij. Vélar, tæki, verkfæri, rafmagnstæki og vörur, er teljast til XVI. flokks.
   k. Hlutar til farartækja, er teljast til XVII. flokks.
   l. Ljóstæknivörur úr plasti, gleraugnaumgerðir, teikniáhöld og aðrar vörur, er teljast til 90. kafla.
   m. Vörur, er teljast til 91. kafla (t. d. klukkur, úr og hlutar til þeirra).
   n. Hljóðfæri, hlutar til þeirra og aðrar vörur, er teljast til 92. kafla.
   o. Húsgögn, hlutar til þeirra og aðrar vörur í 94. kafla.
   p. Burstar og aðrar vörur, er teljast til 96. kafla.
   q. Leikföng, leiktæki, íþróttavörur og aðrar vörur, er teljast til 97. kafla.
   r. Hnappar, rennilásar, greiður, pípumunnstykki, vindlingamunnstykki og annað þess háttar, hlutar til hitabrúsa og annars þess háttar, pennasköft, skrúfblýantar og aðrar vörur, er teljast til 98. kafla.
2. Nr. 39.01 og 39.02 taka einungis til eftirgreindra efna, sem framleidd hafa verið með kemískri samsetningu:
   a. Plast, þar með talið gerviharpix.
   b. Sílikon.
   c. Resól, fljótandi pólyísóbútylen og svipuð fjölhlutaefni (polymers) með mjög háum sameindarþunga.
3. Nr. 39.01—39.06 taka því aðeins til efnanna, að þau séu þannig á sig komin, er nú skal greina:
   a. Fljótandi eða deigkennd efni, þar með taldar jafnblöndur og upplausnir.
   b. Stykki, klumpar, korn, flögur eða duft, þar með talið pressu- eða úðaduft.
   c. Einþáttungar, sem hvergi eru minna en 1 mm í þvermál; saumlausar pípur og stengur með hvers konar þverskurði, einnig þótt þær hafi verið fágaðar á yfirborðinu, en ekki frekar unnar.

d. Plötur, arkir, þynnur og bönd, óáprentuð eða prentuð eða með öðrum hætti unnin á yfirborðinu, en ekki sniðin í annað en ferhyrnt lag og ekki frekar unnin.
e. Úrgangur og rusl.

---

| | | | |
|---|---|---|---|
| **39.01** | | **Efni orðin til fyrir þéttingu (kondensation), fjölþéttingu (pólykondensation) og fjölaukningu (pólyaddition), einnig þótt þau séu blönduð öðrum efnum frekari vinnslu þeirra viðkomandi, og önnur náskyld efni (t. d. fenóplast, amínóplast, alkyd, pólyallylester og önnur ómettuð pólyester, sílíkon):** | |
| | 01 | Bindilögur til veiðarfæragerðar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins | 2% |
| | 02 | Upplausnir óunnar, duft, hellur, klumpar og úrgangur | 30% |
| | 03 | Stengur með hvers konar þverskurði (prófílar), pípur og þræðir | 35% |
| | 04 | Plötur, sem bera það með sér, að þær séu sérstaklega unnar til skósólagerðar | 30% |
| | 05 | Blöð, þynnur, plötur, hólkar o. þ. h., ólitað (glært), ómynstrað og óáletrað | 35% |
| | 06 | Límbönd (tape) | 35% |
| | 09 | Annað | 60% |
| **39.02** | | **Efni orðin til fyrir pólymerisation og kópólymerisation (t. d. pólyetylen, pólytetrahalógenetylen, pólyísóbúten, pólystyren, pólyvínylklóríd, pólyvínylacetat, pólyvínylklórídacetat og aðrir pólyvínylderivatar, pólyacrylsýru- og pólymetacrylsýruderivatar, kúmarónindenharpix):** | |
| | 01 | Bindilögur til veiðarfæragerðar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins | 2% |
| | 02 | Upplausnir óunnar, duft, hellur, klumpar og úrgangur | 30% |
| | 03 | Stengur með hvers konar þverskurði (prófílar), pípur og þræðir | 35% |
| | 04 | Plötur, sem bera það með sér, að þær séu sérstaklega unnar til skósólagerðar | 30% |
| | 05 | Blöð, þynnur, plötur, hólkar o. þ. h., ólitað (glært), ómynstrað og óáletrað | 35% |
| | 06 | Límbönd | 35% |
| | 09 | Annað | 60% |
| **39.03** | | **Endurunninn sellulósi, sellulósanítrat, sellulósaacetat og önnur sellulósaester, sellulósaeter og aðrir kemískir derivatar sellulósa, einnig blandað mýkiefnum (t. d. collodíum og celluloid); vúlkanfíber:** | |
| | 10 | *Vúlkanfíber* | 30% |
| | | *Annað:* | |
| | 21 | Bindilögur til veiðarfæragerðar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins | 2% |
| | 22 | Upplausnir óunnar, duft, hellur, klumpar og úrgangur | 30% |
| | 23 | Stengur með hvers konar þverskurði (prófílar), pípur og þræðir | 35% |
| | 24 | Plötur, sem bera það með sér, að þær séu sérstaklega unnar til skósólagerðar | 30% |
| | 25 | Blöð, þynnur, plötur, hólkar o. þ. h., ólitað (glært), ómynstrað og óáletrað | 35% |
| | 26 | Límbönd | 35% |
| | 29 | Annars | 60% |
| **39.04** | | **Hert prótein (t. d. hert kasein og hert gelatín):** | |
| | 01 | Upplausnir óunnar, duft, hellur, klumpar og úrgangur | 30% |
| | 02 | Stengur með hvers konar þverskurði (prófílar), pípur, þræðir, blöð, þynnur, plötur, hólkar o. þ. h., ólitað (glært), ómynstrað og óáletrað | 35% |
| | 09 | Annað | 60% |
| **39.05** | | **Náttúrlegt harpix ummyndað með bræðslu (t. d. bræddur kópall), gerviharpix orðið til fyrir estrun á náttúrlegu harpix eða harpixsýrum (harpix-** | |

| | | |
|---|---|---|
| | ester), kemískir derivatar af náttúrlegu gúmmíi (kátsjúki), t. d. klórkátsjúk, kátsjúkhydróklóríd, oxykátsjúk og hringliða (cyclised) kátsjúk: | |
| 01 | Upplausnir óunnar, duft, hellur, klumpar og úrgangur | 30% |
| 02 | Stengur með hvers konar þverskurði (prófílar), pípur, þræðir, blöð, þynnur, plötur, hólkar o. þ. h., ólitað (glært), ómynstrað og óáletrað | 35% |
| 03 | Límbönd | 35% |
| 09 | Annað | 60% |
| **39.06** | **Önnur fjölhlutaefni með háum sameindaþunga, gerviharpix og plast, algínsýra ásamt söltum hennar og esterum; línoxyn:** | |
| 01 | Upplausnir óunnar, duft, hellur, klumpar og úrgangur | 30% |
| 02 | Stengur með hvers konar þverskurði (prófílar), pípur, þræðir, blöð, þynnur, plötur, hólkar o. þ. h., ólitað (glært), ómynstrað og óáletrað | 35% |
| 09 | Annað | 60% |
| **39.07** | **Vörur úr efnum, sem teljast til nr. 39.01-39.06:** | |
| 31 | Netjakúlur og nótaflotholt | 2% |
| 32 | Fiskkassar, fiskkörfur og línubalar | 4% |
| 33 | Lóðabelgir | 4% |
| 35 | Björgunartæki, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins | 20% |
| 36 | Mjólkurbrúsar 10 lítra og stærri | 10% |
| 38 | Einangrunarbönd, samþykkt sem slík af Rafmagnseftirliti ríkisins | 35% |
| 39 | Gólfdúkar og gólfplötur | 35% |
| 43 | Pokar til vélpökkunar á vörum, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins | 40% |
| 44 | Garðyrkjuverkfæri | 40% |
| 45 | Vatnsslöngur og aðrar þess háttar slöngur | 50% |
| 46 | Umbúðakassar úr plasti, að rúmmáli 0,01 $m^3$ og stærri | 50% |
| 48 | Flöskur, krukkur, dósir, tappar og hettur, svo og brúsar, ót. a. | 60% |
| 52 | Verkfæri, ót. a. | 60% |
| 53 | Pokar, ót. a. | 50% |
| 54 | Hreinlætistæki | 80% |
| 55 | Dúkar og þynnur, tilsniðið til fatnaðarframleiðslu o. þ. h. | 90% |
| 56 | Fatnaður | 90% |
| 58 | Búsáhöld, þar á meðal brúsar minni en 10 lítra | 100% |
| 89 | Aðrar vörur úr plasti | 100% |

## 40. kafli.
## Náttúrlegt gúmmí (kátsjúk), tilbúið gúmmí (gervigúmmí) og faktis og vörur úr þessum efnum.

Athugasemdir:

1. Sé ekki annað tekið fram hér í tollskránni, tekur orðið *gúmmí* til eftirtaldra vörutegunda, einnig vúlkaniseraðra eða hertra: Náttúrlegs gúmmís (kátsjúks), balata, gúttaperka og þess háttar náttúrlegs gúmmís, gervigúmmís, faktis framleidds úr olíum og til þessara vörutegunda endurunninna.
2. Þessi kafli tekur ekki til eftirgreindra vara úr gúmmíi og spunaefnum, sem teljast yfirleitt til XI. flokks:
   a. Prjónavoð og heklvoð og annar teygjanlegur vefnaður og vörur úr slíku með innsettu eða innofnu gúmmíi; aðrar teygjanlegar spunavörur með gúmmíþráðum og vörur úr slíkum efnum.
   b. Brunaslöngur og þess háttar slöngur úr spunaefnum, gerðar vatnsheldar með gúmmíþynnu að innanverðu.
   c. Ofin spunaefni, gegndreypt, þakin eða límd saman með gúmmíi (nema vörur, er teljast til nr. 40.06 og 40.10), ef

(1) þunginn er 1½ kg hver $m^2$ eða minna, eða
(2) þunginn er yfir 1½ kg hver $m^2$ og í vörunni er yfir 50% af vefnaðarefnum miðað við þunga.

Einnig vörur úr þessum efnum.

d. Flóki, gegndreyptur eða þakinn með gúmmíi, ef spunaefnin eru yfir 50% af þunga vörunnar; einnig vörur úr slíkum efnum.
e. Trefjadúkur, gegndreyptur eða þakinn með gúmmíi eða ef gúmmíið er bindiefnið og spunaefni yfir 50% af þunga vörunnar; einnig vörur úr slíkum efnum.
f. Dúkur úr trefjum límdum samhliða saman með gúmmíi, hver svo sem þunginn er, miðaður við fermetra; einnig vörur úr þessum efnum.

Spunaefni þakin eða límd saman með blásnu gúmmíi, frauðgúmmíi eða svampgúmmíi teljast þó alltaf til 40. kafla, og vörur úr þessum efnum flokkast sem gúmmívörur, en ekki sem spunavörur.

3. Til þessa kafla teljast ekki heldur eftirtaldar vörur:
a. Skófatnaður, hlutar til hans og aðrar vörur, er teljast til 64. kafla.
b. Höfuðfatnaður, þar með taldar baðhettur, og hlutar til hans, sem teljast til 65. kafla.
c. Harðgúmmíhlutar til véla, áhalda og verkfæra, svo og aðrar þær vörur til rafmagnsiðnaðar, sem teljast til XVI. flokks.
d. Vörur, sem falla undir 90., 92., 94. eða 96. kafla.
e. Leikföng, leiktæki, íþróttatæki og aðrar vörur, er teljast til 97. kafla, nema íþróttahanzkar og vörur, er teljast til nr. 40.11.
f. Hnappar, greiður, pípumunnstykki, pennasköft og aðrar vörur í 98. kafla.

4. Orðið *gervigúmmí* í 1. athugasemd hér að ofan og í nr. 40.02, 40.05 og 40.06 tekur til:
a. Ómettaðra tilbúinna efna, sem með herzlu með brennisteini, selen eða tellúr má óafmáanlega breyta í efni, sem ekki sveigjast, og sem má eftir beztu vúlkaniseringu (og án blöndunar annarra efna, svo sem mýkingarefna og styrkjandi fylliefna, sem ekki eru nauðsynleg til að mynda þverbindingu) teygja við 15° til 20° C hita þrisvar sinnum upprunalega lengd sína án þess að þau slitni, og, eftir að þau hafa verið teygð 2 sinnum upprunalega lengd sína, draga sig saman innan tveggja tíma þannig, að þau verða ekki yfir 1½ sinnum upphafleg lengd.

Til slíkra efna teljast pólyisoprene (CIS), pólybútadíen, pólyklórbútadíen (GRM), pólybútadíen-styren (GRS), pólyklórbútadíen-acrylónítríl (GRN), pólybútadíen-acrylónítríl (GRA) og bútylgúmmí (GRI).

b. „Thioplasts“ (GRP).
c. Náttúrlegt gúmmí breytt við samruna eða blöndun við gerviplast, enda uppfylli það þau skilyrði varðandi vúlkaniseringu, teygjanleika og samdráttarhæfni, sem um getur í a að ofan.

5. Til nr. 40.01 og 40.02 telst ekki gúmmí, sem í eru fylliefni (virk eða óvirk), mýkingarefni, vúlkaniseringsefni, hvetjandi efni eða litarefni, og ekki heldur blöndur af náttúrlegu gúmmíi og gervigúmmíi eða blöndur af ýmsum teygjanlegum efnum. Til nr. 40.02 telst þó gervigúmmí, sem jarðolíur eru settar í fyrir storknun, gervigúmmí, sem í eru rotverjandi efni, og gervigúmmí, sem litarefni hafa verið sett í til auðkenningar.
6. Þráður, sem er úr toggúmmíi einu og ekki yfir 5 mm í þvermál, telst til nr. 40.08, og skiptir lögun þverskurðarins ekki máli.
7. Til nr. 40.10 teljast vélareimar og færibönd úr spunaefnum, sem eru gegndreypt, yfirdregin, yfirlögð eða límd saman með gúmmíi, eða gerð úr spunagarni — einþráða, fleirþráða eða með kaðalgerð — gegndreyptu eða þöktu gúmmíi.
8. Í nr. 40.06 telst forvúlkaniseruð gúmmíkvoða (latex) vera óvúlkaniseruð gúmmíkvoða (latex). Sem toggúmmí í nr. 40.07—40.14 telst einnig balata, gúttaperka svo og þess háttar náttúrleg teygjanleg efni, faktis, og þessi efni endurunnin úr þessum vörutegundum, þó að þær séu ekki vúlkaniseraðar.
9. Sem *plötur, þynnur og bönd* í nr. 40.05, 40.08 og 40.15 teljast aðeins plötur, þynnur og bönd óáprentuð, áprentuð eða öðruvísi unnin á yfirborði, en ekki tilsniðin nema í rétthyrnd stykki og ekki frekar unnin.

Orðin *stengur* og *prófílar* í nr. 40.08, og orðin *stengur, prófílar* og *pípur* í nr. 40.15 taka til, og taka einungis til, þessara vara (hvort sem þær eru skornar í stykki og unnar á yfirborði eða ekki), að þær séu ekki öðruvísi unnar.

---

**I. Hrágúmmí.**

| | | | |
|---|---|---|---|
| **40.01** | | **Náttúrlegt gúmmí (kátsjúk), balata, gúttaperka og þess háttar náttúrleg teygjanleg efni, óunnin (þar með talið latex, einnig stabilíserað):** | |
| | 01 | Latex, fljótandi, duft eða deig, einnig stabilíserað | 30% |
| | 02 | Plötur, sem bera það með sér, að þær séu sérstaklega unnar til skósólagerðar | 30% |
| | 09 | Annað | 35% |
| **40.02** | | **Gervigúmmí (þar með gervilatex, einnig stabilíserað); faktis unnið úr olíum:** | |
| | 01 | Gervilatex, fljótandi eða duft, einnig stabilíserað | 30% |
| | 09 | Annað | 35% |
| **40.03** | 00 | **Endurunnið gúmmí** | 35% |
| **40.04** | 00 | **Afklippur af toggúmmíi og annar úrgangur, svo og duft; slitnar vörur úr toggúmmíi, sem aðeins eru hæfar til endurvinnslu á gúmmíi** | 35% |

**II. Óvúlkaniserað gúmmí.**

| | | | |
|---|---|---|---|
| **40.05** | | **Plötur, þynnur og bönd úr óvúlkaniseruðu náttúrlegu gúmmíi eða gervigúmmíi, þó ekki reyktar þynnur eða krepþynnur, sem teljast til nr. 40.01 eða 40.02; korn úr óvúlkaniseruðu náttúrlegu gúmmíi eða gervigúmmíi, blönduð eða tilreidd til vúlkaniseringar:** | |
| | 01 | Til skógerðar, enda beri varan það með sér, að hún sé sérstaklega unnin til þess | 30% |
| | 09 | Annað | 35% |
| **40.06** | 00 | **Óvúlkaniserað náttúrlegt gúmmí eða gervigúmmí (þar með talið latex) með annarri lögun eða í öðru ástandi en í nr. 40.05 (t. d. stengur, pípur, prófílar, upplausnir og jafnblöndur); vörur úr óvúlkaniseruðu náttúrlegu gúmmíi eða gervigúmmíi (t. d. húðað eða gegndreypt spunaefni; límbönd með hvers konar undirlagi, úr efni, sem í er óvúlkaniserað gúmmí; hringir og skífur)** | 35% |

**III. Vörur úr toggúmmíi.**

| | | | |
|---|---|---|---|
| **40.07** | 00 | **Þræðir og snúrur úr toggúmmíi, einnig þakið spunavörum; spunagarn, gegndreypt eða þakið með toggúmmíi** | 35% |
| **40.08** | | **Plötur, þynnur, bönd, stengur og þræðir úr toggúmmíi:** | |
| | 01 | Úr svampgúmmíi til skósólagerðar, enda beri varan það með sér, að hún sé sérstaklega unnin til þess | 30% |
| | 02 | Annað svampgúmmí, þó ekki bönd, stengur og þræðir | 60% |
| | 03 | Gólfdúkur | 35% |
| | 09 | Annað | 35% |
| **40.09** | 00 | **Pípur og slöngur úr toggúmmíi** | 50% |
| **40.10** | 00 | **Vélareimar og færibönd úr toggúmmíi** | 35% |
| **40.11** | | **Hjólbarðar alls konar, skiptanlegir hjólbarðaslitfletir, slöngur og felgubönd úr toggúmmíi, á alls konar hjól:** | |
| | 01 | Á bifreiðar, bifhjól og dráttarvélar | 40% |
| | 09 | Annars | 40% |
| **40.12** | 00 | **Vörur úr toggúmmíi til lækninga og hjúkrunar, einnig að hluta úr harðgúmmíi** | 35% |
| **40.13** | | **Fatnaður alls konar (þar með taldir hanzkar) og tilheyrandi, úr toggúmmíi:** | |
| | 01 | Kafarabúningur | 20% |
| | 02 | Hanzkar | 90% |
| | 09 | Annar | 90% |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 40.14 | | **Aðrar vörur úr toggúmmíi:** | |
| | 01 | Botnrúllur (bobbingar) | 2% |
| | 02 | Björgunartæki, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins | 20% |
| | 03 | Hringir | 35% |
| | 04 | Vélaþéttingar og þéttilistar | 35% |
| | 09 | Annars | 80% |

**IV. Harðgúmmí (ebónít og vúlkanít) og vörur úr því.**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 40.15 | | **Harðgúmmí í bitum, plötum, þynnum, böndum, stöngum með hvers konar þverskurði (prófílum), pípum og þráðum; úrgangur af harðgúmmíi og duft úr því:** | |
| | 01 | Til skógerðar, enda beri varan það með sér, að hún sé sérstaklega unnin til þess | 30% |
| | 09 | Annað | 35% |
| 40.16 | | **Aðrar vörur úr harðgúmmíi:** | |
| | 01 | Til lækninga og hjúkrunar | 35% |
| | 09 | Annars | 80% |

# VIII. flokkur.

# Húðir, skinn, leður, loðskinn og vörur úr þeim; reið- og aktygi; ferðabúnaður, handtöskur o. þ. h.; vörur úr þörmum (öðrum en silkiormaþörmum).

## 41. kafli.

## Húðir og skinn, óunnið (þó ekki loðskinn), og leður.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Afklippur og annar þess háttar úrgangur af óunnum roðum, húðum og skinnum (nr. 05.05 og 05.06).
   b. Fuglshamir og hlutar af þeim með tilheyrandi fjöðrum eða dún (nr. 05.07 eða 67.01).
   c. Húðir og skinn með hárum, óunnin, sútuð eða unnin (43. kafli). Til nr. 41.01 teljast þó óunnar húðir og skinn, með hárum, af nautpeningi (þar með taldir vísundar), hestum og öðrum dýrum af hestaættinni, sauðfé og lömbum (þó ekki persían, astrakan, karakúl, breitschwanz og svipuð lambskinn, og skinn af indverskum, kínverskum, mongólskum og tíbetskum lömbum), geitum og kiðlingum (þó ekki af arabískum, kínverskum, mongólskum og tíbetskum geitum og kiðlingum), svínum (þar með moskussvín), gemsum, gazellum, hreindýrum, elgum, krónhjörtum, rádýrum og öðrum dýrum af hjartarættinni og af hundum.
2. Með *leðurlíki* er alls staðar í tollskránni aðeins átt við vörur þær, sem teljast til nr. 41.10

---

| | | | |
|---|---|---|---|
| 41.01 | | **Húðir og skinn, óunnin (ný, söltuð, þurrkuð, pækluð eða kölkuð), einnig klofin, hér með taldar gærur:** | |
| | | *Húðir af nautpeningi og hestum, þó ekki af kálfum:* | |
| | 11 | Nautshúðir í botnvörpur, óunnar en saltaðar og/eða blásteinslitaðar | 4% |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | 19 | Aðrar | 20% |
| | 20 | *Kálfsskinn* | 20% |
| | 30 | *Geitaskinn og kiðlingaskinn* | 20% |
| | 40 | *Sauðskinn og lambskinn með ull* | 20% |
| | 50 | *Sauðskinn og lambskinn ullarlaus* | 20% |
| | 60 | *Aðrar húðir og skinn* | 20% |
| **41.02** | | **Leður úr nautshúðum (þar með talið vísundaleður) og leður úr hrosshúðum (þó ekki vörur, sem teljast til nr. 41.06-41.08):** | |
| | 10 | *Kálfsleður* | 35% |
| | | *Leður úr nautshúðum (þó ekki kálfsleður) og leður úr hrosshúðum:* | |
| | 21 | Í sóla og bindisóla, enda beri varan það með sér, að hún sé sérstaklega unnin til þess | 30% |
| | 29 | Annað | 35% |
| **41.03** | 00 | **Leður úr sauð- og lambskinnum (þó ekki vörur, sem teljast til nr. 41.06-41.08)** | 35% |
| **41.04** | 00 | **Leður úr geitar- og kiðlingaskinnum (þó ekki vörur, sem teljast til nr. 41.06-41.08)** | 35% |
| **41.05** | | **Annað leður (þó ekki vörur, sem teljast til nr. 41.06-41.08):** | |
| | 01 | Svínsleður | 35% |
| | 09 | Leður, ót. a. (þ. á m. fiskroð) | 40% |
| **41.06** | 00 | **Þvottaskinn (chamois-dressed lether)** | 40% |
| **41.07** | 00 | **Pergament** | 50% |
| **41.08** | 00 | **Lakkleður og málmþakið leður** | 40% |
| **41.09** | 00 | **Afklippur og úrgangur frá leðri, leðurlíki og pergamenti, enda sé það ekki hæft til framleiðslu á vörum úr leðri; enn fremur leðurdust, leðurduft og leðurmjöl** | 35% |
| **41.10** | 00 | **Leðurlíki að meginstofni úr leðri eða leðurþráðum, í plötum eða rúllum** | 35% |

## 42. kafli.

## Vörur úr leðri; reið- og aktygi; ferðabúnaður, handtöskur o. þ. h.; vörur úr þörmum (öðrum en silkiormaþörmum).

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Dauðhreinsað girni (catgut) til læknisaðgerða og annað þess háttar dauðhreinsað efni til notkunar í sama skyni (nr. 30.05).
   b. Fatnaður og annað, er honum heyrir til (þó ekki hanzkar), fóðrað með loðskinni eða loðskinnslíki eða með loðskinni eða loðskinnslíki á ytra borði, nema þessi skinn séu aðeins leggingar til skrauts (nr. 43.03 eða 43.04).
   c. Burðarnet og annað þess háttar, er telst til XI. flokks.
   d. Vörur, er teljast til 64. kafla.
   e. Höfuðfatnaður og hlutar til hans, er teljast til 65. kafla.
   f. Svipur, keyri og aðrar vörur, er teljast til nr. 66.02.
   g. Strengir, trumbuskinn og aðrir hljóðfærahlutar (nr. 92.09 eða 92.10).
   h. Húsgögn og húsgagnahlutar (94. kafli).
   ij. Leikföng, leiktæki, íþróttavörur og aðrar vörur, er teljast til 97. kafla.
   k. Hnappar, flibbahnappar, ermahnappar, smellur o. þ. h. og efni og hlutar til þessara vara, sem teljast til nr. 98.01 eða 71. kafla.
2. Vörur, sem ekki eru heilar eða eru ófullgerðar, flokkast á sama hátt og heilar og fullgerðar vörur, enda hafi þær að öllu verulegu leyti einkenni varanna heilla eða fullgerðra.

3. Til fatnaðar og þess, sem honum heyrir til (nr. 42.03), telst m. a. hanzkar (þar með íþróttahanzkar), svuntur og önnur hlífðarföt, axlabönd, belti, axlarólar, armbönd, þar með talin úrarmbönd.

---

| | | | |
|---|---|---|---|
| **42.01** | 00 | **Ak- og reiðtygi (t. d. hnakkar, aktygi, klafar, vagnólar, hnéhlífar), úr hvers konar efni og fyrir hvers konar dýr** | 80% |
| **42.02** | 00 | **Ferðabúnaður (töskur, hattöskjur, bakpokar, sjópokar, burðartöskur), handtöskur, veski, pyngjur, skólatöskur, skjalamöppur, snyrtiskrín, snyrtipokar, verkfæratöskur o. þ. h., úr leðri, leðurlíki, vúlkanfíber, plastplötum eða þynnum, pappa eða vefjarefnum** | 90% |
| **42.03** | | **Fatnaður úr leðri og leðurlíki og það, sem honum heyrir til:** | |
| | 01 | Belti | 90% |
| | 02 | Hanzkar | 90% |
| | 09 | Annar | 90% |
| **42.04** | 00 | **Vörur úr leðri eða leðurlíki til tækninota** | 35% |
| **42.05** | | **Aðrar vörur úr leðri eða leðurlíki:** | |
| | 01 | Leðurrendur til skógerðar, sem bera það með sér, að þær séu sérstaklega unnar til þess | 35% |
| | 09 | Annars | 100% |
| **42.06** | 00 | **Vörur úr þörmum, gullsláttarhimnum, blöðrum eða sinum** | 100% |

## 43. kafli.
## Loðskinn og loðskinnslíki og vörur úr þeim.

Athugasemdir:

1. Með *loðskinnum* er alls staðar í tollskránni (nema í nr. 43.01) átt við sútaðar eða unnar húðir eða skinn með hárum og af alls konar dýrum.
2. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Fuglahamir og hlutar af þeim með föstum upprunalegum fjöðrum og dún (nr. 05.07 eða 67.01).
   b. Þær óunnar húðir og skinn með hárum, sem teljast til 41. kafla.
   c. Hanzkar úr leðri og loðskinni eða úr leðri og loðskinnslíki (nr. 42.03).
   d. Skófatnaður, skófatnaðarhlutar og aðrar vörur, er teljast til 64. kafla.
   e. Höfuðfatnaður og hlutar af honum, er teljast til 65. kafla.
   f. Leikföng, leiktæki, íþróttavörur og aðrar vörur, er teljast til 97. kafla.
3. Með *plötum, krossum o. þ. h.* í nr. 43.02 er átt við loðskinn eða hluta af þeim (þó ekki skinn, sem „hleypt hefur verið fram“, lengd), sem hafa verið saumuð saman í ferhyrning, rétthyrning, kross eða trapizu án annarra efna. Önnur samansaumuð loðskinn, sem eru tilbúin til notkunar eða aðeins þarf að skera til fyrir notkun, svo og loðskinn og hlutar af þeim, sem eru saumuð saman sem fatnaður, fatahlutar, annað er fatnaði heyrir til, eða frá er gengið sem annarri vöru, telst til nr. 43.03.
4. Fatnaður og annað, er honum heyrir til (þó ekki það, sem nefnt er í 2. athugasemd hér að framan), sem hefur verið fóðrað með loðskinni eða loðskinnslíki eða er með loðskinni eða loðskinnslíki á ytra borði, telst til nr. 43.03 eða 43.04 eftir atvikum, enda sé um meira en leggingar einar að ræða.
5. Með *loðskinnslíki* er alls staðar í tollskránni átt við sérhverja eftirlíkingu loðskinns, sem er úr ull, hári eða öðrum trefjum, sem eru límdar eða saumaðar saman við leður, spunaefni eða annað efni. Ofnar eftirlíkingar af loðskinni flokkast sem spunavörur (t. d. nr. 58.04).

---

| | | | |
|---|---|---|---|
| **43.01** | 00 | **Loðskinn óunnin** | 60% |
| **43.02** | 00 | **Loðskinn, sútuð eða unnin (þar með teljast loðskinn saumuð saman í plötur, krossa o. þ. h.); loðskinnshlutar og afklippur (þar með talin höfuðskinn, skinn af fótum og skottum), ekki saumuð saman** | 70% |
| **43.03** | 00 | **Vörur úr loðskinnum** | 90% |
| **43.04** | | **Loðskinnslíki og vörur úr því:** | |
| | 01 | Loðskinnslíki | 60% |
| | 09 | Vörur úr loðskinnslíki | 90% |

# IX. flokkur.

## Trjáviður og vörur úr trjáviði; viðarkol; korkur og korkvörur; körfugerðarvörur og aðrar vörur úr fléttiefnum.

### 44. kafli.

### Trjáviður og vörur úr trjáviði; viðarkol.

Athugasemdir:

1. Til kaflans telst ekki:
   a. Trjáviður, sem aðallega er notaður til framleiðslu á ilmvörum, lyfjum, efnum til varnar gegn skordýrum, sveppum o. þ. h. (nr. 12.07).
   b. Trjáviður, sem aðallega er notaður til litunar og sútunar (nr. 13.01).
   c. Ávirk viðarkol (nr. 38.03).
   d. Körfugerðarvörur og aðrar vörur úr fléttiefnum, er teljast til 46. kafla.
   e. Skófatnaður og hlutar til hans, er teljast til 64. kafla.
   f. Göngustafir og hlutar til þeirra og hlutar í regnhlífar, sólhlífar, svipur og keyri (66. kafli).
   g. Plötur, flögur, hellur og annað þess konar úr tréspónum, trjáúrgangi og þess háttar, límt saman með sementi, gipsi eða öðrum bindiefnum úr steinaríkinu (nr. 68.09).
   h. Glysvarningur, er telst til nr. 71.16.
   ij. Farartæki og hlutar til þeirra og aðrar vörur í XVII. flokki.
   k. Vörur, er teljast til 91. kafla (t. d. klukkur og klukkukassar).
   l. Hljóðfæri og hlutar til þeirra (92. kafli).
   m. Hlutar í skotvopn (nr. 93.06).
   n. Húsgögn og húsgagnahlutar (94. kafli).
   o. Leikföng, leiktæki, íþróttavörur og aðrar vörur, er teljast til 97. kafla.
   p. Reykjapípur, pípuhlutar o. þ. h., hnappar, blýantar og aðrar vörur, er teljast til 98. kafla.
2. Vörur úr trjáviði, sem fluttar eru inn ósamsettar eða í aðskildum hlutum eða eru að hluta úr gleri, marmara eða öðru efni, eða hlutar, sem þessum vörum heyra til og eru úr þessum tilgreindu efnum, flokkast eins og vörurnar samsettar, enda séu hinir einstöku hlutar fluttir inn samtímis.
3. Með orðunum *sérstaklega unninn trjáviður* í þessum kafla er átt við trjávið, sem fyrir kemíska meðferð, vinnslu með vélum eða með öðrum tækjum, hefur fengið slíkan þéttleika, hörku eða hæfni, að hann stenzt betur kemísk áhrif, mekanísk áhrif eða áhrif frá rafmagni, og sé um samanlímdar plötur eða samanlímdan trjávið að ræða, verður vinnslan að vera önnur og meiri en traust samanlíming.
4. Til nr. 44.19—44.28 teljast einnig vörur úr spónlögðum trjáviði, krossviði, holtré, sérstaklega unnum trjáviði eða gerviviði.

5. Nr. 44.25 tekur ekki til verkfæra og áhalda, ef málmur er í blöðum þeirra, eggjum, tönnum eða hliðstæðum hlutum, sem ákvarða aðalnot þeirra.

---

| | | | |
|---|---|---|---|
| **44.01** | 00 | **Eldsneyti úr trjáviði, í bolum eða bútum, greinar eða hríslur í böggum; viðarúrgangur, þar með talið sag** | 40% |
| **44.02** | 00 | **Viðarkol (þar með talin kol úr hnetuskurn), einnig samanlímd** | 40% |
| **44.03** | | **Trjábolir óunnir, einnig þótt börkurinn og greinar hafi verið teknar af:** | |
| | 10 | *Trjábolir til framleiðslu á viðarslípi (pulp wood)* | 35% |
| | 20 | *Trjábolir af barrtrjám, til framleiðslu á borðum, plönkum, spæni o. þ. h.* | 35% |
| | 30 | *Trjábolir af öðrum trjátegundum en barrtrjám, til framleiðslu á borðum, plönkum, spæni o. þ. h.* | 35% |
| | 40 | *Námustoðir (pitprops)* | 35% |
| | | *Trjábolir óunnir aðrir:* | |
| | 51 | Staurar og spírur í fisktrönur, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins | 2% |
| | 52 | Girðingarstaurar | 20% |
| | 53 | Síma- og rafmagnsstaurar | 35% |
| | 59 | Annars | 35% |
| **44.04** | | **Trjábolir, kantaðir á tveimur eða fjórum hliðum, en ekki frekar unnir:** | |
| | 10 | *Trjábolir af barrtrjám* | 35% |
| | 20 | *Trjábolir af öðrum trjátegundum* | 35% |
| **44.05** | | **Trjáviður, sagaður eftir endilöngu, flettur eða afbarkaður, en ekki frekar unninn, meir en 5 mm að þykkt:** | |
| | | *Úr barrtrjám:* | |
| | 11 | Þilfarsplankar úr „oregon-pine",„pitch-pine" eða „douglas-fir", 3×5" eða stærri | 15% |
| | 19 | Annar | 35% |
| | | *Úr öðrum trjátegundum:* | |
| | 21 | Úr eik | 15% |
| | 22 | Úr beyki | 40% |
| | 23 | Úr birki og hlyni | 40% |
| | 24 | Úr rauðviði (mahogni) | 40% |
| | 25 | Úr teakviði | 40% |
| | 29 | Annar | 40% |
| **44.06** | 00 | **Kubbar til gatnagerðar** | 35% |
| **44.07** | 00 | **Járn- og sporbrautaþvertré** | 35% |
| **44.08** | 00 | **Trjáviður í tunnustafi, klofinn, aðeins einn aðalflötur sagaður, en ekki frekar unninn; tunnustafir, ef einn aðalflötur er sagaður ávalur, en ekki frekar unnir** | 3% |
| **44.09** | | **Trjáviður í tunnubönd; klofnar stoðir; staurar og stafir, yddað en ekki sagað niður eftir endilöngu; tréspænir; spænir notaðir við ediksgerð eða við hreinsun á vökvum:** | |
| | 01 | Trjáviður í tunnubönd | 3% |
| | 09 | Annað | 35% |
| **44.10** | 00 | **Trjáviður í göngustafi, regnhlífar, keyri, golfkylfur, verkfæri, áhöld o. þ. h., grófunninn eða gerður sívalur, en ekki renndur, beygður eða frekar unninn** | 60% |
| **44.11** | 00 | **Tréþráður; eldspýtnaefni; trépinnar í skó** | 40% |
| **44.12** | 00 | **Viðarull og viðarmjöl** | 35% |
| **44.13** | | **Trjáviður, heflaður, plægður, grópaður, fasaður eða unninn á annan svipaðan hátt, þar með talið ósamsett efni í parketgólf:** | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | *Úr barrtrjám:* | |
| | 11 | Þilfarsplankar úr „oregon-pine“, „pitch-pine“ eða „douglas-fir“, 3×5” eða stærri | 15% |
| | 19 | Annar | 35% |
| | | *Úr öðrum trjátegundum:* | |
| | 21 | Parketstafir | 50% |
| | 29 | Annar | 40% |
| **44.14** | 00 | **Spónn og þynnur í krossvið (sagað, skorið eða flagað), ekki yfir 5 mm að þykkt, einnig styrkt með pappír eða spunaefnum** | 35% |
| **44.15** | 00 | **Krossviður, spónlagður trjáviður og aðrar límdar plötur, einnig í sambandi við önnur efni, innlagður viður (með áteiknuðu eða máluðu mynstri)** | 35% |
| **44.16** | 00 | **Holplötur (lamelplötur), einnig lagðar ódýrum málmum** | 40% |
| **44.17** | 00 | **Sérstaklega unninn (improved) viður í plötum, blokkum eða þess konar** | 40% |
| **44.18** | 00 | **Gervitrjáviður úr spónum, sagi, viðarmjöli eða öðrum viðarkenndum úrgangi, haldið saman með náttúrlegum harpix, gerviharpix eða öðru lífrænu bindiefni, í plötum, bitum eða þess háttar** | 40% |
| **44.19** | 00 | **Ramma- og húsgagnalistar úr trjáviði og listar með hvers konar þverskurði til skreytinga innanhúss, fyrir raflagnir og annað þess háttar** | 60% |
| **44.20** | 00 | **Myndarammar, rammar fyrir spegla og aðrar slíkar umgerðir úr trjáviði** | 125% |
| **44.21** | 00 | **Umbúðakassar, rimlakassar, öskjur og aðrar umbúðir úr trjáviði, samsett, ósamsett eða samsett að nokkru leyti** | 50% |
| **44.22** | | **Ámur, tunnur, ker, balar, fötur og aðrar slíkar beykisvörur úr trjáviði, hlutar í þessar vörur, þó ekki tunnustafir þeir, sem teljast til nr. 44.08:** | |
| | 01 | Kjöttunnur og hlutar til þeirra | 4% |
| | 02 | Síldartunnur og hlutar til þeirra | 4% |
| | 09 | Annað | 35% |
| **44.23** | | **Trésmíðavörur til bygginga (þar með talin ósamsett tilsniðin hús og samsett parketgólf):** | |
| | 01 | Hurðir, gluggar og karmar til þeirra | 60% |
| | 02 | Hús tilhöggvin | 60% |
| | 09 | Annað | 60% |
| **44.24** | 00 | **Búsáhöld úr trjáviði** | 100% |
| **44.25** | | **Verkfæri, áhöld og hlutar til þeirra úr trjáviði (handföng, sköft og þess háttar), burstatré, sköft og handföng úr trjáviði fyrir bursta og kústa; skósmíðaleistar og blokkir úr tré, fyrir skósmíði:** | |
| | 01 | Burstatré | 50% |
| | 02 | Skósmíðaleistar | 50% |
| | 03 | Sköft og handföng | 60% |
| | 09 | Annað | 60% |
| **44.26** | 00 | **Snældur, kefli og þess háttar úr renndum viði** | 35% |
| **44.27** | | **Gólflampar, borðlampar og önnur ljósatæki, úr trjáviði; húsgögn úr trjáviði, sem ekki teljast til 94. kafla; skrín, vindlingakassar, bakkar, ávaxtaföt og hlutir til skreytingar úr trjáviði; öskjur, kistur og hylki úr trjáviði, fyrir verkfæri, teikniáhöld, hljóðfæri o. þ. h.; vörur úr trjáviði til persónulegra nota eða til skrauts, sem menn hafa almennt í vösum sínum, í handtöskum eða á sér; hlutar úr trjáviði til þessara vara:** | |
| | 01 | Lampar og önnur ljósatæki úr trjáviði | 90% |
| | 09 | Annað | 125% |
| **44.28** | | **Aðrar vörur úr trjáviði, ót. a.:** | |
| | 01 | Botnvörpuhlerar og bobbingar | 2% |
| | 02 | Hjólklafar (blakkir) | 35% |
| | 03 | Merkispjöld | 35% |
| | 04 | Árar | 50% |
| | 05 | Stýrishjól | 35% |

| | | |
|---|---|---|
| 06 | Hnakkvirki og aktygjaklafar | 70% |
| 07 | Glugga- og dyratjaldastengur | 80% |
| 08 | Herðatré | 100% |
| 09 | Annars | 100% |

## 45. kafli.
## Korkur og korkvörur.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Skófatnaður og hlutar til skófatnaðar, er teljast til 64. kafla.
   b. Höfuðfatnaður og hlutar til höfuðfatnaðar, er teljast til 65. kafla.
   c. Leikföng, leiktæki, íþróttaáhöld og aðrar vörur, er teljast til 97. kafla.
2. Náttúrlegur korkur lauslega skorinn í ferhyrnd stykki, og náttúrlegur korkur, sem tekið hefur verið af yzta barkarlagið, telst til nr. 45.02, en ekki til nr. 45.01.

---

| | | | |
|---|---|---|---|
| **45.01** | 00 | **Náttúrlegur korkur, óunninn, mulinn eða malaður; korkúrgangur** | 30% |
| **45.02** | 00 | **Náttúrlegur korkur í stykkjum, plötum, þynnum eða ræmum, þar með taldir teningar og ferhyrningar til framleiðslu á töppum** | 30% |
| **45.03** | | **Vörur úr náttúrlegum korki:** | |
| | 01 | Netja- og nótakorkur | 2% |
| | 02 | Björgunaráhöld úr korki, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins | 20% |
| | 03 | Korktappar | 50% |
| | 09 | Aðrar | 60% |
| **45.04** | | **Pressaður korkur með eða án bindiefna og vörur úr slíkum korki:** | |
| | 01 | Korkvörur til skógerðar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins | 30% |
| | 02 | Korkplötur til einangrunar | 35% |
| | 03 | Vélaþéttingar, pípur o. þ. h. úr korki | 35% |
| | 04 | Korkparkett | 50% |
| | 09 | Annað | 60% |

## 46. kafli.
## Körfugerðarvörur og aðrar vörur úr fléttiefnum.

Athugasemdir:

1. Með *fléttiefnum* er m. a. átt við strá, hálm, tágar, reyr, bambus, sef, trjáviðarspæni, ræmur af viðartrefjum og viðarberki, óspunnin vefjarefni, einþáttunga og ræmur úr plasti og pappírsræmur, en ekki ræmur úr leðri, leðurlíki eða flóka, mannshár, hrosshár, einþráðunga, né ræmur og spunagarn, sem telst til 51. kafla.
2. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Seglgarn, reipi og kaðlar, einnig fléttað (nr. 59.04).
   b. Skófatnaður og höfuðfatnaður og hlutar til þeirra, er teljast til 64. og 65. kafla.
   c. Ökutæki og hlutar til þeirra úr fléttiefnum (87. kafli).
   d. Húsgögn og hlutar til þeirra (94. kafli).
3. Með *fléttiefnum bundnum saman í plötur* í nr. 46.02 er átt við fléttiefni lögð hlið við hlið og bundin þannig saman, hvort sem bindiefnið er spunaefni eða annað.

---

| | | | |
|---|---|---|---|
| **46.01** | 00 | **Fléttur og aðrar þess konar vörur úr fléttiefnum til hvers konar nota, einnig fléttaðir borðar** | 35% |
| **46.02** | | **Fléttiefni bundin saman eða ofin saman í plötur, þar með talið mottur, teppi og skermar; flöskustrá:** | |
| | 01 | Mottur til umbúða, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins | 20% |
| | 02 | Gólfmottur, teppi o. þ. h. | 90% |
| | 03 | Skermar | 90% |
| | 09 | Annað | 60% |
| **46.03** | | **Körfugerðarvörur og aðrar vörur gerðar fyrst og fremst úr fléttiefnum eða vörum þeim, sem teljast til nr. 46.01-46.02; vörur úr lúffuknippum:** | |
| | 01 | Fiskkörfur og kolakörfur, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins | 15% |
| | 09 | Annað | 100% |

## X. flokkur.

## Efnivörur í pappír; pappi, pappír og vörur úr þeim efnum.

### 47. kafli.

### Efnivörur í pappír.

| | | | |
|---|---|---|---|
| **47.01** | | **Pappírsmassi, vél- eða kemískt unninn úr hvers konar trefjaefni úr jurtaríkinu:** | |
| | 10 | *Viðarslíp vélunnið* | 20% |
| | 20 | *Pappírsmassi úr öðru en trjáviði* | 20% |
| | 30 | *Viðarmassi kemískur í upplausnarstigum (dissolving grades)* | 20% |
| | 40 | *Sóda- og súlfatviðarmassi, óbleiktur* | 20% |
| | 50 | *Sóda- og súlfatviðarmassi, bleiktur (annar en „dissolving grades“)* | 20% |
| | 60 | *Súlfitviðarmassi, óbleiktur* | 20% |
| | 70 | *Súlfitviðarmassi, bleiktur (annar en „dissolving grades“)* | 20% |
| | 80 | *Viðarmassi hálfkemískur* | 20% |
| **47.02** | 00 | **Úrgangspappír og úrgangspappi; úrgangsvörur úr pappír eða pappa aðeins hæfar til pappírsgerðar** | 20% |

### 48. kafli.

### Pappír og pappi; vörur úr pappírsmassa, pappír og pappa.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
   - a. Prentþynnur, er teljast til nr. 32.09.
   - b. Ilmpappír og andlitsfarðapappír (nr. 33.06).
   - c. Pappír gegndreyptur eða þakinn sápu (nr. 34.01), pappír gegndreyptur eða þakinn ræstiefnum (nr. 34.02) og sellulósavatt gegndreypt með fægi- og gljáefnum o. s. frv. (nr. 34.05).
   - d. Ljósnæmur pappír og pappi (nr. 37.03).
   - e. Samfellur af plasti og pappír eða pappa (nr. 39.01—39.06), vúlkanfíber (nr. 39.03) og vörur úr slíkum efnum (nr. 39.07).
   - f. Vörur, er teljast til nr. 42.02 (t. d. ferðabúnaður).
   - g. Körfugerðarvörur og aðrar vörur úr fléttiefnum (46. kafli).
   - h. Pappírsgarn og spunavörur úr því (XI. flokkur).

ij. Slípiefni með pappír og pappa sem undirlag (nr. 68.06) og gljásteinsflögur með sams konar undirlagi (nr. 68.15). (Hins vegar telst pappír og pappi þakið gljásteinsdufti til nr. 48.07.)
k. Málmþynnur styrktar með pappír eða pappa (XV. flokkur).
l. Gataður pappír og pappi í hljóðfæri (nr. 92.10).
m. Vörur, er teljast til 97. kafla (t. d. leikföng, leiktæki og íþróttavörur) eða vörur, er teljast til 98. kafla (t. d. hnappar).

2. Til nr. 48.01 og 48.02 telst einnig pappír og pappi, sem er sléttur, gerður með vatnsmerki, einnig óekta, svo og pappír og pappi, sem er litaður eða marmararákaður í gegn í massanum með hvaða hætti sem er, enda leiði ekki annað af 3. athugasemd hér á eftir. Hins vegar teljast ekki til þessara númera pappír og pappi, sem er frekar unninn, t. d. yfirlagður eða gegndreyptur.
3. Pappír og pappi, sem eru þannig gerðir, að þeir geta talizt til tveggja eða fleiri af nr. 48.01—48.07, teljast til þess númers, sem er síðast í röðinni.
4. Til nr. 48.01—48.07 telst ekki pappír, pappi eða sellulósavatt í eftirgreindu ásigkomulagi:

a. Í ræmum eða rúllum, sem eru 15 cm á breidd eða minna.
b. Í rétthyrndum örkum, ef ekkert af hliðunum er yfir 36 cm.
c. Með annarri lögun en rétthyrndri.

Handgerður pappír eða pappi af hvaða stærð og lögun sem er telst þó til nr. 48.02, ef hinn ójafni kantur, sem myndast við framleiðsluna, hefur ekki verið numinn burtu að nokkru eða öllu leyti, enda leiði ekki annað af 3. athugasemd hér á undan.

5. Sem *veggfóður og línkrústa* (nr. 48.11) skoðast einungis:

a. Pappír í rúllum hæfur til vegg- og loftskreytinga og er
— annað hvort með einni eða tveimur auðum röndum, með eða án kennimerkis,
— eða án auðrar randar, litaður, mynsturprentaður, upphleyptur eða skreyttur á annan hátt á yfirborði og ekki yfir 60 cm á breidd.
b. Pappírsbryddingar, pappírsrandir og pappírshorn til vegg- og loftskreytinga.

6. Nr. 48.15 tekur m. a. til pappírsullar og pappírsræma (einnig samanbrotinna eða þakinna á yfirborði), sem ætlað er til notkunar sem fléttiefni, og til salernispappírs í rúllum og pökkum, en hins vegar ekki til vara, sem nefndar eru í 7. athugasemd hér á eftir.
7. Til nr. 48.21 teljast m. a. spjöld í statistiskar vélar, rifgötuð blöð og spjöld í Jacquardvélar og þess háttar vélar, blúndur, hilluborðar, dúkar, pentudúkar og vasaklútar, vélaþéttingar, steyptar og formaðar vörur úr pappírsmassa og fatasnið.
8. Til þessa kafla telst pappír, pappi og sellulósavatt og vörur úr þeim, með áprentun eða myndum, ef þessi áprentun eða myndir eru ekki ákvarðandi um notkun þeirra eða valda því, að þær teljast til prentaðra verka í 49. kafla.

---

### I. Pappír og pappi í rúllum og örkum.

| | | | |
|---|---|---|---|
| **48.01** | | **Pappír og pappi (þar með talið sellulósavatt), vélunninn, í rúllum eða örkum:** | |
| | 10 | *Dagblaðapappír* | 4% |
| | 20 | *Prent- og skrifpappír* | 30% |
| | 30 | *Kraftpappír og kraftpappi* | 30% |
| | 40 | *Vindlingapappír* | 125% |
| | | *Annar:* | |
| | 51 | Bókbandspappi og hliðstæður pappi, einnig karton | 30% |
| | 52 | Umbúðapappír venjulegur | 30% |
| | 53 | Veggpappi og gólfpappi | 30% |
| | 59 | Annað | 30% |
| **48.02** | 00 | **Handgerður pappír og pappi** | 30% |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **48.03** | | **Pergamentpappír og -pappi og annar feitiheldur pappír og pappi, einnig eftirlíkingar, og pergamyn, í rúllum eða örkum:** | |
| | 01 | Smjörpappír og hvítur pergamentpappír, sem vegur allt að 100 g/m² | 4% |
| | 09 | Annað | 30% |
| **48.04** | 00 | **Pappír og pappi úr samanlímdum blöðum, ógegndreypt eða óyfirdregið, með eða án innri styrkingar, í rúllum eða örkum** | 30% |
| **48.05** | 00 | **Bylgjupappír og bylgjupappi, einnig með álímdu sléttu lagi, einnig krepaður, felldur, mynstraður og gataður, í rúllum og örkum** | 40% |
| **48.06** | 00 | **Pappír og pappi, línustrikað eða krossstrikað, en ekki prentað á annan hátt, í rúllum eða örkum** | 30% |
| **48.07** | | **Pappír eða pappi, gegndreyptur, húðaður, yfirdreginn, litaður eða skreyttur á yfirborði eða áprentaður (þó ekki pappír og pappi, sem telst til nr. 48.06 eða prentaðar vörur, er teljast til 49. kafla), í rúllum eða örkum:** | |
| | 10 | *Prent- og skrifpappír* | 30% |
| | | *Annað:* | |
| | 21 | Pappaumbúðir um mjólk, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins | 15% |
| | 22 | Pappír og pappi vaxborinn | 30% |
| | 23 | Þakpappi | 35% |
| | 24 | Pappír og pappi, áprentaður, ót. a. | 60% |
| | 25 | Límbönd | 30% |
| | 29 | Annars | 60% |
| **48.08** | 00 | **Síuplötur úr pappírsmassa** | 35% |
| **48.09** | 00 | **Byggingarplötur úr viðartrefjum eða öðrum jurtatrefjum, einnig límdar með náttúrlegum harpix, gerviharpix eða öðrum þess háttar bindiefnum** | 40% |

### II. Tilskorinn pappír eða pappi og vörur úr pappír og pappa.

| | | | |
|---|---|---|---|
| **48.10** | 00 | **Vindlingapappír tilskorinn, einnig heftur eða í hylkjum** | 125% |
| **48.11** | 00 | **Veggfóður og línkrústa; gagnsær gluggapappír** | 35% |
| **48.12** | 00 | **Gólfpappír og gólfpappi, með eða án línóleumhúðar, einnig tilskorinn** | 35% |
| **48.13** | 00 | **Kalkerpappír og annar pappír til fleirritunar, stensilpappír og annar hliðstæður pappír, tilskorinn, einnig í öskjum** | 80% |
| **48.14** | | **Skrifblokkir, umslög, bréfkort, póstkort (án mynda); öskjur, möppur o. þ. h., sem aðeins innihalda bréfsefni, umslög og annað af því tagi til bréfaskrifta:** | |
| | 01 | Umslög óáprentuð | 50% |
| | 02 | Bréfsefni í öskjum, möppum o. þ. h. | 100% |
| | 09 | Annað | 80% |
| **48.15** | | **Annar pappír og pappi, tilskorið í stærðir eða form:** | |
| | 01 | Límbönd | 30% |
| | 02 | Rúllur í reiknivélar, ritsímatæki o. þ. h. | 50% |
| | 03 | Skrifpappír, fjölritunarpappír og teiknipappír, óáprentaður | 50% |
| | 04 | Salernispappír | 50% |
| | 05 | Tilskornar síuplötur | 35% |
| | 09 | Annars | 80% |
| **48.16** | | **Kassar, pokar og aðrar slíkar umbúðir, úr pappír og pappa:** | |
| | 01 | Pappakassar og öskjur | 60% |
| | 02 | Pappírspokar margfaldir til umbúða, að flatarmáli 0,2 m² og þar yfir útflattir, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins | 15% |
| | 03 | Pappírspokar margfaldir til umbúða um kartöflur, enda sé á þeim viðeigandi áletrun | 15% |
| | 04 | Pappírspokar til vélpökkunar á vörum, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins | 40% |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | 05 | Aðrir pappírspokar | 50% |
| | 09 | Annað | 100% |
| **48.17** | 00 | **Spjaldskrárkassar, geymsluöskjur og annað þess háttar úr pappír og pappa, til notkunar í skrifstofum, verzlunum o. þ. h.** | 80% |
| **48.18** | 00 | **Skrifstofubækur, stílabækur, minnisbækur og blokkir, pöntunarbækur, kvittunarblokkir, dagbækur, ritundirlög, bréfa- og skjalabindi, bókabindi, skrifmöppur og annað þess háttar úr pappír og pappa; sýnishornaalbúm og önnur albúm og bókahlífar úr pappír og pappa** | 100% |
| **48.19** | | **Vörumiðar og merkimiðar, einnig áprentað og límborið:** | |
| | 01 | Vöru- og merkimiðar, óáprentaðir | 50% |
| | 02 | Vöru- og merkimiðar, áprentaðir | 70% |
| **48.20** | 00 | **Vinzli, spólur og annað þess háttar úr pappírsmassa, pappír eða pappa, einnig gatað eða hert** | 35% |
| **48.21** | | **Aðrar vörur úr pappírsmassa, pappír, pappa eða sellulósavatti:** | |
| | 01 | Vélaþéttingar og pípur | 35% |
| | 02 | Spjöld í gataspjaldavélar, línuritaspjöld, pappír og pappírsrúllur í sjálfritandi vélar | 50% |
| | 03 | Lampaskermar | 90% |
| | 04 | Servíettur, handþurrkur, dúkar, bakkar o. þ. h. | 100% |
| | 09 | Annars | 100% |

## 49. kafli.

## Prentaðar bækur, blöð, myndir og annað prentað mál; handrit, vélrituð verk og uppdrættir.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Pappír, pappi, sellulósavatt og vörur úr þessum efnum með áprentun eða myndum, ef áprentunin eða myndirnar eru ekki aðalatriðið fyrir eðli varanna og notkun (48. kafli).
   b. Spil og aðrar vörur, er teljast til einhvers númers 97. kafla.
   c. Frumgerðir af stungum, þrykki og steinprentun (nr. 99.02), frímerki, stimpilmerki og önnur slík merki í nr. 99.04, safnmunir og aðrar vörur, er teljast til 99. kafla.
2. Blöð og tímarit, sem heft eru í annað en pappír, og tvö eða fleiri eintök eða hefti af blöðum og tímaritum bundin saman, teljast til nr. 49.01, en ekki til nr. 49.02.
3. Til nr. 49.01 telst einnig:
   a. Endurprentanir af listaverkum, teikningum o. þ. h. með tilheyrandi texta um verkin eða höfunda, tölusett til að bindast saman.
   b. Myndir, sem fylgja bundnum bókum eða eru viðbætur við þær.
   c. Bækur og bókahlutar, sem flutt er inn í heftum eða örkum og hefta á saman eða binda á inn.

   Prentmyndir og myndir án texta, í heftum eða lausum örkum teljast hins vegar til nr. 49.11.
4. Til nr. 49.01 og 49.02 telst hvorki prentað mál, sem er gefið út í auglýsingaskyni af aðila eða fyrir aðila, sem þar er tilgreindur, né prentað mál, sem fyrst og fremst er gefið út í auglýsingaskyni (þar með talin ferðakynningarstarfsemi). Slíkt prentað mál telst til nr. 49.11.
5. Með *myndabókum fyrir börn* (nr. 49.03) er átt við barnabækur, þar sem myndirnar en ekki textinn eru aðalatriðið.
6. Til *handrita og vélritaðra verka* (nr. 49.06) teljast einnig vélrituð eftirrit og eftirmyndir af verkunum á ljósnæman pappír. Ákvæði þessa kafla um prentuð verk gilda einnig um sams konar efni fjölritað.

7. Með *póstkort með mynd* í nr. 49.09 er átt við kort, þar sem myndin er aðalatriðið og prentunin á það bendir til notkunar þess sem póstkorts.

---

| | | | |
|---|---|---|---|
| **49.01** | | **Prentaðar bækur, bæklingar og önnur þess konar rit, einnig einblöðungar:** | |
| | 01 | Á íslenzku | 50% |
| | 09 | Á erlendu máli | 0 |
| **49.02** | 00 | **Blöð og tímarit, einnig með myndum** | 0 |
| **49.03** | 00 | **Myndabækur og teiknibækur fyrir börn** | 0 |
| **49.04** | 00 | **Hljóðfæranótur, prentaðar eða skrifaðar, einnig bundnar og með myndum** | 0 |
| **49.05** | | **Landabréf, sjókort og önnur þess háttar kort alls konar, þar með taldar kortabækur og veggkort, prentuð; prentuð jarðlíkön og himinmyndarlíkön:** | |
| | 01 | Landabréf, sjókort og önnur þess háttar kort af Íslandi og landgrunninu, þar með taldar kortabækur og veggkort | 0 |
| | 02 | Önnur landabréf, sjókort o. þ. h. | 0 |
| | 03 | Jarðlíkön og himinmyndarlíkön | 50% |
| **49.06** | 00 | **Bygginga- og vélauppdrættir, aðrir tæknilegir uppdrættir og aðrir slíkir uppdrættir, í frumriti eða eftirmyndir; handrit og vélrituð verk** | 0 |
| **49.07** | | **Ónotuð frímerki, stimpilmerki og önnur slík merki, sem eru gild eða verða gild hér á landi; pappír með slíkum merkjum; peningaseðlar, skuldabréf, hlutabréf og önnur þvílík verðbréf; ávísanahefti:** | |
| | 01 | Frímerki ónotuð | 0 |
| | 02 | Peningaseðlar | 0 |
| | 09 | Annað | 70% |
| **49.08** | 00 | **Færimyndir alls konar** | 90% |
| **49.09** | 00 | **Póstkort, jólakort og önnur hamingjuóskakort með myndum, prentuð á hvaða hátt sem er, einnig með skrauti** | 125% |
| **49.10** | 00 | **Almanök alls konar úr pappír og pappa, þar með taldar almanaksblokkir** | 70% |
| **49.11** | | **Annað prentað mál, þar með taldar prentaðar myndir og ljósmyndir:** | |
| | 01 | Auglýsingaspjöld, auglýsingaskilti, auglýsingabækur o. þ. h., með erlendum texta | 0 |
| | 09 | Annars | 80% |

# XI. flokkur.
## Spunaefni og vörur úr þeim.

Athugasemdir:

1. Til þessa flokks telst ekki:
   a. Burstir og dýrahár til burstagerðar (nr. 05.02), hrosshár og hrosshársúrgangur (nr. 05.03).
   b. Mannshár og vörur úr því (nr. 05.01, 67.03 og 67.04), þó ekki síudúkur og grófgerður vefnaður úr mannshári til notkunar í olíupressur og til annars þess háttar, er telst til nr. 59.17.
   c. Efni úr jurtaríkinu, sem teljast til 14. kafla.
   d. Asbesttrefjar (nr. 25.24) og vörur úr asbesttrefjum (nr. 68.13 og nr. 64.14).
   e. Vatt, bindi og aðrar þess konar vörur til notkunar við lækningar og þráður til að sauma saman skurði og sár (nr. 30.04 og 30.05).
   f. Ljósnæmur vefnaður (nr. 37.03).
   g. Einþáttungar úr plasti, sem hvergi eru minni en 1 mm í þvermál, og ræmur úr plasti (tilbúinn hálmur og þess háttar), sem eru meira en 5 mm að breidd (39. kafli); enn fremur fléttur og vefnaður úr slíkum einþáttungum og ræmum (46. kafli).

h. Ofin spunaefni og flóki, gegndreypt, þakin eða límd saman með gúmmíi, og vörur úr slíkum efnum, er teljast til 40. kafla.
ij. Húðir og skinn með ull eða hári (41. og 43. kafli), vörur úr loðskinni (nr. 43.03) ásamt eftirlíkingum af loðskinni og vörum úr þeim (nr. 43.04).
k. Reiðtygi og aktygi, handtöskur og annað þess háttar til ferðalaga (nr. 42.01 og 42.02).
l. Sellulósavatt (48. kafli).
m. Skófatnaður og hlutar til hans, legghlífar og aðrar þess konar vörur, er teljast til 64. kafla.
n. Höfuðfatnaður og hlutar til hans, er teljast til 65. kafla.
o. Hárnet hvers konar (nr. 65.05 eða eftir atvikum 67.04).
p. Tilbúin blóm, blævængir og aðrar vörur, er teljast til 67. kafla.
q. Garn, snúrur, vefnaður og annað þess háttar þakið slípiefni (nr. 68.06).
r. Glertrefjar og vörur úr þeim aðrar en útsaumur gerður úr glerþráðum á sjáanlegum grunni (70. kafli).
s. Húsgögn og rúmfatnaður (94. kafli).
t. Leikföng, leiktæki, íþróttaáhöld og aðrar vörur, er teljast til 97. kafla.

2. A. Vörur úr spunatrefjum, sem teljast til einhvers númers í 50.—57. kafla og gerðar eru úr tveim eða fleiri trefjategundum, flokkast til kafla og númera, sem hér segir:
   a. Vörur, sem í er meira en 10% að þunga af náttúrlegu silki, teljast til 50. kafla, og við flokkun í númer í kaflanum skal við þá tegund hins náttúrlega silkis miðað, sem mest er af í vörunni reiknað eftir þyngd, og þannig með farið eins og varan væri öll úr þeirri silkitegund einni.
   b. Allar aðrar vörur flokkast í samræmi við þá spunatrefjategund, sem mest er af að þunga í vörunni, og þannig með farið eins og varan væri öll úr þeirri trefjategund einni.

   B. Þegar farið er eftir því, er að ofan greinir, gilda eftirfarandi reglur:
   a. Málmgarn skal skoðast sem sérstakt spunaefni og þungi þess tekinn sem samanlagður þungi spunatrefjanna og málmþráðanna, sem það er gert úr. Við tollflokkun vefnaðar ber að telja málmþráð sem spunaefni.
   b. Þegar í tollskrárlið er gert ráð fyrir, að vörur séu úr mismunandi spunatrefjategundum (t. d. mismunandi tegundum náttúrlegs silkis, ullar o. s. frv), ber að skoða þessar mismunandi trefjategundir sem eina tegund.
   c. Í öllum öðrum tilvikum en því, er um getur í athugasemd 2.B.a hér að framan, skal þungi allra annarra efna en sjálfra spunatrefjanna ekki teljast með í þunga vörunnar.

   C. Ákvarðanir þær, sem getið er í athugasemd 2.A og 2.B hér að framan, taka einnig til garns, sem um getur í athugasemd 3 og 4 hér á eftir.

3. A. Í XI. flokki skoðast *seglgarn, línur og kaðlar* (þó með þeim undantekningum, er greinir í athugasemd 3.B), garn (ótvinnað, eintvinnað eða margtvinnað), sem þannig er gert, er nú segir:
   a. Garn úr náttúrlegu silki eða endurnotuðum silkitrefjum eða gervitrefjum, sem lýst er í athugasemd 1.b í 51. kafla (þar með talið garn úr tveim eða fleiri einþáttungum, er teljast til 51. kafla), sem vegur meira en 2 g/m (18000 denier).
   b. Garn úr tilbúnum trefjum í samræmi við skýrgreiningu í athugasemd 1.a við 51. kafla (þar með talið garn úr tveim eða fleiri einþáttungum, er teljast til 51. kafla), sem vegur meira en 1 g/m (9000 denier).
   c. Garn úr hampi eða hör:
      1. Pólerað eða fágað.
      2. Ópólerað og ófágað, sem vegur meira en 2 g/m.
   d. Garn úr kókostrefjum gert úr þrem eða fleiri þráðum.
   e. Garn úr öðrum trefjum úr jurtaríkinu, sem vegur meira en 2 g/m.
   f. Garn styrkt með málmi.

   B. Sem seglgarn, línur og kaðlar skoðast ekki:

a. Garn úr ull, hrosshári eða öðru dýrahári, og pappírsgarn, enda sé það ekki styrkt með málmi.
b. Vöndlar (tow), trefjabönd og forgarn úr tilbúnum spunatrefjum.
c. Silkiormaspuni (silk worm gut), eftirlíkingar af girni (catgut) úr silki eða tilbúnum spunatrefjum ásamt einþáttungum, er teljast til 51. kafla.
d. Garn í sambandi við málmþráð eða yfirdregið með málmi (þó ekki garn styrkt með málmi).
e. Chenillegarn og yfirspunnið garn, er telst til nr. 58.07.

4. A. Garn *umbúið til smásölu* í 50., 51., 53., 54., 55. og 56. kafla, annað en það, sem greinir í athugasemd 4.B hér að neðan, telst eftirfarandi:
a. Garn í hnyklum eða á vinzlum, keflum, pappahólkum eða öðru þess háttar, þegar þungi hvers stykkis (með kefli eða öðru því, sem á er undið) fer ekki fram úr:
1. 200 g, sé um garn úr hör eða ramí að ræða,
2. 85 g, sé um garn úr náttúrlegu silki eða endalausum tilbúnum spunatrefjum að ræða,
3. 125 g, sé um garn úr öðrum spunatrefjum að ræða.
b. Garn í hespum eða skreppum, þegar þungi hverrar hespu eða skreppu fer ekki fram úr:
1. 85 g, sé um garn úr náttúrlegu silki eða endalausum tilbúnum spunatrefjum að ræða,
2. 125 g, sé um garn úr öðrum spunatrefjum að ræða.
c. Garn í hespum eða skreppum, sem skipt er í sundur með þráðum, þannig að minni hankir séu sjálfstæðar og allar jafnar að þyngd, sem ekki fer fram úr:
1. 85 g, sé um garn úr náttúrlegu silki eða endalausum tilbúnum spunatrefjum að ræða,
2. 125 g, sé um garn úr öðrum spunatrefjum að ræða.

B. Garn *umbúið til smásölu* telst ekki:
a. Ótvinnað garn úr hvers konar spunatrefjum, nema það, er hér segir:
1. Ótvinnað garn úr ull eða öðru fíngerðu dýrahári, enda sé það óbleikt.
2. Ótvinnað garn úr ull eða öðru fíngerðu dýrahári, sem hefur verið bleikt, litað eða þrykkt, þegar lengd þess er undir 2000 m/kg.
b. Tvinnað eða margtvinnað garn, óbleikt:
1. Úr náttúrlegu silki, hvernig sem frá því er gengið.
2. Úr öðru efni en ull eða öðrum fíngerðum dýrahárum, enda sé það í hespum eða skreppum.
c. Tvinnað eða margtvinnað garn úr náttúrlegu silki, bleikt, litað eða þrykkt, þegar lengdin er 75000 m/kg eða meira.
d. Ótvinnað, tvinnað eða margtvinnað garn úr hvers konar spunatrefjum:
1. í krossbrugðnum hespum eða skreppum,
2. á spólum eða öðru þess konar, sem gefur til kynna, að nota eigi garnið í spunatrefjaiðnaði.

5. a. *Snúðofið* telst efni vera (nr. 55.07), þegar uppistaðan er að öllu eða nokkru leyti mynduð úr föstum þráðum og snúðþráðum, sem vafið er hálfar eða heilar umferðir eða meira utan um hina föstu uppistöðuþræði og mynda lykkjur, er halda ívafsþráðunum föstum.
b. *Ómynstrað* (nr. 58.08) telst það efni, sem er gert úr kerfi af möskvum eins í lögun og að stærð alls staðar á yfirborðinu án nokkurs mynsturs eða fyllingar á möskvunum. Ekki er tekið tillit til smámillibila, sem verða til, er möskvarnir eru gerðir.

6. Með *unnum vörum* er í þessum flokki átt við:
a. Vörur, sem eru klipptar og hafa aðra lögun en rétthyrnda.
b. Vörur, sem eru tilbúnar til notkunar að vefnaði loknum eða tilbúnar til notkunar eftir einfalda klippingu án þess að þörf sé saumaskapar eða annarrar meðferðar

(t. d. sumar tegundir af þurrkum, handklæðum, borðdúkum, hálsklútum og teppum).

c. Vörur. sem eru saumaðar eða faldaðar (þó ekki vörur í metramáli, sem eru klipptar og hafa verið saumaðar eða faldaðar einungis til þess að fyrirbyggja, að vefnaðurinn trosni) eða eru með hnýttu kögri á einum kanti eða fleiri.

d. Vörur, sem eru sniðnar (lögunin skiptir ekki máli) og úr hafa verið dregnir þræðir.

e. Vörur, sem hafa verið saumaðar saman, settar saman með límingu eða á annan hátt (þó ekki vörur í metramáli úr tveim eða fleiri lengdum sama efnis, sem hafa verið skeyttar saman á endunum hver fram af annarri og vörur í metramáli samsettar úr tveim eða fleiri lögum af efni, einnig þótt vatt sé haft sem millilag).

7. Til kaflanna 50 til 57 og einnig — enda sé annað ekki tekið fram — til kaflanna 58 til 60 teljast ekki vörur, sem samkvæmt skýrgreiningu í 6. athugasemd hér að ofan geta skoðazt unnar. Til kaflanna 50 til 57 teljast ekki vörur, sem talizt geta til kaflanna 58 eða 59.

8. *Sé ekki annað tekið fram í viðkomandi tollskrárnúmeri, telst segl- og presenningsdúkur vera*

a. *ómjúkur þéttofinn vefnaður gerður úr tví- eða margtvinnuðu garni, enda sé hver fermetri dúksins 500 g eða meira,*

b. *ómjúkur þéttofinn vefnaður gerður úr eintvinnuðu garni, enda sé hver fermetri dúksins 600 g eða meira,*

*úr spunatrefjum úr jurtaríkinu eða stuttum gervitrefjum, einnig þótt dúkurinn sé gegndreyptur með kemískum efnum, feiti eða tjöru. Sé dúkurinn gegndreyptur eða þakinn öðrum efnum, telst hann því aðeins vera segl- eða presenningsdúkur, að þungi spunatrefjanna sé 500 g eða meira hver fermetri.*

---

## 50. kafli.
## Silki og silkiúrgangur.

| | | | |
|---|---|---|---|
| **50.01** | 00 | **Silkiormahjúpar, sem nota má til afvinzlu** ........................ | 20% |
| **50.02** | 00 | **Náttúrlegt silki, óspunnið** ........................ | 20% |
| **50.03** | 00 | **Úrgangur náttúrlegs silkis (þar með talið chappe-silki, bourette-silki og silkiormahjúpar, sem ekki er hægt að nota til afvinzlu ásamt uppkembdum silkivefnaði)** ........................ | 30% |
| **50.04** | 00 | **Garn úr náttúrlegu silki (þó ekki garn úr chappe-silki og bourette-silki), ekki umbúið til smásölu** ........................ | 35% |
| **50.05** | 00 | **Garn úr chappe-silki, ekki umbúið til smásölu** ........................ | 35% |
| **50.06** | 00 | **Garn úr bourette-silki, ekki umbúið til smásölu** ........................ | 35% |
| **50.07** | 00 | **Garn úr náttúrlegu silki, chappe-silki og bourette-silki, umbúið til smásölu** | 40% |
| **50.08** | 00 | **Silkiormaspuni; eftirlíkingar af girni (catgut) úr náttúrlegu silki** ...... | 60% |
| **50.09** | 00 | **Vefnaður úr náttúrlegu silki (þó ekki bourette-silki)** ........................ | 65% |
| **50.10** | 00 | **Vefnaður úr bourette-silki** ........................ | 65% |

## 51. kafli.
## Endalausar tilbúnar trefjar.

Athugasemdir:

1. Með *tilbúnum* trefjum er hvarvetna í tollskránni átt við trefjar eða spunaþræði, sem gerðir eru úr lífrænum pólymerum:
   a. Með pólymerisation eða þéttingu úr mónómerum lífrænum efnum, t. d. pólyamídum, pólyesterum, pólyúretönum og pólyvínylderivötum.
   b. Með kemískri umbreytingu á náttúrlegum lífrænum pólymerum (svo sem sellulósa, kaseini, próteinum og algínötum), t. d. viskósa-, acetat-, kopargervisilki og algínattrefjar.
2. Vöndlar (tow) til framleiðslu á stuttum tilbúnum spunatrefjum teljast ekki til nr. 51.01, heldur til 56. kafla.
3. Sem garn úr *endalausum tilbúnum trefjum* skoðast ekki garn gert að meginstofni úr trefjum, sem slitnar hafa verið í sundur á vélrænan hátt (56. kafli).
4. Einþáttungar úr tilbúnu trefjaefni, sem hvergi eru meira en 1 mm í þvermál, teljast til nr. 51.01, þegar þungi þeirra er minni en 6,6 mg/m (60 denier), en annars til nr. 51.02. Einþáttungar, sem hvergi eru minni en 1 mm í þvermál, teljast til 39. kafla.
   Ræmur úr tilbúnu trefjaefni (tilbúinn hálmur og þess háttar) teljast til nr. 51.02, þegar breidd ræmunnar er ekki meira en 5 mm, en annars til 39. kafla.

---

| | | | |
|---|---|---|---|
| **51.01** | | **Garn úr endalausum tilbúnum trefjum, ekki umbúið til smásölu:** | |
| | | *Úr syntetískum trefjum:* | |
| | 11 | Til veiðarfæragerðar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins | 0 |
| | 19 | Annað | 30% |
| | 20 | *Úr uppkembdum trefjum* | 30% |
| **51.02** | | **Einþáttungar, ræmur (tilbúinn hálmur og þess háttar) og eftirlíkingar af girni (catgut) úr tilbúnu trefjaefni:** | |
| | | *Úr syntetísku trefjaefni:* | |
| | 11 | Eingirni til veiðarfæragerðar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins | 0 |
| | 19 | Annars | 30% |
| | 20 | *Úr uppkembdu trefjaefni* | 30% |
| **51.03** | | **Garn úr endalausum tilbúnum trefjum, umbúið til smásölu:** | |
| | 10 | *Úr syntetískum trefjum* | 40% |
| | 20 | *Úr uppkembdum trefjum* | 40% |
| **51.04** | | **Vefnaður úr endalausum tilbúnum trefjum (þar með talinn vefnaður úr einþáttungum og ræmum, er teljast til nr. 51.01 eða 51.02):** | |
| | 10 | *Úr syntetískum trefjum* | 65% |
| | 20 | *Úr uppkembdum trefjum* | 65% |

## 52. kafli.
## Spunavörur í sambandi við málm.

| | | | |
|---|---|---|---|
| **52.01** | 00 | **Málmgarn, spunnið úr trefjagarni og málmi, eða þakið með málmi með hvers konar aðferð** | 50% |
| **52.02** | 00 | **Vefnaður úr málmþræði eða úr garni, sem telst til nr. 52.01, enda sé hann nothæfur til fatnaðar, sem húsgagnaáklæði eða til annars þess háttar** | 65% |

## 53. kafli.
## Ull og annað dýrahár.

Athugasemd:

Með *fíngerðum dýrahárum* er átt við hár af alpaka, lama, vikuna, yakuxa, úlfalda, angórageit, tíbetgeit, kashmírgeit og öðrum svipuðum geitum (þó ekki hinni venjulegu geit), kanínu (þar með talin angórakanína), héra, bifur, bifurrottu og bísamrottu.

| | | | |
|---|---|---|---|
| **53.01** | | **Ull, hvorki kembd né greidd:** | |
| | 10 | *Ull óþvegin eða þvegin á skepnunni* | 20% |
| | 20 | *Önnur ull* | 20% |
| **53.02** | | **Önnur dýrahár (fíngerð eða grófgerð), hvorki kembd né greidd:** | |
| | 10 | *Fíngerð hár* | 20% |
| | 20 | *Grófgerð hár* | 20% |
| **53.03** | 00 | **Úrgangur úr ull og öðru dýrahári (fíngerðu eða grófgerðu), þó ekki tættur eða kembdur** | 20% |
| **53.04** | 00 | **Úrgangur úr ull og öðru dýrahári (fíngerðu eða grófgerðu), tættur eða kembdur (þar með taldar tættar tuskur)** | 20% |
| **53.05** | | **Ull og annað dýrahár (fíngert eða grófgert), kembt eða greitt:** | |
| | 10 | *Ull og annað dýrahár, kembt eða greitt (annað en lopadiskar úr ull)* | 20% |
| | 20 | *Lopadiskar úr ull* | 30% |
| **53.06** | 00 | **Garn úr ull, annað en kambgarn (woollen yarn) ekki umbúið til smásölu** | 50% |
| **53.07** | 00 | **Kambgarn úr ull (worsted yarn) ekki umbúið til smásölu** | 50% |
| **53.08** | 00 | **Garn úr fíngerðu dýrahári (kembdu eða greiddu), ekki umbúið til smásölu** | 50% |
| **53.09** | 00 | **Garn úr hrosshári og öðru grófgerðu dýrahári, ekki umbúið til smásölu** | 50% |
| **53.10** | 00 | **Garn úr ull, hrosshári eða öðru dýrahári (fíngerðu eða grófgerðu), umbúið til smásölu** | 50% |
| **53.11** | 00 | **Vefnaður úr ull eða fíngerðu dýrahári** | 65% |
| **53.12** | 00 | **Vefnaður úr grófgerðu dýrahári öðru en hrosshári** | 65% |
| **53.13** | 00 | **Vefnaður úr hrosshári** | 65% |

## 54. kafli.
## Hör og ramí.

| | | | |
|---|---|---|---|
| **54.01** | 00 | **Hör, óunninn eða tilreiddur, þó ekki spunninn; hörruddi og úrgangur úr hör (þar með taldar tættar tuskur)** | 20% |
| **54.02** | 00 | **Ramí, óunnið eða tilreitt, þó ekki spunnið; ramíruddi og úrgangur úr ramí (þar með taldar tættar tuskur)** | 20% |
| **54.03** | | **Garn úr hör eða ramí, ekki umbúið til smásölu:** | |
| | 01 | Eingirni til veiðarfæragerðar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins | 0 |
| | 09 | Annað | 30% |
| **54.04** | 00 | **Garn úr hör eða ramí, umbúið til smásölu** | 40% |
| **54.05** | | **Vefnaður úr hör eða ramí:** | |
| | 01 | Segl- og presenningsdúkur | 25% |
| | 02 | Vefnaður, einlitur og ómynstraður, eingöngu úr hör eða ramí eða úr þeim efnum ásamt öðrum náttúrlegum jurtatrefjum | 50% |
| | 09 | Annar | 65% |

## 55. kafli.
## Baðmull.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 55.01 | 00 | **Baðmull, hvorki kembd né greidd** | 20% |
| 55.02 | 00 | **Baðmullarlinters** | 20% |
| 55.03 | | **Baðmullarúrgangur (þar með taldar tættar tuskur), hvorki kembdur né greiddur:** | |
| | 01 | Vélatvistur | 35% |
| | 09 | Annar | 30% |
| 55.04 | 00 | **Baðmull, kembd eða greidd** | 30% |
| 55.05 | | **Garn úr baðmull, ekki umbúið til smásölu:** | |
| | | *Óbleikt og ómersað:* | |
| | 11 | Eingirni til veiðarfæragerðar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins | 0 |
| | 12 | Netjagarn, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins | 0 |
| | 19 | Annars | 30% |
| | | *Annað:* | |
| | 21 | Netjagarn, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins | 0 |
| | 29 | Annars | 30% |
| 55.06 | | **Garn úr baðmull, umbúið til smásölu:** | |
| | 01 | Tvinni | 35% |
| | 09 | Annað | 35% |
| 55.07 | | **Snúðofin efni úr baðmull:** | |
| | 10 | *Óbleikt og ómersað* | 65% |
| | 20 | *Önnur* | 65% |
| 55.08 | | **Handklæðafrottéefni og svipuð frottéefni úr baðmull:** | |
| | 10 | *Óbleikt og ómersað* | 65% |
| | 20 | *Önnur* | 65% |
| 55.09 | | **Annar vefnaður úr baðmull:** | |
| | | *Óbleiktur og ómersaður:* | |
| | 11 | Segl- og presenningsdúkur, sem vegur yfir 500 g hver fermetri | 25% |
| | 12 | Segl- og presenningsdúkur, sem vegur 300—500 g hver fermetri | 35% |
| | 13 | Vefnaður, ólitaður og ómynstraður, eingöngu úr baðmull eða baðmull ásamt öðrum náttúrlegum jurtatrefjum | 40% |
| | 14 | Vefnaður, einlitur og ómynstraður, eingöngu úr baðmull eða baðmull ásamt öðrum náttúrlegum jurtatrefjum | 50% |
| | 19 | Annars | 65% |
| | | *Annar:* | |
| | 21 | Segl- og presenningsdúkur, sem vegur yfir 500 g hver fermetri | 25% |
| | 22 | Segl- og presenningsdúkur, sem vegur 300—500 g hver fermetri | 35% |
| | 23 | Vefnaður, einlitur og ómynstraður, eingöngu úr baðmull eða baðmull ásamt öðrum náttúrlegum jurtatrefjum | 50% |
| | 29 | Annars | 65% |

## 56. kafli.

## Stuttar tilbúnar trefjar.

Athugasemd:

Sem vöndlar (tow) til framleiðslu á stuttum tilbúnum trefjum (nr. 56.02) skoðast einungis vöndlar, sem myndaðir eru úr samhliða þráðum sömu lengdar og vöndullinn, og sem

a. eru yfir 2 m að lengd,
b. eru með færri snúninga en 5 umferðir á hverjum m,
c. eru myndaðir úr þráðum, sem vega minna en 6,6 mg/m (60 denier),
d. eru teygðir svo mikið, að ekki sé hægt að teygja þá til viðbótar meira en svo, að lengd þeirra tvöfaldist (á einungis við um trefjar nefndar í athugasemd 1.a við 51. kafla),
e. eru að þyngd yfir 0,5 g/m (4500 denier), sé um trefjar að ræða, sem nefndar eru í athugasemd 1.b við 51. kafla, en yfir 1,66 g/m (15000 denier), sé um trefjar að ræða, sem nefndar eru í athugasemd 1.a við 51. kafla.

Vöndlar (tow), sem eru ekki yfir 2 m að lengd, teljast til nr. 56.01.

---

| | | | |
|---|---|---|---|
| **56.01** | | **Stuttar tilbúnar trefjar, hvorki kembdar, greiddar né að öðru leyti undirbúnar undir spuna:** | |
| | 10 | *Syntetískar trefjar* | 20% |
| | 20 | *Uppkembdar trefjar* | 20% |
| **56.02** | | **Vöndlar (tow) til framleiðslu á stuttum tilbúnum trefjum:** | |
| | 10 | *Úr syntetískum trefjum* | 20% |
| | 20 | *Úr uppkembdum trefjum* | 20% |
| **56.03** | 00 | **Úrgangur úr stuttum tilbúnum trefjum (þar með talinn garnúrgangur og tættar tuskur), hvorki kembdur, greiddur né að öðru leyti undirbúinn undir spuna** | 20% |
| **56.04** | | **Stuttar tilbúnar trefjar og úrgangur slíkra trefja, kembdar, greiddar eða að öðru leyti undirbúnar undir spuna:** | |
| | 10 | *Syntetískar trefjar* | 20% |
| | 20 | *Uppkembdar trefjar* | 20% |
| **56.05** | | **Garn úr stuttum tilbúnum trefjum eða úrgangi slíkra trefja, ekki umbúið til smásölu:** | |
| | | *Úr stuttum syntetískum trefjum:* | |
| | 11 | Til veiðarfæragerðar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins | 0 |
| | 19 | Annað | 30% |
| | 20 | *Úr stuttum uppkembdum trefjum* | 30% |
| **56.06** | | **Garn úr stuttum tilbúnum trefjum eða úrgangi slíkra trefja, umbúið til smásölu:** | |
| | 10 | *Úr syntetískum trefjum* | 40% |
| | 20 | *Úr uppkembdum trefjum* | 40% |
| **56.07** | | **Vefnaður úr stuttum tilbúnum trefjum eða úrgangi slíkra trefja:** | |
| | | *Úr syntetískum trefjum:* | |
| | 11 | Segl- og presenningsdúkur | 25% |
| | 19 | Annar | 65% |
| | | *Úr uppkembdum trefjum:* | |
| | 21 | Segl- og presenningsdúkur | 25% |
| | 29 | Annar | 65% |

## 57. kafli.

## Önnur spunaefni úr jurtaríkinu; pappírsgarn og vefnaður úr því.

| | | | |
|---|---|---|---|
| **57.01** | 00 | **Hampur (cannabis sativa), óunninn eða tilreiddur, þó ekki spunninn; hampruddi og úrgangur úr hampi (þar með talinn garnúrgangur, tættar tuskur og tættar línur og kaðlar)** | 0 |
| **57.02** | 00 | **Manilahampur (musa textilis), óunninn eða tilreiddur, þó ekki spunninn; ruddi og úrgangur úr manilahampi (þar með talinn garnúrgangur, tættar tuskur og tættar línur og kaðlar)** | 0 |
| **57.03** | 00 | **Júta, óunnin eða tilreidd, þó ekki spunnin; ruddi og úrgangur úr jútu (þar með talinn garnúrgangur, tættar tuskur og tættar línur og kaðlar)** | 0 |
| **57.04** | | **Önnur spunaefni úr jurtaríkinu, óunnin eða tilreidd, þó ekki spunnin; ruddi og úrgangur úr þessum spunaefnum (þar með talinn garnúrgangur, tættar tuskur og tættar línur og kaðlar):** | |
| | 10 | *Trefjar úr sisalhampi og öðrum agavategundum og ruddi og úrgangur úr þeim* | 0 |
| | 20 | *Annað* | 0 |
| **57.05** | | **Garn úr hampi:** | |
| | 01 | Eingirni til veiðarfæragerðar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins | 0 |
| | 02 | Netjagarn, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins | 2% |
| | 09 | Annað | 35% |
| **57.06** | | **Garn úr jútu** | |
| | 01 | Eingirni til veiðarfæragerðar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins | 0 |
| | 09 | Annað | 35% |
| **57.07** | | **Garn úr öðrum spunaefnum úr jurtaríkinu:** | |
| | 01 | Eingirni til veiðarfæragerðar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins | 0 |
| | 02 | Netjagarn, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins | 2% |
| | 09 | Annað | 35% |
| **57.08** | 00 | **Pappírsgarn** | 35% |
| **57.09** | | **Vefnaður úr hampi:** | |
| | 01 | Umbúðastrigi | 2% |
| | 02 | Segl- og presenningsdúkur | 25% |
| | 03 | Vefnaður, einlitur og ómynstraður, eingöngu úr hampi eða hampi ásamt öðrum náttúrlegum jurtatrefjaefnum | 50% |
| | 09 | Annar | 65% |
| **57.10** | | **Vefnaður úr jútu:** | |
| | 01 | Umbúðastrigi | 2% |
| | 02 | Segl- og presenningsdúkur | 25% |
| | 03 | Vefnaður, einlitur og ómynstraður, eingöngu úr jútu eða jútu ásamt öðrum náttúrlegum jurtatrefjum | 50% |
| | 09 | Annar | 65% |
| **57.11** | 00 | **Vefnaður úr öðrum spunaefnum úr jurtaríkinu** | 65% |
| **57.12** | 00 | **Vefnaður úr pappírsgarni** | 65% |

## 58. kafli.

## Gólf- og veggteppi; flauel-, flos- og chenillevefnaður; bönd, leggingar, snúrur; tyll, hnýtt netefni, laufaborðar; knipplingar og útsaumur.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla teljast ekki gegndreypt eða húðuð efni úr spunatrefjum, teygjubönd og önnur teygjanleg efni úr spunatrefjum, drifreimar í færibönd og aðrar vörur, er teljast til 59. kafla. Útsaumur á hvers konar efni úr spunatrefjum telst þó til nr. 58.10.
2. Sem *gólfteppi (þar með taldir gólfdreglar og mottur)* í nr. 58.01 og nr. 58.02 skoðast einnig þær vörur, sem bera með sér einkenni gólfteppa, enda þótt þær séu ætlaðar til annarrar notkunar. Þessi númer taka ekki til flókateppa, sem falla undir 59. kafla.
3. Sem *ofin bönd* (nr. 58.05) skoðast:
   a. Ofin vara, ekki yfir 30 cm á breidd, hvort sem hún er ofin þannig eða skorin úr breiðari stykkjum, með föstum jöðrum (ofnum, límdum eða gerðum á annan hátt) á báðum hliðum.
   b. Saumlausar, rörlaga ofnar vörur, sem flattar út eru ekki meira en 30 cm á breidd.
   c. Skábönd með beygðum faldi, enda sé breiddin ekki meira en 30 cm, þegar faldarnir hafa verið flattir út.

   Bönd með ofnu kögri teljast til nr. 58.07.
4. Til *hnýttra netefna* (nr. 58.08) teljast ekki vörur framleiddar úr seglgarni, línum eða köðlum, en þær vörur teljast til nr. 59.05.
5. Sem *útsaumur* (nr. 58.10) skoðast einnig útsaumur með málmþræði eða glertrefjum á sýnilegum grunni úr spunatrefjum, svo og ásaumur (applíkation) af palljettum, perlum eða skrauti úr spunaefni eða öðru efni. Til nr. 58.10 teljast hins vegar ekki útsaumuð vegg- og gólfteppi (nr. 58.03).
6. Til þessa kafla teljast einnig vörur (bönd, knipplingar o. s. frv.) úr málmþræði, enda sé hægt að nota þær í fatnað, sem húsgagnaáklæði eða til annars þess háttar.

---

| | | | |
|---|---|---|---|
| **58.01** | 00 | **Gólfteppi (þar með taldir gólfdreglar og mottur), hnýtt, einnig fullfrágengin** | 90% |
| **58.02** | 00 | **Önnur gólfteppi (þar með taldir gólfdreglar og mottur), einnig fullgerð, kelím-, sumak-, karamaniteppi og önnur svipuð teppi, einnig fullgerð ...** | 90% |
| **58.03** | 00 | **Handofin veggteppi (góbelín, flandern, ambusson, beauvais og önnur þess konar teppi) og handútsaumuð veggteppi (með góbelínsaumi, krosssaumi o. s. frv.) ....** | 90% |
| **58.04** | | **Flauel-, flos- og chenillevefnaður (þó ekki vörur þær, er teljast til nr. 55.08 og 58.05):** | |
| | | *Úr baðmull:* | |
| | 11 | Molskinn .... | 65% |
| | 19 | Annar .... | 65% |
| | 20 | *Úr silki* .... | 65% |
| | 30 | *Úr ull* .... | 65% |
| | 40 | *Úr syntetískum trefjum* .... | 65% |
| | 50 | *Úr uppkembdum trefjum* .... | 65% |
| | 60 | *Annar* .... | 65% |
| **58.05** | 00 | **Ofin bönd og bönd búin til úr samanlímdu samhliða garni eða trefjum (þó ekki vörur, er teljast til nr. 58.06) ....** | 80% |
| **58.06** | 00 | **Ofnir einkennismiðar, merki og annað þess háttar, ekki útsaumaðir, í metramáli eða klipptir niður í tiltekna lögun og stærð ....** | 80% |
| **58.07** | | **Chenillegarn, yfirspunnið garn (þó ekki garn, er telst til nr. 52.01 og yfir-** | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | **spunnið garn úr hrosshári); fléttur og aðrar hvers konar leggingar og snúrur í metramáli, skúfar með hvers konar lagi og annað þess háttar:** | |
| | 01 | Chenillegarn, yfirspunnið garn (þó ekki garn, er telst til nr. 52.01 og yfirspunnið garn úr hrosshári) .............................. | 50% |
| | 09 | Annað ................................................ | 80% |
| **58.08** | 00 | **Tyll og annað netefni (þó ekki ofið, prjónað eða heklað), ómynstrað ....** | 80% |
| **58.09** | 00 | **Tyll og annað netefni (þó ekki ofið, prjónað eða heklað), mynstrað; hand- og vélgerðir laufaborðar og knipplingar í metramáli, sem ræmur eða mótíf** | 80% |
| **58.10** | 00 | **Útsaumur, sem metravara, ræmur eða mótíf .....................** | 100% |

## 59. kafli.

## Vatt og flóki; seglgarn, línur og kaðlar; gegndreypt og húðuð efni úr spunatrefjum; vörur úr spunatrefjum til tækninotkunar og annarrar sérstakrar notkunar.

Athugasemdir:

1. Með *spunavörum* er í þessum kafla einungis átt við ofin efni, sem teljast til 50.—57. kafla og nr. 58.04 og 58.05, fléttur og aðrar hvers konar leggingar og snúrur sem metravara, er telst til nr. 58.07, tyll og hnýtt netefni, er telst til nr. 58.08 og 58.09, laufaborða og knipplinga, er teljast til nr. 58.09, og prjóna- og heklefni, er telst til nr. 60.01.
2. Til nr. 59.08 og 59.12 teljast ekki efni úr spunatrefjum, ef gegndreypingar- eða húðunarefnið er ekki sýnilegt eða einungis sýnilegt vegna litarbreytingar, er átt hefur sér stað. Til nr. 59.12 teljast enn fremur ekki:
   a. Efni úr spunatrefjum með máluðum mynstrum (nema leiktjöld, bakgrunnur í myndastofur og annað þess háttar).
   b. Efni úr spunatrefjum, sem hafa verið þaktar hnökrum, korkmylsnu eða öðru þess háttar, þannig að fram komi mynstur á efninu.
   c. Efni úr spunatrefjum með steiningu, sem gerð hefur verið að meginstofni úr sterkju.
3. Með *spunavörum gegndreyptum, húðuðum eða límdum saman með gúmmíi* í nr. 59.11 er átt við:
   a. Spunavörur gegndreyptar, húðaðar eða límdar saman með gúmmíi (nema blásnu gúmmíi, frauðgúmmíi eða svampgúmmíi)
      1. að þunga ekki yfir 1½ kg/m², 
      2. að þunga yfir 1½ kg/m², þegar magn spunatrefjanna er yfir 50% af þunga vörunnar.
   b. Efni búin til úr garni úr spunatrefjum, sem lagt er samhliða og límt saman með gúmmíi.
4. Til nr. 59.16 telst ekki:
   a. Drifreimar og færibönd að þykkt minna en 3 mm, sem metravara eða í afskornum stykkjum.
   b. Drifreimar og færi- eða lyftibönd úr spunatrefjum, gegndreypt, húðuð eða límd saman með gúmmíi, einnig drifreimar og færi- eða lyftibönd gerð úr garni, sem hefur verið gegndreypt eða húðað með gúmmíi (nr. 40.10).
5. Til nr. 59.17 teljast eftirgreindar vörur, sem ekki falla undir neinn annan lið í XI. flokki:
   a. Neðangreindar vörur úr spunatrefjum (nema þær vörur, sem eðli sínu samkvæmt teljast til nr. 59.14—59.16):
      1. Efni úr spunatrefjum, flóki og ofið efni þakið flóka, húðað, þakið eða límt

saman með gúmmíi, leðri eða öðru slíku efni, sem algengt er að nota á kamba, svo sem önnur sams konar efni algeng til notkunar í vélum og verksmiðjum.

2. Kvarnagrisja.
3. Límdúkur og annað þess konar grófofið efni, sem algengt er að nota í olíupressur og til annarrar svipaðrar notkunar, úr spunatrefjum eða mannshári.
4. Efni úr spunatrefjum (flókuð eða óflókuð, einnig þótt þau hafi verið gegndreypt eða húðuð) eins og þau, sem algengt er að hafa við pappírsgerð og til annarra tækninota, enda séu þau
   a. rörlaga eða endalaus og ein- eða tvíofin,
   b. í flötum stykkjum og ofin með tvöfaldri eða margfaldri uppistöðu og/eða ívafi.
5. Efni úr spunatrefjum, styrkt með málmi, til tækninota.
6. Efni framleitt úr garni, er telst til nr. 52.01, þeirrar tegundar, sem algengt er að hafa við pappírsgerð og til annarra tækninota.
7. Véla- og pípuþéttingar úr snúrum, böndum og öðru þess háttar, einnig húðaðar, gegndreyptar eða styrktar með málmi.

b. Spunavörur almennt notaðar til véla eða í verksmiðjum (nema vörur, er teljast til nr. 59.14—59.16), t. d. þéttingar, spenniskífur, fágunarskífur og aðrir vélahlutar.

---

| | | | |
|---|---|---|---|
| 59.01 | | **Vatt og vörur úr því; fis, ló og hnútar úr spunatrefjum:** | |
| | 01 | Dömubindi úr vatti | 35% |
| | 09 | Annað | 35% |
| 59.02 | | **Flóki og vörur úr honum, einnig gegndreypt eða húðað:** | |
| | 01 | Flóki | 35% |
| | 09 | Vörur úr flóka, ót. a. | 50% |
| 59.03 | 00 | **Trefjadúkur og vörur úr honum, einnig gegndreyptur eða húðaður** | 65% |
| 59.04 | | **Seglgarn, línur og kaðlar, einnig fléttað:** | |
| | 01 | Færi og línur til fiskveiða | 4% |
| | 02 | Kaðlar | 4% |
| | 03 | Öngultaumar | 4% |
| | 04 | Seglgarn | 35% |
| | 09 | Annað | 35% |
| 59.05 | | **Hnýtt net úr seglgarni, línu eða kaðli, einnig í tilskornum stykkjum eða fullgerð; tilbúin fiskinet úr seglgarni, línu eða kaðli:** | |
| | 01 | Fiskinet og fiskinetjaslöngur úr gerviefnum | 4% |
| | 02 | Fiskinet og fiskinetjaslöngur úr öðrum efnum en gerviefnum | 4% |
| | 09 | Önnur net | 100% |
| 59.06 | | **Aðrar vörur úr garni, seglgarni, línu eða kaðli, þó ekki spunavörur eða vörur úr þeim:** | |
| | 01 | Spyrðubönd | 10% |
| | 02 | Skóreimar | 40% |
| | 09 | Annars | 35% |
| 59.07 | | **Spunavörur þaktar gúmmílími, sterkjuklístri eða öðru þess háttar, til bókbands, framleiðslu á hylkjum o. þ. h.; afritaléreft (kalkerléreft), listmálunarléreft, stífléreft (buckram) og annar vefnaður til hattagerðar eða svipaðra nota:** | |
| | 01 | Bókbandsléreft, listmálunarléreft, skóstrigi og aðrar þess háttar vörur til skógerðar, þakið gúmmílími, sterkjuklístri og þess háttar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins | 35% |
| | 09 | Annað | 65% |
| 59.08 | | **Spunavörur, gegndreyptar eða þaktar sellulósaderivötum eða öðru plasti:** | |
| | 01 | Presenningsdúkur | 25% |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | 02 | Bókbandsléreft, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins | 35% |
| | 03 | Límbönd til einangrunar eða umbúða | 35% |
| | 09 | Aðrar | 65% |
| **59.09** | | **Spunavörur, gegndreyptar eða þaktar olíu eða öðru efni að meginstofni úr olíu:** | |
| | 01 | Presenningsdúkur | 25% |
| | 09 | Aðrar | 65% |
| **59.10** | 00 | **Línóleum og efni framleitt með undirlagi úr spunaefnum á svipaðan hátt og línóleum, tilskorin eða ótilskorin eða þeirrar tegundar, sem venjulega er notuð sem gólfdúkur; gólfdúkur framleiddur með undirlagi úr spunaefnum, sem þakið er öðrum efnum, einnig tilsniðinn** | 35% |
| **59.11** | | **Spunavörur (þó ekki prjónaðar eða heklaðar), gegndreyptar, húðaðar eða límdar saman með gúmmíi:** | |
| | 01 | Presenningsdúkur | 25% |
| | 02 | Sjúkradúkur | 35% |
| | 03 | Vörur til skógerðar, sem bera það með sér, að þær séu sérstaklega unnar til þess | 35% |
| | 09 | Aðrar | 65% |
| **59.12** | | **Spunavörur, gegndreyptar eða húðaðar á annan hátt; máluð leiktjöld, málaður bakgrunnur í myndastofur og annað þess háttar:** | |
| | 01 | Presenningsdúkur | 25% |
| | 02 | Lóðabelgir | 4% |
| | 09 | Annað | 65% |
| **59.13** | 00 | **Teygjanleg efni (þó ekki prjónuð eða hekluð), gerð úr spunatrefjum í sambandi við gúmmíþræði** | 65% |
| **59.14** | 00 | **Kveikir úr spunatrefjum, ofnir, fléttaðir eða prjónaðir, í lampa, ofna, kveikjara, kerti og annað þess háttar; glóðarnetefni hringprjónað og hringlaga glóðarsokkar** | 35% |
| **59.15** | | **Vatnsslöngur og aðrar svipaðar slöngur úr spunatrefjum, einnig þótt þær séu styrktar með málmi eða öðru efni:** | |
| | 01 | Brunaslöngur | 30% |
| | 09 | Aðrar | 50% |
| **59.16** | 00 | **Drifreimar og færi- eða lyftibönd úr spunatrefjum, einnig þótt þau séu styrkt með málmi eða öðru efni** | 35% |
| **59.17** | 00 | **Spunaefni og vörur úr spunatrefjum almennt notaðar til véla eða í verksmiðjum** | 35% |

## 60. kafli.
## Prjóna- og heklvörur.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Heklaðir laufaborðar og knipplingar, er teljast til nr. 58.09.
   b. Prjóna- og heklvörur, er teljast til 59. kafla.
   c. Lífstykki, mjaðmabelti, brjóstahaldarar, axlabönd, sokkabandabelti, sokkabönd og annað þess háttar (nr. 61.09).
   d. Notaður fatnaður og aðrar vörur, er teljast til nr. 63.01.
   e. Sjúkravörur, t. d. sjúkrabelti, kviðslitsbindi og annað þess háttar, er telst til nr. 90.19.
2. Til nr. 60.02—60.06 teljast:
   a. Vörur, sem þar er lýst (fullgerðar eða ófullgerðar, heilar eða ekki) eða hlutar af þeim, prjónað eða heklað í heilu lagi eða gert úr prjónuðu eða hekluðu efni.

b. Prjónað eða heklað efni, sniðið til að búa til úr því vörur þær, sem nefndar eru í a hér fyrir ofan.

3. Sem teygjanlegar prjónavörur (nr. 60.06) skoðast ekki vörur, sem einungis eru með gúmmíþræði eða öðru teygjanlegu efni til jaðranna, til uppihalds eða þess háttar.
4. Þessi kafli tekur einnig til vara, sem gerðar eru úr málmþræði og nota má til fatnaðar, sem húsgagnaáklæði eða til annars þess konar.
5. Í þessum kafla telst sú vara vera
   a. *teygjanleg,* sem gerð er úr spunaefnum í sambandi við gúmmíþráð,
   b. *gúmmíborin,* sem er gegndreypt, húðuð eða þakin með gúmmíi eða gerð úr spunaþráðum, húðuðum eða gegndreyptum með gúmmíi.

---

| | | | |
|---|---|---|---|
| **60.01** | | **Prjónavoð og heklvoð, ekki teygjanleg eða gúmmíborin:** | |
| | 01 | Úr silki eða gerviþráðum | 65% |
| | 02 | Úr ull | 65% |
| | 03 | Úr baðmull | 65% |
| | 09 | Önnur | 65% |
| **60.02** | | **Hanzkar, vettlingar og belgvettlingar, prjónaðir eða heklaðir, ekki teygjanlegir eða gúmmíbornir:** | |
| | 01 | Hanzkar og vettlingar úr ull | 90% |
| | 02 | Hanzkar og vettlingar úr baðmull | 90% |
| | 09 | Aðrir | 90% |
| **60.03** | | **Sokkar, leistar, sokkahlífar og annað þess háttar, prjónað eða heklað, ekki teygjanlegt eða gúmmíborið:** | |
| | 01 | Heilsokkar kvenna úr silki eða gerviþráðum | 50% |
| | 02 | Sokkar (þó ekki heilsokkar kvenna), leistar, sokkahlífar og annað þess háttar úr silki eða gerviþráðum | 90% |
| | 03 | Sokkar, leistar, sokkahlífar og annað þess háttar úr ull | 90% |
| | 04 | Sokkar, leistar, sokkahlífar og annað þess háttar eingöngu úr baðmull | 70% |
| | 09 | Annað | 90% |
| **60.04** | | **Nærfatnaður prjónaður, ekki teygjanlegur eða gúmmíborinn:** | |
| | 01 | Manchetteskyrtur og aðrar milliskyrtur úr prjónavoð | 90% |
| | 02 | Úr baðmull eingöngu | 70% |
| | 03 | Úr ull | 90% |
| | 04 | Úr silki eða gerviþráðum | 90% |
| | 09 | Annar | 90% |
| **60.05** | 00 | **Ytri fatnaður og aðrar vörur prjónaðar eða heklaðar, ekki teygjanlegar eða gúmmíbornar** | 90% |
| **60.06** | | **Prjóna- og heklvoð og prjónaðar og heklaðar vörur, teygjanlegar eða gúmmíbornar (þar með taldir teygjanlegir sokkar og teygjanlegar hnéhlífar):** | |
| | 01 | Sjúkrasokkar prjónaðir og aðrar prjónaðar sjúkravörur | 35% |
| | 09 | Annað | 65% |

## 61. kafli.

## Fatnaður úr spunavörum og annað, er honum heyrir til.

Athugasemdir:

1. Númer í þessum kafla taka því aðeins til vöru, sem þar er lýst, að hún sé gerð úr efnum úr einhverjum spunatrefjum (þar með talið flóki, trefjadúkur, fléttur og legg-ingar í nr. 58.07, tyll og hnýtt netefni og borðar) eða úr efni úr málmþræði. Til kaflans teljast ekki prjónavörur, þegar undan eru skildar prjónavörur þær, er teljast til nr. 61.09.

2. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Notaður fatnaður og aðrar vörur, er teljast til nr. 63.01.
   b. Sjúkravörur, t. d. sjúkrabelti, kviðslitsbindi og annað þess háttar, er telst til nr. 90.19.
3. Að því er tekur til nr. 61.01—61.04 gildir eftirfarandi:
   a. Fatnaður, sem ber hvorki greinilega með sér, að hann sé ætlaður karlmönnum eða drengjum né kvenmönnum eða telpum, skoðast fatnaður handa kvenmönnum og telpum og telst eftir atvikum til nr. 61.02 eða 61.04.
   b. Sem *fatnaður smábarna* skoðast:
      1. Fatnaður handa ungbörnum, sem ber það ekki með sér, hvort hann sé ætlaður einungis drengjum eða einungis telpum.
      2. Bleiur.
4. *Klútar* og aðrar þess konar vörur ferhyrndar í laginu eða því sem næst teljast til vasaklúta (nr. 61.05), þegar lengd engrar hliðarinnar fer fram yfir 60 cm. Klútar teljast til nr. 61.06, þegar lengd einhverrar hliðarinnar fer fram yfir 60 cm.
5. Númer í þessum kafla taka einnig til ófullgerðra og ekki heilla (incomplete) hluta þeirrar vöru, sem í honum er nefnd, svo og til sniðinna eða afmátaðra efna úr spunatrefjum til framleiðslu á slíkum vörum, þar með talið prjón- eða heklvarningur til framleiðslu á vörum, sem taldar eru í nr. 61.09.

---

| | | | |
|---|---|---|---|
| **61.01** | 00 | **Ytri fatnaður handa karlmönnum og drengjum** | 90% |
| **61.02** | 00 | **Ytri fatnaður handa kvenmönnum, telpum og smábörnum** | 90% |
| **61.03** | | **Nærfatnaður handa karlmönnum og drengjum (þar með taldir flibbar, skyrtur og ermalín):** | |
| | 01 | Manchetteskyrtur og aðrar milliskyrtur úr vefnaði | 90% |
| | 02 | Nærfatnaður karlmanna og drengja úr vefnaði eingöngu úr baðmull | 70% |
| | 09 | Annar | 90% |
| **61.04** | | **Nærfatnaður handa kvenmönnum, telpum og smábörnum:** | |
| | 01 | Úr vefnaði eingöngu úr baðmull | 70% |
| | 09 | Annar | 90% |
| **61.05** | 00 | **Vasaklútar** | 100% |
| **61.06** | 00 | **Sjöl, klútar, möttlar, slör og annað þess háttar** | 100% |
| **61.07** | 00 | **Slaufur, slipsi og hálsbindi** | 100% |
| **61.08** | 00 | **Kragar, ermalín, uppslög, blússur, vesti, hálsfellingarlín og annað þess háttar, er heyrir klæðnaði kvenna og telpna til** | 100% |
| **61.09** | 00 | **Lífstykki, mjaðmabelti, brjóstahaldarar, axlabönd, sokkabönd og annað þess háttar (einnig þótt vörurnar séu prjónaðar eða heklaðar), einnig teygjanlegt** | 100% |
| **61.10** | 00 | **Hanzkar, vettlingar, belgvettlingar, sokkar og leistar, ekki prjónaðir eða heklaðir** | 90% |
| **61.11** | 00 | **Tilbúnir hlutar til fatnaðar (t. d. axlapúðar, belti, ermahlífar og vasar)** | 90% |

## 62. kafli.

## Aðrar tilbúnar vörur úr spunaefni.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla teljast einungis tilbúnar vörur gerðar úr spunaefni öðru en flóka, trefjadúk og prjóna- og heklvoð.
2. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Vörur, er teljast til 58., 59. og 61. kafla.
   b. Notaður fatnaður og aðrar vörur, er teljast til nr. 63.01.

---

| | | | |
|---|---|---|---|
| **62.01** | | **Ferðaábreiður og önnur svipuð teppi:** | |
| | 10 | *Úr ull* | 100% |
| | 20 | *Úr baðmull* | 100% |
| | 30 | *Aðrar* | 100% |
| **62.02** | 00 | **Sængurlín, borðlín, handklæði, þvottaklútar og þurrkur; gluggatjöld og aðrar spunavörur í íbúðir manna** | 100% |
| **62.03** | | **Sekkir og pokar til umbúða:** | |
| | 01 | Kjötpokar úr spunaefnum | 2% |
| | 02 | Sekkir og pokar úr jútu | 2% |
| | 09 | Aðrir | 2% |
| **62.04** | | **Ábreiður, segl, sóltjöld, utanhússgluggatjöld, tjöld og viðleguútbúnaður:** | |
| | 01 | Presenningar og segl | 30% |
| | 02 | Tjöld | 100% |
| | 09 | Annað | 100% |
| **62.05** | | **Aðrar tilbúnar spunavörur (þar með talin snið):** | |
| | 01 | Skóreimar | 40% |
| | 09 | Annars | 100% |

## 63. kafli.

## Notaður fatnaður og aðrar notaðar spunavörur; tuskur.

| | | | |
|---|---|---|---|
| **63.01** | 00 | **Fatnaður og hlutir, er honum heyra til, ferðaábreiður og önnur svipuð teppi, búshlutir (þó ekki vörur, er teljast til nr. 58.01-58.03) úr spunatrefjum, einnig skófatnaður og höfuðfatnaður úr hvers konar efni, enda beri vörur þessar allar það greinilega með sér, að þær séu slitnar af notkun og þær séu án umbúða eða í böllum, sekkjum eða öðrum svipuðum umbúðum** | 90% |
| **63.02** | 00 | **Notaðar og nýjar tuskur, úrgangur og slitnar vörur úr seglgarni, línu eða kaðli** | 35% |

# XII. flokkur.

# Skófatnaður, höfuðfatnaður, regnhlífar og sólhlífar, svipur og keyri og hlutar til þeirra; unnar fjaðrir og vörur úr þeim; tilbúin blóm; vörur úr mannshári; blævængir.

## 64. kafli.

## Skófatnaður, legghlífar o. þ. h., og hlutar af þessum vörum.

Athugasemdir:

1. Til kaflans telst ekki:
   a. Skófatnaður án viðfests sóla, prjónaður eða heklaður (nr. 60.03), eða úr annarri spunavöru (nema úr flóka) (nr. 62.05).
   b. Notaður skófatnaður, sem telst til nr. 63.01.
   c. Skófatnaður, legghlífar o. þ. h. úr asbesti (nr. 68.13).
   d. Skófatnaður fyrir fatlaða og aðrar vörur fyrir fatlaða og hlutar af þeim (nr. 90.19).

e. Leikföng og skautaskór með viðfestum skautum (97. kafli).
2. Sem *hlutar* í nr. 64.05 og 64.06 teljast ekki skónaglar, iljárn, reimahringir, skókrókar, spennur, skóskraut, borðar, reimar, skúfar og annað skraut, sem flokkast í viðeigandi númer eftir eðli sínu og efni. Þá teljast ekki til kaflans hnappar og aðrar vörur í nr. 98.01.
3. Sem *gúmmí og plast* í nr. 64.01 teljast einnig hvers konar spunaefni, sem eru borin eða yfirdregin á ytra borði með öðru hvoru þessara efna eða báðum.

---

| | | | |
|---|---|---|---|
| **64.01** | | **Skófatnaður með ytri sóla og yfirhluta úr gúmmíi eða plasti:** | |
| | 01 | Sjóstígvél og hliðstæð vaðstígvél, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins | 25% |
| | 09 | Annar | 50% |
| **64.02** | | **Skófatnaður með ytri sóla úr leðri eða leðurlíkisdúk, skófatnaður (þó ekki skófatnaður, sem telst til nr. 64.01) með ytri sóla úr gúmmíi eða plasti:** | |
| | 01 | Kvenskór og barnaskór, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins | 80% |
| | 02 | Hællausir strigaskór, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins | 50% |
| | 09 | Annar | 100% |
| **64.03** | 00 | **Skófatnaður með ytri sóla úr trjáviði eða korki** | 80% |
| **64.04** | 00 | **Skófatnaður með ytri sóla úr öðrum efnum** | 100% |
| **64.05** | | **Hlutar af skófatnaði (þar með yfirhlutar, innri sólar og hælar til áskrúfunar) úr öðrum efnum en málmi:** | |
| | 01 | Yfirhlutar, þó ekki hælkappar og tákappar | 80% |
| | 09 | Aðrir | 30% |
| **64.06** | 00 | **Legghlífar, vefjur, öklahlífar, kricketþófar, hnéhlífar og aðrar þess konar vörur, einnig hlutar af þeim** | 100% |

## 65. kafli.

## Höfuðfatnaður og hlutar til hans.

Athugasemdir:
1. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Notaður höfuðfatnaður, sem telst til nr. 63.01.
   b. Hárnet úr mannshári (nr. 67.04).
   c. Höfuðfatnaður úr asbesti (nr. 68.13).
   d. Brúðuhattar og aðrir leikfangahattar, svo og pappírshattar, pappírshúfur og annar þess háttar höfuðfatnaður til notkunar á grímudansleikjum o. þ. h. (97. kafli).
2. Til nr. 65.02 telst ekki saumað hattaefni, nema það sé saumað saman í sívafning úr samfléttingum, böndum eða ræmum.

---

| | | | |
|---|---|---|---|
| **65.01** | 00 | **Þrykkt hattaefni úr flóka, hvorki formpressuð né með tillöguðum börðum; slétt eða sívöl hattaefni úr flóka** | 70% |
| **65.02** | 00 | **Þrykkt hattaefni, fléttuð eða gerð úr samfléttingum, úr hvaða efni sem er, hvorki formpressuð né með tillöguðum börðum** | 70% |
| **65.03** | 00 | **Hattar og annar höfuðfatnaður úr flóka, gert úr hattaefni af því tagi, sem telst til nr. 65.01, einnig fóðrað og/eða bryddað** | 90% |
| **65.04** | 00 | **Hattar og annar höfuðfatnaður, fléttað eða gert úr samfléttingum, böndum eða ræmum, úr hvaða efni sem er, einnig fóðrað og/eða bryddað** | 90% |
| **65.05** | 00 | **Hattar og annar höfuðfatnaður (þar með talin hárnet) úr prjóna- eða** | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | **heklvoð eða úr laufaborðum, knipplingum, flóka eða öðrum spunaefnum (þó ekki úr samfléttingum, böndum eða ræmum), einnig fóðrað og/eða bryddað** ........ | 100% |
| **65.06** | | **Annar höfuðfatnaður, einnig bryddaður eða fóðraður:** | |
| | 01 | Hlífðarhjálmar ........ | 35% |
| | 09 | Annars ........ | 100% |
| **65.07** | 00 | **Svitagjarðir, fóður, hlífar, form, grindur (þar með taldar fjaðragrindur fyrir sambrotshatta), skyggni og hökubönd, fyrir höfuðfatnað** ........ | 70% |

## 66. kafli.

## Regnhlífar, sólhlífar, göngustafir, svipur og keyri og hlutar til þessara vara.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Göngustafir o. þ. h. með mælikvarða (nr. 90.16).
   b. Göngustafir með skotvopni, korða, inngreyptu blýi o. þ. h. (93. kafli).
   c. Leikfangsregnhlífar og aðrar vörur, er teljast til 97. kafla.
2. Nr. 66.03 tekur ekki til útbúnaðar og hluta úr spunaefnum og ekki heldur til hlífa, skúfa, óla, hylkja o. þ. h. úr hvaða efni sem er. Þessir hlutar, sem fluttir eru inn með, en ekki settir í vörur þær, sem teljast nr. 66.01 og 66.02, flokkast hver fyrir sig eftir gerð sinni.

---

| | | | |
|---|---|---|---|
| **66.01** | 00 | **Regnhlífar og sólhlífar (þar með taldar göngustafsregnhlífar, regnhlífatjöld, garðsólhlífar o. þ. h.)** ........ | 125% |
| **66.02** | 00 | **Göngustafir (þar með taldir klifurstafir og setustafir) og keyri, svipur o. þ. h.** ........ | 125% |
| **66.03** | 00 | **Hlutar og útbúnaður til og fylgihlutir með þeim vörum, er teljast til nr. 66.01 og 66.02, ót. a.** ........ | 100% |

## 67. kafli.

## Unnar fjaðrir og dúnn og vörur úr fjöðrum og dún; tilbúin blóm; vörur úr mannshári; blævængir.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Síudúkur úr mannshári (nr. 59.17).
   b. Blómamyndir úr knipplingum, laufaborðum, útsaumi eða annarri spunavöru (XI. flokkur).
   c. Skófatnaður og skófatnaðarhlutar (64. kafli).
   d. Höfuðfatnaður og höfuðfatahlutar (65. kafli).
   e. Fiðursópar (nr. 96.04), duftpúðar (nr. 96.05) og sáld úr mannshári (nr. 96.06).
   f. Leikföng, íþróttavörur og dansleikjaglysvarningur (97. kafli).
2. Til nr. 67.01 telst ekki:
   a. Vörur, þar sem fjaðrir eða dúnn eru aðeins til fyllingar eða bólstrunar (t. d. sængurfatnaður).
   b. Klæðnaður og tilheyrandi, þar sem fjaðrir eða dúnn eru aðeins sem legging eða stopp.

c. Tilbúin blóm og blöð og hlutar af þeim, svo og aðrar vörur, sem teljast til nr. 67.02.
d. Blævængir (nr. 67.05).

3. Nr. 67.02 tekur ekki til:
a. Glervarnings (70. kafli).
b. Gerviblóma, blaða og ávaxta úr leir, steini, málmi, trjáviði eða öðru efni, enda sé hvert stykki út af fyrir sig steypt, smíðað, skorið út, pressað eða unnið á annan hátt, eða það gert úr fleiri hlutum, sem eru tengdir saman á annan hátt en að binda þá saman, líma þá saman eða tengja þá saman með áþekkum hætti.

---

| | | | |
|---|---|---|---|
| **67.01** | 00 | **Hamir og aðrir hlutar af fuglum með tilheyrandi fjöðrum og dún; fjaðrir, fjaðrahlutar, dúnn og vörur úr þessum efnum (þó ekki vörur, sem teljast til nr. 05.07, og unnir fjaðrastafir og fjaðrahryggir)** ................ | 125% |
| **67.02** | 00 | **Tilbúin blóm, blöð og ávextir, svo og hlutar af þeim; vörur úr tilbúnum blómum, blöðum og ávöxtum** ........................................ | 125% |
| **67.03** | 00 | **Mannshár greitt, þynnt, bleikt eða unnið á annan hátt; ull og annað dýrahár, unnið til hárkollugerðar o. þ. h.** ................................ | 100% |
| **67.04** | 00 | **Hárkollur, gerviskegg, hárlokkar, fléttur o. þ. h. úr manns- eða dýrahári eða úr spunaefni; hárnet og aðrar vörur úr mannshári** ............... | 100% |
| **67.05** | 00 | **Blævængir, ekki mekanískir, úr hvaða efni sem er; grindur og handarhöld á blævængi og hlutar til slíkra grinda og handarhalda, úr hvaða efni sem er** .............................................. | 125% |

# XIII. flokkur.

# Vörur úr steini, gipsi, sementi, asbesti, gljásteini og öðrum slíkum efnum; leirvörur; gler og glervörur.

## 68. kafli.

## Vörur úr steini, gipsi, sementi, asbesti, gljásteini og öðrum áþekkum efnum.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
a. Jarðefni, er teljast til 25. kafla.
b. Húðaður eða gegndreyptur pappír og pappi, sem telst til nr. 48.07 (t. d. pappír og pappi húðaður með gljásteinsdufti eða grafíti, tjöru- eða asfaltborinn pappír og pappi).
c. Húðaður eða gegndreyptur vefnaður, sem telst til 59. kafla (t. d. gljásteinshúðaður, tjöru- eða asfaltborinn vefnaður).
d. Eðalsteinar og hálfeðalsteinar og vörur úr þeim, sem teljast til 71. kafla.
e. Verkfæri og verkfærahlutar, er teljast til 82. kafla.
f. Lítógrafsteinar, er teljast til nr. 84.34.
g. Rafmagnseinangrarar (nr. 85.25) eða einangrunarhlutar, sem teljast til nr. 85.26.
h. Slípisteinn fyrir tannlækna (nr. 90.17).
ij. Vörur, er teljast til 91. kafla (t. d. klukkur og klukkukassar).
k. Vörur, er teljast til nr. 95.07.
l. Leikföng, leiktæki, íþróttavörur og aðrar vörur, er teljast til 97. kafla.

m. Hnappar (nr. 98.01), grifflar (nr. 98.05) og skrifspjöld (nr. 98.06).
n. Listaverk, safnmunir og forngripir, er teljast til 99. kafla.

2. Orðin *unnir minnismerkja- og byggingasteinar* taka ekki aðeins til þeirra steintegunda, sem taldar eru í nr. 25.15 og 25.16, heldur einnig til allra annarra náttúrlegra steintegunda (t. d. kvarzíts, tinnu, dólómits og steatits), sem unnar eru á sama hátt. Þetta tekur þó ekki til flögusteins.

---

| | | | |
|---|---|---|---|
| **68.01** | 00 | **Gatna-, kant- og gangstéttarsteinar úr náttúrlegum steintegundum (flögusteinn undanskilinn)** ........ | 35% |
| **68.02** | 00 | **Unnir minnismerkja- og byggingarsteinar og vörur úr þessum steinum (þar með taldir mósaíkteningar), þó ekki vörur, sem teljast til nr. 68.01 og til 69. kafla** ........ | 50% |
| **68.03** | 00 | **Unninn flögusteinn og vörur úr flögusteini, þar með taldar vörur úr samanlímdum flögusteini** ........ | 35% |
| **68.04** | 00 | **Kvarnasteinar, hverfisteinar, slípihjól o. þ. h. (þar með talin speldi, hnúðar, skífur og oddar til mölunar, slípunar, fágunar, réttingar og skurðar) úr náttúrlegum steintegundum (einnig samanlímt), úr samanlímdum eða tilbúnum slípiefnum og úr leir, einnig með skafti, öxli og öðru þess háttar úr öðrum efnum, en þó ekki sett á grind; sneiðar og aðrir fullunnir hlutar af slíkum steinum og hjólum úr náttúrlegum steintegundum (einnig samanlímdum), úr samanlímdum náttúrlegum eða tilbúnum slípiefnum eða úr leir** | 50% |
| **68.05** | 00 | **Brýni og annar handfægi- og slípisteinn, olíusteinn, hein o. þ. h. úr náttúrlegum steintegundum, úr samanlímdum náttúrlegum og tilbúnum slípiefnum eða úr leir** ........ | 50% |
| **68.06** | 00 | **Náttúrlegt og tilbúið slípiefni sem duft eða korn, fest á vefnað, pappír, pappa eða annað efni, einnig skorið til, saumað saman og fest saman á annan hátt** ........ | 50% |
| **68.07** | 00 | **Gjallull, steinull og önnur þess háttar ull úr jarðefnum; blásið vermiculit, blásinn leir, frauðað gjall og önnur blásin jarðefni; blöndur og vörur úr hita- og hljóðeinangrandi jarðefnum (þó ekki vörur, sem teljast til nr. 68.12, 68.13 og til 69. kafla)** ........ | 35% |
| **68.08** | 00 | **Vörur úr asfalti eða öðru áþekku efni (t. d. jarðolíubiki eða koltjörubiki)** | 35% |
| **68.09** | 00 | **Plötur, flísar, hellur og þess háttar vörur úr jurtatrefjum, viðartrefjum, strái, viðarspónum eða viðarúrgangi (þar með talið sag), límt saman með sementi, gipsi eða öðru bindiefni úr steinaríkinu** ........ | 35% |
| **68.10** | | **Vörur úr gipsi eða gipsblöndum:** | |
| | 01 | Til bygginga, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins ........ | 35% |
| | 09 | Aðrar ........ | 80% |
| **68.11** | | **Vörur úr sementi (þar með talið gjallsement), úr steinsteypu eða tilbúnum steini (þar með talinn malaður marmari bundinn saman með sementi), einnig styrkt:** | |
| | 01 | Til bygginga, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins ........ | 35% |
| | 09 | Aðrar ........ | 80% |
| **68.12** | | **Vörur úr asbestsementi, úr sellulósasementi o. þ. h.:** | |
| | 01 | Til bygginga, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins ........ | 35% |
| | 09 | Aðrar ........ | 80% |
| **68.13** | | **Unnið asbest og vörur úr því (t. d. asbestplötur, asbestþráður og asbestspunavara, asbestfatnaður, asbestvélaþéttingar), einnig styrkt, þó ekki** | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | **vörur, sem teljast til nr. 68.14; blöndur að meginstofni úr asbesti eða asbesti og magnesíumkarbónati, og vörur úr þessum blöndum:** | |
| | 01 | Vélaþéttingar úr asbesti, asbestblöndum o. þ. h. | 35% |
| | 09 | Annað | 35% |
| **68.14** | 00 | **Núningsmótstöðuefni (sneiðar, skífur, hringar, bönd, plötur, rúllur o. fl.) í hemla, tengsli o. þ. h., unnið að meginstofni úr asbesti, öðrum jarðefnum eða sellulósa, einnig í sambandi við spunaefni eða önnur efni** | 35% |
| **68.15** | 00 | **Unninn gljásteinn og vörur úr gljásteini, þar með talin gljásteinsblöð fest á pappír eða spunaefni (t. d. míkanít og gljásteinsþynnur)** | 40% |
| **68.16** | | **Vörur úr steini eða jarðefnum (þar með taldar vörur úr mó), ót. a.:** | |
| | 01 | Búsáhöld | 100% |
| | 02 | Vörur til bygginga, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins | 35% |
| | 09 | Aðrar | 80% |

## 69. kafli.
## Leirvörur.

Athugasemdir:

1. Kafli þessi tekur aðeins til leirvara, sem hafa verið brenndar eftir mótun. Slíkar vörur teljast til nr. 69.04—69.14, en til þessara númera teljast hvorki hitaeinangrandi vörur né eldfastar vörur.
2. Til þessa kafla teljast ekki:
   a. Vörur, er teljast til 71. kafla (t. d. skraut- og glysvarningur).
   b. Vörur úr ódýrum málmum, sem falla undir nr. 81.04.
   c. Rafmagnseinangrarar (nr. 85.25) og einangrunarhlutar, er teljast til nr. 85.26.
   d. Gervitennur (nr. 90.19).
   e. Vörur, er teljast til 91. kafla (t. d. klukkur og klukkukassar).
   f. Leikföng, leiktæki, íþróttavörur og aðrar vörur, er teljast til 97. kafla.
   g. Reykjapípur, hnappar og aðrar vörur, er teljast til 98. kafla.
   h. Listaverk, safnmunir og forngripir, er teljast til 99. kafla.

---

### I. Hitaeinangrandi og eldfastar vörur.

| | | | |
|---|---|---|---|
| **69.01** | 00 | **Hitaeinangrandi múrsteinn, hellur, flísar og aðrar hitaeinangrandi vörur úr infúsóríujörð, kísilgúr, kísilsalla og öðrum kísilsýruríkum jarðefnum** | 20% |
| **69.02** | 00 | **Eldfastur múrsteinn, hellur, flögur og aðrar áþekkar eldfastar byggingarvörur, þó ekki þær, sem teljast til nr. 69.01** | 20% |
| **69.03** | 00 | **Aðrar eldfastar vörur (svo sem tilraunaker, deiglur, múfflur, stútar, tappar, fótstykki, kælislöngur, lokar, pípur, plötur og stengur), þó ekki þær, sem teljast til nr. 69.01** | 35% |

### II. Aðrar leirvörur.

| | | | |
|---|---|---|---|
| **69.04** | 00 | **Múrsteinn til bygginga (þar með talinn steinn í gólf, undirlagsflögur o. þ. h.)** | 35% |
| **69.05** | 00 | **Þaksteinn, reykháfsrör, reykháfshlífar, reykháfsfóðringar, þakbrúnasteinn og aðrar vörur úr leir til bygginga, einnig til skrauts** | 35% |
| **69.06** | 00 | **Pípur og rennur (þar með talin horn, beygjur o. þ. h. pípuhlutar (fittings))** | 35% |
| **69.07** | 00 | **Steinn og flögur, án glerungs, fyrir gangstíga, gólf, veggi og eldstór** | 35% |
| **69.08** | 00 | **Steinn og flögur, með glerungi, fyrir gangstíga, gólf, veggi og eldstór** | 35% |
| **69.09** | 00 | **Vörur til notkunar í rannsóknarstofum og til kemískra- og tækninota;** | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | ker og þess háttar ílát til notkunar í landbúnaði; pottar, krukkur og aðrar slíkar vörur, sem almennt eru notaðar við flutning eða pökkun á vörum | 35% |
| 69.10 | 00 | Eldhúsvaskar, handlaugar, salernisskálar, þvagskálar, baðker og þess háttar hreinlætistæki | 80% |
| 69.11 | 00 | Borðbúnaður og aðrar vörur almennt notaðar í húshaldi eða til hreinlætis, úr postulíni (þar með talið biscuit og parían) | 100% |
| 69.12 | 00 | Borðbúnaður og aðrar vörur almennt notaðar í húshaldi eða til hreinlætis, úr annars konar leir en postulíni | 100% |
| 69.13 | 00 | Leirstyttur og aðrar vörur til skreytingar, skrauthlutir til persónulegra nota; húsgögn | 125% |
| 69.14 | 00 | Aðrar vörur úr leir, ót. a. | 100% |

## 70. kafli.
## Gler og glervörur.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Leirglerungur (nr. 32.08).
   b. Vörur, er teljast til 71. kafla (t. d. skraut- og glysvarningur).
   c. Rafmagnseinangrarar (nr. 85.25) og einangrunarhlutar, er teljast til nr. 85.26.
   d. Innspýtingarsprautur, gerviaugu, hitamælar, loftvogir, rakamælar og aðrar vörur, er teljast til 90. kafla.
   e. Leikföng, leiktæki, íþróttavörur, jólatrésskraut og aðrar vörur, er teljast til 97. kafla. Gleraugu án hreyfitækja í brúður og í aðrar vörur, sem teljast til 97. kafla, heyra þó þessum kafla til.
   f. Hnappar, hitaflöskur, sprautuílát og aðrar vörur í 98. kafla.
2. Nr. 70.07 tekur einnig til vara, sem eru framleiddar úr gleri því, sem þar er tilgreint, ef vörurnar eru ekki rammaðar inn eða í sambandi við önnur efni.
3. Orðið *gler* í tollskránni tekur einnig til kvarz- og kísilglers.

---

| | | | |
|---|---|---|---|
| 70.01 | 00 | Glerbrot og annar glerúrgangur, glermassi (þó ekki optískt gler) | 35% |
| 70.02 | 00 | Glerungur og smelt í massa, stöngum eða pípum | 35% |
| 70.03 | 00 | Gler í kúlum, stöngum eða pípum (þó ekki optískt gler), óunnið | 35% |
| 70.04 | 00 | Óunnið steypt eða valsað gler (þar með talið gler, sem við framleiðsluna hefur verið yfirlagt öðru gleri eða styrkt með málmþræði), með rétthyrningslögun, einnig mynstrað | 35% |
| 70.05 | 00 | Óunnið teygt eða blásið gler (einnig þakið öðru gleri við framleiðsluna) með rétthyrningslögun | 35% |
| 70.06 | 00 | Steypt, valsað, teygt eða blásið gler (einnig yfirlagt öðru gleri við framleiðslu eða styrkt með málmþræði) með rétthyrningslögun og slípað eða fágað á yfirborði, en ekki frekar unnið | 35% |
| 70.07 | 00 | Steypt, valsað, teygt eða blásið gler (þar með talið gler yfirlagt öðru gleri við framleiðsluna eða styrkt með málmþræði), skorið í aðra lögun en rétthyrnda, beygt eða unnið (t. d. kantslípað eða áletrað), einnig slípað eða fágað; marglaga einangrunargler, blýgreyptar rúður og þess háttar | 50% |
| 70.08 | 00 | Öryggisgler úr hertu eða marglaga gleri, einnig tilskorið eða formað | 50% |
| 70.09 | 00 | Glerspeglar (þar með taldir bifreiðaspeglar), einnig í umgerð eða með baki | 100% |
| 70.10 | | Ámur, flöskur, krukkur, byttur og sívöl ílát, úr gleri, sem algengt er að nota við flutning og pökkun á vörum; tappar og önnur lok úr gleri: | |
| | 01 | Mjólkurflöskur | 20% |
| | 09 | Annað | 60% |
| 70.11 | 00 | Glerkúlur og glerpípur fyrir rafmagnsglólampa, rafeindalampa o. þ. h. | 50% |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 70.12 | 00 | **Glergeymar í hitaflöskur og þess háttar ílát, einnig ófullgerð** | 100% |
| 70.13 | 00 | **Borðbúnaður, húsbúnaður, snyrtiáhöld, hreinlætistæki og skrifstofuáhöld, skrautmunir o. þ. h. úr gleri (þó ekki vörur, sem teljast til nr. 70.19)** | 100% |
| 70.14 | | **Ljósabúnaður úr gleri, endurkastsgler og optískir hlutir úr gleri, en ekki optískt unnið eða úr optísku gleri:** | |
| | 01 | Lampar og lampaskermar | 90% |
| | 09 | Annað | 100% |
| 70.15 | 00 | **Klukku- og úragler og áþekk gler (þar með talin sólbirtugler, en ekki linsulaga til réttingar á sjón), íhvolf, beygð o. þ. h.; holar glerkúlur og kúluhlutar til framleiðslu á klukku- og úrglerjum o. þ. h.** | 50% |
| 70.16 | 00 | **Steinar, flögur, hellur, reitir og aðrar vörur, úr pressuðu eða mótuðu gleri, sem algengt er að nota í byggingariðnaði; frauð- og holgler í hellum, flögum, plötum og með áþekkri lögun** | 35% |
| 70.17 | 00 | **Glervara eingöngu notuð við efnarannsóknir, við hjúkrun og rannsóknir á sjúkum og við lyfjagerð, einnig með rúmmálsmerkjum eða rúmtaksréttingum; glerlyfjahylki** | 35% |
| 70.18 | 00 | **Optísk gler og vörur úr því, þó ekki optískt unnar; efni til framleiðslu á gleraugnalinsum** | 80% |
| 70.19 | 00 | **Glerperlur, eftirlíkingar á perlum, eðalsteinum og hálfeðalsteinum, brot, flísar og aðrir áþekkir smáhlutir úr gleri og vörur úr þeim; glerteningar og smáplötur, einnig með undirlagi, í mósaík eða til svipaðrar skreytingar; gerviaugu, þar með gerviaugu í leikföng, en ekki fyrir menn; skrautmunir og aðrar vörur til skreytingar unnar með glerblásturlampa; glerkorn (ballotini)** | 125% |
| 70.20 | | **Glertrefjar (þar með talin glerull), garn, vefnaður og vörur úr þessum efnum:** | |
| | 10 | *Garn* | 35% |
| | 20 | *Vefnaður* | 65% |
| | 30 | *Annað* | 35% |
| 70.21 | | **Aðrar vörur úr gleri:** | |
| | 01 | Netjakúlur | 2% |
| | 09 | Annars | 90% |

# XIV. flokkur.

# Náttúrlegar perlur, eðalsteinar og hálfeðalsteinar, góðmálmar, góðmálmsplett og vörur úr þessum efnum; glysvarningur (imitation jewellery); mynt.

## 71. kafli.

## Náttúrlegar perlur, eðalsteinar og hálfeðalsteinar, góðmálmar, góðmálmsplett og vörur úr þessum efnum; skraut- og glysvarningur.

Athugasemdir:

1. Leiði ekki annað af athugasemd 1.a við VI. flokk eða af ákvæðunum hér á eftir, teljast til þessa kafla — og aðeins til hans — allar vörur, sem að öllu eða nokkru leyti eru úr:
   a. Náttúrlegum perlum eða eðalsteinum eða hálfeðalsteinum (náttúrlegum, tilbúnum eða endurgerðum).
   b. Góðmálmum eða góðmálmspletti.

2. a. Til nr. 71.12, 71.13 og 71.14 teljast ekki vörur, ef óverulegur hluti þeirra er úr góðmálmi eða góðmálmspletti, svo sem minni háttar útbúnaður eða skreytingar (t. d. stafamerki, leggingar og randskreytingar). Tekur b-liður 1. athugasemdar hér á undan því ekki til slíkra vara.
   b. Nr. 71.15 tekur ekki til vara, sem innihalda góðmálma eða góðmálmsplett, nema slík efni séu aðeins óverulegur hluti viðkomandi vöru.
3. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Amalgöm góðmálma og hlaupkenndir (colloidal) góðmálmar (nr. 28.49).
   b. Dauðhreinsað sárasaumsefni, tannfyllingarefni og aðrar vörur, er teljast til 30. kafla.
   c. Vörur, sem teljast til 32. kafla (t. d. gyllingarvökvar).
   d. Handtöskur og aðrar vörur, er teljast til nr. 42.02 og 42.03.
   e. Vörur, sem falla undir nr. 43.03 og 43.04.
   f. Spunavörur, er teljast til XI. flokks.
   g. Skófatnaður (64. kafli) og höfuðbúnaður (65. kafli).
   h. Regnhlífar, göngustafir og aðrar vörur, er teljast til 66. kafla.
   ij. Blævængir, er teljast til nr. 67.05.
   k. Mynt (72. eða 99. kafli).
   l. Slípivörur þær, er teljast til nr. 68.04—68.06 eða til 82. kafla, og í eru agnir eða duft úr eðalsteinum eða hálfeðalsteinum (náttúrlegum eða tilbúnum); vörur í 82. kafla, sem eru með eðalsteina eða hálfeðalsteina (náttúrlega, tilbúna eða endurgerða) sem virka hluta, enda sé undirstaða steinanna úr óeðlum málmi; vélar, verkfæri og rafmagnsvörur og hlutar til þessara vara, sem teljast til XVI. flokks, nema vörur, sem að öllu leyti eru gerðar úr eðalsteinum eða hálfeðalsteinum (náttúrlegum, tilbúnum eða endurgerðum), en þær teljast til þessa kafla.
   m. Vörur, er teljast til 90., 91. og 92. kafla (vísindatæki, úr, klukkur og hljóðfæri).
   n. Vopn og hlutar til þeirra (93. kafli).
   o. Vörur, sem falla undir 2. athugasemd við 97. kafla.
   p. Vörur, er teljast til 98. kafla, aðrar en þær, sem teljast til nr. 98.01 og 98.12.
   q. Frumverk af högg- og standmyndum (nr. 99.03), safnmunir (nr. 99.05) og forngripir yfir 100 ára gamlir (nr. 99.06), nema náttúrlegar perlur, eðalsteinar og hálfeðalsteinar.
4. a. Orðið *perlur* tekur einnig til ræktaðra perla.
   b. *Góðmálmur* tekur til silfurs, gulls, platínu og annarra platínumálma.
   c. Orðin *aðrir platínumálmar* taka til iridíum, osmíum, palladíum, rhódíum og rúteníum.
5. Málmlegeringar (þar með glæddar blöndur), sem í eru góðmálmar, teljast góðmálmslegeringar í þessum kafla, ef — og því aðeins ef — góðmálmurinn í þeim er 2% eða meira miðað við þunga legeringarinnar. Flokkast slíkar legeringar eins og hér greinir:
   a. Málmlegeringar með 2% eða meira af platínu, miðað við þunga, flokkast eins og platínumálmar.
   b. Málmlegeringar með 2% eða meira af gulli, miðað við þunga, og með enga platínu, flokkast sem gulllegeringar, einnig þótt í þeim sé platína, ef hún vegur minna en 2% miðað við þunga.
   c. Aðrar málmlegeringar í þessum kafla, sem innihalda 2% eða meira af silfri, flokkast sem silfurlegeringar.

   Í þessum tölulið skoðast platínumálmarnir sem einn málmur og með þá farið eins og þeir væru platína.
6. Sé ekki annars getið í athugasemdum þessum eða annars staðar í tollskránni flokkast sem góðmálmar eða nánar tiltekinn góðmálmur góðmálmslegeringar þær, sem samkvæmt 5. athugasemd hér á undan skulu flokkast þannig. Hins vegar tekur heitið góðmálmur hvorki til vara þeirra, sem eru skýrgreindar í 7. athugasemd hér á eftir, né til plettvara eða annarra vara, sem eru húðaðar með góðmálmum.

7. Heitið *góðmálmsplett* (góðmálmsdublé) tekur til málma, sem eru lagðir góðmálmi á einni eða fleiri yfirborðshliðum með lóðningu, logsuðu, heitvölsun eða á annan mekaniskan hátt. Heitið tekur einnig til þess, ef óeðlir málmar eru innlagðir góðmálmum.
8. Með *skrautvörum* í nr. 71.12 er átt við:
   a. Smávarning til persónulegs skrauts (einnig settur eðalsteinum) (svo sem hringar, armbönd, hálsmen, brjóstnælur, eyrnahringir, úrfestar, slifsisnálar, úrkeðjur, eyrnalokkar, ermahnappar, brjósthnappar, krossar eða heiðursmerki og önnur tignarmerki, einnig þau, sem hafa trúarlegt gildi).
   b. Vörur til persónulegra nota, sem algengt er að bera í vösum, handtöskum eða á sér (t. d. vindlingaveski, duftdósir, lyklahylki, tóbaksdósir og pilludósir).
9. Með *gull- og silfursmíðavörum* í nr. 71.13 er átt við t. d. skrautmuni, borðbúnað, snyrtiáhöld, áhöld til reykinga og önnur búsáhöld, skrifstofuáhöld og hluti, sem hafa trúarlegt gildi og annað þess háttar.
10. Með *glysvarningi* (imitation jewellery) í nr. 71.16 er átt við tilsvarandi vörur og tilgreindar eru hér á undan í a-lið 8. athugasemdar (þó ekki hnappa, skyrtu- og ermahnappa eða aðrar vörur, er teljast til nr. 98.01, hárgreiður, hárspennur og þess háttar vörur, er teljast til nr. 98.12), enda sé ekki notað til smíði þeirra náttúrlegar perlur, eðalsteinar eða hálfeðalsteinar (náttúrlegir, tilbúnir eða endurgerðir), góðmálmar eða góðmálmsplett (nema þá sem óverulegur hluti), en eru:
    a. Að öllu eða nokkru leyti úr óeðlum málmum, með eða án góðmálmshúðar.
    b. Gerðar úr tveimur mismunandi efnum (t. d. trjáviði og gleri, beini og rafi, perlumóður og plasti), og er þá ekki tekið tillit til efnis, sem aðeins er til að halda hlutunum saman (t. d. snúra, sem perlur eru festar á).
11. Hylki, dósir og þess háttar, sem flutt er inn með þeim vörum, sem þessi kafli tekur til, flokkast í sama númer og viðkomandi vörur, ef slíkar umbúðir eru ætlaðar þeim og venjulegt er, að umbúðirnar séu seldar með þeim. Hylki, dósir o. þ. h., sem flutt er inn sérstaklega, flokkast eftir efni og gerð.

---

### I. Náttúrlegar perlur, eðalsteinar og hálfeðalsteinar.

| | | | |
|---|---|---|---|
| **71.01** | 00 | **Náttúrlegar perlur, óunnar eða unnar (þar með taldar óflokkaðar perlur aðeins dregnar á þráð vegna flutnings), en ekki uppsettar, inngreyptar eða flokkaðar í festi saman á þráð** | 40% |
| **71.02** | | **Eðalsteinar og hálfeðalsteinar, óunnir, slípaðir eða unnir á annan hátt (þar með taldir óflokkaðir steinar dregnir á þráð aðeins til flutnings), en ekki uppsettir, inngreyptir eða flokkaðir í festi saman á þráð:** | |
| | 10 | *Demantar til iðnaðarnotkunar* | 40% |
| | 20 | *Aðrir demantar en til iðnaðarnotkunar* | 40% |
| | 30 | *Aðrir* | 40% |
| **71.03** | 00 | **Tilbúnir og endurunnir eðalsteinar og hálfeðalsteinar, óunnir, slípaðir eða unnir á annan hátt (þar með taldir óflokkaðir steinar dregnir á þráð aðeins vegna flutnings), en ekki uppsettir, inngreyptir eða flokkaðir í festi saman á þráð** | 40% |
| **71.04** | 00 | **Duft og agnir úr náttúrlegum eða tilbúnum eðalsteinum eða hálfeðalsteinum** | 40% |

### II. Góðmálmar og góðmálmsplett, óunnið eða hálfunnið.

| | | | |
|---|---|---|---|
| **71.05** | 00 | **Silfur, þar með talið silfur með gull- og platínuhúð, óunnið eða hálfunnið** | 40% |
| **71.06** | 00 | **Silfurplett (silfurdublé), óunnið eða hálfunnið** | 40% |
| **71.07** | | **Gull, þar með talið platínuhúðað gull, óunnið eða hálfunnið:** | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | 10 | *Gullstengur* | 40% |
| | 20 | *Annað* | 40% |
| **71.08** | 00 | **Óeðlir málmar og silfur, með gullhúð, óunnið eða hálfunnið** | 40% |
| **71.09** | 00 | **Platína og aðrir platínumálmar, óunnir eða hálfunnir** | 40% |
| **71.10** | 00 | **Óeðlir málmar og góðmálmar, með platínuhúð eða húð af öðrum platínumálmum, óunnið eða hálfunnið** | 40% |
| **71.11** | | **Afklippur, mylsna og annar góðmálmsúrgangur:** | |
| | 10 | *Úr silfri, platínu eða öðrum platínumálmum* | 40% |
| | 20 | *Úr gulli* | 40% |

**III. Skraut- og glysvarningur, gull- og silfursmíðavörur og aðrar vörur.**

| | | | |
|---|---|---|---|
| **71.12** | 00 | **Skrautvörur og hlutar til þeirra, úr góðmálmum eða góðmálmspletti** | 100% |
| **71.13** | | **Gull- og silfursmíðavörur og hlutar til þeirra, úr góðmálmum eða góðmálmspletti, þó ekki vörur þær, sem teljast til nr. 71.12:** | |
| | 01 | Hnífar, skeiðar, gafflar o. þ. h. úr silfri eða silfurpletti | 100% |
| | 09 | Annað | 100% |
| **71.14** | | **Aðrar vörur úr góðmálmi eða góðmálmspletti:** | |
| | 01 | Til tækninota, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins | 35% |
| | 09 | Annars | 100% |
| **71.15** | 00 | **Vörur, sem eru úr eða í eru náttúrlegar perlur, eðalsteinar og hálfeðalsteinar (náttúrlegir, tilbúnir eða endurgerðir)** | 100% |
| **71.16** | 00 | **Annar glysvarningur (imitation jewellery)** | 100% |

## 72. kafli.
## Mynt.

Athugasemd:

Safnmunir (nr. 99.05) teljast ekki til þessa kafla.

| | | | |
|---|---|---|---|
| **72.01** | | **Mynt:** | |
| | 10 | *Óútgefin mynt (önnur en gullpeningar)* | 0 |
| | 20 | *Gullpeningar* | 0 |
| | 30 | *Önnur* | 0 |

# XV. flokkur.
# Ódýrir (óeðlir) málmar og vörur úr þeim.

Athugasemdir:

1. Til þessa flokks telst ekki:
   a. Tilreiddir litir, blek og aðrar vörur, sem hafa málmduft eða málmflögur að grunni og teljast til nr. 32.08, 32.09, 32.10 og 32.13.
   b. Ferró-cerium og aðrar kveikilegeringar (nr. 36.07).
   c. Höfuðfatnaður og höfuðfatahlutar, er teljast til nr. 65.06 og 65.07.
   d. Grindur og hlutar í regnhlífar, sólhlífar, sólskýli, göngustafi og aðrar vörur, er teljast til nr. 66.03.

e. Vörur, er teljast til 71. kafla (t. d. legeringar með góðmálmi, ódýrir málmar þaktir góðmálmshúð og glysvarningur).
f. Vörur, er teljast til XVI. flokks (vélar, verkfæri og rafmagnsvörur).
g. Samsettir járnbrauta- og sporbrautateinar (nr. 86.10) og aðrar vörur, er teljast til XVII. flokks (ökutæki, skip, bátar og flugvélar).
h. Tæki, áhöld og aðrar vörur úr ódýrum málmum, er teljast til XVIII. flokks, einnig úr og úrfjaðrir.
ij. Högl í skotfæri (nr. 93.07), vopn, skotfæri og aðrar vörur, er teljast til XIX. flokks.
k. Vörur, er teljast til 94. kafla (húsgögn, rúmfatnaður o. fl.).
l. Handsáld (nr. 96.06).
m. Vörur, er teljast til 97. kafla (leikföng, leiktæki og íþróttatæki).
n. Hnappar, pennastengur, blýantshöld, pennar og aðrar vörur, er teljast til 98. kafla.

2. Með orðunum *hlutar til almennra nota* er hvarvetna í tollskránni átt við:
a. Vörur þær, sem teljast nr. 73.20, 73.25, 73.29, 73.31 og 73.32, og tilsvarandi vörur úr öðrum ódýrum málmum.
b. Fjaðrir og fjaðrablöð úr ódýrum málmum, þó ekki úrfjaðrir og klukkufjaðrir (nr. 91.11).
c. Vörur í nr. 83.01, 83.02, 83.07, 83.09, 83.12 og 83.14.

Orðið *hlutar* í 73.—82. kafla (að undanteknum númerunum 73.29 og 74.13) tekur ekki til hluta til almennra nota, eins og þau orð eru skýrgreind hér á undan.

73.—81. kafli tekur ekki til vara, sem teljast til 82. og 83. kafla, enda leiði ekki annað af ákvæðum þessarar athugasemdar eða 1. athugasemdar við 83. kafla.

3. Flokkun legeringa:
a. Legeringar af ódýrum málmum, sem í er meira en 10% af nikkli miðað við þunga, flokkast sem nikkillegering, nema í blöndunni sé meira af járni miðað við þunga en nokkrum öðrum málmi.
b. Járnlegeringar og koparforlegeringar (eins og þær eru skýrgreindar í 73. og 74. kafla) teljast til nr. 73.02 og 74.02, eftir því sem við á.
c. Aðrar legeringar úr ódýrum málmum flokkast eftir þeim málminum, sem mest er af í legeringunni, miðað við þunga.
d. Málmlegeringar (að undanteknum ferrólegeringum og koparforlegeringum), gerðar bæði úr ódýrum málmum, er teljast til þessa flokks, en einnig að hluta úr efnum, sem teljast ekki til flokksins, flokkast eins og legeringar úr ódýrum málmum, er teljast til þessa flokks, ef þyngd hinna ódýru málma er jafnmikil eða meiri en annarra efna.
e. Í þessum flokki tekur orðið *legering* til glæddra blandna úr dufti ódýrra málma og ósamfelldra innri blandna þeirra fenginna með bræðslu.

4. Sé ekki annað tekið fram, eiga tilvísanir til ódýrra málma hvarvetna í tollskránni einnig við legeringar þeirra, sem flokkast eins og viðkomandi málmur samkvæmt 3. athugasemd hér að ofan.

5. Flokkun samsettra vara:

Vörur, sem eru úr tveimur eða fleiri ódýrum málmum (þar með taldar vörur, sem samkvæmt hinum almennu skýringarreglum í upphafi tollskrárinnar flokkast sem vörur úr ódýrum málmum), flokkast eftir þeim málminum, sem mest er af í vörunni miðað við þunga. Við framkvæmd þessarar reglu skoðast:
a. Járn og stál eða ýmsar tegundir járns og stáls sem sama málmtegund.
b. Málmlegering, sem samkvæmt reglunum í 3. athugasemd hér á undan flokkast eins og tiltekinn málmur, eins og hún væri öll úr þeim málmi.

6. Sem *brotajárn og úrgangsmálmur* teljast í þessum flokki vörur, sem aðeins er hægt að nota til endurvinnslu málmanna eða til framleiðslu kemískra efna.

## 73. kafli.

## Járn og stál og vörur úr hvoru tveggja.

Athugasemdir:

1. Eftirfarandi heiti hafa þessa merkingu í þessum kafla:

a. *Hrájárn og steypujárn* (nr. 73.01).

Járn, sem í er minnst 1,9% af kolefni miðað við þunga og auk þess eftir atvikum eitt eða fleiri af eftirtöldum legeringarefnum í því magni, sem fram er tekið hér á eftir (miðað við þunga):

minna en 15% fosfór,
ekki meira en 8% kísill,
ekki meira en 6% mangan,
ekki meira en 30% króm,
ekki meira en 40% wolfram,
ekki meira en 10% samtals af öðrum legeringarefnum (t. d. nikkli, kopar, alúmíni, títan, vanadíum, molybden).

Járnlegeringar, sem nefndar eru *hert* (*non-distorting*) *verkfærastál* og í eru 1,9% af kolefni eða meira, miðað við þunga, en hafa markverðustu einkenni stáls, teljast til stáls og flokkast í viðeigandi tollskrárnúmer.

b. *Spegiljárn* (nr. 73.01):

Járn, sem í er meira en 6% og ekki yfir 30% af mangan miðað við þunga og að öðru leyti er í samræmi við athugasemd a hér næst á undan.

c. *Járnlegeringar* (nr. 73.02):

Legeringar úr járni, sem óhentugt er að nota til smíða eða völsunar, en venjulega notaðar sem hráefni við framleiðslu á járni og stáli og í eru einn eða fleiri eftirgreindir málmar í því magni, sem fram er tekið (miðað við þunga):

meira en 8% kísill,
meira en 30% mangan,
meira en 30% króm,
meira en 40% wolfram,
meira en 10% af öðrum legeringarmálmum (alúmíni, títan, vanadíum, molybden, niobíum og öðrum legeringarmálmum, þó ekki kopar).

Magn annarra legeringarmálma en járns má þó ekki vera meira en 96% miðað við þunga í járnlegeringum, sem í er kísill, ekki meira en 92% í járnlegeringum, sem í er mangan, en ekki kísill, og ekki meira en 90% í öðrum járnlegeringum.

d. *Stállegeringar* (nr. 73.15):

Stál, sem í er eitt eða fleiri eftirgreind legeringarefni í því magni, sem fram er tekið:

Meira en 2% samtals mangan og kísill,
eigi minna en 2% mangan,
eigi minna en 2% kísill,
eigi minna en 0.50% nikkill,
eigi minna en 0,50% króm,
eigi minna en 0,10% molybden,
eigi minna en 0,10% vanadíum,
eigi minna en 0,30% wolfram,
eigi minna en 0,30% kóbalt,
eigi minna en 0,30% alúmín,
eigi minna en 0,40% kopar,
eigi minna en 0,10% blý,
eigi minna en 0,12% fosfór,
eigi minna en 0,10% brennisteinn,

eigi minna en 0,20% samtals fosfór og brennisteinn,
eigi minna en 0,10% af hverju einstöku öðru legeringarefni.

e. *Kolefnisríkt stál* (nr. 73.15):
Stál, sem í er ekki minna en 0,6% af kolefni miðað við þunga, minna en 0,04% af fosfór eða minna en 0,04% af brennisteini, en þó minna en 0,07% af fosfóri og brennisteini samanlagt.

f. *Hnoðað hrájárn (puddled bars) og hrástengur* (nr. 73.06):
Efni þau til smíða, völsunar eða umbræðslu, sem verða til annað hvort
— fyrir hömrun á hnoðuðu hrájárni til þess að losna við gjall eða
— með samruna vegna glóðvölsunar á pökkum af járn- eða stálúrgangi eða hnoðuðu hrájárni.

g. *Steypt hrájárn (ingots)* (nr. 73.06):
Stykki til smíða eða völsunar framleidd í hrájárnsteypumótum.

h. *Gjallfrítt hrájárn (blooms) og hrájárnsdrumbar (billets)* (nr. 73.07):
Hálfunnin vara með rétthyrndum þverskurði, og sé flatarmál þverskurðarins meira en 1225 mm², en þykktin meira en fjórði hluti breiddarinnar.

ij. *Hrájárnsplötur (slabs) og hrájárnsrenningar (sheet bars)* (nr. 73.07):
Hálfunnin vara með rétthyrndum þverskurði, þykkt eigi minni en 6 mm, breidd minnst 150 mm og þykktin ekki meiri en fjórði hluti breiddarinnar.

k. *Plötuefni í rúllum* (nr. 73.08):
Hálfunnin vara upprúlluð, heitvölsuð, með rétthyrndu þversniði, þykkt ekki minni en 1,5 mm, breidd meiri en 500 mm og þyngd eigi minni en 500 kg hvert stykki.

l. *Alhæfiplötur (universal plates)* (nr. 73.09):
Vara með rétthyrndum þverskurði, heitvölsuð eftir endilöngu í alhæfivölsum, þykkt eigi minni en 5 mm né meiri en 100 mm og breidd meiri en 150 mm, þó ekki yfir 1200 mm.

m. *Bönd* (nr. 73.12):
Völsuð vara með skornum eða óskornum brúnum og rétthyrndum þverskurði, þykkt eigi yfir 6 mm, breidd mest 500 mm og þykktin eigi meiri en tíundi hluti breiddarinnar, í ræmum og rúllum, einnig pressuðum saman.

n. *Þynnur og plötur* (nr. 73.13):
Völsuð vara (þó ekki plötuefni í rúllum samkvæmt k-lið hér á undan), þykkt mest 125 mm, og ef platan er með rétthyrningslögun, þá að breidd yfir 500 mm. Til nr. 73.13 teljast einnig plötur með annarri lögun en rétthyrndri, einnig gataðar, báraðar, gáraðar, fágaðar og húðaðar plötur, þó þannig að plöturnar fái ekki við þessa vinnslu frekari einkenni efna eða vara, sem teljast til annarra númera.

o. *Vír* (nr. 73.14):
Kalddregin og óhol vara með hvers konar þverskurði og 13 mm að mesta þvermáli eða minna. Til nr. 73.26 og 73.27 telst einnig vara gerð úr völsuðum vír, enda sé þykktin hin sama og hér segir.

p. *Stál í stöngum* (einnig vírstengur) (nr. 73.10):
Óhol vara, sem skýrgreiningarnar í h-, ij-, k-, l-, m-, n- og o-lið hér á undan geta ekki átt við og er í þverskurði að lögun sem hringur, snið úr hring, ávöl, sem jafnhliða þríhyrningur, ferningur, rétthyrningur, reglulegur sexhyrningur, reglulegur átthyrningur eða regluleg trapiza.

q. *Jarðborspípur* (nr. 73.10):
Holar stálstengur, hæfar fyrir námubora, með hvers konar þverskurði, ytra þvermál eigi minna en 15 mm og ekki meira en 50 mm, og mesta innra þvermál ekki meira en ⅓ af mesta ytra þvermáli. Aðrar holar stengur úr stáli teljast til nr. 73.18.

r. *Prófíljárn og -stál* (nr. 73.11):
Óhol vara, sem ekki telst til nr. 73.16, sem skýrgreiningarnar í h-, ij-, k-, l-, m-, n- og o-lið hér á undan geta ekki átt við og ekki hefur þverskurð í líkingu af

hring, sniði úr hring, ávalan, sem jafnhliða þríhyrningur, ferningur, rétthyrningur, reglulegur sexhyrningur, reglulegur átthyrningur né regluleg trapiza.

2. Til nr. 73.06—73.14 teljast ekki stállegeringar né kolefnisríkt stál (nr. 73.15).
3. Járn- og stálframleiðsla af því tagi, sem telst til nr. 73.06—73.15 og húðuð (plettuð) er með annars konar járni eða stáli, flokkast eftir þeirri tegundinni, sem mest er af miðað við þunga.
4. Járn, sem framleitt er með rafgreiningu, flokkast eins og járn framleitt á annan hátt.
5. Með orðunum *háþrýstipípur úr stáli* (nr. 73.19) er átt við hnoðsaumaðar, logsoðnar eða „saumlausar", sívalar stálpípur og stálhné með innra þvermáli meira en 400 mm og með veggjarþykkt yfir 10,5 mm.

---

| | | | |
|---|---|---|---|
| 73.01 | | **Hrájárn, steypujárn og spegiljárn, í klumpum, drumbum, stykkjum eða með annarri áþekkri lögun:** | |
| | 10 | *Spegiljárn* | 10% |
| | 20 | *Annað* | 10% |
| 73.02 | | **Járnlegeringar:** | |
| | 10 | *Ferrómangan* | 10% |
| | 20 | *Aðrar* | 10% |
| 73.03 | 00 | **Úrgangur og brot af járni eða stáli** | 10% |
| 73.04 | 00 | **Kornað járn eða stál, einnig flokkað; vírkúlur úr járni eða stáli** | 15% |
| 73.05 | | **Járn- eða stálduft; járn- eða stálsvampur:** | |
| | 10 | *Járn- eða stálduft* | 15% |
| | 20 | *Járn- eða stálsvampur* | 15% |
| 73.06 | | **Hnoðuð (puddled) hrájárn- og stálstykki og stengur; steypt hrájárn- og stálstykki (ingots), klumpar, drumbar o. þ. h. stykki, úr járni eða stáli:** | |
| | 10 | *Hnoðuð járn- og stálstykki og stengur, klumpar, drumbar o. þ. h.* | 15% |
| | 20 | *Steypt hrájárn- og stálstykki* | 15% |
| 73.07 | 00 | **Gjallfrítt hrájárn (blooms), drumbar (billets), plötur (slabs) og renningar (sheet bars) — einnig tinaðir — úr járni og stáli; lauslega formuð stykki með hömrun, að öðru leyti óunnin, úr járni eða stáli** | 15% |
| 73.08 | 00 | **Plötuefni í rúllum, úr járni eða stáli** | 15% |
| 73.09 | 00 | **Alhæfiplötur (universal plates), úr járni eða stáli** | 15% |
| 73.10 | | **Stengur (einnig vírstengur) úr járni eða stáli, heitvalsaðar, slegnar, þrykktar eða kaldunnar; jarðborspípur úr stáli:** | |
| | | *Valsaður vír:* | |
| | 11 | Vír til framleiðslu á naglavír, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins | 15% |
| | 19 | Annað | 35% |
| | | *Annað:* | |
| | 21 | Stengur úr járni eða stáli meira en 25 mm í þvermál | 15% |
| | 22 | Stengur úr járni eða stáli 25 mm í þvermál eða minna | 35% |
| | 23 | Jarðborspípur úr stáli | 35% |
| 73.11 | | **Prófíljárn og -stál, heitvalsað, þrykkt eða kaldunnið; þilstál með boruðum eða slegnum götum eða án gata, einnig samsett:** | |
| | 10 | *Prófíljárn og -stál, 80 mm eða meira; þilstál* | 15% |
| | 20 | *Annað* | 15% |
| 73.12 | 00 | **Bönd úr járni eða stáli, heit- eða kaldvölsuð** | 15% |
| 73.13 | | **Þynnur og plötur úr járni eða stáli, heit- eða kaldvalsaðar:** | |
| | 10 | *Þynnur og plötur yfir 4,75 mm að þykkt, þó ekki tinaðar eða báraðar* | 15% |
| | 20 | *Þynnur og plötur 3—4,75 mm, þó ekki tinaðar eða báraðar* | 15% |
| | 30 | *Þynnur og plötur minna en 3 mm, þó ekki plettaðar, húðaðar eða klæddar* | 15% |
| | 40 | *Þynnur og plötur, tinaðar* | 15% |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | *Þynnur og plötur minna en 3 mm, plettaðar, húðaðar eða klæddar (þó ekki tinaðar):* | |
| | 51 | Járnplötur báraðar (þakjárn) | 15% |
| | 59 | Aðrar | 15% |
| **73.14** | 00 | **Járn- eða stálvír, einnig húðaður, en ekki einangraður** | 35% |
| **73.15** | | **Stállegeringar og kolefnisríkt stál með sama lagi og tilgreint er í nr. 73.06-73.14:** | |
| | 61 | *Hrásteypa (ingots) úr kolefnisríku stáli* | 15% |
| | 62 | *Hrásteypa (ingots) úr stállegeringum* | 15% |
| | 63 | *Gjallfrí hrásteypa (blooms), drumbar (billets), plötur (slabs), stengur (sheet bars) og hálfunnin járnstykki, úr kolefnisríku stáli* | 15% |
| | 64 | *Gjallfrí hrásteypa (blooms), drumbar (billets), plötur (slabs), stengur (sheet bars) og hálfunnin járnstykki, úr stállegeringum* | 15% |
| | 65 | *Plötuefni í rúllum, úr kolefnisríku stáli* | 15% |
| | 66 | *Plötuefni í rúllum, úr stállegeringum* | 15% |
| | 67 | *Vírstengur úr kolefnisríku stáli* | 15% |
| | 68 | *Vírstengur úr stállegeringum* | 15% |
| | 69 | *Stangajárn (þó ekki valsaður vír) og jarðborspípur úr kolefnisríku stáli* | 15% |
| | 71 | *Stangajárn (þó ekki valsaður vír) og jarðborspípur, úr stállegeringum* | 15% |
| | 72 | *Prófíljárn, 80 mm eða meira, og þil, úr kolefnisríku stáli* | 15% |
| | 73 | *Prófíljárn, 80 mm eða meira, og þil, úr stállegeringum* | 15% |
| | 74 | *Prófíljárn, minni en 80 mm, úr kolefnisríku stáli* | 15% |
| | 75 | *Prófíljárn, minni en 80 mm, úr stállegeringum* | 15% |
| | 76 | *Plötur og þynnur, meira en 4,75 mm að þykkt, og alhæfiplötur, úr kolefnisríku stáli* | 15% |
| | 77 | *Plötur og þynnur, meira en 4,75 mm að þykkt, og alhæfiplötur, úr stállegeringum* | 15% |
| | 78 | *Plötur og þynnur, 3 mm—4,75 mm að þykkt, úr kolefnisríku stáli* | 15% |
| | 79 | *Plötur og þynnur, 3 mm—4,75 mm að þykkt, úr stállegeringum* | 15% |
| | 81 | *Plötur og þynnur, minna en 3 mm að þykkt, ekki plettaðar, húðaðar eða klæddar, úr kolefnisríku stáli* | 15% |
| | 82 | *Plötur og þynnur, minna en 3 mm að þykkt, ekki plettaðar, húðaðar eða klæddar, úr stállegeringum* | 15% |
| | 83 | *Plötur og þynnur, minna en 3 mm að þykkt, plettaðar, húðaðar og klæddar, úr kolefnisríku stáli* | 15% |
| | 84 | *Plötur og þynnur, minna en 3 mm að þykkt, plettaðar, húðaðar og klæddar, úr stállegeringum* | 15% |
| | 85 | *Bandaefni úr kolefnisríku stáli* | 15% |
| | 86 | *Bandaefni úr stállegeringum* | 15% |
| | 87 | *Vír úr kolefnisríku stáli* | 15% |
| | 88 | *Vír úr stállegeringum* | 15% |
| **73.16** | | **Eftirgreindar vörur úr járni og stáli til járnbrauta og sporvagna: teinar, tengingar, dragstengur, stokkar, spangir, undirlagsplötur, skorðuplötur, langplötur og sporstengur:** | |
| | 10 | *Teinar úr járni eða stáli fyrir járnbrautir og sporvagna* | 20% |
| | 20 | *Annað* | 20% |
| **73.17** | 00 | **Pípur úr steypujárni** | 35% |
| **73.18** | | **Pípur og efni í þær, úr járni (nema steypujárni) eða stáli, þó ekki háþrýstileiðslur til vatnsaflstöðva:** | |
| | 10 | *Efni í pípur* | 35% |
| | | *„Saumlausar“ pípur:* | |
| | 21 | Holir sívalningar til smíða, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins | 15% |
| | 29 | Annað | 35% |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | 30 | *Annað* | 35% |
| 73.19 | 00 | **Háþrýstileiðslur úr stáli, til vatnsaflstöðva, einnig styrktar** | 35% |
| 73.20 | 00 | **Pípuhlutar (fittings), t. d. hólkar, hné, tengi og nipplar, úr járni eða stáli** | 35% |
| 73.21 | | **Mannvirki (t. d. skemmur og aðrar byggingar, brýr og brúarhlutar, stíflur, turnar, súlnagrindur, þök, þakgrindur, glugga- og hurðargrindur, hlerar, handrið, stöplar og súlur), hálf- eða fullgerð, samsett eða ósamsett, úr járni eða stáli; plötur, bönd, stengur, bjálkar, prófíljárn, pípur o. þ. h., tilsniðið til notkunar í mannvirki, úr járni eða stáli:** | |
| | 01 | Bryggjur og brýr, hálf- eða fullgerðar, samsettar eða ósamsettar; plötur, bönd, stengur, bjálkar, prófíljárn, pípur o. þ. h., tilsniðið til notkunar í bryggjur eða brýr | 35% |
| | 09 | Annað | 50% |
| 73.22 | 00 | **Geymar, ker og önnur slík stór ílát, úr járni eða stáli, með yfir 300 lítra rúmtaki, undir alls konar efni, einnig klædd að innan og hitaeinangruð, en ekki með mekanískum búnaði eða hitunarbúnaði** | 50% |
| 73.23 | | **Föt, tunnur, brúsar, dósir og áþekk ílát, úr járn- eða stálþynnum eða plötum, venjulega notuð við flutning á vörum eða sem umbúðir:** | |
| | 01 | Tunnur | 30% |
| | 02 | Mjólkurbrúsar 10 l eða stærri | 10% |
| | 03 | Niðursuðudósir o. þ. h. dósir | 50% |
| | 09 | Annað | 60% |
| 73.24 | 00 | **Hylki og ílát undir samanþjappaðar gastegundir og önnur áþekk ílát, úr járni eða stáli** | 35% |
| 73.25 | | **Margþættur vír, strengir, kaðlar, vírfléttur o. þ. h., úr járni eða stáli, þó ekki einangraðir rafmagnsstrengir:** | |
| | 01 | Vírkaðlar að þvermáli 0,5 cm og grennri | 20% |
| | 02 | Vírkaðlar meira en 0,5 cm að þvermáli | 2% |
| | 09 | Annað | 35% |
| 73.26 | 00 | **Gaddavír úr járni eða stáli; snúnar gjarðir eða flatur vír, með eða án gadda, laussnúinn tvöfaldur vír til girðinga, úr járni eða stáli** | 15% |
| 73.27 | | **Vírnet, vírdúkar, vírgrindur, girðingarnet, styrktarvefnaður og áþekk efni, úr járn- eða stálvír:** | |
| | 01 | Steypustyrktar- og múrhúðunarnet | 35% |
| | 02 | Girðingarnet (einnig plasthúðuð) úr vír, sem ekki er grennri en 2 mm í þvermál | 20% |
| | 09 | Annað | 35% |
| 73.28 | 00 | **Möskvateygðar (expanded) plötur úr járni eða stáli** | 20% |
| 73.29 | | **Keðjur og hlutar til þeirra, úr járni eða stáli:** | |
| | 01 | Keðjur með leggi 10 mm í þvermál og þar yfir | 4% |
| | 02 | Snjókeðjur og hlutar til þeirra, á bifreiðar og önnur ökutæki, úr stálstöngum 4—10 mm í þvermál | 60% |
| | 03 | Keðjur til véla (drifkeðjur) | 35% |
| | 09 | Aðrar | 60% |
| 73.30 | 00 | **Akkeri, drekar og hlutar til þeirra, úr járni eða stáli** | 4% |
| 73.31 | | **Naglar, stifti, lykkjur, kengir, kassakrækjur, sinklar, bólunaglar, spíkarar og teiknibólur, úr járni eða stáli, einnig með haus úr öðrum efnum, þó ekki kopar:** | |
| | 01 | Galvanhúðaður saumur | 50% |
| | 09 | Annað | 50% |
| 73.32 | 00 | **Boltar og rær, með eða án skrúfugangs, skrúfur og skrúfnaglar (þar með taldir skrúfkrókar og augaskrúfur), úr járni eða stáli; hnoð, fleinar, spenniskífur og undirlagsplötur úr járni eða stáli** | 50% |
| 73.33 | 00 | **Saumnálar, hannyrðanálar, teppanálar, bandprjónar, heklnálar o. þ. h., hannyrðateinar, úr járni eða stáli, einnig efni í þessar vörur** | 60% |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **73.34** | 00 | **Títuprjónar, öryggisnælur, hárnálar, hárliðunarklemmur og aðrar áþekkar vörur úr járni eða stáli (þó ekki hattprjónar og aðrir prjónar til skrauts)** | 60% |
| **73.35** | 00 | **Fjaðrir og fjaðrablöð úr járni eða stáli** | 35% |
| **73.36** | | **Ofnar, eldavélar, eldstór (einnig þótt þær séu aukalega með geymi til miðstöðvarhitunar), arnar og önnur lofthitunartæki, bakaraofnar, suðuáhöld, hitaplötur með brennara, þvottapottar með eldstó eða brennara og áþekkur útbúnaður til heimilisnotkunar, einnig hlutar til þessara áhalda, úr járni eða stáli, enda sé ekki um rafmagnstæki að ræða:** | |
| | 01 | Eldavélar, ofnar og hlutar til þeirra, fyrir kol og annað fast eldsneyti | 35% |
| | 02 | Eldavélar, ofnar og hlutar til þeirra, fyrir fljótandi eldsneyti | 35% |
| | 03 | Gasofnar, gaseldavélar og hlutar til þeirra | 35% |
| | 09 | Annað | 35% |
| **73.37** | | **Miðstöðvarkatlar (þó ekki gufukatlar, er teljast til nr. 84.10), lofthitarar, miðstöðvarofnar og önnur tæki til miðstöðvarhitunar, þó ekki fyrir rafmagn, og hlutar til þessara tækja, úr járni eða stáli:** | |
| | 01 | Miðstöðvarkatlar og hlutar til þeirra | 35% |
| | 02 | Miðstöðvarofnar og hlutar til þeirra (þar með talin ofnarif (element)) | 35% |
| | 09 | Annað | 35% |
| **73.38** | | **Áhöld til heimilishalds, hreinlætistæki til innanhússnota, og hlutar til slíkra vara, úr járni eða stáli:** | |
| | | *Búsáhöld og hlutar til þeirra:* | |
| | 11 | Úr ryðfríu stáli | 100% |
| | 19 | Annað | 100% |
| | | *Hreinlætistæki til innanhússnota og hlutar til þeirra:* | |
| | 21 | Skálar úr ryðfríu stáli, pressaðar til vaskagerðar, en ekki frekar unnar | 70% |
| | 22 | Hreinlætistæki og hlutar til þeirra, úr ryðfríu stáli | 80% |
| | 29 | Annað | 80% |
| **73.39** | | **Járn- og stálull; pottahreinsarar, svampar, hanzkar o. þ. h. til hreinsunar og fágunar, úr járni eða stáli:** | |
| | 01 | Járn- og stálull | 35% |
| | 09 | Annað | 100% |
| **73.40** | | **Aðrar vörur úr járni eða stáli:** | |
| | 10 | *Vörur úr steypujárni, grófmótaðar (in the rough state)* | 20% |
| | 20 | *Vörur úr steypustáli, grófmótaðar* | 20% |
| | 30 | *Grófunnin járn- og stálsmíði (þar með talin fallsmíði (drop forgings)* | 20% |
| | | *Annars:* | |
| | 41 | Veiðarfæralásar, sigurnaglar, bobbingar, netjakúlur og sökkur | 2% |
| | 42 | Fiskkassar, fiskkörfur og línubalar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins | 4% |
| | 43 | Girðingarstaurar | 20% |
2. Með orðunum *tilbúin knippi til framleiðslu á sópum og burstum* í nr. 96.03 er einungis átt við óáfest knippi úr dýrahári, jurtatrefjum eða öðru efni, sem án sundurgreiningar eru tilbúin til að festast í bursta eða annað þess háttar, eða þarfnast aðeins smávægilegrar lagfæringar, svo sem límingar eða tilskurðar, til að nota megi þau á þennan hátt.

---

| | | | |
|---|---|---|---|
| **96.01** | 00 | **Sópar og burstar úr hrísi og öðrum jurtaefnum, aðeins samanbundið en ekki fest á haus, með eða án skafts** ............................ | 70% |
| **96.02** | | **Aðrir sópar, penslar og burstar (þar með taldir burstar, sem eru hlutar af vélum), málningarrúllur, gúmmíþurrkur á skafti (aðrar en rúllur) og skaftþvögur o. þ. h.:** | |
| | 01 | Málningarpenslar og málningarrúllur ............................ | 70% |
| | 02 | Listmálunarpenslar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins ............................................... | 35% |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | 03 | Burstar og sópar, sem eru hlutar af vélum | 70% |
| | 09 | Annars | 100% |
| **96.03** | 00 | **Tilbúin knippi til framleiðslu á sópum, penslum og burstum** | 35% |
| **96.04** | 00 | **Fjaðrasópar** | 100% |
| **96.05** | 00 | **Duftpúðar o. þ. h., úr hvers konar efni** | 100% |
| **96.06** | 00 | **Handsíur og handsáld, úr hvers konar efni** | 80% |

## 97. kafli.
## Leikföng, leiktæki og íþróttavörur og hlutar til þessara vara.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Jólakerti (nr. 34.06).
   b. Flugeldar og skrauteldar o. þ. h. í nr. 36.05.
   c. Garn, einþráðungar, línur, þarmar o. þ. h. til fiskveiða í hæfilegum lengdum, en ekki uppsett, sem telst til 39. kafla, nr. 42.06 eða til XI. flokks.
   d. Íþróttatöskur og aðrar vörur, er teljast til nr. 42.02 og nr. 43.03.
   e. Íþróttafatnaður og grímubúningar úr vefjarefnum, sem teljast til 60. og 61. kafla.
   f. Flögg og flaggdúkur úr vefnaði og segl á báta og farartæki, er teljast til 62. kafla.
   g. Íþróttaskófatnaður (þó ekki skautaskór með áföstum skautum), legghlífar o. þ. h., er telst til 64. kafla, enn fremur höfuðfatnaður til íþróttaiðkana, er telst til 65. kafla.
   h. Klifurstafir, svipur, keyri o. þ. h. (nr. 66.02) og hlutar til þeirra vara (nr. 66.03).
   ij. Gleraugu í brúður eða önnur leikföng, óuppsett, er teljast til nr. 70.19.
   k. Hlutir til almennra nota samkvæmt skýrgreiningu í 2. athugasemd við XV. flokk.
   l. Vörur, sem falla undir nr. 83.11.
   m. Sportökutæki (nema rennisleðar (bobsleighs, toboggans) og aðrir svipaðir sleðar), sem teljast til XVII. flokks.
   n. Barnahjól með kúlulegum og smíðuð eins og venjuleg hjól fyrir fullorðna (nr. 87.10).
   o. Sportbátar, svo sem eintrjáningar og kappróðrarbátar (89. kafli), og árar o. þ. h. til þeirra (44. kafli, ef árarnar eru úr trjáviði).
   p. Hlífðargleraugu til íþróttaiðkana og útileikja (nr. 90.04).
   q. Tálflautur o. þ. h. (nr. 92.08).
   r. Vopn og aðrar vörur, er teljast til 93. kafla.
   s. Strengir í boltaspaða, tjöld og annar ferðaútbúnaður, enn fremur hanzkar (flokkast yfirleitt eftir því efni, sem vörurnar eru gerðar úr).
2. Til þessa kafla teljast einnig vörur, sem í eru einhverjir óverulegir hlutar úr perlum, eðalsteinum eða hálfeðalsteinum (náttúrlegum, tilbúnum eða endurgerðum), góðmálmi eða góðmálmspletti.
3. Orðið *brúður* í nr. 97.02 tekur aðeins til slíkra hluta, sem gerðir eru í mannsmynd.
4. Ófullgerðar vörur eða vörur, sem eitthvað vantar á, flokkast eins og samsvarandi vörur fullgerðar eða heilar, ef þær að öllu verulegu líta út eins og fullgerðar vörur.
5. Ef annað er ekki tekið fram í 1. athugasemd hér að ofan, teljast hlutar og fylgihlutar, sem eingöngu eða aðallega eru hæfir og notaðir sem hlutar eða fylgihlutar vara þeirra, er teljast til þessa kafla, til sama númers og varan fullgerð.

---

| | | | |
|---|---|---|---|
| **97.01** | 00 | **Leikfangsökutæki fyrir börn (t. d. hlaupahjól, barnahjól, þríhjól og stignir barnabílar); brúðuvagnar og brúðukerrur** | 90% |
| **97.02** | 00 | **Brúður** | 90% |
| **97.03** | 00 | **Önnur leikföng; smálíkön til leikja og skemmtunar** | 90% |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 97.04 | | **Samkvæmisleiktæki fyrir börn og fullorðna (þar með talin borðleiktæki, ballskákarborð (billardborð), spilaborð (rouletborð) og borðtennisútbúnaður):** | |
| | 01 | Taflborð og taflmenn | 80% |
| | 02 | Spil | 125% |
| | 09 | Önnur | 125% |
| 97.05 | 00 | **Grímuballsvörur; skemmtitæki, t. d. til töfrabragða, sjónhverfinga o. þ. h.; jólatrésskraut og annað jólaskraut (t. d. tilbúin jólatré, jólasokkar o. þ. h.)** | 125% |
| 97.06 | | **Áhöld, tæki og útbúnaður til fimleika, aflrauna og annarra íþrótta og útileikja (þó ekki vörur, er teljast til nr. 97.04):** | |
| | 01 | Skíði og hlutar til þeirra og skíðastafir | 80% |
| | 02 | Skautar (þar með hjólaskautar) | 80% |
| | 09 | Annað | 80% |
| 97.07 | | **Fiskiönglar, fiskistengur og annar útbúnaður til stangaveiði; veiðiháfar (t. d. fyrir fisk og fiðrildi), tálfuglar, lerkispeglar og annar þess háttar veiðiútbúnaður:** | |
| | 01 | Fiskiönglar venjulegir, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins | 4% |
| | 02 | Veiðistengur | 80% |
| | 09 | Annað | 80% |
| 97.08 | 00 | **Hringekjur, rólur, skotskífur og annar útbúnaður fyrir skemmtistaði; ferðasirkus, ferðadýrasöfn og ferðaleikhús** | 125% |

## 98. kafli.

## Ýmsar unnar vörur.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Augnabrúnalitur og aðrir þvílíkir litir (nr. 33.06).
   b. Hnappar, ermahnappar og aðrar vörur, sem taldar eru í nr. 98.01 og 98.12, ef þessar vörur eru gerðar að öllu eða nokkru leyti úr góðmálmi, góðmálmspletti (sjá þó athugasemd 2.a við 71. kafla) eða í þeim eru eðalsteinar eða hálfeðalsteinar (náttúrlegir, tilbúnir eða endurgerðir) eða perlur (71. kafli).
   c. Hlutar til almennra nota eins og þessi orð eru skýrgreind í 2. athugasemd við XV. flokk.
   d. Rissfjaðrir (90.16).
   e. Leikföng, er teljast til 97. kafla.
2. Ef annað leiðir ekki af ákvæðunum í 1. athugasemd hér á undan, teljast til kaflans vörur, sem eru að öllu eða nokkru leyti úr góðmálmum, góðmálmspletti, eðalsteinum og hálfeðalsteinum (náttúrlegum, tilbúnum eða endurgerðum) og náttúrlegum perlum.
3. Öskjur, hylki og aðrar umbúðir, sem eru fluttar inn með vörum í þessum kafla, flokkast í sömu númer og vörurnar sjálfar, ef umbúðirnar eru ætlaðar utan um vörurnar og umbúðir af þessu tagi eru almennt seldar með þessum vörum. Öskjur, hylki og aðrar umbúðir, sem eru fluttar inn sér í lagi, flokkast eftir gerð þeirra og efni.

---

| | | | |
|---|---|---|---|
| 98.01 | 00 | **Hnappar, flibbahnappar, ermahnappar, smellur, smelluhnappar, hnappamót og hnappaefni, hnappahlutar** | 90% |
| 98.02 | 00 | **Rennilásar og hlutar til þeirra** | 70% |
| 98.03 | 00 | **Sjálfblekungar, kúlupennar og aðrir slíkir pennar, pennastengur, skrúfblýantar, renniblýantar o. þ. h. og hlutar og fylgihlutar þessara vara (þó ekki vörur, sem teljast til nr. 98.04 og 98.05)** | 80% |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 98.04 | 00 | Pennar og pennaoddar | 80% |
| 98.05 | 00 | Blýantar (aðrir en þeir, er teljast til nr. 98.03); ritblý; litkrít, grifflar, teiknikol, pastel-, rit- og teiknikrít; klæðskera- og billardkrít | 80% |
| 98.06 | 00 | Rit- og teiknispjöld, einnig í ramma | 80% |
| 98.07 | 00 | Innsiglis-, tölusetningarstimplar, dagsetningarstimplar og aðrir handstimplar; letur og leturhaldarar til handstimplunar | 80% |
| 98.08 | 00 | Ritvéla- og reiknivélabönd o. þ. h., einnig á spólum; stimpilpúðar, einnig í kössum | 80% |
| 98.09 | 00 | Innsiglislakk og flöskulakk í stöngum, plötum eða öðru svipuðu formi; fjölritunar- og valsamassi o. þ. h. gert aðallega úr gelatíni, einnig á pappírs- eða spunaefnagrunni | 80% |
| 98.10 | 00 | Vindla- og vindlingakveikjarar og aðrir áþekkir kveikjarar (þar með taldir kemískir kveikjarar og rafmagnskveikjarar) og hlutar til þeirra (þó ekki steinar og kveikir) | 80% |
| 98.11 | 00 | Reykjapípur; pípuhausar, munnstykki og aðrir pípuhlutar (þar með talin lauslega formuð trjá- eða rótarstykki); vindla- og vindlingamunnstykki og hlutar til þeirra | 80% |
| 98.12 | 00 | Greiður, hárkambar o. þ. h. | 110% |
| 98.13 | 00 | Lífstykkjateinar og aðrir slíkir teinar til fata og fatahluta | 70% |
| 98.14 | 00 | Ilmsprautuílát til snyrtingar o. þ. h. og úðarar til þeirra | 125% |
| 98.15 | 00 | Hitaflöskur og önnur hitaeinangrandi ílát, hlutar til þeirra (þó ekki innri glerílátin) | 100% |
| 98.16 | 00 | Mannslíkön fyrir klæðskera, sýningar o. þ. h.; mekanískur og hreyfanlegur sýningarútbúnaður í búðarglugga o. þ. h. | 90% |

# XXI. flokkur.
# Listaverk, safnmunir og forngripir.

## 99. kafli.
## Listaverk, safnmunir og forngripir.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Ónotuð frímerki, stimpilmerki og önnur slík merki, sem eru gild eða verða gild hér á landi (nr. 49.07).
   b. Máluð leiktjöld, máluð baktjöld í myndastofur og annað þess háttar (nr. 59.12).
   c. Náttúrlegar perlur, eðal- og hálfeðalsteinar (nr. 71.01 og 71.02).
2. Með orðunum *myndstungur, prentmyndir og steinprentaðar myndir* í nr. 99.02 er átt við þrykk í svörtu og hvítu eða í litum með einni eða fleiri plötum, gerðum að öllu leyti í höndunum af listamanninum sjálfum og skiptir ekki máli, hvaða aðferð eða efni eru notuð, þó þannig að ekki mega hafa verið notaðar mekanískar aðferðir eða ljósmyndun.
3. Til nr. 99.03 teljast ekki endurgerðir af listaverkum í fjöldaframleiðslu eða handiðnaðarvörur með einkennum verzlunarvöru. Slíkar endurgerðir flokkast eftir efni og annarri gerð.
4. a. Geti vara eftir orðalagi textans í einstökum númerum bæði talizt til þessa kafla og einnig til annars kafla tollskrárinnar, skal hún teljast til þessa kafla, nema annað leiði af ákvæðunum í 1.—3. athugasemd hér að ofan.
   b. Vörur, sem eftir orðalagi textans geta bæði talizt til nr. 99.06 og nr. 99.01—99.05, skulu teljast til nr. 99.01—99.05.

5. Rammar um málverk, teikningar, pastelmyndir, myndstungur, prentmyndir og steinprentaðar myndir skoðast hlutar af verkunum, ef efni og verðmæti rammanna er í samræmi við þau.

---

| | | | |
|---|---|---|---|
| 99.01 | 00 | **Málverk, teikningar og pastelmyndir gerðar í höndunum að öllu leyti (þó ekki tæknilegir uppdrættir í nr. 49.06, og handskreyttar iðnaðarvörur)** | 0 |
| 99.02 | 00 | **Myndstungur, prentmyndir og steinprentaðar myndir, enda sé um frumverk að ræða** | 0 |
| 99.03 | 00 | **Höggmyndir og myndastyttur, úr hvers konar efni, enda sé um frumsmíði að ræða** | 0 |
| 99.04 | 00 | **Frímerki, stimpilmerki og önnur áþekk merki (þar með talin póststimpilmerki, póststimpluð umslög, bréfkort o. þ. h.), notuð, eða ef ónotuð þá ógild hér á landi** | 0 |
| 99.05 | 00 | **Dýrafræðileg, grasafræðileg, jarðfræðileg, líffærafræðileg, söguleg, fornfræðileg, steingervingafræðileg, þjóðfræðileg og myntfræðileg söfn og safnmunir** | 0 |
| 99.06 | 00 | **Forngripir yfir 100 ára gamlir** | 20% |

## 2. gr.

Auk þeirra vara, sem eru tollfrjálsar eftir tollskránni í 1. gr., eru eftirtaldar vörur einnig undanþegnar aðflutningsgjöldum:

1. Áhöld og innstæðumunir í farartækjum, sem koma hingað til lands frá útlöndum, enda séu áhöld þessi og innstæðumunir tilheyrandi farartækjunum sjálfum og að dómi tollyfirvalds ekki umfram það, sem hæfilegt má teljast með tilliti til stærðar farartækjanna, hvaða ferðum þau eru í og um hvaða áhöld og muni er að ræða, og áhöld þessi og innstæðumunir verði ekki fluttir hér úr farartækjunum.
2. Vistir og aðrar nauðsynjar, sem eru í farartækjum, sem koma hingað til lands frá útlöndum, enda verði vistir þessar og nauðsynjar áfram í farartækjunum til notkunar þeim, svo og áhöfn og farþegum til neyzlu og notkunar, og vistir þessar og nauðsynjar geti talizt hæfilegar og leyfilegar eftir reglum, sem fjármálaráðuneytið setur um þau efni. Einungis farartæki, sem eru í utanlandsferðum, geta þó notið þessarar undanþágu, en fjármálaráðuneytið segir fyrir um það í reglugerð, hvað teljast skuli utanlandsferðir í þessu sambandi.
3. Aðrar vörur, sem ekki á að flytja hér úr farartæki, en eiga að fylgja því aftur til útlanda. Fjármálaráðuneytið getur sett nánari reglur um meðferð þessara vara og hvaða skilyrðum skuli fullnægt, svo að þær verði tollfrjálsar.
4. Vanalegur farangur áhafna í farartækjum, sem koma hingað til lands frá útlöndum, en það gildir sem almenn regla, sem fjármálaráðuneytið getur gert undantekningu frá með reglugerðarákvæðum eða fyrirmælum í svipuðu formi, að með vanalegum farangri áhafna er átt við fatnað og aðrar nauðsynjar, sem tilheyra áhöfnum í skipum og öðrum farartækjum, sem koma hingað til lands frá útlöndum, að svo miklu leyti sem tollyfirvald telur farangur þennan til eigin nota áhafnanna sjálfra í farartækinu.
5. Vanalegur farangur ferðamanna, sem koma hingað til lands frá útlöndum, en það gildir sem almenn regla, sem fjármálaráðuneytið getur gert undantekningu frá með reglugerðarákvæðum eða fyrirmælum í svipuðu formi, að með orðunum vanalegur farangur ferðamanna er átt við fatnað og aðrar ferðanauðsynjar, sem farþegar í farartækjum, sem koma hingað til lands frá útlöndum, hafa meðferðis, að svo miklu leyti sem tollyfirvald telur farangur þennan til eigin nota farþeganna á ferðalaginu.

6. Fatnaður og aðrar ferðanauðsynjar hér búsettra manna, sem látizt hafa erlendis, enda beri vörur þessar með sér, að þær séu notaðar.
7. Heimilismunir, sem eru innfluttir af þeim, sem hafa verið búsettir erlendis minnst eitt ár, áður en þeir fluttu hingað til lands. Munirnir séu notaðir heimilismunir þessara manna frá því þeir voru búsettir erlendis það ár og hafi verið í eigu þeirra og notaðir af þeim allt það ár, þessir menn flytji raunverulega hingað til lands og munirnir beri þess merki, að þeir séu notaðir.

   Nánari skilyrði fyrir undanþágu þessari má setja í reglugerð m. a. um það, að hlutaðeigendur leggi fram skilríki fyrir tilskildri dvöl sinni erlendis og að þeir hafi raunverulega notað erlendis hina innfluttu muni, að þeir leggi fram skilríki fyrir búsetuheimild sinni hér og greiði gjald fyrir skoðun munanna. Þá skal og heimilt að ákveða, að undanþágan taki aðeins til heimilismuna að tilteknu verðmæti.

   Bifreiðar, bifhjól og bátar teljast ekki til heimilismuna, né munir, sem notaðir hafa verið við atvinnurekstur innflytjanda.

   Fjármálaráðherra sker úr ágreiningi um það, hvaða vörur skuli teljast til heimilismuna samkvæmt þessum tölulið.
8. Vörur til sendiráða, sendiræðismannsskrifstofa, diplómatískra sendimanna og sendiræðismanna erlendra ríkja, enda
   a. séu vörurnar fluttar inn af þessum aðilum eða keyptar af þeim fyrir milligöngu aðilja, sem fá þær tollafgreiddar fyrir þá,
   b. fram hafi verið borin ósk um það við utanríkisráðuneytið, að hlutaðeigandi innflytjandi eða kaupandi njóti hér tollfrelsis,
   c. viðkomandi afhendi og undirriti sundurliðaða tollskýrslu á þar til gerð eyðublöð um hina innfluttu eða keyptu vöru, sú skýrsla sé einnig undirrituð af forstöðumanni viðkomandi sendisveitar eða sendiræðismannsskrifstofu, ef annar á í hlut, og jafnan sé skýrslan með embættisstimpli hlutaðeigandi sendisveitar eða sendiræðismannsskrifstofu,
   d. og því sé lýst yfir, að vörurnar séu einungis til starfseminnar hér, eigin nota hlutaðeiganda, fjölskyldu hans og/eða fyrir heimilishald hans hér.

   Fjármálaráðherra getur sett nánari fyrirmæli um tollfrelsi samkvæmt þessum tölulið, svo sem um merkingu varanna o. þ. h. Enn fremur um að erlend ríki, sem ekki veita íslenzkum sendisveitum og sendimönnum sams konar tollfrelsi, skuli ekki njóta þess hér.
9. Skjaldarmerki, flögg, innsigli, stimplar og áprentuð eyðublöð, sem umbjóðendur kjörræðismanna erlendra ríkja senda þeim, enda beri vörur þessar það með sér, að þær séu ætlaðar til afnota í sambandi við ræðismannsstörfin.
10. Heiðursmerki veitt af erlendum ríkjum, svo og verðlaunagripir fyrir íþróttaafrek og önnur afrek, sem unnin eru erlendis.
11. Vörur, sem endursendar eru hingað frá útlöndum vegna þess, að þær seldust ekki þar, eða endursendar eru hingað af öðrum orsökum, enda séu færðar sannanir eða líkur, sem tollyfirvald tekur gildar, fyrir því, að um sé að ræða vörur útfluttar héðan.

    Það er skilyrði fyrir tollfrelsinu, að vörurnar komi hingað innan árs frá því þær fóru héðan. Ráðuneytið má þó víkja frá þessu, ef sérstaklega stendur á.
12. Endursendar tómar umbúðir, enda séu færðar þær sannanir eða líkur, sem tollyfirvald tekur gildar, fyrir því, að um sé að ræða umbúðir utan af útfluttum vörum héðan.

### 3. gr.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt:

1. Að fella niður gjöld af vöru, sem send er hingað til framhaldsflutnings (transit), enda greiði hlutaðeigandi kostnað tollgæzlunnar af eftirliti með henni, geymslu

hennar og flutningi og ákvæði laga nr. 47 11. júní 1960 um tollvörugeymslur eigi ekki við um framhaldsflutninginn, sbr. einkum IV. kafla laganna.

2. Að fella niður gjöld af vöru, sem hefur eyðilagzt, rýrnað eða orðið fyrir skemmdum á leið hingað til lands, við geymslu í vörzlum tollgæzlunnar eða farmflytjanda, enda sé eyðileggingin, rýrnunin eða skemmdirnar ekki viðtakanda að kenna, og vörunni sé fleygt undir tolleftirliti.
3. Að heimila — gegn fjártryggingu um endurútflutning og greiðslu tolla, ef endurútflutningur bregzt — tollfrjálsan innflutning á vörum, sem aðeins verða hér til sýningar eða flutnings um stundarsakir, og með sömu skilyrðum innflutning á vélum, tækjum og öðrum áhöldum, sem aðeins eru send hingað til reynslu um stuttan tíma.
4. Að heimila — með eða án fjártryggingar um endurútflutning og greiðslu tolla, ef endurútflutningur bregzt — tollfrjálsan innflutning um stuttan tíma á tækjum, verkfærum og öðru því líku, sem vísindamenn, vísindaleiðangrar, listamenn, verkfræðingar, iðnaðarmenn, björgunarleiðangrar og aðrir slíkir hafa meðferðis frá útlöndum til afnota við athuganir sínar hér, rannsóknir og starfsemi.
5. Að lækka eða fella niður gjöld af vöru, sem er send hingað til viðgerðar eða annarrar aðvinnslu.
6. Að láta koma til framkvæmda tollfrelsis- og tolllækkunarákvæði í milliríkjasamningum.
7. Að lækka eða fella niður gjöld af heimanfylgju brúða, sem flytjast hingað frá útlöndum og hafa haft þar fasta búsetu minnst 2 ár fyrir brúðkaupið, og enn fremur af venjulegum brúðargjöfum.
8. Að lækka eða fella niður gjöld af notuðum munum, sem hafa fallið í arf erlendis.

   Heimildin tekur ekki til bifreiða, bifhjóla eða báta.
9. Að lækka eða fella niður gjöld af gjöfum, sem sendar eru hingað frá útlöndum og góðgerðarfyrirtæki eða aðrar stofnanir eiga að annast dreifingu á til bágstaddra eða þvílíkra, svo og af notuðum munum til slíkra aðila. Enn fremur af gjöfum, sem aðilar erlendis senda hingað af sérstöku tilefni, þó ekki í atvinnuskyni, allt að 500.00 kr. virði að mati tollyfirvalds.
10. Að heimta ekki aðflutningsgjöld af bifreiðum og bifhjólum, er ferðamenn, sem hafa fasta búsetu erlendis og ekki reka hér atvinnufyrirtæki og ekki hafa hér heimilisfang eða eiginlega launaða atvinnu, flytja hingað til að nota hér um skamman tíma, ef þessum skilyrðum er fullnægt:
    a. Hlutaðeigandi ferðamenn aki sjálfir ökutækjum þessum, eða launaðir ökumenn þeirra, útlendir eða innlendir.
    b. Ökutækin séu ekki lánuð, leigð eða notuð til neins konar flutninga fyrir borgun.
    c. Ferðamennirnir hafi ökutækin með sér til útlanda, þegar þeir fara þangað. Þó verða ökutækin í öllum tilfellum að vera flutt út innan árs frá því að þau voru flutt hingað til lands.
    d. Ferðamennirnir hlíti þeim nánari reglum, sem fjármálaráðuneytið setur um þessi ökutæki og eftirlit með þeim.

    Ef framangreind skilyrði eru rofin eða forsendur fyrir hinum tollfrjálsa innflutningi falla niður að dómi toll- eða lögreglustjóra, mega þeir taka ökutækin þegar í stað úr umferð, og má þá tollyfirvald láta selja farartækin á opinberu uppboði til lúkningar aðflutningsgjöldum og kostnaði, eða hlutast til um endurútflutning þeirra á kostnað innflytjanda.
11. Að endurgreiða, lækka eða fella niður gjöld eða hluta af þeim
    a. af efnivörum í innlendar framleiðsluvörur og
    b. af umbúðum og efnum í umbúðir um innlendar framleiðsluvörur,

enda séu hinar innlendu framleiðsluvörur fluttar til útlanda til sölu þar og hægt sé að ganga úr skugga um magn og verð efnivaranna.

Ef hentara þykir, má greiða hinum innlendu framleiðendum bætur, sem svari sem næst til þeirra gjalda, sem greidd hafa verið af efnivörunum eða þess hluta gjaldanna, sem rétt þykir að endurgreiða.

Til efnivara í þessum tölulið telst lýsi, sem flutt er inn til að bæta íslenzkt útflutningslýsi.

12. Að lækka gjöld af efnivöru í innlenda iðnaðarvöru, ef gjöldin af sams konar iðnaðarvöru framleiddri erlendis eru jafnhá eða lægri en af efnivörunni, og verðmæti efnivörunnar er verulegur þáttur í kostnaðarverði innlendu iðnaðarvörunnar.

13. Ef vara úr tilteknu efni er með hærra gjaldi en sams konar vara úr öðru efni, að samræma gjöldin af vörunum. Allar slíkar ákvarðanir skulu þegar birtar í B-deild Stjórnartíðinda.

14. Að lækka eða fella niður gjöld af umbúðum og efnivörum, sem Áburðarverksmiðjan h.f. flytur inn til framleiðslu sinnar.

15. Að fella niður gjöld af kirkjuklukkum og öðrum hlutum og munum, sem eru eingöngu notaðir í kirkjum eða sérstaklega framleiddir til notkunar í þeim, enda ekki gerðir hér á landi á viðhlítandi verði að dómi fjármálaráðuneytisins. Undanþáguheimildin tekur ekki til hljóðfæra.

16. Að fella niður gjöld af hylkjum utan um gas- og lofttegundir, ef hylkin eru lánuð eða leigð hingað til lands.

17. Að fella niður gjöld af sýrum til votheysgerðar og efnum til fiturannsókna á mjólk.

18. Að lækka gjöld af filmum til ljósprentunar til samræmis við gjöld af prentletri.

19. Að fella niður gjöld af fræðslukvikmyndum og fræðandi skuggamyndum, sem fræðslumálastjórnin flytur inn og fær frá viðurkenndum vísinda- og fræðslustofnunum.

20. Að fella niður gjöld af ritum, sem Vestur-Íslendingar prenta vestanhafs, og af forn- og fræðiritum og öðrum þess háttar ritum á íslenzku, þar á meðal ritum, sem hafa menningarlegt gildi og gefin eru út í samvinnu við erlenda aðila.

21. Að lækka um allt að helming gjöld af garni úr ull, baðmull og gerviefnum til dúkagerðar.

22. Að lækka eða fella niður gjöld af vélum, sem eingöngu eru notaðar til framleiðslu á umbúðum um vörur, sem fluttar eru úr landi.

23. Að fella niður gjöld af myndamótum, sem fréttablöðin fá erlendis frá og þau eru áskrifendur að, svo og af myndamótum, sem eru lánuð hingað til lands og endursend eru að notkun lokinni.

24. Að lækka eða fella niður gjöld af vélum, sem eingöngu eru notaðar til veiðarfæragerðar.

25. Að heimila að gjöld af tækjum, sem send eru hingað til notkunar um stuttan tíma og endursend eru þegar að notkun lokinni, séu reiknuð af leigunni eftir tækin í stað venjulegs tollverðs.

26. Að umreikna gjöld af skýrsluvélum, sem teljast til nr. 84.52 og 84.53, til gjalda, er nemi ákveðnum hundraðshluta af leiguupphæð véla, miðað við eðlilegan endingartíma þeirra og hæfilega vexti af tollfjárhæð samkvæmt tollskrá.

Heimild þessi tekur aðeins til skýrsluvéla, sem teknar eru á leigu með að minnsta kosti 50 000 kr. ársleigu hver um sig. Fjármálaráðuneytið getur bundið undanþágu þessa hverju því skilyrði, sem henta þykir, þar á meðal ákveðið, að Skýrsluvélar ríkisins og Reykjavíkurborgar skuli annast innheimtu tollgjalds þessa og skila andvirði þess til tollstjóra.

27. Að lækka eða fella niður gjöld á allt að 50 bifreiðum árlega fyrir fólk með út-

vortis bæklanir eða lamanir, enn fremur fyrir fólk með lungnasjúkdóma og aðra hliðstæða sjúkdóma og loks fyrir fólk, sem þjáist af afleiðingum slysa, allt á svo háu stigi, að það getur ekki farið ferða sinna án farartækis. Lækkun gjalda á hverri einstakri bifreið má þó aldrei nema meiru en 40 þús. kr.

Fjármálaráðherra skipar þriggja manna nefnd, sem úrskurðar umsóknir um eftirgjafir aðflutningsgjalda af bifreiðum, og er ákvörðun nefndarinnar fullnaðarúrskurður um þetta efni. Skulu nefndarmenn vera læknar, og er einn nefndarmanna skipaður eftir tilnefningu Sambands íslenzkra berklasjúklinga, annar eftir tilnefningu Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra og sá þriðji án tilnefningar.

Enn fremur er ráðuneytinu heimilt að lækka eða fella niður fyrir framangreint fólk aðflutningsgjöld af gervilimum, sem ekki verða gerðir hér á landi.

Fjármálaráðherra setur nánari fyrirmæli um framkvæmd þessara ákvæða, ef með þarf.

28. Að endurgreiða gjöld af efni, vélum og tækjum í skip og báta, sem smíðaðir eru innanlands. Má miða endurgreiðsluna við tiltekna fjárhæð á hverja rúmlest. Þá er og heimilt að endurgreiða aðflutningsgjöld af efni, vélum og tækjum til viðgerða, breytinga og endurbóta á einstökum hlutum í skipum og bátum, eigi framkvæmdin sér stað innanlands, fari kostnaður viðgerða, breytinga og endurbóta fram úr kr. 500 000.00.
29. Að lækka í 30% gjöld af hljóðfærum fluttum inn til notkunar við kennslu í skólum.
30. Að endurgreiða gjöld af hreyflum minni en 200 hestöfl, sem settir eru í báta eða notaðir til raflýsingar á sveitabæjum, sem svari því að af vélunum sé greiddur 10% verðtollur.

    Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
31. Að lækka um allt að helmingi gjöld af efni í rafmagnsspenna.
32. Að lækka um ákveðinn hundraðshluta flutningsgjald eða hluta flutningsgjalds í tollverði vöru, ef varan er flutt inn flugleiðis, þó aðeins gjald fyrir samfelldan flutning í þeirri flugvél, er vöruna flytur hingað.
33. Að ákveða, að greiða skuli 15% verðtoll af lyfjum, sem teljast til nr. 30.05.00 og til númera í 13., 28. og 29. kafla tollskrárinnar, enda gefi ráðuneytið út sérstaka skrá með lyfjum þeim, er hér um ræðir.
34. Að lækka eða fella niður gjöld af umbúðum, sem notaðar eru við vélpökkun á kornvörum og sykri, enda séu umbúðirnar með viðeigandi áletrun.

### 4. gr.

Nú eru munir sendir til útlanda til viðgerðar, þvotta, bleikjunar, litunar, gyllingar, silfrunar eða annarrar aðvinnslu, og þeir breyta ekki svo eðli sínu við aðvinnsluna, að úr verði nýir hlutir, og við útflutning og innflutning munanna er fullnægt þeim skilyrðum, sem um ræðir í niðurlagi þessarar málsgr., og skal þá greiða af aðvinnslukostnaðinum, að viðbættum sendingarkostnaðinum báðar leiðir, þann hundraðshluta í aðflutningsgjöld, sem sams konar erlend aðflutt vara ber eftir tollskránni, þó ekki lægri verðtoll en 5%. Ef sams konar erlendar aðfluttar vörur eru undanþegnar gjöldum, skal greiða af mununum 5% af fyrrnefndum kostnaði, að viðbættum sendingarkostnaði báðar leiðir. Undanþága sú, sem felst í þessum ákvæðum, er þó þeim skilyrðum bundin, að munirnir séu sýndir tollstarfsmanni, áður en þeir eru fluttir til útlanda, tollstarfsmaður þessi votti, að munir þessir hafi verið sýndir honum og hann skrái lýsingu á mununum á vottorðið og að vottorð þetta sé lagt fram fyrir þann tollstarfsmann, sem annast tollmeðferð munanna við innflutning.

Ef hins vegar munir þeir, sem sendir eru til útlanda til aðvinnslu, breyta svo

eðli sínu við aðvinnsluna, að úr verði nýir hlutir, skal greiða af þeim gjöld eftir tollskránni eins og um væri að ræða erlenda aðflutta vöru.

Undanþegnar framangreindu gjaldi eru viðgerðir á íslenzkum skipum, bátum og flugvélum, sem fram fara erlendis. Af vélum, sem settar eru í íslenzk skip erlendis, skal þó greiða jafnhá gjöld og af sams konar innfluttum vélum, enda sé ekki um nýbyggingu að ræða.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að endurgreiða gjald það, sem um ræðir í þessari grein, af aðvinnslukostnaði íslenzkra framleiðslu- og iðnaðarvara erlendis, enda geti sá hluti aðvinnslunnar ekki farið fram hér á landi og vörurnar séu að vinnslu lokinni fluttar til útlanda til sölu þar.

## II. KAPÍTULI

# Tollmeðferð o. fl.

## A. Tollverð vara og verðtollun.

5. gr.

Verðmæti vöru við verðtollsákvörðun er yfirleitt verð hennar í útflutningslandinu, að viðbættum hvers konar kostnaði, sem ekki er innifalinn í verðinu og á hana fellur, unz hún kemur í íslenzka höfn, svo sem:

1. Greiðsla fyrir notkun einkaleyfis, vörumerkis eða annarra þvílíkra réttinda, ef um slíkt er að ræða.
2. Útflutningsgjald, ef það hvílir á vöru.
3. Verðmæti innri og ytri umbúða, þar með talin vinnulaun og annar kostnaður við pökkun og frágang vöru.
4. Útskipunarkostnaður, flutningsgjald og annar sendingarkostnaður, svo sem vátrygging, miðlunargjöld o. þ. h., sem fellur á vöru, þar til hún er affermd á ákvörðunarstað.

Verð vöru í útflutningslandinu, ásamt framangreindum kostnaði, kallast einu nafni tollverð vöru.

Ef verð vöru er undir almennu heildsöluverði á sams konar vörum eða vörum af svipuðu tagi til útflutnings á þeim stað og tíma, sem sala fór fram eða sending, ef um sölu er ekki að ræða, skal þó greiða verðtoll af hinu almenna heildsöluverði. Þó að greitt sé flutningsgjald, sem er undir almennu flutningsgjaldi, eða þó að greiddur sé annar sendingarkostnaður, sem er undir almennum sendingarkostnaði, skal allt að einu hið almenna flutningsgjald eða annar almennur sendingarkostnaður talinn í því tollverði, sem greiða skal af.

Almennt heildsöluverð vöru í næstu málsgr. hér á undan er verð hennar á frjálsum markaði í útflutningslandinu á þeim stað og tíma, sem sala fór fram, á milli seljanda og kaupanda, sem eru hvorir öðrum óháðir, og byggt á því

a. að verðið sé eina endurgjaldið fyrir vöruna,
b. að það hafi ekki haft áhrif á verðið, að sérstakt fjárhagslegt samband samkvæmt samningi eða á annan hátt sé á milli seljanda eða persónu í fjárhagslegu sambandi við hann, annars vegar, og kaupanda eða persónu í fjárhagslegu sambandi við hann, hins vegar,
c. að enginn arður af síðari sölu eða notkun vörunnar falli til seljanda, beint eða óbeint, eða til nokkurrar annarrar persónu, sem er í fjárhagslegu sambandi við hann.

Um fjárhagslegt samband tveggja manna er að ræða, ef annar hefur fjárhagslegra hagsmuna að gæta í viðskiptum eða eignum hins, eða ef báðir hafa fjárhags-

legra hagsmuna að gæta í viðskiptum eða eignum þriðja manns, eða hann hefur fjárhagslegra hagsmuna að gæta í viðskiptum eða eignum beggja hinna, beint eða óbeint.

Þegar um er að ræða vöru, sem keypt er til landsins, skal yfirleitt leggja hið umsamda kaupverð til grundvallar, þó með þeim leiðréttingum, sem kunna að vera nauðsynlegar til þess að færa verð vörunnar til rétts tollverðs samkvæmt reglum laga þessara.

Við leiðréttingu á verði má, þegar sérstaklega stendur á, t. d. þegar vara er flutt inn af dótturfyrirtæki eða útibúi, hafa hliðsjón af því verði, sem innflytjandi fær fyrir hana í endursölu.

6. gr.

Ef vara er send lengra en til fyrstu tollhafnar, er hægt hefði verið að afferma hana, má draga frá flutningsgjaldsauka þann og sendingarkostnað, sem sá framhaldsflutningur hefur valdið, ef gerð er fullnægjandi grein fyrir þeim kostnaðarauka. Þá skal og heimilt með sama skilyrði að draga frá þann hluta flutningsgjalds, sem greiddur er vegna slæmrar aðstöðu við affermingu, eða vegna þess, að farartæki affermir á fleiri stöðum en einum, ef gerð er fullnægjandi grein fyrir þeim kostnaðarauka.

7. gr.

Greiða skal verðtoll af afslætti og öðrum frádrætti, sem kaupanda er veittur. Fjármálaráðuneytið getur þó með reglugerðarákvæðum eða fyrirmælum í svipuðu formi gert undantekningu frá þessu ákvæði, ef um er að ræða afslátt eða annan frádrátt, sem almennt er veittur í verzlunarviðskiptum af vissu tagi.

8. gr.

Nú er vara seld til síðari afhendingar á tilteknum tíma, og skal þá greiða verðtoll af því verði, sem á þeim tíma, er kaup eru gerð, er hið almenna heildsöluverð til afhendingar á hinum tiltekna tíma. Ef vara er ekki endanlega seld hingað til lands, skal greiða verðtoll af verði eða verðmæti vöru til útflutnings á þeim stað og tíma, sem vara er send, en verð þetta má ekki vera lægra en almennt heildsöluverð á sams konar vöru eða vöru af svipuðu tagi á þeim stað og tíma. Ef í verðum þeim, sem um ræðir í þessari grein, eru ekki innifaldir kostnaðarliðir þeir, sem taldir eru í 1.—4. lið 5. gr. laga þessara, skulu þeir jafnan taldir í þeim tollverðum, sem greiða skal af.

9. gr.

Ef ekki fást fullnægjandi gögn um verð vöru, skal verðtollur greiddur af verði, sem svarar til verðs á sams konar vöru eða vöru af svipuðu tagi, með umbúðum, en án tolls, frá heildsala til smásala hér á landi á þeim tíma, sem vara fer til tollmeðferðar.

10. gr.

Nú telja tollstarfsmenn við tollmeðferð vöru, að verð það, sem tilgreint er í aðflutningsskýrslu og staðfest kann að vera með framlögðum skjölum, sé ekki hið rétta tollverð hennar, og skulu þeir þá ákveða verðið í samræmi við ákvæði laga þessara. Sama gildir, ef ekkert verð á vörunni er tilgreint.

Þurfi að fara fram mat á vörunni í þessu skyni, er tollyfirvaldi þó jafnan heimilt að láta dómkveðja menn til að framkvæma matið á kostnað viðtakanda. Skal það einkum gert, ef viðtakandi vöru finnst ekki, viðtöku hennar er neitað, vara er til muna skemmd eða matið þykir aðeins vera á færi sérfróðra manna.

Ef viðtakandi vöru telur sig ekki geta sætt sig við það verð, sem ákveðið hefur verið samkv. 1. og 2. málsgr., getur hann gert kröfu um yfirmat á henni, en gera skal

hann skriflega kröfu um matið til tollyfirvalds, áður en það afhendir eða samþykkir að afhenda megi viðtakanda vöruna. Tollyfirvald getur einnig krafizt yfirmats innan sama tíma. Eftir að fram er komin krafa um yfirmat skal tollyfirvald gera ráðstafanir til að matið verið framkvæmt, en það skulu gera þrír óvilhallir, dómkvaddir menn, og skulu þeir tilkynna viðtakanda vöru og tollyfirvaldi, hvar og hvenær matsgerð skuli fara fram. Matsmenn skulu ákveða verð vörunnar eftir ákvæðum laga þessara um tollverð eftir því, sem við verður komið og skal úrskurður þeirra vera endanlega bindandi fyrir báða aðila. Sá, sem yfirmats krefst, skal greiða matskostnaðinn, nema matið gangi honum í vil. Ákvæði 28. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit skulu gilda eftir því sem við á um matskostnað.

Nú fær innflytjandi vöru bætur fyrir skemmdir eða rýrnun, sem verða á vöru á leið hingað til lands, við affermingu eða í vörzlum tollyfirvalda eða í viðurkenndum tollvörugeymslum farmflytjanda, áður en hún er afhent honum og hann eða aðrir eiga ekki sök á skemmdunum eða rýrnuninni, og má þá tollyfirvald lækka tollverð vörunnar sem svarar bótunum, enda hafi tollstarfsmenn verið viðstaddir matsgerðina og telji bæturnar ekki of háar eftir ásigkomulagi vörunnar.

11. gr.

Nú er tollverð vöru eða einhver hluti þess tilgreint í erlendri mynt, og skal þá því eða þeim hluta þess við ákvörðun tollverðs breytt í innlenda fjárhæð. Skal farið eftir því sölugengi, sem skráð er á hinni erlendu mynt í bönkum hér á landi, þegar varan er tekin til tollmeðferðar, sbr. 14. gr. Bönkum og útibúum þeirra er skylt að gefa tollstarfsmönnum upplýsingar um gengi, er þeir æskja. Nú er ekkert gengi skráð hér í bönkum á einhverri mynt eða ekki næst vitneskja um það, og skal þá breyta tollverði eftir því gengi, sem fjármálaráðuneytið ákveður.

12. gr.

Ef verð vara, sem greiða ber af mismunandi háan verðtoll, er tilgreint í einni fjárhæð, skal greiða af öllum vörunum þann verðtollshundraðshluta, sem hvílir á þeirri af vörunum, sem ber hæstan verðtoll.

Þetta gildir þó ekki um ósundurliðaðan flutningskostnað fyrir sundurleitar vörur, ef viðtakandi afhendir til tollmeðferðar vörureikning, sem að minnsta kosti tilgreinir verð hverrar einstakrar vöru á innkaupsstað, og skiptir á aðflutningsskýrslu hinum ósundurliðaða flutningskostnaði niður á milli innkaupsverðs varanna innbyrðis.

13. gr.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að mæla svo fyrir með auglýsingu eða í reglugerð, að greiða skuli tiltekna tollfjárhæð af hverri einstakri nánar tilgreindri vöru, sem tollskyld telst í farangri farþega og áhafna, í stað venjulegra gjalda samkvæmt tollskránni.

Fjármálaráðuneytinu skal einnig heimilt að setja sérstakar reglur um mat á notuðum bifreiðum til tollverðs. Má ráðuneytið m. a. ákveða, að tollverðið miðist við verð bifreiðanna nýrra að frádregnum tilteknum hundraðshluta fyrir hvert ár eða hluta úr ári af aldri þeirra.

14. gr.

Um greiðslustað, gjalddaga og lögvernd aðflutningsgjalda fer eftir ákvæðum laga um tollheimtu og tolleftirlit.

Þó skal, er breyting verður á aðflutningsgjöldum og ekki er sérstaklega mælt fyrir á annan veg, taka hin nýju aðflutningsgjöld af þeim vörum, er eigi hafa verið teknar til tollmeðferðar, er breytingin öðlast gildi, þó að inn hafi verið fluttar fyrir breytinguna. Í þessu sambandi telst vara tekin til tollmeðferðar, þegar fyrir hendi er eitthvert þeirra tilvika, sem um ræðir í 1.—4. tölulið hér á eftir:

1. Hlutaðeigandi tollstofnun hefur tekið við skjölum þeim yfir vöruna, sem afhenda ber þangað vegna tollmeðferðar hennar, enda fullnægi skjölin að öllu leyti þeim skilyrðum, sem þurfa að vera fyrir hendi, til þess að hægt sé að tollafgreiða vöruna þegar í stað.
2. Tollyfirvald hefur afhent eða leyft að afhenda vöruna gegn tryggingu, sbr. 22. gr. laga þessara.
3. Endursendingarskírteini hefur verið gefið út um vöruna samkvæmt 30. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit.
4. Tollyfirvald lætur selja vöruna á uppboði til lúkningar aðflutningsgjöldum, sbr. 28. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit.

Ef aðflutningsgjöld lækka eftir að skjöl eru afhent samkv. 1. tölulið, en áður en tollgreiðsla fer fram, skal þó greiða hin lægri gjöld.

Nú hefur vara komizt í hendur viðtakanda, án þess að hún hafi verið tollafgreidd og án leyfis tollyfirvalda, og skal þá heimilt að innheimta af henni hæstu aðflutningsgjöld, er í gildi hafa verið fyrir vöru þeirrar tegundar á tímabilinu frá því varan var flutt inn, þar til aðflutningsgjöld eru að fullu greidd af henni.

## B. Aðflutningsskýrsla.

### 15. gr.

Áður en viðtakandi (innflytjandi, eigandi eða annar) vitjar innfluttrar vöru eða sendingar, skal hann afhenda hlutaðeigandi tollyfirvaldi skriflega skýrslu (aðflutningsskýrslu) um vöruna eða sendinguna. Enn fremur skal hann framvísa eða láta framvísa vörunni eða innihaldi sendingarinnar fyrir tollstarfsmönnum til skoðunar. Þetta tekur þó ekki til sendinga, sem póststofnanir — eftir nánari reglum settum af fjármálaráðuneytinu — mega afhenda beint til viðtakenda. Fjármálaráðuneytið hefur þó heimild til að mæla svo fyrir, að ekki þurfi að gefa skriflega skýrslu um vörur eða sendingar af vissu tagi, sem ekki eru á farmskrá, svo og að fresta framvísunarskyldu viðtakenda á vörum eða innihaldi sendinga fyrir tollstarfsmönnum til skoðunar.

Viðtakanda vöru er heimilt að telja gjald fyrir framvísun vörunnar í kostnaðarverði vöru, samkvæmt gjaldskrá, sem ráðuneytið samþykkir.

### 16. gr.

Eftirtalin atriði skal viðtakandi tilgreina í aðflutningsskýrslu:

1. Nafn viðtakanda eða firma hans og heimilisfang.
2. Hvernig varan eða vörurnar eru komnar til þess staðar, þar sem tollafgreiðslan á að fara fram, og hvenær þær komu þangað (heiti farartækis, komudagur o. þ. h.).
3. Stykkjafjölda og tegund umbúða, ef vara eða sending er í umbúðum.
4. Auðkenni á stykkjum (nöfn, merki, númer o. s. frv.).
5. Tollskrárnúmer hverrar einstakrar vörutegundar, með fullri 6 stafa tölu.
6. Í hvaða landi vara er framleidd og í hvaða landi hún er keypt.
7. Tegund vara eða vöru sem nákvæmast.
8. Brúttó- og/eða nettóþyngd hverrar einstakrar vörutegundar eftir því sem nánar er ákveðið af fjármálaráðuneytinu. Enn fremur stykkjatölu, lítratölu eða rúmmál vörusendingar, þar sem það á við, samkvæmt nánari ákvörðun fjármálaráðuneytisins.
9. Verð eða verðmæti hverrar einstakrar vöru kominnar um borð í farartæki, sem flytur hana hingað til lands (fob-verð eða fob-verðmæti), bæði í erlendri og innlendri mynt.
10. Flutningsgjald hverrar einstakrar vöru og skal tilgreina það án sérstaks afsláttar.

11. Vátryggingariðgjald, miðlaraþóknun, umboðslaun (þóknun fyrir innkaup vöru) og annan kostnað á leiðinni hingað til lands sérstaklega fyrir einstaka vöru án sérstaks afsláttar.
12. Önnur atriði, sem fjármálaráðuneytinu þykir ástæða til að tekin séu upp í aðflutningsskýrslu, og varða innkaup, viðskipti, innflutning, vöru, sendingu o. þ. h. og eyðublöð þau, sem gerð eru fyrir aðflutningsskýrslur, gera ráð fyrir að svarað verði um þessi atriði.

Þá skal og vera í aðflutningsskýrslu yfirlýsing viðtakanda um það,

*að* þeir vörureikningar, sem hann afhendir með aðflutningsskýrslu, eigi við vöru eða vörur þær, sem tilgreindar eru í skýrslunni,

*að* reikningarnir og önnur tilgreind framlögð skjöl um kostnað á leið hingað til lands séu rétt,

*að* með upphæðum þeim, sem tilgreindar séu í framlögðum skjölum og aðflutningsskýrslu, komi fram, hvað varan eða vörurnar kosta komnar hingað til lands (cif).

*að* frá upphæðum þessum sé ekki reiknaður afsláttur vegna staðgreiðslu eða annar sérstakur afsláttur eða frádráttur, sem ekki er greinilega tilgreindur í skjölunum, og

*að* ekki sé kunnugt um það, að verð það, sem tilgreint er í vörureikningum, sé lægra en almennt gildandi markaðsverð í heildsölu á tilsvarandi magni af sams konar vörum eða vörum af svipuðu tagi til útflutnings á þeim stað og tíma, sem sala fór fram, ef um sölu o. þ. h. er að ræða, en í öðrum tilvikum, þegar vara var send.

Fjármálaráðuneytið má setja nánari fyrirmæli um aðflutningsskýrslur og ákveða hvað þær skuli afhentar í mörgum eintökum.

### 17. gr.

Nú setja samtök kaupsýslumanna eða aðrir aðilar á stofn eða reka skrifstofur til þess að annast frágang aðflutningsskjala til tollmeðferðar og framvísun vara til skoðunar og er þá innflytjanda við verðlagningu vara heimilt að telja gjald fyrir slíka þjónustu í kostnaðarverði vöru, samkvæmt gjaldskrá, sem ráðuneytið samþykkir.

### 18. gr.

Tollyfirvald getur neitað að taka við skjölum til tollmeðferðar, ef aðflutningsskýrslueyðublað er ekki rétt og nákvæmlega útfyllt, tilskilin gögn ekki afhent, eða öðrum settum skilyrðum ekki fullnægt.

Ef síðar kemur í ljós, að afhentum skjölum er áfátt, getur tollstofnun neitað um tollafgreiðslu, unz úr er bætt.

## C. Vörureikningar og önnur staðfestingarskjöl.

### 19. gr.

Viðtakendur eru skyldir til að afhenda til tollmeðferðar með aðflutningsskýrslu frumrit eða samrit af sölu- eða vörureikningi yfir hina innfluttu vöru eða sendingu og skal tollyfirvald halda þessu reikningseintaki eftir.

Sé vara eða sending endanlega seld hingað til lands, skal sölureikningurinn undirritaður af seljanda eða þeim, er samkvæmt lögum í landi seljanda hefur rétt til að skuldbinda hann eða firma hans. Þá skal sölureikningurinn tilgreina eftirtalin atriði:

1. Nafn og heimili sendanda.
2. Hvar og hvenær reikningurinn er gefinn út.
3. Nafn og heimili kaupanda.
4. Tölu stykkja og þunga þeirra með umbúðum, tegund umbúða, nöfn, merki,

númer o. þ. h. á stykkjum og séu í sendingu, sem í eru fleiri en eitt stykki, tvær eða fleiri vörutegundir, skal tilgreina á reikningnum, hvaða vörur séu í hverju stykki og hvernig það stykki sé merkt og hver sé þungi þess.

5. Nöfn þeirra vörutegunda, sem reikningurinn hljóðar um, og má ekki nota verð- eða vörulistanúmer o. þ. h. í stað vörutegundarheita.
6. Framleiðsluland vörunnar.
7. Söluverð hverrar einstakrar vörutegundar, bæði einingar- og heildarverð, og skulu allir töluliðir reikningsins lagðir saman og aðalupphæð hans skýrt tilgreind.
8. Nettóþyngd hverrar einstakrar vörutegundar í sendingu, svo og stykkjatölu.
9. Afslátt og annan frádrátt, sem er veittur, upphæð hans og hvers vegna frádrátturinn er gerður, og nægja þar ekki almenn orðatiltæki, eins og t. d. verzlunarafsláttur o. þ. h.
10. Hvenær sala fór fram, hvernig vara er seld (fob, cf, cif o. þ. h.) og í hvaða mynt reikningsverð er tilgreint.
11. Greiðsluskilmála og önnur greiðsluskilyrði.
12. Yfirlýsingu seljanda um það,
    *að* allar vörur í sendingunni séu taldar í reikningnum,
    *að* vörurnar séu tilgreindar með því verði, sem þær eru seldar fyrir, og
    *að* ekki sé kunnugt um það, að söluverð varanna sé lægra en almennt gildandi heildsöluverð á sams konar vörum eða vörum af svipuðu tagi til útflutnings á þeim stað og tíma, sem sala fór fram. Sé söluverðið lægra, skal einnig tilgreina á reikningnum hið almenna heildsöluverð.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að mæla svo fyrir með auglýsingu eða reglugerð, að viðtakendur aðfluttra vara skuli sjá svo um, að vörureikningur tilgreini nákvæmlega tollskrárnúmer vara, samkvæmt Brüssel-skránni.

Nú er vara ekki endanlega seld hingað til lands, og skal þá vörureikningurinn, sem afhenda skal til tollmeðferðar með aðflutningsskýrslunni, vera gerður og undirritaður af sendanda vöru eða sendingar erlendis, og skal vörureikningurinn tilgreina, eftir því sem við á, sömu atriði og sölureikningar yfir selda vöru, sbr. 1.—11. töluliö 2. málsgr. þessarar gr. Sem verðmæti skal tilgreina, ef hægt er, almennt heildsöluverð á sams konar vöru eða vöru af svipuðu tagi til útflutnings á þeim stað og tíma, sem vara er send, en ella það verð, sem ætlazt er til, að varan eða sendingin seljist fyrir.

Einn og sami sölu- eða vörureikningur skal vera fyrir hverja innflutta sendingu (þ. e. einn sölu- eða vörureikningur yfir vöru eða sendingu á einu og sama farmskírteini, fylgibréfi eða öðru flutningsskírteini). Annist sendandi erlendis innkaup hjá einum eða fleiri aðilum fyrir viðtakanda hérlendis, skal sendandi láta fylgja sendingunni einn heildarreikning yfir innkaupin, þóknun sína og annan útlagðan kostnað á sendingarstað, ásamt sölu- eða vörureikningi frá hverjum einstökum aðila, sem keypt er hjá, og skulu þessir reikningar afhentir til tollmeðferðar ásamt heildarreikningi. Þessir einstöku sölu- eða vörureikningar skulu að öðru leyti fullnægja fyrirmælum þessarar greinar um einstök atriði.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að mæla svo fyrir í auglýsingu eða með reglugerð, að tilgreina skuli í vörureikningum fleiri atriði en talin eru í þessari grein, svo og skal ráðuneytinu heimilt að veita undanþágu frá einstökum atriðum í henni, ef þurfa þykir.

## 20. gr.

Viðtakendur vöru eru skyldir til að afhenda til tollmeðferðar með aðflutningsskýrslu farmskírteini, fylgibréf eða annað flutningsskírteini, reikning yfir umbúðakostnað, pökkunarlista, efnagreiningu og önnur skjöl og gögn, sem geta verið til staðfestingar þeim atriðum, sem tilgreind eru í aðflutningsskýrslu og sölu- eða vörureikningi, eða fela í sér upplýsingar um tegund vöru, samsetningu hennar, magn

og verð. Krefjast má þess, að farmskírteini, fylgibréf eða annað flutningsskírteini sé afhent í tvíriti og má tollstofnunin þá halda öðru eftir. Gera má hún afrit af staðfestingarskjölum, ef ástæða þykir til.

21. gr.

Ef viðtakandi vöru eða sendingar leggur ekki fram til tollmeðferðar gögn þau, sem 19. og 20. gr. taka til, eða sölu- eða vörureikningur tilgreinir ekki þau atriði, sem fyrirskipuð eru í 19. gr. og verulegu máli skipta, skal greiða verðtoll af því tollverði, sem ákveðið verður eftir reglum laga þessara, með 10% viðauka við það.

Ef ekki er um venjulega verzlunarvöru að ræða, vara er að mun skemmd eða alveg sérstaklega stendur á, má tollyfirvald sleppa 10% hækkun á tollverði, sem um ræðir í 1. málsgr. þessarar gr.

22. gr.

Nú gerir viðtakandi vöru það sennilegt, að hann hafi ekki fengið þau gögn, sem 19. og 20. gr. taka til, eða ef þau eru ekki fullnægjandi, og má þá tollyfirvald afhenda viðtakanda eða leyfa að afhenda viðtakanda vöru gegn því, að hann greiði allan kostnað af tollskoðun og setji þá fjártryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda og kostnaðar, sem tollyfirvald ákveður, og að viðtakandi afhendi þau gögn, sem vantar, eða leiðrétti þau gögn, sem misfellur eru á, innan hæfilegs tíma, sem tollyfirvald tiltekur. Ef vanefndir verða á því, má tollyfirvald ákveða gjöldin og taka fjártrygginguna upp í þau.

23. gr.

Ef nauðsynlegt þykir að ganga úr skugga um það, hvort verð eða önnur atriði í aðflutningsskýrslum, sölu- eða vörureikningum eða staðfestingargögnum séu eða hafi verið rétt tilgreind, er tollstjóra heimilt að krefjast aðgangs að verzlunarbókum hlutaðeiganda, bréfaviðskiptum og öðrum skjölum, sem að dómi hans geta veitt upplýsingar um nefnd atriði.

24. gr.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að ákveða með reglugerð, að viðtakandi vöru skuli, innan ákveðinna tímamarka frá komudegi hennar til landsins, afhenda til tollmeðferðar fullgild aðflutningsskjöl um vöruna eða tiltekin skjöl um hana. Má leggja viðurlög við því, ef þeirri skyldu er ekki fullnægt, svo sem greiðslu dráttarvaxta, dagsektir og stöðvun tollafgreiðslu til hlutaðeigandi aðila.

25. gr.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að koma á sérstöku vörureikningseftirliti til athugunar á því, hvort verð það, sem tilgreint er á vörureikningi, sé undir almennu tollverði, eða hvort um undirboð o. þ. h. sé að ræða.

Fjármálaráðuneytið setur nánari fyrirmæli um slíkt eftirlit.

26. gr.

Við tollskoðun er tolleftirlitinu heimilt að taka og halda eftir nauðsynlegum sýnishornum af vörunni.

Sýnishorn þessi skulu geymd í sérstöku sýnishornasafni við tollstjóraembættið í Reykjavík og skal gefa þaðan upplýsingar um tollflokkun varanna.

Fjármálaráðherra setur nánari fyrirmæli um sýnishornasafnið.

### D. Undirboðs- og jöfnunartollar.

27. gr.

Nú má ætla, að erlend vara sé flutt inn eða boðin fram með undirboðskjörum (dumping) og slíkt geti stofnað innlendum atvinnurekstri í hættu eða torveldað hann að mun, og má þá fjármálaráðherra leggja á sérstakan undirboðstoll til að hamla gegn slíkum viðskiptum.

Þá má fjármálaráðherra í sama skyni og með sömu skilyrðum leggja á sérstakan jöfnunartoll, ef ætla má, að útflutningsverðlaun, uppbætur, endurgreiðslur o. þ. h. erlendis hafi sams konar áhrif hér á landi og getið er í 1. málsgr. þessarar gr.

Ákvarðanir fjármálaráðherra um þetta efni taka gildi frá og með þeim degi, sem þær eru birtar í A-deild Stjórnartíðinda.

Undirboðs- og jöfnunartolla má ekki leggja á til lengri tíma en 6 mánaða í senn.

28. gr.

Með undirboði eða undirboðskjörum í lögum þessum er átt við það, ef erlend vara er flutt inn eða boðin fram

a. á verði, sem er lægra en sambærilegt verð í útflutningslandinu á tilsvarandi vöru við venjuleg viðskiptaskilyrði, eða
b. ef slíkt verð er ekki fyrir hendi í útflutningslandinu, þá annaðhvort
   1. á verði, sem er lægra en hæsta útflutningsverð á tilsvarandi vöru til einhvers annars lands, eða
   2. á verði, sem er lægra en framleiðslukostnaður vörunnar í upprunalandinu, að viðbættu sanngjörnu álagi fyrir sölukostnaði og ágóða.

Við samanburð þann, er um ræðir í 1. málsgr., skal taka tillit til mismunandi sölu- og afgreiðsluhátta, flutningskostnaðar, skatta og annars slíks aðstöðumunar, sem skipt getur máli.

29. gr.

Undirboðstollur má ekki vera hærri en sem svarar undirboðinu, þ. e. a. s. mismuninum á undirboðsverðinu og verðinu, sem tekið er til samanburðar.

Jöfnunartollur má ekki vera hærri en sem svarar greiðslum eða uppbótum, sem beint eða óbeint eru látnar í té í sambandi við framleiðslu, vinnslu, útflutning eða flutning varanna.

30. gr.

Leggja má undirboðs- og jöfnunartolla eftir framangreindum ákvæðum á eina eða fleiri vörur eða vörutegundir, á vörur frá einum eða fleiri sendendum eða vörur frá einu eða fleiri löndum.

Undirboðs- og jöfnunartolla má leggja á til bráðabirgða, þar til nánari upplýsingar liggja fyrir, ef ætla má, að dráttur kunni að valda tjóni. Slíka bráðabirgða undirboðs- og jöfnunartolla má þó ekki leggja á til lengri tíma en eins mánaðar, og skal sá mánaðartími vera innifalinn í þeim 6 mánuðum, sem um ræðir í síðustu málsgr. 27. gr., ef um það er að ræða.

Fjármálaráðherra getur sett nánari ákvæði um undirboðs- og jöfnunartolla og um skil á þeim. Njóta skulu tollar þessir sömu lögverndar og aðflutningsgjöld samkvæmt tolllögum.

31. gr.

Fjármálaráðherra skal, svo fljótt sem unnt er, skýra Alþingi frá álagningu undirboðs- og jöfnunartolla og ástæðunum fyrir álagningu þeirra.

32. gr.

Til rannsóknar á því, hvort skilyrði séu fyrir hendi til að leggja á undirboðs- og jöfnunartoll, skal fjármálaráðuneytinu heimilt að krefja atvinnurekendur um

upplýsingar, sem geta skipt máli við ákvörðun tollsins og ef nauðsyn krefur, getur ráðuneytið látið athuga verzlunarbækur hlutaðeiganda, bréfaviðskipti og önnur skjöl, sem að áliti þess geta skipt máli við tollákvörðunina.

## E. Ýmis ákvæði.

### 33. gr.

Nú er lagður á vörumagnstollur og skal hann þá miðaður við þyngd vöru með umbúðum, nema annað sé tekið fram.

Brot úr tolleiningu, sem nemur helmingi eða meira, skal talið sem heil tolleining.

Fjármálaráðuneytið getur sett nánari ákvæði um vörumagnstoll, þ. á m. ákveðið, að séu saman í umbúðum vörur, sem mishár vörumagnstollur er á, skuli greiða af öllum vörunum þann vörumagnstoll, sem hvílir á þeirri vörunni, sem ber hæstan vörumagnstoll.

Um aðflutningsskýrslur og önnur skjöl viðvíkjandi vörumagnstolli skulu gilda sömu reglur og um verðtoll, eftir því sem við á.

### 34. gr.

Nú rís ágreiningur um það, hvort tiltekin vara sé gjaldskyld eða gjaldfrjáls eftir lögum þessum, eða hvort tiltekin vara skuli teljast fremur til eins en annars tollskrárnúmers, og skal þá fjármálaráðherra skera úr þeim ágreiningi og er sá úrskurður fullnaðarúrskurður í málinu.

Fjármálaráðherra er heimilt að skipa sérstaka nefnd og fela henni að gera tillögur um úrskurði þá, sem um ræðir í 1. málsgr. þessarar gr.

Þegar leitað er úrskurðar samkvæmt þessari gr. skulu fylgja erindinu öll þau skjöl, sem skipta máli um tollun vöru, s. s. tollreikningur, sölu- eða vörureikningur og önnur staðfestingargögn, sem talin eru í 20. gr. laga þessara. Þá skal og senda með erindinu sýnishorn af vörunni, en verði því ekki við komið, skal senda nákvæma teikningu, mynd eða lýsingu á vöru þeirri, sem ágreiningur er um.

Ráðuneytinu og nefnd þeirri, sem um ræðir í 2. málsgr. þessarar gr., skal heimilt að kveðja sér til aðstoðar sérfróða menn, svo og að krefja einstaklinga, félög, fyrirtæki og stofnanir um upplýsingar, er nauðsynlegar þykja við flokkun vara eða við ákvörðun tollverðs.

### 35. gr.

Viðtakandi aðfluttrar vöru skal inna af hendi eða sjá um þá vinnu og aðstoð, sem nauðsynleg er við tollmeðferð vöru, að dómi tollstarfsmanna.

Tollyfirvaldi er heimilt að ráða ákveðna menn til að láta í té nauðsynlega vinnu og aðstoð við tollmeðferð vöru og að krefja viðtakendur um þóknun fyrir þessi störf eftir gjaldskrá, sem fjármálaráðuneytið setur. Má neita um tollafgreiðslu, unz gjaldið er greitt, en viðtakanda skal heimilt að leggja gjald þetta á vöruna.

### 36. gr.

Aðflutningsgjöld skal innheimta í heilum krónum, þannig að 50 aurar og þar yfir telst 1 króna, en lægri upphæð sé sleppt.

### 37. gr.

Tollstjórar skulu, í byrjun hvers mánaðar, senda tollendurskoðuninni og Hagstofunni, hvorri um sig, eintak af öllum aðflutningsskýrslum afgreiddum í undangengnum mánuði. Tollendurskoðunin og Hagstofan kveða nánar á um skil tollyfirvalda á aðflutningsskýrslum, þar á meðal um skilafresti.

### F. Refsiákvæði.

38. gr.

Hver, sem lætur tollyfirvaldi í té aðflutningsskýrslu, sbr. 15. gr., sem ekki er í samræmi við innihald sendingar, tegund vöru, magn eða verð, sæti sektum, nema hann geti óvéfengjanlega sýnt fram á það, að ósamræmið verði rakið til atriða, sem hann eða sá, sem gaf skýrslu fyrir hans hönd, gátu ekki haft áhrif á.

Ef röng aðflutningsskýrsla er hins vegar látin í té með þeim ásetningi að svíkja toll eða önnur gjöld, eða til að losna við þau, eða ef sá, sem skýrslu gaf, hefði átt að sjá, að skýrslan gat haft þessi áhrif, varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum. Samsvarandi refsingu skal sá sæta, sem leggur fram röng gögn til staðfestingar því verði, sem upp er gefið í aðflutningsskýrslu, og hann vissi eða hlaut að vita að voru röng og gætu haft framangreind áhrif.

Tilraun og hlutdeild í brotum samkvæmt þessari grein eru refsiverð eftir því, sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

Auk þeirra refsinga, sem um ræðir í þessari grein, má svipta þann, sem verður sekur um þar nefnd brot, leyfi til verzlunar um tiltekinn tíma, eða ævilangt, ef brot er margítrekað.

39. gr.

Tollstarfsmönnum öllum er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að í starfi sínu um verzlunarhagi einstakra manna og fyrirtækja, þar með talin hvers konar vitneskja, sem ráða má af samritum af sölu- og vörureikningum, sem tollstofnanir halda eftir.

40. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1963 og falla þá jafnframt úr gildi eftirtalin lagaákvæði:

Lög nr. 90 25. nóv. 1954, um tollskrá o. fl.

Lög nr. 75 8. des. 1955 um breyting á lögum nr. 90 25. nóv. 1954, um tollskrá o. fl.

Lög nr. 27 29. maí 1957 um breyting á lögum nr. 90 25. nóv. 1954, um tollskrá o. fl.

Enn fremur 9.—11. og 22. gr. laga nr. 4 20. febr. 1960, um efnahagsmál.

Sömuleiðis 2. töluliður 1. gr. I. kafla laga nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt, svo og III. kafli sömu laga. Þá falla úr gildi 4. og 5. gr. laga nr. 90 13. des. 1962 um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga.

Eftir gildistöku laga þessara skal gjald það, sem um ræðir í 5. gr. laga nr. 68 17. ágúst 1956, um tollheimtu og tolleftirlit, sbr. 2. málsgr. 4. gr. laga nr. 90 13. des. 1962, lækka í ½% og greiðist af innheimtum aðflutningsgjöldum samkvæmt tollskrá.

Á sama hátt og með sama hundraðshluta skal greiða gjald það til Byggingasjóðs ríkisins sem innheimt hefur verið sem álag á aðflutningsgjöld samkvæmt tollskrá, sbr. a-lið 4. töluliðs 3. málsgr. 3. gr. laga nr. 42 1. júní 1957, um húsnæðismálastofnun, Byggingasjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyting á I. kafla laga nr. 36/1952 o. fl.

Greiða skal á árinu 1963 af innheimtum aðflutningsgjöldum samkvæmt tollskrá til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga það, sem á kann að vanta, að hluti sjóðsins af söluskatti samkvæmt 1. tölulið 1. gr. laga nr. 10 1960 um söluskatt og a-lið bráðabirgðaákvæðis sömu laga, nái 104 milljónum króna á árinu 1963.

Nú hefur innflytjandi, áður en lög þessi ganga í gildi, afhent til tollmeðferðar skjöl, sem eru að öllu leyti fullnægjandi til þess, að hægt sé að tollafgreiða við-

komandi vörur þegar í stað, og skal þá, ef aðflutningsgjöld hækka á vörunni samkvæmt lögum þessum, taka hin eldri og lægri tollgjöld af henni, en þó því aðeins að tollafgreiðsla eigi sér stað innan 6 daga frá gildistöku laganna.

Meðan endurskoðun á lögum um gjald af innlendum tollvörutegundum fer fram, er fjármálaráðherra heimilt að lækka gjald af vöru samkvæmt lögum nr. 60 30. des. 1939, sbr. 1. gr. laga nr. 90 13. des. 1962, ef hann telur lækkun aðflutningsgjalda samkvæmt 1. gr. laga þessara hafa orðið þess valdandi, að varan beri eftir breytinguna of hátt framleiðslugjald miðað við aðflutningsgjald af sams konar vöru innfluttri.

*Gjört í Reykjavík, 29. apríl 1963.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**
(L. S.)

*Gunnar Thoroddsen.*

21. marz. Nr. 8.

# LÖG

## um breyting á lögum nr. 124 22. des. 1947, um dýralækna.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

1. gr. laganna orðist svo:

Dýralæknisumdæmi í landinu skulu vera sem hér segir:

1. Gullbringu- og Kjósarsýsluumdæmi: Reykjavík, Kópavogskaupstaður, Hafnarfjörður, Keflavík, Gullbringu- og Kjósarsýsla.
2. Borgarfjarðarumdæmi: Borgarfjarðarsýsla og Akraneskaupstaður.
3. Mýrasýsluumdæmi: Mýrasýsla.
4. Snæfellsnesumdæmi: Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla.
5. Dalaumdæmi: Dalasýsla og Austur-Barðastrandarsýsla vestur að Klettshálsi.
6. Barðastrandarumdæmi: Flateyjarhreppur og Múlahreppur í Austur-Barðastrandarsýslu, Vestur-Barðastrandarsýsla og Auðkúluhreppur, Þingeyrarhreppur og Mýrahreppur í Vestur-Ísafjarðarsýslu.
7. Ísafjarðarumdæmi: Mosvallahreppur, Flateyrarhreppur og Suðureyrarhreppur í Vestur-Ísafjarðarsýslu, Ísafjarðarkaupstaður, Norður-Ísafjarðarsýsla og Árneshreppur í Strandasýslu.
8. Vestur-Húnaþingsumdæmi: Vestur-Húnavatnssýsla og Strandasýsla að Árneshreppi.
9. Austur-Húnaþingsumdæmi: Austur-Húnavatnssýsla.
10. Skagafjarðarumdæmi: Skagafjarðarsýsla, Sauðárkrókur og Siglufjörður.
11. Vestur-Eyjafjarðarumdæmi: Akureyri, Ólafsfjörður, Hrafnagilshreppur, Glæsibæjarhreppur, Öxnadalshreppur, Skriðuhreppur, Arnarneshreppur, Árskógsstrandarhreppur, Svarfaðardalshreppur, Dalvík og Hrísey.
12. Austur-Eyjafjarðarumdæmi: Grímsey, Saurbæjarhreppur, Öngulsstaðahreppur og Grýtubakkahreppur, Svalbarðsstrandarhreppur og Hálshreppur í Suður-Þingeyjarsýslu.
13. Þingeyjarþingsumdæmi: Suður-Þingeyjarsýsla austanverð, Húsavík og Norður-Þingeyjarsýsla.

14. Austurlandsumdæmi: Norður-Múlasýsla, Seyðisfjörður, Neskaupstaður og Suður-Múlasýsla að Breiðdalsheiði.
15. Austur-Skaftafellssýsluumdæmi: Austur-Skaftafellssýsla og Suður-Múlasýsla norður að Breiðdalsheiði.
16. Vestur-Skaftafellssýsluumdæmi: Vestur-Skaftafellssýsla og Austur-Eyjafjallahreppur í Rangárvallasýslu.
17. Rangárvallaumdæmi: Rangárvallasýsla að Austur-Eyjafjallahreppi.
18. Selfossumdæmi: Villingaholtshreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Stokkseyrarhreppur, Eyrarbakkahreppur, Sandvíkurhreppur, Selfosshreppur, Hraungerðishreppur, Ölfushreppur, Selvogshreppur, Hveragerðishreppur og Vestmannaeyjar.
19. Laugarásumdæmi: Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Skeiðahreppur, Biskupstungnahreppur, Grímsneshreppur, Laugardalshreppur, Þingvallahreppur og Grafningshreppur.

Landbúnaðarráðherra ákveður, hvar héraðslæknar skuli hafa búsetu.

Meðan ekki fást dýralæknar í hin lögákveðnu dýralæknisumdæmi, samkvæmt þessari grein, er héraðsdýralæknum skylt að gegna dýralæknisstörfum í þessum umdæmum, samkvæmt ákvörðun ráðherra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt eru úr gildi fallin lög nr. 19/1955, um breyting á lögum nr. 124/1947, lög nr. 7/1959, um breyting á lögum nr. 19/1955, um breyting á lögum nr. 124/1947, og lög nr. 38/1960, um breyting á lögum nr. 7/1959, um breyting á lögum nr. 19/1955, um breyting á lögum nr. 124/1947, um dýralækna.

*Gjört að Bessastöðum, 21. marz 1963.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Ingólfur Jónsson.*

STJÓRNARTÍÐINDI A 3 — 1963



# LÖG

## um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa h/f Hval innflutning á hvalveiðiskipi.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ráðherra skal heimilt að leyfa h/f Hval innflutning á einu hvalveiðiskipi, þó eldra sé en 12 ára, sbr. 35. gr. laga nr. 50/1959.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 20. marz 1963.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Emil Jónsson.*

23. febrúar. Nr. 10.

# LÖG

## um breyting á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950, og lögum nr. 29 1955, um breyting á þeim lögum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

IV. töluliður 11. gr. laga nr. 45 1950 orðist svo:

Jarðrækt:

Vinnsla og jöfnun lands vegna akur- og túnræktar (þar á meðal vegna kalskemmda) kr. 200.00 pr. ha.



Reykjavík. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

2. gr.

Á eftir orðinu „jarðræktar“ í 2. efnismálsgr. 6. gr. laga nr. 29 1955 komi: (þar á meðal vegna kalskemmda).

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 23. febrúar 1963.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**
(L. S.)

*Ingólfur Jónsson.*

Nr. 11. 19. apríl.

# LÖG

## um breyting á sjómannalögum, nr. 41 19. maí 1930.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. gr. laganna breytist þannig:

a. Á eftir orðunum „fermingar eða affermingar“ síðast í fyrra málslið komi: eða þar, sem skipið hættir siglingu.
b. Í stað orðanna „til ráðningarslita í fermingar- eða affermingarhöfn erlendis“ síðast í síðara málslið komi: til ráðningarslita í erlendri fermingar- eða affermingarhöfn eða þar, sem skipið hættir siglingu erlendis.

2. gr.

2. málsgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Ef skipstjóri hefur leynt veikindunum eða meiðslunum með sviksamlegum hætti, er hann réðst á skipið, á hann ekki rétt á launum lengur en hann gegnir starfi sínu. Sama gildir, ef hann hefur sjálfur átt sök á sjúkdóminum eða meiðslunum af ásetningi eða stórfelldu gáleysi, eftir að hann réðst á skipið.

3. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Um skipstjóra skulu og gilda eftirfarandi ákvæði um skipverja, eftir því sem við á:

1. Um umönnun og heimsendingu, þegar um sjúkdóm eða slys er að ræða, sbr. 28. gr.
2. Um kaupgreiðslu, er skipstjóri deyr, um greftrun eða líkbrennslu og um meðferð eftirlátinna muna hans, sbr. 24. gr., 29. gr. og 30. gr.
3. Um skyldu til að ganga undir læknisskoðun, sbr. 3. málsgr. 10. gr.

4. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Skipstjóri ræður fyrir hönd útgerðarmanns stýrimenn, vélstjóra, bryta, loftskeytamenn og aðra skipverja og segir þeim upp störfum.

Skipstjóri skal, ef því verður við komið, ráðgast við yfirvélstjóra um ráðningu skipverja til starfa við vélgæzluna, við fyrsta stýrimann um ráðningu háseta og við bryta um ráðningu aðstoðarmanna hans.

5. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Eigi má hafa yngri karlmenn en 15 ára og ekki yngri konur en 18 ára við vinnu á skipi, nema um skólaskip sé að ræða.

Yngri menn en 18 ára mega ekki vera kyndarar eða kolamokarar, og ekki mega yngri menn en 19 ára starfa við vélgæzlu.

Enginn má hefja starf á skipi, nema hann hafi gengið áður undir læknisskoðun.

6. gr.

Á eftir orðunum „ferma skal það eða afferma“ síðast í 12. gr. laganna komi: eða þar, sem það hættir siglingu.

7. gr.

13. gr. laganna orðist svo:

Ef eigi er annað ákveðið um lengd ráðningartíma, getur hvor aðili um sig sagt samningnum upp, þannig að skipverji fari úr skiprúmi á ráðningarstað, í fermingar- eða affermingarhöfn eða þar, sem skipið hættir siglingu. Nú er skipverji íslenzkur og ráðinn á skipið í íslenzkri höfn, og geta aðilar þá aðeins sagt samningi upp, þannig að skipverji fari úr skiprúmi í íslenzkri fermingar- eða affermingarhöfn eða þar, sem skipið hættir siglingu hérlendis.

Ef ekki er öðruvísi samið, skal uppsagnarfrestur vera þrír mánuðir á skiprúmssamningum stýrimanna, vélstjóra, bryta og loftskeytamanna, en einn mánuður á öðrum skiprúmssamningum, nema á íslenzkum fiskiskipum sjö dagar.

8. gr.

Á eftir orðunum „fermingar- eða affermingarhöfn skipsins“ í 15. gr. laganna komi: eða þar, sem það hættir siglingu, hafi hann áður sagt skiprúmssamningnum upp með þeim fyrirvara, sem greinir í 2. málsgr. 13. gr.

9. gr.

Orðin „eða ef skipið er seglskip, í 4 daga“ í 16. gr. laganna falli burt.

10. gr.

Í stað 2. og 3. málsgr. 18. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Skipverji tekur kaup til þess dags og að honum meðtöldum, er starfa hans á skipi lýkur, eða, ef hann er skráður úr skiprúmi, þá til afskráningardags og að honum meðtöldum.

Ef skipverji verður óvinnufær vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann verður fyrir, meðan á ráðningartíma stendur, á hann rétt til kaups, svo lengi sem hann er óvinnufær af framangreindum ástæðum, þó ekki lengur en tvo mánuði, ef um er að ræða stýrimann, vélstjóra, bryta eða loftskeytamann, eða einn mánuð, ef skipverji gegnir annarri stöðu á skipi, og þó aldrei í fleiri daga en skipverji hefur verið í þjónustu útgerðarmanns.

Skipverji á ekki rétt á kaupi þann tíma, sem hann hliðrar sér ólöglega hjá að inna störf sín af hendi, né fyrir þann tíma, sem hann er óstarfhæfur vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann hefur þagað sviksamlega um við ráðningu sína. Sama

gildir, ef skipverji er ekki starfhæfur vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann hefur sjálfur bakað sér af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

11. gr.

2. málsliður 2. málsgr. 19. gr. laganna orðist svo:

Um rétt til greiðslu í erlendri mynt fer eftir því, sem landslög ákveða á hverjum tíma.

12. gr.

23. gr. laganna orðist þannig:

Fækki skipverjum, meðan ferð stendur yfir, skulu kaupgreiðslur, sem af því leiðir, skiptast á milli þeirra, sem eftir eru, að tiltölu við aukna vinnu hvers þeirra um sig, hafi þeir eigi fengið hana greidda sem yfirvinnu.

Fækki stýrimönnum, meðan ferð stendur yfir, skulu kaupgreiðslur, sem af því leiðir, skiptast á milli skipstjóra og stýrimanns, eða stýrimanna, í hlutfalli við aukna vinnu hvers þeirra um sig, hafi þeir eigi fengið hana greidda sem yfirvinnu.

13. gr.

Upphaf 3. málsgr. 28. gr. laganna orðist svo:

Ef skipverji á sjálfur sök á veikindunum eða meiðslunum af ásetningi eða stórfelldu gáleysi, eða hafi hann leynt þeim sviksamlega, er hann réðst á skipið, o. s. frv.

14. gr.

29. gr. laganna breytist þannig:

a. 1. málsgr. orðist svo:

Ef skipverji deyr, skal skipstjóri gera útför hans sæmilega. Ef líkbrennsla fer fram, ber skipstjóra að sjá um heimsendingu öskunnar.

b. Aftan við greinina komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Skipstjóri skal tafarlaust tilkynna maka, ef til er, en ella nánasta ættingja andlát skipverja og hafa samráð við þá, eftir því sem föng eru á, um þær ráðstafanir, sem að framan greinir.

15. gr.

1. málsgr. 30. gr. laganna orðist svo:

Ef skipverji deyr á þeim tíma, er útgerðarmanni bar að kosta umönnum hans, skal útgerðarmaður einnig bera kostnað af greftrun hans eða líkbrennslu.

16. gr.

32. gr. laganna orðist svo:

Ef skipverji verður lengur en um stundarsakir ófær til vinnu vegna veikinda eða slysa, eða sé hann haldinn sjúkdómi, sem öðrum mönnum á skipi stafar hætta af, þá getur skipstjóri vikið honum úr skiprúmi. Um rétt skipverja til launa fer þá eftir fyrirmælum 18. gr.

17. gr.

Aftan við 3. (síðustu) málsgr. 33. gr. laganna komi:

Ef skipverji gat ekki komið til skips vegna veikinda eða meiðsla, sem hann á ekki sök á, skal hann þó eiga rétt til kaups samkvæmt fyrirmælum 18. gr.

18. gr.

2. málsgr. 37. gr. laganna orðist svo:

Skipverji, sem fer úr skiprúmi, af því að ferð skipsins var breytt, á rétt á ferðakostnaði og fæðispeningum til ráðningarstaðarins, fari hann úr skiprúmi, áður en

ferð var hafin, en ella til þess staðar, sem ráðningu skyldi slitið samkvæmt samningnum. Skipverji á og þá rétt til kaups, einn mánuð frá ráðningarslitum, ef hann er stýrimaður, vélstjóri, bryti eða loftskeytamaður, en ella í hálfan mánuð, nema á íslenzkum fiskiskipum 7 daga.

19. gr.

Orðin „eða skipti verði á útgerðarmanni“ síðast í 40. gr. laganna falli burt.

20. gr.

1. og 2. málsliður 2. málsgr. 41. gr. laganna orðist svo:

Ef skiprúmssamningi íslenzks skipverja er slitið erlendis af þeim sökum, sem segir í 1. málsgrein, á hann rétt á ferðakostnaði, nauðsynlegum klæðnaði og fæðispeningum til heimilis síns hér á landi, og greiðist kostnaður þessi úr ríkissjóði. Auk kaups þess, sem skipverji á rétt á samkvæmt 1. málsgrein þessarar greinar, á hann rétt til kaups úr hendi útgerðarmanns í tvo mánuði frá ráðningarslitum, ef hann er stýrimaður, vélstjóri, bryti eða loftskeytamaður, en einn mánuð frá sama tíma, ef hann er í annarri stöðu á skipi, þó aldrei skemur en meðan á heimferð stendur.

21. gr.

2.—4. málsgrein 4. gr. laga nr. 36 27. júní 1941 verði 49. gr., og breytist greinatalan á eftir samkvæmt því. Tilvísanir í greinar í lögunum þannig breyttum breytast þá einnig, svo sem hér segir:

Í 33. gr.: Fyrir „64. gr.“ komi: 65. gr.
Í 38. gr.: Fyrir „59. gr.“ komi: 60. gr.
Í 60. gr.: Fyrir „50. gr.“ komi: 51. gr.
Í 62. gr.: Fyrir „64. gr.“ komi: 65. gr.
Í 63. gr.: Fyrir „54. gr.“ komi: 55. gr.
Í 70. gr.: Fyrir „62. gr.“ komi: 63. gr.
Í 72. gr.: Fyrir „49., 50., 54., 57., 58., 60., 61., 85. og 87. grein“ komi: 50., 51., 55., 58., 59., 61., 62., 86. og 88. grein.
Í 73. gr.: Fyrir „71. greinar“ komi: 72. greinar.
Í 74. gr.: Fyrir „60. gr. og í 1. málsgr. 61. gr.“ komi: 61. gr. og í 1. málsgr. 62. gr.
Í 75. gr.: Fyrir „73. gr.“ komi: 74. gr.
Í 77. gr.: Fyrir „73.—75. gr.“ komi: 74.—76. gr.
Í 84. gr.: Fyrir „59. grein“ komi: 60. grein.
Í 85. gr.: Fyrir „74. gr.“ komi: 75. gr.
Í 1. málsgr. 89. gr.: Fyrir „77. gr., 1. málsgr. 78. gr., 79., 80., 85. og 87. gr.“ komi: 78. gr., 1. málsgr. 79. gr., 80., 81., 86. og 88. gr.
Í 2. málsgr. 89. gr.: Fyrir „84. og 86. gr.“ komi: 85. og 87. gr.
Í 90. gr.: Fyrir „62. gr.“ komi: 63. gr.

22. gr.

53. gr. laganna orðist svo:

Skipstjóri skal taka í gæzlu sína þá muni, sem skipverji skilur eftir í skipinu við ráðningarslit. Skal hann, svo fljótt sem unnt er, gera vottfasta skrá um muni þessa. Telji skipstjóri vandkvæðum bundið að geyma munina, getur hann selt þá með hagkvæmum hætti.

Ef skipverji hefur strokið úr skiprúmi, má selja muni, sem hann hefur skilið eftir, til lúkningar á skaðabótakröfu útgerðarmanns og kostnaði, sem ríkið kann að hafa haft af skipverja. Ef afgangur verður af söluandvirði, skal fara um hann eftir ákvæðum 70. gr. Sama er, ef skipverji hefur ekki gert tilkall til eftirskilinna eigna innan tveggja ára, frá því að hann fór úr skipi.

23. gr.

Á eftir orðunum „Flytji hann áfengi“ í 7. tölulið 62. gr. laganna komi: eða eiturlyf.

24. gr.

1. málsgr. 64. gr. laganna orðist svo:

Skipstjóri skal í viðurvist tveggja prófvotta, sem hann kveður sjálfur til meðal hinna reyndustu manna af skipshöfninni, halda próf, áður en hann beitir refsivaldi sínu. Annar prófvotturinn skal vera stýrimaður, vélstjóri eða loftskeytamaður, en hinn úr flokki annarra skipverja.

25. gr.

Síðari málsliður 68. gr. laganna orðist svo:

Mál samkvæmt 68. og 69. gr. sæta meðferð opinberra mála.

26. gr.

2. málsliður 70. gr. laganna fellur burt.

27. gr.

Í stað orðanna „10—1000 kr., eða fangelsi“ í 73. gr. laganna komi: 1000—10000 kr., varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

28. gr.

Í stað orðsins „konungur“ í 74. gr. laganna komi: forseti.

29. gr.

Í stað orðanna „10—1000 króna“ í 75. gr. laganna komi: 1000—10000 króna.

30. gr.

Í stað orðanna „5—500 króna“ í 77. gr. laganna komi: 500—5000 króna.

31. gr.

Í stað orðanna „fangelsi eða betrunarhúsvinna“ í 78. gr. laganna komi: varðhald eða fangelsi.

32. gr.

Í stað orðsins „fangelsi“ í 79. gr. laganna komi: varðhaldi.

33. gr.

Í stað orðanna „5—500 króna sektum, eða fangelsi“ í 80. gr. laganna komi: 500—5000 króna sektum eða varðhaldi.

34. gr.

Í stað orðanna „fangelsi eða hegningarvinnu“ í 81. gr. laganna komi: varðhaldi eða fangelsi.

35. gr.

Í stað orðsins „fangelsi“ í 1. málslið 82. gr. laganna komi: varðhaldi. Og í stað orðsins „hegningarvinna“ í 2. málslið sömu gr. komi: fangelsi.

36. gr.

Í stað orðanna „5—500 króna sektum, eða fangelsi“ í 83. gr. laganna komi: 500—5000 króna sektum eða varðhaldi.

37. gr.

Í stað orðanna „fangelsi eða sektum" í 1. málsgr. 84. gr. laganna komi: sektum, varðhaldi eða fangelsi.

38. gr.

Í stað orðanna „5—500 króna sektum eða fangelsi" í 85. gr. laganna komi: 500—5000 króna sektum, varðhaldi eða fangelsi.

39. gr.

Í stað orðanna „einföldu fangelsi" í 86. gr. laganna komi: varðhaldi.

40. gr.

Í stað orðanna „5—500 króna" í 87. gr. laganna komi: 500—5000 króna.

41. gr.

3. málsgr. 88. gr. laganna fellur burt.

42. gr.

90. gr. laganna orðist svo:

Mál, sem greinir í þessum kafla og ekki eiga undir siglingadóm, skulu rekin í sjódómi.

43. gr.

Þegar lög þessi koma til framkvæmdar, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 41 1930 og gefa þau út svo breytt.

44. gr.

Ákvæði laga þessara um réttindi skipverja skulu í engu skerða fyllri rétt þeirra samkvæmt kjarasamningum.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1963. Falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 36 27. júní 1941, um breyting á sjómannalögum, nr. 41 19. maí 1930.

*Gjört að Bessastöðum 19. apríl 1963.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**
(L. S.)

*Emil Jónsson.*

20. apríl. Nr. 12.

# LÖG

## um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Með tónlistarskóla er í lögum þessum átt við skóla, sem fullnægir eftirgreindum skilyrðum:

1) Hefur a. m. k. einn fastan kennara, auk tveggja eða fleiri stundakennara.
2) Starfar minnst sjö mánuði á ári og lýkur með vorprófum og opinberum nemendatónleikum.

3) Veitir hverjum nemanda um sig (einum í einu) kennslu í hljóðfæraleik (píanó, strengja- eða blásturshljóðfæri) eina stund í viku. Auk þess séu a. m. k. tvær aukanámsgreinar kenndar í hóptímum (tónfræði, tónlistarsaga, tónheyrn og samleikur).
4) Hefur a. m. k. 30 nemendur.

2. gr.

Tónlistarskólar, sem fullnægja framangreindum skilyrðum, skulu fá allt að ⅓ rekstrarkostnaðar síns greiddan úr ríkissjóði, en þó aldrei hærri fjárhæð en nemur framlagi hlutaðeigandi sveitarfélags til skólans.

3. gr.

Rekstrarstyrkir til tónlistarskóla skulu ákveðnir í fjárlögum. Gerir menntamálaráðuneytið í sambandi við undirbúning fjárlaga tillögu um fjárveitingu til hvers skóla um sig, með hliðsjón af starfsemi og fjárhagsafkomu skólans síðasta starfsár, sbr. 4. gr.

4. gr.

Tónlistarskólar, sem styrks njóta skv. lögum þessum, skulu senda menntamálaráðuneytinu fyrir 15. júní árlega endurskoðaðan rekstrar- og efnahagsreikning sinn fyrir síðastliðið ár, ásamt skýrslu um starfsemi skólans, svo og fjárhags- og starfsáætlun næsta árs. Getur ráðuneytið ákveðið, í hvaða formi skýrslur þessar skuli vera.

5. gr.

Nú berst umsókn um rekstrarstyrk til tónlistarskóla, sem er að hefja starfsemi, og skal þá styrkur eigi veittur fyrr en menntamálaráðuneytið hefur kannað allar aðstæður til að starfrækja styrkhæfan skóla á viðkomandi stað. Ef skilyrði til skólahalds reynast fyrir hendi, þá skal styrkur í fyrsta sinn ákveðinn með hliðsjón af rekstraráætlun.

6. gr.

Styrkur skal veittur tónlistarskólum til hljóðfærakaupa, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum. Menntamálaráðuneytið skiptir styrknum með hliðsjón af þörf skólanna. Styrkur má þó aldrei vera hærri en nemi ⅓ af andvirði hljóðfærisins.

7. gr.

Heimilt er að veita styrki til tónlistarkennslu á stöðum, sem ekki fullnægja framangreindum skilyrðum um tónlistarskóla. Skulu styrkumsóknir sendar menntamálaráðuneytinu eigi síðar en 15. júní ár hvert, ásamt nákvæmri skýrslu um kennsluna síðastliðinn vetur og kostnað við hana, svo og starfs- og kostnaðaráætlun fyrir næsta starfsár. Ef ástæða telst til styrkveitingar, gerir menntamálaráðuneytið síðan tillögu um fjárlagastyrk til slíkrar tónlistarkennslu með hliðsjón af því, hversu fullkomna og fjölþætta kennslu er um að ræða. Styrkhlutfall má þó aldrei vera hærra en gildir um tónlistarskóla.

8. gr.

Menntamálaráðuneytið getur kvatt sér til ráðuneytis um framkvæmd laga þessara sérfróða menn í tónlistarmálum.

9. gr.

Menntamálaráðuneytið getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Má þar gera að skilyrði fyrir styrkgreiðslu, að námsskrá hlutaðeigandi skóla hafi hlotið staðfestingu menntamálaráðuneytisins.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 20. apríl 1963.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**
(L. S.)

*Gylfi Þ. Gíslason.*

20. marz. Nr. 13.

# LÖG

**um breyting á lögum nr. 23 6. maí 1955, um landshöfn í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. málsl. 2. gr. laganna orðist svo:

Til greiðslu kostnaðar, er leiðir af fyrirmælum 1. gr., er ríkisstjórninni heimilt að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs, allt að 70 millj. kr., er endurgreiðist að ⅓ úr ríkissjóði og að ⅔ úr hafnarsjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 20. marz 1963.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**
(L. S.)

*Emil Jónsson.*

20. apríl. Nr. 14.

# LÖG

**um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við a-lið 1. gr., svo sem hann er orðaður með lögum nr. 14 4. apríl 1955, lögum nr. 26 24. apríl 1957 og lögum nr. 74 3. des. 1960, bætist svofelldur málsliður:

Enn fremur er heimilt að gefa út nýjan flokk hlutamiða, B-flokk, er tengist við þau númer, sem heimilt er að gefa út samkv. ákvæðum þessa töluliðs.

2. gr.

Við 4. gr. laganna bætist þessi málsliður:
Ráðuneytinu er heimilt að leyfa happdrættinu að taka í sínar hendur útsölu hlutamiða.

3. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað. Eftir að lög þessi hafa öðlazt gildi, skal gefa lög nr. 44 19. júní 1933, ásamt breytingum, út að nýju.

*Gjört að Bessastöðum, 20. apríl 1963.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**
(L. S.)

*Gunnar Thoroddsen.*

Nr. 15. 20. apríl.

# LÖG

## um breyting á siglingalögum, nr. 56 30. nóv. 1914.

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í fyrirsögnum og meginmáli laganna skal hvarvetna í stað orðsins „kapítuli" koma orðið: **kafli.**

2. gr.

1. Fyrirsögn I. kafla verði: Gildissvið laganna o. fl.
2. **1.—3. gr. falli niður.**
3. **1. gr. orðist svo:**
   **Lög þessi gilda um öll skip, sem skráð eða skráningarskyld eru á Íslandi. Þegar athafnir íslenzks framkvæmdarvalds eða dómsvalds taka til erlendra skipa, skal einnig beita ákvæðum laga þessara, eftir því sem við á, enda brjóti það ekki í bága við reglur þjóðaréttarins.**

3. gr.

**Í öðrum kapítula, með fyrirsögninni: Um réttindi yfir skipum, breytast greinar þannig:**

1. 5. gr. (sem verður 3. gr.) orðist svo:
   Um stofnun og vernd eignarréttar og eignarhafta á skrásettu skipi, sem er 5 rúmlestir að stærð eða meira, skal farið eftir reglum um fasteignir, eftir því sem við verður komið.
2. **6.—8. gr. falli niður.**
3. 9. gr. (sem verður 4. gr.) orðist svo:
   Nafnbreytingu á skipi má því aðeins leyfa, að allir eigendur þess séu því samþykkir. Áður en skráningarstjóri tekur hið nýja nafn á skipaskrá, skal hann senda dómara þeim, sem þinglýsingar annast, tilkynningu um nafnbreytinguna.
   Nú er skip flutt milli skráningarumdæma, og skal þá skráningarstjóri í því umdæmi, sem skip var skrásett í, sjá um, að skráningarstjóranum í því

umdæmi, sem skipið er flutt í, séu send eftirrit af öllum þinglesnum eignarhaftaskjölum, sem skipið varða, en hann skal þegar afhenda dómara þau til þinglýsingar, og má ekki skrásetja skipið, fyrr en það hefur verið gert. Fyrir hinn nýja þinglestur skal ekkert gjald greiða.

4. 10. gr. (sem verður 5. gr.) orðist svo:

Lögleg eignarhöft á skipi, sem ekki er skrásett hér á landi, halda gildi sínu, ef skjöl um þau eru afhent dómara til þinglýsingar innan 3 mánaða frá bráðabirgðaskráningu skipsins í íslenzka skipaskrá eða frá fullnaðarskrásetningu þess, ef það var ekki skrásett til bráðabirgða.

5. 11. gr. (sem verður 6. gr.) orðist svo:

Nú missir skip rétt til að sigla undir íslenzkum fána eða er af öðrum ástæðum fellt úr skipaskrá, og hefur þetta engin áhrif á þinglesin eignarhöft. Þó fellur í gjalddaga skuld, sem tryggð er með þinglesnu veði í skipi eða skipshluta, um leið og skipið er fellt úr skrá yfir íslenzk skip.

### 4. gr.

Í þriðja kapítula, með fyrirsögninni: Um útgerð skipa, breytast þessar greinar:

1. Síðari mgr. 12. gr. (sem verður 7. gr.) falli niður.
2. 13. gr. (sem verður 8. gr.) orðist svo:

   Útgerðarmaður ber ábyrgð á tjóni, sem skipstjóri, skipshöfn, hafnsögumaður eða aðrir, sem vinna í þágu skips, hafa valdið í starfi sínu með yfirsjónum eða vanrækslu. Ábyrgðin er takmörkuð samkvæmt ákvæðum IX. kafla.

   Nú greiðir útgerðarmaður fé af þessum sökum, og bæti honum aftur sá, er tjóni olli.
3. Í 20. gr. (sem verður 15. gr.). Fyrir orðin „áður mánuður sé liðinn“ komi: áður 3 mánuðir séu liðnir.
4. Í 22. gr. (sem verður 17. gr.). Fyrir orðin „11. kapítula“ komi: X. kafla.
5. Í 25. gr. (sem verður 20. gr.). Fyrir „26. gr.“ á tveimur stöðum komi: 21. gr.
6. Síðari málsliður 2. mgr. 26. gr. (sem verður 21. gr.) orðist svo:

   Ábyrgjast skal hann, unz eigendaskipti hafa verið tilkynnt skráningarstjóra, skuldbindingar sameigenda gagnvart öðrum mönnum, þær er gerðar voru eftir eigendaskiptin, ef þeir menn vissu þau ekki.
7. Í 2. tölulið 27. gr. (sem verður 22. gr.). Fyrir „19. gr.“ komi: 14. gr.

### 5. gr.

Í fjórða kapítula, með fyrirsögninni: Um skipstjóra, breytast þessar greinar:

1. 31. gr. (sem verður 25. gr.).
   a. Í 1. mgr.: Fyrir orðið „kol“ komi: eldsneyti.
   b. Í 3. mgr.: Fyrir orðið „Konungur“ komi: Ráðherra.
2. 33. gr. (sem verður 27. gr.) orðist svo:

   Skipstjóra er óheimilt án leyfis útgerðarmanns að taka í skip söluvarning sinn eða annarra. Brjóti hann bann þetta, skal hann greiða útgerðarmanni farmgjald og bæta honum tjón.
3. 35. gr. (sem verður 29. gr.).
   a. Upphaf 2. málsliðs orðist svo:
   Verði ákvæðis útgerðarmanns eða umboðsmanns hans ekki beðið að skaðlausu, o. s. frv.
   b. Í sama málslið: Fyrir orðið „konsúls“ komi: ræðismanns.
   c. Í 3. málslið: Fyrir orðið „konsúll“ komi: ræðismaður.
4. 2. málsliður 36. gr. (verður 30. gr.) orðist svo:

Ekki má hann nauðsynjalaust víkja skipinu af réttri leið á ferð þess né tefja það á annan hátt, nema honum sé skylt að bjarga mönnum eða skipi úr sjávarháska, sbr. 4. gr. laga nr. 56 23. júní 1932.

5. 39. gr. (sem verður 33. gr.) orðist svo:

Skylt er skipstjóra að veita viðtöku íslenzkum farmönnum, sem ræðismönnum er skylt að senda heim, og flytja þá alla leið eða til annarrar hafnar, sem skip fer til í þeirri ferð, fyrir fargjald, sem ráðherra ákveður.

6. 40. gr. (sem verður 34. gr.).
 a. Í 2. málslið: Fyrir orðin „tonn að rúmmáli“ komi: rúmlestir.
 b. Í 3. málslið: Fyrir orðið „Gufuskip“ komi: Vélskip.
 c. Í 4. málslið: Fyrir orðið „Konungur“ komi: Ráðherra.

7. Í 6. mgr. 42. gr. (sem verður 36. gr.).
 a. Fyrir orðið „kolabirgðum“ komi: eldneytisforða.
 b. Fyrir orðið „kolaeyðslu“ komi: eyðslu á eldsneyti.

8. 43. gr. (sem verður 37. gr.).
 a. Í 2. málslið 2. mgr.: Fyrir „(47. gr.)“ komi: 41. gr.
 b. Í sama málslið: Fyrir orðin „danskur konsúll“ komi: íslenzkur ræðismaður.
 c. Í 3. mgr.: Fyrir orðin „með konunglegri tilskipun“ komi: í reglugerð.

9. 45. gr. (sem verður 39. gr.).
 a. 1. mgr. orðist svo:

Nú gerist einhver atburður á fermingarstað skips eða affermingarstað eða á ferð þess, er skip eða farmur bíður skaða við, svo að nokkru nemi, eða gild rök eru til að ætla, að tjón á þeim leiði af, og skal þá skipstjóri gefa um það sjóferðarskýrslu. Svo er og, ef maður slasast eða ferst voveiflega af skipi eða skipið veldur tjóni á öðrum skipum eða mannvirkjum.

 b. 3.—6. mgr. orðist svo:

Utanlands skal skipstjóri, svo fljótt sem verða má, gefa sjóferðarskýrslu því yfirvaldi, sem þau embættisstörf ber undir á þeim stað, eða íslenzkum ræðismanni, ef ríkisstjórnin hefur fengið honum vald til að taka við slíkum skýrslum.

Ef sjóferðarskýrsla er gefin erlendu yfirvaldi og íslenzkur ræðismaður er á þeim stað, skal honum sagt til, svo að hann geti verið viðstaddur þinghaldið og annazt um, að sjóferðarskýrslan sé sem gleggst og fyllst.

Ræðismaður sendir utanríkisráðuneytinu skýrslu um það, sem fram hefur farið, hvort heldur hann hefur sjálfur tekið við sjóferðarskýrslunni eða átt þess kost að vera viðstaddur þinghald. Skýrsluna skal síðan senda ráðuneyti því, sem fer með siglingamál.

Öll þau fyrirmæli, sem þessi grein og 35., 37. og 38. gr. gefa um leiðarbók, gilda og um dagbók skips.

10. 54. gr. (sem verður 44. gr.) orðist svo:

Nú er fjár vant til framkvæmdar einhverju því, sem í 43. gr. getur, og er skipstjóra þá heimilt að taka til þess fé að láni eða selja góss útgerðarmanns og jafnvel, ef í nauðir rekur, að selja af farmi. Þó að löggerningsins hafi ekki verið þörf, bindur hann allt að einu útgerðarmann, ef viðsemjari var grandlaus.

11. 55. og 56. gr. falli niður.

12. Í 57. gr. (sem verður 45. gr.). Orðin „aðeins í ítrustu nauðsyn má hann selja af farmi“ falli niður.

13. 59. gr. (sem verður 47. gr.) orðist svo:

Skipstjóri hefur samkvæmt stöðu sinni umboð til að gera löggerninga og sækja mál fyrir hönd farmeiganda eftir samsvarandi reglum og í 83. gr. segir um farmflytjanda.

14. 60.—62. gr. falli niður.
15. 64. gr. (sem verður 49. gr.) orðist svo:
Tjón það, sem skipstjóri veldur með yfirsjónum eða vanrækslu við störf sín, er honum skylt að bæta. Dómstólar geta þó fært bótafjárhæð niður með tilliti til þess, hversu mikil sökin var og tjónið, til efnahags skipstjóra og annarra atvika.
16. 66. gr. (sem verður 51. gr.) orðist svo:
Nú á skipstjóri meira en hálft skip, og getur þá dómari sett hann af, ef hluthafi krefst og nægar sakir eru til.
17. 74. gr. falli niður.

6. gr.

Í stað sjötta kapítula komi nýr kafli með breyttum ákvæðum, sem verður V. kafli með fyrirsögninni: Um flutningssamninga, svo hljóðandi:

1. (52. gr.). Ef ekki er sérstaklega mælt á annan veg, skal því aðeins beita ákvæðum þessa kafla um farmsamninga, að ekki leiði annað af löggerningnum sjálfum eða venju.
2. (53. gr.). Farmflytjandi skal sjá um, að skip sé haffært, nægilega mannað, birgt af vistum og búnaði og í heild sinni í hæfu ástandi.
3. (54. gr.). Ef tiltekið skip er greint í samningi eða tilkynningu í sambandi við hann, er farmflytjanda óheimilt að nota annað skip til efnda á samningnum.
4. (55. gr.). Nú er samið um heilt skip eða fullfermi, og er farmflytjanda þá óheimilt að flytja með því skipi vöru fyrir aðra menn en farmsamningshafa.
5. (56. gr.). Nú framselur farmsamningshafi rétt sinn samkvæmt samningnum eða semur við aðra menn um flutning fyrir þá, og ábyrgist hann eigi að síður efndir samningsins.
6. (57. gr.). Ákvæði um farmsamninga, sem gerðir eru um tilteknar ferðir skips, taka til þess, er samið er um heilt skip, hluta af skipi eða sendingu stykkjagóss.
7. (58. gr.). Ef ekki er áskilinn í samningi sérstakur fermingarstaður í höfn, skal skip liggja þar sem farmsamningshafi vísar til, enda sé þar ekki tálmun fyrir, skip liggi þar á floti, því sé þar óhætt og komist þaðan hlaðið tálmunarlaust.
Nú hefur ekki verið vísað á tiltekinn stað í tæka tíð, og skal þá velja skipi almennan fermingarstað. Ef það er ekki unnt, skal skip liggja þar, sem hæfilegt má telja að ferming geti farið fram.
8. (59. gr.). Farmsamningshafi hefur rétt til að fá skip flutt milli fermingarstaða innan hafnar, hvort sem tiltekinn fermingarstaður hefur verið áskilinn eða ekki, en bera skal hann kostnað af því.
9. (60. gr.). Þegar samið er um flutning á stykkjagóssi, hefur farmsamningshafi ekki rétt til að vísa á fermingarstað né að fá skip flutt milli fermingarstaða, nema slíkt leiði af samningsákvæði eða venju.
10. (61. gr.). Skylt er farmflytjanda að hafa skip búið til fermingar um ákveðinn fermingartíma (biðdaga og aukabiðdaga).
Farmflytjandi á rétt til sérstakrar þóknunar fyrir aukabiðdaga.
11. (62. gr.). Biðdagar skulu vera sem hér segir:
Fyrir skip, sem ekki hafa eigin vélknúin fermingartæki: 2 dagar, þegar skip er 50 rúmlestir eða minna, 4 dagar, þegar skip er meira en 50, en ekki yfir 100 rúmlestir, 5 dagar, þegar skip er meira en 100, en ekki yfir 200 rúmlestir, 6 dagar, þegar skip er meira en 200, en ekki yfir 400 rúmlestir.
Fyrir skip, sem hafa eigin vélknúin fermingartæki: 2 dagar, þegar skip

er 75 rúmlestir eða minna, 3 dagar, þegar skip er meira en 75, en ekki yfir 200 rúmlestir, 4 dagar, þegar skip er meira en 200, en ekki yfir 400 rúmlestir.

Þegar skip hefur meira burðarmagn en hér var sagt, skal telja þann tíma til biðdaga, sem með sanngirni mátti gera ráð fyrir við samningsgerð að til fermingar gengi. Skal þá höfð hliðsjón af tegund og stærð skips og farms, fermingartækjum í skipi og í höfn og öðrum sambærilegum aðstæðum.

Biðdagatíma skal telja í vinnudögum og vinnustundum.

12. (63. gr.). Biðdaga skal telja frá því, er sagt hefur verið til, að skip sé búið til fermingar á fermingarstað. Beina skal tilkynningu til farmsamningshafa, nema sagt hafi verið til um annan vörusendanda, en þá skal tilkynna honum. Ekki skal tilkynning gefin, fyrr en skip er komið á fermingarstað.

Biðdagatíma skal annaðhvort telja frá þeirri klukkustund, er hafnarvinna hefst eftir venju að morgni, enda hafi þá verið sagt til skips ekki síðar en kl. 16 næsta vinnudag á undan, eða frá þeirri stundu, er hádegishléi lýkur, enda hafi þá verið sagt til ekki síðar en kl. 10 þann sama dag.

Nú er vörusendandi ekki á fermingarstað, og skal þá líta svo á, að honum hafi verið sagt til um skipið, þegar tilkynning hefur verið send honum með tilhlýðilegum hætti. Ef ekki er kunnugt um dvalarstað sendanda, skal tilkynning auglýst, eftir því sem við á þar á staðnum, og hefur birting auglýsingar þá sömu áhrif og þegar tilkynning er send.

13. (64. gr.). Ef aðstæður vörusendanda valda því, að skip getur ekki lagzt á fermingarstað, hefst biðdagatími, þegar tilkynnt hefur verið, að skip sé búið til fermingar.

Svo er einnig, þegar ekki hefur verið samið um tiltekinn fermingarstað og tálmunin stafar af skipaþröng í höfn eða öðrum svipuðum atvikum, sem farmflytjandi þurfti ekki að gera ráð fyrir við samningsgerð.

14. (65. gr.). Til biðdaga telst sú töf, sem leiðir af flutningi skips milli fermingarstaða í höfn, en hins vegar ekki sá tími, sem fer til ónýtis vegna tálmana af skipsins hálfu.

Nú er skipi valinn óvenjulegur fermingarstaður af ástæðum, sem farmflytjandi mátti gera ráð fyrir við samningsgerð, og telst þá sá tími ekki til biðdaga, sem við það fer til ónýtis.

15. (66. gr.). Aukabiðdagar skulu vera hálfu færri en biðdagar. Ef samið er um heilt skip, skulu þeir þó vera 3 dagar hið fæsta.

Tímann skal telja í vinnudögum og vinnustundum, en þóknunina eftir samfelldum dögum og klukkustundum frá lokum biðdaga. Um aukabiðdaga og þóknun fyrir þá skal beita ákvæðum 65. gr., eftir því sem við á.

16. (67. gr.). Þóknun fyrir aukabiðdaga skal ákveða með hliðsjón af farmgjaldi, enda sé tekið tillit til aukinna útgjalda annars vegar og sparnaðar hins vegar, sem af því leiðir fyrir skipið, að það liggur í höfn.

Krefja má þóknunar að kvöldi fyrir hvern aukabiðdag. Nú er þóknun ekki greidd eða trygging sett, og má þá geta kröfunnar á farmskírteini.

17. (68. gr.). Þegar tími til fermingar og affermingar er tiltekinn í einu lagi, má ekki nota lengri tíma til fermingar en svo, að hæfilegur tími verði eftir til affermingar.

Þóknun fyrir aukabiðdaga skal þó ekki reikna, fyrr en hinn tiltekni biðtími er liðinn í heild.

18. (69. gr.). Þegar samið er um flutning á stykkjagóssi, fer um lengd fermingartíma eftir aðstæðum. Tilkynning til vörusendanda skal gerð með hæfilegum fyrirvara. Ákvæði um aukabiðdaga taka ekki til slíkra flutninga.

Ákvæði um tilkynningar taka ekki til skipa, sem eru í förum samkvæmt fastri áætlun.

19. (70. gr.). Sendandi skal færa vöru að skipshlið, en farmflytjandi annist og kosti flutning þaðan á skip, búlkun alla, undirbreiður og refti.

Nú hefur skipi verið valinn óvenjulegur fermingarstaður af ástæðum, sem farmflytjandi mátti gera ráð fyrir við samningsgerð, og er honum þó allt að einu skylt að taka við vöru á venjulegum fermingarstað.

20. (71. gr.). Afhendingu vöru og viðtöku skal hraða eftir föngum.

Vöru skal afhenda í þeirri röð og með þeim hætti, sem haganlegast er fyrir flutning hennar á skip, búlkun og affermingu.

21. (72. gr.). Óheimilt er að búlka vöru á þilfari, nema það hafi næga stoð í samningi eða venju.

22. (73. gr.). Sendandi skal sjá um, eftir því sem við verður komið, að vara, sem hætt er við bruna eða sprengingu eða hættuleg er að öðru leyti, sé merkt þannig, að varast megi hættuna. Honum er skylt að veita alla þá fræðslu um vöruna, sem nauðsynleg er til að aftra tjóni.

23. (74. gr.). Þegar sendir eru munir, sem þarfnast sérstakrar umönnunar eða gætilegrar meðferðar, skal frá því skýrt og munirnir auðkenndir á þann hátt, ef unnt er.

Segja skal til þess sérstaklega, ef sendir eru peningar, verðbréf eða dýrgripir.

24. (75. gr.). Skipstjóri, stýrimaður eða sá, sem til þess hefur umboð, skal veita viðurkenningu fyrir viðtöku vöru, jafnóðum og hún er afhent, ef sendandi krefst þess.

25. (76. gr.). Nú er vara komin á skip og nauðsynlegar skýrslur og skjöl fram komin, og skal þá skipstjóri eða sá maður, sem til þess hefur umboð, gefa út farmskírteini, ef sendandi æskir þess.

Sendandi getur krafizt sérstaks farmskírteinis fyrir einstaka hluta farms, nema það baki farmflytjanda verulega fyrirhöfn eða óþægindi. Sendandi greiði aukakostnað, sem af því kann að leiða.

26. (77. gr.). Nú tefst burtför skips að fermingartíma loknum, sökum þess að sendandi afhendir ekki í tæka tíð skjöl, sem vöru skulu fylgja, eða veitir ekki vitneskju um ákvörðunarstað eða annað, sem ferð varðar, og getur þá farmflytjandi krafizt sömu þóknunar og fyrir aukabiðdaga. Ef hann bíður meira tjón, á hann einnig rétt til að fá það bætt, nema álíta megi, að hvorki sendandi né menn, sem hann ber ábyrgð á, hafi valdið töfinni með yfirsjónum eða vanrækslu.

27. (78. gr.). Þegar vara, sem afhent hefur verið, veldur farmflytjanda eða öðrum tjóni, skal sendandi greiða bætur, ef um er að kenna yfirsjónum eða vanrækslu hans sjálfs eða manna, sem hann ber ábyrgð á.

Ef flutt hefur verið á skip vara, sem hætt er við bruna eða sprengingu eða hættuleg er að öðru leyti, og tjón stafar af þessum eiginleikum hennar, þá skal sendandi bæta það án tillits til sakar, ef farmflytjanda var ekki um hættuna kunnugt.

28. (79. gr.). Skipstjóri skal halda áfram ferð með hæfilegum hraða.

Sigling úr leið eða önnur töf, sem ekki stafar af björgun manna úr lífsháska, er því aðeins heimil, að bjarga þurfi skipi eða farmi eða önnur nauðsyn komi til.

29. (80. gr.). Nú tefst skip á ferð, sökum þess að skipstjóri hefur ekki fengið í tæka tíð vitneskju um ákvörðunarstað eða annað, sem ferð varðar, og skal þá beita ákvæðum 77. gr., eftir því sem við á.

30. (81. gr.). Farmflytjandi greiðir skipsgjöld öll, hafnsögugjöld, dráttargjöld og annan slíkan kostnað, sem í ferð gerist.

31. (82. gr.). Frá því að vara kemur í hendur farmflytjanda og þar til hann hefur afhent hana, skal hann veita henni umönnun og gæta hags eiganda.

32. (83. gr.). Farmflytjanda er heimilt að gera, svo að bindandi sé fyrir eiganda farms, alla þá löggerninga, sem miða til að varðveita farm og koma honum áleiðis. Hann hefur og heimild til að vera sóknaraðili í málum, sem farm snerta.

Nú skortir fé til framkvæmdar einhverri nauðsyn, sem í 1. mgr. getur, og er farmflytjanda þá heimilt að taka fé að láni fyrir hönd farmeiganda eða selja af farmi. Þó að ekki hafi borið nauðsyn til samningsgerðar, verður farmeigandi samt við löggerninginn bundinn, ef viðsemjandi var grandlaus.

Nú er hætta á, að farmur spillist eða rýrni verulega við geymslu eða flutning áleiðis, eða svo reynist, að kostnaður af geymslu hans eða flutningi muni fara mjög úr hófi fram, og er farmflytjanda þá heimilt að selja hann.

33. (84. gr.). Farmflytjandi skal leita fyrirmæla farmeiganda, ef unnt er, áður en hann gerir óvenjulegar ráðstafanir um farminn. Nú næst ekki til hans né neins manns, er hann setti fyrir sig, og skal þá gera farmsamningshafa eða vörusendanda viðvart, ef því verður við komið. Ekki skal farmflytjandi selja af farmi án slíkra fyrirmæla frá farmeiganda, nema áður sé látin fara fram lögmæt skoðunargerð eða aflað sé álitsgerðar sérfróðra manna. Sala skal fara fram á opinberu uppboði eða með öðrum jafntryggilegum hætti.

Ávallt skal tilkynna farmeiganda ráðstafanir þær, sem gerðar voru um farminn.

34. (85. gr.). Nú hefur farmflytjandi lagt fram fé eða játazt undir skuldbindingar fyrir farmeiganda, og ábyrgist þá farmeigandi kröfur farmflytjanda, sem af því rísa, aðeins með góssi því, sem hann á í skipinu.

35. (86. gr.). Um affermingarstað skal beita ákvæðum 58.—60. gr., eftir því sem við á. Fyrirmæli, sem þar lúta að farmsamningshafa, skulu gilda hér um viðtakanda farms.

Nú eru viðtakendur farms samkvæmt sama farmsamningi fleiri en einn, og hafa þeir þá því aðeins rétt til að vísa á affermingarstað eða til að fá skip flutt milli staða innan hafnar, að þeir séu báðir eða allir sammála um það.

36. (87. gr.). Um affermingartíma skal beita ákvæðum 61.—69. gr., eftir því sem við á. Fyrirmæli, sem þar lúta að vörusendanda, skulu gilda hér um viðtakanda farms.

37. (88. gr.). Farmflytjandi lætur vöru af hendi við skipshlið, og skal viðtakandi taka þar við henni.

Nú er ekki unnt að koma skipi á almennan affermingarstað í höfn af ástæðum, sem farmflytjandi mátti gera ráð fyrir við samningsgerð, og er honum þó allt að einu skylt að afhenda vöru á venjulegum affermingarstað.

38. (89. gr.). Afhendingu vöru og viðtöku skal hraða eftir föngum. Skipa skal vöru upp í þeirri röð og með þeim hætti, sem haganlegt er viðtakanda.

39. (90. gr.). Nú lýkur affermingu ekki á réttum tíma og töfin stafar ekki af tálmunum af hálfu skipsins, og skal þá beita ákvæðum 77. gr., eftir því sem við á.

40. (91. gr.). Nú eru viðtakendur farms samkvæmt sama farmskírteini fleiri en einn og einn þeirra hefur greitt þóknun fyrir aukabiðdaga eða aðra töf, sem orðið hefur vegna aðstæðna annars viðtakanda, og á hann þá aðgang að þeim manni um greiðslu kostnaðarins.

41. (92. gr.). Sá, sem sýnir heimild sína til viðtöku á farmi, hefur rétt til að skoða hann, áður en hann tekur við honum.

42. (93. gr.). Nú tekur viðtakandi við farmi, og skuldbindur hann sig þá með því til að greiða farmgjald og aðrar kröfur, sem farmflytjandi getur krafizt greiðslu á eftir farmskírteini eða öðru skjali, sem segir fyrir um flutning farmsins.

43. (94. gr.). Farmflytjanda er ekki skylt að láta farm af hendi, fyrr en viðtakandi greiðir eða tryggir í geymslu fé það, sem honum ber að greiða eftir 93. gr., og aðrar kröfur, sem á vöru hvíla. Nú hefur ekki enn verið kveðið á um fjárhæð sjótjónsframlags, og má þá ekki halda farmi eftir af þeim sökum, ef viðtakandi setur tryggingu fyrir.

Þegar farmurinn er af hendi greiddur, getur farmflytjandi kallað til geymslufjárins, enda tálmi viðtakandi því ekki með kyrrsetningu eða lögbanni.

44. (95. gr.). Nú fullnægir viðtakandi ekki skilmálum fyrir afhendingu vörunnar eða tefur svo affermingu, að henni getur ekki orðið lokið í tæka tíð, og er farmflytjanda þá heimilt að færa vöru í land og koma henni í örugga geymslu á kostnað viðtakanda. Tilkynna skal viðtakanda uppskipun vörunnar og geymslu.

Ef neitað er að taka við farmi eða viðtakandi er ókunnur eða finnst ekki, skal farmflytjandi skýra sendanda frá því, þegar er hann má. Nú segir viðtakandi ekki til sín svo fljótt, að vara verði affermd í tæka tíð, og skal farmflytjandi þá skipa upp vöru og fela hana til varðveizlu, svo sem fyrr var sagt. Tilkynna skal hann farmsamningshafa og vörusendanda þessa ráðstöfun á vörunni.

45. (96. gr.). Þegar skip eru í förum samkvæmt fastri áætlun, má skipa góssi upp og koma því í örugga geymslu á kostnað viðtakanda, enda sé hann ekki við því búinn að veita því viðtöku, þegar er það kemur í land.

Ef góssið er ekki sótt innan hæfilegs tíma, skal tilkynna sendanda um geymsluna.

46. (97. gr.). Þegar góss er látið til varðveizlu, er farmflytjanda heimilt að selja á opinberu uppboði eða með öðrum jafntryggum hætti svo mikið af því sem þarf til lúkningar á kröfum, er á góssinu hvíla.

47. (98. gr.). Ef kröfum á hendur farmsamningshafa er ekki fullnægt með sölu góssins, ábyrgist hann það, sem á skortir.

Eftir að farmflytjandi hefur látið farm af hendi, á hann ekki kröfu á hönd farmsamningshafa um það fé, sem viðtakanda var skylt að greiða, nema leitt sé í ljós, að greiðsla hefði ekki fengizt við sölu á góssinu. Þó er rétt, að farmflytjandi sæki farmsamningshafa um þá fjárhæð, sem hann mundi vinna honum úr hendi, ef allar kröfur féllu niður.

48. (99. gr.). Nú spillist farmur eða glatast, meðan hann er í umsjá farmflytjanda á skipi eða á landi, og ber honum þá að bæta tjón, sem af því hlýzt, nema ætla megi, að hvorki hann né neinn maður, sem hann ber ábyrgð á, eigi sök á tjóninu.

49. (100. gr.). Nú hefur verið flutt á skip vara, sem hætt er við bruna eða sprengingu eða er hættuleg að öðru leyti, án þess að farmflytjanda væri kunnugt um þessa eiginleika vörunnar, og er honum þá heimilt eftir atvikum að flytja vöruna í land, gera hana óskaðlega eða ónýta hana, enda er honum ekki skylt að greiða skaðabætur.

50. (101. gr.). Bætur fyrir skemmdan farm eða glataðan skal ákveða eftir því verðgildi, sem varan mundi hafa haft ósködduð við afhendingu á réttum stað og tíma.

51. (102. gr.). Viðtakandi, sem krefjast vill skaðabóta, skal tilkynna farmflytjanda það án óþarfrar tafar. Nú vanrækir hann það, og getur hann þá ekki krafizt bóta síðar, nema farmflytjandi eða maður, sem hann ábyrgist, hafi valdið tjóninu af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

52. (103. gr.). Í innanlandssiglingum er farmflytjanda óheimilt að gera fyrirvara um takmörkun ábyrgðar sinnar á góssi frá fermingu þess til affermingar, að undanskilinni ábyrgð á lifandi dýrum og vöru, sem hafa skal á þilfari.

Farmflytjandi má þó undanþiggja sig ábyrgð á tjóni, sem stafar af yfirsjónum eða vanrækslu við stjórntök skips eða meðferð þess og telja má sök skipstjóra, skipshafnar, hafnsögumanns eða annarra manna, sem í þágu skips vinna. Hann getur einnig undanþegið sig ábyrgð á brunatjóni, sem ekki stafar af yfirsjónum eða vanrækslu hans sjálfs.

53. (104. gr.). Ef skylt er eða heimilt að láta annan flutningsmann annast flutning vöru að nokkru leyti eða öllu, er farmflytjanda heimilt, þrátt fyrir ákvæði 103. gr., að undanþiggja sig ábyrgð á tjóni, sem verða kann, meðan varan er á vegum þess flutningsmanns.

54. (105. gr.). Ef ekki hefur verið samið um fjárhæð farmgjalds, skal greiða það gjald, sem almennt var, þegar ferming fór fram.

Nú hefur verið flutt meira á skip en um var samið af slíkri vöru, sem samningur tekur til, og skal þá gjalda fyrir það, sem umfram var, að réttri tiltölu við hitt, sem um var samið.

55. (106. gr.). Ekki skal greiða farmgjald fyrir góss, sem kemur ekki til skila við ferðarlok, nema það hafi farizt vegna ástands þess sjálfs eða af ónógum umbúnaði eða annarri yfirsjón eða vanrækslu sendanda, það hafi verið selt í ferðinni fyrir hönd eiganda þess eða flutt úr skipi, gert óskaðlegt eða ónýtt samkvæmt ákvæðum 100. gr.

Ef farmflytjandi á ekki rétt til farmgjalds, eftir því sem nú var sagt, skal hann endurgreiða farmgjald, sem greitt hefur verið fyrir fram.

56. (107. gr.). Nú kemur skip of seint til fermingarstaðar eða um aðra töf er að ræða af hálfu farmflytjanda, og er farmsamningshafa þá heimilt að rifta samningi, ef farmflytjanda mátti vera ljóst við samningsgerð, að töfin mundi valda því, að farmsamningshafi næði ekki í verulegum atriðum tilgangi sínum með flutningnum. Ef farmflytjandi á sjálfur sök á drættinum, getur farmsamningshafi riftað samningnum, nema dráttur sé óverulegur.

Nú er áskilið í farmsamningi, að skip skuli vera búið til að taka við farmi innan tiltekins tíma, og hefur þá sérhver dráttur í för með sér heimild fyrir farmsamningshafa til riftunar á samningi.

Ef farmflytjandi tilkynnir, að skip muni koma of seint til fermingarhafnar, verður farmsamningshafi, ef hann vill rifta samningi, að gera það án óþarfrar tafar.

57. (108. gr.). Nú er vara á skip komin, og getur farmsamningshafi þá ekki riftað samningi, ef afferming vöru mundi valda öðrum farmsamningshafa tjóni.

58. (109. gr.). Nú ferst skip eða er dæmt óbætandi, og er þá farmsamningi slitið.

59. (110. gr.). Ef farmsamningi er slitið, eftir að ferð hófst, en áður en skip kemur til ákvörðunarstaðar, á farmflytjandi rétt til farmgjalds eftir vegalengd fyrir þá vöru, sem til skila kemur.

Sama hlutfall skal vera milli farmgjalds eftir vegalengd og umsamins heildarfarmgjalds sem á milli leiðar þeirrar, sem farin var, og umsaminnar heildarferðar, en jafnframt skal þó taka tillit til, hversu miklum tíma var til

varið, og til sérstaks kostnaðar við sams konar ferðir. Ekki má farmgjald eftir vegalengd fara fram úr verðgildi farmsins.

Hvor aðila um sig á rétt til að fá farmgjald eftir vegalengd ákveðið af löggiltum niðurjöfnunarmanni sjótjóns. Bera má ákvörðun hans undir dómstóla.

60. (111. gr.). Farmflytjandi ber ábyrgð á tjóni, sem leiðir af drætti af hans hálfu eða af því, að skip ferst eða er dæmt óbætandi, nema ætla megi, að hvorki hann né neinn maður, sem hann ber ábyrgð á, eigi sök á tjóninu.

61. (112. gr.). Ef farmsamningshafi riftar samningi, áður en ferming hefst, á farmflytjandi rétt til bóta fyrir missi farmgjalds og annað tjón.

Farmsamningshafi verður þó ekki bótaskyldur, ef telja má ókleift að afhenda vöru eða flytja eða koma henni á land á ákvörðunarstað vegna atvika, sem ekki eru þess eðlis, að hann hefði átt að hafa þau í huga við samningsgerð. Má til slíkra atvika telja útflutningsbann, innflutningsbann eða aðrar slíkar tálmanir af ráðstöfunum opinbers valds, að allir hlutir af þeirri tegund vöru, sem flytja skyldi, hafi farizt af hendingu eða hið tiltekna góss, sem samið var um að flytja, hafi farizt af slysatilviljun. Farmflytjanda er einnig heimilt að rifta samningi bótalaust, ef flutningur vörunnar hefði í för með sér veigamikið óhagræði fyrir hann. Nú vill aðili rifta samningi af einhverjum sökum, sem hér var greint, og skal hann þá tilkynna hinum það án óþarfrar tafar.

Ef engin vara er til skips komin, þegar fermingartíma lýkur, skal líta svo á, að farmsamningshafi hafi slitið samningi.

62. (113. gr.). Nú lætur farmsamningshafi ekki af hendi alla þá vöru, sem tilskilið var, og skal þá líta svo á, að hann hafi riftað samningi, að því er tekur til þeirrar vöru, sem ekki var afhent. Farmflytjandi á þá rétt til bóta fyrir missi farmgjalds og annað tjón, nema atvik liggi svo til sem greint er í 2. mgr. 112. gr.

Hvort sem farmflytjandi kann að eiga bótarétt eða ekki, getur hann neitað að flytja vöruna í heild, ef bætur eru ekki greiddar eða trygging sett fyrir lok fermingartíma samkvæmt áskorun þar um.

Ef farmflytjandi riftar samningi um flutning vörunnar í heild, á hann rétt til bóta fyrir missi farmgjalds og annað tjón, nema atvik liggi svo til um vöru þá, sem ekki var afhent, sem greint er í 2. mgr. 112. gr.

63. (114. gr.). Eftir að vara er á skip komin, verður samningi ekki slitið í fermingarhöfn né meðan á ferð stendur, ef afferming vöru hefur í för með sér verulegt óhagræði fyrir farmflytjanda eða mundi baka öðrum farmsamningshafa tjón. Beita skal hér, eftir því sem við á, ákvæðum 112. og 113. gr. um rétt farmflytjanda til bóta og riftunar samnings í heild.

Nú er vöru skipað upp í einhverri höfn á leið skipsins, og á farmflytjandi þá ávallt rétt til farmgjalds eftir vegalengd.

64. (115. gr.). Þegar ákveðin er fjárhæð bóta fyrir missi farmgjalds og annað tjón, skal tillit tekið til þess, hvort farmflytjandi hefur látið undir höfuð leggjast án nægra ástæðna að taka aðra vöru í hinnar stað.

Þó að farmflytjandi eigi ekki rétt til skaðabóta, skal farmsamningshafi samt greiða þóknun, sem þegar er á fallin, fyrir aukabiðdaga og aðra töf.

65. (116. gr.). Heimilt er öllum aðilum að rifta samningi bótalaust, ef í ljós kemur, eftir að hann var gerður, að skipi eða farmi mundi í hættu stofnað með ferðinni af völdum styrjaldar, herkvíunar, uppreisnar, innanlandsóeirða eða sjórána, eða hætta af þessum sökum hefur aukizt til muna.

Ef hættu verður afstýrt með því að skilja eftir eða afferma nokkurn hluta af farmi, er riftun aðeins heimil, að því er til þess hluta tekur. Þó getur farm-

flytjandi, ef það bakar ekki öðrum farmsamningshafa tjón, riftað samningi í heild, nema bætur séu greiddar eða trygging sett samkvæmt áskorun þar um.

Beita skal ákvæðum 110. gr. og 2. mgr. 115. gr., eftir því sem við á.

66. (117. gr.). Nú tefur slík tálmun, sem getið er í 116. gr., skipið í fermingarhöfn, eftir að það hefur tekið farm, eða á viðkomustað á leiðinni, og skal þá kostnaði af töfinni skipt niður á skip, farmgjald og farm, eftir því sem mælt er um sameiginlegt sjótjón. Nú er samningi riftað, og tekur þetta þá ekki til kostnaðar, sem á fellur eftir það.

67. (118. gr.). Þegar gerður hefur verið tímabundinn farmsamningur, skal farmflytjandi á því tímabili, sem skipið er til ráðstöfunar fyrir farmsamningshafa, láta það fara þær ferðir, sem farmsamningshafi mælir fyrir um í samræmi við samninginn.

68. (119. gr.) Farmflytjandi skal sjá um, að skip sé svo mannað, birgt af vistum og búnaði og að öðru leyti í því ástandi, að það fullnægi skilyrðum til almennra flutningsferða. Honum er þó ekki skylt að leggja til vélareldsneyti né vatn til skipskatla.

69. (120. gr.) Farmsamningshafi annast og kostar fermingu, búlkun og affermingu. Hann getur ekki krafizt annarrar þjónustu af skipstjóra og skipshöfn en venjuleg er í flutningaferðum í sams konar siglingum. Farmsamningshafi ber kostnað af yfirvinnu og öðrum aukaútgjöldum við þá þjónustu.

Nú verður farmflytjandi að greiða eiganda vöru skaðabætur, vegna þess að vara hefur skaddazt eða farið forgörðum við fermingu, búlkun eða affermingu, og á hann þá aðgang að farmsamningshafa um þann kostnað, nema um sé að ræða sök skipstjóra eða skipshafnar við skylt samstarf þeirra að greindum framkvæmdum.

70. (121. gr.). Farmsamningshafa ber að greiða öll útgjöld við framkvæmd ferða, sem ekki hvíla á farmflytjanda samkvæmt því, er áður var greint.

71. (122. gr.) Farmflytjanda er skylt að gefa út farmskírteini fyrir vöru, sem á skip er komin, með þeim flutningsskilmálum, sem venjulegir eru í sams konar siglingum. Ef hann bakar sér með því aukna ábyrgð, ber farmsamningshafa að bæta honum þann kostnað.

72. (123. gr.). Ekki er farmflytjanda skylt að láta skipið fara ferð, sem hættuleg er skipi eða skipshöfn, ef hann þurfti ekki að gera ráð fyrir þeirri hættu við samningsgerð. Honum er ekki heldur skylt að taka á skip muni, sem hætt er við bruna eða sprengingu eða hættulegir eru að öðru leyti.

73. (124. gr.). Skylt er farmflytjanda að láta skipið hefja nýja ferð, þó að henni verði ekki lokið á samningstímanum, ef tími sá, sem skipið er til ráðstöfunar farmsamningshafa, lengist ekki meira við það en hóflegt má telja.

Fyrir þann tíma, sem umfram verður, skal greiða sama tímagjald og í samningi er áskilið.

74. (125. gr.). Farmgjald samkvæmt tímabundnum farmsamningi skal greiða mánaðarlega fyrir fram.

Nú tefst skip vegna aðstæðna farmflytjanda, þar á meðal vegna viðhalds á skipi eða til að bæta úr tjóni, sem ekki stafar af yfirsjónum eða vanrækslu farmsamningshafa eða manna, sem hann ábyrgist, og ber þá ekki að greiða farmgjald meðan sú töf stendur yfir.

75. (126. gr.). Ef skip týnist og ekki er vitað, hvenær slysið bar að höndum, skal greiða tímafarmgjald fyrir helming þess tíma, sem skipið hefði þurft til ferðar sinnar til ákvörðunarstaðar frá þeim stað, þar sem síðast spurðist til þess.

76. (127. gr.). Nú er farmsamningshafa ekki fengið skip til ráðstöfunar í tæka tíð eða um annan drátt er að ræða af hálfu farmflytjanda, og er farmsamningshafa þá heimilt að rifta samningi, ef farmflytjanda mátti vera ljóst við samn-

ingsgerð, að töfin mundi valda því, að farmsamningshafi næði ekki í verulegum atriðum tilgangi sínum með samningnum. Ef farmflytjandi á sjálfur sök á drættinum, getur farmsamningshafi riftað samningi, nema töfin sé óveruleg.

Nú er áskilið í farmsamningi, að skipið skuli vera fengið farmsamningshafa til ráðstöfunar innan tiltekins tíma, og heimilar þá sérhver dráttur riftun.

Ef farmflytjandi tilkynnir, að skip muni tefjast, verður farmsamningshafi, ef hann vill rifta samningi, að gera það án óþarfrar tafar.

77. (128. gr.). Ákvæði 111. gr. taka einnig til farmflytjanda samkvæmt tímabundnum farmsamningi.

78. (129. gr.). Nú er tímafarmgjald ekki greitt á réttum tíma, og er farmflytjanda þá heimilt að rifta samningi og krefjast bóta fyrir missi farmgjalds og annað tjón.

79. (130. gr.). Farmflytjandi á rétt til bóta fyrir tjón á skipi, sem stafar af yfirsjónum eða vanrækslu farmsamningshafa eða manna, sem hann ábyrgist.

80. (131. gr.). Framlög farmgjalds til sameiginlegs sjótjóns skal farmsamningshafi inna af höndum, þegar um tímabundna farmsamninga er að ræða.

Af björgunarlaunum, sem koma í hlut útgerðarmanns, skal fyrst greiða farmsamningshafa tímafarmgjald fyrir þann tíma, sem til björgunar gekk, og kostnað af eldsneytiseyðslu skipsins sama tíma. Eftirstöðvunum skal skipta jafnt milli farmflytjanda og farmsamningshafa.

81. (132. gr.). Farmskírteini er skrifleg yfirlýsing af hálfu farmflytjanda um, að vara sé á skip komin og að honum sé skylt að skila henni til rétts viðtakanda á ákvörðunarstað.

Undir skírteinið skal sá maður rita nafn sitt, sem gaf það út, og í því skal greina útgáfustað, útgáfudag, nafn skipsins, hver varan var og hverjum eigi að afhenda hana á ákvörðunarstað.

82. (133. gr.). Í farmskírteini skal enn fremur greint, ef þess er óskað:

1. Tegund vöru, þungi, mál eða stykkjatala, umbúðir og nauðsynleg auðkennismerki.
2. Ásigkomulag vöru, eftir því sem séð verður.
3. Fjárhæð farmgjalds og aðrir skilmálar fyrir flutningi vörunnar og afhendingu.
4. Nafn vörusendanda, fermingarstaður og fermingartími, tegund skips, heimili þess og þjóðerni, svo og nafn skipstjóra.

Útgefandi farmskírteinis má gera fyrirvara í því um tilgreiningu sendanda á vörunni, enda hafi honum ekki verið unnt án óeðlilegrar fyrirhafnar að ganga úr skugga um réttmæti hennar.

83. (134. gr.). Vörusendandi ber ábyrgð gagnvart farmsamningshafa á því, að rétt sé sú tilgreining á vöru, sem skráð er í farmskírteini samkvæmt ósk hans og frásögn.

84. (135. gr.). Farmskírteini má stíla til ákveðins manns eða að tilvísun hans eða til handhafa. Framselja má farmskírteini, nema það sé bannað í meginmáli þess, svo sem með orðunum „ekki til framsals“ eða á annan hátt.

85. (136. gr.). Svo mörg eintök skulu gerð af farmskírteini sem sendandi æskir. Hvort sem eintök eru eitt eða fleiri, skal eintakatala greind í meginmáli skírteinisins. Nú eru gefin út fleiri skírteini en eitt, og skulu þau þá öll vera samhljóða.

86. (137. gr.). Nú kemur maður með farmskírteini, sem hann er rétt að kominn eftir orðum þess sjálfs eða við framsöl í óslitinni röð eða við eyðuframsal (in blanco), og getur hann þá krafizt, að vara sé fengin sér í hendur.

Þó að farmskírteini hafi verið gefið út í fleira en einu eintaki, þá nægir

samt, að sá, sem kallar eftir vörunni á ákvörðunarstað, sýni eitt eintak með þeirri heimild, sem í 1. mgr. segir. Utan ákvörðunarstaðar er óheimilt að láta farm af hendi, nema skilað sé aftur öllum eintökum farmskírteinis eða trygging sett fyrir kröfum, sem eigendur þeirra kynnu að koma fram með á hendur farmflytjanda.

87. (138. gr.). Nú sýna fleiri menn en einn eintök af farmskírteini með heimild þeim til handa samkvæmt 137. gr., og skal þá fela farm til geymslu, svo að óhult sé, og skýra þeim mönnum tafarlaust frá varðveizlunni, sem eintök höfðu sýnt.

88. (139. gr.). Farmflytjanda er ekki skylt að láta farm af hendi, nema viðtakandi hafi áður komið farmskírteini í geymslu (depositum) hjá öðrum aðila og gefi sérstök viðtökuvottorð, jafnóðum og affermt er.

Þegar affermingu er lokið, skal farmskírteini afhent farmflytjanda með áritaðri viðurkenningu um viðtöku vörunnar.

89. (140. gr.). Um ógildingu glataðs eða horfins farmskírteinis fer eftir réttarfarslögum. Þegar stefna í ógildingarmáli hefur verið birt eða fyrr, ef heimilað er með sérstökum dómsúrskurði, getur höfðandi ógildingarmáls krafizt afhendingar á farmi gegn því að setja tryggingu fyrir kröfum, sem réttur eigandi farmskírteinisins kynni að öðlast á hendur farmflytjanda.

90. (141. gr.). Farmskírteini er grundvöllur réttarstöðu farmflytjanda og viðtakanda farms sín á milli um flutning og afhendingu vörunnar. Ákvæði farmsamnings, sem ekki voru sett í farmskírteinið, eru ógild gagnvart viðtakanda, nema til þeirra sé vitnað í farmskírteini.

Ekki verður viðtakandi krafinn um ógreitt aukabiðdagagjald né önnur gjöld, sem af fermingu skipsins stafa, nema kröfunnar sé getið á farmskírteini. Nú hefur tími til fermingar og affermingar verið tiltekinn í einu lagi, og þarf viðtakandi þá ekki að hlíta því, að of langur tími hafi til fermingar gengið, nema greindur sé á farmskírteini sá tími, sem ferming tók.

91. (142. gr.). Farmflytjandi ábyrgist viðtakanda, að rétt sé það, sem farmskírteini greinir um vöru, nema hann hafi gert um það fyrirvara eða viðtakanda mátti vera ljóst, að farmflytjandi hafi ekki kannað réttmæti tilgreiningar.

Farmflytjandi getur ekki borið fyrir sig ranga tilgreiningu, ef hann sá eða átti að sjá, að rangt var frá skýrt, nema hann hafi sett um það beina athugasemd á farmskírteinið.

92. (143. gr.). Nú er vara sködduð eða óhæfilega um hana búið, en þess ekki getið á farmskírteini, og getur farmflytjandi ekki borið það fyrir sig til lausnar undan ábyrgð, ef hann sá eða átti að geta séð við almenna athygli, hvernig vöru eða umbúðum var að þessu leyti háttað.

Farmflytjandi getur ekki heldur borið fyrir sig, að vara hafi verið flutt á þilfari, ef þess er ekki getið á farmskírteini.

93. (144. gr.). Ef einstök eintök farmskírteinis hafa verið framseld ýmsum mönnum, fær sá beztan rétt, sem fyrstur fékk grandlaus eintak í hendur. En hafi annar maður fengið vöruna afhenta sér á ákvörðunarstað samkvæmt sínu eintaki af farmskírteininu og verið þá grandlaus, er honum ekki skylt að selja vöruna aftur af hendi.

94. (145. gr.). Nú hefur maður farmskírteini í höndum með þeirri heimild, sem í 1. mgr. 137. gr. segir, og er honum þá ekki skylt að láta það af hendi við þann, sem misst hefur, ef hann hefur eignazt það með framsali og verið þá grandlaus.

Ákvæði 1. mgr. taka ekki til farmskírteina, sem eru stíluð til ákveðins manns og framsal er bannað á í meginmáli þeirra.

95. (146. gr.). Heimild þeirri, sem seljandi kann að hafa til að stöðva afhendingu á vöru til kaupanda eða bús hans eða til að fá vöru skilað aftur, verður ekki beitt gagnvart handhafa farmskírteinis, sem ekki væri skylt eftir ákvæðum 145. gr. að láta það af hendi.

96. (147. gr.). Nú hefur farmflytjandi, áður en vara er á skip komin, gefið út skriflega yfirlýsingu um, að hann hafi tekið við vöru til flutnings og að honum sé skylt að skila henni til rétts viðtakanda á ákvörðunarstað, og skal þá beita ákvæðum þessa kafla um farmskírteini, eftir því sem við á, um slík viðtökufarmskírteini.

Ef viðtökufarmskírteini hefur verið gefið út, er ekki heimilt að gefa síðar út farmskírteini um sömu vöru, nema fyrrnefndu skírteini sé skilað aftur.

97. (148. gr.). Þegar annar maður en farmflytjandi á að annast flutning vörunnar einhvern hluta af leiðinni til ákvörðunarstaðar og farmflytjandi hefur gefið út skriflega yfirlýsingu um, að vara sé komin á skip eða við henni hafi verið tekið til flutnings og að honum sé skylt að skila henni til rétts viðtakanda á ákvörðunarstað, þá skal beita ákvæðum um farmskírteini í þessum kafla, eftir því sem við á, um slík gagnfær farmskírteini.

Nú hefur gagnfært farmskírteini verið gefið út, og má þá ekki gefa út sérstakt farmskírteini fyrir flutningi vörunnar tiltekinn hluta af leiðinni, nema á það sé skráð, að varan sé flutt samkvæmt gagnfæru farmskírteini.

98. (149. gr.). Ef farsamningur hefur verið gerður um flutning á tilteknum manni, er honum ekki heimilt að framselja rétt sinn samkvæmt samningnum.

Aldrei er heimilt að framselja rétt samkvæmt farsamningi, eftir að ferð er hafin.

99. (150. gr.). Skylt er farþegum að fara að öllu eftir fyrirmælum þeim, sem gerð eru um góða háttsemi og reglu á skipi. Ákvæði 55. og 62. gr. sjómannalaga, nr. 41 19. maí 1930, taka og til þeirra.

100. (151. gr.). Frá því að farþegi er kominn á skip og þangað til ferð hans á skipi er lokið, ber farsala að annast öryggi hans og gæta hags hans.

Farsala ber að greiða bætur fyrir lífs- eða líkamstjón farþega, sem að ber, meðan á ferð stendur, ef ætla má, að tjónið stafi af yfirsjónum eða vanrækslu hans sjálfs eða nokkurs manns, sem hann ber ábyrgð á.

101. (152. gr.). Um farþegagóss, sem falið er farsala til varðveizlu, skal beita ákvæðum 72.—74. gr. og 99.—104. gr., eftir því sem við á.

102. (153. gr.). Nú glatast eða skaddast farangur, sem ekki hefur verið falinn farsala til varðveizlu, og ber honum þá því aðeins að greiða farþega bætur, að álíta megi tjónið stafa af yfirsjónum eða vanrækslu hans sjálfs eða manna, sem hann ber ábyrgð á.

Ákvæðum 100.—102. gr. skal beita, eftir því sem við á. Takmörkun á ábyrgð, sem um getur í 2. mgr. 103. gr., skal gilda um slíkan farangur, sem hér ræðir um, þó að farsali hafi engan fyrirvara um það gert.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til peninga, verðbréfa eða dýrgripa.

103. (154. gr.). Nú hefur tjón hlotizt af farangri farþega, og skal þá beita ákvæðum 78. gr., eftir því sem við á.

104. (155. gr.). Heimilt er farsala að halda farangri, sem honum hefur verið falinn til varðveizlu, til þess er farþegi hefur greitt fargjald og andvirði þess, er hann hefur neytt á skipi á leiðinni.

Ef greiðsla er ekki innt af hendi, má fela farangur til varðveizlu, svo að öruggt sé, á kostnað farþega. Heimilt er þá farsala að láta selja á opinberu uppboði eða með öðrum jafntryggum hætti svo mikið af farangrinum sem nægir til lúkningar kröfu hans.

105. (156. gr.). Farþegi getur riftað farsamningi, ef burtför skips seinkar verulega frá þeim stað, þar sem það átti að hefja ferðina.

Nú ferst skip eða er dæmt óbætandi, áður en ferð hefst, og gengur þá samningur úr gildi.

106. (157. gr.). Nú ferst skip eða er dæmt óbætandi, eftir að ferð er hafin, eða það verður fyrir slíkri töf á leiðinni, að þess verður ekki vænzt, að farþegar bíði í skipi, og er farsala þá skylt að sjá þeim og farangri þeirra fyrir fari með skipi eða öðru flutningstæki áfram til ákvörðunarstaðar, enda sé það unnt án óhæfilegs kostnaðar.

Farþegi getur riftað samningi, ef ferð verður ekki á enda kljáð eða skip tefst, svo sem segir í 1. mgr., nema farsali annist flutning hans til ákvörðunarstaðar.

107. (158. gr.). Tjón, sem farþegi bíður við það, að skip ferst eða er dæmt óbætandi, eða af því, að för skips seinkar verulega, ber farsala að bæta, nema ætla megi, að hvorki hann né menn, sem hann ábyrgist, hafi átt sök á tjóninu.

108. (159. gr.). Nú verður farþegi að dveljast um tíma í landi í einhverri höfn á leið skipsins vegna sjóslyss eða annarra aðstæðna, sem skip varða, og ber farsala þá að greiða sanngjarnan kostnað af þeirri dvöl.

109. (160. gr.). Ef farþegi hættir við förina eða fer af skipi á leiðinni, á farsali rétt til bóta úr hendi hans, nema farþegi hafi látizt eða sjúkdómur eða önnur lögmæt forföll hafi hindrað för hans, enda sé farsala tilkynnt það án óþarfrar tafar. Við ákvörðun bóta skal taka tillit til þess, ef farsali hefur látið undir höfuð leggjast án nægra ástæðna að taka annan farþega í hins stað.

110. (161. gr.). Ákvæðum um gagnkvæman riftunarrétt í 1. mgr. 116. gr. skal beita um farsamninga, eftir því sem við á.

111. (162. gr.). Nú hefur nokkur hluti ferðar verið farinn, þegar svo stendur á sem í 2. mgr. 157. gr., 160. gr. eða 161. gr. segir, og á farsali þá rétt til fargjalds eftir vegalengd samkvæmt því, sem mælt er um svipað efni í 110. gr. En hafi farsali fengið greitt meira gjald en honum ber þannig réttur til, skal hann endurgreiða það, sem fram yfir er.

7. gr.

Sjöundi kapítuli, um sjólán (bodmeri), 179.—191. gr., falli niður.

8. gr.

Í áttunda kapítula, um sjótjón, sem verði VI. kafli, breytast greinar þannig:

1. Í 192. gr. (sem verður 163. gr.). Fyrir „212.—217. gr.“ komi: 183.—188. gr.
2. Í 193. gr. (sem verður 164. gr.).
   a. Í 2. mgr. 8. töluliðs: Fyrir orðin „kolabirgðum gufuskips“ komi: eldsneyti vélskips.
   b. Í 12. tölulið: Orðin „tilgjöf við neyðarlán, ef nauðsyn var á sjóláni“ falli niður.
3. Í 195. gr. (sem verður 166. gr.).
   a. Í 1. tölulið: Fyrir „148. gr.“ komi: 74. gr.
   b. Í 4. tölulið: Fyrir orðin „kötlum gufuskips og vél“ komi: gangvélum skips.
4. Í 1. mgr. 196. gr. (sem verður 167. gr.). Orðin „eftir 13. gr.“ falli niður.
5. Í 2. mgr. 199. gr. (sem verður 170. gr.). Fyrir „196. gr.“ komi: 167. gr.
6. Í 1. mgr. 201. gr. (sem verður 172. gr.). Fyrir „46. gr.“ komi: 40. gr.
7. Í 206. gr. (sem verður 177. gr.). Fyrir „205. gr.“ komi: 176. gr.
8. Í 212. gr. (sem verður 183. gr.).
   a. Í 1. tölulið: Fyrir „46. gr.“ komi: 40. gr.
   b. Í sama tölulið: Fyrir orðið „tjónið“ komi: skipið.

9. Í 213. gr. (sem verður 184. gr.).
   a. Í 1. tölulið: Fyrir „205. og 206. gr." komi: 176. og 177. gr.
   b. Í 3. tölulið: Orðin „sbr. 154. gr." falli niður.
10. Í 2. mgr. 214. gr. (sem verður 185. gr.). Fyrir „155. gr." komi: 105. gr.
11. Í 216. gr. (sem verður 187. gr.). Fyrir „212.—215. gr." komi: 183.—186. gr.
12. Í 1. tölulið 217. gr. (sem verður 188. gr.). Fyrir orðið „kol" komi: eldsneyti.
13. Fyrri málsliður 2. mgr. 218. gr. (sem verður 189. gr.) orðist svo:
    Úrslitareikninga sjótjóns annast löggiltur niðurjöfnunarmaður sjótjóns eða, ef þess er ekki kostur, tveir dómkvaddir menn.
14. 221. gr. (sem verður 192. gr.) orðist svo:
    Ábyrgð á framlagi til sjótjóns af hálfu skips og farmgjalds sætir þeirri takmörkun, sem í IX. kafla greinir.
    Sjótjónsframlag af hálfu farms og annars góss í skipi ábyrgist eigandi hinna framlagsskyldu muna með þeim munum einum, en ekki sem sjálfsskuld.
15. Í 223. gr. (sem verður 194. gr.).
   a. Í 1. mgr.: Fyrir orðin „síðara lið 166. gr." komi: 117. gr.
   b. 3. mgr. orðist svo:
      Um niðurjöfnun einkasjótjóns fer eftir ákvæðum 189. gr., ef einhver krefst þess, sem hlut á að máli.

### 9. gr.

Í níunda kapítula, um tjón af árekstri, sem verður VII. kafli, breytast þessar greinar:

1. 224. gr. falli niður.
2. 2. málsliður 1. mgr. 225. gr. (sem verður 195. gr.) falli niður.
3. 227. gr. falli niður.
4. 228. gr. a. verði 198. gr.

### 10. gr.

Í tíunda kapítula, um björgun, sem verður VIII. kafli, breytast þessar greinar:

1. 229. gr. (sem verður 199. gr.).
   a. Í 1. málslið 1. mgr.: Orðin „af því, sem bjargað var" falli niður.
   b. 6. mgr. falli niður.
   c. Aftan við greinina bætist ný mgr., svo hljóðandi:
      Ábyrgð útgerðarmanns á björgunarlaunum er takmörkuð samkvæmt ákvæðum IX. kafla Eigandi farms eða annars góss ábyrgist greiðslu björgunarlauna aðeins með þeim munum, en ekki sem sjálfsskuld.
2. Í 3. mgr. 232. gr. (sem verður 202. gr.). Í stað „230. gr." komi: 200. gr.
3. Í 1. mgr. 233. gr. (sem verður 203. gr.). Í stað „230. gr." komi: 200. gr.

### 11. gr.

Eftir VIII. kafla komi nýr kafli, sem verði IX. kafli með fyrirsögninni: Um takmarkaða ábyrgð útgerðarmanna, svo hljóðandi:

1. (205. gr.). Útgerðarmaður ber takmarkaða ábyrgð á kröfum þeim, sem hér verða greindar:
   1. Bótakröfum vegna lífs- eða líkamstjóns þeirra manna, sem vinna í þágu skips, svo og farþega. Bótakröfum fyrir glataða eða skemmda vöru, sem skipstjóri hefur tekið við til flutnings, og hvers konar muni, sem á skipi eru.
   2. Öðrum bótakröfum vegna tjóns á mönnum eða munum á sjó eða á landi, sem stafar af yfirsjónum eða vanrækslu skipstjóra, skipshafnar, hafnsögumanns eða annarra, sem vinna í þágu skips.

3. Bótakröfum vegna vanefnda á samningi, sem stafa af yfirsjónum eða vanrækslu við stjórntök skips.
4. Kröfum, sem rísa af því, að tilgreiningar í farmskírteini eru rangar eða ófullnægjandi.
5. Kröfum, sem rísa af skyldum til að fjarlægja flak af skipi, sem farizt hefur, eða eyða því.
6. Kröfum um björgunarlaun.
7. Kröfum um framlög til sameiginlegs sjótjóns.
8. Kröfum, sem stafa af því, að skipstjóri hefur samkvæmt stöðuumboði sínu utan heimilis skips gert ráðstafanir eða játazt undir skuldbindingar, sem nauðsynlegar voru til verndar skipi eða framhalds ferðar, nema krafa sé af því risin, að búnaður skips eða birgðir hafi verið ófullnægjandi, þegar ferð hófst, eða krafa hefur orðið til vegna sérstaks umboðs af hendi útgerðarmanns eða verið viðurkennd af honum.

Takmörkun ábyrgðar nær þó ekki til þeirra skuldbindinga, sem stafa af starfssamningi við skipstjóra, skipshöfn eða aðra menn, sem vinna í þágu skips, eða af yfirsjónum eða vanrækslu útgerðarmanns sjálfs, nema hann sé jafnframt skipstjóri og krafa eigi rót sína að rekja til yfirsjónar eða vanrækslu hans við stjórntök skips.

2. (206. gr.). Þegar ábyrgð er takmörkuð, ábyrgist útgerðarmaður með verði skipsins að viðbættum fjárhæðum þeim, sem í 208. gr. getur.

Þegar bæta skal tjón á mönnum (lífs- eða líkamstjón), ber útgerðarmaður ábyrgð með tvöfaldri þeirri fjárhæð, sem í 1. mgr. segir.

3. (207. gr.). Verð skips skal ákveða eftir ástandi þess á þeim tímum, sem hér segir:

1. Þegar um árekstur eða annað slys er að ræða, skal ákveða verðið við komu skips til fyrstu hafnar, að því er varðar kröfur, sem standa í sambandi við slysið og til eru orðnar fyrir komu skips til hafnar eða leiðir af sameiginlegu sjótjóni.

   Nú hefur nýtt sjóslys, sem ekki stendur í sambandi við hið fyrra, rýrt skip í verði, áður en það kom til hafnar, og skal þá ekki taka tillit til þeirrar verðrýrnunar, að því er varðar kröfur út af fyrra slysinu.

   Ef slys ber að höndum í höfn, skal ákveða verðið samkvæmt ástandi skipsins þar, eftir að slys varð.
2. Um kröfur, sem stafa af rangri eða ófullnægjandi tilgreiningu í farmskírteini eða að öðru leyti koma farmi við og falla ekki undir 1. tölulið, skal ákveða verðið eftir ástandi skips við komu þess til ákvörðunarhafnar eða annars staðar, þar sem ferð lýkur. Nú á farmi að skila á ýmsum stöðum, og skal þá ákveða verðið eftir ástandi skips við komu til fyrstu hafnar, að því er snertir kröfur, sem stafa af sama atburði.
3. Um allar aðrar kröfur skal ákveða verð skipsins við lok ferðar.

4. (208. gr.). Við ákvörðun á ábyrgð útgerðarmanns, þegar hún er takmörkuð, skal bæta við verð skips eftirgreindum fjárhæðum:

a. Tíu hundraðshlutum af verði skips við upphaf ferðar.
b. Skaðabótum og sjótjónsframlögum vegna tjóns á skipi, sem orðið hefur, eftir að ferð hófst, og ekki hefur verið úr bætt.

5. (209. gr.) Kröfum þeirrar tegundar, sem um getur í 1. tölulið 207. gr. og stafa af sama slysi, skal fullnægja af ábyrgðarfjárhæðinni samkvæmt röð sjóveða, sem þær kunna að vera tryggðar með. Sama er um kröfur, sem í 2. og 3. tölulið 207. gr. getur, þegar leggja skal til grundvallar þeim verð skips í sömu höfn.

Kröfum til bóta fyrir lífs- og líkamstjón, sem stafa frá sama slysi, skal fullnægja af þeirri aukningu ábyrgðarfjárhæðar, sem greind er í 2. mgr. 206. gr. Nægi

sú fjárhæð ekki til lúkningar kröfu, ber að greiða eftirstöðvarnar í sama hlutfalli og aðrar kröfur eftir ákvæðum 1. málsliðs 1. mgr. þessarar greinar.

6. (210. gr.). Ef útgerðarmaður vill bera fyrir sig takmörkun á ábyrgð, ber honum að sanna, hvert verið hafi verð skips á þeim tíma, sem máli skiptir.

7. (211. gr.). Ef ágreiningur rís um takmörk ábyrgðar eða um skiptingu ábyrgðarfjárins, getur útgerðarmaður krafizt, að niðurjöfnunarmaður sjótjóns eða, sé hans ekki kostur, 2 dómkvaddir menn (sbr. 189. gr.) skeri úr ágreiningnum. Nú hefur útgerðarmaður valið þessa leið, og getur þó hver kröfuhafi fengið úr því skorið með dómi, hverri fjárhæð krafa hans mundi nema, ef ábyrgð væri ekki takmörkuð. Útgerðarmaður getur og krafizt, að niðurjöfnunarmaður sjótjóns eða hinir dómkvöddu menn setji tilteknum kröfuhöfum hæfilegan frest til málshöfðunar.

Niðurjöfnunarmanni sjótjóns eða hinum dómkvöddu mönnum er heimilt að kveðja kröfuhafa, með þriggja mánaða fyrirvara hið mesta, til að lýsa kröfum sínum. Skal það gert með opinberri auglýsingu, eftir því sem bezt hentar hverju sinni.

Skylt er útgerðarmanni og kröfuhöfum að veita niðurjöfnunarmanni sjótjóns eða hinum dómkvöddu mönnum alla þá fræðslu og afhenda þau sönnunargögn, sem þeir telja máli skipta.

Kostnað af starfi niðurjöfnunarmanns eða hinna dómkvöddu manna beri útgerðarmaður. Ágreining um réttmæti niðurstöðu þeirra má bera undir dómstóla.

8. (212. gr.). Nú hefur útgerðarmaður sett tryggingu fyrir allri ábyrgðarfjárhæðinni í því skyni að afstýra kyrrsetningu eða fá hana fellda niður, og skal þá tryggingin koma að notum öllum kröfuhöfum, sem sæta verða takmarkaðri ábyrgð á kröfum sínum, enda getur enginn þeirra krafizt frekari tryggingar.

Nú hefur trygging verið sett fyrir lægri fjárhæð eða ýmsar tryggingar settar, og má þá, ef ekki næst samkomulag með aðilum, fá dómsúrskurð um áhrif þegar settra trygginga og hvort aukin trygging skuli sett, þó svo, að ekki sé farið fram úr fullri ábyrgðarfjárhæð.

9. (213. gr.). Nú hefur útgerðarmaður greitt að fullu þá fjárhæð, sem honum var skylt eftir reglum um takmörkun ábyrgðar, og það kemur síðar fram, að aðrir kröfuhafar áttu sama rétt eða betri, og er hann þá ekki skyldur til meiri greiðslu, ef hann vissi ekki af þessum kröfum, þegar hann greiddi hitt, og ekki verður álitið, að hann hefði fengið vitneskju um þær þrátt fyrir hæfilega eftirgrennslan.

Nú hefur kröfuhafi fengið með þessum hætti fé, sem öðrum bar að réttu, og ábyrgist hann þá þeim manni kröfu hans, en þó ekki lengra en það fé hrekkur, sem hann tók við, og því aðeins, að hann vissi af þeirri kröfu, er hann tók við fénu.

10. (214. gr.). Þegar lögsókn hefur verið hafin gegn útgerðarmanni til heimtu eða tryggingar kröfu, sem hann ábyrgist takmarkaðri ábyrgð, er dómara heimilt að ákveða eftir kröfu hans, að frestað skuli kyrrsetningu, aðför eða uppboði á öðrum eignum hans en þeim, sem eru að sjóveði, unz sala á skipi og úthlutun söluandvirðis hefur farið fram.

11. (215. gr.). Nú hefur farmsamningshafi orðið ábyrgur vegna bakfarmsamnings fyrir kröfu, sem um ræðir í 205. gr., og skal þá beita ákvæðum um takmarkaða ábyrgð, eftir því sem við á. Svo skal og vera, þegar maður, sem fengið hefur skip annars aðila til afnota í siglingum á eigin kostnað, eða skipseigandi, sem ekki gerir skipið út sjálfur, hafa orðið ábyrgir fyrir nefndum kröfum.

12. gr.

Í stað ellefta kapítula komi nýr kafli með breyttum ákvæðum, sem verður X. kafli, með fyrirsögninni: Um sjóveðrétt og fyrningu á sjókröfum, svo hljóðandi:

1. (216. gr.). Þessar kröfur eiga sjóveðrétt í skipi og farmgjaldi:

1. Dómsgjöld og kostnaður af sölu skips í sameiginlega þágu lánardrottna, kostnaður af vörzlu þess, unz sala fer fram, og af úthlutun söluverðs. Lestagjöld, vitagjöld, hafnargjöld og önnur slík opinber gjöld, sem greiða ber af skipi. Kostnaður af affermingu skips, varðstöðu í því og annarri vörzlu þess, eftir að það kom til síðustu hafnar.
2. Kröfur til launa og annarrar þóknunar, sem stofnazt hafa til handa skipstjóra, skipshöfn og öðrum, sem útgerðarmaður eða skipstjóri hafa ráðið á skip.
3. Björgunarlaun og kröfur um framlög til sameiginlegs sjótjóns.
4. Bótakröfur vegna árekstrar skipa eða annars sjóslyss. Bætur fyrir tjón, sem skip hefur valdið á mannvirkjum í höfnum, skipakvíum eða á siglingaleiðum. Bótakröfur vegna lífs- eða líkamstjóns farþega, skipstjóra, skipshafnar eða annarra, sem á skip eru ráðnir. Bótakröfur fyrir glataðan eða skemmdan farm eða farangur farþega. Bætur fyrir eignir skipverja, þær er farizt hafa við sjóslys.
5. Kröfur, sem til eru orðnar við ráðstafanir eða skuldbindingar, er skipstjóri hefur gert vegna stöðu sinnar utan heimilis skipsins og nauðsynlegar voru til verndar skipi eða framhalds ferðar, og gildir þetta eins, þó að skipstjóri sé jafnframt eigandi skips, og án tillits til þess, hvort hann eða annar maður er eigandi kröfu.

   Ákvæði þessa töluliðs gilda þó ekki um kröfur, sem skipstjóri stofnar við menn eða stofnanir hér á landi í sambandi við útgerð skipa, sem heimilisföst eru hér á landi og eingöngu eða aðallega eru notuð til fiskveiða hér við land, vegna úttektar á vistum, veiðarfærum, beitu, ís, salti, tunnum, kolum, benzíni, olíu eða öðrum vélarnauðsynjum, nema úttekt hafi verið nauðsynleg til heimferðar skips, enda haldi skipið til heimferðar frá úttektarstað án nokkurra tafa, og telst það ekki heimferð, ef skip stundar veiðar, eftir að úttekt fór fram. Nú fær kröfuhafi ekki sjóveðrétt vegna framangreindra fyrirmæla, og ábyrgist útgerðarmaður þá kröfuna með öllum eignum sínum.
6. Kröfur, sem leiðir af því, að tilgreiningar í farmskírteini hafa verið rangar eða ófullnægjandi.

2. (217. gr.). Sjóveðréttur í skipi nær og til skipsbúnaðar og kröfu útgerðarmanns til skaðabóta og sjótjónsframlags vegna tjóns á skipi, sem orðið hefur, eftir að ferð hófst, og ekki hefur verið úr bætt. Til skipsbúnaðar teljast ekki vistabirgðir, eldsneyti né aðrar vélarnauðsynjar.

Sjóveðréttur í farmgjaldi tekur yfir óskert (brutto) farmgjald og fargjald fyrir þá ferð, sem krafan stafar af, svo og til skaðabóta og sjótjónsframlags fyrir missi þess farmgjalds eða fargjalds. Sjóveðréttur fyrir kröfum samkvæmt 2. tölulið 216. gr. nær þó til farmgjalds fyrir allar ferðir skips, sem farnar voru, meðan starfssamningur var í gildi.

Sjóveðréttur í skipi og farmgjaldi nær einnig til hluta útgerðarmanns af björgunarlaunum, sem til hefur verið unnið í ferðinni.

Sjóveðréttur fyrir launakröfum og þóknunar samkvæmt 2. tölulið 216. gr. og bótakröfum fyrir eignir skipverja, þær er farizt hafa við sjóslys, sbr. síðasta málslið 4. töluliðs 216. gr., skal einnig ná til vátryggingarfjár skips og farmgjalds, meðan það er ekki af höndum greitt. Nú ferst skip eða er dæmt óbætandi, og er þá vátryggingarsala óskylt að láta vátryggingarfé af höndum, fyrr en 14 dögum eftir að hann átti þess kost að afla þeirra upplýsinga, er þörf var á til þess að meta

vátryggingaratburðinn og ákveða upphæð bótanna. Sjóveðréttur nær ekki til vátryggingarfjár í öðrum tilfellum en hér var greint.

3. (218. gr.). Sjóveðréttur í skipi og farmgjaldi gengur fyrir öllum öðrum eignarhöftum, sem á eignum þessum hvíla. Sjóveðréttur samkvæmt 6. tölulið 216. gr. víkur þó fyrir samningsveði í skipi.

Kröfum þeim, sem taldar eru í 216. gr., skal fullnægja eftir þeirri röð töluliða, sem þær eru taldar þar í, að svo miklu leyti sem þær eru til komnar í sömu ferð. Kröfur taldar í sama tölulið eru jafnréttháar sín á milli, en þó svo, að stafi kröfur í 3. og 5. tölulið ekki af sama atburði, gengur yngri krafa fyrir eldri.

Nú stafa kröfurnar af ýmsum ferðum, og gengur þá sú krafa, sem af síðari ferð stafar, fyrir hverri kröfu af eldri ferðum. Að því er tekur til sjóveðréttinda eftir 6. tölulið 216. gr. gildir þetta þó aðeins í sambandi þeirra á milli. Kröfur samkvæmt starfssamningi, sem nær til fleiri en einnar ferðar, hafa allar sama rétt og kröfur frá síðustu ferð.

4. (219. gr.). Sjóveðréttur í skipi fellur niður, ef það er selt á nauðungaruppboði. Svo skal og vera, ef skip er selt, eftir að það hefur á lögmætan hátt verið dæmt óbætandi, og skal þá beita ákvæðum 220. gr., eftir því sem við á.

Sjóveðréttur í skipi helzt, þó að eigendaskipti verði að því með öðrum hætti.

5. (220. gr.). Nú fer fram nauðungarsala á skipi eða annarri eign, sem sjóveð hvílir á, og eiga sjóveðhafar þá heimtingu á að fá kröfur sínar greiddar af söluandvirði, miðað við fulla fjárhæð þeirra, en þó ekki fram yfir það, sem reglur um takmarkaða ábyrgð segja til um.

6. (221. gr.). Sjóveð í farmgjaldi, skaðabótakröfu eða sjótjónsframlagi vegna tjóns á skipi eða farmgjaldsmissis svo og björgunarlaunum helzt, meðan greiðsla hefur ekki farið fram til útgerðarmanns eða féð er enn í höndum skipstjóra eða umboðsmanns útgerðarmannsins.

Nú hefur greiðsla farið fram til þrotabús útgerðarmanns, og skal þá nota það fé til lúkningar kröfum, sem sjóveðrétt áttu í kröfu þeirri, sem greidd var búinu.

7. (222. gr.). Nú fellur sjóveðréttur niður við það, að fé, sem krafa var tryggð með, er greitt útgerðarmanni, og ábyrgist hann þá kröfuna, svo langt sem það fé hrekkur, sem hann tók við, ef hann var þar ekki í sjálfsskuld áður.

Beita skal ákvæðum 213. gr., eftir því sem við á.

8. (223. gr.). Nú verður skip við frjálst afsal eign manns, sem ekki getur átt íslenzkt skip, án þess að fullnægt hafi verið áður þeim sjóveðréttarkröfum, sem á því lágu, og ábyrgist þá hinn fyrri eigandi þær kröfur sem sjálfsskuldarmaður, þó að svo hafi ekki áður verið. Nú sannar hann, að skipið nægði ekki til að fullnægja kröfum þessum, þegar það var selt, og fer þá ábyrgð hans ekki fram úr verðmæti skipsins.

Beita skal ákvæðum 213. gr., eftir því sem við á.

9. (224. gr.). Beita skal ákvæðum um sjóveðrétt, eftir því sem við á, þegar vara er flutt samkvæmt bakfarmsamningi, svo og þegar annar maður en eigandi skips hefur skip í förum á sinn kostnað, enda hafi hann ekki komizt að því með óráðvandlegu atferli, sem kröfuhafa er kunnugt um.

10. (225. gr.). Þessar kröfur eiga sjóveðrétt í farmi:
    1. Björgunarlaun og kröfur um framlög til sameiginlegs sjótjóns svo og kostnaðar, sem jafnað er niður samkvæmt 117. eða 194. gr.
    2. Kröfur, sem stafa af ráðstöfunum eða skuldbindingum, er farmflytjandi eða skipstjóri samkvæmt stöðuumboði sínu hafa gert fyrir hönd farmeiganda,

svo og endurgjaldskröfur þeirra, ef þeir hafa lagt fram fé til lúkningar kostnaði á farmi. Enn fremur bótakröfur farmeigenda fyrir vöru, sem seld var í þágu annarra farmeigenda.

3. Kröfur til farmgjalds, bóta fyrir missi farmgjalds og annað tjón, sem af því stafar, að vara er færð í land úr skipi í fermingarhöfn eða meðan á ferð stendur, svo og bætur fyrir aukabiðdaga og aðra töf við fermingu eða affermingu eða í ferð skipsins.

Sjóveð í farmi gengur fyrir öllum öðrum eignarhöftum, sem á farmi hvíla, að undanskildum opinberum gjöldum.

Kröfunum skal fullnægja í þeirri röð, sem þær eru taldar í 1. mgr. Kröfur í sama tölulið eru jafnrétthár, og þó því aðeins þær, sem taldar eru í 1. og 2. tölulið, að þær stafi af sama atburði, ella gengur yngri krafa fyrir eldri.

11. (226. gr.). Sjóveðréttur í farmi fellur niður, þegar vara hefur verið afhent. Svo er og, ef varan er seld á nauðungaruppboði eða á ferð í þágu skips eða farms, en í stað þess á kröfuhafi þá veðrétt í söluverði, meðan það er ekki látið af hendi.

12. (227. gr.). Sjóveðréttur í farmi nær og til kröfu farmeiganda til skaðabóta eða sjótjónsframlags vegna missis farms eða tjóns á honum. Sama gildir um bótakröfu vegna sölu farms í þágu skips eða annars farmeiganda.

Sjóveðréttur í farmi nær ekki til vátryggingarfjár.

13. (228. gr.). Um sjóveð í söluverði farms og í kröfu til skaðabóta eða sjótjónsframlags skal beita ákvæðum 221. og 222. gr., eftir því sem við á.

14. (229. gr.). Ef skipstjóri afhendir vöru, sem sjóveð hvílir á, án leyfis kröfuhafa, ábyrgist skipstjóri honum greiðslu á kröfunni, en þó ekki fram yfir það, sem skipstjóri getur sannað að verð vöru hafi numið við afhendingu. Sama gildir um viðtakanda, ef hann vissi um sjóveðið, þegar hann tók við vörunni, enda hafi hann ekki verið þar í sjálfsskuld áður. Beita skal ákvæðum 213. gr., eftir því sem við á.

15. (230. gr.). Ef kröfuhafi hefur fleiri veð en eitt fyrir kröfu sinni, er honum heimilt að ganga að hverju veðinu sem hann vill fyrir allri kröfunni.

Nú hefur hann leitað sér í einu veðinu lúkningar á meira fé en koma mundi á það veð að réttri tiltölu, og getur þá sá eigandi, sem tjón bíður, svo og sá sjóveðhafi, sem veð sitt fékk svo rýrt, að ekki hrekkur til lúkningar kröfu hans, gengið að hinum öðrum veðum með sama rétti og fyrrgreindur kröfuhafi átti.

16. (231. gr.). Sjálfráður er kröfuhafi að höfða mál, hvort er hann vill heldur á hendur útgerðarmanni eða skipstjóra, til fullnægingar á kröfu, sem sjóveð er fyrir í skipi eða farmgjaldi.

Höfða má mál á hendur skipstjóra til fullnægingar kröfu með sjóveði í farmi. Þetta tekur þó ekki til útgerðarmanns né annars manns, sem gerir skipið út á sjálfs sín kostnað.

17. (232. gr.). Sjóveðréttur fyrnist, ef honum er ekki fylgt eftir með lögsókn eða lýst fyrir þeim, sem sjótjóni jafna niður (sbr. 189. gr.), ef krafa varðar sjótjónið, innan þeirra tímamarka, sem hér segir:

1. Fyrir kröfu um björgunarlaun: innan eins árs frá því, er björgunarstarfi lauk.
2. Fyrir skaðabótakröfu vegna tjóns af árekstri eða öðru slysi og fyrir bótakröfu vegna lífs- eða líkamstjóns: innan eins árs frá því, er tjón bar að höndum.
3. Fyrir skaðabótakröfu út af því, að farmur eða farangur farþega hefur spillzt eða glatazt, eða vegna rangrar eða ófullnægjandi tilgreiningar í farmskírteini: innan eins árs frá því, að vöru var skilað eða henni bar að skila.
4. Fyrir kröfu, sem af því er risin, að skipstjóra hafa verið látnar í té

skipsnauðsynjar, samkvæmt því er segir í 5. tölulið 216. gr.: innan 6 mánaða frá því, er krafa stofnaðist.
5. Fyrir kröfum, sem stafa af öðrum ráðstöfunum eða skuldbindingum skipstjóra samkvæmt 5. tölulið 216. gr. eða 2. tölulið 225. gr.: innan eins árs frá því, er krafa stofnaðist.
6. Fyrir öðrum kröfum: innan eins árs frá því, er krafan féll í gjalddaga.

Þegar frestur er ákveðinn eftir 6. tölulið, skal launakrafa eða þóknunar samkvæmt starfssamningi ekki teljast í gjalddaga fallin vegna þess eins, að kröfuhafi átti rétt til greiðslu fyrir fram að einhverju leyti eða til afborgana.

Þegar mál er rekið fyrir íslenzkum dómstóli, skal ávallt farið eftir íslenzkum lögum um það, hverjar athafnir rifta fyrningu.

18. (233. gr.). Kröfur þær, er hér verða taldar, falla niður vegna fyrningar, ef þeim er ekki fylgt eftir með lögsókn eða lýst fyrir þeim, sem sjótjóni jafna niður (sbr. 189. gr.), ef krafa varðar sjótjónið, innan þeirra tímamarka, sem hér segir:
1. Krafa um björgunarlaun: innan tveggja ára frá því, er björgunarstarfi lauk.
2. Skaðabótakrafa út af árekstri eða sjóslysi, sem greint er í 198. gr.: innan tveggja ára frá því, að atburður sá gerðist, sem tjóni olli, og farmkrafa samkvæmt 3. mgr. 195. gr.: innan eins árs frá því, að greiðsla fór fram.
3. Skaðabótakrafa út af því, að farmur eða farangur farþega hefur spillzt eða glatazt, eða vegna rangrar eða ófullnægjandi tilgreiningar í farmskírteini: innan eins árs frá því, að vöru var skilað eða henni bar að skila.
4. Krafa um framlag til sameiginlegs sjótjóns og til kostnaðar, sem jafna skal niður samkvæmt 117. gr. og 2. mgr. 194. gr.: innan eins árs frá dagsetningu niðurjöfnunargerðar.
5. Krafa, sem sætir takmarkaðri ábyrgð og ekki telst til 1.—4. töluliðar hér að framan: innan þriggja ára frá því, að hún féll í gjalddaga.
6. Krafa á hendur þeim, sem orðið hefur persónulega ábyrgur samkvæmt ákvæðum 222., 223., 228. eða 229. gr., fyrnist á sama tíma og sjóveðrétturinn.

Beita skal ákvæðum 3. mgr. 232. gr., eftir því sem við á. Aðrar kröfur fyrnast eftir almennum reglum.

13. gr.

Í stað tólfta kapítula komi nýr kafli með breyttum ákvæðum, sem verður XI. kafli og hefur fyrirsögnina: Um refsingar og önnur viðurlög, svo hljóðandi:
1. (234. gr.). Ef skipstjóri hefur ekki á skipi eitt eintak af lögum þessum og reglugerðum og öðrum opinberum fyrirmælum samkvæmt þeim, varðar það sektum.
2. (235. gr.). Vanræki skipstjóri, stýrimaður, vélstjóri eða loftskeytamaður skráningu í bækur, sem skylt er að halda, varðveizlu þeirra eða sýningu, varðar það sektum eða varðhaldi.
3. (236. gr.). Ef skipstjóri brýtur gegn skyldum samkvæmt 33. gr. um flutning farmanna, sæti hann sektum.
4. (237. gr.). Vanræki skipstjóri að gefa sjóferðarskýrslu, þegar honum er það skylt samkvæmt 39. gr., varðar það sektum.
5. (238. gr.). Ef skipstjóri vanrækir að gegna þeim skyldum, sem um ræðir í 197. og 198. gr., þegar árekstur eða svipað slys ber að höndum, varðar það sektum eða varðhaldi.
6. (239. gr.). Ef skipstjóri hefur orðið valdur að skipstrandi, árekstri eða öðru sjóslysi með yfirsjónum eða vanrækslu í starfi sínu, varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum, enda liggi ekki þyngri refsing við brotinu eftir öðrum lögum.

Þegar um stórfellt eða ítrekað brot er að ræða, má svipta skipstjóra rétti til að gegna skipstjórnarstörfum sem skipstjóri eða stýrimaður um ákveðinn tíma, sem ekki sé skemmri en 3 mánuðir, eða að fullu og öllu. Nú hefur skipstjóri verið sviptur skipstjórnarréttindum um lengri tíma en 3 ár, og getur þá dómsmálaráðherra, þegar 3 ár eru liðin frá sviptingunni, veitt honum réttindin að nýju, enda hafi áður verið leitað álits ráðuneytis þess, sem fer með siglingamálefni, og það lýst sig því samþykkt.

Svipting skipstjórnarréttinda skal gerð með dómi. Áfrýjun frestar ekki verkun dóms að þessu leyti. Nú telur lögreglustjóri, að skipstjóri hafi unnið til réttindasviptingar, og skal hann þá svipta hann skipstjórnarréttindum til bráðabirgða. Réttindasviptingu skal tilkynna skráningarstjóra.

7. (240. gr.). Stórfelld eða endurtekin brot skipstjóra gegn öðrum skyldum samkvæmt lögum þessum en þeim, sem ákvæði 234.—239. gr. taka til, varða sektum eða varðhaldi.

8. (241. gr.). Ákvæði þessa kafla taka einnig til manna, sem gegna starfi skipstjóra í hans stað.

9. (242. gr.). Áður en ráðin er ákæra vegna brota, sem um ræðir í 239. gr., skal leita álits ráðuneytis þess, sem fer með siglingamálefni.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1963. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 69 28. nóv. 1919, lög nr. 40 19. maí 1930, 2.—7. gr., og lög nr. 30 1. febr. 1936.

15. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra, ásamt 1. gr. laga nr. 40 19. maí 1930, inn í siglingalög, nr. 56 30. nóv. 1914, og gefa þau út svo breytt.

*Gjört að Bessastöðum, 20. apríl 1963.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Emil Jónsson.*

Nr. 16. 29. apríl.

# LÖG

## um breyting á lögum nr. 73 25. nóv. 1952, um tilkynningar aðsetursskipta.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Maður, sem kemur erlendis frá til búsetu eða dvalar hér á landi, skal tilkynna viðkomandi sveitarstjórn aðsetur sitt innan 7 daga frá komu til landsins. Undanþegnir þessari skyldu eru þeir, sem dveljast hér skemmri tíma en þrjá mánuði og halda lögheimili í öðru landi, meðan þeir eru hér, enda stundi þeir ekki atvinnu í landinu.

Hver sá, sem fer til útlanda og hættir að eiga lögheimili hér á landi, skal tilkynna það viðkomandi sveitarstjórn, áður en hann fer, og meðal annars upplýsa fullt aðsetur sitt erlendis. Þeir, sem hafa tilkynnt komu til landsins samkvæmt 1. málsgr. þessarar greinar eða verið skyldir til að gera það, skulu tilkynna brottför sína frá því á sama hátt, nema hlutaðeigandi hyggi á endurkomu til landsins eftir dvöl um stundarsakir erlendis.

Heimilt er að ákveða, að fyrirmæli 1. málsgr. þessarar greinar skuli ekki taka til námsmanna frá tilteknum löndum eða til erlendra sjómanna á íslenzkum fiskiskipum, enda hafi hinir síðarnefndu ekki aðsetur í landi.

2. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Fjármálaráðherra er heimilt að ákveða, að hver sá, sem flytur lögheimili sitt hingað til lands frá einhverju Norðurlandanna, skuli, um leið og hann fullnægir tilkynningarskyldu samkvæmt 1. málsgr. 5. gr., afhenda viðkomandi sveitarstjórn vottorð um flutninginn í nánar tilteknu formi, sem gefið er út af skráningaryfirvaldi í því landi, sem frá er komið. Fjármálaráðherra er einnig heimilt að ákveða, að hver sá, sem flytur lögheimili sitt héðan til einhvers Norðurlandanna, skuli, um leið og hann fullnægir tilkynningarskyldu samkvæmt 2. málsgr. 5. gr., fá afhent vottorð um flutninginn, sem gefið er út af þjóðskránni eða af sveitarstjórn í umboði hennar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 29. apríl 1963.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Gunnar Thoroddsen.*

22. apríl. Nr. 17.

# LÖG

## um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að selja tvær eyðijarðir í Árskógshreppi.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Árskógshreppi í Eyjafjarðarsýslu eyðijarðirnar Hrafnagil og Grund í Árskógshreppi fyrir verð, sem dómkvaddir menn meta.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 22. apríl 1963.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Ingólfur Jónsson.*

# LÖG

## um breyting á lögum nr. 49 28. apríl 1962, um Ríkisábyrgðasjóð.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 4. gr. laganna komi ný gr., sem verður 5. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkv. því):

Ríkisstjórninni er heimilt fyrir hönd Ríkisábyrgðasjóðs að taka allt að 50 millj. króna innlent lán handa sjóðnum til að greiða kröfur samkv. 4. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 20. apríl 1963.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**
(L. S.)

*Gunnar Thoroddsen.*

Nr. 19. 20. apríl.

# LÖG

## um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán fyrir Slippstöðina h/f, Akureyri.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að ábyrgjast allt að 5 milljón króna innlent eða erlent lán fyrir Slippstöðina h/f, Akureyri, til endurbóta á skipasmíðastöð fyrirtækisins og til þess að koma upp skipasmíðastöð fyrir stálskip á Akureyri, gegn tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 20. apríl 1963.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**
(L. S.)

*Gunnar Thoroddsen.*

# LÖG

## um breyting á lögum nr. 30/1960, um skipun innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða orðist svo:

Á árinu 1963 skal hámarkstala þeirra bifreiða, sem lækka má aðflutningsgjöld af samkvæmt v-lið 3. gr. laga nr. 90 25. nóvember 1954, um tollskrá o. fl., vera 150 (sbr. 2. gr. laga nr. 27 29. maí 1957).

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 20. apríl 1963.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Gylfi Þ. Gíslason.*

23. apríl. Nr. 21.

# LÖG

## um kirkjugarða.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Allir kirkjugarðar landsins og grafreitir eru friðhelgir og skulu vígðir vera af presti. Þar má ekki hafa í nánd leikvelli né önnur mannvirki, sem stafar frá ys og hávaði eða eru til lýta.

**2. gr.**

Hver maður á rétt til legstaðar þar í sókn, sem hann andast, hefur átt síðast lögheimili eða óskað legs, drukknaðir menn þar, er þeir eru á land fluttir, og þeir, er á fjöllum eða öræfum andast, þar, er þeir eru fluttir til byggða.

3. gr.

Hver kirkjugarður þjóðkirkjunnar er sjálfseignarstofnun með sérstöku fjárhaldi, í umsjón og ábyrgð safnaðar undir yfirstjórn biskups.

Sóknarnefnd eða sérnefnd kjörin af safnaðarfundi hefur á hendi umsjón og fjárhald kirkjugarðs, samkvæmt því sem fyrir er mælt í lögum þessum, og er hér á eftir nefnd kirkjugarðsstjórn.

4. gr.

Skipulagsnefnd kirkjugarða hefur yfirumsjón með kirkjugörðum landsins, svo sem nánar er ákveðið í lögum þessum. Í henni eiga sæti biskup Íslands, húsameistari ríkisins og þjóðminjavörður, einn maður kosinn af Kirkjuþingi og annar af Safnaðarráði Reykjavíkurprófastsdæmis, báðir kosnir til 6 ára í senn.

Nefndin ræður umsjónarmann kirkjugarða og setur honum starfsreglur, og skal hann vera sérfróður um gerð og skipulag kirkjugarða.

Laun hans greiðist úr ríkissjóði.

5. gr.

Skylt er sveitarfélagi því (en sveitarfélag í lögum þessum er jafnframt haft um bæjarfélög), er liggur innan sóknar, að láta ókeypis í té hæfilegt kirkjugarðsstæði svo og hleðslu- og steypuefni — sand og möl — í girðingu, þó þannig, að óbreyttar haldist kvaðir þær, er þegar eru á jörðum og lóðum, þar sem kirkjugarðar standa.

Þar, sem ekki er völ á nægilega þurrum eða djúpum jarðvegi til kirkjugarðsstæðis, skal sveitarfélag kosta framræslu og uppfyllingu landsins, svo að unnt verði að taka nægilega djúpar grafir og ekki standi vatn í þeim.

Þar, sem kirkja er ekki í kirkjugarði, leggur sveitarfélag veg frá henni til kirkjugarðs og heldur honum akfærum. Enn fremur leggur sveitarfélag til ókeypis hæfilegan ofaníburð í götur og gangstíga kirkjugarðs, ef þess er krafizt.

Í kaupstöðum eða kauptúnum sér sveitarfélag fyrir nægilegu vatni til vökvunar blóma og trjágróðurs í kirkjugarðinum, úr vatnspípum innan garðs, þar sem við verður komið, eða úr brunni í nánd, þar sem engin óhollusta getur af stafað.

Nú hafa fleiri en eitt sveitarfélag eða bæjarfélag og hreppur eða hreppshluti sameiginlegan kirkjugarð, og skal þá skipta kostnaðinum niður á hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélög, eða hluta þeirra, eftir mannfjölda í hverju þeirra fyrir sig, þ. á m. stofnkostnaði skv. 1. mgr.

Heimilt er, með samþykki dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, að taka eignarnámi hentuga lóð undir kirkjugarð, samkvæmt lögum nr. 61 14. nóv. 1917.

Rétt er kirkjugarðsstjórn, ef óhæfilegur dráttur verður á framkvæmd þeirra verka, er getur í 2.—4. málsgr. þessarar greinar, að taka sjálf að sér framkvæmd að nokkru eða öllu leyti. Gerir hún þá reikning yfir kostnaðinn að verkinu loknu, og sætir reikningurinn úrskurði dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, ef ágreiningur verður. Greiða skal reikninginn samkvæmt úrskurði ráðuneytisins innan mánaðar frá því, er hann er felldur.

6. gr.

Kirkjugarðar skulu girtir smekklegri, fjárheldri girðingu með vönduðu sáluhliði, grind á hjörum og læsingu. Þegar girða þarf kirkjugarð, skal leita um það tillagna umsjónarmanns kirkjugarða. Að fengnum þessum tillögum gerir safnaðarfundur eða kirkjugarðsstjórn, ef fleiri söfnuðir en einn eiga í hlut, ályktun um gerð girðingarinnar. Náist eigi samkomulag um hana við umsjónarmann kirkjugarða, ræður úrskurður skipulagsnefndar kirkjugarða.

Nú er kirkjugarður fjarri kirkju, og skal þá vera klukka í sáluhliði, stöpli eða líkhúsi.

7. gr.

Lögmætur safnaðarfundur eða kirkjugarðsstjórn, ef fleiri söfnuðir en einn eiga í hlut, ákveður, hvenær taka skal upp nýjan kirkjugarð eða stækka gamlan.

Nú er þetta vanrækt, og getur þá skipulagsnefnd kirkjugarða skipað fyrir um

stækkun eða flutning kirkjugarðs, enda liggi fyrir álit héraðsprófasts um nauðsyn þess.

Þegar gera á nýjan kirkjugarð eða stækka gamlan, skal liggja fyrir vottorð héraðslæknis um það, að garðsstæði sé valið í samræmi við heilbrigðisreglur. Vottorð þetta sendist síðan ásamt uppdrætti að fyrirhuguðum kirkjugarði umsjónarmanni kirkjugarða, er hann leggur ásamt umsögn sinni fyrir skipulagsnefnd kirkjugarða til fullnaðarúrskurðar.

8. gr.

Kirkjugarðsstjórnir skulu láta gera á sérstök eyðublöð uppdrætti af kirkjugörðum landsins, bæði þeim, sem í notkun eru, og hinum, sem hætt er að nota, en enn hefur eigi verið sléttað yfir. Á uppdrætti þessa sé markað fyrir legsteinum öllum og þeim leiðum, sem menn vita deili á. Lýsing fylgi á minnismerkjum og skrá yfir þau leiði, sem menn vita, hverjir hvíla undir, ásamt nöfnum þeirra og dánarári.

Að því búnu lætur umsjónarmaður kirkjugarða í samráði við skipulagsnefnd kirkjugarða gera uppdrátt að skipulagi garðanna, stækkun, ef með þarf, girðingum og sáluhliði.

Umsjónarmaður kirkjugarða gerir tillögur um niðurlagða kirkjugarða, hvernig með skuli fara.

9. gr.

Kirkjugarðsstjórn heldur legstaðaskrá í því formi, sem skipulagsnefnd kirkjugarða ákveður. Þar skal rita nöfn, stöðu, heimili, aldur, greftrunardag og grafarnúmer þeirra, sem jarðsettir eru, jafnóðum og greftrað er, enn fremur nöfn þeirra, er fyrr hafa verið jarðaðir í garðinum, ef leiði þeirra þekkjast. Uppdráttur af kirkjugarðinum fylgi hverri legstaðaskrá, og séu mörkuð á hann leiði allra þeirra, sem standa í skránni. Skrá þessi skal gerð í tveimur eintökum, og geymist annað hjá sóknarpresti, og skal það afhent honum ársfjórðungslega. Í Reykjavíkurprófastsdæmi skal afhenda skrána borgarlækni mánaðarlega. Geta skal þess í legstaðaskrá, ef lík er jarðað í kistu úr málmi eða sérstaklega varanlegum viði.

10. gr.

Kirkjugarðsstjórn ber að sjá um, að grefti sé hagað skipulega og samkvæmt uppdrætti, enda óheimilt að taka gröf annars staðar en þar, sem hún leyfir eða umboðsmaður hennar.

Gröf má eigi taka innan kirkju eða nær grunni hennar en 1½ metra.

11. gr.

Grafir skulu vera svo djúpar, að fullur metri sé frá kistuloki á grafarbarm. Kirkjugarðsstjórn getur heimilað, að tvígrafið sé í sömu gröf, ef þess er óskað af hálfu vandamanna þess, er grafa á, og fyrir liggur samþykki vandamanna þess, er þar var áður grafinn. Skal þá grafardýpt hið fyrra sinni vera 2½ metri. Sá, sem gröf lætur taka, er skyldur til þess að láta ganga vel frá legstaðnum, svo fljótt sem við verður komið, og slétta yfir gröfina. Sé þetta vanrækt, lætur kirkjugarðsstjórn framkvæma verkið á kostnað hlutaðeiganda.

Beinum, sem upp kunna að koma, þegar gröf er tekin, skal koma fyrir í gröfinni á ný, þannig að sem minnst beri á þeim. Sé bálstofa fyrir hendi, er heimilt að brenna allar slíkar leifar og leggja öskuna í gröf.

12. gr.

Hjón eiga, ef kostur er, rétt á allt að fjórum grafarstæðum í sóknarkirkjugarði sínum og geta fengið þau mæld út og leyfisbréf fyrir þeim hjá kirkjugarðs-

stjórn gegn gjaldi á grafarstæði, sem skipulagsnefnd kirkjugarða ákveður til 10 ára í senn að fengnu samþykki kirkjumálaráðuneytisins. Heimilt er að tvígrafa, enda sé það tekið fram í leyfisbréfi og legstaðaskrá. Réttur til grafarstæðanna gildir í 75 ár.

Rétt til grafarstæða samkvæmt framansögðu erfir eftirlifandi maki, en eftir hann börn hjónanna og kjörbörn. Rétt til legs í slíkum reit hafa auk hjóna börn þeirra og kjörbörn, foreldrar, fósturforeldrar og barnabörn, í þeirri röð, sem þau andast, nema samkomulag verði um annað.

Stærð grafarstæða skal vera 2.50×1.20 metrar.

13. gr.

Allar grafir skulu friðaðar í 75 ár. Að þeim tíma liðnum er kirkjugarðsstjórn heimilt að grafa þar að nýju eða framlengja friðun, ef þess er óskað, gegn gjaldi fyrir ár hvert, sem friðun á að vara. Gjald þetta ákveður skipulagsnefnd kirkjugarða til 10 ára í senn með samþykki kirkjumálaráðuneytisins, og greiðist það við afhendingu leyfisbréfs. Heimilt er og kirkjugarðsstjórn að friða leiði, ef þar eru smekkleg minnismerki og þeim vel við haldið eða af öðrum ástæðum.

Kirkjugarðsstjórnir skulu stuðla að því, að legstaðir séu smekklega prýddir blómjurtum og vel um þá hirt.

Skógrækt ríkisins er skylt að veita kirkjugarðsstjórnum leiðbeiningar um val og hirðingu trjáa, er vel hæfa kirkjugörðum.

14. gr.

Kirkjugarðsstjórnum er skylt að láta samkvæmt staðfestum uppdrætti girða kirkjugarða, leggja þar brautir og gangstíga, gróðursetja tré og runna, slétta garðinn, ef til þess er ætlazt, halda öllu þessu vel við, láta slá garðana reglulega með varúð og hafa þá að öllu leyti vel og snyrtilega hirta.

15. gr.

Öll leiði í kirkjugarði, sem þekkt eru, skulu auðkennd með tölumerki, er samsvarar tölu þeirra á legstaðaskrá. Sá, er setja vill minnismerki á leiði, skal fá til þess leyfi kirkjugarðsstjórnar, sem ber að sjá um, að minnismerkið sé traust og fari vel. Eigi má setja girðingar úr steini, málmi eða timbri um einstök leiði eða fjölskyldugrafreiti. Eigi má gera grafhýsi í kirkjugarði.

Ágreiningi um þessi atriði má skjóta til skipulagsnefndar kirkjugarða.

16. gr.

Vanræki hlutaðeigendur að hirða sómasamlega um gróður á leiði, skal kirkjugarðsstjórn láta þekja og hreinsa leiðið á kostnað þeirra eða kirkjugarðsins. Með sama hætti er heimilt að fjarlægja af leiðum ónýtar eða óviðeigandi girðingar og minnismerki, en gera skal þá aðstandendum viðvart áður, ef kostur er, og jafnan haft samráð í þessum efnum við sóknarprest, í Reykjavíkurprófastsdæmi við dómprófast. Minnismerkjum, sem fjarlægð eru, skal að jafnaði komið fyrir á vissum stað í garðinum, þar sem bezt þykir á fara að dómi héraðsprófasts. Þetta gildir og um minnismerki á þeim gröfum, sem eldri eru en 75 ára og enginn hefur óskað friðunar á. Séu slík minnismerki flutt, skal upprunalegur staður þeirra merktur greinilega samkvæmt öðrum ákvæðum þessara laga.

Kirkjugarðsstjórnum er skylt að láta hefja gömul minnismerki úr moldu, ef þörf krefur. Enn fremur er þeim skylt að láta smíða hlífðarstokka um þá legsteina, er þjóðminjavörður tiltekur. Kostnað, sem af þessu leiðir, ber að greiða af tekjum hlutaðeigandi kirkjugarða.

17. gr.

Þegar líkbrennsla fer fram, er skylt að búa um öskuna í þar til gerðum duftkerjum. Kerin má grafa niður í grafarstæði eða leiði, enda liggi fyrir fullt samkomulag aðstandenda. Dýpt duftkersgrafar skal vera 1 metri. Kirkjugarðsstjórn getur ákveðið sérstakan reit í kirkjugarði fyrir duftker og sé stærð hvers leiðis jafnan hin sama, um ½ fermetri. Heimilt er bálfararfélagi eða kirkjugarðsstjórn í samráði við umsjónarmann kirkjugarða og skipulagsnefnd kirkjugarða að reisa kapellu í kirkjugarði til varðveizlu duftkerja. Nöfn þeirra, sem duft er varðveitt af í kirkjugarði, skal rita á legstaðaskrá og kerin eða grafirnar tölusettar.

Óheimilt er að varðveita duftker annars staðar en í kirkjugarði.

18. gr.

Kirkjugarðsstjórn er heimilt að ráða sérstakan kirkjugarðsvörð svo og framkvæmdastjóra, er hafi á hendi umsjón og eftirlit samkv. erindisbréfi, sem kirkjugarðsstjórn gefur þar um.

Kirkjugarðsstjórn getur falið kirkjugarðsverði að taka allar grafir í garðinum gegn ákveðnu gjaldi svo og árlegt viðhald legstaða fyrir þá, er þess óska, samkvæmt gjaldskrá, er hún setur.

Lögmætur safnaðarfundur getur veitt kirkjugarðsstjórn einkaheimild til þess að nota líkvagn við jarðarfarir gegn hæfilegu gjaldi, sem rennur í sjóð kirkjugarðsins.

19. gr.

Nú hafa tvær sóknir eða fleiri sameiginlegan kirkjugarð eða kirkjugarða, og skulu þá sóknarnefndir hver um sig svo og utanþjóðkirkjusöfnuðir með a. m. k. 2000 gjaldskylda meðlimi kjósa einn mann úr sínum hópi í kirkjugarðsstjórn. Bálfarafélag Íslands kýs einn fulltrúa í kirkjugarðsstjórn Reykjavíkur. Sé tala safnaðarnefnda jöfn, kjósa þær á sameiginlegum fundi einn mann í stjórnina.

Um kjörtíma kirkjugarðsstjórna gilda sömu reglur sem um sóknarnefndir. Kirkjugarðsstjórnir þessar hafa sömu skyldur og ábyrgð sem sóknarnefndir, að því er til kirkjugarða tekur.

Utanþjóðkirkjusöfnuðir, er hafa löggiltan forstöðumann, eiga rétt á því að fá í kirkjugarði hæfilega stóran reit fyrir sig, miðað við hlutfallslegan mannfjölda.

20. gr.

Heimilt er að stofna legstaðasjóði til viðhalds einstökum legstöðum í kirkjugörðum. Kirkjugarðsstjórn hefur á hendi stjórn og reikningshald sjóða þessara undir yfirstjórn héraðsprófasts. Er henni skylt að ávaxta sjóðina í kirkjugarðasjóði.

Stofnandi legstaðasjóðs skal í samráði við kirkjugarðsstjórn setja fyrirmæli um það, hvernig verja skuli fé sjóðsins til viðhalds og endurnýjunar legstaðarins.

Nú er friðunartími slíks legstaðar liðinn og ekki nægilegt fé fyrir hendi í sjóðnum til sómasamlegs viðhalds legstaðarins að dómi héraðsprófasts, og hverfur þá sjóðurinn til kirkjugarðsins sem eign hans.

21. gr.

Ákvörðun um niðurlagningu kirkjugarða er því aðeins gild, að gerð sé með ⅔ atkvæða á lögmætum safnaðarfundi, enda komi til samþykki skipulagsnefndar kirkjugarða.

Niðurlagningu kirkjugarðs skal tilkynna biskupi og kirkjumálaráðuneyti. Niðurlagðir kirkjugarðar skulu taldir til fornleifa, og lætur ráðuneytið þinglýsa friðhelgi þeirra.

22. gr.

Skylt er að halda við girðingu um niðurlagðan kirkjugarð á kostnað sóknarkirkjugarðsins svo og láta slá hann og hirða sómasamlega. Jarða má í niðurlögðum kirkjugarði þá, sem þar eiga nána vandamenn, enda sé þar klukka til líkhringingar.

23. gr.

Nú eru liðin tuttugu ár frá niðurlagningu kirkjugarðs eða tíu ár a. m. k. frá greftrun í kirkjugarði, og getur þá löglegur safnaðarfundur fengið garðinn í hendur hlutaðeigandi sveitarfélagi sem almenningsgarð með ákveðnum skilyrðum, ef skipulagsnefnd kirkjugarða samþykkir og staðfest er af kirkjumálaráðuneytinu. Heimilt er og með samþykki sömu aðila að slétta yfir niðurlagðan kirkjugarð eða gamla grafreiti, sem löngu er hætt að jarða í, en þá skal kirkjugarðsstjórn jafnframt láta reisa þar varanlegt minnismerki með áletrun um það, að þar hafi kirkjugarður verið.

Niðurlagðan grafreit má ekki nota til neins þess, sem óviðeigandi er að dómi héraðsprófasts. Ekki má þar jarðrask gera með skurðgrefti né reisa nein mannvirki. Þó getur kirkjumálaráðuneytið veitt undanþágu frá þessu, að fengnu samþykki skipulagsnefndar kirkjugarða.

Vandamenn eiga rétt á að halda við minnismerkjum í niðurlögðum kirkjugörðum eða flytja þau burt þaðan.

Þegar samþykkt hefur verið að leggja niður kirkjugarð eða slétta yfir hann, skal það auglýst þrisvar í Lögbirtingablaðinu og útvarpi. Gefi þá enginn sig fram innan átta vikna, er vilji varðveita minnismerki í garðinum eða taka þau í sína vörzlu, getur kirkjugarðstjórn valið þeim annan stað (sbr. 16. gr.).

Áður en sléttað er yfir gamlan kirkjugarð, skal hlutaðeigandi sóknarprestur, í Reykjavíkurprófastsdæmi kirkjugarðsstjórn, semja nákvæma skrá yfir öll minnismerki í garðinum og senda biskupi.

24. gr.

Nú spillir uppblástur eða vatn niðurlögðum kirkjugarði, og skal þá kirkjugarðsstjórn tafarlaust tilkynna það skipulagsnefnd kirkjugarða. Nefndin gerir síðan þær ráðstafanir, er þurfa þykir.

25. gr.

Kirkjugarðsstjórn er heimilt með samþykki safnaðarfundar að láta reisa líkhús í kirkjugarði á kostnað garðsins svo og verkamannaskýli fyrir starfsmenn hans. En uppdráttur og staðsetning skulu samþykkt af umsjónarmanni kirkjugarða og skipulagsnefnd kirkjugarða. Gerð líkhúsa skal ákveðin í reglugerð um kirkjugarða.

26. gr.

Kirkjugarðsstjórnir skulu árlega semja áætlun um tekjur og gjöld þeirra kirkjugarða, sem þær hafa í umsjá sinni. Á sama hátt skulu þær semja reikning fyrir næstliðið ár yfir tekjur og gjöld kirkjugarðanna, svo og skýrslu um eignir þeirra að meðtöldum legstaðasjóðum (sbr. 20. gr.).

Um reikningshald kirkjugarða gilda sömu reglur sem um reikningshald kirkna.

Tekjur kirkjugarða, auk þeirra, sem áður er getið, skulu vera 1½% árlega af útsvörum og aðstöðugjöldum á því svæði, er rétt á til kirkjugarðsins.

Nú hrökkva eigi tekjur kirkjugarðs fyrir nauðsynlegum útgjöldum, og er þá kirkjugarðsstjórn heimilt með samþykki safnaðarfundar og að fengnu leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar að hækka hundraðsgjaldið fyrir eitt ár í senn í allt að 4%.

Komi það í ljós, að tekjur kirkjugarðs skv. 3. mgr. að viðbættum öðrum tekjum mundu fara verulega fram úr áætluðum gjöldum það ár, getur kirkjumála-

ráðuneytið heimilað hlutaðeigandi kirkjugarðsstjórn fyrir eitt ár í senn að innheimta lægra hundraðsgjald af útsvörum og aðstöðugjöldum en í 3. málsgr. segir, eftir nánari ákvörðun ráðuneytisins.

Eindagi kirkjugarðsgjalda er hinn sami sem á útsvörum. Er innheimtumönnum ríkissjóðs í kaupstöðum og oddvitum eða innheimtumönnum sveitarsjóða skylt að innheimta þau gegn 6% innheimtulaunum, ef kirkjugarðsstjórn óskar. Ella gerir hún það sjálf gegn sömu þóknun.

Lögtaksréttur fylgir gjöldum þeim, sem mælt er fyrir um í lögum þessum.

27. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Kirkjugarðasjóður. Tekjur hans eru 5% af álögðum kirkjugarðsgjöldum, auk framlags úr ríkissjóði, kr. 100000.00 árlega næstu 20 ár. Kirkjugarðsstjórnir ávaxta í honum, eftir því sem þeim þykir henta, fé kirkjugarðanna, það sem umfram er árlegar þarfir, gegn venjulegum innlánsvöxtum. Skipulagsnefnd kirkjugarða er stjórn sjóðsins.

Reikningshald sjóðsins annast skrifstofa biskups, og gilda um það sömu reglur sem um reikningshald kirkna. Reikningar kirkjugarðasjóðs skulu árlega birtir í Stjórnartíðindum.

Úr sjóði þessum skal veita lán kirkjugarðsstjórnum til girðingar og fegrunar kirkjugarða, allt að ¾ kostnaðar, svo og til þess að setja minnismerki þar, sem verið hafa kirkjugarðar, kirkjur eða bænhús að fornu. Einnig má veita styrki úr sjóðnum til ofangreindra framkvæmda, allt að helmingi kostnaðar, ef sjóðsstjórn þykir sérstök ástæða til. Gerð minnismerkja ákveður skipulagsnefndin.

28. gr.

Eigi má veita leyfi til upptöku heimagrafreita.

Leyfishafar heimagrafreits greiði sem aðrir til sóknarkirkjugarðs síns, enda er þeim heimilt leg í honum.

Réttur til heimagrafreits á ættaróðali fellur niður, ef óðalið gengur úr ættinni.

29. gr.

Nú hefur eigi verið jarðsungið lík í heimagrafreit í full 25 ár og eigandi jarðarinnar óskar þess að leggja grafreitinn niður, og er honum þá heimilt að taka niður girðingu um reitinn og breyta honum í grasflöt eða trjálund, ef skipulagsnefnd kirkjugarða samþykkir. Séu minnismerki í garðinum, skal jarðeigandi gera aðstandendum viðvart um, að hann ætli að leggja reitinn niður. Er þeim heimilt að halda við minnismerkjum þar á sinn kostnað eða ráðstafa þeim á annan hátt.

30. gr.

Prófföstum er skylt að halda nákvæma skrá um kirkjugarða og heimagrafreiti í prófastsdæminu, skoða þá á yfirreiðum sínum og senda biskupi afrit af skoðunargerðum. Fyrir skoðun kirkjugarðs og heimagrafreits ber prófasti hálft kirkjuskoðunargjald, er greiðist af sjóði kirkjugarðs eða eiganda heimagrafreits.

31. gr.

Heimilt er utanþjóðkirkjusöfnuðum, sem hafa löggiltan forstöðumann, að taka upp sérstakan kirkjugarð. Gilda um upptöku hans, viðhald, afnot, stjórn, fjárhag og niðurlagningu sömu reglur sem um kirkjugarða þjóðkirkjunnar.

Safnaðarmenn utanþjóðkirkjusafnaðar, er hafa sérstakan kirkjugarð, eru ekki skyldir til að greiða gjald til sóknarkirkjugarðsins, meðan þeir halda sínum kirkjugarði sómasamlega við og fylgja settum reglum. Þeir eiga þá og ekki rétt til legs í sóknarkirkjugarðinum.

32. gr.

Heimilt er kirkjumálaráðuneytinu, að fengnu samþykki biskups, að leyfa tilfærslu líka í kirkjugarði eða flutning þeirra í annan kirkjugarð eða grafreit. Umsókn um slíka færslu skal senda biskupi stílaða til kirkjumálaráðuneytisins. Í umsókn skal fram tekið nafn hins látna og aldur, greftrunardagur og dánarmein, ef vitað er, svo og ástæður fyrir umsókninni. Fylgja skal og vottorð héraðslæknis um, að hann telji eigi sýkingarhættu stafa af líkflutningnum.

Réttur aðili til að senda slíka umsókn er eftirlifandi maki, foreldrar, ef um barn dáið innan 18 ára aldurs er að ræða, eða systkini, ef hinn látni á hvorki foreldra né maka á lífi. Einnig er kirkjugarðsstjórn rétt að senda slíka umsókn, ef nánir ættingjar hins látna eru ekki lífs eða ef samþykki þeirra liggur fyrir.

Leyfi veitist með eftirfarandi skilyrðum:

1. Héraðslæknir sé viðstaddur upptöku líksins.
2. Ef um flutning úr kirkjugarði er að ræða, sé líkið í sterkri kistu, er héraðslæknir telur fullnægjandi, og hlýtt fyrirmælum hans um framkvæmd alla.
3. Ef aðeins er um tilfærslu líks innan sama kirkjugarðs að ræða, skeri héraðslæknir úr um það, hvort þörf sé sérstakrar kistu.
4. Enn fremur skal upptaka líks heimil samkvæmt dómsúrskurði.

Sóknarprestur skal jafnan vera viðstaddur upptöku líks. Sér hann og um, að flutningsins sé getið í legstaðaskrám kirkjugarðsins. Enn fremur skal prestur vera við, þegar lík er þannig jarðsett.

33. gr.

Kirkjumálaráðuneytið gefur út reglugerð um kirkjugarða, þar sem sett eru um þá nánari ákvæði, rekstur þeirra, tilhögun og stjórn.

Reglugerðin skal sett í samráði við skipulagsnefnd kirkjugarða.

34. gr.

Kirkjugarðsstjórn er heimilt að setja ýmsar reglur varðandi kirkjugarða og leita staðfestingar kirkjumálaráðherra á þeim.

35. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 500—5000 krónum, enda liggi eigi þyngri refsing við samkvæmt eldri lögum.

36. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 64 23. júní 1932, um kirkjugarða, svo og öll ákvæði eldri laga, er koma í bága við lög þessi.

*Gjört í Reykjavík, 23. apríl 1963.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Bjarni Benediktsson.*

# LÖG
## um almenningsbókasöfn.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### I. KAFLI
### Um bæjar- og héraðsbókasöfn.

1. gr.

Almenningsbókasöfn eru: 1. bæjar- og héraðsbókasöfn, 2. sveitarbókasöfn, 3. bókasöfn skóla og annarra opinberra stofnana, sem taldar eru upp í III. kafla laga þessara. Öll slík bókasöfn skulu hlíta lögum þessum.

2. gr.

Landinu skal skipt í bókasafnshverfi eins og hér segir:

1. Reykjavík,
2. Kópavogskaupstaður,
3. Hafnarfjörður og Gerða-, Bessastaða- og Vatnsleysustrandarhreppar í Gullbringusýslu,
4. Keflavík og Gullbringusýsla að takmörkum Vatnsleysustrandar- og Njarðvíkurhreppa,
5. Kjósarsýsla,
6. Akranes og fjórir syðstu hreppar Borgarfjarðarsýslu,
7. Mýrasýsla og Borgarfjarðarsýsla að undanskildum fjórum syðstu hreppunum,
8. Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla,
9. Dalasýsla,
10. Austur-Barðastrandarsýsla,
11. Vestur-Barðastrandarsýsla,
12. Vestur-Ísafjarðarsýsla,
13. Ísafjörður og Norður-Ísafjarðarsýsla,
14. Strandasýsla,
15. Vestur-Húnavatnssýsla,
16. Austur-Húnavatnssýsla,
17. Sauðárkrókur og Skagafjarðarsýsla,
18. Siglufjörður,
19. Ólafsfjörður,
20. Akureyri og Eyjafjarðarsýsla,
21. Húsavík og Suður-Þingeyjarsýsla,
22. Norður-Þingeyjarsýsla,
23. Fljótsdalshérað,
24. Seyðisfjörður og Seyðisfjarðar-, Loðmundarfjarðar-, Borgarfjarðar- og Vopnafjarðarhreppar og Skeggjastaðahreppur í Norður-Múlasýslu,
25. Neskaupstaður og Norðfjarðar- og Mjóafjarðarhreppar,
26. Suður-Múlasýsla að undanskildum Skriðdals-, Valla, Egilsstaða-, Eiða-, Mjóafjarðar- og Norðfjarðarhreppum,
27. Austur-Skaftafellssýsla,
28. Vestur-Skaftafellssýsla,

29. Rangárvallasýsla,
30. Vestmannaeyjar,
31. Árnessýsla.

3. gr.

Í hverju bókasafnshverfi skal vera eitt bæjar- eða héraðsbókasafn. Aðsetur þessara bókasafna skulu vera sem hér greinir:

1. Reykjavík, 2. Kópavogskaupstaður, 3. Hafnarfjörður, 4. Keflavík, 5. Hlégarður í Mosfellssveit, 6. Akranes, 7. Borgarnes, 8. Stykkishólmur, 9. Búðardalur, 10. Reykhólar, 11. Patreksfjörður, 12. Flateyri, 13. Ísafjörður, 14. Hólmavík, 15. Hvammstangi, 16. Blönduós, 17. Sauðárkrókur, 18. Siglufjörður, 19. Ólafsfjörður, 20. Akureyri, 21. Húsavík, 22. Kópasker, 23. Egilsstaðir á Fljótsdalshéraði, 24. Seyðisfjörður, 25. Neskaupstaður, 26. Eskifjörður, 27. Höfn í Hornafirði, 28. Vík í Mýrdal, 29. Hvolsvöllur, 30. Vestmannaeyjar, 31. Selfoss.

Stjórn bókasafns getur með samþykki bókafulltrúa ákveðið bókasafni annað aðsetur innan bókasafnshverfisins en mælt er fyrir um í þessari grein.

Stjórn bókasafns er heimilt, að fengnu samþykki sveitar- eða bæjarstjórnar, að stofna og reka bókasafnsútibú. Skulu þau vera undir stjórn aðalbókasafns og hlíta reglum, sem þeim verða settar og staðfestar verða af bókafulltrúa.

4. gr.

Hlutverk þessara bókasafna er að efla almenna menntun með því að gefa mönnum kost á að lesa góðar bækur, svo og á annan hátt, eftir því sem ástæður leyfa. Til hvers bókasafns skal afla innlendra bóka og rita, þjóðlegra fræða, skáldverka og rita um hagnýt efni. Leggja skal og áherzlu á öflun merkra erlendra bóka, eftir því sem kostur er á, og þá einkum skáldrita, sagnrita og rita um atvinnulíf og annarra rita, er stuðla að því að efla almenna menntun.

Bókasöfnin í Stykkishólmi, á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði skulu skyld að varðveita eitt eintak af hverju íslenzku riti, sem prentað er. Skulu söfnin njóta sakir þessarar skyldu árlegs aukastyrks úr ríkissjóði samkvæmt nánari ákvörðun í fjárlögum.

Heimilt er bókasöfnum, ef viðkomandi bókasafnsstjórn samþykkir, að kaupa og lána út hljómplötur og hljómbönd.

5. gr.

Bæjarbókasöfn skulu hafa með höndum svo víðtæka útlánastarfsemi, að bókakostur þeirra megi koma bæjarbúum að sem fyllstum notum miðað við stærð safnanna, fjölbreytni, fjárhag og aðrar aðstæður. Þá skulu og bæjarbókasöfn starfrækja lestrarsal eða lestrarsali, svo sem fært er vegna rúms og fjárhagsgetu. Skylt er bókavörðum að leiðbeina um bókaval, eftir því sem unnt er og heppilegt þykir, og sérstaklega skulu þeir vera þeim notendum safnanna hjálplegir um ráð og leiðbeiningar, sem óska fræðslu eða heimilda um ákveðin efni. Þá er bókavörðum og skylt að veita framhaldsskólanemendum skipulagsbundna fræðslu um notkun bókasafna almennt og öflun heimilda um ákveðin efni, ef skólanefndir óska þess og húsakostur bókasafnsins leyfir.

Héraðsbókasöfn skulu hafa sömu skyldur í hreppum, þar sem þau eru staðsett, og bæjarbókasöfn í bæjum. Einnig skulu þau með ákveðnum takmörkunum og skilyrðum (sbr. 29. gr.) lána um bókasafnshverfið bækur, sem ekki er kostur á í hlutaðeigandi sveitarbókasafni. Þetta nær og til bæjarbókasafna, sem jafnframt eru héraðsbókasöfn.

Bókavörðum þessara safna skal skylt, eftir því sem við verður komið, að senda fáorðar skriflegar upplýsingar um fróðleiksatriði, þegar um þær er beðið í skynsamlegum tilgangi að dómi bókavarðar. Þá skulu og þessir bókaverðir hafa

eftirlit með rekstri sveitarbókasafna og bókasafna í framhaldsskólum, sjúkrahúsum og hælum, hver í sínu bókasafnshverfi, og leiðbeina bókavörðum og stjórnum bókasafna um flokkun, skráningu, afgreiðsluhætti og skýrslugerð. Skal þeim greiddur ferðakostnaður vegna eftirlits úr ríkissjóði, að fengnum tillögum bókafulltrúa.

6. gr.

Bæir og sýslur skulu sjá söfnunum fyrir viðunandi húsnæði, enda njóta þau til húsabóta styrks úr ríkissjóði, og sömu aðilar skulu, ásamt ríkissjóði, leggja söfnunum rekstrarfé samkvæmt lögum þessum. Hlutaðeigandi bæjarstjórnir, sýslunefndir og hreppsnefndir skulu og úrskurða reikninga safnanna.

7. gr.

Fjárframlög til bæjar- og héraðsbókasafna skulu árlega greidd þannig:

Úr bæjarsjóði kaupstaðar eða hreppssjóði, þar sem safnið er staðsett, skal greiða safninu eigi minni fjárhæð en sem svarar til kr. 30.00 á íbúa kaupstaðarins eða hreppsins. Þá skal og hlutaðeigandi sýslusjóður greiða fjárhæð, sem nemi kr. 6.00 á hvern íbúa sýslunnar.

Nái íbúatala kaupstaðarins 25000, skal bæjarstjórn heimilt að lækka framlög úr bæjarsjóði um kr. 5.00 á íbúa.

Úr ríkissjóði greiðist fjárhæð, sem nemur kr. 15.00 á íbúa kaupstaðar eða hrepps, þar sem safnið er staðsett, og kr. 5.00 á íbúa á móti framlagi sýslna. Greiði kaupstaðir eða hreppar hærri fjárhæð til safns en sem nemur lágmarksgreiðslu samkvæmt lögum þessum, greiðir ríkið 50% á móti umframgreiðslum hreppa og bæja, sem í eru færri en 25 þúsund íbúar, þó aldrei hærri upphæð en kr. 5.00 fram yfir lágmark eða hæst kr. 20.00 á íbúa. Ríkið greiði 50% á móti umframgreiðslum sýslna, unz greiðsla ríkisins hefur náð kr. 7.00 á íbúa.

Fjárframlög skal miða við mannfjölda í bókasafnshverfum, eins og hann var 1. desember næsta ár á undan.

Skal Hagstofan fyrir lok febrúarmánaðar gefa bókafulltrúa skýrslu um mannfjölda í hverju bókasafnshverfi. Skal mannfjöldaskýrslan vera þannig sundurliðuð, að glögglega sjáist, hvað hverjum aðila beri að greiða. Ber bókafulltrúa að tilkynna stjórnum bókasafnanna mannfjölda í bókasafnshverfum.

Framlög kaupstaða og hreppa greiðast gjaldkera safns fjórum sinnum á ári, en sýslna í einu lagi fyrir 1. júlí ár hvert.

Framlög ríkisins skulu greidd með tveim jöfnum greiðslum, hinni fyrri fyrir lok aprílmánaðar og hinni síðari fyrir lok októbermánaðar. Bókafulltrúa skulu áður hafa borizt vottorð safnstjórnar um, að heimaaðilar hafi staðið skil á lögboðnum framlögum sínum.

8. gr.

Bæjarstjórn eða hreppsnefnd, þar sem bókasafn er staðsett, og sýslunefnd kjósa stjórn safnsins, að afstöðnum kosningum bæjarstjórna og sýslunefnda, fyrir kjörtímabilið.

Í stjórn bókasafns skulu eiga sæti 3 eða 5 menn, eftir því sem þeir aðilar ákveða, sem hana kjósa. Risi ágreiningur milli aðila um fjölda stjórnarmanna, sker bókafulltrúi úr.

Þar sem að héraðsbókasafni standa bæði kaupstaðir og eitt eða fleiri sýslufélög eða hluti sýslufélags, skal fara um fjölda stjórnarnefndarmanna frá hverjum aðila eftir reglum, sem settar verða af menntamálaráðueytinu.

9. gr.

Stjórn bókasafns skal hafa eftirlit með húsakynnum safnsins og bókaeign þess og öðru því, sem safnið varðar, og ráða bókaverði.

Í marzmánuði ár hvert skal stjórn bókasafns senda hlutaðeigandi bæjarstjórn og/eða sýslunefnd(um) og bókafulltrúa skýrslu um starfsemi safnsins á liðnu ári, hag þess og bókakaup.

10. gr.

Laun bókavarða skal ákveða með hliðsjón af kjarasamningum opinberra starfsmanna á hverjum tíma.

Auglýsa skal stöður bókavarða og yfirbókavarða með minnst mánaðar umsóknarfresti. Í auglýsingu skal getið launakjara.

11. gr.

Stjórn bæjar- og/eða héraðsbókasafns, þar sem bókavarzla er ekki aðalstarf, ræður mann til starfsins um óákveðinn tíma, og skal hún gera sér far um að fá til þess þann hæfasta, sem völ er á.

Laun bókavarða samkvæmt þessari grein skulu ákveðin að fengnum tillögum bókafulltrúa.

## II. KAFLI

## Um sveitarbókasöfn.

12. gr.

Í hverju sveitarfélagi utan þeirra kauptúna, þar sem héraðsbókasöfn eru starfandi, skal vera sveitarbókasafn, nema annað komi til samkv. lögum þessum (sbr. 13. gr.).

Sveitarbókasafn skal rekið af hlutaðeigandi sveitarstjórn(um), lestrarfélagi (lestrarfélögum) eða öðrum félagssamtökum sveitarinnar. Þar sem ekki starfar sveitarbókasafn, skal sveitarstjórn stofna eða láta stofna slíkt safn eigi síðar en að ári liðnu frá gildistöku þessara laga.

13. gr.

Kjósi tveir eða fleiri hreppar eða lestrarfélög í tveim eða fleiri sveitarfélögum að sameinast um eitt sveitarbókasafn, skal þeim það heimilt. Sveitarstjórn skal heimilt að undangenginni samþykkt á almennum hreppsfundi að fela héraðsbókasafni það hlutverk, sem ætlað er sveitarbókasafni samkvæmt lögum þessum, enda renni þá til héraðsbókasafnsins það framlag hlutaðeigandi sveitarsjóðs og ríkissjóðs, sem sveitarbókasafni ber (sbr. 14. gr.).

14. gr.

Fjárframlög til sveitarbókasafna skulu greiðast þannig:

Þar sem sveitarbókasafn er rekið af sveitarstjórn, skal úr sveitarsjóði greidd fjárhæð, sem nemur eigi minna en kr. 10.00 á hvern íbúa sveitarinnar samkvæmt síðasta manntali, og skal greidd jafnhá fjárhæð á móti úr ríkissjóði.

Njóti sveitarbókasafn hærri fjárstyrks úr sveitarsjóði, félagssjóðum eða frá öðrum aðilum en sem nemur kr. 10.00 á hvern íbúa, skal skylt að greiða úr ríkissjóði 50% framlag á móti því, sem fram yfir er, en þó aldrei móti hærra heildarframlagi en sem nemur kr. 30.00 á hvern íbúa sveitarinnar, nema þar sem íbúatalan nær ekki 150. Þar skal hámarksgreiðsla ríkissjóðs samkvæmt þessum lögum miðast við kr. 40.00 á íbúa, en heimilt er að veita viðbótarstyrk á fjárlögum, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

15. gr.

Stjórn sveitarbókasafns, sem rekið er samkvæmt 13. gr., skal skipuð 3 mönnum, kosnum af sveitarstjórn að afloknum hreppsnefndarkosningum, og til 4 ára.

16. gr.

Þar sem lestrarfélag (lestrarfélög) eða önnur félagssamtök annast rekstur sveitarbókasafna, skal um framlög til bókasafnsins frá félagssamtökunum og ríkissjóði fara eftir sömu reglum og segir í 14. gr., og nái ekki fjárframlag félagsins eða félaga því lágmarki, sem ákveðið er í 14. gr., skal greiða muninn úr sveitarsjóði.

17. gr.

Stjórn sveitarbókasafns, sem rekið er samkvæmt 12. og 16. gr. laga þessara, skal skipuð þrem mönnum. Skulu tveir þeirra kosnir af félagssamtökum þeim, sem að safninu standa, á hverjum aðalfundi félags. Hinn þriðja kýs hlutaðeigandi sveitarstjórn til 4 ára. Þar sem tvö eða fleiri sveitarfélög eða félagssamtök í tveim eða fleiri sveitarfélögum standa að sveitarbókasafni, skal stjórnin skipuð fimm mönnum, og fer um tölu stjórnarnefndarmanna frá hverjum aðila eftir reglum, sem settar verða af menntamálaráðuneytinu, að fengnum tillögum hlutaðeigandi sveitarstjórna og bókafulltrúa.

18. gr.

Skylt er sveitarstjórn(um) að sjá sveitarbókasafni fyrir húsnæði.

19. gr.

Hætti félagssamtök þau, sem um getur í 16. gr., að reka sveitarbókasafn eða vanræki það, er hlutaðeigandi sveitarstjórn(um) skylt að taka það í sínar vörzlur og reka það samkv. lögum þessum. Rísi ágreiningur út af slíkum skiptum, skal hlíta úrskurði menntamálaráðuneytisins.

20. gr.

Stjórn sveitarbókasafns skal starfa undir yfirstjórn hlutaðeigandi sveitarstjórnar (sveitarstjórna), og skulu reikningar þess endurskoðaðir af endurskoðendum hreppsins (hreppanna).

Stjórnin skal sjá um, að safnið komi að sem fyllstum notum öllum þeim, sem búa í því sveitarfélagi (þeim sveitarfélögum), sem það tilheyrir. Hún skal ráða safninu bókavörð og leitast við að fá til bókavörzlu áhugasama menn um bækur og bóklestur. Greiða má bókaverði þóknun.

21. gr.

Í fjölmennum sveitum skal að því stefnt að starfrækja lestrarsal, afla safninu handbóka og fræðibóka um atvinnulíf og tækni og koma á kennslu handa unglingum í notkun bókasafna. Um ráðningu bókavarða slíkra safna gilda sömu reglur og um ráðningu þeirra, sem um er fjallað í 11. gr.

22. gr.

Í marzmánuði ár hvert skal stjórn sveitarbókasafns senda hlutaðeigandi sveitarstjórn(um) og bókafulltrúa ýtarlega skýrslu um hag og rekstur og bókakaup safnsins á liðnu ári, og skal þá bókafulltrúi hlutast til um, að safnið fái styrk þann, sem því ber úr ríkissjóði fyrir liðið ár.

## III. KAFLI

## Um bókasöfn skóla og annarra opinberra stofnana.

23. gr.

Heimilt er að stofna og reka bókasöfn með styrk af opinberu fé í heimavistarskólum (barnaskólum og framhaldsskólum), hvort sem er í sveit eða kaupstað, svo og í sjúkrahúsum landsins, heilsuhælum, elliheimilum og öðrum vistheimilum, svo og fangahúsum.

24. gr.

Skólabókasöfn, sem um getur í 23. gr., skulu fá árlegan styrk úr ríkissjóði, sem nemur kr. 20.00 á hvern nemanda og starfsmann miðað við fjölda þeirra í byrjun skólaárs, enda fái safnið jafnháan fjárstyrk annars staðar frá.

Skólastjóri skal hafa umsjón með skólabókasafni og sjá um, að það komi kennurum og nemendum að sem fyllstum notum. Hann skal í lok skólaárs senda bókafulltrúa skýrslu um hag, rekstur og bókakaup safnsins á liðnu skólaári, og ber þá bókafulltrúa að hlutast til um, að bókasafn skólans fái ríkisstyrk þann, sem því ber fyrir liðið skólaár.

25. gr.

Bókasöfn þau, sem um getur í 23. gr., önnur en skólabókasöfn, skulu njóta árlegs styrks úr ríkissjóði, sem nemur kr. 40.00 á rúm sjúkrahúss, eins og þau eru talin samkvæmt skýrslu landlæknis, eða tölu vistmanna í hæli, eins og hún er í ársbyrjun.

Bókasöfn þessi skulu vera undir umsjá stjórnar stofnunarinnar, en heimilt er henni að fela framkvæmdastjóra stofnunarinnar eða öðrum starfsmanni hennar forsjá safnsins.

Stjórn bókasafnsins (stofnunarinnar) skal í febrúarmánuði ár hvert senda bókafulltrúa skýrslu um hag, rekstur og bókakaup safnsins á liðnu ári, og ber þá bókafulltrúa að hlutast til um, að safnið fái ríkisstyrk þann, sem því ber.

26. gr.

Námsstjórar skulu á ferðum sínum um landið hyggja að rekstri, aðbúnaði og starfi bókasafna í barnaskólum og gefa bókafulltrúa skýrslu um ástand þeirra og starfrækslu, og þá einkum víkja að einstökum söfnum, ef sérstök ástæða þykir til umbóta eða rekstri og aðbúnaði þannig farið, að verða megi til fyrirmyndar.

## IV. KAFLI

### Um framlag til húsabóta.

27. gr.

Áætla skal árlega á fjárlögum ekki minni upphæð en kr. 500 000, sem veittar séu sem framlag ríkisins til húsabóta handa almenningsbókasöfnum.

Féð skal veita gegn framlögum heima í héraði til byggingar nýrra og hagkvæmari húsa handa bókasöfnum, til breytinga á húsum, sem keypt eru handa bókasöfnum, til viðbygginga og til meiri háttar lagfæringa á húsnæði bókasafna.

## V. KAFLI

### Um bókafulltrúa.

28. gr.

Menntamálaráðherra skal skipa bókafulltrúa ríkisins. Bókafulltrúi skal hafa eftirlit með öllum almenningsbókasöfnum landsins, leiðbeina stjórnum þeirra og bókavörðum um bókaval, húsbyggingar, ráðningu starfsmanna og allt, sem lýtur að rekstri bókasafna. Hann skal efla menntun bókavarðastéttarinnar í samráði við Háskóla Íslands og Bókavarðafélag Íslands með námskeiðum og útgáfu fræðslurita. Einnig skal bókafulltrúi vera ráðunautur menntamálaráðuneytisins um öll málefni almenningsbókasafna.

## VI. KAFLI
### Almenn ákvæði.

29. gr.

Öll almenningsbókasöfn, sem styrks njóta samkvæmt lögum þessum, skal geyma í góðum, rakalausum húsakynnum.

Allar óbundnar bækur þeirra skal binda í traust band, jafnóðum og því verður við komið.

Aldrei má lána út óbundna bók eða lausa úr bandi.

Allar bækur, sem safnið eignast, skulu skráðar í aðfangabók og tölusettar og auðkenndar sem eign safnsins. Skulu þær skipulega flokkaðar og þeim raðað.

Jafnan skal vera í bókasafni handhæg bókaskrá fyrir notendur safnsins og bókavörð.

Heimilt er stjórnum bókasafna að setja í sérstakan flokk bækur, sem ekki skal lána úr bókasafni, svo sem fágætar bækur, orðabækur og ýmsar handbækur, en lána skal þær í lestrarsal.

30. gr.

Öll almenningsbókasöfn landsins skulu hafa samstarf sín á milli um gagnkvæm bókalán og bókaskipti, eftir því sem hagkvæmt þykir. Um bókaskipti skal leita ráða og samþykkis bókafulltrúa.

31. gr.

Skylt er, að hvert það bæjar- eða héraðsbókasafn, sem talið er upp í lögum þessum, fái ókeypis eitt eintak af Alþingistíðindum, Stjórnartíðindum, skýrslum Hagstofunnar, Lagasafni, Hæstaréttardómum, skólaskýrslum, Lögbirtingablaðinu, prentuðum álitum milliþinganefnda og öðrum opinberum skýrslum og ritum, sem ríki og stofnanir þess gefa út.

Einnig samrit af íbúaskrá Hagstofunnar fyrir bæinn eða héraðið og afrit af skýrslum sóknarpresta til Hagstofunnar, sem um getur í 2. tölul. 4. gr. laga nr. 54/1962, um þjóðskrá og almannaskráningu.

Enn fremur skýrslur sýslunefnda og bæjarfélaga. Skal bókasöfnum sent þetta þeim að kostnaðarlausu, og er skylt að láta binda Alþingistíðindi og Stjórnartíðindi.

Heimilt er öðrum almenningsbókasöfnum að fá ókeypis þau ofantalinna rita, er þau óska, ef þau hlíta settum reglum að binda þau og geyma.

32. gr.

Ef stjórn bókasafns vanrækir að senda tilskildar skýrslur um starfsemi safnsins og gera reikningsskil á lögskildum tíma, skal safninu ekki greiddur styrkur úr ríkissjóði fyrr en úr hefur verið bætt. Dragist að gera lögskil, skal það tilkynnt hlutaðeigandi bæjarstjórn, sýslumanni eða sveitarstjórn. Sé ekki að heldur bætt úr, skal bókafulltrúi hlutast til um, að menntamálaráðuneytið hafi afskipti af málinu.

33. gr.

Ef bæjarstjórn, sýslunefnd eða sveitarstjórn vanrækir þær skyldur, sem þeim eru lagðar á herðar í lögum þessum um fjárframlög, framkvæmanlega fyrirgreiðslu um öflun hagkvæms húsnæðis handa söfnum og kosningu stjórna, skal bókafulltrúi áminna þær skriflega. Reynist það ekki fullnægjandi, skal hann óska íhlutunar menntamálaráðuneytisins.

34. gr.

Skylt er að vátryggja öll bókasöfn, sem lög þessi taka til, og skal leita álits bókafulltrúa um vátryggingarupphæðina.

35. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

VII. KAFLI

**Um gildistöku laganna.**

36. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1964, en jafnframt falla úr gildi lög nr. 42/1955 og breyting á þeim lögum nr. 50/1956.

*Gjört að Bessastöðum, 26. apríl 1963.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**
(L. S.)

*Gylfi Þ. Gíslason.*

Nr. 23. 26. apríl.

# LÖG

## um Kennaraskóla Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

**Tilgangur, deildaskipting, námskröfur og réttindi.**

1. gr.

Kennaraskóli Íslands skal búa nemendur sína undir kennslustörf í skólum þeim, sem þessi lög mæla fyrir um, og enn fremur undir nám í sérkennaraskólum og háskólum.

Skólavistin á að veita nemendum tilskilda þekkingu og leikni, stuðla að líkamlegri og andlegri heilbrigði þeirra og venja þá við sjálfstætt nám og hagnýtingu þess við kennslu.

2. gr.

Í skólanum starfa þessar deildir:

1. **Almenn kennaradeild,** fjögurra ára nám, sem endar með almennu kennaraprófi og veitir kennararéttindi í barna- og unglingaskólum landsins samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð.

2. **Kennaradeild stúdenta,** þar sem námi lýkur með almennu kennaraprófi. Nemendur í þeirri deild skulu ljúka sama námi og nemendur í almennu kennaradeildinni í uppeldisgreinum, svo og í þeim greinum kennaranámsins öðrum, sem ekki eru kenndar til almenns stúdentsprófs.

3. **Menntadeild,** er taki til starfa eigi síðar en fjórum árum eftir gildistöku laga þessara. Lokapróf úr menntadeild er stúdentspróf, og veitir það réttindi til inngöngu í háskóla með þeim takmörkunum, sem sett eru í lögum hans og reglugerð. Námskröfur til stúdentsprófs frá Kennaraskóla Íslands skulu sambærilegar kröfum til stúdentsprófs menntaskólanna, þó þannig, að heimilt er að láta próf í

uppeldis- og kennslufræðum frá almennu kennaradeildinni gilda til stúdentsprófs og fella þá niður, innan takmarka, sem ákveðin eru í reglugerð, annað námsefni sem því svarar, á svipaðan hátt og gert er um sérgreinar í mála- og stærðfræðideildum menntaskólanna.

4. **Framhaldsdeild,** er veiti nemendum kost á framhaldsmenntun með nokkru kjörfrelsi. Skulu þeir þá stunda nám í eigi færri greinum en þrem, og sé ein þeirra aðalgrein. Sett skulu ákvæði um próf að afloknu þessu framhaldsnámi. Heimilt er starfandi kennurum að leggja stund á einstakar greinar þess framhaldsnáms, sem efnt verður til samkvæmt þessum ákvæðum, eftir frjálsu vali, og ljúka í þeim tilskildum prófum.

5. **Undirbúningsdeild sérnáms,** tveggja ára nám, sem býr nemendur undir kennaranám í sérgreinum, svo sem handavinnu, íþróttum, tónlist, teikningu, húsmæðrafræðslu, og önnur uppeldisstörf, hvort heldur sérnámið fer fram í Kennaraskólanum eða annars staðar.

6. **Handavinnudeild,** sem veitir sérmenntun í handavinnu karla og kvenna og sér nemendum fyrir æfingum í að kenna þær. Enn fremur sér hún nemendum í öðrum deildum Kennaraskólans fyrir kennslu í handavinnu og kennsluæfingum í þeirri grein. Námstími í handavinnudeild er tvö ár. Þeir, sem útskrifast úr deildinni, öðlast réttindi til að kenna handavinnu í barnaskólum og framhaldsskólum.

Þeim, sem stunda nám í undirbúningsdeild sérnáms, er skylt að ljúka sama námi og nemendur í almennu kennaradeildinni í 1—3 bóklegum greinum, enda öðlist þeir í þeim kennararéttindi, að því tilskildu, að þeir ljúki kennaraprófi í sérgrein.

Auk þessara sex deilda starfa í sambandi við Kennaraskólann, þegar svo er ákveðið, sérdeildir í framhaldi af undirbúningsdeild, sem veita, að loknu tveggja ára námi, réttindi til kennslu í sérgreinum í barnaskólum og framhaldsskólum.

Námstími í hverri deild skólans skal eigi vera skemmri en 8 mánuðir á ári.

Kennaraskólinn heldur námskeið fyrir starfandi kennara og aðra æskulýðsleiðtoga, þegar henta þykir og fé til þess er fyrir hendi.

### 3. gr.

Þeir nemendur, sem ætla sér að verða smábarnakennarar fyrst og fremst, skulu eiga kost á sérhæfingu til þess. Enn fremur er heimilt að taka upp sérkennslu í fleiri greinum, og skulu nemendur þá í samráði við skólastjóra velja sér aðalgrein, eina eða fleiri.

## II. KAFLI

## Inntökuskilyrði, námsgreinar og próf.

### 4. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði í skólann:

1. að nemandi hafi engan næman kvilla eða sjúkdóm, sem öðrum geti að meini orðið,
2. að nemandi sé óspilltur að siðferði.

Lágmarksaldur til inntöku má ákveða í reglugerð.

### 5. gr.

Rétt til inngöngu í I. bekk hinnar almennu kennaradeildar veitir:

1. Landspróf miðskóla með þeirri lágmarkseinkunn, sem ákveðin er í reglugerð um miðskólapróf í bóknámsdeild.
2. Fullgilt gagnfræðapróf með lágmarkseinkunn í nokkrum aðalgreinum, sem reglugerð ákveður, enda gangi gagnfræðingar undir viðbótarpróf í einstökum

greinum, ef þörf krefur, svo að tryggt sé, að þeir hafi lokið námi, sem samsvarar námi til landsprófs miðskóla.

Rétt til inngöngu í kennaradeild stúdenta veitir almennt stúdentspróf.

Rétt til inngöngu í menntadeild og framhaldsdeild eiga þeir, sem lokið hafa almennu kennaraprófi með fyrstu einkunn 1967 eða síðar. Heimila má þeim, sem lokið hafa slíku prófi fyrir þann tíma, inngöngu í deildina, en vilji þeir þreyta stúdentspróf, skulu þeir ljúka viðbótarprófi, sem nánar verður kveðið á um í reglugerð.

Rétt til inngöngu í undirbúningsdeild sérnáms veitir landspróf miðskóla, gagnfræðapróf eða önnur hliðstæð próf með þeirri einkunn, sem stjórn skólans metur gilda, enda sé nám og prófkröfur fullnægjandi að dómi skólans. Við inntöku skal hafa hliðsjón af sérhæfileikum til þess starfs, sem umsækjandi ætlar að búa sig undir.

Rétt til inngöngu í handavinnudeild eiga þeir, sem lokið hafa námi í undirbúningsdeild sérnáms í Kennaraskólanum, stúdentsprófi eða almennu kennaraprófi.

Heimilt er skólanum að úrskurða um inntöku nemenda í allar deildir með hliðsjón af hæfniprófi og öðrum matsaðferðum, en fullnægja skulu þeir þó inntökuskilyrðum þessarar greinar. Ákveða má í reglugerð lágmarkseinkunn í íslenzku og fleiri greinum.

6. gr.

Aðalviðfangsefni kennaranámsins eru uppeldisgreinarnar: sálarfræði, uppeldisfræði, kennslufræði og kennsluæfingar.

Í Kennaraskólanum skal kenna þessar námsgreinar: Íslenzku og íslenzk fræði, þar með talin framsögn og hljóðfræði nútíðarmáls, dönsku, ensku, þýzku, latínu, stærðfræði, eðlisfræði, efnafræði, náttúrufræði, heilsufræði, landafræði, sögu og félagsfræði, kristin fræði, sálarfræði, uppeldisfræði, skólasögu, kennslufræði, skrift, teiknun, vélritun, handavinnu, íþróttir og fimleikafræði, söng og tónfræði.

Heimilt er stjórn skólans að fjölga eða fækka kennslugreinum, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins.

Kennsluæfingar fara fram í æfinga- og tilraunaskóla og öðrum skólum eftir því, sem þörf krefur.

7. gr.

Í hverjum bekk skal halda próf í lok árlegs námstíma. Heimilt er skólastjórn þó að ákveða próf í einstökum greinum á öðrum tíma. Próf fjórða bekkjar er almennt kennarapróf og sömuleiðis próf úr kennaradeild stúdenta. Ljúka má námi í einstökum greinum í öðrum bekkjum, enda skulu einkunnir í þeim greinum taldar á kennaraprófsskírteini.

Kennarar skulu gefa vetrareinkunnir hver í sinni grein, og gilda þær til jafns við prófseinkunnir, þegar reiknuð er út aðaleinkunn.

Við kennarapróf, stúdentspróf og önnur lokapróf skulu vera prófdómendur, skipaðir af menntamálaráðuneytinu.

## III. KAFLI

### Skólastjórn og kennarar.

8. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans.

Skólastjórn er skipuð skólastjóra og föstum kennurum skólans ásamt skólastjóra æfingaskólans. Hún tekur ákvarðanir í sérstökum málum, sem varða inntöku nemenda, próf, brottvísun nemenda úr skóla, og í öðrum málum, sem lögð verða fyrir stjórnarfund.

Skólastjóri og fastir kennarar skólans eru embættismenn ríkisins og taka laun samkvæmt lögum, er þar um gilda. Þeir skulu skipaðir af forseta Íslands. Áður en kennari er skipaður, skal leita umsagnar skólastjórnar. Tölu fastra kennara skal miða við, að einn kennari komi að jafnaði á hverja bekkjardeild. Menntamálaráðuneytið skipar húsvörð, að fengnum tillögum skólastjóra, en skólastjóri ræður stundakennara og annað starfsfólk með samþykki ráðuneytisins.

9. gr.

Skylt er kennara að kenna 24—27 kennslustundir á viku, og sé hver kennslustund 45 mínútur. Að jafnaði skal vera 10 mín. hlé milli kennslustunda. Fækka má kennslustundum í 22, er kennari verður 55 ára, og í 17, er hann verður 60 ára. Fastir kennarar verða yfirkennarar er þeir hafa kennt við skólann fulla kennslu í 16 ár. Menntamálaráðuneytið ákveður kennsluskyldu skólastjóra.

10. gr.

Heimilt er skólastjóra að kveðja kennara sér til aðstoðar við eftirlit og umsjón í skólanum. Enn fremur skulu kennarar starfa með nemendum utan kennslustunda í samráði við skólastjóra og vinna önnur störf í þágu skólans eftir því, sem ástæður leyfa og ákveðið er í reglugerð og erindisbréfi. Má þá fækka skyldustundum kennara, svo og vegna mikillar heimavinnu eða annarra aukastarfa, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins.

11. gr.

Þá eina má setja eða skipa fasta kennara í bóklegum greinum eða skólastjóra við Kennaraskólann, sem lokið hafa fullnaðarprófi við háskóla eða aðra sambærilega stofnun í aðalgreinum þeim, er þeir eiga að kenna. Þeir skulu einnig hafa lokið námi í uppeldisgreinum. Aðrir kennarar skólans þurfa ekki að hafa lokið háskólaprófi, en hafi þá menntun í kennslugreinum sínum, sem yfirstjórn skólans metur gilda.

Nú sækir enginn, sem fullnægir þessum skilyrðum, um lausa kennarastöðu við skólann, og skal þá ráðuneytið leitast við að fá sem hæfastan mann til að gegna stöðunni til bráðabirgða. Gegni hann stöðunni á fullnægjandi hátt í tvö ár, sem settur, má skipa hann í starfið.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til þeirra, sem skipa fastar stöður við Kennaraskólann, þegar lög þessi koma til framkvæmda.

## IV. KAFLI

### Æfinga- og tilraunaskóli.

12. gr.

Í sambandi við Kennaraskólann starfar æfinga- og tilraunaskóli, sem er um leið skóli skyldunáms fyrir ákveðið hverfi Reykjavíkurbæjar. Kennaraefni skulu fá kennsluæfingar í öllum þeim aldursflokkum, sem Kennaraskólinn veitir rétt til að kenna, m. a. skulu kennaraefni njóta leiðsagnar og þjálfunar í kennslu og uppeldi afbrigðilegra barna og kenna sjálfstætt eigi skemur en um þriggja vikna skeið, sem næst 3 kennslustundir daglega.

13. gr.

Æfingaskólinn skal hafa með höndum uppeldisfræðilegar athuganir og tilraunir eftir því, sem við verður komið. Skólastjóri Kennaraskólans og aðalkennari skólans í uppeldis- og sálarfræði skulu í samráði við skólastjóra æfingaskólans hafa um-

sjón með rannsóknarstarfi þessu, og geta þeir kvatt sér til ráðuneytis sérfræðinga, er starfa að svipuðum verkefnum.

14. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans og setur og skipar kennara hans að fengnum tillögum skólastjórnar og fræðslumálastjóra.

Stofnkostnaður skólans skiptist þannig með aðilum, að ríkissjóður greiðir $3/5$ hluta hans, en borgarsjóður Reykjavíkur $2/5$ hluta.

Rekstrarkostnað skólans greiða aðilar samkvæmt eftirfarandi reglum:

Ríkissjóður greiðir laun fastra kennara, stundakennslu, forfallakennslu, heimavinnu kennara, handbækur kennara og efni til handavinnukennslu.

Allur annar rekstrarkostnaður en talinn er hér að framan skiptist þannig með aðilum, að borgarsjóður Reykjavíkur greiðir fyrir hvern nemanda í skólanum þá fjárhæð, sem hann greiðir í annan rekstrarkostnað á sama tíma, að meðaltali, fyrir hvern nemanda í barna- og gagnfræðaskólum Reykjavíkur.

15. gr.

Stjórn æfingaskólans skipa skólastjóri og fastir kennarar hans ásamt skólastjóra Kennaraskólans. Um samstarf skólanna og verksvið hvors skólastjóra um sig skal ákveða í reglugerð.

16. gr.

Heimilt er skólastjóra æfingaskólans að kveðja kennara sér til aðstoðar við umsjónarstörf í skólanum, niðurskipun og dreifingu kennsluæfinga og eftirlit með þeim, svo og önnur störf í þágu skólans, sem nauðsyn ber til, og má þá fækka við þá kennara kennslustundum, sem því svarar, að fengnu samþykki ráðuneytisins.

17. gr.

Ákveða skal í reglugerð um fjölda kennara og kennslustundafjölda þeirra á viku með tilliti til fjölda æfingastunda. Auk fastra æfingakennara má ráða til starfa við skólann aðra kennara eftir þörfum, og skal jafnan kappkosta að fá sem færasta kennara, bæði að menntun og reynslu, til kennslu við æfingaskólann. Fastir æfingakennarar skulu eigi vera færri en aldursflokkar æfingaskólans, og njóta þeir sömu launakjara og kennarar Kennaraskólans, enda kenni þeir líka við Kennaraskólann eftir því, sem ástæður eru til.

Aðrir kennarar æfingaskólans hafa sömu laun og almennir kennarar við aðra skóla á sömu skólastigum, en fyrir æfingatíma eða tilraunastarf, sem þeir kunna að annast, fái þeir sérstaka þóknun, sem menntamálaráðuneytið ákveður.

18. gr.

Barna- og gagnfræðastigsskólum þeim, sem menntamálaráðuneytið ákveður, að fengnum tillögum skólastjórnar Kennaraskólans, er skylt að taka við nemendum Kennaraskólans til æfingakennslu. Skólastjórar þeirra skóla og skólastjóri Kennaraskólans og æfingaskólans skulu hafa samráð um þá æfingakennslu. Þóknun fyrir hana skal ákveðin af ráðuneytinu.

## V. KAFLI

### Ýmis ákvæði.

19. gr.

Nú hefur kennari (skólastjóri) gegnt embætti í 10 ár og óskar að hverfa frá störfum í eitt ár til að efla þekkingu sína og kennarahæfni, og skal hann þá senda

fræðslumálastjóra beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst verja orlofsárinu. Ef menntamálaráðuneyti og fræðslumálastjóri telja þá greinargerð fullnægjandi, getur ráðuneytið veitt kennaranum (skólastjóranum) ársorlof með fullum launum. Engum skal þó veita slíkt orlof nema einu sinni. Beiðni um orlof skal senda fræðslumálastjóra með árs fyrirvara. Fræðslumálastjóri veitir kennurum, sem þess óska, leiðbeiningar um, hvernig orlofsári skuli varið, en allir verða þeir að gefa fullnægjandi skýrslu um störf sín að orlofsári loknu, að viðlögðum launamissi fyrir það ár. Menntamálaráðuneytið setur, að fengnum tillögum fræðslumálastjóra, nánari reglur um framkvæmd orlofs kennara. Skal þess gætt, að það trufli ekki störf skólans eða torveldi þau.

20. gr.

Kostnaður við rekstur Kennaraskólans greiðist úr ríkissjóði. Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um framkvæmd laga þessara.

21. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numdir I., III. og V. kafli laga nr. 16 frá 12. marz 1947, um menntun kennara, enn fremur þau atriði í VII. kafla þeirra laga, svo og önnur ákvæði í lögum, sem koma í bág við þessi lög.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 26. apríl 1963.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Gylfi Þ. Gíslason.*

26. apríl. Nr. 24.

# LÖG

**um breyting á lögum nr. 56 frá 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, og lögum nr. 57 frá 5. júní 1957, um breyting á þeim lögum.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 2. gr. l. nr. 56/1927 bætist:

**4. flokkur.**

Nú eru vínveitingar um hönd hafðar í veitinga- eða samkomuhúsi, án þess að skemmtanaskattur sé greiddur samkvæmt ákvæðum 1. eða 2. flokks, og skal þá greiða kr. 8.00 í skemmtanaskatt og kr. 2.00 í menningarsjóð, sbr. 4. gr. l. nr. 57/1957, fyrir hvern mann, er aðgang fær að húsinu að kvöldi á þeim tíma, er ákveðinn verður í reglugerð. 10% álag á skemmtanaskatt samkv. 3. gr. laga nr. 57/1957 er innifalið í 8 kr. gjaldinu samkvæmt þessari grein.

2. gr.

3. gr. l. nr. 56/1927 orðist þannig:

Undanþegnar öllum skemmtanaskatti eru þessar skemmtanir:

a. Hljómleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands, svo og aðrir klassískir tónleikar og klassískar söngskemmtanir, eftir nánari ákvörðun ráðherra.

b. Leiksýningar Þjóðleikhússins, svo og hliðstæðar leiksýningar annarra aðila, eftir nánari ákvörðun ráðherra.

c. Fræðandi fyrirlestrar.

d. Sýningar á íslenzkum kvikmyndum og kvikmyndasýningar í Reykjavík á vegum Sáttmálasjóðs og kvikmyndasýningar bæjarsjóðs Akraness og Hafnarfjarðar, enda sé tekjunum varið á sama hátt og nú. Enn fremur er ráðherra heimilt að undanþiggja skemmtanaskatti kvikmyndasýningar eins kvikmyndahúss, er rekið sé af opinberum aðila, í hverjum hinna annarra kaupstaða, enda sé tekjum af þeim varið til menningar- eða mannúðarmála.

e. Íþróttasýningar, enda renni ágóðinn óskiptur til íþróttastarfsemi.

f. Skemmtanir skóla og skólafélaga, annarra en dansskóla, enda séu þær aðeins fyrir nemendur og kennara, ásamt gestum þeirra, og haldnar undir umsjá skólastjórnar.

g. Innanfélagsskemmtanir, aðrar en dans, sem aðeins eru fyrir félagsmenn og gesti þeirra. En sannist það, að utanfélagsmenn hafi átt kost á að kaupa aðgöngumiða að slíkum skemmtunum, skal það skoðað sem brot á lögum þessum, og ber þá að greiða skatt af slíkri skemmtun eftir 2. gr., 2. flokki.

Ráðherra er heimilt að láta haldast að nokkru eða öllu leyti undanþágur þær frá greiðslu skemmtanaskatts, er þær skemmtanir hafa notið, sem haldnar eru til fjáröflunar fyrir góðgerðar-, líknar- og björgunarstarfsemi, sjúkrasjóði með staðfestri skipulagsskrá, sjúkrahús, elliheimili, æskulýðsheimili, Tónlistarskólann í Reykjavík, kirkjustarfsemi eða bindindisstarfsemi, sem nýtur styrks úr ríkissjóði.

Ráðherra er enn fremur heimilt að undanþiggja skemmtanaskatti dansleiki, sem unglingar frá 16 til 21 árs aldri eiga einir aðgang að, enda sé aðgangur seldur vægu verði og fullnægt öðrum skilyrðum, er ráðherra setur.

Loks er ráðherra heimilt að undanþiggja skemmtanaskatti dansskemmtanir, með eða án minni háttar skemmtiatriða, enda sé vín ekki um hönd haft á þessum skemmtunum, og þær ekki haldnar í danshúsum, sem löggilt eru fyrir 300 gesti eða fleiri í sæti. Ráðherra ákveður, hvaða skemmtistaðir skuli teljast danshús í þessu sambandi. Þó skulu samkomu- eða veitingahús, þar sem dans fer að jafnaði fram 20 sinnum á mánuði, ávallt talin danshús. Þeir, sem fá undanþágu frá greiðslu skemmtanaskatts samkvæmt framansögðu, eru skyldir til að greiða þann kostnað af löggæzlu, sem nauðsynleg er talin í þessu sambandi.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1963.

Ráðherra skal heimilt að endurgreiða eða fella niður skemmtanaskatt af leiksýningum og sýningum á íslenzkum fræðslukvikmyndum frá 1. jan. 1963 að telja.

*Gjört að Bessastöðum, 26. apríl 1963.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Gylfi Þ. Gíslason.*

# LÖG
## um Tækniskóla Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Heimilt er að stofna í Reykjavík skóla, sem nefnist Tækniskóli Íslands. Markmið skólans skal vera að veita nemendum tæknilega og almenna menntun, sem geri þá hæfa til að takast sjálfstætt á hendur tæknileg störf og ábyrgðarstöður í þágu atvinnuvega þjóðarinnar. Kostnaður við stofnun og rekstur skólans greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Menntamálaráðherra skal fara með yfirstjórn skólans. Hann skipar skólastjóra og kennara.

3. gr.

Skólastjóri hefur yfirumsjón með kennslu og annarri starfsemi skólans. Hann annast daglegan rekstur skólans, hefur á hendi reikningshald og umsjón með byggingum og öðrum eignum skólans. Enn fremur ræður hann, með samþykki ráðherra, starfsfólk skólans.

Kennarar og starfsmenn taka laun samkvæmt kjarasamningum.

4. gr.

Þeir einir geta orðið fastir kennarar skólans, sem hafa lokið prófi frá viðurkenndum tækniskóla eða háskólaprófi í aðalkennslugrein sinni.

Kennsluskylda kennara skal ákveðin í reglugerð.

5. gr.

Námstími í skólanum skal ákveðinn í reglugerð.

6. gr.

Heimilt er, að skólinn starfi í deildum, og skal deildaskipun ákveðin í reglugerð.

Nú er skólanum skipt í deildir, og skal þá heimilt að skipa deildarstjóra úr hópi kennara hlutaðeigandi deildar.

7. gr.

Heimilt skal að starfrækja undirbúningsdeild við skólann bæði í Reykjavík og á Akureyri. Hlutverk undirbúningsdeildar er að búa þá nemendur, sem hafa nægilega verklega þjálfun, undir nám í tækniskólanum með kennslu í undirstöðuatriðum tæknináms, svo sem stærðfræði og eðlisfræði.

Einnig er heimilt að starfrækja aðrar bekkjar- og skóladeildir tækniskólans á Akureyri, enda sé að því stefnt, að þar rísi sjálfstæður tækniskóli.

8. gr.

Inngöngu í undirbúningsdeild skal veita þeim nemendum, sem lokið hafa prófi frá iðnskóla. Enn fremur geta fengið inngöngu í undirbúningsdeild þeir, sem lokið hafa miðskólaprófi og hafa hlotið nægilega verklega þjálfun.

Heimilt er að láta umsækjendur þreyta sérstakt inntökupróf, sem sker úr um aðgang nemenda að undirbúningsdeild.

9. gr.

Rétt til skólavistar í skólanum eiga þeir nemendur, sem lokið hafa prófi frá undirbúningsdeild, sem og þeir, sem standast inntökupróf.

10. gr.

Þegar eftir gildistöku laga þessara skal menntamálaráðherra skipa nefnd til þess að semja reglugerð um starfsemi skólans. Í nefnd þessari skulu eiga sæti menn, sem hafa þekkingu á tæknifræði, verkfræði, iðnnámi og skólamálum.

Skal skólinn taka til starfa, þegar reglugerð hefur verið sett.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 26. apríl 1963.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**
(L. S.)

*Gylfi Þ. Gíslason.*

Nr. 26. 26. apríl.

# LÖG

## um heimild handa siglingamálaráðherra til að veita Rafni Kolssyni skipstjóraskírteini á íslenzkum skipum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Siglingamálaráðherra skal heimilt að veita Rafni Kolssyni skipstjóra, Reykjavík, undanþágu frá því að ganga undir farmannapróf við stýrimannaskólann í Reykjavík, samkvæmt lögum nr. 5 14. marz 1955, um stýrimannaskólann í Reykjavík, og láta honum í té skipstjóraskírteini á fiski- og verzlunarskipum, af hvaða stærð sem er, í innanlandssiglingum, enda fullnægi hann ákvæðum laga nr. 66 17. júlí 1946 um siglingatíma. Skulu próf hans frá sjómannaskólanum í Fredrikstad jafngilda íslenzkum prófum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 26. apríl 1963.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**
(L. S.)

*Emil Jónsson.*

# LÖG

## um þátttöku Síldarverksmiðja ríkisins í útgerðarfélagi í Siglufirði.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Síldarverksmiðjum ríkisins er heimilt með samþykki ríkisstjórnarinnar að leggja fram allt að kr. 2 000 000.00 sem hlutafé í hlutafélagi, sem stofnað yrði í Siglufirði í samvinnu við Siglufjarðarkaupstað, til að eiga og reka vélbáta frá Siglufirði, svo og botnvörpunginn Hafliða, sem nú er í eigu Siglufjarðarkaupstaðar. Framlag síldarverksmiðjanna verði 55% af hlutafé félagsins.

Heimild þessi miðast við, að skip væntanlegs útgerðarfélags verði í föstum viðskiptum við Síldarverksmiðjur ríkisins og hraðfrystihús þeirra, eftir því sem frekast verður við komið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 26. apríl 1963.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Emil Jónsson.*

29. apríl. Nr. 28.

# LÖG

## um fasteignamat og fasteignaskráningu.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

**Um aðalmat fasteigna.**

1. gr.

Allar fasteignir á landinu, sem ekki eru sérstaklega undanteknar samkv. lögum þessum, skulu metnar til peningaverðs. Allsherjarmat skal fara fram fimmtánda hvert ár, og nefnist það mat aðalmat fasteigna. Þegar aðalmati er lokið, löggildir fjármálaráðherra fasteignamatsskrá og kveður á um, frá hvaða tíma hún taki gildi.

2. gr.

Aðalmat fasteigna er framkvæmt af fasteignamatsnefndum í héruðum undir yfirstjórn yfirfasteignamatsnefndar.

3. gr.

Fjármálaráðherra skipar þriggja manna fasteignamatsnefnd í hverri sýslu og hverjum kaupstað til 5 ára í senn. Tveir nefndarmanna skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu sýslunefndar eða bæjarstjórnar, en hinn þriðja skipar ráðherra án tilnefningar, og er hann formaður nefndar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti, og taka þeir sæti í forföllum aðalmanna eða þegar þeir eru við mál riðnir, eftir því sem nánar er mælt fyrir um í reglugerð.

4. gr.

Fjármálaráðherra skipar þrjá menn í yfirfasteignamatsnefnd og þrjá til vara til 5 ára í senn. Hann skipar formann nefndarinnar og varaformann, og skulu þeir vera lögfræðingar, hagfræðingar eða sérfræðingar í skipulags- eða landmælingamálum.

Hlutverk nefndarinnar er að hafa eftirlit með fasteignamatsnefndum, og lætur hún þeim í té almenn gögn og upplýsingar eftir föngum. Yfirfasteignamatsnefnd ákveður gerð eyðublaða undir matið og sendir þau til fasteignamatsnefnda. Hún úrskurðar kærur út af fasteignamati, sbr. 16. gr., og endurskoðar og samræmir mat allra fasteigna. Skylt er fasteignamatsnefndum og eigendum eða fyrirsvarsmönnum eigna að láta yfirfasteignamatsnefnd í té skýringar og upplýsingar, er hún telur sér þörf á.

5. gr.

Í fasteignamatsnefndum samkv. 3. og 4. gr. mega ekki sitja saman skyldir menn eða tengdir að feðgatali eða niðja, hjón, kjörforeldri og kjörbörn, fósturforeldri og fósturbörn, hvorki sem aðalmenn né varamenn.

Þeir, sem skipaðir eru í nefndir samkv. 3. og 4. gr., skulu rita í gerðabók drengskaparheit um, að þeir muni gegna starfinu hlutdrægnislaust eftir beztu vitund og sannfæringu og gæta þagnarskyldu um allt það, er þeir fá vitneskju um í starfinu og varðar matsstörfin.

6. gr.

Skylt er þinglýsingardómurum, hreppstjórum, byggingaryfirvöldum, öðrum opinberum starfsmönnum og stofnunum, svo og eigendum (fyrirsvarsmönnum) eða rétthöfum fasteigna, að láta í té allar upplýsingar, er matsnefndir óska og völ er á, til leiðbeiningar við matið.

7. gr.

Í reglugerð er heimilt að kveða svo á, að eigendur eða aðrir fyrirsvarsmenn fasteigna skuli fylla út eyðublöð undir upplýsingar um fasteignir, sbr. 4. og 6. gr., m. a. um þau atriði, sem greinir í 13. og 14. gr. Í reglugerð skal, ef til kemur, kveða á um fresti til að skila skýrslum, svo og til hvers aðila skuli skila þeim.

8. gr.

Við matið skal hver jörð, sem hefur sérstök bæjarhús og afskipt tún og engi, metin sér til verðs, hvort sem hún telst lögbýli eða eigi og hvort sem hún er býli byggt úr landi annarrar jarðar eða eigi.

Enn fremur skal meta sérstaklega allar lóðir og lendur, ásamt mannvirkjum, ítök og fasteignaréttindi, sem ekki fylgja neinni ákveðinni jörð eða húseign, svo sem vatnsréttindi, námuréttindi, veiðiréttindi, beitarréttindi og jarðhitaréttindi, sem seld hafa verið undan jörðum.

Lönd, sem látin hafa verið á erfðafestu, skal meta sér, hvort sem mannvirki hafa verið reist þar eða eigi.

Eyðijarðir og óbyggðar lóðir og lendur skal meta sér til verðs.

Nú rís ágreiningur milli fasteignamatsnefndar og aðila um það, hvort meta skuli fasteign sér eða ekki, og sker yfirfasteignamatsnefnd þá úr. Úrskurði má skjóta innan mánaðar, frá því að hann gekk, til fjármálaráðherra, sem leggur fullnaðarúrskurð á málið.

Nánari ákvæði um það, hverjar eigur skuli metnar sér, skulu sett í reglugerð.

9. gr.

Við mat jarðeigna skal meta sér:

1. Verðmæti landsins.
2. Verðmæti, er svara til afgjaldsréttinda, sem jarðareiganda ber að telja til eignar, eða annarra verðmætra réttinda í öðrum fasteignum (ítök, hlunnindi).
3. Verðmæti húsa og annarra mannvirkja, sem jarðareigandi á.
4. Verðmæti annarra húsa eða mannvirkja, sem ábúandi á eða annar rétthafi á jörðinni.

10. gr.

Fasteignir utan sveita skal meta svo, að lóðin sé metin sér, en hús og önnur mannvirki sér. Gæta skal ákvæða 9. gr., eftir því sem við á.

11. gr.

Þessar eignir eru undanþegnar fasteignamati:

1. Vegir, torg og almenningsgarðar í eigu ríkis eða sveitarfélaga og önnur slík svæði, sem ætluð eru almenningi til umferðar eða dvalar án endurgjalds.
2. Rafveitur, vatnsveitur og skolpveitur.
3. Hafnargerðir.
4. Kirkjugarðar.

12. gr.

Afréttarlönd, sem eru eign sveitarfélaga eða sameign fleiri jarða og notuð eru aðallega til upprekstrar, skal ekki meta sérstaklega, en taka skal upprekstrarréttinn til greina við mat þeirra jarða, sem hann eiga.

Þrætusvæði milli fasteigna má meta sér í lagi.

13. gr.

Fasteignamatsnefndir skulu, eftir því sem við verður komið, skoða þær eignir, sem meta skal, og veita eigendum eða fyrirsvarsmönnum eignar færi á að koma við skýringum.

Hverri fasteign skal lýsa greinilega, og kanna skal, eftir því sem unnt er, hvort stærð lands og mannvirkja sé rétt greind í almennum upplýsingum, sem fyrir liggja um eign. Nafngreina skal eiganda fasteignar og ábúanda, að því er jarðir varðar. Geta skal þess, hvort landamerki eða lóðamörk séu ágreiningslaus. Enn fremur skal kappkosta að svara spurningum á eyðublöðum undir matið jafngreinilega og rækilega og kostur er.

Nú er mat á fasteign sérstaklega torvelt, t. d. vegna þess að stærð lands er óljós eða nýtingarkostir á einstökum landgæðum eru vandmetnir, og er fasteignamatsnefnd þá heimilt, að fengnu samþykki yfirfasteignamatsnefndar, að ráða kunnáttumann til aðstoðar við slíkt mat.

14. gr.

Mat á fasteignum skal miða við það gangverð, sem líklegt er, að þær mundu hafa í kaupum og sölum. Til hliðsjónar við matið skal hafa verð það, sem fasteignin kann að hafa verið seld fyrir síðustu 10 árin, áður en mat fór fram, söluverð fasteigna í grenndinni á sama tímabili, upplýsingar um kostnaðarverð mann-

virkja, virðingar á fasteign til lántöku, virðingar á mannvirkjum til brunabóta, svo og aðrar virðingargerðir, sem völ kann að vera á, jarðvegsgerð, ræktunarmöguleika, þ. á m. afstöðu til markaða og verzlunarstaða, svo og samgönguaðstöðu, legu eignar og viðskiptaaðstöðu í kaupstöðum, tekjur þær, er af eign fást eða fáanlegar eru, hlunnindi, er henni fylgja, og aðstöðu til nýtingar þeirra, svo og annað, er áhrif getur haft á ætlað gangverð fasteignar.

Fjármálaráðherra ákveður í reglugerð, að fengnum tillögum yfirfasteignamatsnefndar, nánari grundvöll fyrir framkvæmd matsins, þ. á m. einnig við hvaða tímamark miða skuli matið.

Fasteignir skulu metnar til peningaverðs í heilum þúsundum króna.

15. gr.

Matsgerðir úr hverjum hreppi eða kaupstað skal leggja fram, þegar mati er lokið þar, á þingstað hrepps eða kaupstaðar eða öðrum þeim stað, er fasteignamatsnefnd ákveður. Skal auglýsa, svo sem títt er um opinberar auglýsingar, hvenær og hvar þær liggi frammi, og má það ekki vera skemmri tími en mánuður.

Nú unir eigandi eða fyrirsvarsmaður fasteignar ekki mati, og getur hann þá kært það til fasteignamatsnefndar innan fimm vikna frá því, er matsgerðir voru lagðar fram almenningi til sýnis. Kæra skal vera skrifleg, og skal kærandi rökstyðja hana.

16. gr.

Fasteignamatsnefnd úrskurðar kærur og aðfinnslur, sem henni berast. Hún getur veitt kærendum heimild til að skýra mál sitt munnlega fyrir nefndinni eða leggja fram frekari gögn til skýringar kæru.

Aðilja er heimilt að skjóta úrskurði fasteignamatsnefndar til yfirfasteignamatsnefndar, sem leggur fullnaðarúrskurð á málið. Málskot skal vera skriflegt. Yfirfasteignamatsnefnd veitir aðilja kost á að skýra mál sitt fyrir nefndinni, og getur hún óskað frekari gagna, ef þörf þykir.

17. gr.

Þegar fasteignamatsnefnd hefur lokið úrskurðun kæra og aðfinnsla, sendir hún matsgögn öll ásamt matsgerðum sínum til yfirfasteignamatsnefndar, sem endurskoðar og samræmir matið samkvæmt því, sem segir í 4. gr.

18. gr.

Nú hefur yfirfasteignamatsnefnd lokið aðalmati, og sendir hún þá fjármálaráðherra matsskrárnar til löggildingar, sbr. 1. gr.

Kveða skal á um það í reglugerð, með hverjum hætti skrá um niðurstöður aðalmatsins verði birt almenningi.

19. gr.

Laun matsmanna og annarra starfsmanna við matið, svo og annan kostnað af matinu, skal greiða úr ríkissjóði. Fjármálaráðherra ákveður laun matsmanna og annarra starfsmanna, að fengnum tillögum yfirfasteignamatsnefndar.

20. gr.

Á fimm ára fresti milli aðalmata skal yfirfasteignamatsnefnd kanna, hvort fasteignaverð hafi breytzt verulega á tímabilinu. Nú telur yfirfasteignamatsnefnd, að svo sé, og getur fjármálaráðherra þá ákveðið breytingu á mati fasteigna í landinu í samræmi við það.

## II. KAFLI

### Um fasteignamöt milli aðalmata (aukamöt, endurmöt).

21. gr.

Milli aðalmata samkv. 1. gr. fer fasteignamat fram í eftirfarandi tilvikum:

1. Á nýjum húsum og mannvirkjum (frummat), þegar hús eða annað mannvirki er fullgert.
2. Á öðrum fasteignum, ef ætla má, að virðing á þeim tíma, er mats er beiðzt, mundi án tillits til almennra breytinga á verðlagi fasteigna verða verulega frábrugðin aðalmatsvirðingu fasteigna, er síðasta aðalmat fór fram.

22. gr.

Mat samkvæmt 21. gr. framkvæma úttektarmenn, hver í sínum hreppi, en í kaupstöðum og annars staðar, þar sem ekki eru til úttektarmenn, skal til þess starfs kveðja tvo menn. Nefnir fjármálaráðherra annan, en hreppsnefnd eða bæjarstjórn kýs hinn.

Fjármálaráðuneytið (fasteignamat ríkisins) hefur eftirlit með því, að mat samkvæmt 21. gr. fari fram, þegar ástæða er til. Framkvæma skal matið eftir sömu grundvallarreglum og fylgt er við aðalmat.

Unz fasteignamatsskrá er löggilt fyrsta sinni samkvæmt 1. gr. laga þessara, leggur fjármálaráðuneytið fullnaðarúrskurð á kærur út af aukamati, en eftir þann tíma sker yfirfasteignamatsnefnd úr, sbr. 23. gr. 1. mgr. Kærur til fjármálaráðuneytisins skulu vera skriflegar og rökstuddar, og skal aðili kæra málið til ráðuneytisins innan mánaðar frá því, að tilkynning um matið var send honum.

23. gr.

Fasteignamatsnefnd tilkynnir eiganda eða fyrirsvarsmanni fasteignar niðurstöðu mats samkv. 21. gr. þegar í stað. Aðilja er heimilt að kæra matið til yfirfasteignamatsnefndar innan mánaðar frá því, að tilkynning var send honum. Kæran skal vera skrifleg og rökstudd. Yfirfasteignamatsnefnd sker til fullnaðar úr kærum.

Fjármálaráðuneytið (fasteignamat ríkisins) heldur skrá um aukamöt, og skal jafnóðum tilkynna yfirvöldum þeim, sem hlut eiga að máli, um matsgerðir.

24. gr.

Laun fasteignamatsmanna fyrir störf samkv. þessum kafla laganna skulu ákveðin með þeim hætti, er segir í 19. gr., og ber að greiða kostnað af matinu samkvæmt ákvæðum þeirrar greinar.

## III. KAFLI

### Um fasteignamat ríkisins, fasteignaskráningu o. fl.

25. gr.

Fasteignamat ríkisins er sérstök deild í fjármálaráðuneytinu, og fjallar hún um fasteignamatsmálefni. Varðveitir hún öll gögn, er varða fasteignamat, og gefur upplýsingar um það þeim, er þess óska.

26. gr.

Við aðalmat það, sem í undirbúningi er við gildistöku laga þessara, skal hafizt handa um að koma upp sem nákvæmastri skráningu fasteigna í landinu („matrikel“), og er heimilt að verja fé úr ríkissjóði m. a. til mælinga á löndum og til jarðvegs-

kannana samkv. tillögum yfirfasteignamatsnefndar. Um fasteignaskráningu skulu sett nánari ákvæði í reglugerð.

27. gr.

Fjármálaráðuneytið setur reglugerð, að fengnum tillögum yfirfasteignamatsnefndar, um framkvæmd laga þessara.

28. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað, og gilda þau um aðalmat það, sem í undirbúningi er við gildistöku þeirra. Um skipunartímabil fasteignamatsnefnda, sem skipaðar hafa verið samkv. lögum nr. 70/1945, fer samkv. því, er segir í 3. og 4. gr., þó svo, að umboð þeirra helzt til 1. janúar 1968.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 70 12. apríl 1945, um fasteignamat, og lög nr. 33 14. maí 1955, um samræmingu á mati fasteigna.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Áður en nýtt aðalmat fasteigna samkvæmt lögum þessum gengur í gildi, skal fara fram endurskoðun á gildandi ákvæðum laga, sem fasteignamat hefur áhrif á, og miðist endurskoðunin við, að skattar á fasteignum hækki ekki almennt vegna hækkunar fasteignamatsins.

*Gjört í Reykjavík, 29. apríl 1963.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Gunnar Thoroddsen.*

Nr. 29. 29. apríl.

# LÖG

## um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins starfar með því markmiði og skipulagi, sem segir í lögum þessum.

2. gr.

Sjóðfélagar eru þeir nefndir í lögum þessum, er skylt er að greiða iðgjöld í sjóðinn og rétt eiga á lífeyri úr honum.

3. gr.

I. Sjóðfélagar eru:

a. Allir þeir, sem skipaðir eru, settir eða ráðnir í þjónustu ríkisins, ríkisstofnana eða atvinnufyrirtækja ríkisins með föstum launum, til ekki skemmri tíma en eins árs eða með minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti, enda sé það starf þeirra aðalstarf og hlutaðeigandi taki ekki minna en hálf þau laun, er slíku starfi fylgja fyrir fullan vinnutíma.

b. Starfsmenn þeirra stofnana, sem aðild hafa fengið að sjóðnum samkvæmt eldri lögum, enda fullnægi þeir skilyrðum samkvæmt a-lið hér að framan um ráðningarkjör, nema hlutaðeigandi stofnun segi upp aðild að sjóðnum.

II. Ekki er skylt að taka í tölu sjóðfélaga:
Þá starfsmenn, sem a-liður I. tl. þessarar greinar tekur til, og rétt eiga á lífeyri úr öðrum sjóðum, sem stofnaðir eru með lögum eða samkvæmt reglugerð, sem staðfest hefur verið af fjármálaráðherra fyrir gildistöku laga þessara, fyrir tilteknar starfsgreinar opinberra starfsmanna sérstaklega.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal heimilt að taka í tölu sjóðfélaga starfsmenn bæjar-, sýslu- og hreppsfélaga og stofnana, er þeim heyra til og sérstakan fjárhag hafa, enda fullnægi þeir skilyrðum þeim, er greinir í 3. gr. I a., um ráðningartíma og aðalstarf.

5. gr.

Nú bætast við nýir sjóðfélagar, og skal þá heimilt að kaupa þeim réttindi í sjóðnum fyrir starfstíma, sem þeir hafa unnið, áður en þeir urðu sjóðfélagar. Stjórn sjóðsins ákveður, eftir tillögum tryggingafræðings hans, upphæð þá, er greiða skal fyrir réttindi þessi, eftir því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð sjóðsins.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum. Skal einn þeirra tilnefndur af hæstarétti, og er hann formaður stjórnarinnar. Annar skal skipaður af fjármálaráðherra, en hinn þriðji kosinn af sjóðfélögum eða félagsskap þeirra, svo sem nánar verður ákveðið í reglugerð sjóðsins.

Skipunar- og kjörtími stjórnarmanna er þrjú ár.

7. gr.

Tryggingastofnun ríkisins annast reikningshald og daglega afgreiðslu sjóðsins fyrir þóknun eftir samkomulagi hennar og stjórnar sjóðsins.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðuninni án sérstakrar þóknunar.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun fjár hans. Skal ávaxta sjóðinn í tryggum verðbréfum, svo sem ríkisskuldabréfum eða öðrum bréfum með ríkisábyrgð, skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga, vaxtabréfum veðdeildar Landsbankans eða Búnaðarbankans, jarðræktarbréfum, skuldabréfum, tryggðum með fyrsta veðrétti í fasteignum samkvæmt því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð, eða með öðrum álíka tryggilegum hætti.

Ráðherra getur kveðið nánar á um útlán sjóðsins með reglugerð, þar á meðal sett fyrirmæli um lánveitingar til íbúðarhúsabygginga fyrir sjóðfélaga.

9. gr.

Stjórn sjóðsins skal hið fimmta hvert ár láta tryggingafræðing rannsaka fjárhag sjóðsins. Þyki honum rannsókn sín leiða í ljós, að fjárhagsgrundvöllur sjóðsins sé ótryggur, skal hann gera tillögur til stjórnar sjóðsins um aðgerðir til að efla sjóðinn. Sýni rannsóknin hins vegar, að fjárhagur sjóðsins sé svo góður, að iðgjöld mætti lækka, skal hann athuga vandlega, hversu mikil sú lækkun mætti vera, og gera tillögur sínar um það til sjóðstjórnarinnar. Sjóðstjórnin má aldrei lækka iðgjöld meira en tryggingafræðingur hefur lagt til, að gert yrði.

10. gr.

Sjóðfélagar greiði frá 2¼% til 4¼% af launum sínum í iðgjald til sjóðsins. Ráðherra skiptir starfandi sjóðfélögum, eftir tillögum sjóðstjórnar, í 21 flokk eftir upphæð launa. Skal iðgjald vera 2¼% af launum í lægsta flokki en hækka um o.1% af launum við hvern flokk. Skiptingin í launaflokka skal gerð þannig, að iðgjald til sjóðsins og iðgjald til almannatrygginga fyrir ógiftan karlmann sé samanlagt sem næst 6% — sex hundruðustu — af launum í öllum flokkum. Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum eftir af launum sjóðfélaga og greiða þau til sjóðsins innan tveggja vikna frá útborgun launanna.

Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins nema með iðgjöldum sínum.

Launagreiðendur greiði fyrst um sinn í iðgjöld til sjóðsins 6% af launum þeim, er sjóðfélagi tekur hjá þeim, og skal greiða þau til sjóðsins samtímis iðgjöldum sjóðfélaga.

Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í 30 ár, falla iðgjaldagreiðslur hans niður, svo og iðgjaldagreiðslur launagreiðanda hans vegna.

Launþegi, sem yngri er en 20 ára, greiðir eigi iðgjöld til sjóðsins, enda öðlast hann eigi réttindi sjóðfélaga fyrr en hann hefur náð nefndum aldri.

Iðgjöld héraðslækna og sóknarpresta, svo og iðgjöld launagreiðanda þeirra vegna, skulu miðuð við hæstu laun fyrir slík störf, og reiknast lífeyrisréttur þeirra og maka þeirra samkvæmt því.

11. gr.

Sjóðurinn greiðir sjóðfélögum ellilífeyri og örorkulífeyri og eftirlátnum maka þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum þeim, sem hér fara á eftir.

12. gr.

Hver sjóðfélagi, er greitt hefur iðgjöld til sjóðsins í 5 ár eða lengur og er orðinn fullra 65 ára að aldri, á rétt á árlegum ellilífeyri úr sjóðnum.

Þeir, sem gerðust sjóðfélagar, áður en lög nr. 32 14. maí 1955 tóku gildi, halda rétti þeim, er lög nr. 101 30. des. 1943, 12. gr., veittu þeim til að krefjast greiðslu ellilífeyris úr sjóðnum, er samanlagður aldur þeirra og þjónustutími nemur 95 árum, enda hafi þeir fullnægt þeim skilyrðum, sem þeirri reglu fylgdu samkvæmt eldri lögum, þar á meðal um greiðslu iðgjalda í lífeyrissjóðinn, unz greindu tímamarki er náð.

Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja starfi því, sem sjóðfélaginn gegndi síðast. Hundraðshluti þessi fer eftir iðgjaldagreiðslutíma og launaflokki samkvæmt 1. málsgrein 10. greinar. Hann er 1.6% fyrir hvert ár, sem iðgjöld hafa verið greidd til sjóðsins, í lægsta launaflokki og hækkar um 0.02% við hvern flokk upp í 2.0% af launum fyrir hvert ár í hæsta flokki. Fyrir hvert starfsár, eftir að iðgjaldagreiðslu lýkur og þar til sjóðfélaginn öðlast rétt til að láta af störfum og fá ellilífeyri, bætist við 1% af launum í öllum flokkum, en 2% fyrir hvert starfsár eftir að iðgjaldagreiðslu er lokið og hann hefur öðlazt rétt til að fá ellilífeyri.

Heimilt er stjórn sjóðsins að greiða ellilífeyrisþegum á aldrinum 65 til 67 ára uppbót á lífeyri allt að einstaklingslífeyri almannatrygginga. Það er skilyrði fyrir slíkri uppbót, að sjóðfélaginn sé ekki lengur fullfær um að gegna starfi sínu. Til sönnunar því ber viðkomanda að leggja fram umsögn yfirmanns síns um starfshæfnina og vottorð tryggingayfirlæknis um heilsufar.

13. gr.

Hver sjóðfélagi, sem ófær verður til að gegna því starfi, sem hann hefur gegnt þangað til, og eigi á kost á öðru jafngóðu starfi við hans hæfi hjá stofnun þeirri, er hann hefur unnið hjá, eða annarri stofnun, sem tryggir starfsfólk sitt í sjóðnum, eða missir einhvern hluta af launum sínum sökum slíkrar örorku, á rétt á örorkulífeyri, ef tryggingayfirlæknir, í samráði við landlækni, metur örorkuna meiri en 10%. Örorkumat þetta skal aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna starfi því, er hann hefur gegnt að undanförnu.

Hámark örorkulífeyris miðast við áunninn lífeyrisrétt samkvæmt 12. gr., að viðbættum einstaklingslífeyri almannatrygginga. Ef rekja má aðalorsök örorkunnar til starfs í þágu stöðu þeirrar, sem öryrkinn gegndi, skal þó reikna áunninn lífeyrisrétt eins og sjóðfélaginn hefði gegnt stöðu sinni til 65 ára aldurs. Áunnin lífeyrisréttindi skulu reiknast af launum í því starfi, sem sjóðfélaginn gegndi síðast, eins og þau eru á hverjum tíma.

Sé örorka sjóðfélagans á milli 10% og 50%, er örorkulífeyrir hans sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri eins og örorkan er metin. Sé örorkan metin 50% til 75%, er örorkulífeyririnn 50% af hámarkinu að viðbættum 2% af því fyrir hvert 1%, sem örorkan er metin umfram 50%. Sé örorkan metin 75% eða meiri, greiðist hámarksörorkulífeyrir að frádregnum örorkulífeyri almannatrygginga. Þegar öryrki, sem metinn er undir 75%, nær 65 ára aldri, fær hann greiddan ellilífeyri samkvæmt ákvæðum 12. gr. Frá sama tíma fellur niður örorkulífeyrir hans. Þó skal hann halda til 67 ára aldurs þeim hluta hans, sem miðaður er við lífeyri almannatrygginga.

Skylt er öryrkja, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur hans, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til örorkulífeyris.

Stjórn sjóðsins er heimilt að lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti.

Sömuleiðis ber stjórn sjóðsins að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvíta frá því, sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi öryrkinn á þeim tíma, sem örorkan óx, ekki verið í þjónustu annarra en þeirra aðila, sem tryggja starfsfólk sitt í sjóðnum.

14. gr.

Nú andast sjóðfélagi og lætur hann eftir sig maka á lífi, og á þá hinn eftirlifandi maki rétt til lífeyris úr sjóðnum.

Upphæð makalífeyris ákvarðast þannig, að samanlagður makalífeyrir úr sjóðnum og maka- eða ellilífeyrir, sem makinn kann að eiga rétt á frá almannatryggingunum, er hundraðshluti af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja starfi því, er hinn látni gegndi síðast. Ef starfstími sjóðfélagans hefur verið 30 ár eða skemmri, er hundraðshluti þessi 20% af greiddum launum að viðbættu 1% fyrir hvert iðgjaldagreiðsluár. Fyrir hvert ár, sem hinn látni hafði starfað, eftir að iðgjaldagreiðslu lauk, en áður en hann öðlaðist rétt til ellilífeyris, hækkar makalífeyririnn um ½% af launum, en um 1% fyrir hvert starfsár, eftir að iðgjaldagreiðslu var lokið og hann öðlaðist rétt til að taka ellilífeyri.

Sé makalífeyrir samkvæmt næstu málsgrein hér á undan lægri en tvöfaldur einstaklingslífeyrir almannatrygginganna, skal greiða úr sjóðnum þeim makalífeyrisþegum, sem rétt eiga á maka- eða ellilífeyri frá almannatryggingunum, það sem á vantar að samanlagður lífeyrir þeirra nái tvöföldum einstaklingslífeyri almannatrygginganna. Þó skal greiðsla sjóðsins aldrei fara fram úr hundraðshlutum þeim, sem nefndir eru í 2. málsgrein þessarar greinar.

Nú hefur sjóðfélagi gengið í hjónaband, eftir að hann var orðinn 60 ára, eða á þeim tíma, er hann naut lífeyris úr sjóðnum eða hann var lagztur banaleguna, og úrskurðar þá stjórn sjóðsins, hvort eftirlifandi maki hans skuli njóta lífeyris úr sjóðnum eða eigi.

Réttur til lífeyris samkvæmt þessari grein fellur niður, ef hinn eftirlifandi maki gengur í hjónaband að nýju, en kemur aftur í gildi, sé hinu síðara hjónabandi slitið, enda veiti hið síðara hjónaband eigi rétt til lífeyris úr sjóðnum. Veiti síðara hjónabandið einnig rétt til lífeyris, má eftirlifandi maki velja um, hvort hann tekur lífeyrinn eftir fyrri eða síðari makann.

Þegar sjóðfélagi deyr, sem verið hefur tvígiftur, og lætur eftir sig tvo maka á lífi, skiptist makalífeyririnn milli þeirra, í beinu hlutfalli við þann tíma, sem hvor þeirra hefur verið giftur hinum látna sjóðfélaga á þeim tíma, er hann ávann sér lífeyrisréttindi og/eða naut lífeyris úr sjóðnum. Ef annar hinna eftirlifandi maka giftist að nýju, fellur allur lífeyririnn til hins, en skiptist aftur, sé því hjónabandi slitið, enda veiti síðara hjónabandið ekki rétt til lífeyris úr sjóðnum, eða öðrum hliðstæðum sjóði. Hliðstæð regla gildir, séu rétthafar makalífeyris fleiri en tveir.

15. gr.

Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og tekur jafnframt við öðru starfi hjá stofnun, er veitir aðgang að sjóðnum, lægra launuðu en því, er hann gegndi áður, og skal þá reikna lífeyri eftir því starfinu, sem hærra var launað.

Sama regla gildir, þegar sjóðfélagi verður af heilsufarsástæðum að láta af stöðu sinni, en tekur við öðru, léttara og lægra launuðu starfi, er veitir aðgang að sjóðnum. Þegar svo stendur á, sem í þessari mgr. ræðir um, er sjóðfélaga heimilt að kaupa sér réttindi í sjóðnum fyrir þann tíma, sem úr hefur fallið. Stjórn sjóðsins getur krafizt vottorðs tryggingayfirlæknis til sönnunar því, að sjóðfélaginn verði að láta af stöðu sinni vegna heilsubrests.

16. gr.

Börn eða kjörbörn, sem sjóðfélagi lætur eftir sig, er hann andast, og yngri eru en 18 ára, skulu fá árlegan lífeyri úr sjóðnum, þar til þau eru fullra 18 ára að aldri, enda hafi hinn látni séð um framfærslu þeirra að nokkru eða öllu leyti. Sama gildir um börn eða kjörbörn, er sá maður lætur eftir sig, er naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, er hann andaðist.

Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi, er sér um framfærslu þess, er samanlagður lífeyrir þess frá almannatryggingum og úr þessum sjóði 50% hærri en barnalífeyrir almannatrygginga. Að öðrum kosti er lífeyririnn tvöfaldur barnalífeyrir almannatrygginga.

Sama rétt öðlast börn og kjörbörn þeirra sjóðfélaga, er njóta elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, þó svo, að barnalífeyrir úr þessum sjóði til barna eða kjörbarna örorkulífeyrisþega skal vera jafnmargir hundraðshlutar af fullum barnalífeyri eins og örorkulífeyrir hans er margir hundraðshlutar af hámarksörorkulífeyri.

Fósturbörn, er sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, njóta sama réttar og börnum og kjörbörnum er veittur hér að framan.

17. gr.

Nú lætur sjóðfélagi í lifanda lífi og af öðrum ástæðum en elli eða örorku af stöðu þeirri, er veitti honum aðgang að sjóðnum, og á hann þá rétt á að fá endurgreidd með vöxtum iðgjöld þau, er hann hefur greitt í sjóðinn. Stjórn sjóðsins ákveður vextina með hliðsjón af ávöxtun sjóðsins. Hafi hann verið sjóðfélagi í

5 ár, er hann lætur af stöðunni, getur hann með samþykki sjóðstjórnarinnar valið um, hvort hann fær iðgjöld sín endurgreidd eða hann lætur þau standa inni í sjóðnum. Velji hann síðari kostinn, fellur niður réttur hans og skylda til að greiða framvegis iðgjöld til sjóðsins og réttur hans til örorkulífeyris. Ellilífeyrir hans og lífeyrir eftirlátins maka, sbr. 12. og 14. gr., miðast þá við starfstíma hans og laun þau, er hann hafði, er hann lét af stöðu þeirri, er veitti aðgang að sjóðnum, en tekur sömu breytingum og lífeyrir annarra, eftir að taka lífeyris hefst. Hafi hann gegnt stöðunni skemur en 30 ár, skal lífeyrir barna hans ákveðinn þannig, að full upphæð samkvæmt 16. gr. skal margfölduð með hlutfallinu á milli þess ellilífeyris, sem hann hefur öðlazt rétt til, og þess ellilífeyris, sem hann hefði öðlazt rétt til, ef hann hefði gegnt starfinu í 30 ár.

Sé staða eða starfi sjóðfélaga lagður niður, á hann rétt á að vera áfram í sjóðnum og greiða iðgjöld, sem miðuð séu við laun í þeim launaflokki, er staða hans var í, er hún var lögð niður. Nýtur hann þá sömu réttinda úr sjóðnum sem hann hefði gegnt starfi sínu áfram.

### 18. gr.

Þeir, sem keypt hafa sér og ekkjum sínum lífeyri samkvæmt lögum nr. 51 27. júní 1921, öðlast réttindi eftir lögum þessum, enda greiði þeir iðgjöld sín samkvæmt ákvæðum þeirra frá þeim tíma, er þau öðlast gildi.

Þeir, sem urðu sjóðfélagar 1. júlí 1944, en höfðu eigi keypt sér eða ekkjum sínum lífeyri samkvæmt lögum nr. 51 27. júní 1921, öðlast réttindi eftir lögum þessum, og miðast réttur þeirra þá við allan starfstíma þeirra, enda greiði þeir sjóðnum jafnhá iðgjöld sem þeim hefði borið að greiða samkv. lögum nr. 51 1921, ef þeir þá hefðu verið tryggingarskyldir, um allt að 10 ára tíma. Um tilhögun iðgjaldagreiðslu þessarar fer eftir nánari fyrimælum stjórnar sjóðsins.

### 19. gr.

Nú flyzt starfsmaður, er verið hefur í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, í starf, sem veitir aðgang að öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum, og má þá endurgreiða með vöxtum öll iðgjöld, sem greidd hafa verið í sjóðinn hans vegna. Það er skilyrði fyrir þessari endurgreiðslu, að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir viðkomandi mann í þeim sjóði, er hann flyzt til. Þó má aldrei endurgreiða hærri upphæð en þarf til þess að kaupa réttindi í hinum nýja sjóði, er svari til þess starfstíma, er sjóðfélaginn hafði öðlazt.

Sjóðstjórninni er heimilt að nota sömu endurgreiðslureglu þegar sjóðfélagi flyzt í annan sjóð, sem viðurkenndur er af fjármálaráðuneytinu, eða kaupir sér lífeyri hjá tryggingarfélagi eða stofnun, sem starfar eftir reglum, er fjármálaráðuneytið samþykkir, enda gildi þar sömu reglur um endurkaup og greiðslu lífeyris eins og ákveðnar eru í þessum lögum.

Á tilsvarandi hátt er sjóðstjórninni heimilt, að fengnu samþykki fjármálaráðherra, að veita viðtöku, vegna manns, er gerist sjóðfélagi í þessum sjóði, fé því, er kann að vera endurgreitt hans vegna úr sjóði, tryggingafélagi eða stofnun, sem að framan greinir, og veita honum réttindi í samræmi við það.

Einnig getur stjórnin, þegar sérstaklega stendur á, og með samþykki fjármálaráðherra, heimilað réttindakaup aftur í tímann, þó að ekki sé um að ræða yfirfærslu á réttindum annars staðar frá. Það skal meðal annars sett sem skilyrði fyrir slíkum réttindakaupum, að mælt sé með þeim af forstöðumanni þeirrar stofnunar, er starfsmaðurinn vinnur hjá, að gengið sé frá réttindakaupunum innan árs frá því starfsmaðurinn var ráðinn og að starfsmaðurinn sé eldri en 35 ára, þegar hann öðlast aðgang að sjóðnum.

20. gr.

Ríkissjóður ábyrgist greiðslu lífeyris samkvæmt lögum þessum, og greiðist hann með 1/12 árslífeyrisins fyrir fram á hverjum mánuði.

21. gr.

Nánari ákvæði um skipulag sjóðsins og starfsemi hans skal setja með reglugerð, er fjármálaráðherra staðfestir, en stjórn sjóðsins semur.

22. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja lífeyriskröfur samkvæmt lögum þessum, og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt, og eigi má halda lífeyrisfé eftir til greiðslu opinberra gjalda.

23. gr.

Þeir, sem orðnir voru sjóðfélagar fyrir gildistöku laga þessara og eiga betri lífeyrisrétt samkvæmt eldri lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, skulu halda honum.

24. gr.

Frá og með 1. janúar 1964 skulu allir sjóðfélagar öðlast full réttindi samkvæmt lögum um almannatryggingar. Allir sjóðfélagar, sem gjaldskyldir eru til almannatrygginganna, skulu frá sama tíma greiða fullt gjald til þeirra. Stjórn sjóðsins semur við Tryggingastofnun ríkisins um uppgjör fyrir liðinn tíma í samræmi við ákvæði almannatryggingalaga um það atriði.

Sjóðfélagar, sem fengið hafa lífeyri fyrir 1. janúar 1964, skulu fá greiddan lífeyri samkvæmt ákvæðum þessara laga frá gildistöku þeirra. Þeim lífeyrisþegum, er fengu greiddan lífeyri samkvæmt 18. gr. fjárlaga og höfðu að honum meðtöldum hærri lífeyri eftir gömlu reglunum en hinar nýju mundu veita þeim, skal greidd uppbót þannig, að þeir haldi sama heildarlífeyri og þeir höfðu áður. Ríkissjóður endurgreiðir Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins mismuninn á þeim lífeyri, sem þannig verður greiddur, og þeim lífeyri, er viðkomandi lífeyrisþegum bar samkvæmt eldri reglum. Þó skulu sjálfseignastofnanir, sem fengið hafa aðgang að sjóðnum, greiða þennan mismun fyrir þá lífeyrisþega, er verið hafa þeirra starfsmenn.

25. gr.

Nú verður almenn hækkun á áður úrskurðuðum elli-, örorku- og makalífeyri, vegna almennrar hækkunar á launum opinberra starfsmanna, sbr. 12., 13. og 14. gr., og endurgreiðir þá ríkissjóður Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins þá hækkun, er þannig verður á lífeyrisgreiðslum.

26. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1964. Jafnframt eru þá úr gildi numin lög nr. 64/1955, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og lög nr. 11 frá 20. marz 1959, um breytingu á þeim lögum, 3. gr. laga nr. 111/1954 og 1. mgr. 53. gr. laga nr. 33/1958, báðar að því er varðar lífeyri úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, svo og önnur ákvæði, sem fara kunna í bága við ákvæði laga þessara.

*Gjört í Reykjavík, 29. apríl 1963.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Gunnar Thoroddsen.*

# LYFSÖLULÖG

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## I. KAFLI
### Almenn ákvæði.

1. gr.

Lyf eru samkvæmt lögum þessum hvers konar efni eða efnasambönd, lífræn eða ólífræn, sem ætluð eru til lækninga, fróunar eða varnar gegn sjúkdómum eða sjúkdómseinkennum í mönnum eða dýrum, svo og efni eða efnasambönd, sem notuð eru til sjúkdómsgreininga (diagnostica).

Ákvæði laga þessara taka einnig til umbúða og áhalda, sem innihalda lyf.

Efni teljast þó ekki lyf, ef þau eru notuð til að koma í veg fyrir útbreiðslu sjúkdóma, svo sem til sótthreinsunar á verkfærum, áhöldum, sængurfatnaði, húsgögnum, herbergjum, baðvatni, andrúmslofti í húsum og þ. u. l. og til sýklaeyðingar í uppgangi, þvagi, saur og hvers konar útferð frá sjúklingum. Sama gildir um efni, sem notuð eru til annarra hreinlætisráðstafana.

Landlæknir hefur umsjá með rekstri lyfjaverzlana og öðrum lyfsölumálum, svo og þar til heyrandi störfum lyfsala, lyfjafræðinga og aðstoðarlyfjafræðinga, undir yfirstjórn ráðherra þess, er fer með heilbrigðismál.

**2. gr.**

Setja skal lyfjaskrá (pharmacopoea) með tilskipun, er forseti Íslands staðfestir. Í lyfjaskrá skal greina einkenni lyfja og segja fyrir um hreinleika þeirra, gerð, meðferð og geymslu. Ráðherra löggildir lyfseðlasöfn (dispensatoria), lyfjaforskriftir og sérlyfjaskrá með auglýsingu.

Lyfjaskrárnefnd, skipuð sex mönnum til sex ára í senn, gerir tillögur um lyfjaskrá, lyfseðlasöfn, svo og lyfjaforskriftir. Skal einn nefndarmanna vera prófessor í lyfjafræði (pharmakologi), annar dósent (prófessor) í lyfjafræði lyfsala (pharmaci), hinn þriðji prófessor í lyflæknisfræði við háskólann, en hina þrjá skipar ráðherra samkvæmt tillögu landlæknis, einn úr hópi lyfsala, annan úr hópi starfandi lyfjafræðinga og hinn þriðja úr hópi starfandi lækna. Ráðherra skipar formann nefndarinnar. Ráðherra skipar varamenn til jafnlangs tíma eftir tillögu landlæknis. Kostnaður við störf lyfjaskrárnefndar greiðist úr ríkissjóði, þar á meðal þóknun til nefndarmanna, er sé ákveðin árlega. Nánari ákvæði um starfssvið og starfshætti lyfjaskrárnefndar skal setja í reglugerð.

**3. gr.**

Ráðherra getur, að fengnum tillögum landlæknis, bannað sölu lyfja:

a. ef ranglega eða á villandi hátt er greint frá samsetningu þeirra,
b. ef líklegt þykir, að þau hafi ekki þær verkanir, sem framleiðendur telja þau hafa, eða skaðlegar aukaverkanir,
c. ef ekki er hægt að ganga úr skugga um nothæfni þeirra,
d. ef verð þeirra er óhæfilega hátt.

**4. gr.**

Bannaðar eru hvers konar auglýsingar lyfja, lyfjavöru, læknis- og lækningaáhalda nema sérstaklega fyrir læknum (tannlæknum, dýralæknum) og lyfjafræð-

ingum og þá á þann hátt, að ekki sé líklegt, að auglýsingin komi almenningi fyrir sjónir.

5. gr.

Nú eru í umburðarbréfi, á prentuðu máli, í lyfjaauglýsingum eða á annan hátt gefnar rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um nothæfni, aukaverkanir eða þær varúðarráðstafanir, sem gæta skal við notkun lyfja, og getur ráðherra þá fyrirskipað framleiðanda eða auglýsanda að senda út leiðréttingar eða viðbótarskýringar. Nú sinnir framleiðandi eða auglýsandi ekki boði ráðherra innan frests, er ráðherra setur, og varðar það þá sektum samkvæmt 68. gr. Umburðarbréf og prentað mál skal dagsetja.

## II. KAFLI

## Um stofnun lyfjabúða og lyfsöluleyfi.

6. gr.

Forseti Íslands veitir heimild til stofnunar lyfjabúðar (apóteks), og eigi má leggja hana niður án samþykkis hans.

Lyfjabúð má stofnsetja, þar sem þess gerist þörf að dómi ráðherra, enda hafi hlutaðeigandi sveitarstjórn æskt þess.

Lyfjabúð má að jafnaði ekki stofnsetja annars staðar en þar, sem líkur eru til, að hún geti borið sig með eðlilegum rekstri.

Ráðherra ákveður lyfjabúð stað og veitir leyfi til flutnings hennar, að fenginni umsögn Apótekarafélags Íslands og Lyfjafræðingafélags Íslands.

7. gr.

Leyfi til að reka lyfjabúð (lyfsöluleyfi) verður aðeins veitt einstaklingum. Forseti Íslands veitir slíkt leyfi. Leyfishafa er skylt að hlíta ákvæðum laga og stjórnvaldsreglna, svo sem þau eru á hverjum tíma, um réttarstöðu hans og starfshætti, þ. á m. um búnað, fyrirkomulag og rekstur lyfjabúða.

Nú skal veita lyfsöluleyfi, og auglýsir ráðherra þá eftir umsóknum með þeim hætti, er segir í 5. gr. 1. málsgr. laga nr. 38/1954. Umsóknir skal senda landlækni.

Umsóknir skal leggja fyrir tveggja manna nefnd. Annar nefndarmanna skal kjörinn af Apótekarafélagi Íslands, en hinn af Lyfjafræðingafélagi Íslands. Varamenn eru kjörnir á sama hátt. Sæki nefndarmaður um lyfsöluleyfi, tekur varamaður sæti hans í nefndinni. Kjörtími nefndarmanna er 6 ár. Nefndin lætur landlækni í té rökstudda umsögn um þá umsækjendur, sem að hennar áliti eru hæfastir, og skipar þeim í töluröð, en þó aðeins þremur hinum hæfustu, ef umsækjendur eru þrír eða fleiri. Telji nefndin einhvern umsækjanda óhæfan, skal hún geta þess. Landlæknir sendir því næst ráðherra rökstutt álit um það, hverja af umsækjendum hann telur hæfasta í töluröð, og skal umsögn nefndarinnar fylgja áliti hans. Nefndin er ólaunuð.

Ákvæði 2. og 3. málsgr. gilda ekki um hlutbundið lyfsöluleyfi (Reykjavíkurapótek).

8. gr.

Lyfjabúð skal velja heiti, sem ráðherra samþykkir, og auðkenna á áberandi hátt. Lyfsölum einum er heimilt að nefna lyfjaverzlanir sínar og þær einar lyfjabúðir eða apótek. Læknar (dýralæknar), sem hafa rétt eða leyfi til lyfjaverzlunar, skulu auðkenna lyfjasölur sínar með embættis- eða starfsheiti.

9. gr.

Skilyrði til að öðlast lyfsöluleyfi eru þessi:
1. Íslenzkur ríkisborgararéttur.
2. Lögræði og fjárforræði.
3. Andleg og líkamleg heilbrigði.
4. Umsækjandi skal hafa lokið lyfjafræðiprófi, sem metið er gilt hér á landi.
5. Umsækjandi skal hafa unnið 12 mánuði sem lyfjafræðingur í lyfjabúð eða við lyfjagerð hér á landi. Víkja má frá þessu skilyrði, þegar sérstakar ástæður mæla með því.
6. Heimilt er að synja manni um lyfsöluleyfi, ef ákvæði 2. málsgr. 68. gr. almennra hegningarlaga eiga við um hagi hans.

Samvinnufélög þau, er öðlazt hafa leyfi til að reka lyfjabúð fyrir gildistöku laga þessara, halda leyfi sínu í 25 ár frá gildistöku þeirra. Framlengja má leyfi til 25 ára í senn, enda mæli landlæknir með umsókn. Forstöðumaður slíkra lyfjabúða skal fullnægja ákvæðum 1. málsgr., og ber að auglýsa stöðu hans samkv. ákvæðum 7. gr., og skal ráðherra samþykkja ráðningu hans að fenginni umsögn samkv. 3. málsgr. 7. gr.

Áður en leyfisbréf er afhent, ber lyfsala að undirrita heit um, að hann muni rækja störf sín af kostgæfni og samvizkusemi og í samræmi við landslög. Gildir þetta einnig um forstöðumann lyfjabúðar, sem rekin er af samvinnufélagi, forstöðumann lyfjaútibús, sbr. 43. gr., og lyfjagerðar, sbr. 13. gr. Ráðherra ákveður form ofangreindrar yfirlýsingar.

10. gr.

Lyfsöluleyfi má ekki veita starfandi lækni, dýralækni eða tannlækni.

Starfandi læknir (tannlæknir, dýralæknir) má ekki, án leyfis ráðherra, vera eigandi eða starfsmaður fyrirtækis, sem framleiðir eða verzlar með lyf. Gefi ráðherra slíkt leyfi, skal það auglýst í Lögbirtingablaði.

11. gr.

Lyfsöluleyfi fellur niður, ef leyfishafi:
1. tekur ekki við rekstri lyfjabúðar, innan þess frests, sem tiltekinn er í 31. gr.,
2. deyr eða fullnægir ekki lengur skilyrðum 9. gr.,
3. hættir að veita forstöðu lyfjabúð án þess að hafa gert ráðstafanir um rekstur hennar samkvæmt 35. gr. eða getur ekki tekið við stjórn hennar á ný,
4. fær lyfsöluleyfi fyrir annarri lyfjabúð,
5. er sviptur leyfinu samkvæmt ákvæðum þessara eða annarra laga.

Lyfsöluleyfi fellur niður í lok þess árs, sem leyfishafi verður sjötugur, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða, 1. tölulið. Ákvæði þetta gildir þó ekki um hlutbundið lyfsöluleyfi.

Ef leyfishafi óskar, getur ráðherra hvenær sem er fellt úr gildi lyfsöluleyfi hans.

12. gr.

Nú tekur lyfsali við rekstri annarrar lyfjabúðar eða fær lausn frá starfi, og er honum þá rétt og skylt að reka lyfjabúðina, þar til hinn nýi leyfishafi tekur við, sbr. 31. gr., eða lyfjabúðin er lögð niður, þó ekki lengur en 2 ár.

Nú deyr lyfsali, og fer þá um réttindi og skyldur dánarbús til rekstrar lyfjabúðar sem hér segir:
1. Ef erfingjar taka að sér ábyrgð á skuldum, er búinu rétt og skylt að annast rekstur lyfjabúðarinnar í sex mánuði eftir lát lyfsala undir stjórn forstöðumanns, enda samþykki landlæknir ráðningu hans. Frest þennan má ráðherra lengja um allt að sex mánuði, ef sérstaklega stendur á.

2. Ef erfingjar taka ekki að sér ábyrgð á skuldum dánarbúsins, eða sé það tekið til gjaldþrotaskipta, ákveður ráðherra, hvernig haga skuli rekstri lyfjabúðarinnar. Sama máli gegnir, ef ekki hefur verið veitt leyfi til rekstrar lyfjabúðar innan þess frests, sem um getur í 1. tölulið.

Þegar lyfsöluleyfi fellur niður vegna annarra orsaka, ákveður ráðherra, hvernig haga skuli rekstri lyfjabúðarinnar, og má þá um stundarsakir, að fengnum tillögum landlæknis, reka hana á kostnað ríkissjóðs.

### 13. gr.

Sjúkrahús, heilsuhæli og geðveikrahæli, sem rekin eru af opinberum aðilum, mega að fengnu leyfi ráðherra hafa með höndum lyfjagerð og afgreiðslu lyfja handa sjúklingum sínum og starfsmönnum og öðrum hliðstæðum sjúkrastofnunum. Forstöðumaður slíkrar lyfjagerðar skal fullnægja skilyrðum 9. greinar.

Staða forstöðumanns slíkrar lyfjagerðar skal auglýst, og samþykki ráðherra ráðningu hans, að fenginni umsögn samkvæmt 3. málsgr. 7. gr.

Á öðrum sjúkrahúsum og hælum má einungis á ábyrgð yfirlæknis vega lyf og deila í sundur, þó ekki mjög áhrifamikil eða aðgæzluverð lyf, og skal það nánar skilgreint í reglugerð.

## III. KAFLI

## Starfsmenn lyfjabúða.

### 14. gr.

Rétt til að kalla sig lyfjafræðing (pharmaceut) og starfa sem slíkur hér á landi hefur sá einn, sem til þess hefur fengið leyfi ráðherra, enda mæli landlæknir með leyfisveitingunni að fenginni umsögn lyfjaskrárnefndar.

Til þess að öðlast slíkt leyfi þarf umsækjandi að hafa lokið lyfjafræðiprófi, sem metið er gilt hér á landi, og auk þess skal hann fullnægja skilyrðum 2. og 3. töluliðs 1. málsgreinar 9. gr., enda sé gætt ákvæða 6. töluliðs sömu málsgreinar.

### 15. gr.

Sá, sem lokið hefur prófi í lyfjafræði lyfsala við Háskóla Íslands eða jafngildu prófi erlendis eða lauk fyrri hluta prófi við Lyfjafræðingaskóla Íslands, á rétt á að nefna sig aðstoðarlyfjafræðing (examinatus pharmaciae) og starfa sem slíkur, enda komi leyfi ráðherra til með þeim hætti, er segir í 1. málsgr. 14. gr.

Til þess að öðlast slíkt leyfi þarf umsækjandi enn fremur að fullnægja skilyrðum 2. og 3. töluliðs 1. málsgr. 9. gr., enda sé gætt ákvæðis 6. töluliðs 1. málsgr. sömu greinar.

Um starfsréttindi aðstoðarlyfjafræðinga skulu sett ákvæði í reglugerð, sbr. 69. gr.

Fyrst um sinn, meðan skortur er á lyfjafræðingum, getur ráðherra, að fenginni umsögn landlæknis, veitt aðstoðarlyfjafræðingi leyfi til að veita lyfjabúð forstöðu um takmarkaðan tíma.

### 16. gr.

Setja skal í reglugerð ákvæði um nám, próf og starfsréttindi aðstoðarmanna við lyfjagerð og lyfjaafgreiðslu annarra en aðstoðarlyfjafræðinga.

## IV. KAFLI
### Vinnudeilur og kjarasamningar.

**17. gr.**

Skipa skal þriggja manna nefnd, sem fjallar um kjaradeilu milli félags lyfsala annars vegar og félags lyfjafræðinga og aðstoðarlyfjafræðinga hins vegar og sker úr um ágreiningsatriði gildandi samninga milli þessara aðila.

Samningsaðilar skipa sameiginlega formann og síðan hina tvo nefndarmennina. Nú geta þeir ekki komið sér saman um skipun formanns eða annarra nefndarmanna, og skal þá ráðherra fullskipa nefndina. Varamenn skal skipa á sama hátt og aðalmenn og samtímis. Nefndin er skipuð til þriggja ára í senn. Aðilar greiða kostnað við störf nefndarinnar.

**18. gr.**

Nefnd sú, er um ræðir í 17. gr., lætur mál til sín taka, er félög lyfsala, lyfjafræðinga, aðstoðarlyfjafræðinga eða ráðherra óska.

Þegar nefndin telur það henta, getur hún lagt fram miðlunartillögu, sem ekki má birta opinberlega án samþykkis nefndarinnar, fyrr en báðir samningsaðilar hafa tjáð sig um hana. Áður en nefndin leggur fram miðlunartillögu, skal hún ráðgast við fulltrúa beggja samningsaðila um form hennar og tilhögun.

Nefndin ákveður í samráði við samningsaðila, hve langan frest skuli veita til þess að svara, hvort þeir samþykki miðlunartillögu eða hafni henni.

Miðlunartillaga skal borin undir atkvæði óbreytt, eins og nefndin gekk frá henni, og henni svarað játandi eða neitandi. Atkvæðagreiðsla um miðlunartillögu skal ávallt vera leynileg og skrifleg. Þegar úrslit atkvæðagreiðslu eru kunn, skal tafarlaust senda nefndinni skriflega tilkynningu um, hversu mörg atkvæði hafa verið greidd með og móti, svo og fjölda atkvæðisbærra félaga. Félögin skulu, eftir því sem unnt er, gæta þess, að öllum atkvæðisbærum félögum gefist kostur á að kynna sér miðlunartillöguna í heild, áður en atkvæðagreiðsla fer fram.

Eftirfarandi reglur gilda um úrslit atkvæðagreiðslunnar:

Miðlunartillaga telst felld, ef meira en 50% greiddra atkvæða eru á móti henni og a. m. k. 75% atkvæðisbærra félaga hafa tekið þátt í atkvæðagreiðslunni. Fyrir hvern hundraðshluta, sem þátttaka í atkvæðagreiðslu er undir 75%, hækkar um einn sú hundraðstala greiddra atkvæða, sem þarf til þess að fella tillöguna.

Miðlunartillaga telst samþykkt, ef minna en 25% atkvæðisbærra félaga greiða atkvæði um hana.

Auðir og aðrir ógildir seðlar teljast ekki með í útreikningi.

Ekkert má birta opinberlega um úrslit atkvæðagreiðslu, fyrr en nefndin hefur greint frá heildarniðurstöðu.

Ekki má boða vinnustöðvun, fyrr en mál það, sem um er að ræða, hefur verið til meðferðar í nefndinni, og því hefur annað hvort verið lýst yfir, að nefndin muni ekki leggja fram miðlunartillögu eða miðlunartillaga hefur verið felld. Skal nefndin hafa 15 daga frest til að leggja fram miðlunartillögu.

Málsaðilar skulu leggja kröfur sínar fram skriflega, en þær skulu reifaðar munnlega. Nefndin getur kvatt aðila á sinn fund, og ber þeim þá skylda til að mæta og láta í té þær upplýsingar, sem nefndin telur nauðsynlegar.

Úrskurðir nefndarinnar um ágreiningsatriði gildandi samninga, sbr. 17. gr. 1. málsgr., eru fullnaðarúrskurðir, og þeim skal fullnægja eftir sömu reglum og um dóma samkvæmt réttarfarslögum. Aðfararfrestur er 15 dagar, ef ekki er annað ákveðið í úrskurðinum.

**19. gr.**

Nú stendur yfir deila milli lyfsala og lyfjafræðinga eða aðstoðarlyfjafræðinga, og getur ráðherra þá, ef hann telur það nauðsynlegt vegna lyfjaþarfar al-

mennings eða hins opinbera, leyst lyfsala um stundarsakir undan skyldunni til að hafa þá aðstoð, sem um ræðir í 36. gr. Þegar mjög brýna nauðsyn ber til, getur hann einnig veitt lyfsölum undanþágu frá öðrum ákvæðum þessara laga, svo að komizt verði hjá meiri háttar truflunum á dreifingu lyfja til almennings.

## V. KAFLI

## Missir starfsréttinda.

### 20. gr.

Nú telur landlæknir rekstri lyfjabúðar ábótavant vegna vanrækslu af hendi lyfsala eða annarra starfsmanna lyfjabúðarinnar, og skal hann þá áminna lyfsala um að bæta úr því, sem ábótavant þykir.

Nú telur landlæknir, að lyfsali, lyfjafræðingur eða aðstoðarlyfjafræðingur ræki illa störf sín fyrir ódugnað og hirðuleysi eða vegna andlegs eða líkamlegs sjúkleika, misnotkunar áfengis, morfíns, kókaíns, svefnlyfja, annarra eiturlyfja eða annars, sem hætta er á, að geti leitt til slíks misferlis í starfi, að almenningi geti stafað hætta af. Skal hann þá leggja til við ráðherra, að lyfsali verði sviptur lyfsöluleyfi og lyfsali (forstöðumaður), lyfjafræðingur eða aðstoðarlyfjafræðingur starfsréttindum sínum og eftir atvikum, að lagt verði bann við því, að aðili starfi í lyfjabúð eða að lyfjagerð.

Aðilja skal gefinn kostur á að tjá sig skriflega eða munnlega um málið, áður en ráðherra ræður því til lykta.

Ráðherra er heimilt að svo vöxnu að svipta aðilja þá, er greinir í 2. málsgr., réttindum til bráðabirgða, ef almenningi stafar bráð hætta af starfsemi þeirra. Ef svipting á að standa til frambúðar, ber ráðherra að hlutast til um, að dómsmál sé höfðað gegn aðilja til réttindasviptingar samkvæmt lögum um meðferð einkamála í héraði, sbr. þó 21. gr. Hinu sama gegnir, ef ekki þykir rétt að beita réttindasviptingu til bráðabirgða af hálfu ráðherra. Nú verða lok framangreinds dómsmáls þau, að aðili skuli sviptur réttindum, og má þá kveða svo á í dómi, að áfrýjun fresti ekki framkvæmd þess dómsákvæðis.

Ráðherra má veita lyfsala, lyfjafræðingi eða aðstoðarlyfjafræðingi aftur þau réttindi, sem hann hefur verið sviptur samkvæmt þessari grein, enda séu ástæður þær, er lágu til réttindasviptingar, ekki lengur fyrir hendi. Synjun ráðherra um endurveiting á réttindum má ekki bera undir dómstóla, fyrr en ár er liðið frá réttindasviptingu eða dómsuppkvaðningu um réttindamissi.

### 21. gr.

Nú fremur lyfsali, annar forstöðumaður lyfjabúðar, lyfjafræðingur eða aðstoðarlyfjafræðingur refsiverðan verknað, og má þá með dómi í opinberu máli á hendur þeim svipta þá samkv. 68. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 31/1961, heimild til að stunda starfsemi eða rækja starfa. Sérákvæði laga um réttindasviptingu þeirra halda gildi sínu. Ákæruvaldi ber að gefa ráðherra þeim, er fer með heilbrigðismál, kost á að tjá sig um sakarefni, áður en mál er höfðað.

Nú er maður sviptur réttindum samkv. 1. málsgr., og ber saksóknara ríkisins þá að tilkynna það landlækni.

## VI. KAFLI

## Um lyfseðla og afgreiðslu lyfja.

### 22. gr.

Lyfseðill (recept) er lyfjaávísun gefin út af lækni, tannlækni eða dýralækni, er lækningaleyfi hefur hér á landi, og undirrituð af honum með eigin hendi. Í bráðri

nauðsyn eða vegna verulegrar fjarlægðar frá lyfjabúð er lyfjaávísun í síma heimil, en staðfesta skal hana með samhljóða lyfseðli, svo fljótt sem auðið er. Nánari ákvæði um lyfjaávísanir skulu sett í reglugerð.

Lyfseðil skal stíla á nafn sjúklings eða eiganda dýrs og miða magn ávísaðs lyfs við þarfir sjúklings eða hins sjúka dýrs. Heimilt er þó að ávísa með lyfseðli nauðsynlegu magni tíðkanlegra heimilislyfja, án þess að um veikindi sé að ræða, og skal þá stíla lyfseðil á nafn húsbónda eða húsmóður.

23. gr.

Ráðherra mælir í reglugerð fyrir um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja og hvaða lyf megi einungis láta úti gegn lyfseðli frá læknum, tannlæknum eða dýralæknum og hve oft gegn sama lyfseðli og annað þess háttar. Enn fremur hvaða lyf megi afhenda gegn skriflegri pöntun frá öðrum, sem rétt hafa til að afla sér lyfja á þann hátt.

Ef um gagnkvæm réttindi er að ræða, getur ráðherra leyft, að afgreiða megi lyf eftir lyfseðlum frá læknum, tannlæknum eða dýralæknum, sem hafa lækningaleyfi í öðru landi.

24. gr.

Læknar þeir, sem eiga rétt á að ávísa lyfjum samkvæmt 22. gr., mega ávísa sjálfum sér nauðsynlegu magni lyfja til læknisstarfa sinna. Á sama hátt er læknum sjúkrahúsa, heilsuverndar- og lækningastöðva og annarra slíkra stofnana heimilt að ávísa stofnunum sínum hæfilegu magni nauðsynlegra lyfja.

25. gr.

Lyfjabúðir skulu í hvívetna hlíta fyrirmælum löggiltrar lyfjaskrár. Þær skulu hafa nægar birgðir allra þeirra efna, sem löggilt lyfjaskrá, lyfseðlasöfn og lyfjaforskriftir greina, og auk þess jafnan hæfilegar birgðir annarra lyfja og lyfjaefna, hjúkrunarvarnings og sjúkragagna, sem almennum verzlunum er ekki heimilt að selja. Enn fremur skulu lyfjabúðir útvega eins fljótt og auðið er önnur lyf, sem er ávísað með lyfseðli.

Landlæknir ákveður, hverjar lyfjategundir útibúum lyfjabúða og læknum, sem hafa rétt eða leyfi til lyfjasölu, er jafnan skylt að hafa, og skal þess getið í hverri lyfjaverðskrá.

26. gr.

Ráðherra mælir í reglugerð fyrir um tilhögun lyfjagerðar og lyfjaafgreiðslu í lyfjabúðum og lyfjasölum, þar á meðal um geymslu og aðra meðferð lyfja og lyfjaefna, svo og um umbúðir lyfja og áritun. Í reglugerð skal enn fremur setja ákvæði til tryggingar gegn því, að í lyfjabúðum eigi sér stað viðskipti, er talizt geti einstaklingum eða almenningi hættuleg eða lyfjabúðum ósæmileg sem heilbrigðisstofnunum. Lyfsölum er ekki heimilt að afgreiða lyf gegn vafasömum lyfseðlum eða til tortryggilegs fólks.

27. gr.

Lyfsali er skyldur að afgreiða gegn staðgreiðslu þau lyf, sem tilgreind eru í 25. gr., þó einungis gegn lyfseðli þau lyf, sem aðeins má láta úti á þann hátt samkvæmt ákvæðum 23. gr. Ef læknir lætur þess getið á lyfseðli, að lyf eða sjúkragögn þurfi að afgreiða án tafar, og auk þess, hvern hann telji bera ábyrgð á greiðslunni, skal lyfsali afgreiða hið umbeðna svo fljótt sem auðið er, þótt greiðsla eða trygging sé ekki fyrir hendi, enda er honum þá heimilt að halda eftir lyfseðlinum.

## VII. KAFLI
### Verðlagning lyfja.

#### 28. gr.

Verð á lyfjum til neytenda skal ákveðið í lyfjaverðskrá, sem ráðherra gefur út og staðfestir.

Fimm manna lyfjaverðlagsnefnd sér um samningu lyfjaverðskrár og breytingar á henni. Ráðherra skipar nefndina til sex ára í senn samkvæmt tilnefningu eftir því sem segir í næstu málsgrein. Skal nefndin leitast við að finna grundvöll til eðlilegs lyfjaverðs.

Hagstofa Íslands tilnefnir einn mann í nefndina, og sé hann hagfræðingur eða viðskiptafræðingur, landlæknir annan, og sé hann sérfróður um lyfsölumál, Tryggingastofnun ríkisins þriðja, og sé hann hagfræðingur, tryggingafræðingur eða lögfræðingur, félag lyfsala fjórða, og sé hann starfandi lyfsali, félag lyfjafræðinga fimmta, og sé hann starfsmaður í íslenzkri lyfjabúð. Varamenn eru skipaðir á sama hátt og aðalmenn og samtímis. Yfirdýralæknir tekur sæti fulltrúa Tryggingastofnunar ríkisins í nefndinni, þegar ákvarðanir eru teknar varðandi lyf, sem sérstaklega eru ætluð dýrum. Ráðherra setur nefndinni starfsreglur og skipar formann hennar. Nefndinni er heimilt að ráða sér starfsmann og sé hann lyfjafræðingur. Þóknun til nefndarmanna, sem ákveðin sé árlega, svo og annar kostnaður við störf nefndarinnar, greiðist úr ríkissjóði.

Eftirtalin atriði skulu vera grundvöllur verðlagsins:

1. Innkaupsverð á lyfjum og lyfjaefnum.
2. Laun og kjör starfsfólks í lyfjabúðum, enda séu þau í samræmi við laun og kjör launþega með sambærilega menntun og við sambærileg störf.
3. Eðlilegur meðalrekstrarkostnaður lyfjabúða samkvæmt rekstrarreikningum þeirra og öðrum nauðsynlegum gögnum.

Verði ágreiningur innan nefndarinnar, skal greinargerð varðandi hann lögð fyrir landlækni og ráðherra til fullnaðarúrskurðar.

Lyfjaverðskrá skal gefin út svo oft, sem þurfa þykir að dómi nefndarinnar. Auk þess skulu leiðréttingar á sama hátt gefnar út, þegar nauðsyn krefur.

Framleiðendum og innflytjendum lyfja og lyfjaefna er í þessu sambandi skylt að veita allar upplýsingar varðandi lyfjaverð, sem óskað kann að verða eftir.

#### 29. gr.

Um smásölu lyfja skal fylgja fyrirmælum lyfjaverðskrár. Lyf, sem afgreitt er samkvæmt lyfseðli, má hvorki selja við hærra né lægra verði en lyfjaverðskrá tilgreinir. Ef lyf er eigi greint í lyfjaverðskrá, skal það verðlagt samkvæmt almennum fyrirmælum lyfjaverðskrár og leitað staðfestingar ráðherra.

Í smásölu skal þó veita sjúkrahúsum, heilsuhælum og læknum (dýralæknum, tannlæknum) afslátt samkvæmt fyrirmælum lyfjaverðskrár, sbr. 42. gr. 4. málsgr.

Þótt lyf sé gert með sérstökum hætti, má ekki krefjast hærra verðs fyrir það en meginreglur lyfjaverðskrár ákveða.

Lyfjaheildverzlunum er óheimilt að selja lyf til starfandi lækna (dýralækna), sem ekki hafa leyfi til lyfjasölu, svo og til tannlækna. Opinberar tilraunastofnanir mega þó selja þeim eigin framleiðslu. Einnig er Lyfjaverzlun ríkisins heimilt að selja þeim efni til ónæmisaðgerða.

Ákveða skal í lyfjaverðskrá aukagjald fyrir næturafgreiðslu í lyfjabúð, og renni gjaldið í Lífeyrissjóð apótekara og lyfjafræðinga. Aukagjald má þó ekki taka fyrir afgreiðslu lyfs eftir nýjum lyfseðli.

## VIII. KAFLI

### Um lyfjabúðir, rekstur þeirra og smásölu lyfja.

**30. gr.**

Ráðherra mælir með reglugerð fyrir um búnað, fyrirkomulag og rekstur lyfjabúða og annarra lyfjaverzlana, þar á meðal um þær bækur, sem lyfsölum er skylt að halda.

**31. gr.**

Aðili, er fengið hefur lyfsöluleyfi, skal hefja reksturinn innan árs frá leyfisveitingu.

Ráðherra getur eftir atvikum lengt þennan frest, þó ekki lengur en eitt ár, nema óviðráðanlegar ástæður séu fyrir hendi.

Nú er það ráðið, að lyfsali láti af rekstri lyfjabúðar í því skyni að taka við rekstri annarrar lyfjabúðar, og getur sá, er tekur við af honum, ekki krafizt þess að hefja reksturinn, fyrr en hinn fyrrnefndi hefur hafið rekstur lyfjabúðar þeirrar, er hann tekur við, enda hefjist sú starfræksla innan þeirra fresta, sem greindir eru í 1. og 2. málsgr.

**32. gr.**

Ef lyfsali, sem lætur af rekstri lyfjabúðar, eða bú hans krefst þess, skal lyfsala þeim, er við tekur, skylt að kaupa vörubirgðir og áhöld lyfjabúðarinnar, að svo miklu leyti, sem þau eru nothæf og við hæfi rekstrarins.

Ráðherra getur, ef fráfarandi lyfsali eða bú hans krefst þess, skyldað lyfsala þann, er við lyfjabúð tekur, til þess að kaupa húseign þá, er lyfjabúðin er í, enda sé hún eingöngu ætluð til rekstrar lyfjabúðarinnar og íbúðar lyfsalans og viðunandi hæf til hvors tveggja. Þessarar kvaðar skal sérstaklega getið í auglýsingu um lyfsöluleyfi.

Vilji fráfarandi lyfsali eða bú hans ekki selja húsnæði lyfjabúðarinnar, skal honum skylt að leigja það þeim, er við tekur, í allt að eitt ár. Ágreiningi um leigufjárhæð og leiguskilmála skal lokið með þeim hætti, er segir í 5. málsgrein.

Ef fráfarandi lyfsali hefur haft húsnæði lyfjabúðarinnar á leigu, gengur lyfsalinn, sem við tekur, inn í leigusamninginn allt að einu ári.

Ef ekki næst samkomulag milli lyfsala þess, sem við tekur, og hins fráfaranda eða bús hans um þau atriði, sem um ræðir í þessari grein, skal ágreiningurinn úrskurðaður af gerðardómi, og er úrskurður hans fullnaðarúrskurður.

Ráðherra skipar þrjá menn í gerðardóm til fjögurra ára í senn og þrjá til vara. Skulu formaður og varaformaður fullnægja dómaraskilyrðum. Auk þess tilnefna málsaðilar sinn manninn hvor til setu í gerðardómi í hverju einstöku máli.

Gerðardómurinn ákveður, hvernig kostnaði af hverju máli skuli skipt milli málsaðila.

**33. gr.**

Leyfishafi samkvæmt ákvæðum fyrstu málsgreinar 9. greinar skal sjálfur annast forstöðu lyfjabúðar sinnar og bera ábyrgð á rekstri hennar, svo og útibúum, sbr. 43. gr.

Leyfishafi samkvæmt ákvæðum annarrar málsgreinar 9. greinar (samvinnufélög) ber ábyrgð á rekstri lyfjabúðar. Hann skal fela lyfjabúð sína í umsjá forstöðumanns, sem einnig ber ábyrgð á rekstri lyfjabúðarinnar.

Þegar ræðir um lyfsala í lögum þessum, er átt við leyfishafa samkv. 1. málsgr. 9. gr., svo og leyfishafa og forstöðumann lyfjabúðar samkv. 2. málsgr. sömu greinar, eftir því sem við á.

Lyfsala ber að sjá lyfjabúð sinni fyrir nægu og hæfu starfsliði.

Lyfsala ber að skipuleggja störf í lyfjabúð sinni á þann hátt, að sem tryggilegast sé girt fyrir misferli. Sérstaklega er lyfsala skylt að gæta þess um lyfjagerð, lyfjaafgreiðslu og hvers konar meðferð lyfja, að störfum og skráningu starfa sé þannig hagað, að jafnan sé auðrakið, hver starfsmaður eigi hlut að máli, ef misferli kynni að eiga sér stað.

Nú verða mistök um gerð eða afhending lyfs í lyfjabúð, og stafar mönnum eða skepnum heilsutjón af, en ekki sannast, hver persónulega er að misferlinu valdur eða ber ábyrgð á því, og skal þá refsing mæld lyfsala eða forstöðumanni lyfjabúðar, ef misferlið má rekja til skorts á hæfu starfsliði, ónógs eftirlits, ófullkominnar vinnutilhögunar eða annarra skipulagsgalla á rekstri lyfjabúðarinnar, enda verði lyfsali (forstöðumaður) talinn eiga sök á því, sem aflaga fer í þessum efnum.

34. gr.

Um vistun lyfjafræðistúdenta til verklegs náms og skyldu lyfsala til að veita þeim viðtöku skal mælt í reglugerð, að fengnum tillögum læknadeildar Háskóla Íslands.

35. gr.

Nú getur lyfsali ekki annazt rekstur lyfjabúðar sinnar sökum sjúkdóms, fjarvistar eða annarra orsaka, sbr. 20. gr., og má ætla, að svo verði lengur en tvær vikur, þó eigi lengur en tvo mánuði, og má þá í samráði við landlækni fela lyfjafræðingi eða aðstoðarlyfjafræðingi, sbr. 15. gr., að annast rekstur lyfjabúðarinnar á ábyrgð lyfsala.

Líði tveir mánuðir svo, að lyfsali geti ekki annazt rekstur lyfjabúðar sinnar, eða verði í upphafi að álíta, að svo muni fara, skal forstöðumaður annast reksturinn á eigin ábyrgð. Leita skal samþykkis landlæknis um ráðningu forstöðumanns. Forstöðumanni má ekki fela rekstur lyfjabúðar lengur en eitt ár. Þó getur ráðherra framlengt þann tíma um eitt ár í senn, ef lyfsali er sjúkur og ætla má, að hann verði innan þess tíma fær um að taka við rekstri lyfjabúðarinnar. Forstöðumaður skal fullnægja skilyrðum 9. gr.

36. gr.

Í lyfjabúð skal starfa til aðstoðar lyfsala a. m. k. einn lyfjafræðingur. Ef í lyfjabúð starfar aðeins einn aðstoðarmaður, auk lyfsala, getur ráðherra þó leyft, að það sé aðstoðarlyfjafræðingur. Ráðherra getur og leyst lyfsala, sem rekur litla lyfjabúð, undan skyldu til að hafa aðstoðarlyfjafræðing, ef landlæknir mælir með því.

37. gr.

Eigi má ráða starfsmann í lyfjabúð, nema hann leggi fram heilbrigðisvottorð frá lækni, sem hefur eftirlit með berklavörnum. Starfsfólk lyfjabúðar skal og árlega rannsakað af þeim lækni, sem hefur eftirlit með berklavörnum í viðkomandi læknishéraði, sbr. 8. gr. berklavarnalaga nr. 66 frá 1939.

38. gr.

Lyfjabúðir skulu vera opnar til almennrar afgreiðslu eigi skemur en almennar sölubúðir. Á öðrum tímum sólarhrings skal þó vera aðgangur að lyfjabúð eða á annan hátt fyrir því séð, að almenningur geti jafnan náð til nauðsynlegustu lyfja og hjúkrunargagna. Skal kveða nánara á um það í reglugerð. Ef fleiri lyfjabúðir en ein eru í sama kaupstað, má landlæknir leyfa, að ein eða fleiri lyfjabúðanna séu lokaðar á ákveðnum tímum. Enn fremur má landlæknir leyfa, að lyfjabúð sé lokuð ákveðinn tíma dags, ef í henni starfar enginn aðstoðarlyfjafræðingur, sbr. 36. gr.

39. gr.

Lyfsali ber ábyrgð á, að vörur í lyfjabúð hans séu rétt greindar og fullnægi tilskildum kröfum um hreinleika og gæði.

Ef vara er keypt í órofnum, upprunalegum (original) umbúðum frá annarri lyfjabúð, rannsóknarstofnun eða heildverzlun, sem er undir opinberu eftirliti, er lyfsala heimilt að gera ráð fyrir, að varan fullnægi þeim kröfum, sem settar eru í 1. málsgr., þegar hún er afgreidd til hans. Lyfsalinn er þó ábyrgur, ef hann hafði eða átti að hafa grun um, að varan fullnægði ekki kröfum 1. málsgr., er hann tók við henni, eða að hún hafi breytzt síðar í það horf.

Í reglugerð má setja ákvæði um skyldu lyfsala til að sannprófa lyf eða lyfjaefni, áður en þau eru tekin til notkunar.

40. gr.

Ráðherra ákveður með reglugerð, hverjar lyfjavörur, hjúkrunar- og sjúkragögn lyfjabúðir einar og læknar (dýralæknar), sem hafa rétt eða leyfi til lyfjasölu, megi hafa á boðstólum, selja eða afhenda.

Lyfjaskrárnefnd, sbr. 2. gr., gerir tillögur um reglugerð þessa. Hún getur kvatt sérfróða menn sér til ráðuneytis.

Auk þeirrar lyfjavöru, hjúkrunar- og sjúkragagna, sem um getur í 1. málsgr., mega lyfjabúðir selja hvers konar hjúkrunarvarning og sjúkragögn handa mönnum og dýrum, enn fremur sótthreinsunarlyf og snyrtivörur.

Aðrar vörur en þær, sem að framan greinir, má lyfsali eigi selja í lyfjabúð, nema samkvæmt sérstakri heimild í lögum eða að fengnu verzlunarleyfi.

41. gr.

Lyf, sem lyfjabúðum einum er heimilt að verzla með, má hvorki selja né afhenda til endursölu öðrum en þeim, sem réttindi hafa til að verzla með slíka vöru, sbr. þó ákvæði 50. gr.

Ráðherra getur leyft, að þau lyf, sem lyfjabúðum einum er heimilt að selja, séu afhent læknum (tannlæknum, dýralæknum) ókeypis til reynslu, sbr. enn fremur 54. gr. 2. málsgr.

42. gr.

Í læknishéruðum, þar sem ekki er rekin lyfjabúð, hefur héraðslæknir á hendi einfalda samsetningu og sölu lyfja, hjúkrunarvarnings og annarra sjúkragagna.

Ráðherra getur og, ef sérstaklega stendur á, leyft héraðslæknum, svo og öðrum læknum, sem búsettir eru fjarri lyfjabúð í læknishéraði, að hafa á hendi lyfjagerð og lyfjasölu, svo sem segir í 1. málsgr.

Ráðherra setur reglugerð um nánari tilhögun á lyfjagerð þeirri og lyfjasölu, sem um getur í þessari grein.

Aðrir læknar mega ekki án leyfis landlæknis afhenda lyf til sölu, þar á meðal lyfjasýnishorn. Þó er læknum í starfi sínu heimilt að hafa með sér lyf, sem keypt eru í lyfjabúð hérlendis til notkunar í bráðri nauðsyn í sjúkravitjunum og á lækningastofum. Enn fremur er þeim heimilt að afla sér og nota ónæmisefni frá innlendum tilraunastofnunum og Lyfjaverzlun ríkisins.

Nú er lyfjasala héraðslæknis svo umfangsmikil, að hann getur ekki annazt hana án aðstoðarmanns í fullu starfi. Lætur landlæknir þá í samráði við viðkomandi sveitarstjórn fara fram athugun á því, hvort nauðsynlegt sé að stofna lyfjaútibú eða lyfjabúð á staðnum.

43. gr.

Ráðherra getur samkvæmt ósk hlutaðeigandi sveitarstjórnar heimilað lyfsala að setja upp lyfjaútibú í nágrenni sínu, þar sem þörf er sérstakrar lyfjasölu að dómi landlæknis, en ekki er líklegt, að sjálfstæð lyfjabúð geti borið sig.

Leyfi þetta veitist til tiltekins tíma, þó ekki lengur en 10 ár í senn.

Ef stofnuð verður sérstök lyfjabúð, þar sem útibú hefur verið rekið, á eigandi lyfjabúðar þeirrar, er útibúið rak, kost á að velja á milli, hvort hann vill reka hina fyrri lyfjabúð áfram eða takast á hendur rekstur hinnar nýstofnuðu lyfjabúðar.

Ekki má fela öðrum forstöðu lyfjaútibús samkvæmt þessari grein en lyfjafræðingi eða aðstoðarlyfjafræðingi.

Ráðherra ákveður í reglugerð, hvernig haga skuli búnaði og rekstri lyfjaútibús.

### 44. gr.

Ráðherra getur samkvæmt ósk hlutaðeigandi sveitarstjórnar veitt lyfjabúðum leyfi til að reka útsölu lyfja, þar sem slíkrar útsölu er þörf að dómi landlæknis, enda sé þar hvorki lyfjabúð, lyfjaútibú né læknir (dýralæknir), sem hefur rétt eða leyfi til lyfjasölu. Ef lyfjabúð sú, sem næst er, óskar ekki eftir að nota leyfið, má veita það héraðslækni (héraðsdýralækni) þeim, sem gegnir viðkomandi læknishéraði. Ef heimiluð verður sala annarra lyfja en lausasölulyfja í slíkum útsölum, skal afhending þeirra eingöngu leyfð í samráði við héraðslækni (héraðsdýralækni).

Ráðherra ákveður í reglugerð, hver lyf megi selja í útsölum, og hvernig haga skuli búnaði þeirra og rekstri.

### 45. gr.

Auk þess sem lyfsala eða forstöðumanni lyfjabúðar er skylt að haga bókhaldi lyfjabúðar sinnar í samræmi við lög nr. 62 frá 1938, um bókhald, ber honum að hlíta ýtarlegri fyrirmælum þar að lútandi, ef sett verða í reglugerð, samkvæmt 28. og 30. gr.

Skylt er þeim, sem selja lyf, að leyfa athugun á bókhaldi sínu og bókhaldsgögnum, sbr. 28. gr. 4. málsgr. og 47. gr., ef þess er krafizt í umboði ráðherra.

### 46. gr.

Lyfsalar, lyfjafræðingar og aðstoðarlyfjafræðingar eru bundnir þagnarskyldu um alla vitneskju eða grun, sem þeir í starfi sínu öðlast um sjúkdóma eða önnur einkamál, nema á þeim hvíli skylda samkvæmt lögum til að tjá sig, eða þeir hafi rökstuddan grun um, að einstaklingur eða almenningur sé í yfirvofandi hættu, enda láti þeir þá ekki uppi annað eða meira en minnst verður komizt af með til að afstýra hættu. Lyfjafræðingar og aðstoðarlyfjafræðingar skulu að jafnaði gera lyfsala viðvart, en lyfsali þeim, er í hlut á, eða yfirvöldunum, og þá að jafnaði landlækni.

Ákvæði þessarar greinar um þagnarskyldu ná einnig til annars starfsfólks lyfjabúða.

Um vitnaskyldu framangreindra aðilja fer eftir því, sem segir í réttarfarslögum, sbr. 94. gr. laga nr. 82/1961, um meðferð opinberra mála, og 126. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði.

### 47. gr.

Framkvæma skal eftirlit með hverri lyfjabúð, lyfjagerð og lyfjaheildsölu a. m. k. einu sinni á ári og öðrum lyfjaverzlunum eftir ástæðum í samráði við landlækni. Skulu fyrirtæki þau, er greind voru, greiða eftirlitsgjald, er ráðherra ákveður, og sé því varið til greiðslu á kostnaði vegna eftirlitsins. Gjaldið er lögtakskræft. Að öðru leyti greiðist þessi kostnaður úr ríkissjóði.

Um eftirlitsmann lyfjabúða fer eftir því sem segir í 38. gr. laga nr. 60/1957, um Háskóla Íslands.

Um störf og starfshætti við eftirlitið, svo og um eftirlitsgjald, skal nánara mælt í reglugerð.

48. gr.

Ráðherra setur í reglugerð fyrirmæli um geymslu og meðferð lyfja í sjúkrahúsum, lækningastofum og öðrum stofnunum, sem hafa lyf undir höndum.

49. gr.

Dýralæknum er heimilt að selja lyf handa dýrum, enda séu þau keypt í lyfjabúðum hérlendis eða lyfjaheildverzlunum, sem og ónæmisefni frá innlendum tilraunastofnunum eða Lyfjaverzlun ríkisins, sbr. 29. gr. 2. málsgr.

Þeim er einnig heimilt, að fengnu leyfi ráðherra, að hafa á hendi sölu hjúkrunarvarnings og annarra sjúkragagna handa dýrum svo og einfalda samsetningu lyfja í sama skyni, enda sé ekki rekin lyfjabúð í umdæminu eða dýralæknir sé búsettur fjarri lyfjabúðinni.

Í dýralæknisumdæmum, þar sem dýralæknar starfa, skulu ekki aðrir læknar ávísa lyfjum, sem ætluð eru dýrum, nema ekki náist til dýralæknis.

Ráðherra setur í samráði við landlækni, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, nánari fyrirmæli í reglugerð um lyfjagerð og lyfjasölu dýralækna.

## IX. KAFLI

### Um lyfjagerðir, innflutning og heildsölu lyfja.

50. gr.

Þau fyrirtæki ein, sem hlotið hafa til þess meðmæli landlæknis og leyfi ráðherra, mega framleiða lyf og selja þau í heildsölu þeim aðilum, sem hafa rétt til lyfjasölu (sbr. 40., 41. og 42. gr.), enda fullnægi fyrirtækin eftirfarandi skilyrðum:

a. séu undir tæknilegri stjórn manns, sem fullnægir skilyrðum 9. gr., 1.—5. liðs, sbr. 6. lið, enda gegni hann fullu starfi við fyrirtækið;
b. séu þannig búin að dómi landlæknis, að þau séu fær um að framleiða lyf, sem fullnægi kröfum lyfjaskrár.

Fyrirtæki þau, sem slíkt leyfi hljóta, skulu haga framleiðslu sinni þannig, að hún sé ávallt í samræmi við gildandi fyrirmæli um gerð og samsetning lyfjanna samkvæmt lyfjaskrá eða viðurkenndum lyfjaforskriftum og lyfseðlasöfnum, og áritun svari ávallt til viðkomandi lyfs eða lyfjasamsetningar.

Framleiðsluna skal selja með venjulegum greiðsluskilmálum.

Ráðherra getur afturkallað leyfi til lyfjagerðar, ef sett skilyrði hafa ekki verið haldin eða um er að ræða mikla eða endurtekna vanrækslu eða mistök í meðferð eða sölu lyfjanna.

Umrædd fyrirtæki skulu eingöngu selja og afhenda lyfjaframleiðslu sína í umbúðum með áletruðu nafni fyrirtækisins og nafni og framleiðslunúmeri lyfsins. Nú er um lyf að ræða, sem lyfjaskráin ákveður takmarkaðan geymslutíma á, og skal þá greina framleiðslu- og fyrningardag.

Slíkum lyfjagerðum er skylt að hlíta eftirliti, sem landlæknir ákveður, og fer um það eftir ákvæði 47. gr., þ. á m. um gjaldskyldu. Skýrslur um eftirlitið má birta í heilbrigðisskýrslum.

Tilraunastofnunum, sem reknar eru af ríkinu eða Háskóla Íslands, er heimilt að selja lyf, sem þær hafa sjálfar framleitt, svo og dýralyf, sem þær gera tilraunir með, án takmarkana þeirra, er greinir í 1. málsgr., en hlíta skulu þær stofnanir þó ákvæðum b-liðs 1. málsgr.

Nánari fyrirmæli um efni þessarar greinar skal setja í reglugerð.

51. gr.

Lyfjabúðum og viðurkenndum lyfjagerðum (sbr. 50. gr.) svo og tilraunastofnunum, sem reknar eru af ríkinu eða Háskóla Íslands, er heimilt að flytja inn lyf og efni til lyfjagerðar vegna eigin þarfa.

Önnur fyrirtæki mega því aðeins flytja inn og selja lyf í heildsölu, að þau hafi til þess leyfi ráðherra, enda mæli landlæknir með leyfisveitingunni.

Fyrirtæki þessi skulu fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

a. vera undir tæknilegri stjórn manns, sem fullnægir skilyrðum 9. gr., 1.—5. liðs, sbr. 6. lið, enda gegni hann fullu starfi við fyrirtækið;

b. vera þannig búin að dómi landlæknis, að þau fullnægi kröfum um meðferð og geymslu lyfja.

Nú fullnægir fyrirtæki framangreindum skilyrðum, og ber þá að veita því leyfi samkvæmt 2. málsgrein.

Öllum öðrum er bannað að flytja inn lyf eða lyfjavörur.

Lyfjainnflytjendum er skylt að hlíta þeim reglum, er ráðherra kann að setja um eftirlit með innflutningi á lyfjum og efnum til lyfjagerðar, og greiða hæfilegt gjald vegna þess í ríkissjóð, sbr. 47. gr. Enn fremur getur ráðherra með reglugerð skyldað fyrirtæki til að sannprófa á eigin kostnað gæði og hreinleik hinna innfluttu lyfja og lyfjaefna.

Ráðherra getur afturkallað leyfi, sem um ræðir í þessari grein, ef sett skilyrði eru ekki haldin eða um er að ræða mikla eða endurtekna vanrækslu fyrirtækisins í sambandi við meðferð eða sölu lyfjanna.

## X. KAFLI
## Sérlyf.

52. gr.

Sérlyf (patentlyf) eru lyf, fullbúin til afhendingar og seld í umbúðum framleiðanda. Þau bera sérnafn eða samheiti, sbr. 59. gr., og nafn og heimilisfang framleiðanda og innflytjanda. Þau er heimilt að selja, ef þau eru greind á sérlyfjaskrá, sbr. þó 2. málgsr. þessarar greinar og 54. gr., lokamálsgr. 55. gr. og 2. málsgr. 66. gr.

Sala annarra lyfja, sem fullbúin eru til afhendingar í umbúðum framleiðanda og merkt honum, hvort heldur þau eru nefnd sérheiti eða samheiti, er bönnuð. Ákvæði þetta tekur þó ekki til lyfja, sem greind eru í lyfjaskrá, löggiltum lyfseðlasöfnum (dispensatoria) og lyfjaforskriftum, sbr. 2. gr.

53. gr.

Lyfjaskrárnefnd (sbr. 2. gr.) gerir tillögur um skráningu sérlyfja, og hvort endurnýja skuli skráningu sérlyfs. Þá gerir nefndin og tillögur um nafn sérlyfs, ef ástæða þykir til.

Yfirdýralæknir tekur sæti í nefndinni, þegar ákvarðanir eru teknar varðandi lyf, sem sérstaklega eru ætluð dýrum. Nefndin getur leitað álits og umsagnar sérfróðra aðila.

Enginn nefndarmanna má hafa sérstakra fjárhagslegra hagsmuna að gæta í sambandi við framleiðslu eða innflutning sérlyfja.

Landlæknir semur sérlyfjaskrá að fengnum tillögum nefndarinnar. Ráðherra staðfestir skrána og gefur hana út.

Þóknun til nefndarmanna greiðist úr sérlyfjasjóði, sbr. 62. gr.

### 54. gr.

Þau sérlyf ein, sem skráð eru í sérlyfjaskrá, er heimilt að selja hér á landi. Undanþegin þessu ákvæði eru þó blóðvatn (serum), bóluefni (vaccinum) og önnur ónæmisefni, sem framleidd eru hérlendis í opinberum tilraunastofnunum.

Heimilt er þó framleiðendum að láta sjúkrahúsum og hliðstæðum heilbrigðisstofnunum í té endurgjaldslaust takmarkað magn af óskráðum sérlyfjum í reynsluskyni.

Ef sérstaklega stendur á, getur ráðherra eftir tillögum landlæknis heimilað, að flytja megi inn takmarkað magn af óskráðu sérlyfi, enda sé það þá aðeins látið úti gegn lyfseðli.

### 55. gr.

Lyf má setja á sérlyfjaskrá, ef það, að dómi lyfjaskrárnefndar, fullnægir eftirgreindum skilyrðum:

1. Er framleitt af fyrirtæki, sem fullnægir skilyrðum 58. gr.
2. Rannsóknum á tæknilegum atriðum varðandi framleiðslu, gerð, útlit og endingu lyfsins er lokið, og upplýsingar um verkanir þess gefa til kynna, að það sé gagnlegt við þeim sjúkdómum eða sjúkdómseinkennum, sem það skal nota við.
3. Fullnægir enn fremur einhverju neðangreindra skilyrða:
   a. Innihaldi sérlyfið aðeins eitt virkt efni, verður efnið að vera ófáanlegt á frjálsum markaði. Ef hið virka efni er svo líkt fáanlegu lyfi, að það sem skilur getur ekki haft teljandi þýðingu, skal ekki taka lyfið í sérlyfjaskrá.
   b. Innihaldi sérlyfið fleiri en eitt virkt efni, verður a. m. k. eitt þeirra að fullnægja skilyrði a-liðs. Enn fremur að umsækjandi hafi, að því er talið er, fyrstur sýnt fram á, að með blöndun hinna virku efna náist mjög góð verkun eða lyfið sé einkar handhægt til notkunar.
   c. Að lyfið sé fram komið vegna mikilvægrar, lyffræðilegrar uppgötvunar, sem umsækjandi hefur gert sjálfur eða annar aðili, enda hafi hann framselt umsækjanda rétt til að hagnýta sér uppgötvunina, eða að lyfið sé gert með óvenjulegum og betri hætti en áður hefur tíðkazt.
   d. Innihaldi sérlyf virkt efni, sem fáanlegt er á frjálsum markaði, en umsækjanda hefur hins vegar tekizt að framleiða það með hagkvæmara móti en áður þekktist, má heimila skráningu slíks sérlyfs.
   e. Ef umsækjandi, sem áður hefur framleitt virkt efni og fengið það skráð sem sérlyf, sækir um að fá sams konar lyf skráð, en í öðru formi, má heimila slíkt, enda þótt efnið sé fáanlegt á frjálsum markaði.

Sérlyfið skal koma á markað innan sex mánaða, frá því að umsækjanda var tilkynnt, að það væri sett á sérlyfjaskrá. Ráðherra getur lengt þennan frest, þegar sérstaklega stendur á.

Þótt lyf uppfylli framangreind skilyrði þessarar greinar, getur ráðherra neitað skráningu, ef skilyrðum 59. greinar um umbúðir o. fl. er ekki fullnægt.

Skráning gildir til 20 ára, sbr. þó næstu mgr. og 63. gr. Að skráningartímabili liðnu má framlengja skráninguna um fimm ár í senn samkvæmt umsókn, ef hlutaðeigandi lyf telst mikilsvert og framleiðsla sérlyfsins æskileg.

Lyf má setja á sérlyfjaskrá í skemmri tíma (eitt til tvö ár), ef sérstakar ástæður þykja til slíks, að dómi lyfjaskrárnefndar, svo sem vafi um eiturverkanir lyfsins. Framlengja má skráninguna, sbr. síðustu málsgrein, ef burtu eru fallnar ástæður þær, sem takmörkuðu skráninguna í upphafi.

Umsókn um að framlengja skráningartímann skal send í síðasta lagi tveimur árum áður en honum lýkur. Synji ráðherra umsókninni, fellur lyfið af sérlyfjaskrá, þegar skráningartímabili er lokið, þó eigi fyrr en 18 mánuðum eftir synjun.

56. gr.

Þau fyrirtæki ein, sem hlotið hafa til þess meðmæli landlæknis og leyfi ráðherra, mega framleiða sérlyf og selja þau í heildsölu þeim aðilum, sem hafa rétt til lyfjasölu (sbr. 40., 41. og 42. gr.), enda fullnægi fyrirtækin eftirfarandi skilyrðum:

a. séu undir tæknilegri stjórn manns, sem fullnægir skilyrðum 9. gr., 1.—5. liðs, sbr. 6. lið, enda gegni hann fullu starfi við fyrirtækið,
b. séu þannig búin að dómi landlæknis, að þar sé hægt að framleiða lyf, sem fullnægi kröfum um sérlyf.

Innlent sérlyf má einungis bjóða og selja með heiti, sem ráðherra ákveður, og skal lyfið auðkennt með firmanafni eða merki framleiðanda. Ráðherra getur þó veitt leyfi til þess, að sérlyf sé selt með heiti, sem framleiðandi velur, ef í umsókn um skráningu sérlyfsins er skjallega sannað, að framleiðandi hafi með framleiðslu lyfsins leyst af hendi mikilvægt starf í þágu lyfjagerðar almennt, sbr. 63. gr. 4. mgr. Heiti sérlyfsins skal þó ávallt vera í samræmi við viðurkenndar lyfjanafngiftir, og má það ekki gefa til kynna, að lyfið eigi að nota við ákveðnum sjúkdómi. Þegar liðin eru 20 ár frá skráningu sérlyfs, fellur það af sérlyfjaskrá, ef hægt er að kaupa hin virku efni þess eða samsvarandi efni á frjálsum markaði, enda sé hliðstætt lyf framleitt í lyfjabúðum og selt við hæfilegu verði.

57. gr.

Ráðherra setur nánari reglur um skráningu sérlyfs. Framleiðandi innlends sérlyfs sækir til ráðherra um skráningu þess, en umboðsmaður eða annar ábyrgur aðili, búsettur hér á landi, þegar um erlent sérlyf er að ræða.

Starfandi læknar (dýralæknar, tannlæknar), lyfsalar og aðrir starfsmenn lyfjabúða mega ekki vera umboðsmenn fyrir erlenda sérlyfjaframleiðendur.

58. gr.

Sérlyf má því aðeins skrá, að það sé framleitt af fyrirtæki, sem að dómi lyfjaskrárnefndar og landlæknis hefur í þjónustu sinni nægilega sérmenntað og þjálfað starfslið og fullnægir þeim kröfum um búnað og rekstur, að framleiðsla þess geti farið fram á öruggan hátt.

59. gr.

Á umbúðum sérlyfs skal standa skýrum stöfum:

1. heiti, sem lyfjaskrárnefnd og landlæknir hefur samþykkt,
2. heildarmagn lyfsins,
3. almenn, viðurkennd heiti virkra efna og magn þeirra og einnig magn virkra efna í afmældum skammti,
4. framleiðslunúmer, sem gefi til kynna framleiðsludag, þannig að auðvelt sé að rekja uppruna sérlyfsins,
5. firmanafn framleiðanda og heimilisfang og einnig nafn innflytjanda,
6. fyrirmæli um geymslu,
7. fyrningardagur, ef því er að skipta.

Gerð og frágangur sérlyfja skal vera þannig, að þau séu auðgreind, og að ekki sé hætta á, að villzt verði á mismunandi styrkleika eða óskyldum tegundum.

Áritun sérlyfs má ekki fela í sér aðrar upplýsingar en hér segir fyrir um, nema lyfjaskrárnefnd og landlæknir leyfi slíkt eða fyrirskipi. Þó má jafnan greina hjálparefni, sem notuð eru við framleiðsluna.

Lyfjaskrárnefnd og landlæknir geta krafizt þess, að einstakir skammtar afmælds lyfs séu sérstaklega áritaðir.

60. gr.

Verð á sérlyfjum skal vera hóflegt. Þegar meta skal verð á sérlyfi, ber að taka tillit til kostnaðar við framleiðslu og sölu þess og sambærilegrar vöru, sem framleidd er á hagkvæman hátt í vel búnu fyrirtæki. Í verði sérlyfs má reikna hæfilegt gjald vegna útgjalda fyrirtækis til rannsókna.

61. gr.

Ráðherra setur að fengnum tillögum landlæknis í reglugerð fyrirmæli um eftirlit með sérlyfjum. Eftirlitið skal einkum varða innihald og samsetningu sérlyfs, einnig nafn, verð, framleiðslu og sölu.

Fyrirtæki, sem framleiða eða búa um sérlyf hér á landi, skulu háð eftirliti samkvæmt ákvæðum, sem ráðherra setur í reglugerð. Eftirlitið skal einkum taka til lyfjagerðar, nothæfni og hreinleika efna, sem í sérlyfinu eru, og enn fremur skal þess gætt, að skilyrðum 58. gr. sé fullnægt.

Í reglugerð má krefjast drengskaparyfirlýsingar um, að fullnægt hafi verið skilyrðum fyrir skráningu sérlyfs.

Þeim, er annast eftirlit samkv. 2. málsgr., er heimilt, vegna fyrrgreinds eftirlits, að láta taka eða krefjast þess, að afhent séu ókeypis sýnishorn af sérlyfi og efnum þeim, sem í því eru, og að látnar séu í té nauðsynlegar upplýsingar, þ. á m. staðfest eftirrit af gjörðabókum, reikningum og rannsóknardagbókum. Þá geta þeir kvatt menn á sinn fund til þess að gefa munnlegar upplýsingar. Vegna eftirlits með verðlagi sérlyfs er heimill aðgangur að bókhaldi fyrirtækis, ef þess er krafizt í umboði ráðherra, og enn fremur er heimilt að framkvæma á staðnum nauðsynlegar athuganir.

Þegar um tæknileg leyndarmál er að ræða, getur aðili sá, sem greinir frá þeim, óskað þess við landlækni, að upplýsingarnar berist ekki fulltrúa lyfjafræðinga og lyfsala í lyfjaskrárnefnd. Landlæknir ákveður, að hve miklu leyti þessum óskum skuli sinnt.

Lyfjaskrárnefnd og nefndarmenn þeir, sem skipaðir eru samkvæmt 28. gr., svo og aðrir ráðunautar, eru, að viðlagðri ábyrgð samkv. 136. gr. almennra hegningarlaga, bundnir þagnarskyldu um allt það, er þeir kunna að fá vitneskju um í starfi sínu.

Landlækni er heimilt að birta skýrslu um eftirlitið í heilbrigðisskýrslum.

62. gr.

Með umsókn um skráningu sérlyfs skal fylgja skráningargjald, er ráðherra ákveður í reglugerð. Af hverju skráðu sérlyfi skal greiða árlegt gjald, er ákveðið er með sama hætti. Gjöld þessi renna í sérlyfjasjóð, og skal tekjum hans varið til að standa straum af kostnaði við störf lyfjaskrárnefndar samkv. X. kafla laga þessara og sérleyfiseftirlit. Nú hrökkva tekjurnar ekki fyrir þessum kostnaði, og greiðist það, sem á vantar, þá úr ríkissjóði.

Sérlyfjasjóður er í vörzlu landlæknis. Gjöld af sérlyfjum samkv. 1. málsgr. eru lögtakskræf.

63. gr.

Ráðherra getur, að fengnum tillögum landlæknis og lyfjaskrárnefndar, tekið sérlyf af sérlyfjaskrá:

a. ef sérlyf svarar ekki að efni og samsetningu til áritana á umbúðum eða fylgiskjali,
b. ef samsetning sérlyfs er breytileg, efni þess ófullnægjandi að gæðum og hreinleika, eða það er ekki framleitt á öruggan hátt,
c. ef sérlyf telst ekki hafa þær verkanir, sem því voru eignaðar, eða það telst hafa heilsuspillandi verkanir,

d. ef sérlyf er óeðlilega dýrt með tilliti til verðs á efnum, sem í því eru, og framleiðslukostnaðar,
e. ef samsetningu sérlyfs er breytt án leyfis ráðherra, eða framleiðslan fer fram í fyrirtæki, sem fullnægir ekki ákvæðum 58. gr.,
f. ef ekki er fullnægt skilyrðum, sem sett voru fyrir skráningunni,
g. ef sérlyf kemur ekki á markaðinn, áður en liðinn er frestur sá, sem ákveðinn er í 55. gr.,
h. ef gjöld þau, sem ákveðin eru í 62. gr., eru ekki greidd á tilskildum tíma, eða ef framleiðandi eða innflytjandi neitar að gefa fullnægjandi upplýsingar, til þess að hægt sé að meta sérlyfið,
i. ef ákvæðum þessara laga er að öðru leyti ekki fullnægt, eða brotið er gegn fyrirmælum 4. gr. um auglýsingar eða sala sérlyfs brýtur í bág við settar reglur.

Komi í ljós, að innihald sérlyfs af virkum efnum víki óleyfilega mikið frá hinu tilgreinda magni, skal framleiðandi eða innflytjandi innkalla óseldar birgðir frá heildsölum og lyfjaverzlunum af hinni gölluðu framleiðslu.

Innan fimm ára frá því er sérlyf var tekið í sérlyfjaskrá skal lyfjaskrárnefnd meta, hvort fyrir hendi sé ein eða fleiri af ástæðum þeim, sem nefndar eru í 1. málsgr., og hvort taka beri lyfið af skránni.

Enn fremur skal meta á ný, hvort framleiðandi sérlyfs hafi innt af hendi svo mikilvægt starf í þágu lyfjagerðar almennt, að það réttlæti enn skráningu sérlyfsins undir upprunalegu heiti (sbr. 56. gr. 2. málsgr.).

64. gr.

Þegar tekin eru til meðferðar mál þau, sem greind eru í 4. málsgr. 55. gr., 2. málsgr. 56. gr. og 3. málsgr. 63. gr., svo og verðlagsatriði þau, sem nefnd eru í 60. gr. og 61. gr., skal leita umsagnar lyfjaverðlagsnefndar samkvæmt 28. gr. Ef ekki næst samkomulag um afgreiðslu máls, skal leggja það undir úrskurð ráðherra.

65. gr.

Í lyfjaverðskrá skal greina útsöluverð skráðra sérlyfja.

66. gr.

Innan sex mánaða frá gildistöku laganna skal senda ráðherra umsókn um sérlyf, sem óskað er eftir, að tekið verði á sérlyfjaskrá.

Sé slík umsókn ekki send, er óheimilt að verzla með hlutaðeigandi sérlyf, þegar átján mánuðir eru liðnir frá lokum umsóknarfrestsins. Ráðherra getur heimilað sölu á sérlyfi, sem sannanlega er keypt fyrir gildistöku laganna, í allt að 5 ár frá gildistöku þeirra, þótt hafnað hafi verið upptöku lyfsins á sérlyfjaskrá.

## XI. KAFLI
### Um málarekstur og refsingar.

67. gr.

Um mál, er rísa kunna út af brotum á lögum þessum, fer að hætti opinberra mála, nema öðruvísi sé fyrir mælt í lögunum.

68. gr.

Fyrir brot gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim skal refsa með sektum frá 100 til 200 000 krónum, nema þyngri refsing liggi við sam-

kvæmt öðrum lögum. Nú er brot ítrekað eða stórfellt, og getur refsing þá orðið varðhald eða fangelsi allt að 2 árum. Tilraun og hlutdeild í brotum samkv. lögum þessum eru refsiverð, eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

Lyf og lyfjaefni, sem inn eru flutt ólöglega eða seld eru ólöglega innanlands, má gera upptæk með dómi, og enn fremur ólöglega gerð lyf og ágóða af ólöglegri lyfjasölu. Andvirði hins upptæka rennur í ríkissjóð.

## XII. KAFLI
### Niðurlagsákvæði.

69. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara má setja í reglugerð, er ráðherra setur, að fengnum tillögum landlæknis. Við samningu tillagna skal landlæknir kveðja til nefndarmenn lyfjaskrárnefndar, eftir því sem við á hverju sinni.

70. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1963.

Með lögum þessum eru úr gildi felld:

Tilskipun 4. des. 1672, um lækna og lyfsala.

Kansellíbréf 16. sept. 1797, um lyfjasölu.

Lög nr. 7 4. júní 1924, um gjald af hálfu lyfsala vegna kostnaðar við eftirlit með lyfjabúðum o. fl.

Ákvæði 4. gr. laga nr. 69 7. maí 1928, að því er varðar eftirlit með lyfjabúðum.

Lög nr. 37 28. jan. 1935, um heimild rannsóknarstofnana ríkisins til lyfjasölu í sambandi við rannsóknir sínar.

Lög nr. 124 22. des. 1947 um dýralækna, 11. gr.

Enn fremur eru úr gildi numin önnur fyrirmæli í lögum, er brjóta í bága við lög þessi.

Ákvæði í reglugerðum, auglýsingum og öðrum stjórnvaldsreglum um lyfjabúðir og afhending lyfja, sem í gildi eru við gildistöku laga þessara, og ekki fara í bága við ákvæði þeirra, skulu gilda áfram, unz þau hafa verið numin úr gildi með stjórnvaldsreglum, settum samkvæmt lögum þessum.

### Bráðabirgðaákvæði.

1. Þeir lyfsalar, sem hafa lyfsöluleyfi, er lög þessi öðlast gildi, og fullnægja ákvæðum laganna, eiga rétt á að halda leyfinu til 75 ára aldurs.
2. Verzlanir, er verzlað hafa með vörur, sem þeim er gert óheimilt að selja, samkvæmt ákvæðum laga þessara, eða þær mega því aðeins selja, að þær fullnægi sérstökum fyrirmælum laganna, halda rétti sínum óskertum í eitt ár frá gildistöku laga þessara. Slíkur frestur nær þó ekki til innflutnings þeirrar vöru, er lyfjabúðum og læknum (dýralæknum), sem rétt eða leyfi hafa til lyfjasölu, er einum heimilt að selja.

   Ráðherra má þó veita undanþágu um einstök vörukaup, sem sannanlega hafa verið gerð áður en lög þessi gengu í gildi, enda sé tegund vörunnar hentug, gæði hennar óvefengjanleg, verð sanngjarnt og magn við hæfi. Vöruna má aðeins afhenda aðilum, sem rétt hafa samkvæmt lögum þessum til að verzla með viðkomandi varning, og þá gegn kostnaðarverði.

   Ráðherra má einnig veita einstaklingi, sem haft hefur innflutning lyfja sem

aðalstarf a. m. k. síðastliðin 10 ár, leyfi til að halda þeirri starfsemi áfram um eitt ár í senn.

*Gjört að Bessastöðum, 29. apríl 1963.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**
(L. S.)

*Bjarni Benediktsson.*

Nr. 31. 27. apríl.

# LÖG

## um breyting á lögum um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands h/f, nr. 113 29. desember 1951.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

4. málsgrein 3. gr. orðist þannig:

Lögmætur hluthafafundur getur ákveðið að auka hlutaféð, og skulu hluthafar hafa forkaupsrétt að aukningunni í réttu hlutfalli við hlutafjáreign sína. Hafi hluthafi eigi neytt forkaupsréttar síns innan þriggja mánaða frá auglýsingu bankaráðs um hlutafjárauka, skal heimilt að bjóða út innanlands það, sem á vantar samþykktan hlutafjárauka.

**2. gr.**

5. gr. orðist þannig:

Stjórn félagsins skipa 5 menn.

Iðnaðarmálaráðherra skipar tvo stjórnarmenn, til eins árs í senn. Þrír stjórnarmenn skulu kjörnir á árlegum aðalfundi af öðrum hluthöfum en ríkissjóði. Varastjórn skal skipuð og kjörin á sama hátt.

**3. gr.**

6. gr. orðist þannig:

Stjórnin ræður bankastjóra, ákveður tölu þeirra og ráðningarkjör og setur þeim erindisbréf.

**4. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi lög nr. 30 18. apríl 1962, um breyting á lögum nr. 113 29. des. 1951, um Iðnaðarbanka Íslands h/f.

*Gjört að Bessastöðum, 27. apríl 1963.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**
(L. S.)

*Bjarni Benediktsson.*

# LÖG
## um heimild handa ríkisstjórninni til þess að afhenda þjóðkirkju Íslands Skálholtsstað.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að afhenda þjóðkirkju Íslands endurgjaldslaust til eignar og umsjár jörðina Skálholt í Biskupstungum ásamt öllum mannvirkjum og lausafé, sem nú eru í eign ríkisins á staðnum, enda veiti biskup Íslands og Kirkjuráð eign þessari viðtöku fyrir hönd þjóðkirkju Íslands og hafi þar forræði um framkvæmdir og starfrækslu.

2. gr.

Ríkissjóður skal árlega greiða kr. 1 000 000.00 í sjóð, sem vera skal til áframhaldandi uppbyggingar í Skálholti og rekstrarfé þeirrar starfrækslu, sem biskup og Kirkjuráð koma þar upp.

Stjórn sjóðsins skipar Kirkjuráð.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðuninni, og skulu þeir birtir í Stjórnartíðindum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 26. apríl 1963.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

---

*Bjarni Benediktsson.*

26. apríl. Nr. 33.

# LÖG
## um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðsins „(lögmaður)“ í 3. mgr. 4. gr. komi: (í Reykjavík borgardómari).

2. gr.

Við 8. gr. bætist ný mgr., sem verður 3. mgr.:

Dómsmálaráðuneytið ákveður í gjaldskrá þóknun til sáttanefndarmanns fyrir áritun á sáttakæru.

3. gr.

Í stað „500 krónum“ í 2. mgr. 21. gr. komi: 5000 krónum.

4. gr.

Í stað „15 kr.“ í 2. mgr. 26. gr. komi: 150 kr.

5. gr.

27. gr. orðist svo:

Dómsmálaráðuneytið ákveður í gjaldskrá þóknun til sáttanefndarmanna fyrir hvert mál, sem þeir fá til meðferðar.

Sáttanefndarmenn, sem þurfa að takast ferð á hendur til þess að mæta á sáttafundi, skulu fá endurgjald fyrir ferðakostnað.

Sækjandi greiðir til bráðabirgða ferðakostnað og dagpeninga og gjald fyrir sáttatilraun og úrskurð samkvæmt b-lið 1. mgr. 21. gr., og verjandi fyrir úrskurð samkvæmt a-lið sömu mgr., en í sátt og úrskurði skal að lokum kveða á um það, hvern þátt verjandi og sækjandi eftir a-lið 1. mgr. 21. gr. skuli taka í greiðslum þessum.

6. gr.

Í stað orðsins „(lögmanni)“ í 28. gr. komi: (í Reykjavík yfirborgardómara).

7. gr.

Í stað orðsins „lögmaður“ í 1. mgr. 29. gr. komi: borgardómarar og borgarfógetar.

8. gr.

Í stað orðsins „Konungur“ í 1. mgr. 31. gr. komi: Forseti.

9. gr.

Í stað orðsins „lögmannsins“ á tveimur stöðum í 5. mgr. 33. gr. komi: yfirborgardómara og yfirborgarfógeta.

10. gr.

Í stað orðanna „50—1000 kr.“ í 3. mgr. 34. gr. komi: 200—4000 krónur.

11. gr.

Í stað orðanna „allt að 1000 króna sektum“ í 4. mgr. 39. gr. komi: sektum eða varðhaldi.

12. gr.

4. málsl. 41. gr. orðist svo: Dómari ákveður þóknun handa þingvottum.

13. gr.

Í stað „500 krónum“ í 4. mgr. 71. gr. komi: 5000 krónum, og í stað „500 krónur í sömu mgr. komi: 5000 krónur.

14. gr.

Í stað orðanna „10—200 króna sekt“ í 4. mgr. 96. gr. komi: fésekt.

15. gr.

Í stað orðanna „og varðar það hverju sinni 10—100 króna sektum til vitnastefnanda, ef hann krefst þess, eða allt að 6 mánaða fangelsi“ í 2. mgr. 131. gr. komi: og gerir dómari því sektir eða varðhald allt að sex mánuðum.

16. gr.

135. gr. orðist svo:

Þeim, sem kveður vitni vættis, ber að sjá því fyrir fram fyrir fé til greiðslu á kostnaði af ferðalagi og dvöl á þingstað.

Þá er vitni hefur innt af hendi vitnaskyldu sína, þar með talin árangurslaus þingsókn sakir fjarvistar aðilja fyrir dómi, skal dómari þegar í þinghaldi kveða á um greiðslu til vitnis, bæði fyrir útlagðan kostnað vegna rækslu vitnaskyldunnar og þóknun, ef það krefst, og skal þá ákvörðun bóka. Sá, sem vættis hefur krafizt, greiðir einn kostnað og þóknun um sinn, en hafi báðir aðilar krafizt vættis eða báðir haft þess not, er dómara rétt að ákveða greiðslu á hendur þeim, öðrum fyrir báða og báðum fyrir annan. Þóknun er kræf, jafnskjótt sem úrskurður er upp kveðinn.

17. gr.

2. og 3. mgr. 141. gr. orðist svo:

Nú vanrækir matsmaður starfann, kemur eigi að forfallalausu fyrir dóm eftir kvaðningu til að staðfesta matsgerð sína eða svarar eigi spurningum, og ber matsdómara að úrskurða honum sektir til ríkissjóðs eða, séu miklar sakir, varðhald allt að sex mánuðum.

Matsmaður á heimtingu á endurgjaldi fyrir ferðakostnað svo og fyrir verk sitt eftir reikningi, sem matsdómari úrskurðar, ef ágreiningur verður. Rétt er matsmanni að krefjast fyrirframgreiðslu á ferðakostnaði og tryggingar, sem matsdómari ákveður, ef með þarf, fyrir verkkaupi, áður en hann tekur til starfa.

18. gr.

a) Sektarfjárhæðir allar í 1. mgr. 188. gr. falli niður.
b) 4. mgr. greinarinnar orðist svo:

Sá, sem annars kemur hneykslanlega eða ósæmilega fram fyrir dómi, sbr. 39. gr., skal sæta sektum.

19. gr.

2. mgr. 203. gr. orðist svo:

Héraðsdómari kveður á um greiðslur til sjó- og verzlunardómsmanna. Rétt er dómsmálaráðherra að kæra þá ákvörðun.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 26. apríl 1963.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**
(L. S.)

---

*Bjarni Benediktsson.*

# LÖG

## um breyting á lögum nr. 61/1947, um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 19. gr. laganna bætist:

Sama gildir um ábyrgðarupphæð samkvæmt 208. gr. siglingalaga, ef sú upphæð fer fram úr vátryggingarupphæð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 26. apríl 1963.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**
(L. S.)

*Emil Jónsson.*

Nr. 35. 29. apríl.

# LÖG

## um skattfrelsi vinninga í happdrætti Styrktarfélags vangefinna o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Árið 1963 skulu vinningar í happdrættum eftirtalinna félaga vera undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum nema eignarskatti:

Styrktarfélags vangefinna,
Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra,
Sjálfsbjargar — landssambands fatlaðra,
Krabbameinsfélags Íslands og sambandsfélaga þess,
Blindrafélagsins,
Geðverndarfélags Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 29. apríl 1963.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**
(L. S.)

*Gunnar Thoroddsen.*

# LÖG
## um breyting á lögum nr. 7 14. júní 1929, um tannlækningar.

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 1. grein laganna komi ný grein, er verður 1. gr. a og orðist svo:

Enginn tannlæknir má kalla sig sérfræðing, nema hann hafi fengið til þess leyfi ráðherra.

Ráðherra staðfestir reglur um nám sérfræðinga, sem skulu settar af nefnd, er ráðherra skipar. Sú nefnd skal einnig fjalla um umsóknir um sérfræðileyfi. Nefndin skal þannig skipuð, að prófessorinn í tannlækningum við læknadeild Háskólans er formaður hennar, en tveir nefndarmenn skulu tilnefndir af Tannlæknafélagi Íslands til þriggja ára í senn. Með sama hætti skal enn fremur tilnefna tvo sérfróða tannlækna til þátttöku með nefndinni í meðferð einstakra mála, er varða sérgrein þeirra, og fá þeir þá einnig atkvæðisrétt í nefndinni.

Tannlæknir á rétt á leyfi til að kalla sig sérfræðing, ef hann sannar fyrir nefnd þeirri, sem að framan getur, að hann hafi lokið tilskildu sérfræðinámi í sérgrein, sem viðurkennd er samkvæmt fyrrnefndum reglum, og landlæknir mælir með leyfisveitingunni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 26. apríl 1963.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**
(L. S.)

*Bjarni Benediktsson.*

20. apríl. Nr. 37.

# FORSETABRÉF
## um þinglausnir.

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi, 83. löggjafarþing, hefur lokið störfum. Mun ég því slíta Alþingi í dag, laugardaginn 20. apríl 1963.

*Gjört í Reykjavík, 20. apríl 1963.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**
(L. S.)

*Ólafur Thors.*

# FORSETABRÉF

**um þingrof og almennar kosningar til Alþingis 9. júní 1963.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Forsætisráðherra hefur tjáð mér, að þar sem almennar kosningar til Alþingis hafi síðast farið fram 25. og 26. október 1959 og umboð þingmanna falli því eigi niður, án þingrofs, fyrr en á hausti komanda, er fjögur ár eru liðin frá kjördegi 1959, en hentara þyki, að kosningarnar fari fram fyrr á árinu, beri nauðsyn til að rjúfa Alþingi, og ákveða kjördag samkvæmt 130. gr. laga nr. 52/1959, um kosningar til Alþingis.

Því mæli ég svo fyrir, að Alþingi er rofið frá og með 9. júní 1963. Jafnframt ákveð ég, að almennar kosningar til Alþingis skuli fara fram þann dag, sunnudaginn 9. júní 1963.

*Gjört í Reykjavík, 5. apríl 1963.*

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

*Ólafur Thors.*

Nr. 39. 26. apríl.

# LÖG

**um breyting á lögum nr. 36 12. febrúar 1945, um framboð og kjör forseta Íslands.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Um kjörskrár til afnota við kjör forseta Íslands fer á sama hátt og við alþingiskosningar.

2. gr.

Í stað „134. gr." í 14. gr. laganna komi: 128. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 26. apríl 1963.*

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

*Ólafur Thors.*

# LÖG
## um almannatryggingar.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## I. KAFLI
### Skipulag og stjórn.

1. gr.

Almannatryggingar teljast samkvæmt lögum þessum:

1. Lífeyristryggingar.
2. Slysatryggingar.
3. Sjúkratryggingar.

2. gr.

Tryggingastofnun ríkisins annast lífeyristryggingarnar og slysatryggingarnar og hefur með höndum umsjón og yfirstjórn sjúkratrygginganna, allt undir yfirumsjón ríkisstjórnarinnar (félagsmálaráðuneytisins).

Hver grein trygginganna, sbr. 1. gr., er sjálfstæð deild í Tryggingastofnuninni og hefur þar sérstakan fjárhag. Engin deildanna ber ábyrgð á skuldbindingum annarrar.

Tryggingastofnun ríkisins hefur heimili og varnarþing í Reykjavík.

3. gr.

Ráðherra skipar, að fengnum tillögum tryggingaráðs, forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins og, að fengnum tillögum forstjóra og tryggingaráðs, skrifstofustjóra, tryggingafræðing, tryggingayfirlækni, sem jafnframt er deildarstjóri sjúkratryggingadeildar, aðra deildarstjóra, aðalgjaldkera og tryggingalækni, tryggingayfirlækni til aðstoðar.

Um ákvörðun launa fastra starfsmanna Tryggingastofnunarinnar fer eftir lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

4. gr.

Forstjóri annast stjórn stofnunarinnar samkvæmt lögum þessum og reglugerðum, sem settar eru. Hann ræður alla starfsmenn stofnunarinnar, sem ekki eru skipaðir af ráðherra.

Deildarstjórar annast venjulega afgreiðslu mála, hver fyrir sína deild. Hvers konar nýbreytni og afbrigði frá venju skal bera undir forstjóra.

5. gr.

Sameinað Alþingi kýs á fyrsta þingi eftir hverjar almennar alþingiskosningar fimm menn í tryggingaráð og aðra fimm til vara. Ráðherra skipar formann og varaformann tryggingaráðs úr hópi hinna kjörnu aðalmanna.

Ráðherra ákveður þóknun tryggingaráðsmanna.

6. gr.

Tryggingaráð skal hafa eftirlit með fjárhag, rekstri og starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins og gæta þess, að hún starfi í samræmi við lög og reglugerðir á

hverjum tíma. Skal endurskoðunardeild starfa við stofnunina undir eftirliti þess Rísi ágreiningur um bætur, leggur tryggingaráð úrskurð á málið.

Leita skal samþykkis tryggingaráðs á:

a. Hinni árlegu fjárhagsáætlun stofnunarinnar.
b. Ársreikningum stofnunarinnar.
c. Ákvörðunum um iðgjaldaupphæðir.
d. Öllum heildarsamningum við lækna, sjúkrahús og önnur slík dvalarheimili.
e. Meginreglum um notkun heimildarákvæða.
f. Öllum lánveitingum og verðbréfakaupum og sölum.
g. Öðrum þeim atriðum, sem lög þessi ákveða.

Þá getur forstjóri og borið önnur mál undir tryggingaráð, ef honum finnst ástæða til.

7. gr.

Vinnuveitendasamband Íslands, Alþýðusamband Íslands, Stéttarsamband bænda og Landssamband íslenzkra útvegsmanna skipa hvert um sig einn mann, sem hefur rétt til að taka þátt í umræðum tryggingaráðs og gera tillögur, þegar skipt er í áhættuflokka og ákveðin iðgjöld atvinnurekenda til slysatrygginga. Skal Tryggingastofnuninni skylt að láta þeim í té allar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru vegna þessa starfs.

8. gr.

Aðalskrifstofur Tryggingastofnunar ríkisins eru í Reykjavík.

Utan Reykjavíkur skulu sýslumenn og bæjarfógetar annast umboðsstörf fyrir Tryggingastofnunina, hver í sínu umdæmi. Þóknun til sýslumanna og bæjarfógeta fyrir þessi aukastörf skal ákveðin í reglugerð, sem samin sé í samráði við forstjóra Tryggingastofnunarinnar og stjórn Dómarafélags Íslands.

Ráðherra ákveður þátttöku Tryggingastofnunarinnar í skrifstofukostnaði sýslumanna og bæjarfógeta vegna umboðsstarfa þessara.

9. gr.

Reikningar Tryggingastofnunar ríkisins fyrir síðastliðið ár skulu jafnan fullgerðir eigi síðar en 1. júlí ár hvert. Skulu þeir endurskoðaðir á sama hátt og reikningar annarra ríkisstofnana.

Að lokinni endurskoðun og afgreiðslu tryggingaráðs skulu reikningarnir sendir félagsmálaráðuneytinu, sem síðan lætur birta þá í B-deild Stjórnartíðinda.

Tryggingastofnunin skal í árbók eða með öðrum reglubundnum hætti birta glöggar upplýsingar um alla starfsemi stofnunarinnar.

## II. KAFLI
## Lífeyristryggingar.
### A. Almenn ákvæði.

10. gr.

Rétt til bóta frá lífeyristryggingunum með þeim skilyrðum, sem sett eru í lögum þessum, eiga:

a. Íslenzkir ríkisborgarar, sem lögheimili eiga hér á landi, enda hafi umsækjandi um bætur eða sá, sem bótaréttur er tengdur við, átt hér lögheimili a. m. k. 10 ár eftir 16 ára aldur eða 5 síðustu árin, áður en umsókn er lögð fram. Slíks lágmarkstíma skal þó ekki krafizt, þegar um er að ræða örorkulífeyri manns, sem hafði óskerta starfsorku, er hann tók hér lögheimili, fjölskyldubætur,

mæðralaun eða fæðingarstyrk, og heimilt er tryggingaráði að víkja frá tímaákvæðunum í öðrum tilvikum, ef sérstaklega stendur á. Dveljist maður erlendis og eigi þar rétt til bóta samkvæmt milliríkjasamningum eða alþjóðasamþykktum, sem Ísland er aðili að, skal hann ekki samtímis njóta tilsvarandi bóta hér á landi.

b. Íslenzkir ríkisborgarar, sem lögheimili eiga erlendis, ef í milliríkjasamningum eða alþjóðasamþykktum, sem Ísland er aðili að, er kveðið á um áframhaldandi bótagreiðslur eftir að lögheimili á Íslandi er sleppt.

c. Erlendir ríkisborgarar, sem samkvæmt ákvæðum milliríkjasamninga um gagnkvæmar tryggingar, sem Ísland er aðili að, eða alþjóðasamþykkta, sem fullgiltar hafa verið af Íslands hálfu, eiga sams konar rétt og íslenzkum ríkisborgurum er veittur samkvæmt stafliðum a. og b.

B. Bætur.

11. gr.

Lífeyristryggingarnar taka til ellilífeyris, örorkulífeyris, makabóta, fjölskyldubóta, barnalífeyris, mæðralauna, fæðingarstyrks, ekkjubóta og ekkjulífeyris.

12. gr.

Rétt til ellilífeyris eiga þeir, sem eru 67 ára eða eldri.

Árlegur ellilífeyrir einstaklings skal vera sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| Ef lífeyrir er fyrst tekinn frá 72 ára aldri eða síðar ............ | kr. | 30 480.00 |
| — — — — — — 71 — — — — ............ | — | 27 360.00 |
| — — — — — — 70 — — — — ............ | — | 24 360.00 |
| — — — — — — 69 — — — — ............ | — | 22 080.00 |
| — — — — — — 68 — — — — ............ | — | 19 800.00 |
| — — — — — — 67 — — — — ............ | — | 18 240.00 |

Hækkun lífeyris vegna frestunar fram yfir 67 ára aldur skal ekki veitt, nema umsækjandi hafi þann tíma átt lífeyrisrétt hér á landi eða í landi, sem samið er við um gagnkvæman rétt til ellilífeyris. Frestun á töku lífeyris telst lokið, þegar hlutaðeiganda er úrskurðaður ellilífeyrir í fyrsta sinn.

Lífeyrir hjóna, sem bæði fá lífeyri, skal nema 90% af lífeyri tveggja einstaklinga. Heimilt er þó að úrskurða hvoru hjónanna um sig einstaklingslífeyri, ef þau eru eigi samvistum af heilsufarsástæðum eða öðrum ástæðum, er tryggingaráð metur jafngildar.

Nú andast maður, sem frestað hefur töku lífeyris fram yfir 67 ára aldur, og lætur eftir sig maka á lífi, og skal þá hinn eftirlifandi maki til viðbótar eigin ellilífeyri eiga rétt á þeirri hækkun, sem hinn látni átti rétt á vegna frestunar, sem átt hafði sér stað eftir 1. janúar 1961.

13. gr.

Rétt til örorkulífeyris eiga þeir menn á aldrinum 16—67 ára, sem eru öryrkjar til langframa á svo háu stigi, að þeir eru ekki færir um að vinna sér inn ¼ þess, er andlega og líkamlega heilir menn eru vanir að vinna sér inn í því sama héraði við störf, sem hæfa líkamskröftum þeirra og verkkunnáttu og sanngjarnt er að ætlast til af þeim, með hliðsjón af uppeldi og undanfarandi starfa.

Heimilt er Tryggingastofnuninni að verja allt að 10% þeirrar heildarfjárhæðar, sem árlega er greidd í örorkulífeyri samkvæmt 1. málsgr. þessarar greinar, til greiðslu örorkustyrkja handa þeim, sem misst hafa 50—75% starfsorku sinnar. Tryggingaráð setur reglur um slíkar greiðslur, sem ráðherra staðfestir.

Tryggingayfirlæknir metur örorku þeirra, sem sækja um örorkubætur.
Árlegur örorkulífeyrir skal vera kr. 18 240.00, og greiðist hann eftir sömu reglum og ellilífeyrir, eftir því sem við getur átt.

### 14. gr.

Greiða má maka elli- og örorkulífeyrisþega makabætur allt að 80% einstaklingslífeyris, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

### 15. gr.

Fjölskyldubætur eru greiddar með öllum börnum yngri en 16 ára. Skulu þær greiddar þeim, sem foreldraráðin hafa, eða þeim öðrum, sem annast framfærslu barnanna, nema meðlagsgreiðandi, sem greiðir meira en lágmarksmeðlag, óski eftir, þá er heimilt að draga helming fjölskyldubótanna frá meðlagsgreiðslunni, þó aldrei svo, að meðlagið verði lægra en lágmarksmeðlag.
Árlegar fjölskyldubætur með hverju barni skulu vera kr. 3 000.00.

### 16. gr.

Barnalífeyrir er greiddur með börnum yngri en 16 ára, ef faðirinn er látinn eða er örorkulífeyrisþegi.
Sömu réttarstöðu hafa kjörbörn og stjúpbörn, þegar eins stendur á.
Þó er ekki greiddur barnalífeyrir með stjúpbörnum, sem eiga framfærsluskyldan föður á lífi, eða með kjörbörnum, nema þau hafi verið á framfæri hins látna eða örorkulífeyrisþegans a. m. k. 2 síðustu árin, áður en lífeyrisréttur gat stofnazt. Þó er tryggingaráði heimilt að stytta þessa fresti, ef sýnt þykir, að ættleiðingin standi ekki í sambandi við væntanlegan bótarétt.
Tryggingaráð getur ákveðið að greiða ekkli allt að fullum barnalífeyri, ef fráfall eiginkonu veldur tilfinnanlegri röskun á afkomu hans. Sama gildir um ellilífeyrisþega, einstæða móður, sem er öryrki, svo og hjón, sem verða fyrir verulegum tekjumissi eða útgjaldaaukningu sökum örorku eiginkonu.
Barnalífeyrir greiðist móður eða foreldrum barnanna, enda séu þau á framfæri þeirra, eða þeim öðrum, er annast framfærslu þeirra að fullu.
Árlegur barnalífeyrir með hverju barni skal vera kr. 8 400.00.
Heimilt er að hækka barnalífeyri vegna munaðarlausra barna um allt að 100%. Sama gildir, ef annað foreldri er látið, en hitt öryrki.

### 17. gr.

Mæðralaun skulu greidd ekkjum, ógiftum mæðrum og fráskildum konum, sem hafa börn undir 16 ára aldri á framfæri sínu.
Árleg mæðralaun skulu vera sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| Með einu barni ......................... | kr. | 1680.00 |
| Með tveimur börnum ..................... | — | 9120.00 |
| Með þremur börnum eða fleiri ............ | — | 18240.00 |

### 18. gr.

Fæðingarstyrkur skal vera kr. 4 000.00 við hverja fæðingu.

### 19. gr.

Hver sú kona, sem verður ekkja innan 67 ára aldurs, á rétt á bótum í þrjá mánuði eftir lát eiginmanns síns, kr. 2 000.00 mánaðarlega.
Ef ekkja hefur barn, yngra en 16 ára, á framfæri sínu, á hún enn fremur rétt á bótum í 9 mánuði í viðbót, kr. 1 500.00 mánaðarlega.

20. gr.

Þegar niður falla bætur samkvæmt 19. gr., á hver sú kona, sem orðin var 50 ára við lát mannsins, rétt á ekkjulífeyri til 67 ára aldurs. Ekkjulífeyrir miðast við aldur konunnar, þegar lífeyrisréttur stofnast. Sé konan þá orðin 65 ára, greiðist fullur lífeyrir, en ella lækkar hann um 5% fyrir hvert ár eða brot úr ári, sem vantar á þann aldur. Lífeyrir fellur niður, ef ekkja gengur í hjónaband.

Ákvæði 1. málsgr. þessarar greinar skulu einnig gilda um ekkjur, fráskildar konur og ógiftar mæður, ef þær eru orðnar 50 ára, þegar þær hætta að taka barnalífeyri.

Tryggingaráði er heimilt að veita ekkju ekkjulífeyri frá 50 ára aldri, þótt hún hafi verið yngri, er maður hennar lézt, enda hafi hjónabandið staðið a. m. k. 20 ár.

Fullur ekkjulífeyrir er kr. 18 240.00 á ári.

21. gr.

Heimilt er að greiða uppbót á elli- og örorkulífeyri, ef sýnt þykir, að lífeyrisþegi geti ekki komizt af án hækkunar.

Tryggingastofnunin ákveður uppbót samkvæmt grein þessari að fengnum tillögum sveitarstjórnar, og greiðist hún að $3/5$ af Tryggingastofnuninni, en að $2/5$ af sveitarsjóði. Er stofnuninni heimilt að verja í þessu skyni upphæð, sem nemur allt að 10% af heildarupphæð elli- og örorkulífeyris síðastliðins árs.

Hlutur Tryggingastofnunarinnar greiðist því aðeins, að hlutur sveitarsjóðs sé jafnframt greiddur.

22. gr.

Nú ákveður sveitarstjórn að koma á fót heimilishjálp fyrir ellilífeyrisþega, og getur tryggingaráð þá ákveðið, að útgjöld vegna slíkrar heimilishjálpar skuli að nokkru eða öllu leyti reiknuð sem uppbætur á lífeyri samkvæmt 21. gr., enda séu reglur um starfsemi þessa samþykktar af tryggingaráði.

C. Tekjur.

23. gr.

Útgjöld vegna greiðslu fjölskyldubóta, samkvæmt 15. gr., greiðist að fullu úr ríkissjóði.

Önnur útgjöld lífeyristrygginganna skulu eftirtaldir aðilar bera, og skulu framlög og iðgjöld þeirra ákveðin með það fyrir augum, að kostnaðurinn skiptist í þeim hlutföllum, er hér greinir:

a. Ríkissjóður 36%.
b. Hinir tryggðu 32%.
c. Sveitarsjóðir 18%.
d. Atvinnurekendur 14%.

24. gr.

Fyrir lok júlímánaðar ár hvert skal Tryggingastofnunin hafa gert áætlun um útgjöld lífeyristrygginganna fyrir næsta almanaksár, sem þá þegar skal senda félagsmálaráðuneytinu til staðfestingar. Auk áætlaðra útgjalda má gera ráð fyrir tillagi til varasjóðs allt að 2% af áætluðum útgjöldum.

Samkvæmt þessari staðfestu áætlun skulu ákveðin iðgjöld og framlög næsta árs, samkvæmt 23. gr.

Nú verður veruleg breyting fyrir árslok á einhverjum þeim atriðum, sem miðað var við, þegar grundvöllur fjárhagsáætlunar var lagður, og getur ráðherra þá breytt framlögum og iðgjöldum í samræmi við þá breytingu.

Komi í ljós við reikningslok, að hið áætlaða framlag hefur orðið of hátt eða

ekki nógu hátt hjá einstökum þátttökuaðiljum samkvæmt 23. gr., skal áætlað framlag hlutaðeigandi aðila fyrir næsta ár við það miðað, að leiðrétting náist.

25. gr.

Framlag ríkissjóðs til lífeyristrygginganna samkvæmt 23. og 24. gr. skal greitt Tryggingastofnuninni með jöfnum mánaðargreiðslum fyrir 10. hvers mánaðar.

26. gr.

Iðgjöld samkvæmt b-lið 23. gr. greiða allir, sem lögheimili eiga í landinu, 16—67 ára að aldri. Undanþegnir gjaldskyldu eru þeir, sem hafa notið bóta samkvæmt þessum kafla, annarra en fjölskyldubóta, barnalífeyris, mæðralauna eða fæðingarstyrks, tvo mánuði eða lengur eða dvalizt hafa í sjúkrahúsi eða hæli á kostnað trygginganna eða ríkisframfærslunnar jafnlangan tíma á skattárinu, ef hreinar tekjur þeirra á skattárinu hafa eigi verið hærri en kr. 15 000.00, ef um einstakling er að ræða, kr. 25 000.00, ef um hjón er að ræða, og kr. 6 000.00 til viðbótar fyrir hvern ómaga á framfæri. Aldrei skal þó leggja iðgjald á þann, sem ekki hefur haft aðrar tekjur en bætur samkvæmt lögum þessum.

Skal iðgjald kvenna sem næst fjórðungi lægra en karla og iðgjald hjóna sem næst einum tíunda hærra en karla.

Félagsmálaráðuneytið ákveður iðgjöldin með reglugerð fyrir næsta ár, um leið og það staðfestir áætlun trygginganna, sbr. 24. gr. 2. málsgr., að fengnum tillögum tryggingaráðs.

27. gr.

Framlagi sveitarfélaga skal skipta niður á umdæmi kaupstaða og sýslufélaga á eftirfarandi hátt:

a. Tveim fimmtu hlutum framlagsins skal skipta niður í beinu hlutfalli við samanlögð útgjöld lífeyristrygginganna í hverju umdæmi fyrir sig árið áður.
b. Tveim fimmtu hlutum í hlutfalli við hreinar tekjur einstaklinga, og félaga í umdæminu samkvæmt síðasta skattframtali.
c. Einum fimmta hluta í hlutfalli við tölu íbúa á aldrinum 16—67 ára í umdæminu um síðustu áramót.

Innan hvers sýslufélags skiptist framlagið á milli sveitarfélaganna, ef fleiri eru en eitt, eftir þessum reglum:

a. Einn þriðji skiptist í beinu hlutfalli við hreinar tekjur einstaklinga og félaga í sveitarfélaginu árið áður.
b. Einn þriðji í hlutfalli við fasteignamat allra eigna í sveitarfélaginu.
c. Einn þriðji skiptist í hlutfalli við fjölda íbúa á aldrinum 16—67 ára í sveitarfélaginu um síðustu áramót.

Hafi sveitarsjóður eigi tekjur, sem tryggingargjaldi svarar, af þeim fasteignum, sem framlag sveitarfélags til lífeyristrygginga miðast við, þegar framlagi er skipt milli sveitarfélaga innan sýslufélags, sbr. b-lið, er sveitarstjórn heimilt að leggja á og innheimta hjá eigendum fasteignanna upphæð, sem svarar því gjaldi, sem sveitarsjóður greiðir þannig vegna þeirra.

Framlög sveitarfélaganna skal greiða ársfjórðungslega. Tryggingastofnunin áætlar framlag hvers sveitarfélags í ársbyrjun, og eru gjalddagar síðasta dag hvers ársfjórðungs, en lokaskil skulu gerð, þegar hlutur hvers sveitarfélags hefur verið endanlega ákveðinn samkvæmt framansögðu.

Ríkissjóður ábyrgist framlög sveitarfélaganna.

Verði vanskil af hálfu sveitarfélags á greiðslu framlags lengur en þrjá mánuði, skal það frá gjalddaga greiða dráttarvexti, er séu 1% hærri en hæstu útlánsvextir banka á hverjum tíma.

28. gr.

Framlagi atvinnurekenda, sbr. 23. gr. d., skal jafna niður á þá, sem hafa í þjónustu sinni launþega, sbr. 31. gr., með iðgjöldum miðuðum við vinnuvikur, unnar í þjónustu þeirra. Sé um tímavinnu að ræða, telst vinnuvikan 48 stundir. Iðgjald þetta greiða og bifreiðastjórar, sem aka eigin bifreið í atvinnuskyni. Upphæð iðgjalds skal ákveðin með reglugerð fyrir eitt ár í senn. Í reglugerð skal og ákveða, hversu meta skuli til vinnuvikna störf foreldra, sem dveljast og starfa á heimilum barna sinna eða fósturbarna, störf barna og fósturbarna eldri en 16 ára, sem dveljast og starfa á heimilum foreldra sinna, svo og störf barna, unglinga, gamalmenna og öryrkja, sem dveljast og vinna hjá vandalausum án verulegrar kaupgreiðslu.

III. KAFLI

**Slysatryggingar.**

A. Almenn ákvæði.

29. gr.

Slys er það samkvæmt lögum þessum, ef maður slasast við vinnu, svo að hann deyr eða verður óvinnufær, sbr. þó 2. málsgr. 34. gr.

Maður telst vera við vinnu, ef hann er í sendiferðum í þágu atvinnurekstrar eða í nauðsynlegum ferðum til vinnu og frá, enda sé aðeins um að ræða ferðir, sem farnar eru samdægurs milli vinnustaðar og heimilis eða matstaðar. Sama gildir um ferðir sjómanna í erindum í þarfir útgerðarinnar eða fyrir sjálfa sig í erindum, er leiðir beint af starfi þeirra sem sjómanna.

Til slysa teljast sjúkdómar, er stafa af skaðlegum áhrifum efna, geislaorku eða öðru hliðstæðu, sem ríkjandi eru í hæsta lagi fáeina daga og rekja verður til vinnunnar.

Ákveða skal með reglugerð, að tilteknir atvinnusjúkdómar skuli teljast bótaskyldir samkvæmt þessum kafla.

30. gr.

Þegar að höndum ber slys, sem ætla má bótaskylt samkvæmt þessum kafla, skal atvinnurekandi, eða hinn tryggði, ef ekki er um atvinnurekanda að ræða, tafarlaust senda tilkynningu um slysið í því formi, sem Tryggingastofnunin skipar fyrir um, til lögreglustjóra eða umboðsmanns hans (í Reykjavík til Tryggingastofnunarinnar). Lögreglustjóri sendir tilkynninguna til Tryggingastofnunarinnar ásamt nauðsynlegum upplýsingum. Hinum slasaða eða þeim öðrum, sem gera vilja kröfu til bóta vegna slyssins, ber að fylgjast með því, að tilkynningarskyldunni sé fullnægt, og geta þessir aðilar leitað aðstoðar lögreglustjóra, ef atvinnurekandi vanrækir tilkynninguna. Ef atvik að slysinu eru óljós eða mál ekki nægilega upplýst eða ástæða til að ætla, að slysið hafi orðið af hirðuleysi eða lélegum útbúnaði, svo og ef Tryggingastofnunin eða annar hvor aðila, atvinnurekandi eða hinn slasaði eða fyrirsvarsmaður hans, óskar þess, skal lögreglustjóri rannsaka málið fyrir rétti.

Ef sá, sem átti að tilkynna slys, hefur vanrækt það, skal það eigi vera því til fyrirstöðu, að sá, sem fyrir slysi varð, eða eftirlátnir vandamenn hans, geti gert kröfu til bóta, ef það er gert áður en ár er liðið, frá því að slysið bar að höndum. Tryggingaráð getur þó ákveðið að greiða bætur, þó að lengri tími líði, ef atvik eru svo ljós, að drátturinn torveldar ekki gagnaöflun um atriði, er máli skipta.

31. gr.

Slysatryggðir samkvæmt lögum þessum eru:

a. Launþegar.

b. Nemendur við iðnnám samkvæmt lögum nr. 46/1949.

c. Stjórnendur aflvéla og ökutækja, er þeir hafa umráð yfir, sbr. 5. málsgr. 40. gr.
d. Útgerðarmenn, sem sjálfir eru skipverjar.
e. Þeir, sem vinna að björgun manna úr lífsháska eða vörnum gegn yfirvofandi meiri háttar tjóni á verðmætum.

Launþegi telst hver sá, sem tekur að sér vinnu gegn endurgjaldi án þess að vera sjálfur atvinnurekandi í því sambandi, hvort sem um er að ræða tímakaup, föst laun, aflahlut eða greiðslu fyrir ákvæðisvinnu.

Undanskilin slysatryggingu samkvæmt þessari grein er lausavinna, sem ekki er í sambandi við atvinnurekstur né hefur í för með sér sérstaka áhættu. Með reglugerð skal ákveða nánar, hvað telja skuli lausavinnu í þessu sambandi.

Maki atvinnurekanda og börn hans, yngri en 16 ára, teljast ekki launþegar samkvæmt þessari grein.

32. gr.

Eftirtöldum mönnum skulu tryggðar slysabætur samkvæmt lögum þessum, nema tekið sé fram á skattframtali í byrjun árs, að tryggingar sé ekki óskað:

a. Atvinnurekendum í landbúnaði, sem vinna landbúnaðarstörf, mökum þeirra og börnum á aldrinum 12—16 ára.
b. Atvinnurekendum, sem starfa að eigin atvinnurekstri í öðrum atvinnugreinum.
c. Launþegum, sem að staðaldri vinna störf, sem falla undir ákvæði 3. málsgr. 31. greinar.

Atvinnurekendur samkvæmt b-lið geta tryggt mökum sínum og börnum innan 16 ára, sem með þeim starfa að atvinnurekstrinum, rétt til slysabóta með því að skrá á skattframtal í byrjun hvers árs ósk þar að lútandi. Sama gildir um börn atvinnurekenda í landbúnaði innan 12 ára aldurs.

B. Bætur.

33. gr.

Slysatryggingarnar taka til sjúkrahjálpar, dagpeninga, örorkubóta og dánarbóta.

34. gr.

Ef bótaskylt slys veldur sjúkleika og vinnutjóni minnst 10 daga, skal greiða hinum slasaða nauðsynlega læknishjálp og sjúkrahúsvist frá þeim tíma, er slysið vildi til, svo og nauðsynlegan lyfja- og umbúðakostnað. Læknishjálp og sjúkrahúsvist greiðist eftir gjaldskrá, sem staðfest er af heilbrigðismálaráðuneytinu, ef ekki er öðruvísi um samið. Auk þess er heimilt að greiða fyrir sjúkraleikfimi, hjúkrun í heimahúsum og flutning á slösuðum mönnum fyrst eftir slys, enda séu slíkar aðgerðir taldar nauðsynlegar að dómi tryggingayfirlæknis.

Nú veldur slys ekki óvinnuhæfni í 10 daga, en hefur þó í för með sér sjúkrakostnað, sem ekki fæst greiddur af hlutaðeigandi sjúkrasamlagi, og getur þá tryggingaráð heimilað greiðslu á slíkum kostnaði í hverju einstöku tilfelli.

35. gr.

Dagpeningar greiðast frá og með 8. degi eftir að slysið varð, enda hafi hinn slasaði verið óvinnufær í minnst 10 daga. Dagpeningar greiðast þangað til hinn slasaði verður vinnufær, úrskurður er felldur um varanlega örorku hans eða hann deyr, þó ekki lengur en 52 vikur.

Tryggingaráði er heimilt að ákveða, að dagpeningar skuli greiddir lengur, einkum ef ekki er lokið lækningatilraunum og óvíst er, hvort um varanlega örorku verður að ræða, og líkur eru til, að afstýra megi eða draga úr örorku með lengri bótagreiðslu.

Dagpeningar eru kr. 86.00 á dag fyrir kvæntan mann eða gifta konu, sem er aðalfyrirvinna heimilis, kr. 76.00 fyrir aðra og kr. 10.00 fyrir hvert barn á framfæri, allt að þrem, þar með talin börn utan heimilis, sem hinn slasaði sannanlega greiðir með samkvæmt meðlagsúrskurði eða skilnaðarleyfisbréfi.

Greiðslur samkvæmt grein þessari mega ekki fara fram úr ¾ af vinnutekjum bótaþega við þá atvinnu, er hann stundaði, er slysið varð, og mega ekki, ásamt vinnutekjum, nema meiru en upphæð dagpeninga að viðbættum þriðjungi. Í reglugerð skal ákveðið, hvernig meta skuli í þessu sambandi vinnutekjur maka og barna atvinnurekenda, sem tryggð eru samkvæmt a-lið 1. málsgr. eða 2. málsgr. 32. gr.

Nú greiðir vinnuveitandi hinum slasaða laun í slysaforföllum, og renna þá dagpeningagreiðslur samkvæmt þessari grein til vinnuveitandans þann tíma, þó aldrei hærri greiðsla en sem nemur ¾ hlutum launanna.

36. gr.

Ef slys veldur varanlegri örorku, skal greiða þeim, er fyrir því varð, örorkulífeyri eftir reglum 13. gr., síðustu málsgr., eða örorkubætur í einu lagi.

Ef örorkan er 50% eða meiri, greiðist hálfur örorkulífeyrir fyrir 50% örorku, hækkar síðan um 2% fyrir hvert örorkustig, sem við bætist, unz örorkan nemur 75%, þá greiðist fullur lífeyrir.

Nú er örorka metin meiri en 50%, og skal þá auk örorkulífeyris greiða lífeyri vegna maka og barna yngri en 16 ára, sem voru á framfæri bótaþega, þegar slysið bar að höndum, eftir reglum 37. gr. b. og c. Ef örorkan er 75% eða meiri, skal greiða fullar bætur, en sé orkutapið minna, lækka bæturnar um 4% fyrir hvert 1%, sem vantar á 75% örorku.

Ef orkutap er minna en 50%, er Tryggingastofnuninni heimilt að greiða í einu lagi örorkubætur, sem jafngilda lífeyri hlutaðeiganda um tiltekið árabil, samkvæmt reglum, er ráðuneytið setur að fengnum tillögum tryggingaráðs. Ella greiðist lífeyrir í hlutfalli við örorkuna.

Örorkubætur greiðast ekki, ef orkutapið er metið minna en 15%.

37. gr.

Ef slys veldur dauða innan eins árs frá því, er það bar að höndum, skal greiða dánarbætur sem hér segir:

a. Ekkja eða ekkill, sem var samvistum við hinn látna eða á framfæri hans, hljóta bætur, kr. 2000.00 á mánuði í 8 ár frá dánardægri hins látna. Bætur samkvæmt þessum staflið falla ekki niður, þótt ekkja eða ekkill stofni til hjúskapar á ný.

   Nú andast ekkja eða ekkill, sem bóta hefur notið samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, áður en bætur hafa verið greiddar að fullu, og skulu eftirstöðvar bótanna greiddar að jöfnu börnum hinna látnu eftir sömu reglum til loka tímabilsins, ef á lífi eru, ella til dánarbús hans.

b. Ef ekkja eða ekkill eru orðin 50 ára eða hafa tapað meiru en 50% af starfsorku sinni, er slysið ber að höndum, greiðist auk bóta samkvæmt a-lið lífeyrir til 67 ára aldurs, kr. 18 240.00 á ári miðað við 65 ára aldur eða 75% örorku. Lífeyrir lækkar um 6% fyrir hvert ár eða brot úr ári, sem vantar á 65 ára aldur, og 4% fyrir hvert 1%, sem vantar á 75% örorku. Lífeyrir samkvæmt þessum staflið fellur niður, ef bótaþegi gengur í hjónaband á ný.

c. Barnalífeyrir, kr. 8 400.00 á ári fyrir hvert barn, sbr. að öðru leyti 16. gr.

d. Barn eldra en 16 ára, sem var á framfæri hins látna vegna örorku, þegar slysið bar að höndum, fær bætur, eigi minni en kr. 25 000.00 og allt að kr. 75 000.00 eftir því, að hve miklu leyti það naut stuðnings hins látna við fráfall hans. Þó

greiðast ekki bætur, ef örorka er minni en 33%. Sama gildir um systkini hins látna, þegar eins stendur á.

e. Foreldri hlýtur eigi minni bætur en kr. 25 000.00 og allt að kr. 75 000.00 eftir því, að hve miklu leyti það naut stuðnings hins látna við fráfall hans.

Bætur samkvæmt a-, d- og e-liðum skulu eigi vera lægri en kr. 35 000.00 fyrir hvert slys. Nú lætur hinn látni ekki eftir sig aðstandendur, sem rétt eigi til bóta samkvæmt þessum stafliðum, og skal þá bæta slysið með kr. 35 000.00, sem skiptist að jöfnu milli barna hins látna, ef á lífi eru, en ella til dánarbús hans.

Um fósturbörn og fósturforeldra gildir sama og um börn og foreldra. Tryggingaráð úrskurðar, hvoru skuli greiða, foreldri eða fósturforeldri, ef hvort tveggja er á lífi.

Frá dánarbótum, sem greiddar eru vandamönnum, ber að draga þær örorkubætur, er greiddar hafa verið í einu lagi samkvæmt 4. málsgr. 36. gr. vegna sama slyss.

### 38. gr.

Verði breyting á dagvinnukaupi almennra verkamanna í Reykjavík, er ráðherra heimilt, að fengnum tillögum tryggingaráðs, að breyta dagpeningum samkvæmt 35. gr. og greiðslum samkvæmt a-, d- og e-lið 37. gr. í samræmi við það.

### 39. gr.

Ráðherra getur ákveðið, að útgerðarmönnum skuli skylt að tryggja gegn aukaiðgjaldi áhættu þá vegna bótaskyldra slysa, sem þeir bera samkvæmt 32. gr. laga nr. 41 19. maí 1930, þannig, að Tryggingastofnunin greiði hinum slasaða, þegar dagpeningar eru greiddir samkvæmt 35. gr., einnig fullt kaup eða aflahlut í eina viku frá afskráningardegi að telja.

## C. Tekjur.

### 40. gr.

Útgjöld slysatrygginga skulu borin af atvinnurekendum með greiðslu iðgjalda, álagðra samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. Eigendur ökutækja og aflvéla, sbr. c-lið 31. gr. skulu þó standa skil á greiðslum vegna tryggingar þeirra, og sömuleiðis skulu launþegar samkvæmt c-lið 32. gr. standa skil á iðgjöldum sínum.

Upphæð iðgjalda til slysatrygginga ber að miða við slysahættuna. Skal skipta fyrirtækjum í áhættuflokka og ákveða iðgjald fyrir hvern flokk. Starfstíminn er talinn í vikum, og telst vikan eining við iðgjaldaákvörðun. Sé um tímavinnu að ræða, teljast 48 klukkustundir í viku. Ákvörðun iðgjalda skal miðuð við áætlun Tryggingastofnunarinnar um útgjöld slysatrygginganna.

Ef rekstrarhættir veita tilefni til, má skipta fyrirtæki í deildir við iðgjaldaákvörðun, og heimilt er Tryggingastofnuninni, þegar sérstaklega stendur á, að taka tillit til skiptingar starfsfólks eftir starfsgreinum og ákveða iðgjald samkvæmt því.

Um skiptingu í áhættuflokka og iðgjald fyrir hvern flokk skal ákveðið með reglugerð, er ráðherra setur að fengnum tillögum Tryggingastofnunarinnar. Í þeirri reglugerð skal setja ákvæði um, hvernig meta skuli til vinnuvikna störf maka atvinnurekanda og barna hans innan 16 ára aldurs, sbr. 32. gr., og setja má þar ákvæði um, að meta skuli störf þess fólks, er um ræðir í síðasta málslið 28. gr., á sama hátt og gert verður í reglugerð samkvæmt þeirri grein.

Með reglugerð skal ákveða fast ársiðgjald vegna trillubáta, bifhjóla, reiðhjóla með hjálparvél og heimilisdráttarvéla og annarra meiri háttar heimilisaflvéla.

## IV. KAFLI
## Sjúkratryggingar.
### A. Almenn ákvæði.

**41. gr.**

Í hverjum kaupstað og hverjum hreppi skal vera sjúkrasamlag til þess að annast sjúkratryggingar.

Ráðherra getur ákveðið, að fengnum tillögum tryggingaráðs og með samþykki hlutaðeigandi sjúkrasamlagsstjórna, að eitt og sama sjúkrasamlag annist sjúkratryggingarnar í fleiri hreppum innan sömu sýslu, eða í kaupstað og nærliggjandi hreppum. Einnig má láta hluta sveitarfélags fylgja sjúkrasamlagi nágrannasveitarfélags.

Nú samþykkja a. m. k. ⅔ hlutar sjúkrasamlagsstjórna í sama lögsagnarumdæmi að sameinast í eitt sjúkrasamlag, og getur þá ráðherra, að fengnum tillögum tryggingaráðs, ákveðið sameiningu allra samlaga umdæmisins.

Samþykktir sjúkrasamlaga skulu staðfestar af ráðherra, að fengnum tillögum Tryggingastofnunarinnar.

**42. gr.**

Ráðherra skipar formann og varaformann stjórnar sjúkrasamlags, að fengnum tillögum tryggingaráðs, en sveitarstjórn kýs til viðbótar tvo eða fjóra menn í stjórnina og jafnmarga til vara, eftir því sem sveitarstjórn ákveður.

Standi fleiri en eitt sveitarfélag að sjúkrasamlagi, skulu þau hvert um sig kjósa einn mann í stjórnina, en verði tala stjórnarnefndarmanna þá jöfn, skal sveitarfélag það, sem flesta hefur tryggingarskylda meðlimi, kjósa tvo menn. Nú sameinast öll sjúkrasamlög í lögsagnarumdæmi í eitt sjúkrasamlag, sbr. 3. málsgr. 41. gr., og skal þá sýslunefnd kjósa 4 menn í stjórn samlagsins.

Kjörtímabil allra stjórnarnefndarmanna skal vera fjögur ár, og skulu þeir skipaðir og kosnir þegar að loknum almennum sveitarstjórnarkosningum.

Tryggingastofnun ríkisins ákveður þóknun stjórnenda, er greiðist úr samlagssjóði.

**43. gr.**

Í hverju sýslufélagi skal vera héraðssamlag. Ráðherra getur þó ákveðið, að héraðssamlag nái til fleiri sýslufélaga. Öll sjúkrasamlög á svæði héraðssamlags skulu eiga hlut að því samkvæmt ákvæðum þeim, sem hér fara á eftir. Heimilt er sjúkrasamlagi kaupstaðar að gerast aðili að héraðssamlagi því, sem svæði á næst kaupstaðnum, enda sé ósk um það sett fram með þriggja mánaða fyrirvara, miðað við áramót.

Ekki skal þó vera héraðssamlag í sýslu, ef öll sjúkrasamlög í sýslunni hafa sameinazt í eitt sjúkrasamlag, sbr. 3. málsgr. 41. gr.

Samþykktir héraðssamlags skulu staðfestar af ráðherra, að fengnum tillögum Tryggingastofnunar ríkisins, sem lætur gera fyrirmynd að slíkum samþykktum.

**44. gr.**

Formaður héraðssamlags er sýslumaður hlutaðeigandi sýslufélags, eða — séu fleiri valdsmenn á svæðinu — sá þeirra, sem félagsmálaráðherra til þess skipar. Sýslunefnd kýs til viðbótar tvo menn í stjórnina. Nái héraðssamlag til meira en eins sýslufélags, kýs hver sýslunefnd eða bæjarstjórn einn mann í stjórnina.

Tryggingastofnunin ákveður þóknun stjórnarinnar.

45. gr.

Hlutverk héraðssamlaga er:

a. Að tryggja samlagsmönnum sjúkrasamlaganna í umdæminu sjúkrahúsvist samkvæmt ákvæðum a-liðs 1. málsgr. 49. gr. að undanteknum fyrstu 30 dögum sjúkrahúsvistar hvers samlagsmanns á hverjum 12 mánuðum.
b. Að sjá um greiðslu sjúkradagpeninga eftir úrskurðum samlagsstjórna.
c. Að annast endurskoðun og úrskurðun á reikningum sjúkrasamlaganna, gera heildarskýrslu um rekstur þeirra og efnahag og senda Tryggingastofnuninni hvort tveggja árlega.
d. Að vera Tryggingastofnun ríkisins til aðstoðar og leiðbeiningar varðandi tryggingamál í umdæminu.

Rekstrarkostnaði héraðssamlags og sjúkrahúskostnaði, sem það tryggir, skal skipt milli hlutaðeigandi sjúkrasamlaga í hlutfalli við fjölda samlagsmanna. Skulu reikningsskil milli sjúkrasamlaga og héraðssamlaga fara fram eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

46. gr.

Framlag ríkissjóðs til sjúkratrygginganna samkvæmt 55. gr. greiðir Tryggingastofnun ríkisins til héraðssamlaganna, þar sem þau eru, ella til hlutaðeigandi sjúkrasamlags.

Héraðssamlag greiðir hverju sjúkrasamlagi innan héraðssamlagsins sinn hluta framlagsins að frádregnum sjúkradagpeningum, sem stjórn sjúkrasamlagsins hefur úrskurðað, og þeim hluta rekstrarkostnaðar samlagsins og sjúkrahúskostnaðar, sem það tryggir, er í hlut sjúkrasamlagsins kemur samkvæmt 45. gr.

B. Bætur.

47. gr.

Sérhverjum manni, karli eða konu, 16 ára eða eldri, er skylt að tryggja sér rétt til bóta, er sjúkratryggingin veitir, með greiðslu iðgjalda samkvæmt 54. gr. í því samlagi, er starfar þar, sem hann á lögheimili. Undanþegnir tryggingarskyldunni eru þeir, sem haldnir eru sjúkdómi, sem lög nr. 78/1936, um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla, taka til, á meðan þeir dveljast í sjúkrahúsi eða hæli á kostnað ríkisframfærslunnar.

Börn samlagsmanna, þar með talin stjúpbörn og fósturbörn, yngri en 16 ára, sem eru á framfæri þeirra, eru sjúkratryggð með þeim. Sömu aðstöðu og fósturbörn skulu í þessu sambandi hafa börn, sem fara til dvalar um ótiltekinn langan tíma á heimili samlagsmanns, hvort sem greitt er með þeim eða ekki og hver sem foreldraráðin hefur að lögum. Séu foreldrar (fósturforeldrar) samvistum, njóta börnin fullra réttinda, ef hvorugt foreldranna er í vanskilum við samlagið, en hálfra réttinda, ef annað er í vanskilum, sbr. þó lög nr. 68 27. apríl 1962. Séu foreldrarnir ekki samvistum, fylgir barnið tryggingu þess, sem foreldraráðin hefur.

48. gr.

Þeir, sem verða samlagsmenn þegar við 16 ára aldur eða flytjast milli samlaga samkvæmt 53. gr., öðlast réttindi án biðtíma. Biðtími annarra, þar á meðal þeirra, sem misst hafa réttindi vegna vanskila, sbr. 74. gr., skal að jafnaði vera 6 mánuðir frá því, að iðgjaldagreiðsla þeirra hófst. Heimilt er þó að ákveða annan biðtíma í samþykktum samlags, svo og að biðtími skuli, ef iðgjaldsskuld er greidd að fullu, aðeins gilda um rétt til sjúkrahúsvistar og dagpeninga. Maður, sem verður tryggingarskyldur að aflokinni dvöl í sjúkrahúsi eða hæli, sbr. 1. málsgr. 47. gr., fær þó full réttindi án biðtíma.

### 49. gr.

Í samþykktum sjúkrasamlaga skal tekið fram, hverra réttinda samlagsmenn njóta. Ætíð skal þó sjúkrasamlag veita þá hjálp, sem hér er talin:

a. Ókeypis vist að ráði samlagslæknis í sjúkrahúsi, sem samlagið hefur samning við, eins lengi og nauðsyn krefur, ásamt læknishjálp og lyfjum, svo og annarri þjónustu, sem sjúkrahúsið veitir. Samlag greiðir þó ekki sjúkrahúsvist lengur en 5 vikur alls vegna ellikramar og alvarlegra, langvinnra sjúkdóma, sem lög nr. 78/1936 taka til.

b. Almenn læknishjálp utan sjúkrahúsa hjá samlagslækni sjúklings eða öðrum lækni, ef slíkar vitjanir eru heimilaðar í samþykktum samlagsins. Samlagsmenn greiða þó 10 kr. fyrir hvert viðtal á lækningastofu og 25 kr. fyrir hverja vitjun. Sjúkrasamlag hefur heimild til að ákveða, að sjúklingur greiði læknisreikninga að fullu, og endurgreiðir samlag þá sjúklingi sinn hluta. Utanhéraðssjúklingar skulu jafnan greiða lækni að fullu.

c. Nauðsynlegar rannsóknir og aðgerðir, eftir tilvísun samlagslæknis, hjá sérfræðingum að ¾ hlutum. Sjúkrasamlagsstjórn getur takmarkað heimild samlagslækna til tilvísana samkvæmt þessum lið.

d. Lyf, sem samlagsmanni er lífsnauðsynlegt að nota að staðaldri, að fullu og önnur nauðsynleg lyf að ¾ eða ½, enda séu lyfin á lyfjaskrá, sem Tryggingastofnunin lætur gera og staðfest skal af heilbrigðisstjórninni. Heimilt er í skrá þessari að takmarka greiðslu ákveðinna lyfja við tiltekið hámark.

e. Röntgenmyndir og röntgenskoðun að ¾ samkvæmt gjaldskrá, er heilbrigðisstjórnin setur.

f. Sjúkradagpeninga samkvæmt 50. gr.

g. Dvöl umfram 9 daga vegna fæðingar í sjúkrahúsi eða fæðingarstofnun.

Ef farsóttir ganga, svo sem mislingar, inflúenza, skarlatssótt o. fl., fellur niður greiðsla dagpeninga vegna slíkra sjúkdóma, ef faraldurinn er yfirgripsmikill, nema tryggingaráð heimili greiðsluna hverju sinni. Sjúkrasamlög greiða ekki sjúkrakostnað, sem skylt er að greiða samkvæmt sóttvarnarlögum eða öðrum sérstökum lögum.

Í samþykktum samlaga er heimilt að ákveða víðtækari hjálp vegna veikinda, svo og greiðslu fyrir tannlækningar. Sjúkradagpeningar mega þó eigi hærri vera en slysadagpeningar samkvæmt 35. gr.

### 50. gr.

Sjúkrasamlögin greiða sjúkradagpeninga, ef samlagsmaður, sem er 16 ára eða eldri og ekki nýtur elli- eða örorkulífeyris, verður algerlega óvinnufær, enda leggi hann niður vinnu og kaup hans eða aðrar vinnutekjur falli niður.

Sjúkradagpeningar eru ekki greiddir lengur en 52 vikur samtals á hverjum 24 mánuðum. Þó er samlagsstjórn heimilt að ákveða, að dagpeningar skuli greiddir lengur, ef lækningatilraunum er ekki lokið og óvíst er, hvort um varanlega örorku er að ræða.

Launþegar og einyrkjar njóta sjúkradagpeninga frá og með 11. veikindadegi, ef þeir eru óvinnufærir a. m. k. 14 daga, en atvinnurekendur frá og með sjöttu sjúkraviku. Atvinnurekandi telst í þessu sambandi hver sá, sem kaupir svo mikla vinnu, að honum beri að greiða gjald samkvæmt 28. gr. af meiru en 52 vikum. Upphaf biðtímans miðast við þann dag, þegar læknis er fyrst vitjað eða sjúklingurinn fluttur í sjúkrahús.

Sjúkradagpeningar skulu ekki vera lægri en kr. 68.00 á dag fyrir kvæntan mann eða gifta konu, sem er aðalfyrirvinna heimilis, kr. 60.00 fyrir aðra og kr. 8.00 fyrir hvert barn á framfæri, allt að þrem, þar með talin börn utan heimilis, sem umsækjandi sannanlega greiðir með samkvæmt meðlagsúrskurði eða skilnaðarleyfisbréfi. Um hámark sjúkradagpeninga sjá 49. gr., síðustu málsgr.

Sjúkradagpeningar mega þó ekki vera hærri en sem nemur ¾ þeirra vinnutekna, sem hlutaðeigandi hefur misst vegna veikindanna. Skal í þessu sambandi að jafnaði höfð hliðsjón af tekjum hans síðustu tvo mánuðina, áður en veikindin hófust. Tekjur húsmóður vegna fullrar vinnu á heimili skulu í þessu sambandi metnar jafnar lífeyrisupphæð samkvæmt 13. gr.

Nú dvelst sá, sem dagpeninga nýtur, í sjúkrahúsi eða hæli á kostnað sjúkrasamlags síns, og má þá lækka dagpeninga hans um allt að þriðjung, ef hann á heimili sínu hefur fyrir öðrum að sjá, ella allt að ⅔ hlutum. Dagpeningar húsmóður, sem ekki hefur unnið utan heimilis, lækka þó ekki frá því, sem ákveðið er í næstu málsgrein hér á undan.

Nú greiðir vinnuveitandi laun í veikindaforföllum, og renna þá dagpeningagreiðslur samkvæmt 4. málsgr. þessarar greinar til vinnuveitandans þann tíma, þó aldrei hærri greiðsla en sem nemur ¾ hlutum launanna.

Dagpeningar eru ekki greiddir þeim, sem í verkfalli á, nema hann hafi átt rétt til dagpeninga, áður en verkfall hófst.

51. gr.

Leita skal staðfestingar Tryggingastofnunar ríkisins á samningum, sem sjúkrasamlög gera við lækna, lyfjabúðir og sjúkrahús um greiðslur til fullnægingar ákvæðum 49. gr. Samningar, sem gilda fyrir samlög almennt eða tiltekinn flokk samlaga, eru þó að jafnaði gerðir af Tryggingastofnuninni fyrir hönd viðkomandi samlaga. Sé um að ræða héraðslækni, sem situr í kauptúni eða kaupstað, getur sjúkrasamlag á þeim stað með samþykki Tryggingastofnunarinnar krafizt þess, að hann taki að sér að gegna heimilislæknisstörfum gegn föstu gjaldi. Takist samningar ekki, ákveður heilbrigðisstjórnin greiðsluna með tilliti til gjaldskrárinnar eða gildandi samninga um heimilislæknisstörf á samsvarandi stöðum.

Náist ekki samkomulag við lækna, skal gerðardómur ákveða samningskjörin. Tilnefna samningsaðilar einn gerðarmann hvor, en Hæstiréttur skipar oddamann. Verði gerðardómur ekki fullskipaður, fellur niður veiting bóta, eftir því sem við á, samkvæmt 49. gr. b. og c., en iðgjöld hinna tryggðu lækka að sama skapi, enda skal þá framlag ríkissjóðs og sveitarsjóðs til samlagsins samkvæmt 55. gr. ekki lækka, nema tryggingaráð leggi það til og ráðherra samþykki. Þó skal sjúkrasamlagsstjórn heimilt að ákveða, að fengnu samþykki tryggingaráðs, í stað þess að lækka iðgjöldin að verja því fé, sem sparast við það, að bætur eru ekki veittar samkvæmt 49. gr. b. og c., til hagsbóta hinum tryggðu með þátttöku í lækniskostnaði eða á annan hátt.

Ef ekki næst samkomulag við opinber sjúkrahús um daggjald, ákveður heilbrigðismálaráðuneytið daggjaldið í einu lagi fyrir sjúkrahúsvist og þjónustu. Á sama hátt skal heilbrigðismálaráðuneytið, ef Tryggingastofnunin óskar þess, ákveða daggjald, er opinberu sjúkrahúsi sé rétt að taka af utanhéraðsmönnum, enda þótt ekki hafi verið leitað samninga um það. Sé um einkasjúkrahús að ræða, getur Tryggingastofnunin ákveðið, að samlag endurgreiði sjúklingum tiltekna upphæð fyrir hvern legudag upp í kostnaðinn.

Breyting á daggjaldi opinbers sjúkrahúss tekur ekki gildi fyrr en að tveim mánuðum liðnum frá því, að hún er tilkynnt Tryggingastofnuninni eða hlutaðeigandi samlögum.

52. gr.

Nú er samlagsmanni nauðsyn að leita sér lækninga utan samlagssvæðis, og skal þá samlag hans greiða kostnað af því, eftir því sem nánar er ákveðið í samþykktum þess.

Ef tryggður maður veikist eða verður fyrir slysi, þegar hann er staddur utan

samlagssvæðis síns, á hann rétt á endurgreiðslu sjúkrakostnaðar, þó eigi hærri upphæð en kostnaðurinn hefði numið á samlagssvæðinu. Þetta nær þó ekki til þeirra, sem samkvæmt millirikjasamningum öðlast rétt til sjúkrahjálpar í öðru landi vegna dvalar þar, að því er varðar þá sjúkrahjálp, sem samningarnir fjalla um.

53. gr.

Nú flyzt samlagsmaður búferlum í umdæmi annars sjúkrasamlags, og verður hann þá tryggingarskyldur í samlagi því, er þar starfar.

Í reglum, sem Tryggingastofnunin setur og ráðherra staðfestir, skulu sett nánari fyrirmæli um flutning manna milli samlaga og um greiðslu sjúkrakostnaðar, þegar svo stendur á. Má þar ákveða, að hinn tryggði skuli sjálfur bera kostnað sinn að nokkru eða öllu leyti, ef hann vanrækir að flytja tryggingu milli samlaga í samræmi við reglurnar.

Í reglum, settum á sama hátt, má og ákveða gagnkvæma þjónustu og aðstoð samlaganna hvers við annars meðlimi. Að svo miklu leyti sem slík gagnkvæm aðstoð verður ákveðin, fer um greiðslur til lækna, lyfjabúða, sjúkrahúsa og annarra, sem láta læknishjálp í té, eftir sömu reglum og um greiðslur fyrir eigin meðlimi samlagsins.

C. Tekjur.

54. gr.

Tryggingastofnun ríkisins ákveður iðgjöldin í hverju samlagi að fengnum tillögum sjúkrasamlagsstjórnar og umsögn stjórnar héraðssamlags þess, sem sjúkrasamlagið er aðili að. Iðgjaldsákvörðun er háð staðfestingu ráðherra. Iðgjöld skulu ákveðin með það fyrir augum, að heildartekjur samlags nægi til að standa straum af skuldbindingum þess.

Iðgjöld greiða allir þeir, sem tryggingarskyldir eru í sjúkrasamlagi, sbr. 47. gr. Iðgjöld skulu greidd fyrir fram og gjalddagar ákveðnir í samþykktum.

Stefnt skal að því, að iðgjöldin séu jafnhá, þar sem aðstaða er sambærileg.

55. gr.

Ríkissjóður greiði framlag til sjúkrasamlaga, sem nemur upphæð greiddra iðgjalda að viðbættum $^1/_{10}$ hluta (110%). Hlutaðeigandi sveitarsjóður greiði framlag til sjúkrasamlagsins, sem nemur helmingi greiddra iðgjalda. Greiðast framlög þessi ársfjórðungslega eftir á og miðast í hvert sinn við innheimt fé á næsta ársfjórðungi á undan. Séu framlögin ekki greidd innan mánaðar frá gjalddaga, skal greiða vexti frá gjalddaga, er séu 1% hærri en hæstu útlánsvextir banka á hverjum tíma.

Þar sem iðgjöld til sjúkrasamlaga eru greidd í einu lagi fyrir hálft eða heilt ár, greiðast framlögin í samræmi við það.

## V. KAFLI

## Sameiginleg ákvæði.

### A. Um bætur.

56. gr.

Bætur samkvæmt lögum þessum teljast bæði bætur greiddar í peningum og hjálp til sjúkra og slasaðra, sem veitt er á annan hátt.

Fjölskyldubætur skulu greiddar án tillits til annarra bóta. Að öðru leyti getur enginn samtímis notið nema einnar tegundar greiddra bóta samkvæmt lögum þessum eða lögum um atvinnuleysistryggingar. Saman mega þó fara:

a. Bætur til ekkju eða ekkils samkvæmt a-lið 37. gr. og allar bætur aðrar en ekkjubætur samkvæmt 19. gr.
b. Barnalífeyrir, ekkjubætur samkvæmt 19. gr. og dagpeningar.
c. Barnalífeyrir, mæðralaun, ekkjubætur samkvæmt 19. gr. og dagpeningar vegna brottfalls tekna af vinnu utan heimilis.
d. Slysadagpeningar og elli- eða ekkjulífeyrir.
e. Aðrar bætur, ef svo er fyrir mælt í lögunum.

Ef maður á rétt á fleiri tegundum bóta en einni, sem ekki geta farið saman, má hann taka hærri eða hæstu bæturnar. Nú nýtur umsækjandi um dagpeninga annarra lægri bóta, sem veittar eru til langs tíma, og skulu þá dagpeningar nema mismuninum.

Sjúkrakostnað slysatrygginga vegna manns, sem einnig er tryggður í sjúkrasamlagi, greiðir sjúkrasamlagið gegn endurgreiðslu frá slysatryggingum.

Ef elli-, örorku- eða ekkjulífeyrisþegi dvelst lengur en einn mánuð í sjúkrahúsi eða annarri hliðstæðri stofnun, þar sem tryggingarnar eða ríkisframfærslan greiða fyrir hann, fellur lífeyrir hans niður. Sé dvölin ekki greidd að fullu, er heimilt að greiða lífeyri, allt að því, sem á vantar. Þegar um er að ræða sjúkling, sem haldinn er ellikröm eða öðrum slíkum sjúkdómi, skal Tryggingastofnunin þó greiða lífeyri hans að viðbættum 20% upp í dvalarkostnað hans. Ef hlutaðeigandi er algerlega tekjulaus, er Tryggingastofnuninni heimilt að greiða honum sjálfum allt að 10% lágmarksbóta.

57. gr.

Sama rétt til bóta og hjón hafa samkvæmt lögum þessum einnig karl og kona, sem búa saman og eru bæði ógift, ef þau hafa átt saman barn eða konan er þunguð af hans völdum eða sambúðin hefur varað samfleytt í 2 ár. Sama gildir um bótarétt þess, sem eftir lifir, þegar hitt deyr.

Slíkt sambúðarfólk öðlast aldrei meiri bótarétt en þau hefðu haft, ef þau væru hjón. Þó er heimilt að greiða sambúðarkonu slysabætur.

58. gr.

Tryggingastofnunin eða sjúkrasamlag getur greitt öðrum en bótaþega eða framfærslumanni bætur, ef ástæða er til að ætla, að bæturnar séu notaðar á þann hátt, að eigi samrýmist tilgangi laganna. Slíkar ráðstafanir skulu þó að jafnaði bornar undir hlutaðeigandi sveitarstjórn eða barnaverndarnefnd, ef um er að ræða fjölskyldubætur eða barnalífeyri.

59. gr.

Bætur, sem ætlaðar eru bótaþegum sjálfum, greiðast ekki, ef ástand það, sem bótaréttur er byggður á, stafar af ölvun, notkun deyfilyfja eða öðrum orsökum, sem hinn tryggði á sjálfur sök á, beint eða óbeint, með vítaverðu hirðuleysi eða gáleysi, ef hlutaðeigandi vanrækir að fara að læknisráðum eða neitar að hlíta fyrirmælum um þátttöku í þjálfun eða starfsnámi, sem bætt gæti afkomu hans eða búið hann undir nýtt starf.

60. gr.

Umsóknir um bætur skulu ritaðar á eyðublöð, er Tryggingastofnunin lætur gera. Skulu eyðublöð þessi fást í skrifstofum stofnunarinnar, hjá umboðsmönnum hennar og annars staðar eftir því, sem hentugt þykir.

Umsækjendum er skylt að svara öllum spurningum og gefa allar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til þess, að hægt sé að úrskurða bætur.

Ekki verður krafizt umsókna um sjúkrabætur að undanteknum sjúkradagpeningum.

61. gr.

Allar umsóknir skulu úrskurðaðar svo fljótt sem kostur er á, og skulu bætur reiknaðar frá þeim degi, sem umsækjandinn hefur uppfyllt skilyrðin til bótanna. Bætur samkvæmt II. kafla, aðrar en fæðingarstyrkur, og lífeyrir samkvæmt III. kafla reiknast þó frá fyrsta næsta mánaðar eftir, að bótaréttur er fyrir hendi, og falla niður í lok þess mánaðar, er bótarétti lýkur.

Bætur, aðrar en slysalífeyrir og sjúkradagpeningar, skulu aldrei úrskurðaðar lengra aftur í tímann en 2 ár. Sjúkradagpeningar skulu að jafnaði eigi úrskurðaðir lengra aftur í tímann en 2 mánuði, en heimilt er sjúkrasamlagsstjórn að lengja þetta tímabil í allt að 6 mánuði í tilvikum, þar sem bótaréttur er að öðru leyti ótvíræður.

Grundvöll bótaréttar má endurskoða hvenær sem er og samræma bætur þeim breytingum, sem orðið hafa.

62. gr.

Bætur skal greiða mánaðarlega eftir á. Þó má greiða sjúkrabætur og dagpeninga fyrir styttri tíma, og ekki er skylt að greiða eins og tveggja barna fjölskyldubætur oftar en fjórum sinnum á ári. Enn fremur má greiða bætur eftir á fyrir lengri tíma en einn mánuð, þar sem samgöngur eru erfiðar.

Úrskurðaðar bætur falla niður, ef þær eru ekki sóttar innan 12 mánaða, en úrskurða má bætur á ný, ef rökstudd umsókn berst.

63. gr.

Nú hafa bótaþega verið greiddar hærri bætur en vera bar samkvæmt lögum þessum, og á þá Tryggingastofnunin eða sjúkrasamlag endurkröfurétt á hendur honum eftir almennum reglum. Má og draga upphæðina frá bótum, sem bótaþegi síðar kynni að öðlast rétt til.

Ef greiðsla samkvæmt 1. málsgr. stafar af sviksamlegu atferli bótaþega, getur Tryggingastofnunin eða sjúkrasamlagsstjórn látið hann endurgreiða allt að tvöfaldri þeirri fjárhæð, sem ofgreidd var. Hefur þetta engin áhrif á þá refsingu, sem bótaþegi að öðru leyti kann að hafa bakað sér.

64. gr.

Ef umsækjandi á bótakröfu á hendur manni eða stofnun vegna tjóns, sem hann eða hún ber ábyrgð á vegna ásetnings eða gáleysis eða samkvæmt ákvæðum 67. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, eiga tryggingarnar endurkröfurétt fyrir þeim bótum, sem þær hafa innt af hendi vegna tjónsins, án þess að til komi framsal. Endurkröfurétturinn gildir þó ekki gagnvart atvinnurekanda, að því er varðar bætur vegna slysa, er starfsmenn hans verða fyrir, nema hann eða trúnaðarmenn hans hafi valdið slysinu af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

65. gr.

Ef bótaþegi er dæmdur til fangelsisvistar eða á annan hátt úrskurðaður til dvalar á einhverri stofnun, skulu falla niður allar bætur til hans, meðan hann dvelst þar, sbr. þó síðustu málsgr. 56. gr.

Tryggingastofnunin getur þó ákveðið að greiða bæturnar, eða hluta af þeim, konu hans og börnum eða einhverjum þriðja aðila, sem sér um, að bæturnar komi þeim að sem mestu gagni.

66. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja bótakröfur samkvæmt lögum þessum, og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak né halda bótafé til greiðslu opinberra gjalda, annarra en iðgjalda samkvæmt lögum þessum.

67. gr.

Nú telur Tryggingastofnun ríkisins vafa leika á um lögheimili bótaþega eða umsækjanda um bætur, sbr. lög nr. 35 30. maí 1960, og skal hún þá leita úrskurðar dómara, enda getur hún beiðzt rannsóknar og úrskurðar með sama hætti og þjóðskrá og sveitarfélag samkvæmt 14. gr. nefndra laga. Sjúkrasamlög eiga einnig rétt á að óska rannsóknar og úrskurðar um lögheimili samlagsmanna.

B. Um iðgjöld, innheimtu o. fl.

68. gr.

Iðgjöld hinna tryggðu samkvæmt 26. gr. skulu lögð á þar, sem gjaldendur eiga lögheimili samkvæmt þjóðskrá 1. desember næstan á undan. Tekur álagningin til þeirra, sem í byrjun gjaldársins hafa náð 16 ára aldri, en yngri eru en 67 ára. Skattstjóri skal leggja iðgjöldin á og færa þau á skattskrá, sbr. 39. gr. laga nr. 70/1962, og skulu ákvæði 40. gr. þeirra laga gilda um iðgjöldin eftir því, sem við á. Skal skattstjóri senda Tryggingastofnun ríkisins eintak af gjaldskrá þeirri, er hann lætur innheimtumanni í té.

69. gr.

Iðgjöld samkvæmt 28. gr. og 40. gr. skal skattstjóri leggja á með tekju- og eignarskatti og færa þau á skattskrá, sbr. 39. gr. laga nr. 70/1962, og skulu ákvæði 40. gr. þeirra laga gilda um iðgjöldin eftir því, sem við á, sbr. og ákvæði 68. gr. um gjaldskrá. Iðgjöld þessi skulu lögð á í heilum krónum. Þó skulu iðgjöld af lögskráðum sjómönnum lögð á og innheimt fyrir fram af lögskráningarstjórum og iðgjöld af ökumönnum bifreiða lögð á af innheimtumönnum bifreiðaskatts og innheimt eftir á fyrir hvert bifreiðaskattár ásamt bifreiðaskatti og skoðunargjaldi bifreiða.

Framtalsskýrslur skulu þannig úr garði gerðar, að skýrt sé fram tekið, fyrir hversu margar vinnuvikur beri að greiða. Þyki vafi leika á, að framtal vinnuvikna sé rétt, skal áætla tölu þeirra eftir öðrum upplýsingum, er framtalið sýnir, en séu þær ófullnægjandi eða hafi framtali ekki verið skilað, þá eftir mati skattstjóra.

Skattfrjálsir aðilar, er hafa í þjónustu sinni menn, sem slysatryggðir skulu samkvæmt 31. gr., skulu senda hlutaðeigandi skattyfirvaldi framtöl um vinnuvikur á sama hátt og skattskyldir atvinnurekendur.

Í reglugerð samkvæmt síðustu málsgr. 40. gr. skal kveða á um álagningu og innheimtu ársiðgjalda vegna tækja þeirra, er þar greinir.

70. gr.

Kæra má iðgjaldaálagningu skattstjóra samkvæmt 68. og 69. gr. til ríkisskattanefndar eftir sömu reglum og gilda um kærur út af tekjuskatti. Ákvæði 42. gr. laga nr. 70/1962 skulu gilda um endurskoðun og leiðréttingar gjaldskrár samkvæmt lögum þessum, eftir því sem við á.

Gjalddagar iðgjalda skulu ákveðnir í reglugerð.

71. gr.

Iðgjöld til lífeyris- og slysatrygginga skulu innheimt af þeim innheimtumönnum ríkissjóðs eða sveitarsjóða eða sérstökum innheimtustofnunum, sem innheimta tekju- og eignarskatt, sbr. þó ákvæði 1. málsgr. 69. gr. um iðgjöld af lögskráðum sjómönnum og ökumönnum bifreiða og ákvæði 3. málsgr. þessarar greinar. Skulu ákvæði laga nr. 70/1962, þar á meðal um dráttarvexti og lögtaksrétt, gilda um innheimtu iðgjalda.

Innheimtumenn ríkissjóðs annast innheimtu á framlögum sveitarfélaga, sbr. þó 3. málsgr. þessarar greinar. Gera má lögtak hjá sveitarfélagi fyrir vangreiddum framlögum, m. a. í álögðum, ógreiddum bæjar- eða sveitargjöldum.

Tryggingastofnunin innheimtir sjálf iðgjöld, sem ríkissjóði ber að greiða. Þá er stofnuninni heimilt að annast sjálf innheimtu iðgjalda hjá tilteknum ríkisstofnunum og framlaga sveitarsjóða í einstökum lögsagnarumdæmum.

Sjúkrasamlagsiðgjöld greiðast til samlaganna eða þeirra aðila, sem þau hafa falið innheimtuna samkvæmt samningi, sbr. lög nr. 68 27. apríl 1962. Verði vanskil, innheimta bæjarstjórnir og sveitarstjórnir hjá gjaldanda eða þeim, sem ábyrgð ber á greiðslunni, og má innheimta iðgjöldin með lögtaki.

Um gjald fyrir innheimtu iðgjalda til lífeyris- og slysatrygginga fer eftir launalögum eða samningum samkvæmt lögum nr. 68/1962.

## 72. gr.

Meistarar í iðnaði skulu greiða iðgjöld fyrir nema sína og útgerðarmenn sjúkrasamlagsiðgjöld lögskráðra sjómanna. Óheimilt er að draga iðgjöldin frá kaupi þessara manna.

Nú sækir maður til sveitarstjórnar um, að sveitarsjóður greiði fyrir hann iðgjöld hans, sakir þess, að hann sé ekki fær um það af eigin rammleik, og tekur þá sveitarstjórn ákvörðun um umsóknina með tilliti til ástæðna hans. Þó á iðgjaldsgreiðandi, sem ber ekki að greiða eignarskatt, jafnan rétt á því, ef krafizt er, að sveitarsjóður greiði fyrir hann iðgjald samkvæmt 26. gr., ef hreinar tekjur hans næsta ár á undan hafa eigi verið hærri en kr. 15 000.00, ef um einstakling er að ræða, kr. 25 000.00, ef um hjón er að ræða, og kr. 6 000.00 til viðbótar fyrir hvern ómaga á framfæri, og má eigi krefja hann um hærri hluta iðgjaldsins en svo, að nemi helmingi þeirra hreinu tekna, sem umfram verða. Greiðir sveitarsjóður það, sem á vantar fullt iðgjald. Nú greiðir sveitarsjóður iðgjald samkvæmt þessari málsgrein, og ákveður sveitarstjórn þá, hvort og á hvern hátt hún krefur hann um endurgreiðslu. Ákvæði þessarar málsgreinar taka aðeins til launþega og einyrkja.

Lífeyristryggingarnar greiða sjúkrasamlagsgjöld þeirra, sem njóta örorkulífeyris, svo og þeirra, sem rétt eiga til bóta samkvæmt 10. gr. og eru orðnir 67 ára að aldri. Hjón eru ábyrg fyrir sjúkrasamlagsiðgjöldum hvort annars og foreldrar og fósturforeldrar fyrir sjúkrasamlagsiðgjöldum barna sinna, sem á vegum þeirra eru. Sveitarsjóðir greiða iðgjöld þeirra manna, sem eru á föstu sveitarframfæri.

## 73. gr.

Þeir, sem laun greiða, skulu, ef innheimtuaðili eða sjúkrasamlag krefst þess, halda eftir af iðgjöldum launþega, þegar kaup er greitt, og greiða síðan til þess, er kröfu gerði. Nú vanrækir launagreiðandi að halda eftir af kaupi, og má þá krefja hann um upphæðina. Nánari ákvæði varðandi skyldur atvinnurekanda samkvæmt þessari grein og viðurlög við vanrækslu skulu sett með reglugerð.

## 74. gr.

Sjúkratryggingin veitir ekki bætur, nema staðið sé í skilum með iðgjöld samkvæmt 54. gr. Heimilt er að ákveða í samþykktum, að allt að sex mánaða vanskil valdi ekki skerðingu bótaréttar. Nemi vanskil meiru en 6 mánuðum, fer um réttindi samlagsmanna samkvæmt 48. gr., sbr. þó 5. gr. laga nr. 68/1962. Nánari ákvæði um réttindaskerðingu vegna vanskila skulu sett í samþykktum.

Tryggingastofnunin getur lækkað aðrar bætur um allt að sama hundraðshluta og hin vangreiddu iðgjöld nema af þeim iðgjöldum, er hlutaðeiganda hefur borið að greiða. Ekki skal þó af þessum ástæðum lækka fæðingarstyrk, sbr. 18. gr., bætur samkvæmt 19. gr. eða slysabætur samkvæmt III. kafla laganna.

75. gr.

Iðgjöld samkvæmt 28. gr., 40. gr. og 54. gr. vegna sjómanna og stjórnenda ökutækja og aflvéla skulu hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi skipum, ökutækjum og aflvélum og ganga fyrir öllum öðrum veðum en lögveðum fyrir gjöldum ríkissjóðs. Iðgjöld samkvæmt 28. og 40. gr. vegna byggingar húsa og annarra mannvirkja skulu og hafa sams konar veðrétt í eignum þessum.

C. Önnur ákvæði.

76. gr.

Tekjur varasjóðs lífeyristrygginga eru vextir af höfuðstólnum og tillag samkvæmt 1. málsgr. 24. gr. Tekjur varasjóðs slysatrygginga eru vextir af höfuðstólnum og rekstrarafgangur, en rekstrarhalli skal tekinn úr varasjóðnum. Vörzlufé Tryggingastofnunarinnar skal vera í vörzlu þeirrar deildar, sem fer með lífeyristryggingar.

Tryggingastofnuninni er heimilt að veita lán úr varasjóði til sveitarfélaga eða annarra aðila, sem sveitarstjórn gengur í ábyrgð fyrir, til að koma upp elliheimilum, sjúkrahúsum eða öryrkjastofnunum, gegn öruggum tryggingum. Handbært fé stofnunarinnar, sem ekki þarf að nota til daglegs rekstrar trygginganna, skal að öðru leyti ávaxta í ríkisskuldabréfum, bankavaxtabréfum eða í lánum, sem tryggð eru með ríkisábyrgð eða annarri öruggri tryggingu.

77. gr.

Ellistyrktarsjóðir þeir, sem um getur í 76. gr. laga nr. 74 31. des. 1937, skulu greiddir hlutaðeigandi sveitarfélögum, er þau hafa komið upp hæli, sem félagsmálaráðherra viðurkennir, fyrir gamalmenni og öryrkja.

78. gr.

Ráðherra getur ákveðið, að lífeyrisdeild greiði:

a. Kostnað vegna yfirstjórnar Tryggingastofnunarinnar á sjúkratryggingamálum.
b. Gjald fyrir rannsóknir, sem Tryggingastofnunin semur um við opinberar rannsóknarstofur, að þær annist fyrir sjúkrasamlögin.
c. Kostnað samkvæmt millirikjasamningum vegna sjúkrahjálpar til erlendra ríkisborgara, sem dveljast hér um stundarsakir.
d. Allt að einni milljón króna á ári til sjúklinga í utanfararstyrki, sem framlag er ákveðið til í fjárlögum, í framlög til læknisvitjanasjóða, er starfa samkvæmt lögum nr. 59/1942, og sjúkrasamlaga, sem verða fyrir óvenjulegum gjöldum vegna sjúkraflutninga og læknisvitjana og starfa í héruðum, þar sem ekki eru læknisvitjanasjóðir. Úthlutun fjárins ákveður tryggingaráð að fengnum tillögum landlæknis, nema að því er varðar framlög til sjúkrasamlaga.

79. gr.

Mæður, sem fá úrskurð yfirvalds um meðlag með börnum sínum, geta snúið sér til Tryggingastofnunar ríkisins með úrskurðinn og fengið meðlagið greitt þar til 16 ára aldurs barnsins án tillits til þess, hvort þær ganga í hjónaband eða ekki. Aldrei greiðir Tryggingastofnunin þó hærri fjárhæð en sem nemur barnalífeyri samkvæmt 16. gr.

Þegar Tryggingastofnunin greiðir meðlag samkvæmt 1. málsgr., á hún endurkröfurétt á hendur barnsföður, og fer um innheimtu slíkrar kröfu eftir 76. gr. framfærslulaga.

Innheimtumaður, sem annast innheimtu á endurgreiðslukröfu vegna meðlags, getur leitað aðstoðar lögreglunnar til þess að ná til skuldarans.

Verði vanskil af hálfu meðlagsskylds aðila, skal innheimta kröfuna hjá framfærslusveit hans, og telst fjárhæðin framfærslustyrkur, veittur honum. Eignast Tryggingastofnunin að öllu leyti sama rétt á hendur framfærslusveit föður og dvalarsveit móður hefur samkvæmt framfærslulögum, þar með talinn sá réttur að leita yfirvaldsúrskurðar um sveitfesti barnsföður samkvæmt 76. gr. framfærslulaga. Skal Tryggingastofnunin svo fljótt sem verða má og eigi síðar en innan 12 mánaða frá greiðslu meðlagsins bera fram kröfu um endurgreiðslu á hendur framfærslusveit barnsföður, og skal hún þá greiða skuldina innan 6 mánaða frá móttöku kröfunnar.

Nú vanrækir framfærslusveit að sinna kröfunni, og getur þá Tryggingastofnunin krafið ríkissjóð greiðslu samkvæmt 50. gr. framfærslulaga, en þó skulu slíkar kröfur gerðar eigi síðar en tveim árum eftir, að krafan hefur verið send framfærslusveit. Nánari ákvæði um endurgreiðslu setur ráðuneytið með reglugerð.

Ákvæði þessarar greinar skulu gilda, eftir því sem við getur átt, um greiðslu meðlags, sem fráskildar konur fá úrskurðað með börnum sínum.

80. gr.

Ógift móðir, sem verður að fella niður vinnu og missir tekjur sínar vegna barnsburðar og leggur fram úrskurð á hendur barnsföður fyrir barnsfararkostnaði eða hefur gert ráðstafanir til að afla sér slíks úrskurðar, á rétt á því, að Tryggingastofnunin greiði henni auk fæðingarstyrks samkvæmt 18. gr. allt að kr. 1000.00 á mánuði í allt að 3 mánuði samanlagt fyrir og eftir barnsburð, enda hefur þá Tryggingastofnunin endurkröfurétt á hendur barnsföður og sveitarfélagi á sama hátt og í 79. gr. segir um endurkröfurétt á meðlagi.

81. gr.

Tryggingastofnunin getur tekið að sér að annast reikningshald og daglega afgreiðslu fyrir einstaka lífeyrissjóði.

82. gr.

Heimilt er Tryggingastofnuninni að taka að sér frjálsar slysatryggingar. Skal þá jafnan gefa út vátryggingarskírteini. Enn fremur getur stofnunin með samþykki ráðherra tekið að sér ábyrgðartryggingar.

Ráðherra ákveður með reglugerð nánari tilhögun á tryggingum samkvæmt þessari grein, þar á meðal, að hve miklu leyti skuli endurtryggja þá áhættu, sem Tryggingastofnunin tekur á sig.

83. gr.

Heimilt er ráðherra að semja við erlendar tryggingastofnanir um gagnkvæm réttindi íslenzkra og erlendra þegna um þau hlunnindi, sem almannatryggingarnar veita.

84. gr.

Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um framkvæmd þessara laga að fengnum tillögum Tryggingastofnunarinnar.

85. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, varða sektum allt að 25 000.00 krónum til Tryggingastofnunar ríkisins, og skal fara með þau að hætti opinberra mála.

86. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1964. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 24/1956, lög nr. 13/1960, lög nr. 86/1960, lög nr. 95/1961, lög nr. 18/1962 og lög nr. 89/1962.

**Endurprentað blað.**

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Elli-, örorku-, ekkju- og barnalífeyrir, sem vegna afnáms 2. málsgr. 11. gr. laga nr. 24/1956 verður greiddur eftir 1. janúar 1964, skal koma til frádráttar tilsvarandi lífeyri úr viðkomandi lífeyrissjóði. Þegar ákveða skal ellilífeyri sjóðfélaga, sem nýtur eftirlauna úr sjóðnum í árslok 1963, skal frestun, sbr. 2. og 3. málsgr. 12. gr., reiknuð eftir því, hvenær eftirlaun úr sjóðnum voru úrskurðuð í fyrsta sinn.

Þegar niður fellur í árslok 1963 iðgjaldslækkun samkvæmt 85. gr. laga nr. 24/1956, skulu félagsmenn þeirra lífeyrissjóða, sem þar um ræðir, eiga kröfu á, að lífeyrissjóðirnir endurgreiði þeim frá sama tíma 70% iðgjalds til lífeyristrygginga, sbr. 23. og 26. gr.

Lífeyrissjóðir þeir, sem nefndir eru í 2. málsgr., skulu greiða lífeyristryggingunum með vöxtum iðgjöld þau, er sjóðfélagarnir hafa fengið undanþágu frá að greiða, en að frádregnum þeim lífeyri, sem sjóðirnir hafa sparað tryggingunum að greiða. Ráðherra setur nánari reglur um, hvernig uppgjöri þessu við Tryggingastofnunina og útreikningi skuli hagað, og má dreifa greiðslum með jöfnum árgreiðslum á allt að 10 ár.

Með breytingum á reglugerð lífeyrissjóðs, sem notið hefur viðurkenningar Tryggingastofnunar ríkisins, er heimilt að ákveða, að sjóðurinn verði eftir 1. janúar 1964 viðbótarsjóður við almannatryggingar, þannig að frádráttur lífeyris og endurgreiðsla iðgjalds til sjóðfélaga, sbr. 1. og 2. málsgr. þessarar greinar, falli niður, er reglur sjóðsins um bætur og iðgjöld hafa verið endurskoðaðar.

*Gjört að Bessastöðum, 30. apríl 1963.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**
(L. S.)

*Emil Jónsson.*

Nr. 41. 27. apríl.

# LÖG

## um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkissjóður leggur árlega fram 3 millj. króna á árunum 1963—1972, sem ríkisstjórninni er heimilt að lána kaupstöðum og kauptúnum til þess að kaupa lönd og lóðir innan takmarka hlutaðeigandi sveitarfélags.

Fé þetta skal geymt á sérstökum reikningi ríkissjóðs í Seðlabankanum, ef því er ekki öllu ráðstafað árlega. Enn fremur skulu afborganir lána og vextir leggjast inn á þann reikning, og er heimilt að lána það fé í sama skyni.

2. gr.

Félagsmálaráðuneytið hefur með höndum umsjón og allar framkvæmdir í sambandi við lánveitingar skv. 1. gr., svo sem frágang lánsskjala, innheimtu afborgana og vaxta, svo og reikningshald, en heimilt er ráðuneytinu að fela lánastofnun að annast þessi störf.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að fella niður þinglesturs- og stimpilgjöld af lánsskjölum þeim, sem um getur í 1. mgr.

Reikningshald skal endurskoðað af ríkisendurskoðuninni og reikningar birtir árlega í B-deild Stjórnartíðinda.

Standi sveitarfélag, sem notið hefur aðstoðar samkvæmt lögum þessum, ekki í skilum með afborganir eða vaxtagreiðslur, er heimilt að halda eftir framlögum, sem það á að fá úr Jöfnunarsjóði, til fullnustu hinum vangreiddu fjárhæðum.

3. gr.

Lán samkvæmt 1. gr. mega nema allt að 60% af kostnaðarverði hins keypta lands, en jafnframt er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast allt að 40% af verðinu. Ef svo semst um á milli seljanda og sveitarfélags, að sveitarfélag megi greiða landverðið með skuldabréfi, er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast allt að 100% af fjárhæð þess.

Hið keypta land skal vera til tryggingar láni og ábyrgð ríkissjóðs.

Eigi má sveitarfélag selja land, sem keypt hefur verið samkvæmt lögum þessum, nema samþykki ráðherra komi til, enda verði þá öll áhvílandi skuld við sjóðinn með veði í landinu greidd að fullu.

4. gr.

Lánstími má vera allt að 25 árum og vextir 5%. Skilyrði ríkisábyrgðar er, að ríkisábyrgðarlánið sé, að dómi ríkisstjórnarinnar, með svo hagstæðum kjörum, að sveitarfélagið fái risið undir því.

5. gr.

Það er skilyrði fyrir aðstoð ríkisins, samkvæmt lögum þessum, að ríkisstjórnin telji sveitarfélagi nauðsynlegt að eignast umrædd landsvæði vegna almennra þarfa. Rétt er að synja um aðstoð, ef ríkisstjórnin telur kaupverðið óhæfilega hátt.

6. gr.

Nú samþykkir ríkisstjórnin að veita sveitarfélagi aðstoð samkvæmt lögum þessum, en eigandi lands vill eigi selja eða samkomulag næst ekki um kaupverð, og er þá heimilt að taka löndin eða lóðirnar eignarnámi, samkvæmt lögum nr. 61 14. nóvember 1917.

7. gr.

Áður en ríkisstjórnin veitir sveitarfélagi aðstoð, skal leitað umsagnar Sambands íslenzkra sveitarfélaga um málið.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og eru þar með úr gildi numin lög nr. 64 27. júní 1941, um jarðakaup ríkisins vegna kauptúna og sjávarþorpa.

*Gjört að Bessastöðum, 27. apríl 1963.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Emil Jónsson.*

# LÖG

## um breyting á lögum nr. 69 28. apríl 1962, um tekjustofna sveitarfélaga.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Stafliðir d—f í 30. gr. laganna orðist svo:

d. Þó skal skipta útsvari á milli sveitarfélaga:

1. ef gjaldandi flyzt búferlum á milli þeirra á árinu, áður en útsvar var á lagt. Útsvari skal skipt í réttu hlutfalli við þann tíma, sem gjaldandi átti lögheimili í hvoru eða hverju sveitarfélagi.
2. ef útsvarsgjaldandi rekur atvinnustöð utan lögheimilissveitar eða í fleiri en einu sveitarfélagi, skal skipta útsvari, sem lagt er á tekjur, á milli hlutaðeigandi sveitarfélaga, svo sem hér segir: Útsvarinu skal skipt á milli sveitarfélaganna, miðað við verðmæti framleiddrar vöru eða veittrar þjónustu, viðskiptaveltu, starfsmannafjölda, nýtingu fastafjármuna og annað, sem skipt getur máli. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um skiptingu útsvara skv. þessum tölulið.

e. Engin sveit getur krafizt hluta af útsvari skv. d-lið, 1. tl., nema gjaldandi hafi átt þar rétt lögheimili a. m. k. þrjá mánuði á árinu, sem hann fluttist. Sveitarfélag, þar sem útsvar er á lagt, hlýtur aldrei minna en ¼ hluta af útsvari, sem skipt er skv. d-lið 2, og eigi verður útsvari þá skipt, nema í hlut þess sveitarfélags, sem skiptakröfu gerir, komi a. m. k. kr. 25000.00; þó má fjárhæðin lægri vera, ef hún eigi að síður nemur a. m. k. 5% af heildarútsvörum þess sveitarfélags, er kröfuna gerir.

Tekjuútsvari aðila, sem jafnframt greiðir landsútsvar, skal ekki skipt.

f. Kröfu um útsvarsskipti samkvæmt þessari grein, ásamt upplýsingum um búferlaflutning eða þau atriði, sem um ræðir í 2. tl. d-liðs, skal senda fyrir lok aprílmánaðar ár hvert til sveitarstjórnar, þar sem útsvar skal á lagt.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Bráðabirgðaákvæði.**

Krafa um útsvarsskipti samkvæmt 30. gr. d, 2. tl., vegna álagðra útsvara 1963 skal send fyrir 31. maí 1963, ásamt upplýsingum skv. 30. gr. f.

*Gjört að Bessastöðum, 30. apríl 1963.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Gunnar Thoroddsen.*

# LÖG

## um breyting á lögum nr. 69 28. apríl 1962, um tekjustofna sveitarfélaga.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

16. gr. a, fyrri málsliður orðist svo:

Ríkissjóður greiðir ⅕ hluta söluskatts, sem innheimtur er til ríkissjóðs, sbr. lög nr. 10/1960, um söluskatt, 1. gr. 1. tl., svo og 5% af verðtollstekjum ríkissjóðs samkvæmt lögum frá 1963, um tollskrá o. fl.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1964.

*Gjört að Bessastöðum, 30. apríl 1963.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Gunnar Thoroddsen.*

3. apríl. Nr. 44.

# LÖG

## um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða tæknifræðinga.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Rétt til að kalla sig verkfræðinga eða heiti, sem felur í sér orðið verkfræðingur (civil-ingeniör, diplom-ingeniör), hafa þeir menn einir hér á landi, sem fengið hafa til þess leyfi ráðherra.

2. gr.

Engum má veita leyfi það, er um ræðir í 1. gr., nema hann hafi lokið fullnaðarprófi í verkfræði við fjöllistaskóla eða tekniskan háskóla, sem stéttarfélag verkfræðinga hér á landi viðurkennir sem fullgildan skóla í þeirri grein.



Reykjavík. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Að fengnum meðmælum stéttarfélags verkfræðinga hér á landi má þó veita mönnum, sem stundað höfðu verkfræðistörf eigi skemur en sex ár, áður en lög nr. 24/1937 tóku gildi, leyfi til að kalla sig verkfræðinga, enda þótt þeir fullnægi eigi prófskilyrðum þeim, sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar.

Þeir menn, sem fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í 1. mgr. þessarar greinar, eiga rétt á, að þeim sé veitt leyfi til að kalla sig verkfræðinga.

3. gr.

Rétt til að kalla sig húsameistara (arkitekt) hafa hér á landi þeir menn einir, sem hafa fengið til þess leyfi ráðherra.

4. gr.

Engum má veita leyfi það, sem um ræðir í 3. gr., nema hann hafi lokið fullnaðarprófi í byggingarlist við listaháskóla eða tekniskan háskóla, sem stéttarfélag húsameistara hér á landi viðurkennir sem fullgildan skóla í þeirri grein.

Að fengnum meðmælum stéttarfélags húsameistara hér á landi má þó veita mönnum, sem stundað höfðu húsameistarastörf eigi skemur en 6 ár, áður en lög nr. 24/1937 tóku gildi, leyfi til að kalla sig húsameistara, enda þótt þeir fullnægi eigi prófskilyrðum þeim, sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar.

Þeir menn, sem fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í 1. mgr. þessarar greinar, eiga rétt á, að þeim sé veitt leyfi til að kalla sig húsameistara.

5. gr.

Rétt til að kalla sig tæknifræðinga (ingeniör) eða heiti, sem felur í sér orðið tæknifræðingur, hafa þeir menn einir hér á landi, sem fengið hafa til þess leyfi ráðherra.

6. gr.

Engum má veita leyfi það, sem um ræðir í 5. gr., nema hann hafi lokið fullnaðarprófi í tæknifræði frá tekniskum æðri skóla, sem Tæknifræðingafélag Íslands viðurkennir sem fullgildan skóla í þeirri grein.

Þeir menn, sem fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í 1. mgr. þessarar greinar, eiga rétt á, að þeim sé veitt leyfi til að kalla sig tæknifræðinga.

7. gr.

Ráðherra sker úr ágreiningi, sem rísa kann um notkun starfsheita, sem fela í sér orðið „ingeniör“.

8. gr.

Hver, sem kallar sig heiti, er leyfi þarf til samkv. lögum þessum, án þess að hafa fengið slíkt leyfi, skal sæta sektum frá 1000 til 10000 krónum. Sektirnar renna í ríkissjóð.

9. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 24 13. júní 1937, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða iðnfræðinga.

*Gjört að Bessastöðum, 3. apríl 1963.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Bjarni Benediktsson.*

# LÖG
## um Iðnlánasjóð.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Tilgangur Iðnlánasjóðs er að styðja iðnað Íslendinga með hagkvæmum stofnlánum, eins og nánar er kveðið á um í 8. gr. laga þessara.

2. gr.

Iðnlánasjóður er sjálfstæð stofnun. Yfirumsjón hans er í höndum ráðherra þess, er fer með iðnaðarmál.

3. gr.

Iðnaðarmálaráðherra skipar sjóðnum þriggja manna stjórn, til fjögurra ára í senn. Einn stjórnarmanna skipar ráðherra án tilnefningar, en hina eftir tilnefningu stjórnar Landssambands iðnaðarmanna og stjórnar Félags ísl. iðnrekenda. Ráðherra skipar einn hinna þriggja stjórnarmanna formann sjóðsstjórnar.

Reikningar Iðnlánasjóðs skulu endurskoðaðir af tveimur mönnum, er ráðherra skipar til fjögurra ára í senn.

Eftir hver áramót gefur stjórn sjóðsins ráðherra ýtarlega skýrslu um hag og starfsemi sjóðsins á liðnu ári, og skal fylgja henni endurskoðaður ársreikningur. Ársreikning skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

4. gr.

Iðnaðarbanki Íslands h.f. hefur á hendi, samkv. sérstökum samningi, daglegan rekstur Iðnlánasjóðs.

Allur kostnaður við stjórn og rekstur sjóðsins greiðist af tekjum hans.

5. gr.

Tekjur Iðnlánasjóðs eru:

1. 0.4% gjald, er innheimtist af iðnaðinum í landinu. Skal það lagt á sama stofn og aðstöðugjald er á lagt samkvæmt III. kafla laga nr. 69 28. apríl 1962, um tekjustofna sveitarfélaga, í fyrsta sinn árið 1963. Undanþeginn gjaldi þessu er allur kjöt- og fiskiðnaður og mjólkurbú. Gjald þetta skal á lagt af skattstjórum og innheimt af innheimtumönnum ríkisins.
   Gjalddagi skal vera 1. ágúst ár hvert, og má taka gjaldið lögtaki, sbr. lög nr. 29 16. des. 1885.
   Gjald þetta skal vera frádráttarbært sem rekstrarkostnaður, við álagningu tekjuskatts og tekjuútsvars.
2. Framlag ríkissjóðs, 2 milljónir króna á ári.
3. Vextir.

6. gr.

Heimilt er Iðnlánasjóði, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka allt að 100 milljón króna lán, eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, ef árlegt ráðstöfunarfé sjóðsins nægir ekki til að hann geti á viðunandi hátt gegnt hlutverki sínu.

Eigi er Iðnlánasjóði heimilt að endurlána erlent lánsfé, nema með gengisákvæði.
Þegar um lántökur til almennrar starfsemi sjóðsins er að ræða, skal þó heimilt að skipta gengisáhættu hlutfallslega á ákveðna flokka útlána, enda sé lánsféð þá endurlánað með almennum útlánsvöxtum Iðnlánasjóðs.
Þegar Iðnlánasjóður tekur erlend lán, sem bundin eru við endurlán til tiltekinna framkvæmda, skal féð endurlánað með gengisákvæði og hæfilegum vaxtamismun og kostnaði til Iðnlánasjóðs.

7. gr.

Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Iðnlánasjóðs og greiðir þær, ef eignir og tekjur sjóðsins hrökkva ekki til.

8. gr.

Iðnlánasjóður veitir stofnlán sem hér segir:

1. Til véla- og tækjakaupa fyrir iðnaðinn.
2. Til byggingar verksmiðju- og iðnaðarhúsa.
3. Til endurskipulagningar iðnfyrirtækja.

Iðnlánasjóði er heimilt, ef sérstakar ástæður mæla með að mati sjóðsstjórnar, að lána iðnfyrirtækjum til fasteignakaupa.
Nú lætur lánbeiðandi smíða vélar innanlands, og er sjóðsstjórninni þá heimilt að veita honum bráðabirgðalán, meðan á smíði stendur, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar.
Þeir aðilar, sem gjald greiða til Iðnlánasjóðs af rekstri sínum, samkv. 5. gr. laga þessara, skulu að öðru jöfnu hafa forgang að lánum úr sjóðnum.

9. gr.

Upphæð lána má nema allt að sextíu af hundraði kostnaðarverðs, enda sé það, að dómi sjóðsstjórnarinnar, ekki hærra en eðlilegt má teljast, samkv. verðlagi á hverjum tíma.
Byggingar og vélar skulu metnar til lántöku á kostnað lántaka, eftir því sem þörf er á, svo sem nánar kann að verða fyrir mælt í reglugerð.
Um lánveitingar til nýrrar framleiðslu, svo og um lánveitingar, sem sjóðsstjórnin telur leika vafa á, hvort veita skuli, skal hún leita álits sérfróðra manna. Allan kostnað vegna slíkra athugana og álitsgerða skal lánbeiðandi bera, enda hafi honum verið tilkynnt um það fyrir fram.

10. gr.

Lán má veita úr sjóðnum gegn þessum tryggingum:

1. Gegn öruggu veði í þeim húsum, sem lánað er til, ásamt tilheyrandi lóð og lóðarréttindum.
2. Gegn 1. veðrétti í þeim vélum og tækjum, sem lánað er til.
3. Gegn ríkisábyrgð.

Sjóðsstjórninni er auk þess rétt að taka frekari tryggingar en hér eru til greindar, svo að lán verði fulltryggt að hennar dómi.
Sjóðsstjórnin getur neitað að taka veð í nýjum vélum, ef vafasamt er um endursölumöguleika þeirra, sbr. 3. mgr. 9. gr. laga þessara.
Hús og vélar eru því aðeins fullgild veð fyrir lánum úr Iðnlánasjóði, að þau séu vátryggð í vátryggingarstofnun, sem sjóðurinn tekur gilda.
Iðnlánasjóður getur hvenær sem er heimtað skilríki fyrir því, að veðsettum eignum sé vel við haldið og veðið hafi ekki rýrnað.

11. gr.

Óheimilt er stjórn Iðnlánasjóðs og trúnaðarmönnum hennar að láta óviðkomandi aðilum í té nokkuð af þeim upplýsingum, sem gefnar eru í sambandi við lántökubeiðnir eða lántökur úr sjóðnum.

12. gr.

Lánstími má eigi vera lengri en 15 ár.

Lán til vélakaupa skulu þó ekki vera lengri en til 7 ára, nema sérstakar ástæður mæli með og örugg trygging fyrir hendi, að mati sjóðsstjórnar.

Lánin skulu endurgreidd með jöfnum ársgreiðslum, nema lántaki vilji greiða þau hraðar.

13. gr.

Sjóðsstjórnin ákveður, að fengnu áliti bankastjórnar Seðlabanka Íslands og með samþykki iðnaðarmálaráðherra, vexti af lánum Iðnlánasjóðs.

14. gr.

Umsóknir um lán úr Iðnlánasjóði skulu vera skriflegar og fylgi þeim:

1. Ýtarleg lýsing á því, hvernig verja eigi lánsfénu.
2. Upplýsingar um tryggingar, sem lánbeiðandi getur veitt fyrir láni.
3. Rekstrar- og efnahagsreikningur lánbeiðanda, ef um starfandi fyrirtæki er að ræða.
4. Aðrar upplýsingar, sem lánbeiðandi telur máli skipta.

Rétt er, að sjóðsstjórnin óski eftir þeim upplýsingum, sem hún telur sig þurfa til þess að geta ákveðið, hvort óhætt sé og réttmætt að veita umbeðið lán.

15. gr.

Verði eigendaskipti að eign, sem veðsett er Iðnlánasjóði, er stjórn sjóðsins heimilt að heimta lánið endurgreitt að fullu eða nokkru leyti, ef henni þykir ástæða til, enda skal bæði seljanda og kaupanda skylt að tilkynna sjóðsstjórninni eigendaskipti þegar í stað.

16. gr.

Nú er lán úr Iðnlánasjóði eigi greitt á réttum gjalddaga eða veðið gengur svo úr sér eða rýrnar að veðgildi, að það er eigi svo tryggt sem vera skal, eða nýr eigandi vanrækir að taka lánið að sér, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að telja eftirstöðvar lánsins fallnar í gjalddaga þegar, án uppsagnar.

17. gr.

Þegar lán er fallið í gjalddaga, hefur Iðnlánasjóður heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarins dóms, sáttar eða fjárnáms, samkvæmt ákvæðum í lögum um lögræði, nr. 95 5. júní 1947, 39. gr., eða láta leggja Iðnlánasjóði það út til eignar, ef þörf gerist.

18. gr.

Ef veð er selt á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, ber uppboðshaldara að geta þess í uppboðsgerðinni, að eignin sé veðsett Iðnlánasjóði, og skal stjórn sjóðsins gert aðvart svo tímanlega, að hún geti látið fulltrúa sinn vera við uppboðið.

19. gr.

Iðnlánasjóður er undanþeginn öllum sköttum til ríkis og sveitarfélags.

20. gr.

Setja má með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi Iðnlánasjóðs, enda brjóti þau ekki í bága við nein ákvæði í lögum þessum.

21. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 67 frá 17. júlí 1946, um Iðnlánasjóð, og 11. gr. laga nr. 113 29. des. 1951, um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands h.f.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 3. apríl 1963.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Bjarni Benediktsson.*

Nr. 46. 13. apríl.

# LÖG

## um hámarksþóknun fyrir verkfræðistörf.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Þóknun verkfræðinga fyrir verkfræðistörf, unnin í ákvæðisvinnu eða tímavinnu, skal eigi vera hærri en ákveðið er í gjaldskrá Verkfræðingafélags Íslands, frá 19. apríl 1955, að viðbættum lögleyfðum uppbótum.

Leggi verkkaupandi til vinnuaðstöðu verkfræðings, skal sú vinnuaðstaða teljast 40% þóknunar samkvæmt fyrrnefndri gjaldskrá, frá 19. apríl 1955.

Ákvæði þessarar greinar skulu gilda, þar til nýir samningar um kaup og kjör verkfræðinga, sem starfa hjá ríkisstofnunum, hafa tekið gildi.

2. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot sektum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík 13. apríl 1963.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Ingólfur Jónsson.*

# LÖG

## um breyting á lögum nr. 30 17. maí 1957, um breyting á lögum nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „Til ársloka 1962“ í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 30/1957 komi: Til ársloka 1965.

2. gr.

3. mgr. 1. gr. laga nr. 30/1957 orðist þannig: Námskeiðin utan Reykjavíkur skulu að jafnaði haldin til skiptis á Ísafirði, á Akureyri, í Neskaupstað og í Vestmannaeyjum. Ráðherra er heimilt að ákveða, að námskeið skuli haldið á öðrum stað, ef sérstaklega stendur á og næg þátttaka fæst eða ef námskeið, sem halda átti annars staðar, fellur niður vegna ónógrar þátttöku. Þó skulu ekki haldin fleiri en tvö námskeið utan Reykjavíkur árlega.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 16. apríl 1963.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Emil Jónsson.*

16. apríl. Nr. 48.

# LÖG

## um breyting á lögum nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. málsgr. 27. gr. laganna orðist þannig:

Til þessara framkvæmda greiðir ríkissjóður minnst 7.15 millj. kr. árlega frá 1963—1985, að báðum árum meðtöldum.

2. gr.

Í stað orðanna „10 ha“ í fyrsta málslið 39. gr. laganna komi: 15 ha.

3. gr.

Í stað orðanna „10 ha“ í fyrstu málsgrein 47. gr. laganna komi: 15 ha.

4. gr.

Í stað orðanna „40 þúsund“ í 1. málsgr. 48. gr. laganna komi: 50 þúsund.

5. gr.

Í stað orðanna „10 ha“ í 50. gr. laganna komi: 15 ha.

6. gr.

60. gr. laganna orðist svo:

Á tímabilinu 1963—1970, að báðum árum meðtöldum, er heimilt að veita jörðum, er hafa véltæk tún undir 15 ha, óafturkræft framlag á úttekna ræktun að því marki, að þessari túnstærð sé náð. Ákvæði þetta nær til lögbýlisjarða, þar sem athuganir Landnáms ríkisins hafa leitt í ljós, að aukin ræktun geti tryggt viðunandi lífsafkomu á jörðunum og komi í veg fyrir, að jarðirnar fari í eyði.

Óafturkræft framlag má þó ekki vera hærra en sem nemi, að viðbættu framlagi samkvæmt jarðræktarlögum, 50% af ræktunar- og girðingarkostnaði eftir meðalverði ár hvert.

Framræslukostnaður og framlag til hans samkvæmt jarðræktarlögum koma ekki til greina við útreikning framlags samkvæmt þessari grein.

7. gr.

Á eftir orðunum „örðugan fjárhag“ í 63. gr. laganna komi: og hafa meðaltekjur eða lægri.

8. gr.

64. gr. laganna orðist svo:

Til þeirra framkvæmda, er um getur í 60. gr., og til framkvæmda, er framlagsrétt fá samkvæmt 63. gr., greiðir ríkissjóður 7.6 milljónir króna árlega á árunum 1963—1970, að báðum árum meðtöldum.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 16. apríl 1963.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Ingólfur Jónsson.*

Nr. 49. 20. apríl.

# LÖG

## um byggingarsjóð aldraðs fólks.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Byggingarsjóður aldraðs fólks.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins er að stuðla með lánveitingum að því, að byggðar verði hentugar íbúðir fyrir aldrað fólk.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Ágóði af happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna, samkvæmt ákvæðum þar um í lögum um happdrættið.
2. Frjáls framlög eða aðrar tekjur, sem til kunna að falla.
3. Vaxtatekjur.

4. gr.

Fela skal Tryggingastofnun ríkisins stjórn sjóðsins og daglegan rekstur hans. Skal fulltrúi stjórnar happdrættis D.A.S. eiga tillögurétt um lánveitingar.

5. gr.

Lán úr sjóðnum má veita gegn öruggum tryggingum, sveitarfélögum eða aðilum, sem sveitarstjórnir mæla með og takast á hendur að reisa íbúðir handa öldruðu fólki. Lán til einstaklinga til kaupa á íbúðum fyrir sjálfa sig má þó aðeins veita skv. 6. gr.

6. gr.

Heimilt skal tryggingaráði að verja hluta af fé sjóðsins til þess að lána einstaklingum, 67 ára og eldri, til kaupa á litlum íbúðum, sem gerðar séu sérstaklega við hæfi aldraðs fólks. Skal þá vera sú kvöð á íbúðunum, að þær verði notaðar fyrir aldrað fólk, meðan lánin hvíla á þeim. Tryggingaráð skal setja um þetta sérstakar reglur, sem félagsmálaráðuneytið staðfestir.

7. gr.

Lán, sem veitt eru úr sjóðnum, mega nema allt að 50% af kostnaðarverði íbúðanna, og skulu þau tryggð með veði í íbúðunum. Heimilt er að veita lánin á eftir eða samhliða veðlánum annars staðar frá, er nemi allt að 35% af kostnaðarverði íbúðanna.

8. gr.

Lán skv. 5. gr. má því aðeins veita:

a. að fyrir liggi teikningar af fyrirhuguðum byggingum, sem ráðherra hefur samþykkt,

b að umsækjandi sýni fram á, að hann hafi tryggt sér nægilegt fjármagn til byggingarinnar annars staðar frá.

9. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um lánstíma og lánskjör.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 20. apríl 1963.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Emil Jónsson.*

# LÖG

**um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja prestssetursjörðina Vatnsenda í Suður-Þingeyjarsýslu og Æsustaði í Austur-Húnavatnssýslu.**

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að auglýsa til sölu og selja prestssetursjarðirnar Vatnsenda í Suður-Þingeyjarsýslu og Æsustaði í Austur-Húnavatnssýslu fyrir hæfilegt verð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 18. apríl 1963.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**
(L. S.)

*Bjarni Benediktsson.*

Nr. 51. 20. apríl.

# LÖG

**um viðauka við lög nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins.**

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Stjórn Sogsvirkjunarinnar er heimilt að taka lán til stækkunar á aflstöðinni við Írafoss í Sogi, allt að kr. 65000000.00 — sextíu og fimm milljónir króna — eða tilsvarandi fjárhæð í erlendum gjaldeyri, og er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast lánin f. h. ríkissjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 20. apríl 1963.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**
(L. S.)

*Ingólfur Jónsson.*

# LÖG

## um breyting á lögum nr. 71/1954, um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Heimild þessi gildir til ársloka 1974.

Ágóði happdrættisins skal renna í byggingarsjóð aldraðs fólks. 60% ágóðans skal þó varið til byggingar dvalarheimilis aldraðra sjómanna. Heimilt skal þó stjórn dvalarheimilis aldraðra sjómanna að veita styrk eða lán til annarra dvalarheimila aldraðs fólks.

2. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um endurskoðun ársreikninga happdrættisins og afhendingu fjárins til byggingarsjóðsins.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 20. apríl 1963.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Emil Jónsson.*

20. apríl. Nr. 53.

# LÖG

## um veitingasölu, gististaðahald o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### I. KAFLI

### Orðaskýringar.

**1. gr.**

Í lögum þessum merkir:

*Gistiheimili:* Þeir gististaðir, er selja gistingu og greiða í atvinnuskyni, en eru að einhverju eða öllu leyti í sambandi við heimili gestgjafa.

*Gistihús* (hótel): Gististaður af tiltekinni stærð, útbúinn til að láta í té ákveðna þjónustu við gistingu og veitingasölu og hefur fyrirskipaðan búnað.

*Gistiskáli:* Staður, þar sem er aðstaða til gistingar, en takmörkuð þjónusta látin í té.
*Gististaður:* Samheiti um alla þá staði, þar sem seld er næturgisting.
*Greiðasala:* Sala á veitingum, rekin í atvinnuskyni í sambandi við heimili gestgjafa eða í veitingastofu, þar sem látin er í té takmörkuð þjónusta.
*Skemmtistaður:* Veitingahús, þar sem seldar eru veitingar, en sem ekki er opið alla daga vikunnar.
*Tækifærisveitingar:* Veitingar, sem eru ekki látnar í té að staðaldri, heldur einungis við einstök tækifæri.
*Veitingastofa:* Veitingastaður, þar sem seldir eru heitir og kaldir drykkir, brauð og kökur, en ekki heitar máltíðir.
*Veitingahús:* Veitingastaður (restaurant) af tiltekinni stærð, útbúinn til að láta í té alla venjulega þjónustu við veitingasölu, hefur fyrirskipaðan búnað og er opinn alla daga vikunnar.
*Veitingastaður:* Samheiti um alla þá staði, þar sem seldar eru veitingar.

## II. KAFLI
### Almenn ákvæði.

2. gr.

Lög þessi taka til gististaðahalds og veitinga matar og drykkja fyrir endurgjald, hvort sem þær fara fram í veitingastöðum eða öðrum stöðum, undir þaki, í tjaldi eða undir berum himni. Lögin taka þó ekki til áfengisveitinga.

3. gr.

Enginn má gera sér veitingasölu né rekstur gististaða að atvinnu, nema hann hafi til þess leyfi lögreglustjóra.

Eigi má heldur án slíks leyfis selja fæði eða láta í té gistingu í skipum í höfn til farþega, sem komnir eru á ákvörðunarstað, eða annarra óviðkomandi.

4. gr.

Leyfi samkvæmt lögum þessum er óheimilt að veita, ef umsækjandi fullnægir ekki eftirgreindum skilyrðum:

1. Er fjárráða.
2. Hefur forræði á búi sínu.
3. Er heimilisfastur á Íslandi og hefur verið það síðasta ár.

Áður en lögreglustjóri veitir leyfi, skal hann leita álits bæjar- eða sveitarstjórnar og heilbrigðisnefndar (héraðslæknis, þar sem heilbrigðisnefnd er ekki starfandi). Lögreglustjóri getur þó, ef sérstaklega stendur á, veitt leyfi til tækifærisveitinga, án þess að leitað sé um þau álits, og utan kaupstaða getur hreppstjóri á sama hátt veitt slík leyfi. Leyfi skulu bundin við nafn og eru óframseljanleg. Synjun eða veitingu leyfis má skjóta til ráðuneytis.

5. gr.

Nú sækir félag um leyfi samkvæmt lögum þessum, og er þá því aðeins heimilt að gefa leyfið út, að formaður stjórnar og þeir, sem firmað rita, og þeir, sem bera ábyrgð á skuldbindingum félagsins, ef einhverjir eru, fullnægi skilyrðum 4. gr.

6. gr.

Leyfi má ekki veita opinberum starfsmönnum né heldur maka þeirra, ef hjón búa saman, nema ráðuneytið hafi áður úrskurðað, að atvinnan samrýmist stöðu þeirra.

7. gr.

Lögreglustjóra er heimilt að afturkalla leyfi, er hann hefur veitt:

1. Ef skilyrðum 4. gr. er ekki lengur fullnægt, eða skilyrðum 5. gr., sé um félag að ræða.
2. Ef leyfishafi hefur verið dæmdur til refsingar fyrir brot gegn lögum þessum eða reglum, sem settar verða samkvæmt heimild í lögum þessum.

Úrskurði lögreglustjóra um afturköllun leyfis má skjóta til ráðuneytis, innan 14 daga frá uppkvaðningu, og heldur leyfishafi rétti sínum óskertum, þar til úrskurður ráðuneytisins er fenginn. Kærufrestur telst frá þeim degi, er leyfissvipting var tilkynnt leyfishafa skriflega.

8. gr.

Þrotabúi leyfishafa er heimilt að halda starfsemi áfram, meðan á skiptum stendur, enda hafi forstöðumaður réttindi samkvæmt 12. gr., ef um gistihús er að ræða.

Dánarbúi leyfishafa eða erfingjum er heimilt að halda áfram atvinnu arfleifanda í eitt ár eftir dauða hans án nýs leyfis. Eftir þann frest verður forstöðumaður að hafa réttindi samkvæmt lögum þessum.

9. gr.

Skylt er gisti- og veitingastöðum að færa verzlunarbækur svo sem fyrir er mælt í lögum um bókhald.

## III. KAFLI

### Um gististaði.

10. gr.

Gistihúsleyfi veitir leyfishafa leyfi til að reka gistihús og veitingastarfsemi innan takmarka þessara laga og reglugerða, sem settar verða samkvæmt þeim.

Leyfi skal gefa út á nafn þess aðila, sem ber fjárhagslega ábyrgð á rekstri gistihússins (eiganda).

Nú er forstöðumaður gististaðar ekki eigandi starfseminnar né ber á henni fjárhagslega ábyrgð, og er þá heimilt að gefa út gistihúsleyfi á hans nafn, með samþykki þeirra, sem bera fjárhagslega ábyrgð á starfseminni.

Leyfi heimilar eingöngu starfsemi á þeim stað og með því nafni, sem tiltekið er í leyfisbréfi.

11. gr.

Skilyrði fyrir veitingu leyfis samkvæmt 10. gr. eru:

1. Að húsakynni og búnaður sé í samræmi við reglur, sem ráðuneytið setur. Gistihús skulu ekki hafa færri en 20 rúm fyrir gesti.
2. Að umsækjandi fullnægi skilyrðum 4. gr. laga þessara.
3. Að ekki þyki af sérstökum ástæðum óheppilegt, að fyrirtækið starfi.
4. Að í gistihúsinu starfi að staðaldri við daglega stjórn maður, er fullnægir skilyrðum 12. gr.
5. Að tryggt sé, að fullnægt verði ákvæðum 9. gr.

Leyfishafa er skylt að tilkynna lögreglustjóra og eftirlitsmanni samkvæmt VI. kafla laga þessara, hver sé forstöðumaður hverju sinni og hver af starfsmönnum gistihússins hafi sérþekkingu samkvæmt 12. gr.

Heimilt er lögreglustjóra að veita undanþágu frá skilyrði 4. töluliðs, sé maður með sérþekkingu samkvæmt 12. gr. ekki fáanlegur til starfans eða líkur séu til þess, að gistihúsið beri ekki kostnað af að hafa slíkan mann í þjónustu sinni.

12. gr.

Hver sá, er öðlast vill viðurkenningu á því að hafa sérþekkingu til að starfa í gistihúsi, skal fullnægja eftirgreindum skilyrðum:

1. Hann skal hafa lokið brottfararprófi í matreiðslu, framreiðslu eða gistihúsa-stjórn frá innlendum eða erlendum skóla, sem ráðuneytið viðurkennir.
2. Hann skal fullnægja skilyrðum 1.—3. töluliðs 4. gr.

Ráðuneytið gefur út leyfisbréf til handa þeim umsækjendum, sem fullnægja framangreindum skilyrðum.

13. gr.

Óheimilt er að nota í nafni gisti- og veitingastaða orðið „gistihús" eða önnur heiti, sem gefa til kynna slíkan rekstur, svo sem „hótel", nema eigandinn hafi áskilin leyfi.

Ráðuneytinu er heimilt, að fengnum tillögum eftirlitsmanns, að flokka gistihús eftir gæðum og auðkenna þannig, að hægt sé að átta sig á, í hvaða flokki þau eru. Um þetta setur ráðuneytið reglur, svo og um aðbúnað gesta og búnað gistiherbergja á einkaheimilum, sem leigð eru gestum fyrir milligöngu gistihúsa eða annarra aðila.

14. gr.

Leyfi til rekstrar gistiskála eða gistiheimilis veitir einnig réttindi til veitinga-starfsemi.

Lögreglustjóra er heimilt, að fengnum tillögum eftirlitsmanns, að krefjast þess, að í gistiskálum starfi að staðaldri matreiðslumaður með iðnréttindi í matreiðslu eða sambærilega menntun, ef um er að ræða starfsemi, sem líkur eru til, að beri slíkan kostnað.

## IV. KAFLI

## Um veitingastaði.

15. gr.

Veitingaleyfi veita réttindi til veitingastarfsemi og eru þessi:

1. Leyfi fyrir veitingahús, er veitir rétt til allrar veitingasölu, sem stunduð er að jafnaði alla daga vikunnar fyrir allar máltíðir. Veitingahús skulu eigi hafa færri en 30 sæti.
2. Leyfi fyrir skemmtistað, er veitir rétt til veitingasölu, sem þó er ekki stunduð alla daga vikunnar.
3. Leyfi fyrir veitingastofu, er veitir rétt til sölu á heitum og köldum drykkjum, brauði og kökum, en ekki á heitum máltíðum.
4. Leyfi til greiðasölu veitir rétt til sölu veitinga í atvinnuskyni í sambandi við heimili gestgjafa eða í veitingastofu, þar sem aðeins er látin í té takmörkuð þjónusta.

Í reglugerð skal setja nánari ákvæði um flokka veitingaleyfa og gististaða-leyfa og þær kröfur, sem gerðar eru til hvers um sig. Leyfi skal gefa út á nafn þess aðila, sem ber fjárhagslega ábyrgð á starfseminni (eiganda).

Nú er forstöðumaður veitingastaðar ekki eigandi starfseminnar né ber á henni fjárhagslega ábyrgð, og er þá heimilt að gefa út veitingaleyfi á hans nafn, með samþykki þeirra, sem bera fjárhagslega ábyrgð á starfseminni.

Leyfi heimilar eingöngu rekstur í þeim húsakynnum, sem til er tekið í leyfinu.

16. gr.

Skilyrði fyrir veitingu leyfis samkvæmt 15. gr. eru eftirfarandi:

1. Að húsakynni og húsbúnaður fullnægi þeim skilyrðum, sem ráðuneytið setur með reglugerð.

2. Að umsækjandi fullnægi skilyrðum 4. gr. laga þessara.
3. Að ekki þyki af sérstökum ástæðum óheppilegt, að fyrirtækið starfi, að dómi hlutaðeigandi sveitarstjórnar. Nú rís ágreiningur milli lögreglustjóra og sveitarstjórnar, og sker þá ráðherra úr.

Lögreglustjóra er heimilt, að fengnum tillögum eftirlitsmanna, að krefjast þess, að í veitingahúsum og á skemmtistöðum starfi að staðaldri matreiðslumaður með iðnréttindi í matreiðslu eða sambærilega menntun, ef um er að ræða starfsemi, sem líkur eru til, að beri slíkan kostnað.

## V. KAFLI
### Um matstofur á vinnustöðum.

17. gr.

Matstofur á vinnustöðum, sem ætlaðar eru til matseldar að staðaldri fyrir 30 manns eða fleiri, skulu háðar eftirliti samkvæmt lögum þessum og skulu uppfylla sömu kröfur um hreinlæti og eftir atvikum vinnuaðstöðu sem gerðar eru til veitingahúsa af svipaðri stærð.

18. gr.

Heimilt er, auk hinnar venjulegu starfsemi, að nota slíkar matstofur fyrir starfsfólk það, sem þær eru ætlaðar, til samkomuhalds og veitinga, utan venjulegra matmálstíma, án sérstaks leyfis, en ekki má leigja þær til annars samkomuhalds með veitingasölu, nema að fengnu veitingaleyfi samkvæmt lögum þessum.

## VI. KAFLI
### Gisti- og veitingastaðaeftirlit.

19. gr.

Ráða skal sérfróðan mann til þess að hafa á hendi eftirlit með starfsemi gisti- og veitingastaða, og starfar eftirlitsmaður undir stjórn landlæknis. Heimilt er landlækni að fela sérstökum heilbrigðiseftirlitsmönnum, sem starfandi eru í kaupstöðum, eftirlit þar.

Eftirlitsmaður skal leita aðstoðar heilbrigðisnefnda og héraðslækna, þar sem hann eða landlæknir telja þess þörf. Ákvörðunum eftirlitsmanns (svo og heilbrigðiseftirlits) má skjóta til ráðuneytis.

20. gr.

Eigendum og forstöðumönnum gisti- og veitingastaða er skylt að hlíta fyrirmælum eftirlitsmanns og heilbrigðisnefnda um lagfæringar til samræmis við kröfur laga þessara og reglugerða, sem settar verða samkvæmt þeim. Veita skal hæfilegan frest til framkvæmdanna.

Lögreglustjóra er heimilt að stöðva starfsemi, er fellur undir lög þessi, um stundarsakir, eftir kröfu landlæknis, ef ekki er bætt úr ágöllum, að gefinni aðvörun.

## VII. KAFLI
### Ýmis ákvæði.

21. gr.

Ráðuneytið gefur út fyrirmæli um almenna reglu, hreinlæti, hollustuháttu og annað, er varðar gisti- og veitingastaði. Í fyrirmælum þessum má ákveða sameigin-

legan opnunar- og lokunartíma fyrir alla veitingastaði eða fyrir hverja einstaka grein veitingastarfsemi.

Sveitarstjórn getur ákveðið opnunar- eða lokunartíma fyrir veitingastaði innan síns umdæmis, aðra en ákveðið kann að vera í fyrirmælum þeim, sem ráðuneytið setur samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar. Leita skal staðfestingar ráðuneytis á slíkum ákvæðum.

Ákvæði þau, er gilt hafa innan bæjar eða sveitar fyrir gildistöku laga þessara, um opnunar- og lokunartíma veitingastaða, falla úr gildi, er ráðuneytið gefur út fyrirmæli samkvæmt 1. mgr. um almenna skipun þessara mála, nema ráðuneytið ákveði annað.

22. gr.

Gjalda skal í ríkissjóð fyrir:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Gistihúsleyfi, veitingahúsleyfi, leyfi fyrir skemmtistað ........ | kr. | 3000.00 |
| 2. | Gistiskálaleyfi, veitingastofuleyfi ................................ | — | 1500.00 |
| 3. | Leyfi fyrir gistiheimili, greiðasöluleyfi .......................... | — | 1000.00 |
| 4. | Leyfi til tækifærisveitinga og bráðabirgðaleyfi samkv. 24. gr. ....... | — | 150.00 |
| 5. | Gjald fyrir endurnýjun leyfis ...................................... | — | 150.00 |

Þeir aðilar, sem hafa öðlazt veitingaleyfi samkvæmt ákvæðum laga um veitingasölu, gistihúsahald o. fl., nr. 21 15. júní 1926, skulu aðeins greiða endurnýjunargjald af fyrsta leyfi, sem þeir kunna að fá útgefið samkvæmt lögum þessum.

Nú er starfsemi flutt í ný húsakynni og þarf af þeim orsökum að gefa út nýtt leyfi, og skal þá greiða jafnhátt gjald og við venjulega endurnýjun leyfis, enda sé starfsemin á hinum nýja stað sams konar og á hinum fyrri.

Nú rekur leyfishafi fleiri en einn gisti- eða veitingastað, og skal þá greiðast gjald fyrir hvern þeirra.

Leyfið skal endurnýja á fjögurra ára fresti gegn gjaldi samkvæmt 5. tl. þessarar greinar. Gjaldið skal greitt lögreglustjóra fyrir lok janúarmánaðar og má innheimta það með lögtaki.

Lögreglustjóra er heimilt að synja leyfishafa um endurnýjun, ef fyrir liggja kærur frá eftirlitsmanni eða heilbrigðiseftirliti um alvarlegar misfellur á rekstrinum, unz úr hefur verið bætt.

23. gr.

Lögreglustjóri skal gera skrá yfir leyfi samkvæmt lögum þessum, önnur en leyfi til tækifærisveitinga, og skal þar vera nafn leyfishafa, hvar starfsemin sé rekin, hvenær leyfið var afhent, hvenær það gekk úr gildi og annað það, er ráðuneytið kann að ákveða.

Lögreglustjóri sendir ráðuneytinu og eftirlitsmanni, fyrir 1. marz ár hvert, eftirrit af því, sem skráð var undanfarandi ár.

24. gr.

Hver sá, sem við gildistöku laga þessara rekur gistihús með eigi færri en 20 rúmum fyrir gesti, getur fengið útgefið sér til handa bráðabirgðaleyfi til að halda rekstri áfram á sama stað, enda þótt gistihúsið fullnægi ekki skilyrðum 11. gr., allt til ársloka 1966.

Frest þennan getur ráðuneytið lengt, ef sérstaklega stendur á.

25. gr.

Hver sá, sem við gildistöku laga þessara rekur gistihús með eigi færri en 20 rúmum fyrir gesti, má nota gistihúsleyfi sjálfur, enda þótt hann hafi ekki í þjónustu

sinni mann, sem fullnægir skilyrðum 12. gr., ef eigandi hefur haft starfsemina með höndum minnst síðustu 12 mánuðina fyrir gildistöku laganna.

Hver sá, sem við gildistöku laga þessara hefur unnið við gistihús í minnst 10 ár, unnið við stjórn gistihúss minnst 5 ár eða verið forstöðumaður gistihúss minnst 2 ár, getur næstu 5 árin eftir gildistöku laga þessara, þrátt fyrir ákvæði 12. gr., fengið útgefið sér til handa leyfi, er veitir réttindi samkvæmt 12. gr., enda fullnægi hann skilyrðum 1.—3. tölul. 4. gr. og sanni fyrir ráðuneytinu, að hann hafi öðlazt nægilega þekkingu á gistihúsastarfsemi.

26. gr.

Öll gistihúsa- og veitingaleyfi samkvæmt lögum nr. 21 15. júní 1926 falla úr gildi við gildistöku laga þessara.

27. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að 100 þús. kr.

28. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1964, og jafnframt falla úr gildi lög nr. 21 15. júní 1926, um veitingasölu, gistihúsahald o. fl., ásamt síðari breytingum á þeim lögum, svo og önnur ákvæði, sem í bága fara við lög þessi.

*Gjört í Reykjavík, 20. apríl 1963.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Ingólfur Jónsson.*

20. apríl. Nr. 54.

# LÖG

## um heimild til lántöku fyrir raforkusjóð.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Raforkumálastjóra er heimilt fyrir hönd raforkusjóðs að taka lán til raforkuframkvæmda allt að kr. 150 000 000 — eitt hundrað og fimmtíu milljónir króna — eða tilsvarandi fjárhæð í erlendum gjaldeyri og er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast lánin fyrir hönd ríkissjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 20. apríl 1963.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Ingólfur Jónsson.*

# LÖG
## um bændaskóla.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### Um búnaðarskóla og stjórn þeirra.

1. gr.

Hér á landi skulu vera þrír skólar, er veita verklega og bóklega menntun bændaefnum og öðrum þeim, er hyggjast gera landbúnaðarstörf að lífsstarfi sínu. Skulu þeir vera að Hólum í Hjaltadal, Hvanneyri í Borgarfirði og hinn þriðji á Suðurlandi, þegar lokið er byggingu skólahúss og öðrum nauðsynlegum undirbúningi. Skólarnir nefnast bændaskólar.

2. gr.

Á skólajörðunum skulu rekin fjölþætt bú á sviði jarðræktar og búfjárræktar, og veita skólastjórarnir þeim forstöðu. Skal þar gera tilraunir og rannsóknir í þágu landbúnaðarins. Rekstri skólabúanna skal hagað þannig, að nemendum sé til fyrirmyndar og lærdóms.

3. gr.

Landbúnaðarráðherra hefur á hendi yfirstjórn bændaskólanna og skólabúanna.

4. gr.

Við hvern skóla um sig skal vera skólastjóri og eigi færri en fimm kennarar, miðað við fullt skólastarf.

Þeir einir geta orðið kennarar við bændaskólana, sem lokið hafa kandidatsprófi í búfræði, og þeir sem hlotið hafa hliðstæða menntun eða meiri. Sé sérstakur kennari ráðinn til kennslu í almennum greinum, skal gera til hans sömu menntunarkröfur og kennara við skóla gagnfræðastigsins.

Kennari við vélfræði, meðferð og hirðingu búvéla, skal hafa lokið prófi í þeim greinum eða hlotið þá þekkingu og starfsþjálfun, sem skólastjóri og ráðherra telja fullnægjandi.

Ráðherra skipar skólastjóra og kennara, en skólastjóri ræður stundakennara.

5. gr.

Skólastjóri og kennarar taka laun samkvæmt kjarasamningum.

Laun stundakennara skulu vera í samræmi við laun fastra kennara skv. ákvæðum kjarasamninganna og reglugerðar um stundakennara.

Fyrir bústjórn skólastjóra á skólabúum bændaskólanna, sbr. 2. gr., skulu greidd sérstök laun samkvæmt samningi, er ráðherra staðfestir.

Nánar skal kveðið á um störf skólastjóra og kennara í erindisbréfum, er ráðherra setur.

6. gr.

Heimilt er ráðherra, eftir tillögum skólastjóra bændaskólanna, að ákveða verkaskiptingu milli skólanna í einstökum greinum, svo og að ákveða um eitt ár í senn, að einungis önnur deild eins eða tveggja skólanna starfi.

### Inntökuskilyrði.

7. gr.

Skilyrði fyrir inntöku í skólana skulu vera þessi:

a) Að umsækjandi sé fullra 17 ára. Þó getur skólastjóri veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstakar ástæður mæla með. Skólastjóra er einnig heimilt að veita þeim umsækjendum inngöngu í eldri deild skólanna, sem að hans dómi hafa næga undirbúningsmenntun, en skylt er þeim að taka þátt í verklegu námi jafnlangan tíma og aðrir nemendur.

b) Að hann fullnægi þeim skilyrðum um kunnáttu, bóklega og verklega, sem reglugerð ákveður.

c) Að hann hafi óflekkað mannorð og sé ekki haldinn smitandi sjúkdómi.

### Námsefni og próf.

8. gr.

Búnaðarfræðslan fer fram í tveimur deildum. Árlegur kennslutími skal vera 6½—7½ mánuðir.

9. gr.

Eftirtaldar námsgreinar skal kenna bóklega:

Íslenzku, stærðfræði, þar með talin flatar- og rúmmálsfræði, búreikninga, almenna þjóðhagfræði, þjóðfélagsfræði, búnaðarhagfræði, búnaðarsögu, búnaðarlandafræði, grasafræði, eðlisfræði, efnafræði, steina- og jarðfræði, líffærafræði, lífeðlisfræði, búfjárfræði, mjólkurfræði, erfðafræði, véla- og verkfærafræði, jarðræktarfræði, byggingafræði, gerlafræði, dönsku og ensku. Enn fremur skal kenna söng, leikfimi og íþróttir. Í eldri deild skal leggja ríka áherzlu á kennslu í búfjárfræði og jarðræktarfræði, þar á meðal hagnýting jarðhita.

Heimilt skal ráðherra að fjölga eða fækka námsgreinum, ef skólastjóri óskar þess.

10. gr.

Í verklega náminu skal viðhafa þá fjölbreytni í kennslu, sem tími og aðstæður leyfa. Einkum skal leggja áherzlu á meðferð véla og verkfæra, land- og hallamælingar, hirðingu búfjár og sýnikennslu í sem flestum greinum jarðyrkju. Skal nemendum gefinn kostur á að taka þátt í þeirri tilraunastarfsemi, er fer fram á vegum skólanna.

Við bændaskólana skal vera aðstaða til kennslu í meðferð, hirðingu og viðgerðum landbúnaðarvéla, og skal kennsluverkstæði starfrækt í þessu skyni.

Veita skal fræðslu um nýjar búgreinar, eftir því sem við verður komið.

11. gr.

Próf skulu haldin í lok skólaárs. Þeir einir, sem lokið hafa fullnaðarprófi í búfræði eða hliðstæðu prófi frá búnaðarskólum erlendis, hafa rétt til þess að bera starfsheitið búfræðingur.

12. gr.

Heimilt er að halda námskeið við bændaskólana fyrir bændur og bændaefni, svo og fyrir leiðbeinandi menn á sviði landbúnaðarins. Námskeið þessi séu til hvatningar og fræðslu.

13. gr.

Á landi skólajarðanna skal reisa bústaði fyrir kennara skólanna á kostnað ríkisins, eftir því sem landbúnaðarráðherra ákveður í samráði við skólastjóra og fé er veitt til í fjárlögum.

Kennarar og aðrir starfsmenn, sem reisa vilja íbúðarhús á eigin kostnað, skulu eiga rétt á lóð undir það. Skal lóðin ákveðin í samræmi við skipulagsuppdrátt staðarins. Uppdrættir að þessum íbúðarhúsum skulu vera samþykktir af húsameistara ríkisins. Leita skal samþykkis ráðherra, áður en bygging er hafin, og höfð samráð við skólastjóra.

Njóti kennarar eða aðrir starfsmenn landsnytja eða afnota peningshúsa, gjaldi þeir fyrir það leigu.

14. gr.

Skólastjórar sjái um, að nemendur geti haft sameiginlegt mötuneyti, en ella selji skólabúin nemendum fæði og þjónustu við kostnaðarverði.

15. gr.

Stofnkostnaður við að gera skólana og skólabúin úr garði samkvæmt lögum þessum, svo og rekstrarkostnaður skólanna greiðist úr ríkissjóði. Verði rekstrarhalli á skólabúunum, skal hann greiðast úr ríkissjóði.

16. gr.

Í reglugerð, sem ráðherra setur, að fengnum tillögum skólastjóranna, skal kveða nánar á um starfsemi skólanna.

17. gr.

Við bændaskólann á Hvanneyri skal starfrækja framhaldsdeild í búfræði. Um fyrirkomulag þessarar deildar skal ákveðið í reglugerð, sem ráðherra setur.

18. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 24 22. marz 1948.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 20. apríl 1963.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**
(L. S.)

*Ingólfur Jónsson.*

Nr. 56. 20. apríl.

# LÖG

## um lögreglumenn.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, að fengnum tillögum sveitarstjórnar eða sýslunefndar, að ákveða, að í sveitar- eða sýslufélagi, þar sem eru 500 íbúar eða fleiri, skuli vera allt að einum starfandi lögregluþjóni á hverja 500 íbúa. Nú óskar hreppsnefnd eða sýslunefnd í sveitar- eða sýslufélagi, sem hefur færri en 500 íbúa, að hafa lögreglu, og er ríkisstjórninni þá heimilt að ákveða, að greiða skuli helming kostnaðar samkvæmt 1. málsgr. 2. gr.

Sveitarstjórnir eða sýslunefndir skipa lögregluþjóna að fengnum tillögum lögreglustjóra, en hann getur veitt þeim lausn án samþykkis nefndra aðilja.

2. gr.

Þar sem ríkisstjórnin gerir slíka ráðstöfun, skal ríkissjóður endurgreiða helming kostnaðar við lögreglu og löggæzlu sveitar- eða sýslufélaga.

Í Reykjavík, þar sem ríkissjóður greiðir allan kostnað af ríkislögregludeild, sbr. 3. gr., skal þó einungis endurgreiða $\frac{2}{5}$ hluta kostnaðar úr ríkissjóði.

3. gr.

Í Reykjavík skal, auk borgarlögregluliðs, vera deild ríkislögreglumanna, sem ríkissjóður ber allan kostnað af. Ríkislögreglumenn skulu ásamt öðrum lögreglumönnum annast sakamálarannsóknir, hafa eftirlit með útlendingum, annast umferðareftirlit á þjóðvegum og halda uppi almennri löggæzlu og reglu.

Dómsmálaráðherra ákveður tölu ríkislögreglumanna, og verði við það miðað, að tala þeirra verði eigi lægri en þriðjungur af tölu borgarlögreglumanna í Reykjavík.

4. gr.

Þegar sérstaklega stendur á eða ráðherra telur nauðsynlegt, öryggis vegna, að lögreglulið sé aukið meira en segir í 1. gr., getur hann bætt við varalögreglumönnum, og greiðir ríkissjóður þá allan þann kostnað, sem leiðir af aukningunni, þó eigi hærri upphæð en nemur þriðjungi kostnaðar af hinu reglulega lögregluliði. Varalögreglumenn fá laun úr ríkissjóði eftir reglum, sem ráðherra setur.

Á stöðum, þar sem þörf er á löggæzlu vegna sérstakra aðstæðna, svo sem á vertíðum, má ráða lögreglumenn til starfa, eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum. Má binda slík framlög því skilyrði, að ákveðinn hluti kostnaðar af löggæzlunni sé greiddur af viðkomandi sveitarfélagi.

5. gr.

Skipshafnir varðskipanna og tollverðir teljast til lögreglumanna ríkisins. Núverandi tollvörðum ríkisins verður þó ekki skipað að vinna störf lögreglumanna gegn vilja sínum.

Ef nauðsyn ber til, geta lögreglumenn kvatt sér til aðstoðar hvern fulltíða mann, sem viðstaddur er, til að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri.

Heimilt er dómsmálaráðherra með samþykki fjármálaráðherra og að fengnum tillögum viðkomandi sveitarstjórnar eða sýslunefndar að ákveða, að lögreglumaður sveitar- eða sýslufélags skuli gegna tollgæzlustörfum samkvæmt nánari fyrirmælum lögreglustjóra. Kostnaður greiðist þá að $\frac{2}{3}$ úr ríkissjóði og að $\frac{1}{3}$ úr viðkomandi sveitar- eða sýslusjóði.

6. gr.

Lögreglumenn, hvort sem eru í föstu starfi eða kvaddir lögreglunni til aðstoðar, eru opinberir starfsmenn og njóta sömu verndar og aðstöðu og þeir menn, er gegna borgaralegri skyldu. Enginn má á neinn hátt tálma því, að maður gegni lögreglustörfum. Brot gegn þessu ákvæði varðar sektum, nema þyngri refsing liggi við að lögum, og skal með mál út af brotum þessum fara að hætti opinberra mála.

Lögreglumenn eiga rétt á bótum fyrir meiðsli og tjón, sem þeir verða fyrir vegna starfs síns.

7. gr.

Ríkislögreglumönnum er skylt að gegna löggæzlustörfum hvar sem er á landinu. Ef sérstaklega stendur á og dómsmálaráðherra mælir svo fyrir, gildir sama um lögreglulið sveitar- eða sýslufélags, taki ríkissjóður þátt í kostnaði við það. Ráð-

herra ákveður, hver skuli stjórna liði, þegar það er sent úr einu lögsagnarumdæmi í annað.

Er ríkissjóður tekur þátt í kostnaði við lögreglulið sveitar- eða sýslufélags, skal lögreglumönnum þess skylt, þegar nauðsyn krefur, að gegna löggæzlustarfi hvar sem er innan umdæmis þess lögreglustjóra, er fer með stjórn þeirra.

Gæta skal þess þó jafnan, að hægt sé að halda uppi löggæzlu á þeim stað, sem lið er flutt frá.

8. gr.

Að fengnum tillögum sýslunefndar er dómsmálaráðherra heimilt að ákveða, að í lögsagnarumdæmi skuli vera starfandi 2—8 héraðslögreglumenn.

Hlutverk héraðslögreglumanna er að gegna almennum löggæzlustörfum í héraði, þegar á þarf að halda, samkv. fyrirmælum lögreglustjóra eða hreppstjóra, þar á meðal að halda uppi reglu á mannfundum og skemmtunum.

Kostnaður af fræðslu og þjálfun héraðslögreglumanna, svo og kostnaður af einkennisfatnaði þeirra og öðrum búnaði greiðist úr ríkissjóði.

Ráðherra setur reglugerð um fasta þóknun héraðslögreglumanna og um greiðslu annars kostnaðar vegna starfa þeirra. Þóknun og kostnaður greiðist úr sýslusjóði, en ríkissjóður endurgreiðir helminginn. Heimilt er lögreglustjóra að binda skemmtanaleyfi því skilyrði, að lögreglumenn verði á skemmtistað, og skal þá leyfishafi greiða til sýslusjóðs kostnað af þeirri löggæzlu samkvæmt gjaldskrá, sem ráðherra setur.

Lögreglustjóri heimilar héraðslögreglumönnum að taka sér aðstoðarmenn til þess að halda uppi reglu á skemmtistöðum.

9. gr.

Við embætti lögreglustjórans í Reykjavík skal starfræktur lögregluskóli, er veiti lögreglumönnum undirstöðumenntun í lögreglufræðum. Skal að jafnaði eigi skipa aðra í lögregluþjónsstöðu en þá, er staðizt hafa próf í skólanum. Framhaldsnámskeið skulu haldin svo oft sem aðstæður leyfa. Heimilt er og að efna til lögreglunámskeiða utan Reykjavíkur.

Ráðherra setur reglugerð um námstilhögun í lögregluskólanum og prófkröfur.

10. gr.

Lögreglumenn má ekki nota til að hafa önnur afskipti af vinnudeilum en að halda þar eins og annars staðar uppi friði og afstýra skemmdum, meiðslum og vandræðum.

11. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga. Hann ákveður, hver skuli vera einkenni og búnaður lögreglumanna, og setur reglur um réttindi og skyldur lögreglumanna.

12. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að greiða úr ríkissjóði allan kostnað, er leiðir af framkvæmd laga þessara, sem ekki er samkvæmt lögunum greiddur af öðrum aðiljum.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru þá jafnframt úr gildi felld lög nr. 50 12. febrúar 1940, um lögreglumenn, lög nr. 45 5. apríl 1956 og lög nr. 61 29. marz 1961, um breyting á þeim lögum.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Ákvæði 2. gr. um þátttöku ríkissjóðs í greiðslu kostnaðar við lögreglu og löggæzlu skulu koma til framkvæmda að fullu 1. janúar 1965. Árið 1963 greiðist úr ríkissjóði 3/10 hlutar af þessum kostnaði utan Reykjavíkur, en ¼ í Reykjavík. Árið 1964 greiðist úr ríkissjóði 4/10 hlutar utan Reykjavíkur, en ⅓ í Reykjavík.

*Gjört að Bessastöðum, 20. apríl 1963.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**
(L. S.)

*Bjarni Benediktsson.*

22. apríl. Nr. 57.

# LÖG

**um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna vatnsveituframkvæmda í Vestmannaeyjum.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka allt að 12 millj. kr. lán, sem endurlánað verði bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar til vatnsveituframkvæmda, gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar. Lánið skal þó ekki nema meira en 85% — áttatíu og fimm af hundraði — af áætluðum heildarkostnaði við framkvæmd verksins. Endurlán ríkissjóðs verði bundið sömu skilyrðum um tæknilegan og fjárhagslegan undirbúning framkvæmdanna og tíðkast við vatnsveituframkvæmdir, sem fá ríkisábyrgð skv. lögum nr. 93/1947.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 22. apríl 1963.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**
(L. S.)

*Emil Jónsson.*

# LÖG

## um breyting á lögum nr. 10/1952, um heimilishjálp í viðlögum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þá má samkvæmt lögum þessum starfrækja heimilishjálp handa öldruðu fólki, eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 22. apríl 1963.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Emil Jónsson.*

Nr. 59. 30. apríl.

# LÖG

## um makaskipti á landspildum úr landi jarðanna Laugardalshóla og Miðdalskots í Laugardalshreppi.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að hafa makaskipti á landspildu úr landi jarðarinnar Laugardalshóla og spildu úr landi ríkisjarðarinnar Miðdalskots í Laugardalshreppi, Árnessýslu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 30. apríl 1963.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Ingólfur Jónsson.*

# LÖG

## um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að selja eyðijörðina Bakkasel í Öxnadalshreppi.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Öxnadalshreppi í Eyjafjarðarsýslu eyðijörðina Bakkasel fyrir verð, er dómkvaddir menn meta.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 16. apríl 1963.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**
(L. S.)

*Ingólfur Jónsson.*

16. apríl. Nr. 61.

# LÖG

## um heimild til að selja jörðina Utanverðunes í Rípurhreppi í Skagafjarðarsýslu.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Stjórn Utanverðunesslegats heimilast með lögum þessum að selja ábúanda hálfa jörðina Utanverðunes í Rípurhreppi, enda verði hún gerð að ættaróðali. Enn fremur heimilast stjórn legatsins að selja hinn helming jarðarinnar, ef ábúð á þeim hluta jarðarinnar er tryggð eða önnur sú starfsemi, sem jafngildir ábúð. Sama gildir um þann hluta jarðarinnar, sem um ræðir í 1. málslið, ef ábúandi gengur frá.

Jörðin skal seld því verði, er dómkvaddir menn meta, nema hærri tilboð liggi fyrir, og skal leita samþykkis eftirlitsmanna opinberra sjóða um söluverð.

Andvirði jarðarinnar skal vera eign Utanverðunesslegats.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 16. apríl 1963.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**
(L. S.)

*Ingólfur Jónsson.*

# AUGLÝSING

## um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands.

Forseti Íslands hefur í dag samkvæmt tillögu ráðuneytisins staðfest eftirfarandi breytingu á reglugerð nr. 76 frá 17. júní 1958 fyrir Háskóla Íslands.

1. gr.

Í 57. gr., 2, próftilhögun og tímamörk, bætist á eftir 3. málsgrein ný málsgrein, er verður 4. málsgr., svofelld:

Við árspróf 1963 getur verkfræðideild heimilað stúdentum að segja sig til prófs í einstökum námsgreinum. Enn fremur getur deildin leyft þeim að endurtaka ársprróf einstakra námsgreina, án þess að þeim sé skylt að endurtaka um leið sama ársprróf annarra greina eða önnur ársprróf sömu greinar.

2. gr.

Reglugerð þessi tekur þegar gildi.

*Í menntamálaráðuneytinu, 30. marz 1963.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Birgir Thorlacius.*

# FORSETABRÉF

## um heiðurspening til minningar um vígslu Skálholtskirkju og afhendingu Skálholtsstaðar til þjóðkirkjunnar 1963.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Forsætisráðherra hefur tjáð mér, að ríkisstjórninni þyki hlýða, að gerður verði heiðurspeningur, er sæma má innlenda menn og erlenda, í sambandi við vígslu Skálholtskirkju og afhendingu Skálholtsstaðar til þjóðkirkjunnar hinn 21. júlí 1963.

Ég fellst á, að efnt verði til slíks heiðurspenings, og skulu um hann gilda eftirfarandi reglur:

1. gr.

Peningurinn nefnist: Heiðurspeningur til minningar um vígslu Skálholtskirkju og afhendingu Skálholtsstaðar til þjóðkirkjunnar 1963. Heiðurspeningurinn skal vera gylltur silfurpeningur, 3 cm að þvermáli og 2 mm að þykkt. Lögun peningsins skal vera hin sama og á smelltum skjöldum á stétt Skálholtskaleiks í Þjóðminjasafni Íslands. Á framhlið skal mótuð mynd af mítri, en í kross fyrir aftan það bagli og tvískeggja lykli. Á bakhlið, sem er slétt, skal letra: Skálholt 1963.

Heiðurspeninginn skal bera á brjóstinu vinstra megin í hvítu bandi með gylltum jöðrum.

2. gr.

Veiting heiðurspeningsins skal fara fram í eitt skipti, hinn 21. júlí 1963.

3. gr.

Heiðurspeninginn skal, að fengnum tillögum ráðuneytisstjóra kirkjumálaráðuneytisins, biskups og formanns orðunefndar hinnar íslenzku fálkaorðu, veita innlendum mönnum og erlendum, sem taldir eru sérstaklega verðir þess að hljóta hann.

4. gr.

Forseti Íslands veitir heiðurspeninginn, og er hann eign þess, er hann hlýtur.

5. gr.

Heiðurspeningnum skal fylgja skjal undirritað af forseta Íslands.

6. gr.

Birta skal í Lögbirtingablaði og Stjórnartíðindum hverjir heiðurspeninginn hljóta.



Reykjavík. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

7. gr.

Kostnaður við heiðurspeninginn greiðist úr ríkissjóði.

*Gjört í Reykjavík, 11. júlí 1963.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**
(L. S.)

*Ólafur Thors.*

Nr. 64. 17. ágúst.

# BRÁÐABIRGÐALÖG

## um lausn kjaradeilu verkfræðinga.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Ríkisstjórnin hefur tjáð mér, að algert verkfall hafi staðið yfir hjá meðlimum Stéttarfélags verkfræðinga frá 27. júní s.l. Frá 1. júlí þ. á. hafi tekið gildi nýtt launakerfi opinberra starfsmanna samkvæmt kjaradómsúrskurði, en launakröfur Stéttarfélags verkfræðinga, sem félagið hafi haldið fast við, séu almennt verulega hærri en laun sambærilegra starfsmanna samkvæmt kjaradómi. Þannig sé öllu samræmi launakerfis ríkisins, sem komið var á með lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 55/1962, við laun fyrir sambærileg störf hjá öðrum en ríkinu, stefnt í hættu og þannig unnið gegn efnahagskerfi landsins og hagsmunum almennings. Beri því brýna nauðsyn til að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir slíka þróun mála.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Hæstiréttur tilnefnir þrjá menn í gerðardóm, sem ákveði kjör verkfræðinga, sem starfa hjá öðrum aðilum en ríkinu. Dómurinn skal einnig setja gjaldskrá fyrir verkfræðistörf, sem unnin eru í ákvæðisvinnu eða tímavinnu.

Hæstiréttur kveður á um, hver hinna þriggja gerðardómsmanna skuli vera formaður dómsins.

Gerðardómurinn setur sér starfsreglur. Hann aflar sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum og embættismönnum.

2. gr.

Gerðardómurinn skal við ákvörðun mánaðarlauna, vinnutíma og launa fyrir yfirvinnu, hafa hliðsjón af því, hver séu kjör verkfræðinga og annarra sambærilegra starfsmanna hjá ríkinu, samkvæmt launakerfi því, er gildir frá 1. júlí 1963.

Við setningu gjaldskrár fyrir verkfræðistörf, unnin í ákvæðisvinnu og tímavinnu, skal höfð hliðsjón af gjaldskrá Verkfræðingafélags Íslands frá 19. apríl 1955 og reglum, er gilt hafa um framkvæmd hennar.

3. gr.

Verkföll í því skyni að knýja fram skipan kjaramála, sem lög þessi taka til, er óheimil, þar á meðal framhald verkfalla Stéttarfélags verkfræðinga, sem nú eru háð.

4. gr.

Ákvarðanir gerðardóms samkvæmt 1. gr. skulu gilda frá gildistöku laga þessara.

5. gr.

Kostnaður við gerðardóminn, þar á meðal laun gerðardómsmanna eftir ákvörðun ráðherra, greiðist úr ríkissjóði.

6. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot sektum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 46 13. apríl 1963, um hámarksþóknun fyrir verkfræðistörf.

*Gjört að Bessastöðum, 17. ágúst 1963.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**
(L. S.)

*Ingólfur Jónsson.*

17. ágúst. Nr. 65.

# AUGLÝSING

## um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ásgeir Ásgeirsson, fór í dag í einkaerindum til útlanda og mun verða fjarverandi um hríð.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Í forsætisráðuneytinu, 17. ágúst 1963.*

**Ólafur Thors.**

*Knútur Hallsson.*

**Stjórnartíðindi A, nr. 63—65. Útgáfudagur 19. ágúst 1963.**

# SIGLINGALÖG

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Að ég samkvæmt 15. gr. laga nr. 15 20. apríl 1963, um breyting á siglingalögum, nr 56 30. nóvember 1914, hefi látið fella meginmál hinna fyrst nefndu laga, svo og 1. gr. laga nr. 40 19. maí 1930, inn í lög nr. 56 30. nóvember 1914 og gef þau út svo breytt:

## I. KAFLI

### Gildissvið laganna o. fl.

1. gr.

Lög þessi gilda um öll skip, sem skráð eða skráningarskyld eru á Íslandi. Þegar athafnir íslenzks framkvæmdarvalds eða dómsvalds taka til erlendra skipa, skal einnig beita ákvæðum laga þessara, eftir því sem við á, enda brjóti það ekki í bága við reglur þjóðaréttarins.

2. gr.

Skip er óbætandi: 1. er engri viðgerð á því verður við komið; 2. er ekki verður gert við það, þar sem það er, eða á neinum þeim stað, er það verður flutt á; 3. er skipið er ekki talið þess vert, að við það sé gert. — Skulu öll þessi atriði sönnuð með löglegri skoðunargerð.

## II. KAFLI

### Um réttindi yfir skipum.

3. gr.

Um stofnun og vernd eignarréttar og eignarhafta á skrásettu skipi, sem er 5 rúmlestir að stærð eða meira, skal farið eftir reglum um fasteignir, eftir því sem við verður komið.

4. gr.

Nafnbreytingu á skipi má því aðeins leyfa, að allir eigendur þess séu því samþykkir. Áður en skráningarstjóri tekur hið nýja nafn á skipaskrá, skal hann senda dómara þeim, sem þinglýsingar annast, tilkynningu um nafnbreytinguna.

Nú er skip flutt milli skráningarumdæma, og skal þá skráningarstjóri í því umdæmi, sem skip var skrásett í, sjá um, að skráningarstjóranum í því umdæmi, sem skipið er flutt í, séu send eftirrit af öllum þinglesnum eignarhaftaskjölum, sem skipið varða, en hann skal þegar afhenda dómara þau til þinglýsingar, og má ekki skrásetja skipið fyrr en það hefur verið gert. Fyrir hinn nýja þinglestur skal ekkert gjald greiða.

5. gr.

Lögleg eignarhöft á skipi, sem ekki er skrásett hér á landi, halda gildi sínu, ef skjöl um þau eru afhent dómara til þinglýsingar innan 3 mánaða frá bráðabirgðaskráningu skipsins í íslenzka skipaskrá eða frá fullnaðarskrásetningu þess, ef það var ekki skrásett til bráðabirgða.

6. gr.

Nú missir skip rétt til að sigla undir íslenzkum fána eða er af öðrum ástæðum fellt úr skipaskrá, og hefur þetta engin áhrif á þinglesin eignarhöft. Þó fellur í gjalddaga skuld, sem tryggð er með þinglesnu veði í skipi eða skipshluta, um leið og skipið er fellt úr skrá yfir íslenzk skip.

## III. KAFLI

## Um útgerð skipa.

7. gr.

Sé ekki annan veg fyrir mælt í lögum þessum, ábyrgist útgerðarmaður með öllum eignum sínum allar skuldbindingar, sem hann stofnar sjálfur eða aðrir fyrir hans hönd.

8. gr.

Útgerðarmaður ber ábyrgð á tjóni, sem skipstjóri, skipshöfn, hafnsögumaður eða aðrir, sem vinna í þágu skips, hafa valdið í starfi sínu með yfirsjónum eða vanrækslu. Ábyrgðin er takmörkuð samkvæmt ákvæðum IX. kafla.

Nú greiðir útgerðarmaður fé af þessum sökum, og bæti honum aftur sá, er tjóni olli.

9. gr.

Nú er félagsútgerð á skipi, og koma þá skuldbindingar allar, sem hvíla á félögum sem sjálfskuld, á þá aðeins að réttri tiltölu við eign þeirra í skipi.

10. gr.

Ef skip er félagseign, skulu félagar kjósa sér útgerðarstjóra, og sé hann heimilisfastur hér á landi. Sé það skip skrásetningarskylt, skal senda tilkynningu um kosninguna til innritunar á skipaskrána.

Sækja má útgerðarstjóra að lögum um öll mál, sem snerta útgerðina. Nú er ekki kosinn útgerðarstjóri, og er þá rétt að sækja hvern af félögum, er vill, í útgerðarmálum. Sækja má félaga hvort er vill á varnarþingi hans eða skipsins.

11. gr.

Útgerðarstjóri getur, samkvæmt stöðu sinni, gert alla löggerninga, sem útgerð almennt krefur, svo fullgilt sé gagnvart öðrum mönnum. Hann getur því ráðið skipstjóra, látið hann fara og gefið honum fyrirskipanir; svo getur hann og veitt viðtöku fé, sem útgerðinni greiðist. Hann getur og verið réttur sóknar- og varnaraðili útgerðarinnar. Hins vegar er útgerðarstjóra ekki frjálst að taka fé að láni fyrir hönd útgerðarinnar, að selja skip eða veðsetja eða kaupa tryggingu á skipi, nema sérstök heimild komi til.

Nú takmarka útgerðarmenn með sérstökum fyrirmælum valdsvið útgerðarstjóra frá því, sem það er almennt talið og hér hefur verið greint, og er þá sú takmörkun ógild gagnvart öðrum mönnum, sem við útgerðarstjóra semja og eru eigi vitandi um hana.

12. gr.

Nú skal útkljá einhver málefni útgerðarinnar með atkvæðagreiðslu félagsmanna, og ráða þá atkvæði þess eða þeirra, sem meira eiga en helming skipsins. Þó er nóg,

að þeir eigi hálft skipið, ef útgerðarstjóri er þeim samþykkur, þó ekki sé hann félagsmaður. Nóg er og helft skipseignar til kosningar útgerðarstjóra; hljóti tveir jöfn atkvæði, skal hlutkesti ráða.

Fari samþykktir í bága við efni útgerðarsamnings eða taki út fyrir tilgang útgerðarinnar, eru þær því aðeins lögmætar, að allir félagsmenn samþykki.

13. gr.

Um heimild útgerðarstjóra til samninga og annarra athafna fyrir hönd útgerðarmanna skulu gilda gagnvart þeim hinar almennu reglur um umboð. Skylt er útgerðarstjóra, ef atvik og ástæður meina það ekki, að kveðja félagsmenn til ráðstefnu eða afla sér á annan hátt vitneskju um vilja þeirra um öll mikilsverð málefni, sérstaklega ef skipinu eru ætlaðar verulega ólíkar ferðir eða flutningur eða nýjar veiðiaðferðir, svo og ef ráða skal skipstjóra eða setja hann af eða bæta skip að mun.

14. gr.

Heimilt skal jafnan félögum þeim, sem meira eiga en hálft skip, að setja útgerðarstjóra af.

Nú á hann hálft skipið eða meira, og getur dómari þá svipt hann stöðunni, ef hluthafi krefst og dómari finnur nægar sakir til, og skipað annan útgerðarstjóra til bráðabirgða.

15. gr.

Skylt er útgerðarstjóra að hafa sérstaka reikninga yfir öll viðskipti útgerðarinnar, þau er undir hann koma, og gera á þeim öllum full skil. Hafi félagar ekki aðra skipan á gert, skal hann hafa gert þeim skil fyrir almanaksár hvert, áður 3 mánuðir séu liðnir frá lokum ársins.

16. gr.

Nú eru gerð reikningsskil, og er þá útgerðarstjóra skylt að senda reikningana hverjum einstökum félagsmanni eða leggja þá fram til sýnis. Rétt á hver félagsmaður á því, til tryggingar, að sjá reikningsbækur útgerðarinnar og fylgiskjöl og einkanlega reikninga skipstjóra.

Nú mótmælir einhver reikningum útgerðarstjóra og er þó eigi um misreikning eða svik að ræða, og skal þá fram fylgja mótmælunum með lögsókn áður eitt ár sé liðið frá því er reikningsskil voru af hendi innt og félagsmönnum sagt til þeirra.

17. gr.

Skylt er félagsmanni að greiða allan útgerðarkostnað að réttri tiltölu við eign hans í skipi. Vanræki félagsmaður að greiða skylduhlut sinn og hafi þó verið krafinn, og greiði útgerðarstjóri þann hluta eða annar af félagsmönnum, og skal þá hinn lúka það fé og vexti, 8 af hundraði, á ári, frá því greiðsla fór fram, og þar að auki þau tryggingariðgjöld, sem sá, er galt fyrir hann, kann að hafa greitt til tryggingar sér. Veðrétt á lánssali í skipshluta þess, er hann galt fyrir, og ágóða þeim, sem í hans hlut kemur, og skal sá veðréttur ganga fyrir öðrum eldri samningsveðrétti í þeim skipshlut, en þoka skal hann fyrir sjóveði því, sem getur hér í X. kafla, svo og fyrir eldra samningsveði í öllu skipi; en hafin skal málssókn til lúkningar kröfunni áður ár sé liðið frá því er hann greiddi féð; missi ella veðsins.

18. gr.

Nú er skipinu ráðin ný ferð eða ráðnar bætur á því að lokinni ferð og krafið framlaga til og einhver félagsmanna hefur ekki lagt þeim samþykktum atkvæði sitt, og skal honum þá heimilt að segjast úr þeim framlögum með því að láta af

hendi sinn hlut í skipi endurgjaldslaust, svo framarlega sem ekki hvíla sérstök eignarhöft á hluta hans. Nú vill hann neyta þessarar heimildar, og skal hann þá skýra útgerðarstjóra frá því bréflega svo snemma, að útgerðarstjóri viti það áður 8 dagar séu liðnir frá því er samþykktin var gerð eða frá því er honum var skýrt frá henni, ef hann var ekki viðstaddur samþykktargerðina. Jafna skal hlut þess, er úr gekk, á hluti sameignarmanna hans að réttri tiltölu við stærð þeirra hluta, er þeir áttu áður.

Ef keypt hefur verið vátrygging á hlut þess, er úr gekk, og hún er enn í gildi við eigendaskiptin, greiða hinir nýju eigendur iðgjald fyrir hana, einn fyrir alla og allir fyrir einn, fyrir það sem eftir er tryggingartímans.

19. gr.

Jafna skal á félagsmenn skaða og ábata á útgerðinni að réttri tiltölu við eign þeirra í skipi.

Nú reynist, að gerðum reikningsskilum, að tekjuleifar eru, og skal þeim þá skipt upp meðal félagsmanna, sé þeirra ekki þörf til nauðsynja útgerðarinnar.

20. gr.

Ekki slítur það samútgerð skips, þótt skipshluti verði eign annarra manna eða félagsmaður deyi, verði sviptur fjárforráðum eða gjaldþrota.

Heimilt er félagsmanni að selja hluta sinn öðrum mönnum án samþykkis sameigenda; þó er ólögmæt sala skipshluta, jafnvel þótt nauðungarsala sé, nema allir félagsmenn samþykki, ef salan sviptir skipið heimild til skrásetningar á íslenzkar skipaskrár.

Nú er skipshluta afsalað öðrum manni til eignar en sameiganda, og á þá hver sameigandi rétt á að leysa til sín hlutann, enda bjóði hann hinum nýja eiganda innlausnarféð, eða fullnægjandi tryggingu, ef lausnarféð er ekki að fullu ákveðið, innan hálfs mánaðar eftir þann dag, er eigandaskiptin voru tilkynnt, samkvæmt 21. gr., 2. málsgr. Ef málsaðilar verða ekki á eitt sáttir um innlausnarféð, þá skal upphæð þess ákveðin með lögmætu mati; þó má hún aldrei lægri vera en kaupverð það, er hinn nýi eigandi greiddi. Ef hinn nýi eigandi vill ekki láta hluta sinn lausan án málssóknar, skal mál hafið áður en 3 mánuðir séu liðnir frá tilkynningunni samkvæmt 21. gr. Nú er skipshluti seldur á uppboði og útgerðarstjóri hefur fengið tilkynningu um það viku áður en það er haldið, og eiga sameigendur þá ekki innlausnarrétt. Ef fleiri en einn sameigenda krefjast innlausnar samtímis, eiga þeir allir innlausnarrétt að réttri tiltölu við hluta hvers þeirra í skipinu. Nú hefur einn sameigenda neytt innlausnarréttarins að fullu, og eiga þá hinir sameigendurnir eigi framar innlausnarrétt að því sinni.

Verði skipshluti eign manns, sem ekki hefur rétt til þess að eiga íslenzkt skip, sbr. 1. gr., á hver félagsmaður rétt á að krefjast sölu þess skipshluta á uppboði, nema eigandi hafi gert þá ráðstöfun áður 6 mánuðir séu liðnir, að skipið haldi heimild sinni til skrásetningar á íslenzku skipaskrána. Svo skal að öllu fara með þá sölu sem nauðungarsala væri og sama gildi hafa.

21. gr.

Nú verður maður eigandi skipshluta, og eignast hann þegar gagnvart meðeigendum rétt þann og binzt skyldum þeim, sem bera réttum sameignarmanni. Hlíta skal hann og svo sem formaður hans samþykktum þeim, er skipseigendur gerðu áður hann varð eigandi, svo og öðrum framkvæmdum þeim, er þeir höfðu hafið þá, og svo þeim skyldum, er þeim fylgja. Rétt er og, að sameignarmenn hans færi honum til skuldajafnaðar þær kröfur, sem þeir áttu á formann hans og af sameigninni

stafa. Hann ábyrgist sem sameigandi gagnvart öðrum mönnum skuldbindingar þær allar, sem útgerðin tekst á hendur eftir það er hann varð félagsmaður.

Skylt er hlutsala að skýra útgerðarstjóra eða öllum sameignarmönnum frá eigendaskiptunum og sanna, að viðtakandi, sá er hann til nefnir, kannist við kaupin, en meðan hann gerir það ekki, getur hlutsali ekki skotið sér vegna eigendaskiptanna undan neinum þeim skyldum við sameigendur, er af sameigninni stafa. Ábyrgjast skal hann, unz eigandaskipti hafa verið tilkynnt skráningarstjóra, skuldbindingar sameigenda gagnvart öðrum mönnum, þær er gerðar voru eftir eigandaskiptin, ef þeir menn vissu þau ekki.

22. gr.

Þeir félagsmenn, einn eða fleiri, sem meira eiga en hálft skipið, geta ákveðið, að sameigninni skuli slitið.

Þá getur hver félagsmaður krafizt, að slitið sé sameign: 1. ef skip missir heimild til skrásetningar á íslenzku skipaskrána án tilverknaðar hans eða samþykkis og er því máð af skipaskrá; 2. ef útgerðarstjóra er vikið frá með dómsúrskurði samkvæmt 14. gr.; 3. ef hann sannar, að útgerðarsamningurinn hafi verið verulega rofinn, eða gengið að öðru leyti á rétt hans í framkvæmdum eða forstöðu sameignarinnar; 4. ef það kemur í ljós við lok ferðar innanlands, að skuldir sameignar fari fram úr eignum hennar.

Verði ágreiningur í þessu síðasta atriði um verðmæti skips, skal það ákveðið með löglegu mati.

23. gr.

Nú er félagsútgerð slitið, og skal þá skipið selt á opinberu uppboði. Ef skipið er utanlands og greini menn á um, hvort það skuli flutt heim eða ekki, eða um uppboðsskilmálana, skal uppboðsrétturinn á heimili félagsútgerðar skera úr.

## IV. KAFLI
### Um skipstjóra.

24. gr.

Útgerðarmenn ráða skipstjóra eða útgerðarstjóri fyrir þeirra hönd. Ef einhver þeirra á meira en helming skips, á hann rétt til skipstjórnar, enda hafi hann til þess lögfull skilyrði. Greini menn á um skipstjórakaup, er heimilt að leita dómsúrskurðar.

25. gr.

Skipstjóri annast um, áður ferð er byrjuð, að skip sé haffært, og sér um það í tæka tíð, að það sé vel útbúið, nægilega vel mennt og birgt að vistum, hafi vatn og læknislyf, eldsneyti og aðrar vélanauðsynjar, ef það er gufuskip. Skylt er honum að annast um, að lögboðin bendingaáhöld og björgunartæki, sæbréf og siglingaverkfæri séu á skipi.

Skylt er honum að annast um, að skip sé ekki offermt og farmur vel búlkaður, og til að tryggja hann sé séð fyrir nægu refti, undirbreiðum, hlerum, skorðum o. s. frv., og að lestarop séu tryggilega lukt og fleyguð. Sé farmur fluttur á þilfari, skal tryggilega um hann búið, og svo settur, að hann hindri ekki að mun athafnir skipverja. Fari skipið með seglfestu, annast skipstjóri um, að hún sé sæmileg að gnægð og gæðum og svo tryggilega um hana búið, að ekki byltist á leið.

Ráðherra kveður nákvæmara á um birgðir skips að læknislyfjum, svo og um ferming, flutning og affermingu sprengiefna, eldfimra og etandi hluta, og ábyrgist skipstjóri, að þeim fyrirmælum sé hlýtt.

Heimilt er og að láta ákvæði þau, er getur í næstu málsgrein hér á undan, ná til erlendra skipa, er þau eru í landhelgi.

26. gr.

Hafa skal skipstjóri á skipi öll nauðsynleg skipsskjöl og eintak af lögum þessum og sjómannalögunum og þeim reglugerðum og fyrirskipunum, sem gerðar hafa verið samkvæmt þeim.

27. gr.

Skipstjóra er óheimilt án leyfis útgerðarmanns að taka í skip söluvarning sinn eða annarra. Brjóti hann bann þetta, skal hann greiða útgerðarmanni farmgjald og bæta honum tjón.

28. gr.

Ekki má skipstjóri fara frá skipi, nema hann segi stýrimanni til áður um það, sem þörf er á, og gefi honum skipanir sínar eða skipverja öðrum, sé stýrimaður ekki á skipi. Sé skipið ekki fest í höfn eða við akkeri í tryggu lægi, má skipstjóri ekki vera frá skipi, nema að nauðsynjaerindum, þótt hafnsögumaður sé á skipi. Svo er og ávallt, ef hætta er á ferðum.

29. gr.

Nú má skipstjóri ekki vera fyrir skipi sakir sjúkleika eða af öðrum brýnum ástæðum, og skal þá útgerðarmanni tafarlaust sagt til um það. Verði ákvæðis útgerðarmanns eða umboðsmanns hans ekki beðið að skaðlausu, skal skipstjóra skylt að sjá fyrir nauðsyn skipsins, einkanlega að setja fyrir skipið til bráðabirgða stýrimann eða annan hæfan mann, og hafi ráð ræðismanns að því er hann getur, ef það er utanríkis. En sé skipstjóri ófær til, eða vanræki þessa skyldu sína, annast ræðismaður nauðsynjar skipsins.

30. gr.

Skipstjóri annast um, að fermingu og affermingu skips sé hraðað eftir þörfum og að burtför skips dragist ekki að því loknu. Ekki má hann nauðsynjalaust víkja skipinu af réttri leið á ferð þess né tefja það á annan hátt, nema honum sé skylt að bjarga mönnum eða skipi úr sjávarháska, sbr. 4. gr. laga nr. 56 23. júní 1932.

31. gr.

Skylt er skipstjóra að gera allt það, er hann má, til að halda skipi sjófæru á ferð. Nú hefur skip tekið grunn, eða annað að borið, svo að ætla má, að skip hafi laskazt, og er skipstjóra þá skylt að láta rannsaka það, þar sem því verður fyrst við komið.

32. gr.

Skylt er skipstjóra að kynna sér ákvæði og fyrirmæli um siglingar, er honum ber að gæta á viðkomustöðum á ferð sinni. Hann skal og afla sér vitneskju um, hvers gæta ber til tryggingar skipi og farmi, ef við ófriði er að sjá eða herkvíun.

33. gr.

Skylt er skipstjóra að veita viðtöku íslenzkum farmönnum, sem ræðismönnum er skylt að senda heim, og flytja þá alla leið eða til annarrar hafnar, sem skip fer til í þeirri ferð, fyrir fargjald, sem ráðherra ákveður.

34. gr.

Öll skip, sem fara á milli landa, skulu halda leiðarbók. Skip, sem eru við fiskveiðar, flutning eða annað hér við land, þurfa ekki að halda leiðarbók, en séu þau

yfir tólf rúmlestir, skulu þau halda dagbók. Vélskip hafa að auki sérstaka vélarbók. Ráðherra setur nánari reglur um tilhögun og löggilding bókanna. Þegar skip er afgreitt úr höfn innanlands, skal sýna leiðarbókina eða dagbókina lögreglustjóra, og skrifar hann ókeypis í þær vottorð um það, að þær voru sýndar.

35. gr.

Í leiðarbók skrifar skipstjóri, eða stýrimaður með umsjá skipstjóra, og ábyrgist þá báðir, en vélstjóri skrifar í vélarbók með umsjá skipstjóra og ábyrgist báðir. Skrifa skal allt í bækurnar eftir réttri tímaröð, í höfn eftir hvern sólarhring, en á sjó eftir varðtíðir. Skrifa má fyrst í bráðabirgðabók það, sem gerist á varðtíð hverri, en skrifa skal það í bækurnar, áður sá sólarhringur sé á enda.

Bóka skal í leiðarbók glöggt og skipulega. Ekki má skafa það af, sem skrifað var, draga yfir það, eða gera það með öðru móti ólæsilegt; gerist leiðréttingar þörf, skal henni bæta við sem athugagrein.

36. gr.

Skrifa skal í leiðarbók ýtarlega allt það, er við ber á ferðinni, og hvað annað það, er útgerðarmönnum er gagn að vita eða eigendum farms eða vátryggjendum eða öðrum þeim mönnum, er ferðin snertir hagsmunalega.

Geta skal því þess í leiðarbók, nær starfstími skipverja hefst og endar, nær vistir og vatn er tekið á skip, nær ferming skips og afferming hófst, var frestað, og nær þeim lauk; bóka skal, hvað fermt er og affermt hvern dag, og ef tekin er seglfesta, hver hún var, hve þung og hversu um hana var búið, hvort aðrir unnu en skipverjar, djúpmál skipsins á skut og stafni og ásigkomulag þess að öðru leyti, er það lét úr höfn, hverju skipið er fermt og ásigkomulag farmsins; ef búlki er á þilfari, skal sagt, hve mikill er og hve hár, um leiðrétting áttavitans og afbrigði (deviation); nær skipið lætur út, kemur til hafnar eða flytur sig þar; um vind, veðurfar, stöðu loftvogar, strauma, stefnu, skriðhraða, hvað haft var af seglum, hver vegalengd var farin, hver skipsljós höfð; djúpmál, miðun og athuganir; nær hafnsögumaður kom á skip og fór af skipi; um dælinguna, hve oft var dælt, hve lengi um sinn og með hve miklu afli og um vatnshæð í dælunum.

Leiðarreikning skal bóka um hvern sólarhring.

Sé ráðstefna haldin á skipi, skal bóka í leiðarbók tillögur manna svo og úrskurð skipstjóra, og skrifa þeir nöfn sín undir bókun, sem á ráðstefnu voru. Þess skal og getið í leiðarbók, ef skipverji sýkist, deyr eða strýkur, eða vinnur glæp eða skipsagabrot, svo og hvenær og af hvaða ástæðum skipstjóra þykir nauðsyn að draga af matgjöfum.

Sérstaklega ber að rita í leiðarbók nákvæmar skýrslur um hvert það óhapp, sem verða kann á skipi eða farmi, og þess getið, hvað því olli, hversu það bar að og hversu úr var ráðið.

Í vélarbók skal greint frá eldsneytisforða skips og annarra vélanauðsynja, er skip lét úr höfn, eyðslu á eldsneyti hvern sólarhring og allt annað, er vélina snertir, gang hennar og gæzlu.

Í dagbók skal rita greinilega frásögn um ferð skipsins, og skal, auk veðuráttu, skýrt frá öllum þeim atvikum, er verulega þýðingu hafa fyrir ferðalagið, eða á einn eða annan hátt geta snert hagsmuni útgerðarmanna, eigendur farms eða vátryggjendur. Sé skipið við fiskveiðar, skal enn fremur greina daglega frá öllu því markverðasta, er snertir fiskveiðarnar, svo sem hvar skipið fiskar og hvernig aflast, dýpi, botnlag o. s. frv. Halda skal leiðarreikning, hvenær sem þörf krefur.

37. gr.

Þegar leiðarbók er skrifuð til enda eða verður ekki notuð annars vegna, fær skipstjóri nýja bók og lætur löggilda, og skal þá geta þess í gömlu bókinni, að ný bók sé löggilt og nær það var. Nú verður ekki náð til hinnar gömlu bókar, og skal þess þá getið í hinni nýju, og sagt, hvað til þess bar.

Við slík bókarskipti ber réttu yfirvaldi að rannsaka það, hvort hirðulega var bókað í hina eldri bók dag eftir dag og annast um, að skipstjóri sæti lögsókn, ef svo er eigi. Nú verða skipstjóraskipti, og skal þá leiðarbók send yfirvaldi til slíkrar rannsóknar áður næsti dagur á eftir sé liðinn, ef því verður við komið, annars svo fljótt, sem unnt er, svo og ef skipið verður fyrir slysi, svo að sjóferðaskýrslu þurfi að krefja af þeim sökum (41. gr.), og skipstjóri leitar hafnar innanríkis eða utanríkis, þar sem skipaður er íslenzkur ræðismaður eða sá, er fer með slíkt vald fyrir Íslands hönd; svo skal og vera, þegar menn eru skráðir úr skiprúmi eða skip tekur aftur innlenda höfn og affermir þar að öllu eða meiri hluta. Geta skal í leiðarbók nær hún var færð yfirvaldi og um þá rannsókn, er fram fór.

Ákveða má í reglugerð linkind í eftirliti þessu á gufuskipum, sem eru í reglubundnum förum landa í milli.

38. gr.

Rétt á hver maður á að fá að kynna sér leiðarbók skips, sá er sýnir, að hann eigi þar lögmætra hagsmuna sinna að gæta. Geyma skal leiðarbækur alskrifaðar ekki skemur en tvö ár eftir það er ferð var á enda. Nú rís dómsmál og snertir það ferðina, og skal þá varðveita leiðarbók til þess er því máli lýkur að fullu.

39. gr.

Nú gerist einhver atburður á fermingarstað skips eða affermingarstað eða á ferð þess, er skip eða farmur bíður skaða við, svo að nokkru nemi, eða gild rök eru til að ætla, að tjón á þeim leiði af, og skal þá skipstjóri gefa um það sjóferðarskýrslu.

Svo er og, ef maður slasast eða ferst voveiflega af skipi eða skipið veldur tjóni á öðrum skipum eða mannvirkjum.

Nú verður slysið hér í ríkinu, og skal þá skipstjóri segja til þess yfirvaldi á þeim stað svo fljótt sem unnt er, eftir það er slysið bar að eða varð kunnugt. Fylgja skal frásögninni orðrétt afrit af því, sem bókað var um þann atburð í leiðarbókinni; ef ekki var leiðarbók eða hún hefur farizt, skal gefa bréflega skýrslu um atburðinn og skrá yfir skipverja og þá menn aðra, sem ætla má að skýrt geti málið, og til nefna, ef auðið er, þá menn, sem þetta mál kemur við, eða umboðsmenn þeirra. Dómari eindagar síðan þinghald til sjóferðaskýrslu og framkvæmdir til undirbúnings það, er þörf krefur. Hafa skal skipstjóri leiðarbækur með sér á þingið. — Utanlands skal skipstjóri, svo fljótt sem verða má, gefa sjóferðarskýrslu því yfirvaldi, sem þau embættisstörf ber undir á þeim stað, eða íslenzkum ræðismanni, ef ríkisstjórnin hefur fengið honum vald til að taka við slíkum skýrslum.

Ef sjóferðarskýrsla er gefin erlendu yfirvaldi og íslenzkur ræðismaður er á þeim stað, skal honum sagt til, svo að hann geti verið viðstaddur þinghaldið og annazt um, að sjóferðarskýrslan sé sem gleggst og fyllst.

Ræðismaður sendir utanríkisráðuneytinu skýrslu um það, sem fram hefur farið, hvort heldur hann hefur sjálfur tekið við sjóferðarskýrslunni eða átt þess kost að vera viðstaddur þinghald. Skýrsluna skal síðan senda ráðuneyti því, sem fer með siglingamál.

Öll þau fyrirmæli, sem þessi grein og 35., 37. og 38. gr. gefa um leiðarbók, gilda og um dagbók skips.

40. gr.

Laskist skip á ferð, svo bæta verði að mun eða tefja það um hríð, er skipstjóra skylt að láta lögmæta matsgerð fram fara. Skulu matsmenn líta á skemmdir og segja álit sitt um, hvað aðhafast skuli til að bæta skip, hvað það muni kosta og hve mikils skipið sé þá vert óbætt. Þá er skip er bætt skal úr því skorið með nýrri skoðunargerð, hvort skip er þá fært til að halda áfram ferð sinni.

Nú spillist farmur að mun á ferð, eða ráða má af líkum, að hann sé svo á sig kominn, að nauðsyn beri til að afferma skipið, eða hjálpa farmi við á annan veg, eða ryðja verður skipið sakir þess sjálfs, og skal þá skipstjóri láta fram fara lögmæta skoðunar- og matsgerð. Reynist skemmd á farmi, skulu matsmenn láta uppi álit sitt um það, hvað ætla má, að valdið hafi og hversu hagkvæmast verði úr ráðið.

Kveðja skal matsmenn eftir því sem lög eru til eða venja á þeim stað; þar sem slík matskvaðning er ekki tíðkuð, skal skipstjóri afla sér yfirlýsinga skynbærra manna.

41. gr.

Ef grunur getur leikið á því, að skemmdunum hafi valdið misfellur við hleðslluna, umbúnaðinn, lestarop vanlukt og annað þess háttar, skal kveðja til skoðunarmenn að sjá lestarrúm opnuð og skip affermt. Ef óttast má, að góss hafi spillzt á ferð, skal skipstjóri krefjast skoðunargerðar áður en góssið er fengið í hendur viðtakanda.

42. gr.

Ef skip kemst í sjávarháska, er skipstjóra skylt að gera allt, sem hann má, til bjargar skipinu, og má ekki hverfa frá því meðan nokkur von er um björg þess. Ef engin er bjargarvon, en háskinn svo vís, að það eitt sé til, að hverfa frá skipi, þá er honum skylt einkanlega að annast björgun skipsbóka og skipsskjala; hann annast og björgun á skipi og góssi og leitar sér til þess hjálpar, sem nauðsyn krefur.

Nú verður björg, og sér þá skipstjóri um björgunina, nema það komi í bága við lög á þeim stað, eða sérstakur björgunarsamningur sé til fyrirstöðu. Skrifað skal nákvæmlega, hverju bjargað er, svo og tölu þeirra manna, sem að björgun vinna og góssið flytja á geymslustað; skrifar skipstjóri það sjálfur, eða lætur stýrimann gera; skipstjóri rannsakar og, svo sem hann má við koma, reikninga alla fyrir björgun, flutning, geymslu, og vottar með nafni sínu, að réttir séu.

Skipstjóri annast og, svo fljótt sem hann má, um lögmæta skoðunargerð á skipi og því góssi sem bjargað var, og fær því þá varðveizlu, sem hann má bezta.

43. gr.

Þá er skip er utan heimilis síns, gerir skipstjóri, svo fullgilt sé gagnvart öðrum mönnum, samkvæmt stöðu sinni í umboði útgerðarmanns alla þá löggerninga, sem snerta framkvæmd ferðar hans, svo sem útbúnað skips allan og viðhald og öflun vista; hann gerir farmsamninga og er sóknaraðili útgerðarmanna í málum, sem við koma skipinu.

Enga löggerninga getur skipstjóri gert á lögheimili skips, þá er skuldbindi útgerðarmenn, ef hann hefur ekki sérstakt umboð þeirra til, nema að ráða menn í skiprúm.

44. gr.

Nú er fjár vant til framkvæmdar einhverju því, sem í 43. gr. getur, og er skipstjóra þá heimilt að taka til þess fé að láni eða selja góss útgerðarmanns og jafnvel, ef í nauðir rekur, að selja af farmi. Þó að löggerningsins hafi ekki verið þörf, bindur hann allt að einu útgerðarmann, ef viðsemjari var grandlaus.

45. gr.

Skylt er skipstjóra að skýra útgerðarmönnum iðulega frá ásigkomulagi skips og hvernig ferðinni líður, hverjir löggerningar voru gerðir, og frá öllum þeim atburðum í heild sinni, sem máli skipta fyrir þá. Hann skal og leita skipana útgerðarmanna sjálfra um öll mikilsverð málefni, að því er hann má við koma, eða þess manns, er útgerðarmenn vísuðu til. Skorti gjaldeyri til skipsþarfa og ekki megi bíða skipana útgerðarmanna, skal skipstjóri leitast við að afla þess fjár svo sem útgerðarmönnum er hagkvæmast.

46. gr.

Skipstjóri skal meðan ferð stendur láta sér annt um farminn og gæta að öllu hagsmuna farmeiganda.

47. gr.

Skipstjóri hefur samkvæmt stöðu sinni umboð til að gera löggerninga og sækja mál fyrir hönd farmeiganda eftir samsvarandi reglum og í 83. gr. segir um farmflytjanda.

48. gr.

Ekki ábyrgist skipstjóri með sínu fé skuldbindingar þær, sem hann gerir fyrir hönd útgerðarmanna eða farmeigenda sem skipstjóri.

49. gr.

Tjón það, sem skipstjóri veldur með yfirsjónum eða vanrækslu við störf sín, er honum skylt að bæta. Dómstólar geta þó fært bótafjárhæð niður með tilliti til þess, hversu mikil sökin var og tjónið, til efnahags skipstjóra og annarra atvika.

50. gr.

Skyldur er skipstjóri að gera reikningsskil við heimkomu skips að lokinni ferð, og annars svo oft sem útgerðarmenn heimta. Vilji útgerðarmaður mótmæla reikningi, skal það gert með lögsókn áður 6 mánuðir séu liðnir frá því, er hann fékk reikninginn. Að þeim fresti liðnum eru mótmæli ólögmæt, nema misreiknun eða svik sannist.

Ef ekki er annan veg tilskilið, skal skipstjóri telja með tekjum útgerðarmanna á reikningum hverja sérstaka uppbót, sem hann hefur tekið við af farmsendara, farmeiganda, birgðasala eða öðrum, þeim er hann átti skipti við sem skipstjóri.

51. gr.

Nú á skipstjóri meira en hálft skip, og getur þá dómari sett hann af, ef hluthafi krefst og nægar sakir eru til.

## V. KAFLI

### Um flutningssamninga.

52. gr.

Ef ekki er sérstaklega mælt á annan veg, skal því aðeins beita ákvæðum þessa kafla um farmsamninga, að ekki leiði annað af löggerningnum sjálfum eða venju.

53. gr.

Farmflytjandi skal sjá um, að skip sé haffært, nægilega mannað, birgt af vistum og búnaði og í heild sinni í hæfu ástandi.

54. gr.

Ef tiltekið skip er greint í samningi eða tilkynningu í sambandi við hann, er farmflytjanda óheimilt að nota annað skip til efnda á samningnum.

55. gr.

Nú er samið um heilt skip eða fullfermi, og er farmflytjanda þá óheimilt að flytja með því skipi vöru fyrir aðra menn en farmsamningshafa.

56. gr.

Nú framselur farmsamningshafi rétt sinn samkvæmt samningnum eða semur við aðra menn um flutning fyrir þá, og ábyrgist hann eigi að síður efndir samningsins.

57. gr.

Ákvæði um farmsamninga, sem gerðir eru um tilteknar ferðir skips, taka til þess, er samið er um heilt skip, hluta af skipi eða sendingu stykkjagóss.

58. gr.

Ef ekki er áskilinn í samningi sérstakur fermingarstaður í höfn, skal skip liggja þar sem farmsamningshafi vísar til, enda sé þar ekki tálmun fyrir, skip liggi þar á floti, því sé þar óhætt og komist þaðan hlaðið tálmunarlaust.

Nú hefur ekki verið vísað á tiltekinn stað í tæka tíð, og skal þá velja skipi almennan fermingarstað. Ef það er ekki unnt, skal skip liggja þar, sem hæfilegt má telja að ferming geti farið fram.

59. gr.

Farmsamningshafi hefur rétt til að fá skip flutt milli fermingarstaða innan hafnar, hvort sem tiltekinn fermingarstaður hefur verið áskilinn eða ekki, en bera skal hann kostnað af því.

60. gr.

Þegar samið er um flutning á stykkjagóssi, hefur farmsamningshafi ekki rétt til að vísa á fermingarstað né að fá skip flutt milli fermingarstaða, nema slíkt leiði af samningsákvæði eða venju.

61. gr.

Skylt er farmflytjanda að hafa skip búið til fermingar um ákveðinn fermingartíma (biðdaga og aukabiðdaga).

Farmflytjandi á rétt til sérstakrar þóknunar fyrir aukabiðdaga.

62. gr.

Biðdagar skulu vera sem hér segir:

Fyrir skip, sem ekki hafa eigin vélknúin fermingartæki: 2 dagar, þegar skip er 50 rúmlestir eða minna, 4 dagar, þegar skip er meira en 50, en ekki yfir 100 rúmlestir, 5 dagar, þegar skip er meira en 100, en ekki yfir 200 rúmlestir, 6 dagar, þegar skip er meira en 200, en ekki yfir 400 rúmlestir.

Fyrir skip, sem hafa eigin vélknúin fermingartæki: 2 dagar, þegar skip er 75 rúmlestir eða minna, 3 dagar, þegar skip er meira en 75, en ekki yfir 200 rúmlestir, 4 dagar, þegar skip er meira en 200, en ekki yfir 400 rúmlestir.

Þegar skip hefur meira burðarmagn en hér var sagt, skal telja þann tíma til biðdaga, sem með sanngirni mátti gera ráð fyrir við samningsgerð að til fermingar gengi. Skal þá höfð hliðsjón af tegund og stærð skips og farms, fermingartækjum í skipi og í höfn og öðrum sambærilegum aðstæðum.

Biðdagatíma skal telja í vinnudögum og vinnustundum.

63. gr.

Biðdaga skal telja frá því, er sagt hefur verið til, að skip sé búið til fermingar á fermingarstað. Beina skal tilkynningu til farmsamningshafa, nema sagt hafi verið til um annan vörusendanda, en þá skal tilkynna honum. Ekki skal tilkynning gefin, fyrr en skip er komið á fermingarstað.

Biðdagatíma skal annaðhvort telja frá þeirri klukkustund, er hafnarvinna hefst eftir venju að morgni, enda hafi þá verið sagt til skips ekki síðar en kl. 16 næsta vinnudag á undan, eða frá þeirri stundu, er hádegishléi lýkur, enda hafi þá verið sagt til ekki síðar en kl. 10 þann sama dag.

Nú er vörusendandi ekki á fermingarstað, og skal þá líta svo á, að honum hafi verið sagt til um skipið, þegar tilkynning hefur verið send honum með tilhlýðilegum hætti. Ef ekki er kunnugt um dvalarstað sendanda, skal tilkynning auglýst, eftir því sem við á þar á staðnum, og hefur birting auglýsingar þá sömu áhrif og þegar tilkynning er send.

64. gr.

Ef aðstæður vörusendanda valda því, að skip getur ekki lagzt á fermingarstað, hefst biðdagatími, þegar tilkynnt hefur verið, að skip sé búið til fermingar.

Svo er einnig, þegar ekki hefur verið samið um tiltekinn fermingarstað og tálmunin stafar af skipaþröng í höfn eða öðrum svipuðum atvikum, sem farmflytjandi þurfti ekki að gera ráð fyrir við samningsgerð.

65. gr.

Til biðdaga telst sú töf, sem leiðir af flutningi skips milli fermingarstaða í höfn, en hins vegar ekki sá tími, sem fer til ónýtis vegna tálmana af skipsins hálfu.

Nú er skipi valinn óvenjulegur fermingarstaður af ástæðum, sem farmflytjandi mátti gera ráð fyrir við samningsgerð, og telst þá sá tími ekki til biðdaga, sem við það fer til ónýtis.

66. gr.

Aukabiðdagar skulu vera hálfu færri en biðdagar. Ef samið er um heilt skip, skulu þeir þó vera 3 dagar hið fæsta.

Tímann skal telja í vinnudögum og vinnustundum, en þóknunina eftir samfelldum dögum og klukkustundum frá lokum biðdaga. Um aukabiðdaga og þóknun fyrir þá skal beita ákvæðum 65. gr., eftir því sem við á.

67. gr.

Þóknun fyrir aukabiðdaga skal ákveða með hliðsjón af farmgjaldi, enda sé tekið tillit til aukinna útgjalda annars vegar og sparnaðar hins vegar, sem af því leiðir fyrir skipið, að það liggur í höfn.

Krefja má þóknunar að kvöldi fyrir hvern aukabiðdag. Nú er þóknun ekki greidd eða trygging sett, og má þá geta kröfunnar á farmskírteini.

68. gr.

Þegar tími til fermingar og affermingar er tiltekinn í einu lagi, má ekki nota lengri tíma til fermingar en svo, að hæfilegur tími verði eftir til affermingar.

Þóknun fyrir aukabiðdaga skal þó ekki reikna, fyrr en hinn tiltekni biðtími er liðinn í heild.

69. gr.

Þegar samið er um flutning á stykkjagóssi, fer um lengd fermingartíma eftir aðstæðum. Tilkynning til vörusendanda skal gerð með hæfilegum fyrirvara. Ákvæði um aukabiðdaga taka ekki til slíkra flutninga.

Ákvæði um tilkynningar taka ekki til skipa, sem eru í förum samkvæmt fastri áætlun.

70. gr.

Sendandi skal færa vöru að skipshlið, en farmflytjandi annist og kosti flutning þaðan á skip, búlkun alla, undirbreiður og refti.

Nú hefur skipi verið valinn óvenjulegur fermingarstaður af ástæðum, sem farmflytjandi mátti gera ráð fyrir við samningsgerð, og er honum þó allt að einu skylt að taka við vöru á venjulegum fermingarstað.

71. gr.

Afhendingu vöru og viðtöku skal hraða eftir föngum.

Vöru skal afhenda í þeirri röð og með þeim hætti, sem haganlegast er fyrir flutning hennar á skip, búlkun og affermingu.

72. gr.

Óheimilt er að búlka vöru á þilfari, nema það hafi næga stoð í samningi eða venju.

73. gr.

Sendandi skal sjá um, eftir því sem við verður komið, að vara, sem hætt er við bruna eða sprengingu eða hættuleg er að öðru leyti, sé merkt þannig, að varast megi hættuna. Honum er skylt að veita alla þá fræðslu um vöruna, sem nauðsynleg er til að aftra tjóni.

74. gr.

Þegar sendir eru munir, sem þarfnast sérstakrar umönnunar eða gætilegrar meðferðar, skal frá því skýrt og munirnir auðkenndir á þann hátt, ef unnt er.

Segja skal til þess sérstaklega, ef sendir eru peningar, verðbréf eða dýrgripir.

75. gr.

Skipstjóri, stýrimaður eða sá, sem til þess hefur umboð, skal veita viðurkenningu fyrir viðtöku vöru, jafnóðum og hún er afhent, ef sendandi krefst þess.

76. gr.

Nú er vara komin á skip og nauðsynlegar skýrslur og skjöl fram komin, og skal þá skipstjóri eða sá maður, sem til þess hefur umboð, gefa út farmskírteini, ef sendandi æskir þess.

Sendandi getur krafizt sérstaks farmskírteinis fyrir einstaka hluta farms, nema það baki farmflytjanda verulega fyrirhöfn eða óþægindi. Sendandi greiði aukakostnað, sem af því kann að leiða.

77. gr.

Nú tefst burtför skips að fermingartíma loknum, sökum þess að sendandi afhendir ekki í tæka tíð skjöl, sem vöru skulu fylgja, eða veitir ekki vitneskju um ákvörðunarstað eða annað, sem ferð varðar, og getur þá farmflytjandi krafizt sömu þóknunar og fyrir aukabiðdaga. Ef hann bíður meira tjón, á hann einnig rétt til að fá það bætt, nema álíta megi, að hvorki sendandi né menn, sem hann ber ábyrgð á, hafi valdið töfinni með yfirsjónum eða vanrækslu.

78. gr.

Þegar vara, sem afhent hefur verið, veldur farmflytjanda eða öðrum tjóni, skal sendandi greiða bætur, ef um er að kenna yfirsjónum eða vanrækslu hans sjálfs eða manna, sem hann ber ábyrgð á.

Ef flutt hefur verið á skip vara, sem hætt er við bruna eða sprengingu eða hættuleg er að öðru leyti, og tjón stafar af þessum eiginleikum hennar, þá skal sendandi bæta það án tillits til sakar, ef farmflytjanda var ekki um hættuna kunnugt.

79. gr.

Skipstjóri skal halda áfram ferð með hæfilegum hraða.

Sigling úr leið eða önnur töf, sem ekki stafar af björgun manna úr lífsháska, er því aðeins heimil, að bjarga þurfi skipi eða farmi eða önnur nauðsyn komi til.

80. gr.

Nú tefst skip á ferð, sökum þess að skipstjóri hefur ekki fengið í tæka tíð vitneskju um ákvörðunarstað eða annað, sem ferð varðar, og skal þá beita ákvæðum 77. gr., eftir því sem við á.

81. gr.

Farmflytjandi greiðir skipsgjöld öll, hafnsögugjöld, dráttargjöld og annan slíkan kostnað, sem í ferð gerist.

82. gr.

Frá því að vara kemur í hendur farmflytjanda og þar til hann hefur afhent hana, skal hann veita henni umönnun og gæta hags eiganda.

83. gr.

Farmflytjanda er heimilt að gera, svo að bindandi sé fyrir eiganda farms, alla þá löggerninga, sem miða til að varðveita farm og koma honum áleiðis. Hann hefur og heimild til að vera sóknaraðili í málum, sem farm snerta.

Nú skortir fé til framkvæmdar einhverri nauðsyn, sem í 1. mgr. getur, og er farmflytjanda þá heimilt að taka fé að láni fyrir hönd farmeiganda eða selja af farmi. Þó að ekki hafi borið nauðsyn til samningsgerðar, verður farmeigandi samt við löggerninginn bundinn, ef viðsemjandi var grandlaus.

Nú er hætta á, að farmur spillist eða rýrni verulega við geymslu eða flutning áleiðis, eða svo reynist, að kostnaður af geymslu hans eða flutningi muni fara mjög úr hófi fram, og er farmflytjanda þá heimilt að selja hann.

84. gr.

Farmflytjandi skal leita fyrirmæla farmeiganda, ef unnt er, áður en hann gerir óvenjulegar ráðstafanir um farminn. Nú næst ekki til hans né neins manns, er hann setti fyrir sig, og skal þá gera farmsamningshafa eða vörusendanda viðvart, ef því verður við komið. Ekki skal farmflytjandi selja af farmi án slíkra fyrirmæla frá farmeiganda, nema áður sé látin fara fram lögmæt skoðunargerð eða aflað sé álitsgerðar sérfróðra manna. Sala skal fara fram á opinberu uppboði eða með öðrum jafntryggilegum hætti.

Ávallt skal tilkynna farmeiganda ráðstafanir þær, sem gerðar voru um farminn.

85. gr.

Nú hefur farmflytjandi lagt fram fé eða játazt undir skuldbindingar fyrir farmeiganda, og ábyrgist þá farmeigandi kröfur farmflytjanda, sem af því rísa, aðeins með góssi því, sem hann á í skipinu.

86. gr.

Um affermingarstað skal beita ákvæðum 58.—60. gr., eftir því sem við á. Fyrirmæli, sem þar lúta að farmsamningshafa, skulu gilda hér um viðtakanda farms.

Nú eru viðtakendur farms samkvæmt sama farmsamningi fleiri en einn, og hafa þeir þá því aðeins rétt til að vísa á affermingarstað eða til að fá skip flutt milli staða innan hafnar, að þeir séu báðir eða allir sammála um það.

87. gr.

Um affermingartíma skal beita ákvæðum 61.—69. gr., eftir því sem við á. Fyrirmæli, sem þar lúta að vörusendanda, skulu gilda hér um viðtakanda farms.

88. gr.

Farmflytjandi lætur vöru af hendi við skipshlið, og skal viðtakandi taka þar við henni.

Nú er ekki unnt að koma skipi á almennan affermingarstað í höfn af ástæðum, sem farmflytjandi mátti gera ráð fyrir við samningsgerð, og er honum þó allt að einu skylt að afhenda vöru á venjulegum affermingarstað.

89. gr.

Afhendingu vöru og viðtöku skal hraða eftir föngum. Skipa skal vöru upp í þeirri röð og með þeim hætti, sem haganlegt er viðtakanda.

90. gr.

Nú lýkur affermingu ekki á réttum tíma og töfin stafar ekki af tálmunum af hálfu skipsins, og skal þá beita ákvæðum 77. gr., eftir því sem við á.

91. gr.

Nú eru viðtakendur farms samkvæmt sama farmskírteini fleiri en einn og einn þeirra hefur greitt þóknun fyrir aukabiðdaga eða aðra töf, sem orðið hefur vegna aðstæðna annars viðtakanda, og á hann þá aðgang að þeim manni um greiðslu kostnaðarins.

92. gr.

Sá, sem sýnir heimild sína til viðtöku á farmi, hefur rétt til að skoða hann, áður en hann tekur við honum.

93. gr.

Nú tekur viðtakandi við farmi, og skuldbindur hann sig þá með því til að greiða farmgjald og aðrar kröfur, sem farmflytjandi getur krafizt greiðslu á eftir farmskírteini eða öðru skjali, sem segir fyrir um flutning farmsins.

94. gr.

Farmflytjanda er ekki skylt að láta farm af hendi, fyrr en viðtakandi greiðir eða tryggir í geymslu fé það, sem honum ber að greiða eftir 93. gr., og aðrar kröfur, sem á vöru hvíla. Nú hefur ekki enn verið kveðið á um fjárhæð sjótjónsframlags, og má þá ekki halda farmi eftir af þeim sökum, ef viðtakandi setur tryggingu fyrir.

Þegar farmurinn er af hendi greiddur, getur farmflytjandi kallað til geymslufjárins, enda tálmi viðtakandi því ekki með kyrrsetningu eða lögbanni.

95. gr.

Nú fullnægir viðtakandi ekki skilmálum fyrir afhendingu vörunnar eða tefur svo affermingu, að henni getur ekki orðið lokið í tæka tíð, og er farmflytjanda þá heimilt að færa vöru í land og koma henni í örugga geymslu á kostnað viðtakanda. Tilkynna skal viðtakanda uppskipun vörunnar og geymslu.

Ef neitað er að taka við farmi eða viðtakandi er ókunnur eða finnst ekki, skal farmflytjandi skýra sendanda frá því, þegar er hann má. Nú segir viðtakandi ekki

til sín svo fljótt, að vara verði affermd í tæka tíð, og skal farmflytjandi þá skipa upp vöru og fela hana til varðveizlu, svo sem fyrr var sagt. Tilkynna skal hann farmsamningshafa og vörusendanda þessa ráðstöfun á vörunni.

96. gr.

Þegar skip eru í förum samkvæmt fastri áætlun, má skipa góssi upp og koma því í örugga geymslu á kostnað viðtakanda, enda sé hann ekki við því búinn að veita því viðtöku, þegar er það kemur í land.

Ef góssið er ekki sótt innan hæfilegs tíma, skal tilkynna sendanda um geymsluna.

97. gr.

Þegar góss er látið til varðveizlu, er farmflytjanda heimilt að selja á opinberu uppboði eða með öðrum jafntryggum hætti svo mikið af því, sem þarf til lúkningar á kröfum, er á góssinu hvíla.

98. gr.

Ef kröfum á hendur farmsamningshafa er ekki fullnægt með sölu góssins, ábyrgist hann það, sem á skortir.

Eftir að farmflytjandi hefur látið farm af hendi, á hann ekki kröfu á hönd farmsamningshafa um það fé, sem viðtakanda var skylt að greiða, nema leitt sé í ljós, að greiðsla hefði ekki fengizt við sölu á góssinu. Þó er rétt, að farmflytjandi sæki farmsamningshafa um þá fjárhæð, sem hann mundi vinna honum úr hendi, ef allar kröfur féllu niður.

99. gr.

Nú spillist farmur eða glatast, meðan hann er í umsjá farmflytjanda á skipi eða á landi, og ber honum þá að bæta tjón, sem af því hlýzt, nema ætla megi, að hvorki hann né neinn maður, sem hann ber ábyrgð á, eigi sök á tjóninu.

100. gr.

Nú hefur verið flutt á skip vara, sem hætt er við bruna eða sprengingu eða er hættuleg að öðru leyti, án þess að farmflytjanda væri kunnugt um þessa eiginleika vörunnar, og er honum þá heimilt eftir atvikum að flytja vöruna í land, gera hana óskaðlega eða ónýta hana, enda er honum ekki skylt að greiða skaðabætur.

101. gr.

Bætur fyrir skemmdan farm eða glataðan skal ákveða eftir því verðgildi, sem varan mundi hafa haft ósködduð við afhendingu á réttum stað og tíma.

102. gr.

Viðtakandi, sem krefjast vill skaðabóta, skal tilkynna farmflytjanda það án óþarfrar tafar. Nú vanrækir hann það, og getur hann þá ekki krafizt bóta síðar, nema farmflytjandi eða maður, sem hann ábyrgist, hafi valdið tjóninu af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

103. gr.

Í innanlandssiglingum er farmflytjanda óheimilt að gera fyrirvara um takmörkun ábyrgðar sinnar á góssi frá fermingu þess til affermingar, að undanskilinni ábyrgð á lifandi dýrum og vöru, sem hafa skal á þilfari.

Farmflytjandi má þó undanþiggja sig ábyrgð á tjóni, sem stafar af yfirsjónum eða vanrækslu við stjórntök skips eða meðferð þess og telja má sök skipstjóra, skipshafnar, hafnsögumanns eða annarra manna, sem í þágu skips vinna. Hann getur einnig undanþegið sig ábyrgð á brunatjóni, sem ekki stafar af yfirsjónum eða vanrækslu hans sjálfs.

104. gr.

Ef skylt er eða heimilt að láta annan flutningsmann annast flutning vöru að nokkru leyti eða öllu, er farmflytjanda heimilt, þrátt fyrir ákvæði 103. gr., að undanþiggja sig ábyrgð á tjóni, sem verða kann, meðan varan er á vegum þess flutningsmanns.

105. gr.

Ef ekki hefur verið samið um fjárhæð farmgjalds, skal greiða það gjald, sem almennt var, þegar ferming fór fram.

Nú hefur verið flutt meira á skip en um var samið af slíkri vöru, sem samningur tekur til, og skal þá gjalda fyrir það, sem umfram var, að réttri tiltölu við hitt, sem um var samið.

106. gr.

Ekki skal greiða farmgjald fyrir góss, sem kemur ekki til skila við ferðalok, nema það hafi farizt vegna ástands þess sjálfs eða af ónógum umbúnaði eða annarri yfirsjón eða vanrækslu sendanda, það hafi verið selt í ferðinni fyrir hönd eiganda þess eða flutt úr skipi, gert óskaðlegt eða ónýtt samkvæmt ákvæðum 100. gr.

Ef farmflytjandi á ekki rétt til farmgjalds, eftir því sem nú var sagt, skal hann endurgreiða farmgjald, sem greitt hefur verið fyrir fram.

107. gr.

Nú kemur skip of seint til fermingarstaðar eða um aðra töf er að ræða af hálfu farmflytjanda, og er farmsamningshafa þá heimilt að rifta samningi, ef farmflytjanda mátti vera ljóst við samningsgerð, að töfin mundi valda því, að farmsamningshafi næði ekki í verulegum atriðum tilgangi sínum með flutningnum. Ef farmflytjandi á sjálfur sök á drættinum, getur farmsamningshafi riftað samningnum, nema dráttur sé óverulegur.

Nú er áskilið í farmsamningi, að skip skuli vera búið til að taka við farmi innan tiltekins tíma, og hefur þá sérhver dráttur í för með sér heimild fyrir farmsamningshafa til riftunar á samningi.

Ef farmflytjandi tilkynnir, að skip muni koma of seint til fermingarhafnar, verður farmsamningshafi, ef hann vill rifta samningi, að gera það án óþarfrar tafar.

108. gr.

Nú er vara á skip komin, og getur farmsamningshafi þá ekki riftað samningi, ef afferming vöru mundi valda öðrum farmsamningshafa tjóni.

109. gr.

Nú ferst skip eða er dæmt óbætandi, og er þá farmsamningi slitið.

110. gr.

Ef farmsamningi er slitið, eftir að ferð hófst, en áður en skip kemur til ákvörðunarstaðar, á farmflytjandi rétt til farmgjalds eftir vegalengd fyrir þá vöru, sem til skila kemur.

Sama hlutfall skal vera milli farmgjalds eftir vegalengd og umsamins heildarfarmgjalds sem á milli leiðar þeirrar, sem farin var, og umsaminnar heildarferðar, en jafnframt skal þó taka tillit til, hversu miklum tíma var til varið, og til sérstaks kostnaðar við sams konar ferðir. Ekki má farmgjald eftir vegalengd fara fram úr verðgildi farmsins.

Hvor aðila um sig á rétt til að fá farmgjald eftir vegalengd ákveðið af löggiltum niðurjöfnunarmanni sjótjóns. Bera má ákvörðun hans undir dómstóla.

111. gr.

Farmflytjandi ber ábyrgð á tjóni, sem leiðir af drætti af hans hálfu eða af því, að skip ferst eða er dæmt óbætandi, nema ætla megi, að hvorki hann né neinn maður, sem hann ber ábyrgð á, eigi sök á tjóninu.

112. gr.

Ef farmsamningshafi riftar samningi, áður en ferming hefst, á farmflytjandi rétt til bóta fyrir missi farmgjalds og annað tjón.

Farmsamningshafi verður þó ekki bótaskyldur, ef telja má ókleift að afhenda vöru eða flytja eða koma henni á land á ákvörðunarstað vegna atvika, sem ekki eru þess eðlis, að hann hefði átt að hafa þau í huga við samningsgerð. Má til slíkra atvika telja útflutningsbann, innflutningsbann eða aðrar slíkar tálmanir af ráðstöfunum opinbers valds, að allir hlutir af þeirri tegund vöru, sem flytja skyldi, hafi farizt af hendingu eða hið tiltekna góss, sem samið var um að flytja, hafi farizt af slysatilviljun. Farmflytjanda er einnig heimilt að rifta samningi bótalaust, ef flutningur vörunnar hefði í för með sér veigamikið óhagræði fyrir hann. Nú vill aðili rifta samningi af einhverjum sökum, sem hér var greint, og skal hann þá tilkynna hinum það án óþarfrar tafar.

Ef engin vara er til skips komin, þegar fermingartíma lýkur, skal líta svo á, að farmsamningshafi hafi slitið samningi.

113. gr.

Nú lætur farmsamningshafi ekki af hendi alla þá vöru, sem tilskilið var, og skal þá líta svo á, að hann hafi riftað samningi, að því er tekur til þeirrar vöru, sem ekki var afhent. Farmflytjandi á þá rétt til bóta fyrir missi farmgjalds og annað tjón, nema atvik liggi svo til sem greint er í 2. mgr. 112. gr.

Hvort sem farmflytjandi kann að eiga bótarétt eða ekki, getur hann neitað að flytja vöruna í heild, ef bætur eru ekki greiddar eða trygging sett fyrir lok fermingartíma samkvæmt áskorun þar um.

Ef farmflytjandi riftar samningi um flutning vörunnar í heild, á hann rétt til bóta fyrir missi farmgjalds og annað tjón, nema atvik liggi svo til um vöru þá, sem ekki var afhent, sem greint er í 2. mgr. 112. gr.

114. gr.

Eftir að vara er á skip komin, verður samningi ekki slitið í fermingarhöfn né meðan á ferð stendur, ef afferming vöru hefur í för með sér verulegt óhagræði fyrir farmflytjanda eða mundi baka öðrum farmsamningshafa tjón. Beita skal hér, eftir því sem við á, ákvæðum 112. og 113. gr. um rétt farmflytjanda til bóta og riftunar samnings í heild.

Nú er vöru skipað upp í einhverri höfn á leið skipsins, og á farmflytjandi þá ávallt rétt til farmgjalds eftir vegalengd.

115. gr.

Þegar ákveðin er fjárhæð bóta fyrir missi farmgjalds og annað tjón, skal tillit tekið til þess, hvort farmflytjandi hefur látið undir höfuð leggjast án nægra ástæðna að taka aðra vöru í hinnar stað.

Þó að farmflytjandi eigi ekki rétt til skaðabóta, skal farmsamningshafi samt greiða þóknun, sem þegar er á fallin, fyrir aukabiðdaga og aðra töf.

116. gr.

Heimilt er öllum aðilum að rifta samningi bótalaust, ef í ljós kemur, eftir að hann var gerður, að skipi eða farmi mundi í hættu stofnað með ferðinni af völdum styrjaldar, herkvíunar, uppreisnar, inanlandsóeirða eða sjórána, eða hætta af þessum sökum hefur aukizt til muna.

Ef hættu verður afstýrt með því að skilja eftir eða afferma nokkurn hluta af farmi, er riftun aðeins heimil, að því er til þess hluta tekur. Þó getur farmflytjandi, ef það bakar ekki öðrum farmsamningshafa tjón, riftað samningi í heild, nema bætur séu greiddar eða trygging sett samkvæmt áskorun þar um.

Beita skal ákvæðum 110. gr. og 2. mgr. 115. gr., eftir því sem við á.

117. gr.

Nú tefur slík tálmun, sem getið er í 116. gr., skipið í fermingarhöfn, eftir að það hefur tekið farm, eða á viðkomustað á leiðinni, og skal þá kostnaði af töfinni skipt niður á skip, farmgjald og farm, eftir því sem mælt er um sameiginlegt sjótjón. Nú er samningi riftað, og tekur þetta þá ekki til kostnaðar, sem á fellur eftir það.

118. gr.

Þegar gerður hefur verið tímabundinn farmsamningur, skal farmflytjandi á því tímabili, sem skipið er til ráðstöfunar fyrir farmsamningshafa, láta það fara þær ferðir, sem farmsamningshafi mælir fyrir um í samræmi við samninginn.

119. gr.

Farmflytjandi skal sjá um, að skip sé svo mannað, birgt af vistum og búnaði og að öðru leyti í því ástandi, að það fullnægi skilyrðum til almennra flutningsferða. Honum er þó ekki skylt að leggja til vélareldsneyti né vatn til skipskatla.

120. gr.

Farmsamningshafi annast og kostar fermingu, búlkun og affermingu. Hann getur ekki krafizt annarrar þjónustu af skipstjóra og skipshöfn en venjuleg er í flutningaferðum í sams konar siglingum. Farmsamningshafi ber kostnað af yfirvinnu og öðrum aukaútgjöldum við þá þjónustu.

Nú verður farmflytjandi að greiða eiganda vöru skaðabætur, vegna þess að vara hefur skaddazt eða farið forgörðum við fermingu, búlkun eða affermingu, og á hann þá aðgang að farmsamningshafa um þann kostnað, nema um sé að ræða sök skipstjóra eða skipshafnar við skylt samstarf þeirra að greindum framkvæmdum.

121. gr.

Farmsamningshafa ber að greiða öll útgjöld við framkvæmd ferða, sem ekki hvíla á farmflytjanda samkvæmt því, er áður var greint.

122. gr.

Farmflytjanda er skylt að gefa út farmskírteini fyrir vöru, sem á skip er komin, með þeim flutningsskilmálum, sem venjulegir eru í sams konar siglingum. Ef hann bakar sér með því aukna ábyrgð, ber farmsamningshafa að bæta honum þann kostnað.

123. gr.

Ekki er farmflytjanda skylt að láta skipið fara ferð, sem hættuleg er skipi eða skipshöfn, ef hann þurfti ekki að gera ráð fyrir þeirri hættu við samningsgerð. Honum er ekki heldur skylt að taka á skip muni, sem hætt er við bruna eða sprengingu eða hættulegir eru að öðru leyti.

124. gr.

Skylt er farmflytjanda að láta skipið hefja nýja ferð, þó að henni verði ekki lokið á samningstímanum, ef tími sá, sem skipið er til ráðstöfunar farmsamningshafa, lengist ekki meira við það en hóflegt má telja.

Fyrir þann tíma, sem umfram verður, skal greiða sama tímagjald og í samningi er áskilið.

125. gr.

Farmgjald samkvæmt tímabundnum farmsamningi skal greiða mánaðarlega fyrir fram.

Nú tefst skip vegna aðstæðna farmflytjanda, þar á meðal vegna viðhalds á skipi eða til að bæta úr tjóni, sem ekki stafar af yfirsjónum eða vanrækslu farmsamningshafa eða manna, sem hann ábyrgist, og ber þá ekki að greiða farmgjald meðan sú töf stendur yfir.

126. gr.

Ef skip týnist og ekki er vitað, hvenær slysið bar að höndum, skal greiða tímafarmgjald fyrir helming þess tíma, sem skipið hefði þurft til ferðar sinnar til ákvörðunarstaðar frá þeim stað, þar sem síðast spurðist til þess.

127. gr.

Nú er farmsamningshafa ekki fengið skip til ráðstöfunar í tæka tíð eða um annan drátt er að ræða af hálfu farmflytjanda, og er farmsamningshafa þá heimilt að rifta samningi, ef farmflytjanda mátti vera ljóst við samningsgerð, að töfin mundi valda því, að farmsamningshafi næði ekki í verulegum atriðum tilgangi sínum með samningnum. Ef farmflytjandi á sjálfur sök á dráttinum, getur farmsamningshafi riftað samningi, nema töfin sé óveruleg.

Nú er áskilið í farmsamningi, að skipið skuli vera fengið farmsamningshafa til ráðstöfunar innan tiltekins tíma, og heimilar þá sérhver dráttur riftun.

Ef farmflytjandi tilkynnir, að skip muni tefjast, verður farmsamningshafi, ef hann vill rifta samningi, að gera það án óþarfrar tafar.

128. gr.

Ákvæði 111. gr. taka einnig til farmflytjanda samkvæmt tímabundnum farmsamningi.

129. gr.

Nú er tímafarmgjald ekki greitt á réttum tíma, og er farmflytjanda þá heimilt að rifta samningi og krefjast bóta fyrir missi farmgjalds og annað tjón.

130. gr.

Farmflytjandi á rétt til bóta fyrir tjón á skipi, sem stafar af yfirsjónum eða vanrækslu farmsamningshafa eða manna, sem hann ábyrgist.

131. gr.

Framlög farmgjalds til sameiginlegs sjótjóns skal farmsamningshafi inna af höndum, þegar um tímabundna farmsamninga er að ræða.

Af björgunarlaunum, sem koma í hlut útgerðarmanns, skal fyrst greiða farmsamningshafa tímafarmgjald fyrir þann tíma, sem til björgunar gekk, og kostnað af eldsneytiseyðslu skipsins sama tíma. Eftirstöðvunum skal skipta jafnt milli farmflytjanda og farmsamningshafa.

132. gr.

Farmskírteini er skrifleg yfirlýsing af hálfu farmflytjanda um, að vara sé á skip komin og að honum sé skylt að skila henni til rétts viðtakanda á ákvörðunarstað.

Undir skírteinið skal sá maður rita nafn sitt, sem gaf það út, og í því skal greina útgáfustað, útgáfudag, nafn skipsins, hver varan var og hverjum eigi að afhenda hana á ákvörðunarstað.

133. gr.

Í farmskírteini skal enn fremur greint, ef þess er óskað:

1. Tegund vöru, þungi, mál eða stykkjatala, umbúðir og nauðsynleg auðkennismerki.
2. Ásigkomulag vöru, eftir því sem séð verður.
3. Fjárhæð farmgjalds og aðrir skilmálar fyrir flutningi vörunnar og afhendingu.
4. Nafn vörusendanda, fermingarstaður og fermingartími, tegund skips, heimili þess og þjóðerni, svo og nafn skipstjóra.

Útgefandi farmskírteinis má gera fyrirvara í því um tilgreiningu sendanda á vörunni, enda hafi honum ekki verið unnt án óeðlilegrar fyrirhafnar að ganga úr skugga um réttmæti hennar.

134. gr.

Vörusendandi ber ábyrgð gagnvart farmsamningshafa á því, að rétt sé sú tilgreining á vöru, sem skráð er í farmskírteini samkvæmt ósk hans og frásögn.

135. gr.

Farmskírteini má stíla til ákveðins manns eða að tilvísun hans eða til handhafa. Framselja má farmskírteini, nema það sé bannað í meginmáli þess, svo sem með orðunum „ekki til framsals“ eða á annan hátt.

136. gr.

Svo mörg eintök skulu gerð af farmskírteini sem sendandi æskir. Hvort sem eintök eru eitt eða fleiri, skal eintakatala greind í meginmáli skírteinisins. Nú eru gefin út fleiri skírteini en eitt, og skulu þau þá öll vera samhljóða.

137. gr.

Nú kemur maður með farmskírteini, sem hann er rétt að kominn eftir orðum þess sjálfs eða við framsöl í óslitinni röð eða við eyðuframsal (in blanco), og getur hann þá krafizt, að vara sé fengin sér í hendur.

Þó að farmskírteini hafi verið gefið út í fleira en einu eintaki, þá nægir samt, að sá, sem kallar eftir vörunni á ákvörðunarstað, sýni eitt eintak með þeirri heimild, sem í 1. mgr. segir. Utan ákvörðunarstaðar er óheimilt að láta farm af hendi, nema skilað sé aftur öllum eintökum farmskírteinis eða trygging sett fyrir kröfum, sem eigendur þeirra kynnu að koma fram með á hendur farmflytjanda.

138. gr.

Nú sýna fleiri menn en einn eintök af farmskírteini með heimild þeim til handa samkvæmt 137. gr., og skal þá fela farm til geymslu, svo að óhult sé, og skýra þeim mönnum tafarlaust frá varðveizlunni, sem eintök höfðu sýnt.

139. gr.

Farmflytjanda er ekki skylt að láta farm af hendi, nema viðtakandi hafi áður komið farmskírteini í geymslu (depositum) hjá öðrum aðila og gefi sérstök viðtökuvottorð, jafnóðum og affermt er.

Þegar affermingu er lokið, skal farmskírteini afhent farmflytjanda með áritaðri viðurkenningu um viðtöku vörunnar.

140. gr.

Um ógildingu glataðs eða horfins farmskírteinis fer eftir réttarfarslögum. Þegar stefna í ógildingarmáli hefur verið birt eða fyrr, ef heimilað er með sérstökum dómsúrskurði, getur höfðandi ógildingarmáls krafizt afhendingar á farmi gegn því að setja tryggingu fyrir kröfum, sem réttur eigandi farmskírteinisins kynni að öðlast á hendur farmflytjanda.

141. gr.

Farmskírteini er grundvöllur réttarstöðu farmflytjanda og viðtakanda farms sín á milli um flutning og afhendingu vörunnar. Ákvæði farmsamnings, sem ekki voru sett í farmskírteinið, eru ógild gagnvart viðtakanda, nema til þeirra sé vitnað í farmskírteini.

Ekki verður viðtakandi krafinn um ógreitt aukabiðdagagjald né önnur gjöld, sem af fermingu skipsins stafa, nema kröfunnar sé getið á farmskírteini. Nú hefur tími til fermingar og affermingar verið tiltekinn í einu lagi, og þarf viðtakandi þá ekki að hlíta því, að of langur tími hafi til fermingar gengið, nema greindur sé á farmskírteini sá tími, sem ferming tók.

142. gr.

Farmflytjandi ábyrgist viðtakanda, að rétt sé það, sem farmskírteini greinir um vöru, nema hann hafi gert um það fyrirvara eða viðtakanda mátti vera ljóst, að farmflytjandi hafi ekki kannað réttmæti tilgreiningar.

Farmflytjandi getur ekki borið fyrir sig ranga tilgreiningu, ef hann sá eða átti að sjá, að rangt var frá skírt, nema hann hafi sett um það beina athugasemd á farmskírteinið.

143. gr.

Nú er vara sködduð eða óhæfilega um hana búið, en þess ekki getið á farmskírteini, og getur farmflytjandi ekki borið það fyrir sig til lausnar undan ábyrgð, ef hann sá eða átti að geta séð við almenna athygli, hvernig vöru eða umbúðum var að þessu leyti háttað.

Farmflytjandi getur ekki heldur borið fyrir sig, að vara hafi verið flutt á þilfari, ef þess er ekki getið á farmskírteini.

144. gr.

Ef einstök eintök farmskírteinis hafa verið framseld ýmsum mönnum, fær sá beztan rétt, sem fyrstur fékk grandlaus eintak í hendur. En hafi annar maður fengið vöruna afhenta sér á ákvörðunarstað samkvæmt sínu eintaki af farmskírteininu og verið þá grandlaus, er honum ekki skylt að selja vöruna aftur af hendi.

145. gr.

Nú hefur maður farmskírteini í höndum með þeirri heimild, sem í 1. mgr. 137. gr. segir, og er honum þá ekki skylt að láta það af hendi við þann, sem misst hefur, ef hann hefur eignazt það með framsali og verið þá grandlaus.

Ákvæði 1. mgr. taka ekki til farmskírteina, sem eru stíluð til ákveðins manns og framsal er bannað á í meginmáli þeirra.

146. gr.

Heimild þeirri, sem seljandi kann að hafa til að stöðva afhendingu á vöru til kaupanda eða bús hans eða til að fá vöru skilað aftur, verður ekki beitt gagnvart handhafa farmskírteinis, sem ekki væri skylt eftir ákvæðum 145. gr. að láta það af hendi.

147. gr.

Nú hefur farmflytjandi, áður en vara er á skip komin, gefið út skriflega yfirlýsingu um, að hann hafi tekið við vöru til flutnings og að honum sé skylt að skila henni til rétts viðtakanda á ákvörðunarstað, og skal þá beita ákvæðum þessa kafla um farmskírteini, eftir því sem við á, um slík viðtökufarmskírteini.

Ef viðtökufarmskírteini hefur verið gefið út, er ekki heimilt að gefa síðar út farmskírteini um sömu vöru, nema fyrrnefndu skírteini sé skilað aftur.

148. gr.

Þegar annar maður en farmflytjandi á að annast flutning vörunnar einhvern hluta af leiðinni til ákvörðunarstaðar og farmflytjandi hefur gefið út skriflega yfirlýsingu um, að vara sé komin á skip eða við henni hafi verið tekið til flutnings og að honum sé skylt að skila henni til rétts viðtakanda á ákvörðunarstað, þá skal beita ákvæðum um farmskírteini í þessum kafla, eftir því sem við á, um slík gagnfær farmskírteini.

Nú hefur gagnfært farmskírteini verið gefið út, og má þá ekki gefa út sérstakt farmskírteini fyrir flutningi vörunnar tiltekinn hluta af leiðinni, nema á það sé skráð, að varan sé flutt samkvæmt gagnfæru farmskírteini.

149. gr.

Ef farsamningur hefur verið gerður um flutning á tilteknum manni, er honum ekki heimilt að framselja rétt sinn samkvæmt samningnum.

Aldrei er heimilt að framselja rétt samkvæmt farsamningi, eftir að ferð er hafin.

150. gr.

Skylt er farþegum að fara að öllu eftir fyrirmælum þeim, sem gerð eru um góða háttsemi og reglu á skipi. Ákvæði 55. og 62. gr. sjómannalaga, nr. 41 19. maí 1930, taka og til þeirra.

151. gr.

Frá því að farþegi er kominn á skip og þangað til ferð hans á skipi er lokið, ber farsala að annast öryggi hans og gæta hags hans.

Farsala ber að greiða bætur fyrir lífs- og líkamstjón farþega, sem að ber, meðan á ferð stendur, ef ætla má, að tjónið stafi af yfirsjónum eða vanrækslu hans sjálfs eða nokkurs manns, sem hann ber ábyrgð á.

152. gr.

Um farþegagóss, sem falið er farsala til varðveizlu, skal beita ákvæðum 72.—74. gr. og 99.—104. gr., eftir því sem við á.

153. gr.

Nú glatast eða skaddast farangur, sem ekki hefur verið falinn farsala til varðveizlu, og ber honum þá því aðeins að greiða farþega bætur, að álíta megi tjónið stafa af yfirsjónum eða vanrækslu hans sjálfs eða manna, sem hann ber ábyrgð á.

Ákvæðum 100.—102. gr. skal beita, eftir því sem við á. Takmörkun á ábyrgð,

sem um getur í 2. mgr. 103. gr., skal gilda um slíkan farangur, sem hér ræðir um, þó að farsali hafi engan fyrirvara um það gert.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til peninga, verðbréfa eða dýrgripa.

154. gr.

Nú hefur tjón hlotizt af farangri farþega, og skal þá beita ákvæðum 78. gr., eftir því sem við á.

155. gr.

Heimilt er farsala að halda farangri, sem honum hefur verið falinn til varðveizlu, til þess er farþegi hefur greitt fargjald og andvirði þess, er hann hefur neytt á skipi á leiðinni.

Ef greiðsla er ekki innt af hendi, má fela farangur til varðveizlu, svo að öruggt sé, á kostnað farþega. Heimilt er þá farsala að láta selja á opinberu uppboði eða með öðrum jafntryggum hætti svo mikið af farangrinum sem nægir til lúkningar kröfu hans.

156. gr.

Farþegi getur riftað farsamningi, ef burtför skips seinkar verulega frá þeim stað, þar sem það átti að hefja ferðina.

Nú ferst skip eða er dæmt óbætandi, áður en ferð hefst, og gengur þá samningur úr gildi.

157. gr.

Nú ferst skip eða er dæmt óbætandi, eftir að ferð er hafin, eða það verður fyrir slíkri töf á leiðinni, að þess verður ekki vænzt, að farþegar bíði í skipi, og er farsala þá skylt að sjá þeim og farangri þeirra fyrir fari með skipi eða öðru flutningstæki áfram til ákvörðunarstaðar, enda sé það unnt án óhæfilegs kostnaðar.

Farþegi getur riftað samningi, ef ferð verður ekki á enda kljáð eða skip tefst, svo sem segir í 1. mgr., nema farsali annist flutning hans til ákvörðunarstaðar.

158. gr.

Tjón, sem farþegi bíður við það, að skip ferst eða er dæmt óbætandi, eða af því, að för skips seinkar verulega, ber farsala að bæta, nema ætla megi, að hvorki hann né menn, sem hann ábyrgist, hafi átt sök á tjóninu.

159. gr.

Nú verður farþegi að dveljast um tíma í landi í einhverri höfn á leið skipsins vegna sjóslyss eða annarra aðstæðna, sem skip varða, og ber farsala þá að greiða sanngjarnan kostnað af þeirri dvöl.

160. gr.

Ef farþegi hættir við förina eða fer af skipi á leiðinni, á farsali rétt til bóta úr hendi hans, nema farþegi hafi látizt eða sjúkdómur eða önnur lögmæt forföll hafi hindrað för hans, enda sé farsala tilkynnt það án óþarfrar tafar. Við ákvörðun bóta skal taka tillit til þess, ef farsali hefur látið undir höfuð leggjast án nægra ástæðna að taka annan farþega í hins stað.

161. gr.

Ákvæðum um gagnkvæman riftunarrétt í 1. mgr. 116. gr. skal beita um farsamninga, eftir því sem við á.

162. gr.

Nú hefur nokkur hluti ferðar verið farinn, þegar svo stendur á sem í 2. mgr. 157. gr., 160. gr. eða 161. gr. segir, og á farsali þá rétt til fargjalds eftir vegalengd samkvæmt því, sem mælt er um svipað efni í 110. gr. En hafi farsali fengið greitt meira gjald en honum ber þannig réttur til, skal hann endurgreiða það, sem fram yfir er.

## VI. KAFLI

## Um sjótjón.

163. gr.

Til sameiginlegs sjótjóns (groshavari) teljast hver þau spjöll, sem gerð eru með vilja á skipi eða farmi með þeirri fyrirætlan, að bjarga hvorutveggja úr yfirvofandi háska, svo og sérhvað, sem lagt er í sölurnar með þeirri fyrirætlan; enn fremur skaði sá og kostnaður, sem var samfara slíkum viðbúnaði eða leiddi beinlínis af honum. Sameiginlegu sjótjóni skal jafna niður á skip, farmgjald og farm að réttri tiltölu við verðmæti þeirra, og sé það ákveðið eftir fyrirmælum 183.—188. gr.

164. gr.

Þetta skal einkanlega bæta sem sameiginlegt sjótjón:

1. Góss og skipsbúnað allan, sem varpað er fyrir borð til að létta skip í sjávarháska eða til að forðast fjandmenn eða sjóræningja, svo og góss og búnað þann, er skolast útbyrðis við það, að út er varpað, svo og annað það tjón, sem af því leiddi að varpað var út, eða af þeim viðbúnaði, sem hafa þurfti til þess.
2. Siglu, segl eða annan reiða, sem höggvinn er, akkeri og festi, sem laust er látið, svo og það tjón, sem af því leiðir, að af var höggvið eða laust látið, ef það var lagt í sölurnar til bjargar bæði skipi og farmi úr háska, svo sem að forða skipbroti eða árekstri.
3. Tjón, sem verður á skipi eða farmi við það, að verjast eldshættu eða slökkva eld, til að ná vatni í dælurnar eða veita burt ágjöf.
4. Það, sem kostað var til að fá hjálp í háska til að bjarga bæði skipi og farmi frá voða, svo og það tjón, sem skip eða farmur sætir af þeim skipum, sem kvödd voru til hjálpar.
5. Tjón, sem skip sætir eða farmur við það, að skipinu er hleypt með vilja á grynningar til að forða báðum við meira tjóni, og þó einungis að því leyti, sem kalla má, að slíkt væri lagt í sölurnar.
6. Tjón, sem skip sætir eða farmur við það, að ná skipi af grynningum, og sjá borgið skipi og farmi, svo og þann kostnað, sem af því verður. Nú verður ferð ekki haldið áfram af því skipið næst ekki af grynningum, eða af því að það hefur verið dæmt óbætandi, og er þá talinn með sameiginlegu sjótjóni sá einn skaði, sem orðinn var áður augljóst yrði, að ferðinni varð ekki haldið áfram, og kostnaður sá, sem þá var á kominn.
7. Kostnaður, sem á því varð að leita hafnar í neyð til bjargar skipi og farmi, svo sem þá er skip varð ósjófært á ferð, eða því og farminum er búinn auðsær háski af því að halda ferðinni áfram, sakir þess að ófriður er hafinn, eða ísrek ber skjótlega að hendi.

   Kostnaður sá, sem af þessu leiðir og telja ber til sameiginlegs sjótjóns, er þetta einkanlega: Hafnsögugjald, vitagjald, merkjagjald og hafnargjald, svo og annar kostnaður af töf skips í neyðarhöfn; kostnaður á affermingu farms, geymslu, endurfermingu og búlkun, ef affermt var til að koma skipinu í lægi, eða afferma varð af sömu sökum og þeim, sem knúðu skipið til að leita hafnar,

svo og fæðispeningar og mánaðarkaup skipstjóra og skipshafnar þann tíma, sem skipið hlýtur að liggja í neyðarhöfn af þeim sökum, sem knúðu það til að leita þangað, og þó einungis að svo miklu leyti sem ekki mátti spara sér kostnað með því að leysa skipverja úr vist. Nú lengist dvöl skips í neyðarhöfn af öðrum sökum, svo sem þá er ís meinar að halda ferð áfram eða veðurfar, eða aðgerð skips dregst að nauðsynjalausu, og skal þá ekki telja með sameiginlegu sjótjóni fæði og mánaðarkaup þann tíma, sem dvölin lengist af þeim sökum. Nú er ferðinni lokið í neyðarhöfninni, og skal þá til sameiginlegs sjótjóns talinn kostnaðurinn aðeins til þess tíma er fastráðið var, að ferðin skyldi enda þar.

Ekki skal telja til sameiginlegs sjótjóns skaða af rýrnun, leka íláta, eða skemmdum á farmi, sem urðu við dvöl skipsins í neyðarhöfninni, né heldur kostnað á því, að verjast þess háttar sköðum. Skemmdir, sem verða á farmi við ferming eða afferming í neyðarhöfn, skulu einungis þá taldar með sameiginlegu sjótjóni, þegar þær stafa af því, að ferming eða afferming varð að fara fram á uppskipunarbátum eða með óvenjulegu móti.

Ekki er heldur talinn til sameiginlegs sjótjóns hinn sérstaki kostnaður í neyðarhöfn, sem verður við það, að farmurinn er sjálfur háskagóss.

Nú er bilun bætt til bráðabirgða í neyðarhöfn og hún telst ekki til sameiginlegs sjótjóns, og skal þó endurgjalda þann kostnað, svo sem sameiginlegt sjótjón, ef komizt varð við það hjá öðrum kostnaði, sem annars hlaut að verða og talizt hefði með sameiginlegu sjótjóni.

8. Tjón það og skemmdir, sem á farmi verða við það, að tekið er til hans í neyð til framkvæmdar ferðinni eða til bjargar skipi og farmi á annan hátt, svo og tjón og skemmdir, sem urðu á skipsbúnaði við það að grípa til þess í nauð til einhvers annars en það var ætlað til frá upphafi.

Það, sem eytt er af eldsneyti vélskips og vélanauðsynjum til þess að ná skipinu af grynningum og við dælingu, þá er skipið er lekt orðið, skal allt bæta sem sameiginlegt sjótjón, svo og það, sem eytt er til að flytja skipið, afferma það eða ferma á ný í neyðarhöfn, þá er kostnaður sá telst til sameiginlegs sjótjóns, en hitt skal ekki bæta, sem varið er til að leita inn til neyðarhafnar og láta aftur út þaðan, eða á annan veg er varið vegna lengingar ferðarinnar, þótt hún hafi leitt af sameiginlegu sjótjóni.

9. Tjón, sem með vilja er gert skipi eða farmi til að greiða fyrir vörn gegn fjandmönnum eða sjóræningjum, svo og tjón, sem varð meðan á vörninni stóð, hergögn öll, sem varið var til hennar, svo og góss og peningar, sem varið er til bjargar eða lausnar skipi og farmi.

10. Kostnaður af lækningu, hjúkrun og fæði þann tíma, sem lækning þeirra skipverja varir, sem mein hlutu af vörn móti óvinum eða sjóræningjum eða við framkvæmdir viðbúnaðar til að bjarga skipi og farmi, greftrunarkostnaður látinna manna og kostnaðarauki sá, sem verður við það, að ráða verður aðra menn í stað hinna særðu og dauðu.

11. Farmgjald, sem missist við sameiginlegt sjótjón.

12. Kostnaður og tjón, sem hlauzt af því að afla nægra peninga til að greiða með úr sameiginlegu sjótjóni, einkanlega ómakslaun, vextir og ábyrgðargjöld greiddra peninga, svo og tjón það, sem hlýzt af verðfalli vöru, sem seld er í neyðarhöfn til greiðslu á sjótjóninu.

13. Ómakslaun umboðsmanns, sem ráðinn var til framkvæmdar viðskiptum þeim, sem sjótjónið krafði.

14. Kostnaður, sem leiddi af sjóferðaskýrslu, skoðunargerð, álits- og matsgerð, svo og af að afla sannana, sem við þarf til að finna hvert sjótjónið var og hvernig því skal jafna niður, enn fremur kostnað við reikning yfir það og niðurjöfnun.

165. gr.

Ekki skal telja með sameiginlegu sjótjóni þann skaða, sem verður af slysum, meðan framkvæmdur er sá viðbúnaður, sem hafður er til bjargar skipi og farmi, jafnvel þótt það forði sameiginlegu sjótjóni; ekki þann skaða heldur, sem af hendingu eða óbeinlínis snertir slíkan viðbúnað.

Eigi skal því bæta sem sameiginlegt sjótjón stöng, sem vindur braut, meðan verið var að höggva siglu, þótt brotið verði til þess, að ekki þarf að höggva sigluna; ekki heldur skemmdir á skipi og farmi, af stormi, eldi, þjófnaði eða öðru, sem að ber meðan skipið dvelur í neyðarhöfn; ekki heldur fjártjón, sem stafar af því, að farmi varð ekki skilað í tæka tíð sakir sjótjónsins; ekki heldur aukin iðgjöld vátryggingar á skipinu né tjón af því, að skipið missti væntanlegs farmgjalds sakir tafar, sem sjótjónið olli.

166. gr.

Þetta er ekki bætt sem sameiginlegt sjótjón:

1. Góss, sem látið er á skip án vitundar skipstjóra, svo og peningar, verðbréf og dýrgripir, ef þeir voru ekki nægilega einkenndir eftir fyrirmælum 74. gr.
2. Farmur á þilfari, þótt varpað sé útbyrðis, né tjón á slíkum farmi, sem varð við það, að út var rutt, eða við annan viðbúnað, sem hafður var í sjávarháska, til bjargar skipi og farmi, nema varpað hafi verið út til léttis skipi, eftir að það koma á grynningar.

   Með farmi á þiljum er ekki talið það góss eitt, sem hlaðið er á opið þilfar eða í báta skips, eða haft utan borðs, en til þess farms telst einnig það góss, sem hlaðið er í þau þakskýli á þilfari, sem ekki eru felld inn í bandakerfi skips, eða veita nægilega tryggingu með öðru móti fyrir því, að sjór skaði þar ekki góss né taki út.
3. Skemmdir, sem við slíkan viðbúnað, sem getið var, verða á skipsmunum, sem lágu á þilfari og voru þar ekki á sínum stað.
4. Skemmdir af ofsiglingu, þótt gerð sé til að forðast skipbrot, fjandmenn eða sjóræningja; tjón á seglum eða á gangvélum skips, nema skemmdin verði við tilraun til að ná skipinu af grynningum; svo og skemmdir á skipsdælum, er verða við austur skipsins.
5. Tjón, sem hlýzt af því, að sigla er höggvin, sigluviðir eða önnur áhöld, sem brotnað hafa áður við einkasjótjón, þótt nauðsyn beri til að höggva þau þá, til að forðast háska, sem skipi er búinn og farmi.
6. Tjón á farmi, sem kviknað hefur í af sjálfu sér, eða hiti er í og tjónið verður við það, að honum er varpað útbyrðis, eða steypt er á hann vatni eða aðrar tilraunir gerðar til að slökkva í honum, svo og tjón af eldi, hvernig sem hann kemur upp í skipi, og þær skemmdir, sem við slíka athöfn verða á þeim hluta farmsins, sem eldur hafði gripið.
7. Kostnaður, sem leiðir af því, að skip varð að leita neyðarhafnar sakir skorts á vistabirgðum eða ferðanauðsynjum eða vegna ístálmunar eða annars, sem veðrátta var sök í.

167. gr.

Jafna skal niður sjótjónsbyrðinni fyrir því, þótt einstakur maður sé sök í þeim háska, sem tjóninu olli, en ekki getur sá maður krafizt bóta fyrir missi þann, sem hann varð fyrir sjálfur. Ef skipstjóri er sök í háskanum eða annar sá maður, sem útgerðarmenn ábyrgjast, eiga þeir og ekki bætur fyrir skaða sinn.

Nú hefur skipstjóra, eða öðrum þeim manni á skipinu, sem eftir stöðu sinni gekk í stað skipstjóra, yfirsézt, er meta skyldi, hversu háskanum var háttað eða hversu honum skyldi verjast, og heftir það þá ekki niðurjöfnun sjótjónsins; en ekki

getur útgerðarmaður þá heimtað sér bættan þann skaða, sem hann beið, nema yfirsjónina megi telja afsakanlega, svo sem efni voru til.

Sá, sem missir rétt sinn til bóta af þessum sökum eða varð að greiða sjótjónsframlag sakir yfirsjónar annars manns, getur heimtað bætur af þeim, sem ábyrgð hefur á yfirsjóninni.

168. gr.

Það heftir ekki niðurjöfnun sjótjóns, þótt það, sem lagt var í sölurnar, yrði ekki að því gagni, sem ætlað var.

169. gr.

Það heftir ekki niðurjöfnun sjótjóns, þótt lagt sé í sölurnar skipið allt eða farmurinn allur, né heldur það, þótt eftir slysið sé einungis bjargað einhverju af öðru hvoru einu saman, skipi eða farmi.

170. gr.

Þá er eitthvað verður að leggja í sölurnar, er skipstjóra skylt að annast um, að skaðinn verði ekki meiri en vera þarf. Ef varpað er fyrir borð af farmi eða skipsmunum, skal varpa ef unnt er fyrst því, sem þyngst er og verðminnst, fremur en hinu, sem léttara er og dýrara.

Ef skipstjóri hefur ófyrirsynju gert skaðann meiri en þörf krafði, skal um það farið eftir fyrirmælum 167. gr.

171. gr.

Skylt er skipstjóra, ef atvik leyfa, að kalla til ráðs við sig þá menn, sem bezt skyn bera á og reyndastir eru af skipverjum, áður hann aðhafist nokkuð það, sem valdą megi niðurjöfnun sjótjóns. Skipstjóri skal rita skýrslu um þetta svo fljótt sem hann má í leiðarbókina, eða dagbókina, eða rita það á annan hátt, ef bækurnar vantar, svo það megi bera fram þegar sjóferðaskýrsla er gefin. Í skýrslunni skulu tilgreind öll atvik, sem máli geta skipt við mat og niðurjöfnun sjótjónsins, og einkanlega hver nauðsyn bar til að leggja það í sölurnar, sem gert var, og svo nákvæma skrá sem við má koma yfir það, sem í sölurnar var lagt, eða þá skýrt með öðru móti frá víðtæki tjónsins.

172. gr.

Tjón á skipi og skipsbúnaði skulu meta skynbærir menn og til þess skipaðir eftir fyrirmælum 40. gr. og á þeim stað, þar sem skip er bætt, ef það er gert á ferðinni, en ella á endastað ferðar.

Það skal til tekið um hverja einstaka skemmd, hve mikið muni kosta að bæta, og þurfi nýrra muna við í stað hinna spilltu, þá skal hvorttveggja til greina, hve dýrir verði hinir nýju og hvers virði sé hinir spilltu.

Skemmd öll af elli, hrörnun og öðru slíku skal greind frá þeirri skemmd, sem af sjótjóninu stafar, og metin sér.

173. gr.

Þá er ákveða skal, hve mikið sameiginlegt sjótjón á skipi og skipsbúnaði hefur orðið, skal matsgerð ráða, ef skemmd er eigi bætt, eða matsupphæðin er lægri en aðgerðarkostnaður reyndist; en aðgerðarkostnaður ræður, ef hann reynist lægri en matsupphæðin.

174. gr.

Þá er endurgjalda skal skemmdir á járnskipi, skal bæta að fullu skemmdir á skrokki skipsins, siglum og siglubúnaði af járni, ef skipið hefur ekki gengið 5 ár

á sjó, þá er sjótjónið bar að, og sé talið frá því, er skipið lét út í hina fyrstu ferð sína. Nú bar slysið að eftir þessi 5 ár, en áður skipið hafði verið í förum í 10 ár, og skal þá dreginn af ⅙ hluti fyrir verðmun á hinu gamla og nýja og ⅓ hluti, ef skipið hefur lengur verið í förum. Skemmd á gufuvél skal bæta að fullu, ef vélin hefur ekki starfað 3 ár þá er slysið bar að; ef það varð síðar og þó áður vélin hafði starfað 6 ár, skal dreginn af ⅙ hluti og ⅓ hluti, ef lengur var. Skemmdir á siglu og siglubúnaði af tré svo og á reiða þeim, sem uppi er, skulu bættar að fullu, ef skipið hefur ekki verið eitt ár í förum, og annar skaði, ef það hefur ekki verið missiri; beri tjónið síðar að, skal draga af ⅓ hluta; þó skal bæta akkeri fullu, og af akkerisfesti skal draga einungis ⅙ hluta.

Ef skipið er tréskip, skal bæta að fullu skemmdir á skrokki þess, ef það hefur ekki gengið 2 ár á sjó, þá er slysið bar að; ef það varð síðar, skal draga af ⅓ hluta fyrir verðmun á gömlu og nýju. Aðrar skemmdir skulu bættar svo sem fyrr segir um járnskipin.

Af skaðabótafé því, sem svo er ákveðið, skal draga verð þeirra hluta, sem nýju voru bættir, eftir því, sem verð þeirra var gert í matsgerðinni, eða, ef á uppboði er selt, andvirðið að frádregnum kostnaði.

Ef leggja skal á skipið nýja málmhúð, skal svo meta skaðabætur, að draga skal málmvirði hinnar fornu húðar af kostnaði þeim, sem á því verður að leggja á nýja úr sama efni og jafnþunga hinni fornu húð, þá er hún var ný, og skal þá bæta afganginn, og sé þó af dreginn 1/60 hluti, ef húðin var úr eir eða látúni (yellow-metal) og 1/30, ef hún var úr sinki eða öðrum málmi, fyrir hvern fullan mánuð, og sé talinn þrítugnættur, sem liðinn er frá því, er sú húð var á lögð, er bæta skal annarri nýrri. Ef eirhúð eða látúns hefur verið meira en 5 ár í sjó eða húð af öðrum málmi meira en 2 ár og hálft, skal þær engu bæta.

### 175. gr.

Nú hefur skip farizt með öllu við sameiginlegt sjótjón, eða laskazt svo mjög, að það er dæmt óbætandi, og skal þá bæta það því verði, sem ætla má, að sannvirði þess væri, þá er það fórst, og sé dreginn af verðinu ágóðinn af því, sem kann að hafa orðið bjargað.

### 176. gr.

Bætur fyrir góss, sem ferst við sameiginlegt sjótjón, skulu metnar eftir gangverði samkynsvöru á áætlunarstað skipsins við komu þess þangað, og komist það, sem eftir er af farmi skipsins, ekki á ætlunarstað, skal metið eftir verðinu á þeim stað, þar sem endir var gerður á ferðinni, og skal þó af dregið farmgjald, tollur og annar kostnaður, sem eiganda sparast við það, að varan komst ekki á ætlunarstað hennar.

Verð vörunnar skal ákveðið með lögmætu mati, ef ekki er kostur að fá vitneskju um verð hennar með öðru móti.

Ef varan var seld í neyðarhöfn, má ávallt heimta bætur fyrir hana, að minnsta kosti sem því verði nemur, sem hún var seld fyrir.

### 177. gr.

Ef farmur skemmist við sameiginlegt sjótjón, skulu ákveðnar svo miklar bætur, sem nema verðmun á vörunni óskemmdri og skemmdri; skal meta verð vörunnar sem óskemmd væri, eins og fyrir er mælt í 176. gr., og sami frádráttur gerður sem þar segir; en verð hinnar skemmdu vöru fer eftir söluverði hennar, ef hún var seld, áður en sjótjónsreikningi var lokið, ella skal verðið ákveðið með lögmætu mati.

178. gr.

Nú hafa vörur týnzt eða spillzt við sameiginlegt sjótjón og hafa þegar áður rýrnað að verðmæti við einkasjótjón, spillzt af sjálfu sér eða með öðru móti, eða vörur hafa skemmzt við sameiginegt sjótjón og rýrnað síðan enn meira að verði við atburði, sem snertu ekki sjótjónið, og skal þá sú fjárupphæð, er samsvarar rýrnuninni, dregin frá skaðabótum. Afdráttarféð skal ákveðið með lögmætu mati og skal þá einkanlega miðað við það tjón, sem aðrar vörur samkynja eða svipaðar hafa orðið fyrir við sömu atburði og af sömu sökum, en skemmdust ekki við sjótjónið.

179. gr.

Við sameiginlegt sjótjón greiðast engar bætur fyrir vörur, sem ekki fylgir farmskírteini og ekki eru heldur fullnægjandi skýrslur um, að á skip kæmi, hvorki í farmskrá né gósstökubók eða annars staðar.

Bæta skal klæðnað og ferðanauðsynjar skipstjóra, skipshafnar og farþega, ef það vitnast, að misst sé við sjótjónið.

180. gr.

Farmgjald af vörum, sem farizt hafa við sameiginlegt sjótjón, eða seldar hafa verið í neyðarhöfn, til þess að greiða sjótjónskostnað, skal bæta í sjótjónsreikningi með sömu fjárhæð, sem hefði átt að greiða undir þær, ef þær hefðu verið í skipinu til ætlunarstaðar þeirra eða þangað, sem ferðin endar, ef ekki var farið alla leið. Af hinu missta farmgjaldi skal draga þann sérstaka kostnað, sem kynni að hafa sparazt útgerðarmanni við það, að vörunni var varið öðru til bjargar eða hún var seld.

181. gr.

Nú verða skemmdir á einhverjum munum við sameiginlegt sjótjón og þeir ónýtast síðan eða skemmast við einkasjótjón, og falla þá niður bótakröfur að öllu eða nokkru fyrir þá muni, ef ætla má með vissu, að tjónið hefði að nokkru eða öllu hlotizt af einkasjótjóninu síðar, þótt sameiginlega sjótjónið hefði ekki borið að.

Svo falla og niður eða lækka sjótjónsbætur, þegar ætla má með vissu, að munir þeir, sem fórust við sameiginlegt sjótjón, hefðu ónýtzt eða spillzt við einkasjótjón síðar, ef þeir hefðu enn þá verið á skipinu.

182. gr.

Nú hljótast skemmdir sumpart af sameiginlegu sjótjóni og sumpart af einkasjótjóni og stafar kostnaður af hvorutveggja, og skal þá skipta skemmdum og kostnaði milli þeirra eftir sanngjörnu mati.

183. gr.

Skip tekur þátt í sameiginlegu sjótjóni: 1. eftir því verði, sem skynbærir menn, skipaðir eftir fyrirmælum 40. gr., meta skipið við komu þess á þann stað, þar sem ferðin er á enda, og 2. eftir því fé, sem í sjótjónsreikningnum er gert í bætur fyrir skemmdir á skipi, og þó einungis að því leyti, sem þær skemmdir eru þá ekki bættar.

Ef gerðar hafa verið umbætur á skipi eftir það, er sameiginlegt sjótjón bar að, eða ef gert hefur verið að skemmdum, sem ekki urðu við sjótjónið, þá skal draga af matsverði skipsins svo mikið, sem virðingarverð umbótanna eða viðgerðarinnar nam.

184. gr.

Farmurinn tekur þátt í sameiginlegu sjótjóni: 1. eftir verðmæti þeirrar vöru, sem á skipinu var þegar sjótjónið bar að og er á skipi við enda ferðar, og skal verðmætið ákveðið eftir fyrirmælum 176. og 177. gr., 2. eftir því fé, sem gert er í bætur

fyrir góss, sem lagt var í sölur eða spilltist við sjótjónið í ferðinni, og 3. eftir því skaðabótafé, sem farmeigandi fær af útgerðarmanni fyrir vörur, sem farizt hafa eða skemmzt í ferðinni, eða seldar voru til skipsþarfa.

185. gr.

Farmgjaldið tekur þátt í sameiginlegu sjótjóni: 1. eftir helmingi þess farmgjalds, er greiða bar við ferðarlok; 2. eftir helmingi skaðabóta þeirra, sem gerðar eru í sjótjónsreikningnum fyrir misst farmgjald.

Ef ekki er tilskilið neitt ákveðið farmgjald, skal það talið eftir fyrirmælum 105. gr.

186. gr.

Ef farmgjald er greitt fyrirfram, þann veg, að það skuli ekki endurgreiða, þótt ekki verði unnið til neins farmgjalds sökum slysa, þá eru útgerðarmenn ekki skyldir til að taka þátt í sameiginlegu sjótjóni, að því er nemur því fé.

187. gr.

Af því framlöguskyldu fé, sem ákveðið er eftir fyrirmælum 183.—186. gr., skal draga bæði framlög til sameiginlegs sjótjóns, sem síðar kann að hafa orðið í ferðinni, svo og kostnað, sem á kann að hafa fallið við björgun eða verndun hinna framlöguskyldu fémuna, ef sá kostnaður skal ekki endurgoldinn sem sameiginlegt sjótjón.

188. gr.

Þetta er undanþegið bótaframlögum við sameiginlegt sjótjón: 1. Vistir, eldsneyti og aðrar vélanauðsynjar og hernaðargögn, 2. kaup skipstjóra og skipshafnar, og 3. klæðnaður og ferðanauðsynjar allra manna á skipinu og það, sem þeir bera á sér.

Nú voru munir þeir einhverjir lagðir í sölurnar við sameiginlegt sjótjón, sem taldir voru til 3. liðar, eða þeir spilltust, og skal þá eigandi taka þátt í niðurjöfnun tjónsins með því fé, sem hann fékk í bætur fyrir þessa muni í sjótjónsreikningnum.

189. gr.

Fullnaðarmat og niðurjöfnun skaðans, sem varð við sameiginlegt sjótjón, fer fram á þeim stað, þar sem skip og farmur skilja, og eftir því, sem á þeim stað eru lög.

Úrslitareikninga sjótjóns annast löggiltur niðurjöfnunarmaður sjótjóns eða, ef þess er ekki kostur, tveir dómkvaddir menn. Dómstólarnir dæma ágreining um réttmæti sjótjónsreikninga.

190. gr.

Skylt er skipstjóra að annast um allt, er þörf krefur til þess að sjótjónsniðurjöfnun geti farið fram, og má ekki draga það að nauðsynjalausu.

Hver sá, sem sjótjónið snertir, er skyldur til að sínu leyti að láta í té allar skýrslur þær og sönnunargögn, sem hinir dómkvöddu niðurjöfnunarmenn sjótjóns telja þörf.

191. gr.

Nú koma síðar fram fémunir þeir, er talið var við niðurjöfnunina, að farizt hefðu við sameiginlegt sjótjón, eða sá, sem tjóni olli, bætir síðar eitthvað af þeim skaða, sem talinn var til sjótjóns, og skal þá gera breytingu með aukaniðurjöfnun á allri niðurjöfnun sjótjónsins. En ekki má fresta úrslitagerð sjótjóns af þeim sökum einum, að líkindi gætu verið til að fá aftur fémuni, sem lagðir voru í sölurnar, eða skaða bættan, sem á varð.

192. gr.

Ábyrgð á framlagi til sjótjóns af hálfu skips og farmgjalds sætir þeirri takmörkun, sem í IX. kafla greinir.

Sjótjónsframlag af hálfu farms og annars góss í skipi ábyrgist eigandi hinna framlagsskyldu muna með þeim munum einum, en ekki sem sjálfsskuld.

193. gr.

Skip, sem framlöguskylt er til sjótjónsbóta, má ekki fara af þeim stað, þar sem skip og farmur skildu, og góss, sem er í ábyrgð fyrir slíkum framlögum, má ekki fá í hendur eiganda, áður sjótjónsframlög séu greidd eða trygging fengin fyrir framlögunum, ef þau eru þá ekki ákveðin.

194. gr.

Nú verður á skipi eða góssi tjón eða kostnaður, sem stafar af óhappi á ferð, og telst ekki til sameiginlegs sjótjóns, eða skipað er fyrir um með sérstökum ákvæðum, að farið skuli með eftir reglum um sameiginlegt sjótjón (sbr. 117. gr.), og skal það þá sem einkasjótjón (partikulært havari) koma niður á þeim munum, einum eða fleirum, sem skaði varð á eða kostnaður.

Nú telst kostnaður til einkasjótjóns og varð hann bæði á skipi og farmi sameiginlega eða á ýmsum hlutum farms, og skal honum þá jafnað eftir sanngirni á þá fémuni, sem kostnaðurinn reis af, og skal þar þá farið svo sem verða má eftir reglunum um sameiginlegt sjótjón. Kostnaður á björgun farms kemur hlutfallslega niður á farminum og farmgjaldi því, sem greitt er af góssinu, sem bjargað varð.

Um niðurjöfnun einkasjótjóns fer eftir ákvæðum 189. gr., ef einhver krefst þess, sem hlut á að máli.

## VII. KAFLI
## Um tjón af árekstri.

195. gr.

Ef tjón verður á skipi, góssi eða mönnum, af því að skip rákust á, og sökin liggur öll annars vegar, þá bætir hinn seki skaða þann allan, er af hlauzt.

Nú er sökin beggja megin, og skulu þá hinir seku bæta skaðann að réttri tiltölu við sök hvers þeirra. Ef atvik lágu svo til árekstrarins, að ekki verður byggð á þeim skipting skaðabótanna í ákveðnum hlutföllum, þá bæta hinir seku tjónið að jöfnum hlutum.

Hver hinna seku ábyrgist einungis sinn hluta skaðabótanna, nema mannsbani hafi hlotizt af árekstrinum eða tjón á líkama eða heilbrigði. Þá má sá, er skaðabótaréttinn á, krefja hvern hinna seku um allar skaðabæturnar. Ef einhver hinna seku hefur af þessum ástæðum orðið að greiða meiri bætur heldur en í hans hlut áttu að koma að réttri tiltölu, þá á hann endurgjaldsrétt á hendur hinum á þeirri upphæð, sem hann varð að greiða umfram sinn hlut.

Þá er meta skal sök, skal dómari einkanlega gefa gaum að því, hvort tími var til athugunar eða ekki.

196. gr.

Ef áreksturinn varð af óhappatilviljun eða það vitnast ekki, að annarhvor aðilja hafi verið sök í honum, fær hvorugt skipið bættan skaða sinn.

197. gr.

Nú rekast skip á, og er þá skipstjórum þeirra skylt að veita þeim skipum, skipshöfnum og farþegum, sem hætta stafar af árekstrinum, alla þá hjálp, er þeir mega

og nauðsyn er á til bjargar, án þess þó að stofna í verulega hættu skipi sínu, skipshöfn eða farþegum. Skylt er skipstjórum og að segja hver öðrum nöfn og heimkynni skipa sinna, úr hvaða stað eða höfn þau koma, og hvert þeim sé ætlað að fara.

198. gr.

Það, sem fyrir er mælt í þessum kafla um árekstur skipa, kemur einnig til greina, þá er skip veldur tjóni á öðru skipi, eða á mönnum eða góssi, sem á því er, með siglingu sinni eða á annan hátt, þó ekki hafi skipin rekizt á.

## VIII. KAFLI
### Um björgun.

199. gr.

Hver sá, sem bjargar skipi, sem farizt hefur eða er statt í neyð, eða góssi, sem á því er, eða nokkru af því skipi eða góssi, því sem á því var, svo og hver sá, sem veitir að björguninni, á rétt á að fá björgunarlaun. Sá, sem bjargar mönnum af skipinu, meðan það var statt í neyð, þeirri sem var tilefni til björgunarinnar, eða veitir að björgun mannanna, á rétt á hluta úr björgunarlaununum.

Nú tekur einhver þátt í björguninni gegn beru og réttmætu banni þess, sem hefur stjórn skipsins á hendi, og á hann þá engan rétt á björgunarlaunum.

Krefja má björgunarlauna jafnt, þó það skip, sem bjargaði, sé eign sama manns sem hitt, sem bjargað var.

Nú hefur maður tekizt á hendur leiðsögu skips eða að draga það eða veita því aðstoð á annan líkan hátt, og skipinu hlekkist síðan á, og á sá maður þá aðeins rétt á björgunarlaunum að því leyti, sem talið verður, að aðstoð sú, sem hann veitir, hafi farið fram úr því, sem honum bar skylda til, samkvæmt því er honum bar af hendi að inna.

Nú verða málsaðiljar ekki á eitt sáttir um, hve mikil björgunarlaunin skuli vera, og sker þá dómur úr.

Ábyrgð útgerðarmanns á björgunarlaunum er takmörkuð samkvæmt ákvæðum IX. kafla. Eigandi farms eða annars góss ábyrgist greiðslu björgunarlauna aðeins með þeim munum, en ekki sem sjálfsskuld.

200. gr.

Þá er björgunarlaun eru ákveðin, skal þess gætt: 1. Fyrst og fremst: a) Að hve miklu leyti björgunin tókst; b) Verklagni þeirrar og atorku, sem björgunarmenn unnu með að björguninni, og tíma þess og fyrirhafnar, sem til hennar var varið; c) Hættu þeirrar, sem skipið, sem bjargað var, var statt í, skipshöfn þess, farþegar eða góss; d) Hættu þeirrar, sem björgunarmönnum og eign þeirra var stofnað í; e) Áhættu björgunarmanna að verða skaðabótaskyldir gagnvart þriðja manni eða bíða tjón á annan hátt; f) Skaða þess, sem björgunarmenn hafa beðið á lífi, heilsu eða fjármunum, fjártjóns þess eða tilkostnaðar, sem þeir hafa haft, og verðmætis björgunartækja, þeirra sem notuð voru; g) Þess, hvort skipið, sem bjargaði, var sérstaklega útbúið til björgunar. 2. Þar næst: Verðmætis þess sem bjargað var.

Nú kemur það í ljós, að björgunarmaður var sjálfur sök í neyð þeirri, sem var tilefni björgunarinnar, eða hefur orðið sekur um þjófnað, hilming eða aðra sviksamlega meðferð á munum, þeim sem bjargað var, og má dómurinn þá færa niður björgunarlaun þess manns eða svipta hann björgunarlaunum með öllu.

201. gr.

Ekki má gera björgunarlaun hærri en verðmæti þess, sem bjargað var, að meðtöldu flutningsgjaldi fyrir farm og farþega, en að frádregnum tolli og öðrum opinberum gjöldum, svo og kostnaði við geymslu, virðingargerð og sölu.

Í björgunarlaununum felst og þóknun fyrir að flytja góssið, sem bjargað var, á tryggan stað, svo og þóknun fyrir lán á skipum og áhöldum, sem höfð voru til þess.

202. gr.

Ef björgunarsamningur hefur verið gerður meðan hættan vofði yfir og undir áhrifum hennar, þá má hver aðilja, sem er, krefjast þess, að dómur ónýti samninginn eða breyti honum, ef telja verður, að skilmálar hans séu ósanngjarnir.

Rétt er og dómi að ónýta björgunarsamning eða breyta honum ávallt þá er telja verður, að umsamin björgunarlaun séu bersýnilega ósanngjörn að tiltölu við hjálp þá, sem veitt var, ef sá aðilja, sem á var hallað, krefst þess.

Ákvæðið í síðustu málsgr. 200. gr. kemur einnig til greina, þá er samningur hefur verið gerður um björgun.

Máli til ónýtingar björgunarsamnings eða breytingar á honum, skal vera stefnt til dóms áður en 3 mánuðir séu liðnir frá því er samningurinn var gerður.

203. gr.

Ef björgunarmenn greinir á sín á milli um skipti björgunarlauna, þá skal skipt með dómi og gætt þeirra atvika, sem 200. gr. greinir.

Nú hefur skip bjargað einhverju á ferð, og skal þá fyrst af björgunarlaununum bæta það tjón, sem við björgunina varð á skipi því eða farmi; næst eftir fá útgerðarmenn tvo þriðjunga björgunarlauna, ef gufuskip bjargaði, en helming, ef það var seglskip, en afganginum skal skipt til helminga milli skipstjóra og skipshafnar, og skal skipta milli hennar að réttri tiltölu við kaup manna á skipinu. Nú var tilskilið, að skipstjóri eða skipshöfn skyldu hafa minni hlut í launum en nú var sagt, og er sá skildagi þá ógildur, nema skipið sé einkanlega búið út til bjargráða eða samið væri um eitthvert tiltekið björgunarstarf.

204. gr.

Rétt er, að björgunarmenn mótmæli því, að skip, sem bjargað var, eða góss sé fært á burt þaðan, áður þeim sé greidd að fullu björgunarlaunin eða trygging er til fengin fyrir greiðslu þeirra.

## IX. KAFLI

### Um takmarkaða ábyrgð útgerðarmanna.

205. gr.

Útgerðarmaður ber takmarkaða ábyrgð á kröfum þeim, sem hér verða greindar:

1. Bótakröfum vegna lífs- eða líkamstjóns þeirra manna, sem vinna í þágu skips, svo og farþega. Bótakröfum fyrir glataða eða skemmda vöru, sem skipstjóri hefur tekið við til flutnings, og hvers konar muni, sem á skipi eru.
2. Öðrum bótakröfum vegna tjóns á mönnum eða munum á sjó eða á landi, sem stafar af yfirsjónum eða vanrækslu skipstjóra, skipshafnar, hafnsögumanns eða annarra, sem vinna í þágu skips.
3. Bótakröfum vegna vanefnda á samningi, sem stafa af yfirsjónum eða vanrækslu við stjórntök skips.
4. Kröfum, sem rísa af því, að tilgreiningar í farmskírteini eru rangar eða ófullnægjandi.

5. Kröfum, sem rísa af skyldum til að fjarlægja flak af skipi, sem farizt hefur, eða eyða því.
6. Kröfum um björgunarlaun.
7. Kröfum um framlög til sameiginlegs sjótjóns.
8. Kröfum, sem stafa af því, að skipstjóri hefur samkvæmt stöðuumboði sínu utan heimilis skips gert ráðstafanir eða játazt undir skuldbindingar, sem nauðsynlegar voru til verndar skipi eða framhalds ferðar, nema krafa sé af því risin, að búnaður skips eða birgðir hafi verið ófullnægjandi, þegar ferð hófst, eða krafa hefur orðið til vegna sérstaks umboðs af hendi útgerðarmanns eða verið viðurkennd af honum.

Takmörkun ábyrgðar nær þó ekki til þeirra skuldbindinga, sem stafa af starfssamningi við skipstjóra, skipshöfn eða aðra menn, sem vinna í þágu skips, eða af yfirsjónum eða vanrækslu útgerðarmanns sjálfs, nema hann sé jafnframt skipstjóri og krafa eigi rót sína að rekja til yfirsjónar eða vanrækslu hans við stjórntök skips.

206. gr.

Þegar ábyrgð er takmörkuð, ábyrgist útgerðarmaður með verði skipsins að viðbættum fjárhæðum þeim, sem í 208. gr. getur.

Þegar bæta skal tjón á mönnum (lífs- eða líkamstjón), ber útgerðarmaður ábyrgð með tvöfaldri þeirri fjárhæð sem í 1. mgr. segir.

207. gr.

Verð skips skal ákveða eftir ástandi þess á þeim tímum, sem hér segir:

1. Þegar um árekstur eða annað slys er að ræða, skal ákveða verðið við komu skips til fyrstu hafnar, að því er varðar kröfur, sem standa í sambandi við slysið og til eru orðnar fyrir komu skips til hafnar eða leiðir af sameiginlegu sjótjóni.

   Nú hefur nýtt sjóslys, sem ekki stendur í sambandi við hið fyrra, rýrt skip í verði, áður en það kom til hafnar, og skal þá ekki taka tillit til þeirrar verðrýrnunar, að því er varðar kröfur út af fyrra slysinu.

   Ef slys ber að höndum í höfn, skal ákveða verðið samkvæmt ástandi skipsins þar, eftir að slys varð.
2. Um kröfur, sem stafa af rangri eða ófullnægjandi tilgreiningu í farmskírteini eða að öðru leyti koma farmi við og falla ekki undir 1. tölulið, skal ákveða verðið eftir ástandi skips við komu þess til ákvörðunarhafnar eða annars staðar, þar sem ferð lýkur. Nú á farmi að skila á ýmsum stöðum, og skal þá ákveða verðið eftir ástandi skips við komu til fyrstu hafnar, að því er snertir kröfur, sem stafa af sama atburði.
3. Um allar aðrar kröfur skal ákveða verð skipsins við lok ferðar.

208. gr.

Við ákvörðun á ábyrgð útgerðarmanns, þegar hún er takmörkuð, skal bæta við verð skips eftirgreindum fjárhæðum:

a. Tíu hundraðshlutum af verði skips við upphaf ferðar.
b. Skaðabótum og sjótjónsframlögum vegna tjóns á skipi, sem orðið hefur, eftir að ferð hófst, og ekki hefur verið úr bætt.

209. gr.

Kröfum þeirrar tegundar, sem um getur í 1. tölulið 207. gr. og stafa af sama slysi, skal fullnægja af ábyrgðarfjárhæðinni samkvæmt röð sjóveða, sem þær kunna

að vera tryggðar með. Sama er um kröfur, sem í 2. og 3. tölulið 207. gr. getur, þegar leggja skal til grundvallar þeim verð skips í sömu höfn.

Kröfum til bóta fyrir lífs- og líkamstjón, sem stafa frá sama slysi, skal fullnægja af þeirri aukningu ábyrgðarfjárhæðar, sem greind er í 2. mgr. 206. gr. Nægi sú fjárhæð ekki til lúkningar kröfu, ber að greiða eftirstöðvarnar í sama hlutfalli og aðrar kröfur eftir ákvæðum 1. málsliðs 1. mgr. þessarar greinar.

210. gr.

Ef útgerðarmaður vill bera fyrir sig takmörkun á ábyrgð, ber honum að sanna, hvert verið hafi verð skips á þeim tíma, sem máli skiptir.

211. gr.

Ef ágreiningur rís um takmörk ábyrgðar eða um skiptingu ábyrgðarfjárins, getur útgerðarmaður krafizt, að niðurjöfnunarmaður sjótjóns eða, sé hans ekki kostur, 2 dómkvaddir menn (sbr. 189. gr.) skeri úr ágreiningnum. Nú hefur útgerðarmaður valið þessa leið, og getur þó hver kröfuhafi fengið úr því skorið með dómi, hverri fjárhæð krafa hans mundi nema, ef ábyrgð væri ekki takmörkuð. Útgerðarmaður getur og krafizt, að niðurjöfnunarmaður sjótjóns eða hinir dómkvöddu menn setji tilteknum kröfuhöfum hæfilegan frest til málshöfðunar.

Niðurjöfnunarmanni sjótjóns eða hinum dómkvöddu mönnum er heimilt að kveðja kröfuhafa, með þriggja mánaða fyrirvara hið mesta, til að lýsa kröfum sínum. Skal það gert með opinberri auglýsingu, eftir því sem bezt hentar hverju sinni.

Skylt er útgerðarmanni og kröfuhöfum að veita niðurjöfnunarmanni sjótjóns eða hinum dómkvöddu mönnum alla þá fræðslu og afhenda þau sönnunargögn, sem þeir telja máli skipta.

Kostnað af starfi niðurjöfnunarmanns eða hinna dómkvöddu manna beri útgerðarmaður. Ágreining um réttmæti niðurstöðu þeirra má bera undir dómstóla.

212. gr.

Nú hefur útgerðarmaður sett tryggingu fyrir allri ábyrgðarfjárhæðinni í því skyni að afstýra kyrrsetningu eða fá hana fellda niður, og skal þá tryggingin koma að notum öllum kröfuhöfum, sem sæta verða takmarkaðri ábyrgð á kröfum sínum, enda getur enginn þeirra krafizt frekari tryggingar.

Nú hefur trygging verið sett fyrir lægri fjárhæð eða ýmsar tryggingar settar, og má þá, ef ekki næst samkomulag með aðilum, fá dómsúrskurð um áhrif þegar settra trygginga og hvort aukin trygging skuli sett, þó svo, að ekki sé farið fram úr fullri ábyrgðarfjárhæð.

213. gr.

Nú hefur útgerðarmaður greitt að fullu þá fjárhæð, sem honum var skylt eftir reglum um takmörkun ábyrgðar, og það kemur síðar fram, að aðrir kröfuhafar áttu sama rétt eða betri, og er hann þá ekki skyldur til meiri greiðslu, ef hann vissi ekki af þessum kröfum, þegar hann greiddi hitt, og ekki verður álitið, að hann hefði fengið vitneskju um þær þrátt fyrir hæfilega eftirgrennslan.

Nú hefur kröfuhafi fengið með þessum hætti fé, sem öðrum bar að réttu, og ábyrgist hann þá þeim manni kröfu hans, en þó ekki lengra en það fé hrekkur, sem hann tók við, og því aðeins, að hann vissi af þeirri kröfu, er hann tók við fénu.

214. gr.

Þegar lögsókn hefur verið hafin gegn útgerðarmanni til heimtu eða tryggingar kröfu, sem hann ábyrgist takmarkaðri ábyrgð, er dómara heimilt að ákveða eftir

kröfu hans, að frestað skuli kyrrsetningu, aðför eða uppboði á öðrum eignum hans en þeim, sem eru að sjóveði, unz sala á skipi og úthlutun söluandvirðis hefur farið fram.

215. gr.

Nú hefur farmsamningshafi orðið ábyrgur vegna bakfarmsamnings fyrir kröfu, sem um ræðir í 205. gr., og skal þá beita ákvæðum um takmarkaða ábyrgð, eftir því sem við á. Svo skal og vera, þegar maður, sem fengið hefur skip annars aðila til afnota í siglingum á eigin kostnað, eða skipseigandi, sem ekki gerir skipið út sjálfur, hafa orðið ábyrgir fyrir nefndum kröfum.

## X. KAFLI

## Um sjóveðrétt og fyrning á sjókröfum.

216. gr.

Þessar kröfur eiga sjóveðrétt í skipi og farmgjaldi:

1. Dómsgjöld og kostnaður af sölu skips í sameiginlega þágu lánardrottna, kostnaður af vörzlu þess, unz sala fer fram, og af úthlutun söluverðs. Lestagjöld, vitagjöld, hafnargjöld og önnur slík opinber gjöld, sem greiða ber af skipi. Kostnaður af affermingu skips, varðstöðu í því og annarri vörzlu þess, eftir að það koma til síðustu hafnar.
2. Kröfur til launa og annarrar þóknunar, sem stofnazt hafa til handa skipstjóra, skipshöfn og öðrum, sem útgerðarmaður eða skipstjóri hafa ráðið á skip.
3. Björgunarlaun og kröfur um framlög til sameiginlegs sjótjóns.
4. Bótakröfur vegna árekstrar skipa eða annars sjóslyss. Bætur fyrir tjón, sem skip hefur valdið á mannvirkjum í höfnum, skipakvíum eða á siglingaleiðum. Bótakröfur vegna lífs- eða líkamstjóns farþega, skipstjóra, skipshafnar eða annarra, sem á skip eru ráðnir. Bótakröfur fyrir glataðan eða skemmdan farm eða farangur farþega. Bætur fyrir eignir skipverja, þær er farizt hafa við sjóslys.
5. Kröfur, sem til eru orðnar við ráðstafanir eða skuldbindingar, er skipstjóri hefur gert vegna stöðu sinnar utan heimilis skipsins og nauðsynlegar voru til verndar skipi eða framhalds ferðar, og gildir þetta eins, þó að skipstjóri sé jafnframt eigandi skips, og án tillits til þess, hvort hann eða annar maður er eigandi kröfu.

   Ákvæði þessa töluliðs gilda þó ekki um kröfur, sem skipstjóri stofnar við menn eða stofnanir hér á landi í sambandi við útgerð skipa, sem heimilisföst eru hér á landi og eingöngu eða aðallega eru notuð til fiskveiða hér við land, vegna úttektar á vistum, veiðarfærum, beitu, ís, salti, tunnum, kolum, benzíni, olíu eða öðrum vélarnauðsynjum, nema úttekt hafi verið nauðsynleg til heimferðar skips, enda haldi skipið til heimferðar frá úttektarstað án nokkurra tafa, og telst það ekki heimferð, ef skip stundar veiðar, eftir að úttekt fór fram. Nú fær kröfuhafi ekki sjóveðrétt vegna framangreindra fyrirmæla, og ábyrgist útgerðarmaður þá kröfuna með öllum eignum sínum.
6. Kröfur, sem leiðir af því, að tilgreiningar í farmskírteini hafa verið rangar eða ófullnægjandi.

217. gr.

Sjóveðréttur í skipi nær og til skipsbúnaðar og kröfu útgerðarmanns til skaðabóta og sjótjónsframlags vegna tjóns á skipi, sem orðið hefur, eftir að ferð hófst, og ekki hefur verið úr bætt. Til skipsbúnaðar teljast ekki vistabirgðir, eldsneyti né aðrar vélarnauðsynjar.

Sjóveðréttur í farmgjaldi tekur yfir óskert (brutto) farmgjald og fargjald fyrir þá ferð, sem krafan stafar af, svo og til skaðabóta og sjótjónsframlags fyrir missi þess farmgjalds eða fargjalds. Sjóveðréttur fyrir kröfum samkvæmt 2. tölulið 216. gr. nær þó til farmgjalds fyrir allar ferðir skips, sem farnar voru, meðan starfssamningur var í gildi.

Sjóveðréttur í skipi og farmgjaldi nær einnig til hluta útgerðarmanns af björgunarlaunum, sem til hefur verið unnið í ferðinni.

Sjóveðréttur fyrir launakröfum og þóknunar samkvæmt 2. tölulið 216. gr. og bótakröfum fyrir eignir skipverja, þær er farizt hafa við sjóslys, sbr. síðasta málslið 4. töluliðs 216. gr., skal einnig ná til vátryggingarfjár skips og farmgjalds, meðan það er ekki af höndum greitt. Nú ferst skip eða er dæmt óbætandi, og er þá vátryggingarsala óskylt að láta vátryggingarfé af höndum, fyrr en 14 dögum eftir að hann átti þess kost að afla þeirra upplýsinga, er þörf var á til þess að meta vátryggingaratburðinn og ákveða upphæð bótanna. Sjóveðréttur nær ekki til vátryggingarfjár í öðrum tilfellum en hér var greint.

218. gr.

Sjóveðréttur í skipi og farmgjaldi gengur fyrir öllum öðrum eignarhöftum, sem á eignum þessum hvíla. Sjóveðréttur samkvæmt 6. tölulið 216. gr. víkur þó fyrir samningsveði í skipi.

Kröfum þeim, sem taldar eru í 216. gr., skal fullnægja eftir þeirri röð töluliða, sem þær eru taldar þar í, að svo miklu leyti sem þær eru til komnar í sömu ferð. Kröfur taldar í sama tölulið eru jafnrétthár sín á milli, en þó svo, að stafi kröfur í 3. og 5. tölulið ekki af sama atburði, gengur yngri krafa fyrir eldri.

Nú stafa kröfurnar af ýmsum ferðum, og gengur þá sú krafa, sem af síðari ferð stafar, fyrir hverri kröfu af eldri ferðum. Að því er tekur til sjóveðréttinda eftir 6. tölulið 216. gr. gildir þetta þó aðeins í sambandi þeirra á milli. Kröfur samkvæmt starfssamningi, sem nær til fleiri en einnar ferðar, hafa allar sama rétt og kröfur frá síðustu ferð.

219. gr.

Sjóveðréttur í skipi fellur niður, ef það er selt á nauðungaruppboði. Svo skal og vera, ef skip er selt, eftir að það hefur á lögmætan hátt verið dæmt óbætandi, og skal þá beita ákvæðum 220. gr., eftir því sem við á.

Sjóveðréttur í skipi helzt, þó að eigendaskipti verði að því með öðrum hætti.

220. gr.

Nú fer fram nauðungarsala á skipi eða annarri eign, sem sjóveð hvílir á, og eiga sjóveðhafar þá heimtingu á að fá kröfur sínar greiddar af söluandvirði, miðað við fulla fjárhæð þeirra, en þó ekki fram yfir það, sem reglur um takmarkaða ábyrgð segja til um.

221. gr.

Sjóveð í farmgjaldi, skaðabótakröfu eða sjótjónsframlagi vegna tjóns á skipi eða farmgjaldsmissis svo og björgunarlaunum helzt, meðan greiðsla hefur ekki farið fram til útgerðarmanns eða féð er enn í höndum skipstjóra eða umboðsmanns útgerðarmannsins.

Nú hefur greiðsla farið fram til þrotabús útgerðarmanns, og skal þá nota það fé til lúkningar kröfum, sem sjóveðrétt áttu í kröfu þeirri, sem greidd var búinu.

222. gr.

Nú fellur sjóveðréttur niður við það, að fé, sem krafa var tryggð með, er greitt útgerðarmanni, og ábyrgist hann þá kröfuna, svo langt sem það fé hrekkur, sem hann tók við, ef hann var þar ekki í sjálfsskuld áður.

Beita skal ákvæðum 213. gr., eftir því sem við á.

223. gr.

Nú verður skip við frjálst afsal eign manns, sem ekki getur átt íslenzkt skip, án þess að fullnægt hafi verið áður þeim sjóveðréttarkröfum, sem á því lágu, og ábyrgist þá hinn fyrri eigandi þær kröfur sem sjálfsskuldarmaður, þó að svo hafi ekki áður verið. Nú sannar hann, að skipið nægði ekki til að fullnægja kröfum þessum, þegar það var selt, og fer þá ábyrgð hans ekki fram úr verðmæti skipsins.

Beita skal ákvæðum 213. gr., eftir því sem við á.

224. gr.

Beita skal ákvæðum um sjóveðrétt, eftir því sem við á, þegar vara er flutt samkvæmt bakfarmsamningi, svo og þegar annar maður en eigandi skips hefur skip í förum á sinn kostnað, enda hafi hann ekki komizt að því með óráðvandlegu atferli, sem kröfuhafa er kunnugt um.

225. gr.

Þessar kröfur eiga sjóveðrétt í farmi:

1. Björgunarlaun og kröfur um framlög til sameiginlegs sjótjóns svo og kostnaðar, sem jafnað er niður samkvæmt 117. eða 194. gr.
2. Kröfur, sem stafa af ráðstöfunum eða skuldbindingum, er farmflytjandi eða skipstjóri samkvæmt stöðuumboði sínu hafa gert fyrir hönd farmeiganda, svo og endurgjaldskröfur þeirra, ef þeir hafa lagt fram fé til lúkningar kostnaði á farmi. Enn fremur bótakröfur farmeigenda fyrir vöru, sem seld var í þágu annarra farmeigenda.
3. Kröfur til farmgjalds, bóta fyrir missi farmgjalds og annað tjón, sem af því stafar, að vara er færð í land úr skipi í fermingarhöfn eða meðan á ferð stendur, svo og bætur fyrir aukabiðdaga og aðra töf við fermingu eða affermingu eða í ferð skipsins.

Sjóveð í farmi gengur fyrir öllum öðrum eignarhöftum, sem á farmi hvíla, að undanskildum opinberum gjöldum.

Kröfunum skal fullnægja í þeirri röð, sem þær eru taldar í 1. mgr. Kröfur í sama tölulið eru jafnréttháar, og þó því aðeins þær, sem taldar eru í 1. og 2. tölulið, að þær stafi af sama atburði, ella gengur yngri krafa fyrir eldri.

226. gr.

Sjóveðréttur í farmi fellur niður, þegar vara hefur verið afhent. Svo er og, ef varan er seld á nauðungaruppboði eða á ferð í þágu skips eða farms, en í stað þess á kröfuhafi þá veðrétt í söluverði, meðan það er ekki látið af hendi.

227. gr.

Sjóveðréttur í farmi nær og til kröfu farmeiganda til skaðabóta eða sjótjónsframlags vegna missis farms eða tjóns á honum. Sama gildir um bótakröfu vegna sölu farms í þágu skips eða annars farmeiganda.

Sjóveðréttur í farmi nær ekki til vátryggingarfjár.

228. gr.

Um sjóveð í söluverði farms og í kröfu til skaðabóta eða sjótjónsframlags skal beita ákvæðum 221. og 222. gr., eftir því sem við á.

229. gr.

Ef skipstjóri afhendir vöru, sem sjóveð hvílir á, án leyfis kröfuhafa, ábyrgist skipstjóri honum greiðslu á kröfunni, en þó ekki fram yfir það, sem skipstjóri getur sannað að verð vöru hafi numið við afhendingu. Sama gildir um viðtakanda, ef hann vissi um sjóveðið, þegar hann tók við vörunni, enda hafi hann ekki verið þar í sjálfsskuld áður. Beita skal ákvæðum 213. gr., eftir því sem við á.

230. gr.

Ef kröfuhafi hefur fleiri veð en eitt fyrir kröfu sinni, er honum heimilt að ganga að hverju veðinu sem hann vill fyrir allri kröfunni.

Nú hefur hann leitað sér í einu veðinu lúkningar á meira fé en koma mundi á það veð að réttri tiltölu, og getur þá sá eigandi, sem tjón bíður, svo og sá sjóveðhafi, sem veð sitt fékk svo rýrt, að ekki hrekkur til lúkningar kröfu hans, gengið að hinum öðrum veðum með sama rétti og fyrrgreindur kröfuhafi átti.

231. gr.

Sjálfráður er kröfuhafi að höfða mál, hvort er hann vill heldur á hendur útgerðarmanni eða skipstjóra, til fullnægingar á kröfu, sem sjóveð er fyrir í skipi eða farmgjaldi.

Höfða má mál á hendur skipstjóra til fullnægingar kröfu með sjóveði í farmi. Þetta tekur þó ekki til útgerðarmanns né annars manns, sem gerir skipið út á sjálfs sín kostnað.

232. gr.

Sjóveðréttur fyrnist, ef honum er ekki fylgt eftir með lögsókn eða lýst fyrir þeim, sem sjótjóni jafna niður (sbr. 189. gr.), ef krafa varðar sjótjónið, innan þeirra tímamarka, sem hér segir:

1. Fyrir kröfu um björgunarlaun: innan eins árs frá því, er björgunarstarfi lauk.
2. Fyrir skaðabótakröfu vegna tjóns af árekstri eða öðru slysi og fyrir bótakröfu vegna lífs- eða líkamstjóns: innan eins árs frá því, er tjón bar að höndum.
3. Fyrir skaðabótakröfu út af því, að farmur eða farangur farþega hefur spillzt eða glatazt, eða vegna rangrar eða ófullnægjandi tilgreiningar í farmskírteini: innan eins árs frá því, að vöru var skilað eða henni bar að skila.
4. Fyrir kröfu, sem af því er risin, að skipstjóra hafa verið látnar í té skipsnauðsynjar, samkvæmt því er segir í 5. tölulið 216. gr.: innan 6 mánaða frá því, er krafa stofnaðist.
5. Fyrir kröfum, sem stafa af öðrum ráðstöfunum eða skuldbindingum skipstjóra samkvæmt 5. tölulið 216. gr. eða 2. tölulið 225. gr.: innan eins árs frá því, er krafa stofnaðist.
6. Fyrir öðrum kröfum: innan eins árs frá því, er krafan féll í gjalddaga.

Þegar frestur er ákveðinn eftir 6. tölulið, skal launakrafa eða þóknunar samkvæmt starfssamningi ekki teljast í gjalddaga fallin vegna þess eins, að kröfuhafi átti rétt til greiðslu fyrir fram að einhverju leyti eða til afborgana.

Þegar mál er rekið fyrir íslenzkum dómstóli, skal ávallt farið eftir íslenzkum lögum um það, hverjar athafnir rifta fyrningu.

233. gr.

Kröfur þær, er hér verða taldar, falla niður vegna fyrningar, ef þeim er ekki fylgt eftir með lögsókn eða lýst fyrir þeim, sem sjótjóni jafna niður (sbr. 189. gr.), ef krafa varðar sjótjónið, innan þeirra tímamarka, sem hér segir:

1. Krafa um björgunarlaun: innan tveggja ára frá því, er björgunarstarfi lauk.
2. Skaðabótakrafa út af árekstri eða sjóslysi, sem greint er í 198. gr.: innan tveggja ára frá því, að atburður sá gerðist, sem tjóni olli, og farmkrafa samkvæmt 3. mgr. 195. gr.: innan eins árs frá því, að greiðsla fór fram.
3. Skaðabótakrafa út af því, að farmur eða farangur farþega hefur spillzt eða glatazt, eða vegna rangrar eða ófullnægjandi tilgreiningar í farmskírteini: innan eins árs frá því, að vöru var skilað eða henni bar að skila.
4. Krafa um framlag til sameiginlegs sjótjóns og til kostnaðar, sem jafna skal niður samkvæmt 117. gr. og 2. mgr. 194. gr.: innan eins árs frá dagsetningu niðurjöfnunargerðar.
5. Krafa, sem sætir takmarkaðri ábyrgð og ekki telst til 1.—4. töluliðar hér að framan: innan þriggja ára frá því, að hún féll í gjalddaga.
6. Krafa á hendur þeim, sem orðið hefur persónulega ábyrgur samkvæmt ákvæðum 222., 223., 228. eða 229. gr., fyrnist á sama tíma og sjóveðrétturinn.

Beita skal ákvæðum 3. mgr. 232. gr., eftir því sem við á. Aðrar kröfur fyrnast eftir almennum reglum.

## XI. KAFLI

### Um refsingar og önnur viðurlög.

234. gr.

Ef skipstjóri hefur ekki á skipi eitt eintak af lögum þessum og reglugerðum og öðrum opinberum fyrirmælum samkvæmt þeim, varðar það sektum.

235. gr.

Vanræki skipstjóri, stýrimaður, vélstjóri eða loftskeytamaður skráningu í bækur, sem skylt er að halda, varðveizlu þeirra eða sýningu, varðar það sektum eða varðhaldi.

236. gr.

Ef skipstjóri brýtur gegn skyldum samkvæmt 33. gr. um flutning farmanna, sæti hann sektum.

237. gr.

Vanræki skipstjóri að gefa sjóferðarskýrslu, þegar honum er það skylt samkvæmt 39. gr., varðar það sektum.

238. gr.

Ef skipstjóri vanrækir að gegna þeim skyldum, sem um ræðir í 197. og 198. gr., þegar árekstur eða svipað slys ber að höndum, varðar það sektum eða varðhaldi.

239. gr.

Ef skipstjóri hefur orðið valdur að skipstrandi, árekstri eða öðru sjóslysi með yfirsjónum eða vanrækslu í starfi sínu, varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum, enda liggi ekki þyngri refsing við brotinu eftir öðrum lögum.

Þegar um stórfellt eða ítrekað brot er að ræða, má svipta skipstjóra rétti til að gegna skipstjórnarstörfum sem skipstjóri eða stýrimaður um ákveðinn tíma, sem ekki sé skemmri en 3 mánuðir, eða að fullu og öllu. Nú hefur skipstjóri verið sviptur skipstjórnarréttindum um lengri tíma en 3 ár, og getur þá dómsmálaráðherra, þegar 3 ár eru liðin frá sviptingunni, veitt honum réttindin að nýju, enda hafi áður verið

leitað álits ráðuneytis þess, sem fer með siglingamálefni, og það lýst sig því samþykkt.

Svipting skipstjórnarréttinda skal gerð með dómi. Áfrýjun frestar ekki verkun dóms að þessu leyti. Nú telur lögreglustjóri, að skipstjóri hafi unnið til réttindasviptingar, og skal hann þá svipta hann skipstjórnarréttindum til bráðabirgða. Réttindasviptingu skal tilkynna skráningarstjóra.

240. gr.

Stórfelld eða endurtekin brot skipstjóra gegn öðrum skyldum samkvæmt lögum þessum en þeim, sem ákvæði 234.—239. gr. taka til, varða sektum eða varðhaldi.

241. gr.

Ákvæði þessa kafla taka einnig til manna, sem gegna starfi skipstjóra í hans stað.

242. gr.

Áður en ráðin er kæra vegna brota, sem um ræðir í 239. gr., skal leita álits ráðuneytis þess, sem fer með siglingamálefni.

243. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1963. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 69 28. nóv. 1919, lög nr. 40 19. maí 1930, 2.—7. gr., og lög nr. 30 1. febr. 1936.

*Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1963.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Emil Jónsson.*

31. desember. Nr. 67.

# SJÓMANNALÖG

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Að ég samkvæmt 44. gr. laga nr. 11 19. apríl 1963, um breyting á sjómannalögum, nr. 41 19. maí 1930, hefi látið fella meginmál hinna fyrst nefndu laga inn í lög nr. 41 19. maí 1930 og gef þau út svo breytt:

## I. KAFLI

### Um ráðningarsamning skipstjóra.

1. gr.

Útgerðarmanni ber að sjá um, að gerður sé skriflegur samningur við skipstjóra um ráðningarkjör hans.

2. gr.

Sé eigi annað ákveðið í samningnum um lengd ráðningartímans, getur hvor aðili um sig sagt samningnum upp, með þriggja mánaða fyrirvara, og sé ráðningu þá slitið í íslenzkri höfn, er skipið kemur í til fermingar eða affermingar, eða þar, sem skipið hættir siglingu. Þó er skipstjóra rétt, eftir 18 mánaða starfstíma á skipinu, að segja ráðningarsamningi sínum upp, með 3 mánaða fyrirvara, til ráðningarslita í erlendri fermingar- eða affermingarhöfn eða þar, sem skipið hættir siglingu erlendis.

3. gr.

Útgerðarmaður getur vikið skipstjóra úr stöðu hans hvenær sem er.

Sé honum vikið úr stöðu, áður en ráðningartími hans er úti, og án þess, að heimild sé til þess samkv. 4. og 5. gr., þá á hann rétt á bótum fyrir tjón það, er frávikningin bakar honum.

Sé annað eigi sannað um upphæð tjónsins, á hann rétt á þriggja mánaða kaupi, og auk þess ferðakostnaði og fæðispeningum til hafnar þeirrar, er ráðningu skyldi slitið í samkv. samningnum, eða til íslenzkrar hafnar, hafi honum verið vikið úr stöðu erlendis, og komi ákvæði 2. gr., um ráðningarslit í íslenzkri höfn, til greina.

4. gr.

Sé skipstjóra vikið úr stöðu sinni sakir veikinda eða meiðsla, er gera hann óhæfan til skipstjórnar, á hann rétt á þriggja mánaða kaupi frá ráðningarslitum.

Ef skipstjóri hefur leynt veikindunum eða meiðslunum með sviksamlegum hætti, er hann réðst á skipið, á hann ekki rétt á launum lengur en hann gegnir starfi sínu. Sama gildir, ef hann hefur sjálfur átt sök á sjúkdóminum eða meiðslunum af ásetningi eða stórfelldu gáleysi, eftir að hann réðst á skipið.

5. gr.

Sé skipstjóra vikið úr stöðu sinni vegna ódugnaðar, óráðvendni eða vegna stórkostlegra yfirsjóna eða hirðuleysis við starf hans, á hann ekki rétt á kaupi lengur en hann gegnir starfi.

6. gr.

Farist skip, eða verði það fyrir sjótjóni og sé dæmt óbætandi eða verði af óviðráðanlegum ástæðum tekið úr þjónustu útgerðarmanna um ófyrirsjáanlegan tíma, er ráðningu skipstjóra þar með slitið, sé eigi annað ákveðið í samningi. Skipstjóri er þó skyldur til að dvelja á staðnum, þar til skipverjum, skipi og farmi hefur verið ráðstafað, og á hann rétt á kaupi þann tíma og dvalarkostnaði.

Um rétt skipstjóra til ferðakostnaðar heim til sín, kaups og fæðispeninga á heimleið og bóta fyrir muni, er farizt hafa, fer eftir því, sem ákveðið er um skipverja í 41. gr.

7. gr.

Um skipstjóra skulu og gilda eftirfarandi ákvæði um skipverja, eftir því sem við á:

1. Um umönnun og heimsendingu, þegar um sjúkdóm eða slys er að ræða, sbr. 28. gr.
2. Um kaupgreiðslu, er skipstjóri deyr, um greftrun eða líkbrennslu og um meðferð eftirlátinna muna hans, sbr. 24. gr., 29. gr. og 30. gr.
3. Um skyldu til að ganga undir læknisskoðun, sbr. 3. málsgr. 10. gr.

8. gr.

Sé skipstjóra heitið hluta af farmgjaldi eða afla skips eða af öðrum tekjum af ferðinni eða af ágóða útgerðarmanns af útgerðinni, og ráðningu er slitið, áður en ferðinni er lokið eða reikningsárið er liðið, þá á hann rétt á að fá svo mikinn hluta þessarar þóknunar, sem svarar til aflafengs hans, ef um hluta af afla er að ræða, ella til starfstíma hans, að tiltölu við ferðina alla eða reikningsárið allt.

Eigi skipstjóri samkv. 3., 4. eða 6. grein rétt á kaupi fyrir lengri tíma en hann gegnir starfi sínu, eða sé kaupgjald reiknað eftir 7. sbr. 24. gr., skal þóknun sú, sem ræðir um í 1. málsgr. þessarar greinar, ef aðila greinir á um upphæð hennar, ákveðin með mati lögskráningarstjóra, þó svo, að hver aðili um sig getur lagt það mat undir úrskurð sjódóms.

## II. KAFLI
### Um skiprúmssamning skipverja.

*1. Um samningsgerðina.*

9. gr.

Skipstjóri ræður fyrir hönd útgerðarmanns stýrimenn, vélstjóra, bryta, loftskeytamenn og aðra skipverja og segir þeim upp störfum.

Skipstjóri skal, ef því verður við komið, ráðgast við yfirvélstjóra um ráðningu skipverja til starfa við vélgæzluna, við fyrsta stýrimann um ráðningu háseta og við bryta um ráðningu aðstoðarmanna hans.

10. gr.

Eigi má hafa yngri karlmenn en 15 ára og ekki yngri konur en 18 ára víð vinnu á skipi, nema um skólaskip sé að ræða.

Yngri menn en 18 ára megi ekki vera kyndarar eða kolamokarar, og ekki mega yngri menn en 19 ára starfa við vélgæzlu.

Enginn má hefja starf á skipi, nema hann hafi gengið áður undir læknisskoðun.

11. gr.

Sérhver skipverji, sem ráðinn er á skip, stærra en 12 smál. brúttó, skal hafa sjóferðabók eða sjóferðavottorð. Skipstjóri geymir sjóferðabækur eða sjóferðavottorð skipverja, meðan skipverji er í skiprúminu.

Sérhver samningur um ráðningu í skiprúm á skipi, sem stærra er en 12 smálestir brúttó, skal gerður skriflega. Skal hann skráður á skipshafnarskrá og báðir aðilar undirrita hann í skipshafnarskránni. Í samningnum skal meðal annars greina:

1. fullt nafn skipverja, fæðingarár og dag, fæðingarstað og heimili,
2. stöðu hans á skipinu,
3. ferð þá eða tímabil, sem skipverji er ráðinn til, hvar ráðningu skuli slitið og uppsagnarfrest, sé um það samið,
4. umsamið kaup, og sé það ákveðið í einu fyrir ferðina, þá hve lengi búizt er við að sú ferð standi yfir.
5. umsamið kaup fyrir aukavinnu eða eftirvinnu,
6. önnur hlunnindi, er skipverji kann að vera ráðinn fyrir.

Þegar skipverji er ráðinn á skip, skal skipstjóri afhenda honum viðskiptabók, skipverja að kostnaðarlausu. Í viðskiptabók skal skiprúmssamningurinn skráður, svo og það, hvenær skipverji kemur í skiprúm eða fer úr því, uppsögn á samningi, og hvenær hún fer fram, greiðslur allar á kaupi, aflahlut eða annarri þóknun. Sé vísað til kaupgjaldsskrár í skiprúmssamningi, skal skipstjóri sjá um að eftirrit af skránni sé á skipinu, til afnota fyrir skipverja.

Í viðskiptabók skulu vera prentuð ákvæði laga og reglugerða, er mestu varða fyrir sjómannastéttina.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setur nánari reglur um gerð viðskiptabóka, svo og sjóferðabóka og sjóferðavottorða.

*2. Um ráðningartímann.*

12. gr.

Sé skipverji ráðinn um ákveðinn tíma, eða með tilteknum uppsagnarfresti, en eigi ákveðið hvar hann fari af skipi, og endi ráðningartíminn meðan skip er í ferð, þá skal samningurinn gilda þar til skipið kemur til hafnar, þar sem ferma skal það eða afferma eða þar, sem það hættir siglingu.

13. gr.

Ef eigi er annað ákveðið um lengd ráðningartíma, getur hvor aðili um sig sagt samningnum upp, þannig að skipverji fari úr skiprúmi á ráðningarstað, í fermingar- eða affermingarhöfn eða þar, sem skipið hættir siglingu. Nú er skipverji íslenzkur og ráðinn á skipið í íslenzkri höfn, og geta aðilar þá aðeins sagt samningi upp, þannig að skipverji fari úr skiprúmi í íslenzkri fermingar- eða affermingarhöfn eða þar, sem skipið hættir siglingu hérlendis.

Ef ekki er öðruvísi samið, skal uppsagnarfrestur vera þrír mánuðir á skiprúmssamningum stýrimanna, vélstjóra, bryta og loftskeytamanna, en einn mánuður á öðrum skiprúmssamningum, nema á íslenzkum fiskiskipum sjö dagar.

14. gr.

Sé skipverji ráðinn um ákveðinn tíma eða til ákveðinnar ferðar, og verði hann kyrr á skipinu, eftir að ráðningartíminn er liðinn eða ferðinni lokið, en eigi gerður nýr samningur, þá getur hvor aðila um sig sagt samningnum upp samkvæmt 13. gr.

15. gr.

Skipverji, sem verið hefur í skiprúmi í 1½ ár frá því ráðningarsamningur síðast var gerður við hann, getur, enda þótt öðruvísi sé um samið, og þrátt fyrir ákvæði 13. gr. um brottför úr skiprúmi í íslenzkri höfn, farið úr skiprúmi í fermingar- eða affermingarhöfn skipsins eða þar, sem það hættir siglingu, hafi hann áður sagt skiprúmssamningnum upp með þeim fyrirvara, sem greinir í 2. málsgr. 13. gr.

16. gr.

Skipverja, sem rétt hefur til að fara úr skiprúmi samkv. samningi eða samkvæmt ákvæðum þessa kafla, skal þó skylt að vinna nauðsynleg störf á skipinu, sé þess krafizt, þó eigi lengur en í 2 daga, frá því skipið kom til hafnar.

Ef gefa skal sjóferðaskýrslu eða halda sjóferðapróf, er skipverji skyldur til að dvelja þar á staðnum þar til því er lokið, gegn kaupi og dvalarkostnaði þann tíma.

17. gr.

Ef lög eða yfirvöld í erlendri höfn, þar sem skipverji skyldi fara úr skiprúmi, banna honum landvist eða heimta þær tryggingar fyrir landvistarleyfi hans, er hann eigi getur sett, skal honum skylt að gegna áfram stöðu sinni á skipinu, þar til það kemur til hafnar, sem hann getur farið úr skiprúmi í.

*3. Um kaup skipverja.*

18. gr.

Skipverji tekur kaup frá og með þeim degi, sem hann kemur til vinnu á skipinu. Þurfi hann að ferðast frá ráðningarstað til skips, tekur hann kaup frá og með þeim degi, er sú ferð hefst.

Skipverji tekur kaup til þess dags og að honum meðtöldum, er starfa hans á skipi lýkur, eða, ef hann er skráður úr skiprúmi, þá til afskráningardags og að honum meðtöldum.

Ef skipverji verður óvinnufær vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann verður fyrir, meðan á ráðningartíma stendur, á hann rétt til kaups, svo lengi sem hann er óvinnufær af framangreindum ástæðum, þó ekki lengur en tvo mánuði, ef um er að ræða stýrimann, vélstjóra, bryta eða loftskeytamann, eða einn mánuð, ef skipverji gegnir annarri stöðu á skipi, og þó aldrei í fleiri daga en skipverji hefur verið í þjónustu útgerðarmanns.

Skipverji á ekki rétt á kaupi þann tíma, sem hann hliðrar sér ólöglega hjá að inna störf sín af hendi, né fyrir þann tíma, sem hann er óstarfhæfur vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann hefur þagað sviksamlega um við ráðningu sína. Sama gildir, ef skipverji er ekki starfhæfur vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann hefur sjálfur bakað sér af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

19. gr.

Greiðslu á kaupi getur skipverji einungis krafizt, þegar skipið er í höfn, og aðeins einu sinni á viku.

Kaupið greiðist í peningum, hafi skipverji ekki óskað að fá það greitt með ávísun á útgerðina. Um rétt til greiðslu í erlendri mynt fer eftir því, sem landslög ákveða á hverjum tíma.

Ef íslenzkur skipverji, sem staddur er erlendis, óskar að senda kaup sitt heim til Íslands, eru íslenzkir ræðismenn skyldir til að veita honum aðstoð til þess ókeypis. Ríkissjóður ábyrgist peningasendingar þessar. Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setur nánari reglur um peningasendingar skipverja.

20. gr.

Skipverji getur krafizt þess, að $2/3$ hlutar af ógreiddu kaupi hans séu greiddir nafngreindum manni eftir ávísun.

Ávísanagreiðslur má eigi stöðva né lækka án samþykkis skipverjans fyrr en ráðningu hans er slitið, nema svo sé, að sá hluti kaupsins, er eigi var ávísað, hrökkvi eigi fyrir greiðslum á sektum, er skipstjóri hefur lagt á hann samkv. lögum þessum, skaðabótakröfum, er útgerðin á á hendur honum og rísa af starfi hans á skipinu, og kröfum yfirvalda á hendur honum, sem útgerðarmanni að lögum er skylt að tryggja með því að halda eftir kaupi skipverjans.

21. gr.

Skipverja er heimilt að halda eftir þriðjungi af þeim hluta kaups, er skipverji sjálfur getur tekið á móti, þar til skipverji fer úr skiprúmi, þó aldrei hærri upphæð en hálfsmánaðarkaupi.

22. gr.

Sé samið um ákveðna upphæð í kaup fyrir ferðina, skal farið eftir áætlun þeirri um lengd ferðarinnar, sem gerð er í viðskiptabókinni, ef reikna þarf kaup eftir tímalengd.

Standi ferðin lengur yfir en áætlað var, er skipverji réðist á skipið, á hann rétt á tiltölulegri viðbót við kaupið, sé eigi öðruvísi um samið. Standi ferðin skemur yfir, á hann allt að einu rétt á hinu umsamda kaupi að fullu.

23. gr.

Fækki skipverjum, meðan ferð stendur yfir, skulu kaupgreiðslur, sem af því leiðir, skiptast á milli þeirra, sem eftir eru, að tiltölu við aukna vinnu hvers þeirra um sig, hafi þeir eigi fengið hana greidda sem yfirvinnu.

Fækki stýrimönnum, meðan ferð stendur yfir, skulu kaupgreiðslur, sem af því leiðir, skiptast á milli skipstjóra og stýrimanns, eða stýrimanna, í hlutfalli við aukna vinnu hvers þeirra um sig, hafi þeir eigi fengið hana greidda sem yfirvinnu.

24. gr.

Deyi skipverji, telst kaup hans til dánardags og að þeim degi meðtöldum, enda hafi hann eigi áður misst rétt til kaups, vegna sjúkleika eða af öðrum ástæðum.

Sé skipverji íslenzkur, og hafi hann verið í þjónustu útgerðarmannsins í síðustu

sex mánuði áður en hann dó, skal útgerðarmaður greiða ekkju hans eða ólögráða börnum viðbótarkaup um einn mánuð.

Hverfi skip og verði eigi upplýst, hvenær það fórst, skal kaupið reiknast eins og dauða skipverja hefði að höndum borið, er sá tími var liðinn, sem skip slíkt sem þetta þurfti á þeim tíma árs til ferðar sinnar til ákvörðunarstaðar síns, þaðan sem síðast spurðist til þess.

25. gr.

Komi það í ljós, er reikningar eru gerðir upp, að skipverji hafi fengið meira greitt en honum bar, þá er það fé eigi afturkræft, ef svo er, að ráðningu skipverja sé slitið af þeim ástæðum einhverjum, sem ræðir um í 24. gr., 1. málsgr. 32. gr., 34. eða 38.—41. gr.

*4. Um umönnun skipverja í veikindum og útför hans.*

26. gr.

Skipverji er skyldur til að láta lækni rannsaka heilsufar sitt, ef skipstjóri krefst þess, enda sé það gert skipverja að kostnaðarlausu.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið getur með reglugerð skipað fyrir um læknisskoðun skipverja.

27. gr.

Veikist skipverji eftir að hann er kominn í skiprúm eða slasist, skal skipstjóri sjá um, að hann fái nauðsynlega umönnun á skipinu eða í landi, þar með talið fæði, hjúkrun, læknishjálp og lyf, og húsnæði, sé hann utan heimilis síns.

Ef ástæða er til að ætla, að skipverji sé haldinn sjúkdómi, sem hætta stafar af fyrir aðra menn á skipinu, skal skipstjóri, svo fljótt sem auðið er, láta lækni skoða sjúklinginn. Sé eigi öruggt, að verjast megi smithættu á skipinu, skal skipstjóri láta flytja sjúklinginn í land.

Geti sjúkur skipverji eigi sjálfur gætt muna sinna, skal skipstjóri annast um þá.

Sé skipverji skilinn sjúkur eftir erlendis, skal skipstjóri fela hann umsjá íslenzks ræðismanns, eða sjá honum sjálfur fyrir góðri umönnun, ef ræðismaður er eigi á þeim stað, og tilkynna þetta þeim ræðismanni, sem næstur er.

28. gr.

Útgerðarmaður greiðir allan kostnað af umönnun sjúkra skipverja, meðan ráðningu þeirra er eigi slitið.

Sé skipverji veikur eða slasaður, er ráðningu hans er slitið, á hann rétt á að útgerðarmaður kosti umönnun hans í veikindunum í allt að sex vikur, eða í allt að tólf vikur, sé skipverji íslenzkur og njóti umönnunar erlendis. Þetta tímabil telst frá því að skipverji er skráður úr skiprúmi, eða frá því skipið lét úr höfn, hafi hann eigi verið skráður úr skiprúmi. Sé íslenzkur skipverji skilinn eftir erlendis, á hann auk þess rétt á ferðakostnaði og fæðispeningum til heimilis síns hér á landi. Sé hægt að útvega honum stöðu, eigi lægri en þá, er hann áður hafði, og eigi verr launaða, á skipi, sem fara á hingað til lands, eða til hafnar, sem hægara er að senda hann frá heim til sín, þá er hann skyldur að taka þeirri stöðu, ef heilsa hans leyfir.

Ef skipverji á sjálfur sök á veikindunum eða meiðslunum af ásetningi eða stórfelldu gáleysi, eða hafi hann leynt þeim sviksamlega, er hann réðist á skipið, skal hann sjálfur bera kostnaðinn við umönnun sína vegna veikindanna, bæði áður en ráðningu var slitið og eftir, og ferð sína heim, og má þá draga kostnað þann, sem útgerðarmaður hefur haft af þessu, frá kaupi skipverjans.

Sé ráðningu skipverja, sem haldinn er smitandi berklaveiki, slitið, greiðir ríkissjóður kostnað þann við umönnun hans og heimferð, sem útgerðarmaður skyldi greiða samkv. annarri málsgr. þessarar greinar.

Sé ráðningu íslenzks skipverja, sem haldinn er smitandi kynsjúkdómi, slitið erlendis, greiðir ríkissjóður kostnaðinn við umönnun hans vegna veikindanna, eftir að ráðningu hans var slitið.

29. gr.

Ef skipverji deyr, skal skipstjóri gera útför hans sæmilega. Ef líkbrennsla fer fram, ber skipstjóra að sjá um heimsendingu öskunnar.

Skipstjóri skal í votta viðurvist láta gera skrá yfir muni hins látna, sem á skipinu eru. Deyi skipverji erlendis, skal skipstjóri afhenda næsta ræðismanni íslenzkum skrá þessa. Reynist vandkvæði á að geyma muni þessa á skipinu, skal skipstjóri annaðhvort afhenda ræðismanni þá eða selja þá með sem heppilegustum hætti.

Skipstjóri skal tafarlaust tilkynna maka, ef til er, en ella nánasta ættingja andlát skipverja og hafa samráð við þá, eftir því sem föng eru á, um þær ráðstafanir, sem að framan greinir.

30. gr.

Ef skipverji deyr á þeim tíma, er útgerðarmanni bar að kosta umönnun hans, skal útgerðarmaður einnig bera kostnað af greftrun hans eða líkbrennslu.

Deyi íslenzkur skipverji á þeim tíma, að ríkissjóði bar að greiða kostnaðinn við umönnun hans, ber ríkissjóði einnig að greiða útfararkostnað hans.

31. gr.

Verði skipstjóri að skilja veikan eða slasaðan skipverja eftir erlendis í umsjá ræðismanns, er honum skylt að setja tryggingu fyrir kostnaði þeim við umönnun skipverjans og annað, sem útgerðarmanni er skylt að greiða, samkv. 28. og 30. gr.

Kaup það, er skipverji kann að eiga inni, skal greitt ræðismanni, og má skipverji eigi ráðstafa því, án leyfis ræðismanns, meðan hann er í umsjá hans.

Geti skipstjóri eigi fengið aðstoð íslenzks ræðismanns og verði því að greiða kostnað við umönnun íslenzks skipverja vegna veikinda, er útgerðarmanni eigi bar að greiða, getur hann krafizt þess, að það fé sé endurgreitt sér úr ríkissjóði.

Ákvæði næstu málsgr. hér að framan gilda einnig um kostnað vegna erlends skipverja, enda færi skipstjóri sönnur á það með læknisvottorði, að nauðsynlegt hafi verið að flytja skipverjann í land, annaðhvort sjálfs hans vegna eða vegna annarra manna á skipinu, og að heilsufari hans hafi í engu verið áfátt, er hann réðist á skipið.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setur nánari reglur um umönnun, greftrun og heimsendingu skipverja samkv. lögum þessum.

*5. Um rétt skipstjóra til að víkja skipverja úr skiprúmi.*

32. gr.

Ef skipverji verður lengur en um stundarsakir ófær til vinnu vegna veikinda eða slysa, eða sé hann haldinn sjúkdómi, sem öðrum mönnum á skipi stafar hætta af, þá getur skipstjóri vikið honum úr skiprúmi. Um rétt skipverja til launa fer þá eftir fyrirmælum 18. gr.

33. gr.

Skipstjóri getur enn fremur vikið skipverja úr skiprúmi:

1. ef hann reynist óhæfur til þess starfa, sem hann var ráðinn til,
2. ef hann kemur ekki til skips á ákveðnum tíma, og skipið á að láta úr höfn, eða ráða verður annan mann í hans stað,
3. ef hann verður sekur um mikil afglöp í starfi sínu, svo sem það, að óhlýðnast hvað eftir annað skipunum yfirmanna sinna, að beita ofbeldi við yfirmenn

sína, að misþyrma öðrum mönnum á skipinu, eða er hvað eftir annað drukkinn við störf sín,

4. ef hann verður sekur um þjófnað eða annan meiri háttar glæp, ef hann leynir manni á skipsfjöl, eða tollskyldum varningi, eða þeim varningi, sem útflutningsbann er á á fráfararstað skipsins eða innflutningsbann á ákvörðunarstað þess,
5. ef hann ber ágreining, sem rís af starfi hans á skipinu, undir erlend stjórnarvöld.

Skipstjóri skal, ef þess er kostur, halda próf eftir fyrirmælum 65. gr., áður en hann víkur skipverja úr skiprúmi samkv. þessari grein.

Skipverji, sem vikið er úr skiprúmi samkv. þessari grein, á ekki rétt á kaupi lengur en hann gegndi starfi sínu. Ef skipverji gat ekki komið til skips vegna veikinda eða meiðsla, sem hann á ekki sök á, skal hann þó eiga rétt til kaups samkvæmt fyrirmælum 18. gr.

34. gr.

Ef skipverja er vikið úr skiprúmi, áður en ráðningartími hans er liðinn og án þess að heimild sé til þess í 32. eða 33. gr., þá á hann rétt á ferðakostnaði til þeirrar hafnar, er ráðningu skyldi slitið í samkv. samningnum, eða til íslenzkrar hafnar, ef ákvæði 13. gr. um ráðningarslit í íslenzkri höfn eiga við. Enn fremur á hann rétt á kaupi meðan á ferðinni stendur, þó eigi skemmri tíma en uppsagnarfresti þeim nam, sem hann átti kröfu til.

## *6. Um rétt skipverja til að krefjast lausnar úr skiprúmi.*

35. gr.

Ef skipverji sannar, að hann eigi kost á að verða skipstjóri, stýrimaður eða vélstjóri, eða að hann eigi kost á æðri stýrimanns- eða vélstjórastöðu en hann þá er í, eða að ástæður hans hafi breytzt svo frá því hann réðist á skipið, að það sé velferðarmál fyrir hann að geta losnað úr skiprúminu, þá á hann rétt á að krefjast lausnar, ef hann fær annan dugandi mann í sinn stað, og auki það ekki útgerðarmanni kostnað.

Þegar þannig stendur á, á skipverji aðeins rétt á kaupi fyrir þann tíma, sem hann er í skiprúminu.

36. gr.

Ef illkynjuð farsótt geisar á áætlunarstað skipsins, og fái skipverji eigi vitneskju um það fyrr en eftir að hann réðist á skipið, þá er honum rétt að krefjast lausnar úr skiprúmi þegar í stað, ef ferð er eigi hafin, en ella í fyrstu höfn, er skipið kemur í, eftir að hann fékk vitneskju um þessi atvik. Kaup tekur hann þá aðeins til þess tíma, er hann gengur úr skiprúminu.

Sama gildir, ef það kemur í ljós eftir að skipverji réðist á skipið, að hætta er á að skipið verði hernumið eða verði fyrir tjóni af hernaðarvöldum, eða þess háttar hætta eykst til muna, frá því sem áður var.

37. gr.

Ef skipverji er ráðinn til ákveðinnar ferðar og ferðinni er breytt til muna, á hann rétt á að krefjast lausnar úr skiprúmi þegar í stað, ef ferð er ekki hafin, en ella í fyrstu höfn, er skipið kemur í, eftir að hann fékk vitneskju um breytinguna.

Skipverji, sem fer úr skiprúmi, af því að ferð skipsins var breytt, á rétt á ferðakostnaði og fæðispeningum til ráðningarstaðarins, fari hann úr skiprúmi, áður en ferð var hafin, en ella til þess staðar, sem ráðningu skyldi slitið samkvæmt samn-

ingnum. Skipverji á og þá rétt til kaups, einn mánuð frá ráðningarslitum, ef hann er stýrimaður, vélstjóri, bryti eða loftskeytamaður, en ella í hálfan mánuð, nema á íslenzkum fiskiskipum 7 daga.

38. gr.

Ef skip er óhaffært eða íbúðir skipverja bersýnilega heilsuspillandi, og skipstjóri bætir eigi úr þessu, eða ef skipstjóri neitar að láta skoða skipið samkvæmt 60. gr., þá á skipverji rétt á að krefjast lausnar úr skiprúmi, og fer þá um greiðslu á kaupi, ferðakostnaði og fæðispeningum svo sem segir í 34. gr.

39. gr.

Ef skipverji sannar, að skipstjóri hafi misþyrmt honum, eða aðrir menn hafi misþyrmt honum á skipinu og skipstjóri eigi veitt sér vernd, þó þess væri beiðst, eða hann sannar, að skipstjóri láti hann eigi fá sæmilegt fæði, þá á hann rétt á að krefjast lausnar úr skiprúmi, og fer þá um greiðslu á kaupi, ferðakostnaði og fæðispeningum svo sem segir í 34. gr.

40. gr.

Ef skip missir rétt til að sigla undir íslenzkum fána, eiga skipverjar rétt á að krefjast lausnar úr skiprúmi, og fer þá um greiðslu á kaupi, ferðakostnaði og fæðispeningum svo sem segir í 34. gr.

Eigi heimilar það skipverja að krefjast lausnar úr skiprúmi, þó skipstjóraskipti verði á skipinu.

*7. Um slit skiprúmssamnings, er skip verður fyrir sjótjóni.*

41. gr.

Farist skip, eða verði það fyrir sjótjóni og sé dæmt óbætandi eða verði af óviðráðanlegum ástæðum tekið úr þjónustu útgerðarmanna um ófyrirsjáanlegan tíma, er skiprúmssamningi slitið, nema öðruvísi sé um samið. Skipverja er þó skylt að taka þátt í björguninni og að vera viðstaddur, er sjóferðaskýrsla er tekin, og á hann rétt á kaupi og dvalarkostnaði þann tíma, er hann þarf að bíða á staðnum þess vegna eða hann þarf að bíða eftir ferð heimleiðis.

Ef skiprúmssamningi íslenzks skipverja er slitið erlendis af þeim sökum, sem segir í 1. málsgrein, á hann rétt á ferðakostnaði, nauðsynlegum klæðnaði og fæðispeningum til heimilis síns hér á landi, og greiðist kostnaður þessi úr ríkissjóði. Auk kaups þess, sem skipverji á rétt á samkvæmt 1. málsgrein þessarar greinar, á hann rétt til kaups úr hendi útgerðarmanns í tvo mánuði frá ráðningarslitum, ef hann er stýrimaður, vélstjóri, bryti eða loftskeytamaður, en einn mánuð frá sama tíma, ef hann er í annarri stöðu á skipi, þó aldrei skemur en meðan á heimferð stendur. Skipverja er skylt að ganga í skiprúm á öðru skipi, samkvæmt ákvæðum 2. málsgreinar 28. gr., og á hann þá ekki rétt á kaupi frá útgerðarmanni skips þess, er fórst, fyrir þann tíma, sem hann er í hinu skiprúminu.

Bætur fyrir eignir íslenzkra skipverja, þær er farizt hafa við slysið, er útgerðarmanni skylt að greiða samkvæmt reglum, er atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setur.

Eigi skipverji samkv. 32., 34. eða 37.—41. gr. rétt á kaupi fyrir lengri tíma en hann gegnir starfi sínu, eða sé kaupgjald reiknað samkv. 24. gr. og hafi honum verið heitið einhverri slíkri þóknun, sem ræðir um í fyrri málsgr. 8. gr., skal sú þóknun ákveðin svo sem segir í síðari málsgr. 8. gr. Eigi skal sú þóknun skerða kaupgjald annarra skipverja.

*8. Um erlenda skipverja.*

42. gr.

Ráðherra getur ákveðið, að erlendir skipverjar á íslenzkum skipum skuli njóta hlunninda þeirra, er íslenzkum skipverjum eru veitt í 28. og 41. grein, enda njóti þá íslenzkir skipverjar sama réttar um þessi efni sem innlendir í heimalandi hinna erlendu skipverja.

*9. Um misklíðir út af ráðningunni.*

43. gr.

Ef skipverji er óánægður með reikningsgerð skipstjóra, þá á hann rétt á að lögskráningarstjóri rannsaki reikninginn, hvort sem skipverji er skráður úr skiprúmi eða eigi.

Ef skipið er statt erlendis og ágreiningur rís milli skipstjóra og skipverja út af reikningsgerð skipstjóra eða starfi skipverja, skal leggja þann ágreining undir úrskurð þess ræðismanns íslenzks, er fyrst næst til.

Báðum aðiljum er skylt að hlíta úrskurði ræðismannsins, þar til unnt er að leggja málið fyrir íslenzka dómstóla.

## III. KAFLI
## Um skipsstörfin.

*1. Um yfirmenn skipsins.*

44. gr.

Skipstjóri hefur í öllum efnum hið æðsta vald á skipinu.

45. gr.

Það er skylda stýrimanns einkanlega að vera skipstjóra til aðstoðar við siglinguna og mælingar þær og reikninga, er þar að lúta, svo og við bókun í leiðarbók og dagbók skipsins. Hann skal og líta eftir öðrum skipverjum, eftir skipinu sjálfu, áhöldum þess og útbúnaði, að svo mkilu leyti, sem annað eigi leiðir af ákvæðum 47. gr. Hann skal sjá um nauðsynlega skrásetningu og affermingu og búlkun farms og vista.

Riti stýrimaður leiðarbók eða dagbók, ábyrgist hann, að rétt sé ritað.

46. gr.

Ef skipstjóri forfallast eða sé hann fjarverandi, og beri eitthvað það að höndum, sem hann hefur enga fyrirskipun gert um, skal stýrimaður, eða sá þeirra, sem æðstur er, ráða fram úr því, er eigi má fresta.

Deyi skipstjóri eða verði hann óhæfur til skipstjórnar eða víki hann úr stöðu sinni, kemur stýrimaður, eða sá þeirra, sem æðstur er, í hans stað, þar til nýr skipstjóri tekur við skipstjórn.

47. gr.

Það er skylda vélstjóra einkanlega að stjórna vélgæzlunni. Hann ber ábyrgð á rekstri, meðferð og viðhaldi vélarinnar og leiðslum þeim og útbúnaði, sem til hennar heyra, svo og þess hluta af bol skipsins, sem lykur um katla og vélarúm, ásamt tilheyrandi kolabirgðum, vatnsgeymum og ásgöngum. Hann lítur eftir eldsneytisforða skipsins og öðrum vélarnauðsynjum, veitir þeim móttöku og athugar magn þeirra og gæði. Hann lítur enn fremur eftir vélgæzlumönnum skipsins og vistarverum þeirra.

Vélstjóri skal tafarlaust tilkynna skipstjóra, ef hann verður var við galla á þeim hlutum skips, eða á áhöldum þeim og útbúnaði, er nefndur er hér að framan.

Vélstjóri ritar í vélarbók og ábyrgist, að rétt sé ritað.

48. gr.

Ef vélstjórar eru fleiri en einn á skipi, ber yfirvélstjóri ábyrgð á vélgæzlunni í heild sinni. Hann skiptir verkum milli hinna vélstjóranna.

Ef yfirvélstjóri forfallast eða sé hann fjarverandi og beri eitthvað það að höndum, sem hann hefur enga fyrirskipun gert um, skal sá hinna vélstjóranna, sem æðstur er, ráða fram úr því, sem eigi má fresta.

49. gr.

Það er skylda loftskeytamanns einkanlega að annast gæzlu loftskeytatækjanna. Hann ber ábyrgð á rekstri þeirra, meðferð og viðhaldi.

Sé umbúnaði loftskeytatækja, uppsetningu þeirra eða öðrum frágangi á einhvern hátt ábótavant, að áliti loftskeytamanns, skal hann tafarlaust tilkynna það skipstjóra.

Loftskeytamaður heldur sérstaka dagbók og ábyrgist, að rétt sé ritað.

*2. Almennar starfsskyldur.*

50. gr.

Skipstjóri og aðrir yfirmenn skulu koma sómasamlega fram við undirmenn sína. Líkamlegri refsingu má aldrei beita.

Allir skulu skipsmenn hegða sér sómasamlega, kurteislega og friðsamlega og gæta nákvæmlega þeirra fyrirmæla, sem sett verða um góða siðu og reglu á skipinu. Þegar skipverji fær skipun frá yfirboðara sínum, skal hann láta á sér skilja með skýrum svörum, að hann hafi skilið skipunina.

51. gr.

Skipverji skal hlýða skipunum yfirboðara sinna, er að starfinu lúta, vera umhyggjusamur um skip og farm og yfirleitt vinna störf sín með áhuga og trúmennsku.

Tjón það, er skipverji veldur með yfirsjónum eða vanrækslu við störf sín, skal honum skylt að bæta. Dómstólarnir geta þó fært skaðabótaupphæðina niður, með hæfilegu tilliti til þess, hve mikil sökin var og tjónið, til efnahags skipverja og annarra atvika.

*3. Um upphaf vistar skipverja, fjarveru hans og farangur.*

52. gr.

Skipverji er skyldur að koma á ákveðnum tíma í skiprúmið. Eftir það má hann eigi fara frá skipi leyfislaust.

Eigi má neita skipverja um landgönguleyfi í frístundum hans, nema því aðeins, að nauðsynlegt sé að hann fari eigi frá skipinu, vegna öryggis skips, farms eða manna, sem á skipinu eru vegna nauðsynlegra skipsstarfa eða vegna þess, að skipið er búið til brottferðar eða á að flytja það til innan hafnar.

Geti skipverji eigi komið á skip á réttum tíma, skal hann tafarlaust skýra skipstjóra frá því.

53. gr.

Ef skipverji kemur eigi til skiprúms síns á ákveðnum tíma, fer frá skipi í leyfisleysi eða kemur eigi á réttum tíma aftur til skips úr landgönguleyfi, getur skipstjóri látið flytja hann á skip með aðstoð lögreglunnar, sé skipið eigi nægilega mannað án hans eða sé skipverji ölvaður.

54. gr.

Skipstjóri skal taka í gæzlu sína þá muni, sem skipverji skilur eftir í skipinu við ráðningarslit. Skal hann, svo fljótt sem unnt er, gera vottfasta skrá um muni þessa. Telji skipstjóri vandkvæðum bundið að geyma munina, getur hann selt þá með hagkvæmum hætti.

Ef skipverji hefur strokið úr skiprúmi, má selja muni, sem hann hefur skilið eftir, til lúkningar á skaðabótakröfu útgerðarmanns og kostnaði, sem ríkið kann að hafa haft af skipverja. Ef afgangur verður af söluandvirði, skal fara um hann eftir ákvæðum 70. gr. Sama er, ef skipverji hefur ekki gert tilkall til eftirskilinna eigna innan tveggja ára, frá því að hann fór úr skipi.

55. gr.

Skipverja er heimilt að hafa með sér á skipinu hæfilega mikið af farangri, er hann þarf til eigin nota, enda sé það eigi til baga fyrir skip eða farm og eigi hætt við, að af því stafi óregla á skipinu. Verzlunarvörur fyrir sig eða aðra má hann eigi hafa á skipinu, nema með leyfi skipstjóra.

Skipverja er skylt að greiða venjulegt farmgjald fyrir varning, sem hann hefur ólöglega með sér á skipinu, og bæta skaða þann, er af því hlýzt.

Ef skipstjóri hefur grun um, að ólöglegur varningur sé á skipinu, getur hann látið rannsaka hirzlur skipverja. Skipverjar þeir, er rannsakað er hjá, mega vera viðstaddir rannsóknina. Varning, sem skipverji hefur með sér ólöglega, getur skipstjóri tekið í sínar vörzlur, látið flytja á land eða varpa útbyrðis, ef nauðsyn krefur.

*4. Um vinnu á skipi, viðurværi skipverja og aðbúð.*

56. gr.

Þegar verkum er skipt, skal taka tillit til stöðu hvers skipverja á skipinu og þess gætt eftir föngum, að hann taki framförum í kunnáttu í starfi sínu.

Þeim manni, er verkum stjórnar, er skylt að gæta þess, að fylgt sé nauðsynlegum varúðarreglum gegn slysum og sjúkdómum.

57. gr.

Á sunnudögum eða öðrum helgidögum, sem lögteknir eru hér á landi, má eigi setja skipverja til vinnu við þau störf, sem fresta má.

Skipverjum skal, ef þess er kostur, gefið tækifæri til að halda guðsþjónustu á skipinu á helgidögum þessum.

58. gr.

Skipstjóri skal sjá um, að skipverjar fái nægan mat og góðan, og skal hann um það efni hlíta reglugerð, er ráðherra setur um viðurværi skipverja á íslenzkum skipum.

Ef nauðsyn ber til, að matur sé dreginn af skipverjum á ferð, skal greiða þeim sanngjarnar bætur þess.

59. gr.

Skipstjóri skal hafa eftirlit með heilbrigðismálum og hreinlæti á skipinu. Hann skal gæta þess, að fylgt sé nákvæmlega reglugerð þeirri, er atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setur um vistarverur skipverja, viðhald á þeim og hreinlæti í þeim.

*5. Um haffærisskoðun.*

60. gr.

Ef meiri hluti skipshafnar ber sig upp við skipstjóra yfir því, að skipið sé ekki haffært í ferð þá, sem því er ætluð, eða yfirvélstjóri, og umkvartanirnar lúta

að þeim hluta skips, áhalda þess eða útbúnaðar, er hann hefur umsjón með, þá er skipstjóra skylt að láta fara fram aukaskoðun á skipinu, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum um eftirlit með öryggi skipa, og reglugerðum, er settar eru samkvæmt þeim lögum. Komi kvörtunin fram í erlendri höfn, þar sem aukaskoðun getur eigi farið fram samkvæmt áðurnefndum reglum, skal skipstjóri snúa sér til yfirvaldanna þar á staðnum og fara fram á, að skoðunarmenn séu útnefndir til að dæma um haffæri skipsins.

Reynist það við skoðunina, að umkvartanir um óhaffæri skipsins höfðu eigi við skynsamleg rök að styðjast, skulu þeir, sem kærðu, greiða kostnaðinn við skoðunina og skaðabætur svo sem segir í annarri málsgrein 51. gr.

Ef skoðunargerð fer fram erlendis samkvæmt grein þessari, skal ræðismaður sá, er málið hefur haft með höndum, en ella skipstjóri, tafarlaust senda atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu skýrslu um skoðunina.

### *6. Um agavald skipstjóra.*

61. gr.

Skipstjóri, eða sá, sem gengur í hans stað í fjarveru hans eða forföllum, getur þröngvað skipverjum til hlýðni með valdi, ef það er nauðsynlegt til að halda góðri reglu á skipinu.

Þá er skip er í háska statt, eða skipverjar gera samblástur, eða önnur nauðsyn rekur til, er leyft að þrífa til hvers kyns nauðsynjaúrræðis til að koma á hlýðni og góðri reglu, og er hver af skipverjum skyldur til að veita yfirmanni sínum aðstoð sína, jafnvel ótilkvaddur.

Bíði sá tjón við þetta, sem mótþróann sýndi, á enginn ábyrgð á því, ef yfirmaður beitti eigi meira harðræði en atvik kröfðu.

62. gr.

Drýgi skipverji meiri háttar glæp og sé skipið eigi statt í innlendri höfn, skal skipstjóri, svo fljótt sem auðið er, taka bráðabirgðaskýrslu um málið, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 65. gr. Ef glæpurinn var unninn í landi eða landhelgi annars ríkis, skal rannsókn þessi því aðeins fara fram, að yfirvöld á þeim stað reki eigi málið.

Þar til íslenzkur ræðismaður eða íslenzk yfirvöld geta tekið málið í sínar hendur, skal skipstjóri gæta þess eftir föngum, að sakborningur hverfi eigi á burt, og er heimilt að byrgja hann inni eða hefta á annan hátt, ef þörf krefur, og ábyrgist skipstjóri, að hann sé ekki harðara leikinn en vera þarf.

## IV. KAFLI
## **Um refsivald skipstjóra.**

63. gr.

Skipstjóri má refsa skipverja með kaupmissi í einn til sjö daga fyrir þessar yfirsjónir:

1. Komi hann eigi í skiprúmið á ákveðnum tíma, fari hann frá skipi í leyfisleysi eða komi eigi á ákveðnum tíma til skips úr landgönguleyfi.
2. Vanræki hann að tilkynna forföll, er valda því, að hann kemur eigi til skips á ákveðnum tíma.
3. Valdi hann hættu eða tjóni með hirðuleysi í starfi sínu.
4. Víki hann af verði, er hann hefur verið settur við stýri eða skipuð útsýn, eða

komið er þar að honum sofandi eða ölvuðum, eða sé hann endranær ölvaður við störf sín.
5. Sói hann matvælum eða fari hann ótilhlýðilega með þau á annan hátt.
6. Leyni hann óviðkomandi manni á skipi eða hleypi manni á skip í leyfisleysi.
7. Flytji hann áfengi eða eiturlyf á skip eða annan varning, sem honum er óheimilt að hafa á skipi samkvæmt ákvæðum 55. gr.
8. Hegði hann sér ósæmilega við yfirmenn sína eða óhlýðnist skipunum þeirra, er að starfi hans lúta.
9. Taki hann þátt í barsmíðum eða gæti hann á annan hátt ekki góðrar háttsemi og reglu á skipinu.

64. gr.

Refsingu þessari má eigi beita á skipum, sem eru í innanlandssiglingum né á öðrum skipum, meðan þau eru stödd í íslenzkri höfn, og eigi fyrir yfirsjónir, sem drýgðar eru í íslenzkri höfn og unnt er að kæra áður en skipið lét úr höfn.

Eigi má úrskurða skipverja refsingu fyrr en 12 klukkustundir eru liðnar frá því að yfirsjónin var drýgð, og eigi síðar en vika er liðin, nema sérstök nauðsyn sé til þess, að frá því sé vikið.

65. gr.

Skipstjóri skal í viðurvist tveggja prófvotta, sem hann kveður sjálfur til meðal hinna reyndustu manna af skipshöfninni, halda próf, áður en hann beitir refsivaldi sínu. Annar próvotturinn skal vera stýrimaður, vélstjóri eða loftskeytamaður, en hinn úr flokki annarra skipverja.

Við prófið skal yfirheyra skipverja þann, er fyrir sök er hafður, svo og vitni þau, er með þarf til sönnunar í málinu. Prófvottarnir geta látið skipstjóra leggja spurningar fyrir þá, sem yfirheyrðir eru. Framburður hinna yfirheyrðu og úrskurður skipstjóra skal ritaður í leiðarbók skipsins eða dagbók, eða í sérstaka prófbók, og skal lesa það, sem bókað var, upp fyrir þeim, sem hlut eiga að máli. Skipstjóri og prófvottarnir staðfesta með undirskrift sinni, að rétt sé bókað, og geta vottarnir látið bóka þær athugasemdir, er þeim þykir prófið gefa tilefni til.

Hafi skipstjóri eigi farið að svo sem hér var lýst, er úrskurður hans um refsingu ógildur.

66. gr.

Þegar refsing er ákveðin, skal eigi eingöngu tekið tillit til þess, hve mikilvæg yfirsjónin var eða til atvikanna, er hún var framin, heldur einnig til hegðunar hins seka að undanförnu. Refsingu skal eigi beitt, ef yfirsjónin er smávægileg og ætla má, að áminning nægi.

Skipstjóri getur eigi kært skipverja fyrir yfirvöldunum vegna yfirsjónar, er hann hefur refsað honum fyrir, nema fyrirvari hafi verið gerður um það í refsiúrskurðinum.

67. gr.

Ef ástæða þykir til þess, getur skipstjóri gefið eftir að nokkru eða öllu leyti sekt, sem hann hefur úrskurðað. Úrskurður um eftirgjöf sektar skal ritaður í leiðarbók eða dagbók skipsins, eða í prófbókina, og undirritaður af skipstjóra og tveimur vottum, en er ógildur ella.

68. gr.

Ef skipverji vill eigi una við refsingu, er skipstjóri hefur úrskurðað honum, og sé hann erlendis, getur hann borið fram kæru sína fyrir ræðismann, en gera verður hann það í síðasta lagi þá er hann fer úr skiprúmi.

Úrskurði ræðismanns skal hlíta fyrst um sinn við samningu lokareiknings skipverjans, en heimilt er hvorum aðila um sig, á ársfresti þaðan frá, að skjóta málinu til sjódóms á heimili útgerðarinnar hér á landi.

Skipverji, sem kæra vill úrskurð skipstjóra, getur krafizt þess að fá eftirrit af prófunum og úrskurðinum, staðfest af skipstjóra.

69. gr.

Hafi skipverji eigi kært úrskurð skipstjóra fyrir ræðismanni, getur hann lagt kæru sína undir úrskurð sjódóms á heimili útgerðar skipsins hér á landi, en gera skal hann það, áður en ár er liðið frá því, er hann fór úr skiprúmi. Mál samkvæmt 68. og 69. gr. sæta meðferð opinberra mála.

70. gr.

Kaup það, sem haldið er eftir samkvæmt 63. gr., skal skipstjóri greiða til lögskráningarstjóra eða ræðismanns, er skipverji er skráður úr skiprúmi, og láta fylgja staðfest eftirrit af prófunum og úrskurðinum, og skal það sent atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu ásamt kaupinu. Sé skipverji eigi skráður úr skiprúmi, skal skipstjóri sjálfur senda ráðuneytinu kaupið og eftirritið.

Fé því, er þannig safnast, skal varið til hagsmuna sjómönnum eða vandamönnum þeirra, eftir fyrirmælum atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

## V. KAFLI

### Um aðra menn, sem ráðnir eru á skip.

71. gr.

Ákvæði laga þessara gilda einnig, eftir því sem við á um aðra menn, er ráðnir eru á skip af útgerðarmanni eða skipstjóra, en ekki teljast til venjulegra skipverja.

72. gr.

Um aðra menn, sem ráðnir eru á skip, gilda 10., 26., 27., 4. og 5. málsgr., 28. gr., 29., 31., 50., 51., 55., 58., 59., 61., 62., 86. og 88. grein þessara laga, eftir því sem við á.

Menn þessir eru skyldir til að vinna þau verk eftir megni, sem skipstjóra þykir nauðsyn til öryggis skipinu.

73. gr.

Ákvæði 72. greinar 1. málsgr. gilda og um sjómenn, sem sendir eru heim að tilhlutun ræðismanns.

Gegn hæfilegri þóknun er þeim skylt að aðstoða eftir megni við vinnu á skipinu, sé þess krafizt, þó svo, að jafnan sé tekið tillit til fyrri stöðu þeirra.

## VI. KAFLI

### Um refsingar.

74. gr.

Ef skipstjóri misbeitir valdi því, sem honum er veitt í 61. gr. og í 1. málsgr. 62. gr., eða refsivaldi sínu, eða beiti hann ónauðsynlegri harðneskju við skipverja, vanræki skyldur sínar við veika eða slasaða skipverja, eða láti hann skipverja eigi fá lögboðið viðurværi, varðar það sektum, 1000—10000 kr., varðhaldi eða fangelsi, ef miklar sakir eru, nema þyngri refsing liggi við brotum samkvæmt öðrum lögum.

75. gr.

Í refsidómi samkvæmt 74. gr. má enn fremur, ef sérstaklega miklar sakir eru, ákveða, að dómfelldi skuli sviptur rétti til skipstjórnar ákveðinn tíma eða ævilangt. Skal þá jafnframt tekið fram í dóminum, hvort dómfelldi megi gegna stýrimannsstöðu meðan hann er sviptur rétti til skipstjórnar.

Dómstóll sá, er dæmir slíkan dóm, skal svo fljótt sem unnt er senda atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu eftirrit af dóminum svo og skipstjóraskírteini dómfellda. Ef dómurinn heimilar dómfellda að gegna stýrimannsstöðu, lætur ráðuneytið honum í té stýrimannsskírteini þar að lútandi.

Þegar tvö ár að minnsta kosti eru liðin frá dómsuppsögn og sérstakar ástæður mæla með því, getur forseti veitt dómfellda aftur rétt til skipstjórnar, enda þótt sá tími, sem til er greindur í dóminum, sé eigi liðinn.

76. gr.

Brjóti útgerðarmaður eða skipstjóri annars á móti skyldum þeim, sem honum eru lagðar á herðar í lögum þessum, þá varðar það 1000—10000 króna sektum.

77. gr.

Ákvæði 74.—76. greinar gilda einnig um þann mann, sem gengur í stað skipstjóra í forföllum hans eða fjarveru.

78. gr.

Ef skipverji ræður sig í nýtt skiprúm þann tíma, er hann var skyldur að vera í öðru skiprúmi eftir eldri ráðningarsamningi, þá varðar það 500—5000 króna sektum.

79. gr.

Ef skipverji, í þeim tilgangi að koma sér hjá vinnu á skipi, annaðhvort vanrækir að koma til skips á ákveðnum tíma eða hverfur frá skipi, þá skal hann sæta sektum fyrir strok.

Strjúki skipverji, er svo er ástatt, að skipi eða mönnum er með því stefnt í voða, eða sé að öðru leyti miklar sakir, getur refsingin orðið varðhald eða fangelsi allt að einu ári.

Strjúki skipverji með kaup, er hann hefur eigi unnið fyrir, skal honum refsað fyrir svik, hvort sem hann er kominn í skiprúmið eða eigi, nema ætla megi, að tilgangur hans hafi eigi verið sá að draga sér kaup það, sem hann hafði fengið greitt, en hafði enn eigi unnið fyrir.

80. gr.

Hver, sem tælir skipverja til stroks eða hjálpar honum, með ráðum eða í verki, til að strjúka, sæti sektum eða varðhaldi.

81. gr.

Ef skipverji rís upp á móti skipstjóra eða þeim manni, sem er í skipstjóra stað, eða skorast undan hlýðni við þá, en beitir þó eigi ofbeldi eða ógnar með því, þá sætir hann 500—5000 króna sektum eða varðhaldi, ef miklar sakir eru.

82. gr.

Ef skipverji ræðst á skipstjóra eða annan yfirmann sinn með ofbeldi eða hótunum um ofbeldi, varðar það varðhaldi eða fangelsi, allt að tveimur árum, ef miklar sakir eru. Séu málsbætur, má beita sektum.

83. gr.

Ef skipverjar, eða nokkur hluti þeirra, gerir samblástur, þá varðar það varðhaldi, eða sektum ef málsbætur eru. Þó getur refsing hvatamanns eða foringja samblástursins orðið fangeli allt að 6 árum, svo og refsing annarra samblástursmanna, ef þeir hafa beitt líkamlegu ofbeldi eða mikið fjártjón hefur hlotizt af samblæstrinum.

84. gr.

Ef skipverjar krefjast skoðunargerðar á skipi samkvæmt 60. grein, og það reynist við skoðunargerðina, að engin skynsamleg rök voru til að telja skipið óhaffært, þá varðar það 500—5000 króna sektum, eða varðhaldi, ef miklar sakir eru.

85. gr.

Verði skipverji valdur að sjóslysi með hirðuleysi sínu, óvarkárni eða vanrækslu á skyldustörfum sínum, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi.

Sé hinn seki stýrimaður eða vélstjóri, má enn fremur ákveða í dóminum, að hann skuli sviptur rétti til stýrimennsku eða vélstjórnar um ákveðinn tíma eða ævilangt. Í dóminum má þó heimila honum að gegna lægri stýrimanns- eða vélstjórastöðu en þeirri, er hann áður hafði, þann tíma, sem tiltekinn er í dóminum. Um eftirrit af dóminum og um atvinnuskírteini dómfellda fari svo sem segir í 75. gr.

Þegar eitt ár að minnsta kosti er liðið frá dómsuppsögn, getur atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, ef ástæða þykir til þess, veitt stýrimanni eða vélstjóra, sem sviptur hefur verið rétti til stýrimennsku eða vélstjórnar, heimild til að gegna nánara tiltekinni lægri stýrimanns- eða vélstjórastöðu, eða jafnvel, ef sérstakar ástæður mæla með því, veitt honum aftur að fullu atvinnuréttindi þau, er hann var sviptur, hvort tveggja enda þótt sá tími, sem til var greindur í dóminum, eigi sé liðinn.

86. gr.

Hafi skipverji varning með sér á skip án leyfis skipstjóra, og skipi eða farmi stendur háski eða áhætta af varningi þessum, þá varðar það 500—5000 króna sektum, varðhaldi eða fangelsi.

87. gr.

Ef skipverji fer frá skipi, og er skipið í háska statt og hann gætir eigi þess, sem góðum sjómanni er skylt að gæta, varðar það hann sektum eða varðhaldi.

88. gr.

Verði skipverji sekur um yfirsjón í skyldustörfum sínum með öðrum hætti en áður var sagt, eða raski hann góðri háttsemi eða reglu, varðar það 500—5000 króna sektum.

89. gr.

Yfirsjónir þær, sem ræðir um í 78. gr., 1. málsgr., 79. gr., 80., 81., 86. og 88. gr., skulu eigi sæta opinberri málssókn, nema sá krefjist þess, er misgert var við, skipstjóri eða útgerðarmaður. Krafa um málssókn skal gerð svo fljótt sem unnt er, og í síðasta lagi áður en ár er liðið frá því, að yfirsjónin var drýgð.

Mál út af brotum gegn 85. og 87. gr. skulu lögð fyrir atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið til umsagnar, áður en málshöfðun er ákveðin. Sé um algerðan skiptapa að ræða, hafi skip steytt á grunni og orðið að leita hjálpar annarra, eða hafi annað sjóslys orðið, er manntjón hlauzt af eða annað verulegt tjón, má eigi fella niður málssókn fyrr en leitað hefur verið umsagnar atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

90. gr.

Hafi skipverji orðið sekur um yfirsjón og sætt refsingu fyrir hana eftir 63. gr., og verður mál höfðað um það á hendur honum, þá skal dómurinn kveða á um sekt hans með réttmætri hliðsjón af hinni fyrri refsingu hans, og má þá færa refsinguna niður fyrir það, sem ella er ákveðið fyrir þá yfirsjón, eða fella refsinguna niður með öllu.

91. gr.

Mál þau, er ræðir um í þessum kafla og ekki eiga undir siglingadóm, skulu rekin í sjódómi.

92. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð.

93. gr.

Ákvæði laga þessara um réttindi skipverja skulu í engu skerða fyllri rétt þeirra samkvæmt kjarasamningum.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1963. Falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 36 27. júní 1941, um breyting á sjómannalögum, nr. 41 19. maí 1930.

*Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1963.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**
(L. S.)

*Emil Jónsson.*

Nr. 68. 14. nóvember.

## AUGLÝSING

**um breytingu á forsetaúrskurði nr. 64 frá 20. nóvember 1959, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.**

Eftir tillögu forsætisráðherra hefur forseti Íslands í dag gert þá breytingu á forsetaúrskurði nr. 64 frá 20. nóvember 1959, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl., að Bjarna Benediktssyni eru falin störf forsætisráðherra og önnur ráðherrastörf Ólafs Thors, en ráðherra Jóhanni Hafstein eru falin störf þau, sem ráðherra Bjarna Benediktssyni voru falin í nefndum forsetaúrskurði frá 20. nóvember 1959.

Þetta birtist hér með þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í forsætisráðuneytinu, 14. nóvember 1963.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Birgir Thorlacius.*

# LÖG

## um fullnustu refsidóma, sem kveðnir hafa verið upp í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### I. KAFLI

**Fullnusta sektarrefsinga o. fl.**

1. gr.

Fullnægja má hér á landi sektarrefsingu, sem aðila hefur verið gerð í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð.

Sama gildir um ákvarðanir, sem varða upptöku eignar, sakarkostnað í opinberum refsimálum og einkarefsimálum og hald á eignum grunaðs manns til tryggingar sektargreiðslu, eignarupptöku, skaðabótum, miskabótum eða sakarkostnaði í refsimálum.

2. gr.

Fullnægja má í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð ákvörðunum, sem gerðar hafa verið hér á landi og eru sams konar þeim, sem í 1. gr. getur.

### II. KAFLI

**Fullnusta refsivistardóma o. fl.**

3. gr.

Fullnægja má hér á landi dönskum dómum um „fængsel“ og „hæfte“, finnskum dómum um „tukthus“ og „fängelse“, norskum dómum um „fengsel“ og „hefte“ og sænskum dómum um „straffarbete“ og „fängelse“, enda sé dómfelldi íslenzkur ríkisborgari eða heimilisfastur hér á landi, þegar fullnusta skal fram fara. Sama gildir, ef dómfelldi er staddur hér á landi og haganlegast þykir að fullnægja dóminum hér.

Ákvæði 1. málsgr. taka einnig til þess, eftir því sem við á, er afplána skal fésekt með refsivist.

4. gr.

Færa skal refsingu til samsvarandi refsitegundar að íslenzkum lögum og um jafnlangan tíma. Skal þá „fængsel“ í Danmörku, „tukthus“ í Finnlandi, „fengsel“ í Noregi og „straffarbete“ í Svíþjóð svara til fangelsis, en „hæfte“ í Danmörku, „fängelse“ í Finnlandi og Svíþjóð og „hefte“ í Noregi svara til varðhalds. Dómsmálaráðherra getur þó ákveðið, að fangelsisrefsing komi í stað hinna síðarnefndu refsitegunda, ef refsivist hefur verið dæmd 3 mánuði eða lengri tíma.

5. gr.

Fangelsisrefsingu eða varðhalds, sem dæmd hefur verið hér á landi, má fullnægja í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, enda sé dómfelldi ríkisborgari viðkomandi lands eða eigi þar heimilisfang, þegar fullnusta skal fram fara. Sama gildir, ef dómfelldi er staddur í viðkomandi landi og haganlegast þykir að fullnægja dóminum þar.

Ákvæði 1. málsgr. taka einnig til þess, eftir því sem við á, er afplána skal fésekt með refsivist.

6. gr.

Nú er maður fluttur samkvæmt ákvæðum 5. gr. til Danmerkur, Finnlands, Noregs eða Svíþjóðar til að taka út refsivist, og skal þá, eftir því sem við á, farið eftir ákvæðum 7. og 17. gr. laga nr. 7/1962, um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar.

## III. KAFLI

## Umsjón með mönnum, sem dæmdir hafa verið skilorðsbundnum dómi.

7. gr.

Ákveða má, að umsjón fari fram hér á landi með mönnum, sem umsjón skulu sæta samkvæmt skilorðsbundnum refsidómum, er upp hafa verið kveðnir í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð. Skilyrði, sem sett eru í hinum skilorðsbundna dómi, skulu þá hafa gildi hér á landi, eftir því sem við getur átt.

8. gr.

Nú hefur umsjón verið ákveðin eftir 7. gr., og skal þá, eftir því sem við á, beita ákvæðum VI. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955. Ef dómstóll ákveður fullnustu refsingar samkvæmt skilorðsbundnum dómi, fer um tegund og lengd refsivistar eftir reglum 4. gr.

9. gr.

Nú hefur maður, sem dæmdur hefur verið skilorðsbundnum refsidómi í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, orðið sannur að sök hér á landi um refsivert atferli, og er þá heimilt, enda þótt umsjón hafi ekki verið ákveðin hér eftir 7. gr., að dæma bæði málin í einu lagi eftir reglum 3. og 4. málsliðar 60. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955.

10. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt, þegar atvik mæla með því, að fela þar til bærum opinberum aðila í því landi, þar sem skilorðsdómur var upp kveðinn, að veita úrlausnir í málum, þegar til álita kemur eftir ákvæðum 8. og 9. gr. að breyta skilorðsbundnum dómi.

11. gr.

Umsjón og aðrar ráðstafanir, sem ákveðnar hafa verið í skilorðsbundnum refsidómi, upp kveðnum hér á landi, má framkvæma í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð.

Nú hafa opinberir aðilar í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð tekið við umsjón með dómfelldum manni samkvæmt 1. málsgr., og koma þá ákvæði íslenzkra hegningarlaga um skilorðsbundna refsidóma því aðeins til framkvæmdar, að dómfelldi verði sannur að sök hér á landi um refsivert atferli, eða að þar til bær opinber aðili í einhverju áðurgreindra ríkja feli íslenzkum dómstóli að veita úrlausn um breytingu á hinum skilorðsbundna dómi.

Ef þar til bær opinber aðili í því landi, sem tekið hefur við umsjóninni, ákveður lengingu skilorðstímans eða breytingu á öðrum skilyrðum, sem mælt eru í dóminum, hafa slíkar ákvarðanir gildi hér á landi.

12. gr.

Ákvarðanir, sem teknar eru í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð um fullnustu refsingar fyrir verknað, sem skilorðsbundinn dómur hefur gengið um hér á landi, skulu hafa sömu réttaráhrif og samsvarandi ákvarðanir, sem gerðar eru eftir reglum íslenzkra hegningarlaga.

Nú hefur maður, sem hlotið hefur hér á landi skilorðsbundinn refsidóm, verið dæmdur í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð fyrir refsivert atferli, framið á skilorðstímanum, en ekki hefur í hinum nýja dómi verið haggað við ákvæðum skilorðsbundna dómsins, og skal þá, eftir því sem við á, beita reglum 59. og 60. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 6. og 7. gr. laga nr. 22/1955.

## IV. KAFLI
## Umsjón með mönnum, sem fengið hafa reynslulausn úr refsivist.

13. gr.

Heimilt er að koma á umsjón hér á landi með mönnum, sem hlotið hafa reynslulausn, eftir að hafa tekið út refsivist í „fængsel" í Danmörku, „tukthus" eða „fängelse" í Finnlandi, „fengsel" í Noregi eða „straffarbete" eða „fängelse" í Svíþjóð.

14. gr.

Nú hefur umsjón samkvæmt 13. gr. verið ákveðin, og koma þá til framkvæmdar um hana, eftir því sem við á, reglur almennra hegningarlaga um reynslulausn úr fangelsi.

Heimilt er dómsmálaráðherra, þegar sérstakar ástæður mæla með því, að fella niður eitt eða fleiri settra skilyrða, eða setja ný í þeirra stað, er svari til hinna settu skilyrða, eftir því sem við verður komið.

Nú hefur verið tekin lögmæt ákvörðun um, að viðkomandi maður skuli taka út refsingu þá, sem eftir stendur, og fer þá um tegund og lengd refsivistar eftir reglum 4. gr.

15. gr.

Ef maður, sem fengið hefur reynslulausn í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, verður hér á landi dæmdur sekur um refsivert atferli, má láta hann taka út refsingu þá, sem eftir stendur, og fer um það eftir reglum almennra hegningarlaga um reynslulausn. Skiptir hér ekki máli, þó að umsjón samkvæmt 13. gr. hafi ekki verið ákveðin.

16. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt, þegar atvik mæla með því, að fela þar til bærum opinberum aðila í því landi, þar sem reynslulausn var veitt, að taka ákvarðanir um málefni, sem varða brot á skilyrðum fyrir reynslulausn.

17. gr.

Umsjón með mönnum, sem fengið hafa reynslulausn úr fangelsi hér á landi, má framkvæma í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð.

Nú hafa opinberir aðilar í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð tekið við umsjón samkvæmt 1. málsgr. með manni, sem reynslulausn hefur hlotið, og koma þá ákvæði íslenzkra hegningarlaga um brot gegn reynslulausnarskilyrðum því aðeins til framkvæmdar, að viðkomandi maður verði sannur að sök hér á landi um refsivert atferli, eða að þar til bær opinber aðili í því landi, sem umsjón hefur á hendi, feli dómsmálaráðherra Íslands að taka ákvarðanir varðandi önnur brot á skilyrðum.

Ef þar til bær opinber aðili í því landi, sem tekið hefur við umsjóninni, breytir skilyrðum reynslulausnar, skulu þær ákvarðanir hafa gildi hér á landi.

18. gr.

Ákvarðanir, sem teknar eru í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, um, að maður, sem reynslulausn hefur hlotið hér á landi, skuli að nýju settur í refsivist, skulu hafa sömu réttaráhrif og samsvarandi ákvarðanir, sem gerðar eru eftir reglum íslenzkra hegningarlaga.

## V. KAFLI

**Umsjón með mönnum, sem fengið hafa skilorðsbundna náðun.**

19. gr.

Nú hefur maður hlotið uppgjöf á refsivist að öllu eða nokkru leyti með náðun, en það skilyrði sett, að hann skuli háður umsjón, og gilda þá ákvæði 13.—16. gr. og 1. málsgr. 17. gr., eftir því sem við á.

## VI. KAFLI

**Almenn ákvæði.**

20. gr.

Fullnusta refsingar o. fl. og ákvörðun um umsjón hér á landi samkvæmt 1., 3., 7., 13. og 19., sbr. 13. gr., kemur því aðeins til framkvæmdar, að tilmæli um það komi frá þar til bærum opinberum aðila í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð. Dómsmálaráðherra ákveður, hvort verða skuli við tilmælunum.

21. gr.

Tilmæli, sem um getur í 20. gr., verða því aðeins tekin til greina, að fullnægja megi ákvörðun þeirri, sem tilmælin lúta að, í því landi, þar sem hún var gerð.

22. gr.

Nú hefur verið ákveðið, að maður skuli taka út refsivist eða sæta umsjón hér á landi samkvæmt lögum þessum, og getur hann þá borið lögmæti þeirrar ákvörðunar undir dómstóla. Með málið skal fara eftir reglum laga um meðferð opinberra mála.

Þó að ákvörðun sé borin undir dómstóla samkvæmt framansögðu, frestar það ekki framkvæmd hennar, nema svo verði ákveðið í dómsúrskurði.

23. gr.

Fullnusta refsingar o. s. frv. eftir 1. og 3. gr. skal fara fram í samræmi við fyrirmæli íslenzks réttar.

Reglur íslenzks réttar um reynslulausn og náðun skulu einnig koma til greina, eftir því sem við á.

24. gr.

Eftir að fullnusta refsingar eða umsjón hefur verið ákveðin hér á landi samkvæmt lögum þessum, verður saksókn til refsingar ekki höfðuð fyrir verknað, sem um er fjallað í ákvörðun þeirri, sem tekin hefur verið í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð.

25. gr.

Um kostnað af ráðstöfunum, sem gerðar eru eftir lögum þessum hér á landi á grundvelli ákvarðana, sem teknar hafa verið í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, fer eftir sömu reglum og um kostnað af samsvarandi ráðstöfunum, sem framkvæmdar eru eftir ákvörðunum, sem teknar hafa verið hér á landi.

26. gr.

Dómsmálaráðuneytið ber fram tilmæli til stjórnvalda í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð um fullnustu refsingar o. fl. og um framkvæmd umsjónar eftir ákvæðum 2., 5., 11., 17. eða 19., sbr. 17. gr. laga þessara.

27. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður, hvenær lög þessi koma til framkvæmdar gagnvart hverju einstöku ríki, sem í 1. gr. getur.

*Gjört í Reykjavík, 12. desember 1963.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**
(L. S.)

*Jóhann Hafstein.*

30. desember. Nr. 70.

# FJÁRLÖG

## fyrir árið 1964.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Tekjur:

1. gr.

**Árið 1964 er ætlazt til, að tekjur ríkissjóðs verði svo sem talið er í 2.—5. gr. og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.**

2. gr.

**Áætlað er, að þessir skattar og tollar nemi:**

| | | | kr. |
|---|---|---|---|
| 1. | **Tekju- og eignarskattur** | | 255 000 000 |
| 2. | Aðflutningsgjöld | 1407500000 | |
| | Þar af til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga | 70000000 | |
| | | | 1 337 500 000 |
| 3. | **Innflutningsgjald af benzíni** | | 72 000 000 |
| 4. | **Gjald af innlendum tollvörum** | | 50 000 000 |
| 5. | **Lestagjald af skipum** | | 1 000 000 |
| 6. | **Bifreiðaskattur** | | 32 000 000 |
| 7. | **Aukatekjur** | | 38 000 000 |
| 8. | **Stimpilgjald** | | 54 000 000 |
| 9. | **Vitagjald** | | 3 500 000 |
| 10. | Söluskattur | 353250000 | |
| | Þar af til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga | 70250000 | |
| | | | 283 000 000 |
| 11. | **Gjald af bifreiðum og bifhjólum, samkv. 16. gr. laga nr. 4/1960** | | 90 000 000 |
| 12. | **Hluti af umboðsþóknun og gengismismun gjaldeyrisbankanna** | | 26 000 000 |
| | | Samtals ... | 2 242 000 000 |

3. gr.

**Tekjur af rekstri ríkisstofnana eru áætlaðar:**

| | kr. | kr. |
|---|---|---|
| **A.** | | |
| 1. Rekstrarhagnaður áfengis- og tóbaksverzlunar | | 425 250 000 |
| 2. — ríkisprentsmiðju | | 750 000 |
| Samtals ... | . . . | 426 000 000 |
| **Sundurliðun.** | | |
| **1. Póstur og sími.** | | |
| I. Tekjur: | | |
| 1. Seld frímerki, frímerkjavélar o. fl. | 54 000 000 | |
| 2. Blöð og tímarit, burðargjald | 2 500 000 | |
| 3. Skeytagjöld | 22 300 000 | |
| 4. Símtalagjöld | 73 000 000 | |
| 5. Símaafnotagjöld | 152 000 000 | |
| 6. Leiga talstöðva og lína | 4 000 000 | |
| 7. Innheimta aðflutningsgjalda, greiðsla vegna orlofslaga og laga um skyldusparnað | 4 000 000 | |
| 8. Aðrar tekjur | 2 200 000 | |
| | | 314 000 000 |
| II. Gjöld: | | |
| 1. Laun fastra starfsmanna | 68 000 000 | |
| 2. Önnur laun, aukaaðstoð og yfirvinna | 68 300 000 | |
| 3. Póstflutningur | 8 500 000 | |
| 4. Pappír, prentun, skrifstofugögn o. fl. | 7 500 000 | |
| 5. Húsnæði, ljós, hiti, ræsting og viðhald | 14 000 000 | |
| 6. Stöðvarnar, annar kostnaður | 70 700 000 | |
| 7. Langlínurnar, annar kostnaður | 37 000 000 | |
| 8. Vextir | 1 500 000 | |
| 9. Til endurnýjunar og viðauka | 31 200 000 | |
| 10. Tryggingar | 1 700 000 | |
| 11. Önnur gjöld | 5 600 000 | |
| | | 314 000 000 |
| **2. Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins.** | | |
| I. Sala að frádregnum söluskatti og afslætti | | 626 492 000 |
| II. Framleiðslukostnaður o. fl.: | | |
| 1. Innkaupsverð seldra vara | 153 900 000 | |
| 2. Laun og starfsmannakostnaður | 10 065 000 | |
| 3. Húsaleiga, raforka, hiti og ræsting | 1 400 000 | |
| 4. Rekstur eigin bifreiða og aðkeyptur akstur | 1 600 000 | |
| 5. Viðhald, viðgerðir og fyrningar | 400 000 | |
| 6. Ýmis gjöld | 95 000 | |
| 7. Kostnaður við útsölur | 3 500 000 | |
| | | 170 960 000 |
| Brúttó-hagnaður | | 455 532 000 |

3. gr.

| | | kr. | kr. |
|---|---|---|---|
| III. Skrifstofukostnaður: | | | |
| 1. Laun og starfsmannakostnaður | | 4 025 000 | |
| 2. Húsaleiga, raforka, hiti og ræsting | | 350 000 | |
| 3. Rekstur eigin bifreiða og aðkeyptur akstur | | 180 000 | |
| 4. Viðhald, viðgerðir og fyrningar | | 200 000 | |
| 5. Ýmis gjöld | | 1 700 000 | |
| Skrifstofukostnaður alls | | 6 455 000 | |
| IV. Tillag til Gæzluvistarsjóðs | | 2 500 000 | |
| V. Útsvar | | 21 327 000 | |
| | | | 30 282 000 |
| Nettó-hagnaður. Fært á 3. gr. A. 1. | | . . . | 425 250 000 |

### 3. Ríkisútvarpið.

| | | kr. | kr. |
|---|---|---|---|
| I. Tekjur: | | | |
| a. Afnotagjöld | | 19 000 000 | |
| b. Aðrar tekjur | | 13 000 000 | |
| | | | 32 000 000 |
| II. Gjöld: | | | |
| a. Laun: | | | |
| 1. Föst laun | 8800000 | | |
| 2. Aukavinna | 3600000 | | |
| | | 12 400 000 | |
| b. Útvarpsefni | | 7 000 000 | |
| c. Skrifstofukostnaður | | 2 000 000 | |
| d. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting | | 2 000 000 | |
| e. Til útvarpsstöðva | | 5 100 000 | |
| f. Til viðgerðarferða o. fl. | | 300 000 | |
| g. Iðgjöld í Lífeyrissjóð og til Tryggingastofnunar ríkisins | | 700 000 | |
| h. Vegna höfundalaganna | | 1 600 000 | |
| i. Óviss útgjöld | | 600 000 | |
| j. Bifreiðakostnaður | | 300 000 | |
| | | | 32 000 000 |
| III. Rekstur viðtækjaverzlunar: | | | |
| a. Tekjur | | 3 500 000 | |
| b. Gjöld: | | | |
| 1. Laun | 897500 | | |
| 2. Annar kostnaður | 1034000 | | |
| | | 1 931 500 | |
| | | 1 568 500 | |
| Til greiðslu á skuldum Þjóðleikhússins | 941100 | | |
| Til Sinfóníuhljómsveitar Íslands | 627400 | | |
| | | 1 568 500 | |

3. gr.

| | kr. | kr. |
|---|---|---|
| **4. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.** | | |
| I. Tekjur (prentvinna) | | 9 000 000 |
| II. Gjöld: | | |
| 1. a. Laun starfsmanna 626000 | | |
| b. Vinnulaun og aðkeypt vinna 4101000 | | |
| | 4 727 000 | |
| 2. Efnivörur | 1 900 000 | |
| 3. Vélarekstur og viðhald | 200 000 | |
| 4. Annar kostnaður | 1 423 000 | |
| | | 8 250 000 |
| Fært á 3. gr. A. 2 | . . . | 750 000 |
| **5. Landssmiðjan.** | | |
| I. Tekjur (ágóði af seldri vinnu, vörum o. fl.) | | 6 995 000 |
| II. Gjöld: | | |
| 1. Laun starfsmanna | 1 424 000 | |
| 2. Vextir | 550 000 | |
| 3. Annar kostnaður | 4 800 000 | |
| Aukið rekstrarfé Landssmiðjunnar | 221 000 | |
| | | 6 995 000 |
| **6. Tunnuverksmiðjur ríkisins.** | | |
| I. Tekjur | | 18 275 000 |
| II. Gjöld: | | |
| 1. Laun og skrifstofukostnaður | 165 000 | |
| 2. Efniskaup (tunnustafir og járn) | 13 000 000 | |
| 3. Verkalaun | 2 780 000 | |
| 4. Annar kostnaður | 2 330 000 | |
| | | 18 275 000 |
| **7. Innkaupastofnun ríkisins.** | | |
| I. Tekjur af vörusölu | | 2 462 000 |
| II. Gjöld: | | |
| 1. Laun | 1 362 000 | |
| 2. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting | 300 000 | |
| 3. Annar kostnaður | 800 000 | |
| | | 2 462 000 |
| **8. Ríkisbú.** | | |
| a. Á Bessastöðum. | | |
| 1. Tekjur | 1 025 000 | |
| 2. Gjöld | 1 025 000 | |
| b. Á Hvanneyri. | | |
| 1. Tekjur | 1 335 000 | |
| 2. Gjöld | 1 335 000 | |
| c. Á Hólum. | | |
| 1. Tekjur | 700 000 | |
| 2. Gjöld | 700 000 | |

3. gr.

| | kr. | kr. |
|---|---|---|
| d. Á Reykjum (bú garðyrkjuskólans). | | |
| 1. Tekjur | 550 000 | |
| 2. Gjöld | 550 000 | |
| e. Á Vífilsstöðum. | | |
| 1. Tekjur | 1 050 000 | |
| 2. Gjöld | 1 050 000 | |
| f. Í Kópavogi. | | |
| 1. Tekjur | 150 000 | |
| 2. Gjöld | 150 000 | |
| **B.** | | |
| Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru áætlaðar | | 75 000 |

## 4. gr.

**Tekjur af verðbréfum, bankainnstæðum, hlutafjáreign o. fl.**

| | kr. | kr. |
|---|---|---|
| 1. Vextir | | 1 730 000 |
| 2. Arður af hlutafjáreign | | 270 000 |
| Samtals ... | . . . | 2 000 000 |

## 5. gr.

**Óvissar tekjur eru áætlaðar 20 000 000 krónur.**

## II. KAFLI

### Gjöld:

6. gr.

**Árið 1964 eru veittar til gjalda fjárhæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—19. gr.**

7. gr.

**Vextir af lánum ríkissjóðs eru taldir:**

| | kr. | kr. |
|---|---|---|
| Vextir af innlendum lánum | | 5 643 148 |
| Samtals ... | ... | 5 643 148 |

8. gr.

**Kostnaður við æðstu stjórn landsins:**

| | kr. | kr. |
|---|---|---|
| I. 1. Laun forseta Íslands | 223 933 | |
| 2. Risna | 70 000 | |
| | | 293 933 |
| II. Skrifstofa forseta í Reykjavík | | 586 660 |
| III. Bifreiðakostnaður | | 393 560 |
| IV. Forsetasetrið á Bessastöðum | | 664 560 |
| V. Bessastaðakirkja | | 62 000 |
| Samtals ... | ... | 2 000 713 |

9. gr.

**Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga er veitt:**

| | kr. | kr. |
|---|---|---|
| 1. Til alþingiskostnaðar | | 17 500 000 |
| 2. Til yfirskoðunar ríkisreikninga | | 175 000 |
| Samtals ... | ... | 17 675 000 |

10. gr.

**Til ríkisstjórnarinnar er veitt:**

| | | kr. | kr. |
|---|---|---|---|
| I. Stjórnarráðið: | | | |
| 1. Til ráðherra: | | | |
| a. Laun | 1872000 | | |
| b. Til risnu samkvæmt reikningi | 170000 | | |
| c. Ríkisráð | 11070 | | |
| | | 2 053 070 | |
| 2. Til ráðuneytanna: | | | |
| a. Atvinnumálaráðuneytið, laun | 1234320 | | |
| b. Dómsmálaráðuneytið, laun | 1465200 | | |
| c. Félagsmálaráðuneytið, laun | 1267080 | | |
| d. I. Fjármálaráðuneytið, laun | 1575400 | | |
| II. Endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins, laun | 2978760 | | |
| e. Forsætis- og menntamálaráðuneytið: | | | |
| a. Laun ... 1131240 | | | |
| b. Fálkaorðan ... 70000 | | | |
| | 1201240 | | |
| f. Samgöngu- og iðnaðarmálaráðuneytið, laun | 688800 | | |
| g. Utanríkisráðuneytið, laun | 1613160 | | |
| h. Varnarmáladeild utanríkisráðuneytisins, laun | 840000 | | |
| i. Viðskiptamálaráðuneytið, laun | 1342800 | | |
| j. Framlag til Efnahagsstofnunar ríkisins | 1033333 | | |
| k. I. Hagstofan: | | | |
| 1. Laun ... 2274700 | | | |
| 2. Útgáfa hagskýrslna ... 306000 | | | |
| 3. Annar kostnaður ... 842500 | | | |
| | 3423200 | | |
| II. Þjóðskráin: | | | |
| 1. Laun ... 571800 | | | |
| 2. Annar kostnaður ... 713242 | | | |
| | 1285042 | | |
| l. Aðrir starfsmenn, laun | 1350000 | | |
| m. Símakostnaður og burðargjöld | 1900000 | | |
| n. Annar kostnaður ráðuneytanna | 4000000 | | |
| o. Kostnaður við alþjóðaráðstefnur á vegum annarra en utanríkisráðuneytisins | 750000 | | |
| | | 27 948 335 | |
| 3. Ríkisféhirzla og ríkisbókhald: | | | |
| a. Laun | 2305910 | | |
| b. Annar kostnaður | 950000 | | |
| | | 3 255 910 | |
| 4. Ýmis kostnaður: | | | |
| a. Pappír, prentun og hefting ríkisreikninga | 450000 | | |
| b. Til þess að gefa út stjórnartíðindi | 800000 | | |
| c. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústað | 320000 | | |
| d. Kostnaður við kjarasamninga | 350000 | | |
| | | 1 920 000 | |
| | | | 35 177 315 |

| | | kr. | kr. |
|---|---|---|---|
| II. Utanríkismál (utanríkisráðuneyti): | | | |
| 1. Sendiráðið í Kaupmannahöfn: | | | |
| a. Laun | 2170516 | | |
| b. Annar kostnaður | 315350 | | |
| | | 2 485 866 | |
| 2. Sendiráðið í Stokkhólmi: | | | |
| a. Laun | 1450638 | | |
| b. Annar kostnaður | 287034 | | |
| | | 1 737 672 | |
| 3. Sendiráðið í London: | | | |
| a. Laun | 2072834 | | |
| b. Annar kostnaður | 650000 | | |
| | | 2 722 834 | |
| 4. Sendiráðið í Washington: | | | |
| a. Laun | 2310461 | | |
| b. Annar kostnaður | 582171 | | |
| | | 2 892 632 | |
| 5. Sendiráðið í París og skrifstofa fastafulltrúa Íslands hjá NATO og OEEC: | | | |
| a. Laun | 2956860 | | |
| b. Annar kostnaður | 750000 | | |
| | | 3 706 860 | |
| 6. Sendiráðið í Osló: | | | |
| a. Laun | 1426863 | | |
| b. Annar kostnaður | 550000 | | |
| | | 1 976 863 | |
| 7. Sendiráðið í Bonn: | | | |
| a. Laun | 1806083 | | |
| b. Annar kostnaður | 452067 | | |
| | | 2 258 150 | |
| 8. Sendiráðið í Moskva: | | | |
| a. Laun | 2020012 | | |
| b. Annar kostnaður | 670000 | | |
| | | 2 690 012 | |
| 9. Aðalræðismannsskrifstofan í New York: | | | |
| a. Laun | 224785 | | |
| b. Annar kostnaður | 146404 | | |
| | | 371 189 | |
| 10. Ferðakostnaður | | 750 000 | |
| 11. Kostnaður vegna samninga við erlend ríki á vegum utanríkisráðuneytisins | | 1 450 000 | |
| 12. Kostnaður vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum á vegum utanríkisráðuneytisins | | 1 697 000 | |
| 13. Til upplýsinga- og kynningarstarfsemi | | 340 000 | |
| 14. Til kaupa á kvikmyndum fyrir sendiráð Íslands erlendis til landkynningar | | 204 000 | |
| 15. Til kjörræðismanna | | 45 000 | |
| 16. Til kaupa á ritinu „Scandinavian Past and Present“ | | 250 000 | |
| | | | 25 578 078 |
| III. Tillög til ýmissa alþjóðastofnana: | | | |
| 1. Til hjálpar flóttafólki í Evrópu og tillag til flóttamannaaðstoðar Sameinuðu þjóðanna | | 247 000 | |

10. gr.

| | kr. | kr. |
|---|---|---|
| 2. Til alþjóðabarnahjálparsjóðsins | 458 000 | |
| 3. Tillag til Sameinuðu þjóðanna | 1 505 000 | |
| 4. Tillag til starfsemi Sameinuðu þjóðanna í Kongó | 1 032 000 | |
| 5. Tillag til matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) | 300 000 | |
| 6. Tillag til World Food Program á vegum FAO | 215 000 | |
| 7. Tillag til efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) | 600 000 | |
| 8. Tillag til Evrópuráðsins | 350 000 | |
| 9. Tillag til alþjóðahveitiráðsins | 3 120 | |
| 10. Tillag til Atlantshafsbandalagsins (NATO) | 1 125 000 | |
| 11. Tillag til Atlantshafsbandalagsins vegna skrifstofubyggingar | 68 000 | |
| 12. Tillag til tollanefndar Evrópu | 2 500 | |
| 13. Tillag til tækniaðstoðar Sameinuðu þjóðanna | 690 000 | |
| 14. Tillag til alþjóðastofnunar til útgáfu tolllaga | 22 700 | |
| 15. Stofngjald og tillag til alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar | 113 000 | |
| 16. Tillag til eftirlitsnefndar með gin- og klaufaveiki á vegum FAO | 11 000 | |
| 17. Til hinnar alþjóðlegu framfarastofnunar, stofnframlag | 54 000 | |
| 18. Tillag til Alþjóðalandfræðisambandsins | 4 300 | |
| 19. Tillag til Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar | 95 000 | |
| 20. Tillag til Alþjóðagerðardómsins í Haag | 1 800 | |
| 21. Kostnaður vegna þingmannasambands Atlantshafsbandalagsins | 185 000 | |
| 22. Tillag vegna Parísarsamþykktarinnar um vernd á sviði iðnaðar | 28 500 | |
| 23. Tillag til Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) | 393 000 | |
| 24. Tillag til Alþjóðarauðakrossins | 16 000 | |
| | | 7 519 920 |
| **Samtals** ... | ... | 68 275 313 |

11. gr.

**Til dómgæzlu, lögreglustjórnar, skatta- og tollainnheimtu o. fl. er veitt:**

| | | kr. | kr. |
|---|---|---|---|
| **A. Dómgæzla og lögreglustjórn (dómsmálaráðuneyti).** | | | |
| 1. Hæstiréttur: | | | |
| a. Laun | | 2 002 920 | |
| b. Risna dómsforseta | | 10 000 | |
| c. Útgáfa hæstaréttardóma | | 520 000 | |
| d. Annar kostnaður | | 440 000 | |
| e. Til bókakaupa | | 100 000 | |
| f. Til ljósprentunar á II. bindi hæstaréttardóma | | 220 000 | |
| | | | 3 292 920 |
| 2. Saksóknaraembætti ríkisins: | | | |
| a. Laun | | 1 287 900 | |
| b. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting | | 385 000 | |
| c. Annar kostnaður | | 370 000 | |
| | | | 2 042 900 |
| 3. Borgardómaraembættið í Reykjavík: | | | |
| a. Laun | | 2 647 320 | |
| b. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting | | 420 000 | |
| c. Annar kostnaður | | 370 000 | |
| | | | 3 437 320 |
| 4. Borgarfógetaembættið í Reykjavík: | | | |
| a. Laun | | 2 164 320 | |
| b. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting | | 386 000 | |
| c. Annar kostnaður | | 350 000 | |
| | | | 2 900 320 |
| 5. Sakadómaraembættið í Reykjavík: | | | |
| a. Laun | | 2 552 640 | |
| b. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting | | 1 725 000 | |
| c. Annar kostnaður | | 2 545 000 | |
| | | | 6 822 640 |
| 6. Lögreglustjóraembættið í Reykjavík: | | | |
| a. Laun | | 1 505 400 | |
| b. Aukavinna | | 350 000 | |
| c. Ljós, hiti, ræsting og húskostnaður | | 590 000 | |
| d. Annar kostnaður | | 360 000 | |
| | | | 2 805 400 |
| 7. Lögreglustjóraembættið á Keflavíkurflugvelli: | | | |
| a. Laun | | 591 960 | |
| b. Hiti, ljós og ræsting | | 165 000 | |
| c. Annar kostnaður | | 360 000 | |
| | | | 1 116 960 |
| 9. gr. | | Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga | | 17 675 000 |
| 0. gr. | | Til ríkisstjórnarinnar | | 68 275 313 |
| 1. gr. | A. | Dómgæzla og lögreglustjórn | 142 427 955 | |
| — | B. | Kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta o. fl. | 46 841 556 | |
| — | C. | Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur | 2 200 000 | 191 469 511 |
| 2. gr. | | Til læknaskipunar og heilbrigðismála | | 102 319 235 |
| 3. gr. | A. | Vegamál | 139 436 810 | |
| — | B. | Samgöngur á sjó | 24 500 000 | |
| — | C. | Vitamál og hafnargerðir | 54 191 884 | |
| — | D. | Flugmál | 18 913 058 | |
| — | E. | Veðurþjónusta | 7 639 935 | |
| — | F. | Ýmis mál | 8 954 089 | 253 635 776 |
| . gr. | A. | Kennslumál | 406 324 175 | |
| — | B. | Til opinberra safna, bókaútgáfu og listastarfsemi | 26 103 290 | 432 427 465 |
| . gr. | | Kirkjumál | | 31 892 080 |
| . gr. | A. | Landbúnaðarmál | 123 386 232 | |
| — | B. | Sjávarútvegsmál | 45 776 806 | |
| — | C. | Iðnaðarmál | 8 181 250 | |
| — | D. | Raforkumál | 50 095 000 | |
| — | E. | Rannsóknir í þágu atvinnuveganna o. fl. | 21 718 528 | 249 157 816 |
| . gr. | | Til félagsmála | | 679 011 623 |
| . gr. | | Til eftirlauna og styrktarfjár | | 63 065 763 |
| . gr. | | Til óvissra útgjalda o. fl. | | 420 000 000 |
| | | Rekstrarafgangur ... | | 173 501 557 |
| | | Samtals ... | . . . | 2 690 075 000 |

**yfirlit.**

| | | kr. |
|---|---|---|
| | **Út:** | |
| —19. gr. | Rekstrarútgjöld samkvæmt rekstrarreikningi | 2 516 573 443 |
| | Aðrar útborganir: | |
| . gr. | Afborganir lána og til eignaaukningar | 160 116 267 |
| | Greiðslujöfnuður ... | 19 485 290 |
| | Samtals ... | 2 696 175 000 |

22. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

I. Að endurgreiða skemmtanaskatt af fé því, sem aflað er með samkomum og rennur til eflingar slysavörnum hér við land.

II. Að láta Blindravinafélag Íslands fá að láni allt að 10 útvarpstæki til afnota fyrir blinda menn, og sé kostnaður, er af þessu leiðir, færður á fjárhagsáætlun Viðtækjaverzlunar ríkisins. Enn fremur að lána allt að þremur tækjum til sjúklinga, sem liggja rúmfastir árum saman í heimahúsum.

III. Að ákveða, að landssíminn innheimti ekki stofngjöld og afnotagjöld síma árið 1964 hjá allt að 25 blindum mönnum, eftir tilnefningu Blindrafélags Íslands. Menn þessir séu heimilisfeður eða vinni einir á vinnustað.

IV. Að verja afgjöldum af löndum ríkisins í Hveragerði til hitaveituframkvæmda Hveragerðishrepps.

V. Að greiða læknisvitjanastyrki til þeirra læknishéraða, sem eru læknislaus þrjá mánuði af árinu eða lengur, og nemi þeir allt að læknislaunum þann tíma, sem héraðið er læknislaust.

VI. Að ábyrgjast allt að 50 millj. kr. lán til byggingar fiskvinnslustöðva og stöðva til þess að vinna úr landbúnaðarafurðum, þó ekki yfir 60% af matsverði hverrar framkvæmdar.

VII. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af brennsluolíum til veðurathugunarskipa í Norðurhöfum.

VIII. Að heimila Ríkisútvarpinu að verja allt að 1.1 millj. kr. af tekjuafgangi sínum til að bæta hlustunarskilyrði á Austfjörðum og Norðausturlandi. (Endurveiting).

IX. Að leyfa Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins að setja merki Landgræðslusjóðs á vindlingapakka, eftir nánari ákvörðun fjármálaráðuneytisins, og greiða sjóðnum allt að 30 aurum af hverjum vindlingapakka, er hún selur með merki sjóðsins.

X. Að leyfa Grænmetisverzlun landbúnaðarins að ráðstafa til að efla grænmetisræktun í landinu helmingi þeirrar fjárhæðar, sem verzluninni ber að greiða í leigu eftir hús Grænmetisverzlunar ríkisins.

XI. Að ákveða, að ein króna af tekjum landssímans af hverju seldu skrauteyðublaði heillaskeyta skuli renna til Krabbameinsfélags Íslands.

XII. Að verja rekstrarafgangi Viðtækjaverzlunar ríkisins til þess að greiða rekstrarhalla Þjóðleikhúss og Sinfóníuhljómsveitar.

XIII. Að lána Rafmagnsveitum ríkisins allt að 10 000 000 kr.

XIV. Að ábyrgjast allt að 10 millj. kr. lán fyrir skipasmíðastöðvar til bátasmíða innanlands, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, enda greiðist lánið að fullu af stofnláni, sem Fiskveiðasjóður Íslands veitir. Ríkisstjórnin setur að öðru leyti skilyrði um ábyrgðir þessar.

XV. Að taka allt að 28 millj. kr. lán til byggingar menntaskóla, kennaraskóla og hjúkrunarskóla.

XVI. Að taka allt að 6 millj. kr. lán til aukningar á húsnæði ríkisspítalanna.

XVII. Að taka allt að 3 millj. kr. lán til bygginga fyrir Rannsóknarstofu háskólans.

XVIII. Að leyfa Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins að greiða Krabbameinsfélagi Íslands 25 aura af hverjum seldum vindlingapakka.

XIX. Að taka allt að 2 millj. kr. lán til framkvæmda við korn- og grasfræræktun í Gunnarsholti.

XX. Að taka lán allt að 12 millj. kr. vegna Ennisvegar á Snæfellsnesi, allt að 6 millj. kr. lán vegna Siglufjarðarvegar ytri og allt að 1 millj. kr. lán vegna Múlavegar, eða jafnvirði framangreindra upphæða í erlendri mynt.

XXI. Að taka allt að 7 millj. kr. lán til að ljúka byggingu umferðarmiðstöðvar í Reykjavík fyrir sérleyfisbifreiðir.

XXII. Að ábyrgjast lán fyrir Þingvallahrepp, að fjárhæð allt að kr. 200 000, til kaupa á eyðijörðinni Selkoti í Þingvallahreppi, gegn þeim tryggingum, sem metnar verða gildar.

XXIII. Að taka lán, að fjárhæð allt að 515 þús. Bandaríkjadollara, til kaupa á tækjum fyrir Landssímann, Rafmagnsveitur ríkisins, Vegagerð ríkisins o. fl.

XXIV. Að taka lán allt að 3 millj. kr. til framkvæmda við Laxeldisstöð ríkisins í Kollafirði.

XXV. Að taka allt að 2.5 millj. kr. lán til byggingar tveggja kennarabústaða við Menntaskólann að Laugarvatni.

XXVI. Að greiða úr ríkissjóði það, sem á kann að skorta, til að 10% skemmtanaskattsálag og ⅖ hlutar af hagnaði Viðtækjaverzlunar ríkisins, sbr. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 52/1962, hrökkvi til að greiða hluta ríkissjóðs af rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands 1964.

XXVII. Að ábyrgjast allt að 50 millj. kr. lán fyrir Stéttarsamband bænda og Búnaðarfélag Íslands vegna byggingar Bændahallarinnar, með þeim skilyrðum og gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.

XXVIII. Að ábyrgjast allt að 70% af byggingarkostnaði nýs flóabáts fyrir farsvæði Breiðafjarðarbáts (Stykkishólmsbáts), gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.

XXIX. Að ábyrgjast allt að 3 millj. kr. lán vegna byggingar Domus Medica, gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.

XXX. Að ábyrgjast allt að 3 millj. kr. lán til Hveragerðishrepps vegna hitaveituframkvæmda, gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.

XXXI. Að ábyrgjast allt að 3 millj. kr. lán til byggingarframkvæmda og umbóta á heilsuhæli Náttúrulækningafélags Íslands í Hveragerði, gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.

XXXII. Að gefa eftir aðflutningsgjöld af jarðskjálftamælingatækjum fyrir Veðurstofu Íslands.

XXXIII. Að greiða 15% uppbót á greiðslur samkv. 18. gr. fjárlaga frá 1. júlí 1963.

XXXIV. Að greiða þeim aðilum, sem njóta eftirlauna samkv. gömlum reglum, sbr. 18. gr. I. fjárlaga, og ekki eru jafnframt félagar í lögboðnum lífeyrissjóði, uppbót á eftirlaun sín, sem sé hliðstæð þeirri hækkun, er sjóðsfélagar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins fá við gildistöku laga nr. 29/1963.

XXXV. Að leyfa vélasjóði að taka allt að 3 millj. kr. lán til vélakaupa og ábyrgjast lánið.

XXXVI. Að leyfa Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins að greiða allt að 45 aurum til Slysavarnafélags Íslands og Íþróttasambands Íslands af hverjum seldum vindlingapakka, og skiptist gjaldið til þeirra að jöfnu.

XXXVII. Að lána til Reykjanesbrautar jafnvirði 300 þús. dollara af mótvirðisfé.

XXXVIII. Að ábyrgjast allt að 20 millj. kr. af erlendu láni Landsbanka Íslands, vegna véla- og tækjakaupa í 6 fiskiskip, sem samið er um smíði á í Austur-Þýzkalandi. Ábyrgðin fellur niður, jafnóðum og skipin eru afhent kaupendum. Í framhaldi af þessari ábyrgð heimilast ríkisstjórninni að ábyrgjast erlenda lántöku handa fiskveiðasjóði vegna þessara skipa, allt að 13 millj. kr., sem endurgreiðist með venjulegum skilyrðum fiskveiðasjóðs á 7 árum.

XXXIX. Að ábyrgjast lán allt að 1 millj. kr. fyrir síldarverksmiðjurnar í Krossanesi og á Hjalteyri til greiðslu kostnaðar við síldarflutninga, gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.

XL. Að ábyrgjast lán að upphæð allt að 1 500 000 kr. fyrir Búðaós h.f. vegna fiskræktar, gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.

XLI. Að ábyrgjast lán, allt að 50 millj. kr., til bygginga og endurbóta á síldarverksmiðjum og síldarumhleðslustöðvum.

XLII. Að ábyrgjast allt að 3 millj. kr. lán vegna orlofsheimilis Alþýðusambands Íslands, með þeim skilyrðum og gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.

XLIII. Að lána eigendum vélbátsins Flosa ÍS 42 allt að 300 þús. kr. til viðgerðar á bátnum vegna skemmda af völdum trémaðks.

XLIV. Að verja 90 þús. kr. til þess að reisa skýli í Vatnsfirði á Barðaströnd yfir teinæringinn Egil í Hvallátrum.

XLV. Að greiða úr ríkissjóði kostnað Þjóðleikhússins árið 1963 og 1964 vegna launahækkana samkvæmt úrskurði kjaradóms, að svo miklu leyti sem aðrir tekjuliðir leikhússins hrökkva ekki til.

XLVI. Að greiða til sjúkrahússins á Sauðárkróki allt að 150 þús. kr. vegna skemmda, sem urðu á sjúkrahúsinu í jarðskjálfta 1963.

XLVII. Að verja fé því, er varnarliðið hefur greitt fyrir afnot Keflavíkurvegar frá 1. júlí 1962 til 30. júní 1964, alls kr. 659 282.50, til lagningar steinsteypts vegar til Keflavíkur (Reykjanesbrautar).

### 23. gr.

Heimilt er að greiða á árinu 1964 uppbætur eins og þær, sem síðan 1. júní 1962 hafa verið greiddar á lífeyri úr lífeyrissjóði barnakennara, lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna, lífeyrissjóði ljósmæðra og lífeyrissjóði alþingismanna, svo og á persónulegar greiðslur samkvæmt 18. gr. fjárlaga á árinu 1964.

Hlutaðeigandi lífeyrissjóðir annast greiðslu uppbóta á lífeyrinn gegn endurgreiðslu úr ríkissjóði og frá hlutaðeigandi launagreiðendum.

### 24. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1964 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum. Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

*Gjört í Reykjavík, 30. desember 1963.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Gunnar Thoroddsen.*

# VEGALÖG

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## I. KAFLI
### Almenn ákvæði.

1. gr.

Orðið vegur merkir í lögum þessum akbraut, land og mannvirki, sem að staðaldri eru nauðsynleg, til þess að vegur sé varanlegur, unnt sé að halda honum við og hafa af honum sem fyllst not.

Til vegar teljast því, auk vegstæðis og vegar, vegbekkir, skurðir, sneiðingar, fyllingar, ræsi, öryggisgrindur, biðstæði og umferðarljós.

Til vega teljast enn fremur brýr, jarðgöng og ferjubryggjur, svo og vetrarvegir.

2. gr.

Opinber vegur er hver sá vegur, sem ætlaður er almenningi til frjálsrar umferðar og kostaður er af fé ríkis eða sýsluvegasjóðs.

3. gr.

Veghald merkir vegagerð og viðhald vega.

Veghaldari er sá aðili, er sér að öllu leyti um veghald.

4. gr.

Ákvæði laga þessara um vegagerð gilda einnig um breikkun, breytingar og umbætur vega, nema annað sé ákveðið í lögum eða leiði af eðli málsins.

5. gr.

Þegar vegagerð er ákveðin samkvæmt mældri veglínu og fé veitt til hennar, skulu ákvæði laga þessara taka gildi um vegalagninguna, að svo miklu leyti sem við á.

6. gr.

Lög þessi gilda ekki um götur í kaupstöðum eða kauptúnum, nema sérstaklega sé ákveðið í lögunum.

## II. KAFLI
### Um stjórn vegamála og veghald.

7. gr.

Ráðherra sá, er fer með samgöngumál, hefur yfirstjórn allra vegamála. Til þess að stjórna framkvæmdum í þessum málum skipar forseti Íslands vegamálastjóra, er veitir Vegagerð ríkisins forstöðu, en ráðherra skipar honum verkfræðinga og aðra starfsmenn eftir þörfum, að fengnum tillögum hans.

8. gr.

Vegagerð ríkisins er veghaldari allra opinberra vega samkvæmt lögum þessum.

9. gr.

Heimilt er Vegagerð ríkisins að fela hlutaðeigandi sveitarstjórn að nokkru eða öllu leyti lagningu og viðhald þeirra gatna í borgum, kaupstöðum eða kaup-

túnum, sem teljast þjóðvegir, samkv. reglugerð, sbr. 30. gr., svo og sýslunefndum að annast sýsluvegi á sama hátt.

Nú er heimild 1. mgr. notuð, og skal þá Vegagerð ríkisins hafa eftirlit með, að lagning og viðhald vega þeirra eða gatna, sem um er að ræða, sé framkvæmt á viðunandi hátt. Sé um vanrækslu að ræða að dómi Vegagerðar ríkisins, skal hún gefa sveitarstjórn fyrirmæli um að framkvæma nauðsynlegar umbætur innan hæfilegs frests.

## III. KAFLI
### Um vegáætlun.

#### 10. gr.

Vegamálastjóri semur tillögur að vegáætlun fyrir þjóðvegi, aðalfjallvegi og aðra fjallvegi til fjögurra ára í senn til leiðbeiningar um skiptingu þess fjár, sem til ráðstöfunar er hverju sinni til vegagerðar. Skal áætlunin annars vegar gera grein fyrir þeim framkvæmdum, sem fyrirhugaðar eru á tímabilinu, en hins vegar þeirri fjáröflun, sem gert er ráð fyrir vegna þeirra.

#### 11. gr.

Í vegáætlun skulu taldir allir þjóðvegir, svo og nýbyggingar þjóðvega á þeim tíma, sem áætluninni er ætlað að gilda. Enn fremur áætlaður kostnaður við vegaviðhald og annar kostnaður Vegagerðar ríkisins á sama tímabili.

Í vegáætlun um nýbyggingar skal vera sundurliðuð áætlun um heildarkostnað hvers mannvirkis, kostnað þess á öllu áætlunartímabilinu og á hverju ári þess.

#### 12. gr.

Í vegáætlun skal þjóðvegum skipað í flokka eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir:

Hraðbraut A: Vegur, þar sem innan 20 ára má búast við yfir 10 þúsund bifreiða umferð á dag yfir sumarmánuðina. Skal stefnt að fjórfaldri akbraut með varanlegu slitlagi.

Hraðbraut B: Vegur, þar sem innan 10 ára má búast við 1000—10000 bifreiða umferð á dag yfir sumarmánuðina. Skal stefnt að tvöfaldri akbraut með varanlegu slitlagi.

Þjóðbraut: Vegur, sem nær til 1000 íbúa svæðis. Skal stefnt að malarvegi með tvöfaldri akbraut.

Landsbraut: Vegur, sem er minnst 2 km langur frá vegamótum og nær a. m. k. til þriggja býla, þannig að hann nái að þriðja býli frá vegarenda. Víkja skal frá þessari reglu, ef um er að ræða kirkjustað, félagsheimili, opinberan skóla eða heilsuhæli, fullgerð raforkuver, kauptún með færri en 300 íbúa eða tengiveg milli aðalleiða. Sömuleiðis má þar, sem aðalfjallvegur liggur upp úr byggð, telja landsbraut að innsta býli.

#### 13. gr.

Í reglugerð skulu settar reglur um gerð þjóðvega í hverjum flokki, svo sem um breidd vega, fjarlægð skurða og girðinga, burðarþol og önnur tæknileg efni.

#### 14. gr.

Leggja skal fyrir sameinað Alþingi tillögu til þingsályktunar um vegáætlun samkv. 10. gr., samtímis frv. til fjárlaga. Sama gildir um tillögur til þingsályktunar um endurskoðun vegáætlunar, sbr. 15. gr.

Vegáætlun öðlast gildi, þegar Alþingi hefur samþykkt hana.

15. gr.

Í upphafi hvers reglulegs Alþingis skal ráðherra leggja fyrir þingið skýrslu um framkvæmd vegáætlunar.

Ráðherra skal hlutast til um, að endurskoðun áætlunarinnar fari fram á Alþingi á tveggja ára fresti.

16. gr.

Heimilt skal ráðherra að ákveða að fengnum meðmælum vegamálastjóra, að ráðizt skuli í framkvæmdir, sem ekki er gert ráð fyrir í vegáætlun, ef til hefur komið tjón á vegum, t. d. vegna vatnavaxta, eldgosa eða annarra náttúruhamfara.

17. gr.

Vegamálastjóri semur í samráði við sýslunefndir framkvæmdaáætlun fyrir sýsluvegi, til fjögurra ára í senn, og skal sú áætlun endurskoðuð, er hún hefur gilt í tvö ár.

Sýsluvegaáætlun öðlast gildi er sýslunefnd hefur samþykkt og samgöngumálaráðherra staðfest hana.

18. gr.

Ákvæði þessa kafla gilda, eftir því sem við getur átt, um sýsluvegi.

## IV. KAFLI

### Um sýsluvegi.

19. gr.

Í hverri sýslu skal vera sýsluvegasjóður. Sýslunefndir gera samþykktir fyrir sýsluvegasjóði, og öðlast þær gildi, er ráðherra hefur staðfest þær.

Í sýsluvegasjóðssamþykkt skulu sýsluvegir taldir upp. Ekki má taka í tölu sýsluvega vegi, sem eru styttri en 200 m, nema götur í þorpum með færri en 300 íbúa.

Sýsluvegur skal aldrei teljast ná nær býli en 200 m, ef hann endar þar.

20. gr.

Kostnaður við lagningu og viðhald sýsluvega greiðist af fé sýsluvegasjóðs, sbr. þó 52. gr.

21. gr.

Hvert hreppsfélag greiðir árlega í sýsluvegasjóð sem samsvarar andvirði þriggja dagvinnustunda fyrir hvern íbúa, miðað við kaupgjald í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins 1. desember hið næsta ár áður en gjaldið er lagt á. Ákveður sýslumaður gjald hvers hrepps og tilkynnir oddvita fyrir 1. marz. Skal það greitt í einu lagi úr sveitarsjóði, eigi síðar en á næsta manntalsþingi.

22. gr.

Hreppsnefnd jafnar þeirri upphæð, sem hreppi ber að greiða í sýsluvegasjóð samkvæmt 21. gr., niður eftir sömu reglum og öðrum útgjöldum hreppsins.

23. gr.

Nú á einhver fasteign í hreppi eða kauptúni, aðra en jörð í fastri ábúð eða jarðarhluta, en er þar þó ekki útsvarsskyldur eða greiðir þar ekki útsvar eftir sömu reglum og aðrir íbúar hreppsins, og skal hann þá greiða vegaskatt af eign sinni í sýsluvegasjóð. Skattur þessi greiðist á manntalsþingi.

Vegaskattur skal nema 6 af þúsundi af virðingarverði mannvirkja, en 12 af þúsundi af virðingarverði landa og lóða, hvort tveggja miðað við fasteignamat.

Gjald þetta hefur lögtaksrétt.

24. gr.

Undanskildar vegaskatti samkvæmt 23. gr. eru allar kirkjur, skólahús, sjúkrahús, þinghús, félagsheimili og vitar. Ráðherra er heimilt, eftir tillögum sýslunefndar, að ákveða, að eyjar, sem eru sjálfstæð hreppsfélög, greiði ekki framlag til sýsluvegasjóðs, enda annist hreppsfélagið sjálft um vegakerfi sitt að öllu leyti.

25. gr.

Nú gerir sýsluvegaáætlun ekki ráð fyrir framkvæmdum eða innstæða í sýsluvegasjóði nægir til framkvæmda og viðhalds næsta ár að dómi sýslunefndar, og skulu þá tekjur sýsluvegasjóðs það ár renna til þjóðvega í viðkomandi sýslu, eftir ákvörðun sýslunefndar.

26. gr.

Í kauptúnum, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, skal helmingur sýsluvegasjóðsgjalda renna í sveitarsjóð, ef hreppsfélagið ver til vega- eða gatnagerðar innan hrepps á því ári a. m. k. jafnmiklu fé úr sveitarsjóði.

27. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar og gilda þar um sömu reglur sem um sýslusjóðsreikninginn. Sýslunefnd semur tillögur um sýsluvegaáætlun samkvæmt ákvörðun 17. gr. Sýslunefnd semur einnig árlega áætlun um tekjur sýsluvegasjóðs yfirstandandi ár, svo og áætlun um útgjöld sýsluvegasjóðs, með hliðsjón af staðfestri sýsluvegaáætlun.

Framangreindar áætlanir, svo og reikning sýsluvegasjóðs, skal oddviti sýslunefndar senda vegamálastjóra að loknum sýslufundi.

28. gr.

Af tekjum vegamála skv. XIV. kafla laga þessara skal árlega veita til sýsluvega upphæð, sem sé eigi lægri en tvöföld heildarupphæð innheimtra sýsluvegasjóðsgjalda um allt land næsta ár á undan því ári, er fjárlög eru samin.

Vegamálastjóri annast skiptingu á framlagi ríkissjóðs samkv. 1. mgr. eftir reglugerð, sem ráðherra setur. Skal framlag til sýslu aldrei vera lægra en helmingur þess, er hún lagði til sýsluvegasjóðs það ár, sem ríkissjóðsframlagið miðast við. Að öðru leyti skal við skiptingu ríkisframlags aðallega miða við notkun og lengd sýsluvega í hverri sýslu, en jafnframt skal þó höfð hliðsjón af því, hve mikill hluti veganna er lagður, ruddur eða ekki akfær.

## V. KAFLI

### Um þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum.

29. gr.

Í kaupstöðum skulu götur og vegir lagðir þar sem ákveðið er í skipulagsuppdrætti. Í kauptúnum gildir sama, ef skipulagsuppdráttur hefur verið gerður, ella ákveður hreppsnefnd, hvar götur og vegir skuli liggja innan kauptúnsins.

Sveitarstjórn ákveður um gerð gatna og vega.

30. gr.

Ráðherra ákveður með reglugerð, að fengnum tillögum vegamálastjóra, að svo miklu leyti sem vegáætlun mælir ekki fyrir um, hvaða vegir í kaupstöðum og kauptúnum, sem hafa 300 íbúa eða fleiri, skuli teljast þjóðvegir. Við samningu tillagna sinna skal vegamálastjóri leita álits hlutaðeigandi sveitarstjórnar og Skipulagsnefndar ríkisins.

Við ákvörðun á því, hvaða vegir skuli teljast þjóðvegir samkvæmt þessum kafla, skal miðað við eftirfarandi:

1) Eðlilegt samhengi vegakerfisins sé ekki rofið.
2) Um sé að ræða helztu umferðarleið um viðkomandi byggðarlag, sé um margar leiðir að velja.
3) Greið leið fáist að þeim stöðum byggðarlagsins, sem mikilvægastir eru fyrir athafnalíf staðarins, ef vegurinn endar þar.

31. gr.

Áður en vegagerð hefst, skal sveitarstjórn láta gera tæknilega og fjárhagslega áætlun um verkið, og er hún háð samþykki vegamálastjóra.

32. gr.

Árlega skal veita ákveðna fjárhæð til lagningar þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum, sem hafa 300 íbúa eða fleiri, og skal skipting fjárins fara eftir íbúafjölda. Skal árlegt framlag vera 12½ af hundraði af heildartekjum vegamála það ár, samkvæmt XIV. kafla laga þessara.

Nú hefur verið ákveðið í reglugerð, hvaða götur teljist þjóðvegir innan kaupstaða eða kauptúna, og skal þá hluta viðkomandi sveitarfélags samkv. 1. mgr. eingöngu varið til lagningar þeirra og viðhalds.

Greiða má af hluta sveitarfélags kostnað vegna kaupa á fasteignum í þágu þjóðvegar samkv. þessum kafla laganna.

Kostnað við holræsi, færslur á leiðslum, gangstéttir, umferðarljós, götulýsingu og því um líkt greiðir hlutaðeigandi sveitarfélag.

Þegar lagningu vega samkv. 2. mgr. er lokið að dómi vegamálastjóra, skal sveitarstjórn verja sínum hluta fjárframlags samkv. 1. mgr., að frádregnum viðhaldskostnaði þjóðveganna, til annarrar varanlegrar gatnagerðar.

33. gr.

Vegagerð ríkisins lítur eftir viðhaldi þjóðvega samkvæmt þessum kafla.

Nú telur vegagerðin, að viðhald þjóðvegar sé vanrækt, og ekki fæst úr því bætt, og getur þá vegagerðin látið framkvæma nauðsynlegt viðhald, sem kostað skal af ríkisframlagi til byggðarlagsins.

34. gr.

Af heildarframlagi því, sem veitt er til lagningar þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum samkv. 32. gr., skal árlega halda eftir 10 af hundraði, og skal því fé ráðstafað eftir tillögu vegamálastjóra til að flýta framkvæmdum þar sem sérstök ástæða þykir til að ljúka ákveðnum áfanga, eða til að stuðla að hagkvæmari vinnubrögðum.

35. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um eftirlit með því, að fé því, sem sveitarfélögum er veitt samkv. 32. gr., sé varið á þann hátt, sem lögin gera ráð fyrir.

36. gr.

Kostnaður við vegagerð og vegaviðhald, annarra vega en þjóðvega, í kaupstöðum greiðist úr bæjarsjóði, en í kauptúnum, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, úr sveitarsjóði.

VI. KAFLI

Um einkavegi.

37. gr.

Einkavegir eru þeir vegir, sem ekki teljast þjóðvegir, sýsluvegir eða fjallvegir, liggja utan skipulagsskyldra svæða og eru kostaðir af einstaklingum, fyrirtækjum eða opinberum aðilum.

38. gr.

Ráðherra getur, að fengnum tillögum vegamálastjóra, heimilað eignarnám lands til lagningar tiltekinna einkavega, enda komi fullar bætur fyrir. Bætur skulu ákveðnar samkvæmt reglum X. kafla.

Ráðherra getur bundið eignarnámsheimild fyrir einkavegi samkv. 1. mgr. vissum skilyrðum, svo sem um gerð og frágang vegarins, umferðarrétt um hann, viðhald og tengingar við opinbera vegi.

39. gr.

Ríkissjóður ábyrgist greiðslu bóta samkv. 38. gr., en getur krafið þann, sem bætur á að greiða, um tryggingar, sem gildar eru metnar, þar á meðal fyrir matskostnaði.

40. gr.

Þegar einkavegur er notaður sem umferðarleið að fleiri eignum en einni, eru allir eigendurnir skyldir að halda veginum við, í hlutfalli við not þeirra af honum. Ákvæði þetta breytir í engu áunnum réttindum eða ákvörðunum um viðhald vegarins. Viðhaldsskyldu geta eigendur uppfyllt með því að láta í té efni eða vinnu eða með fjárframlögum.

Það, sem hér hefur verið ákveðið um viðhald einkavega, skal við sömu aðstæður gilda um endurbætur og endurbyggingu vegar.

41. gr.

Nú verða þeir, sem einkaveg nota, ekki á eitt sáttir um, hverjir hafi rétt til nota af veginum eða um greiðslu viðhaldskostnaðar, og getur þá hver þeirra krafizt mats samkvæmt reglum 60. gr.

Þegar ⅔ þeirra, sem afnotarétt hafa af veginum, eru sammála um, hvernig mæta skuli sameiginlegum útgjöldum, eru þær ákvarðanir bindandi fyrir hina, þar á meðal að kostnaður skuli að einhverju eða öllu leyti greiðast af umferðargjaldi.

Þegar skipting kostnaðar hefur verið ákveðin með samkomulagi eða mati, getur endurskoðun ekki farið fram, fyrr en liðin eru 5 ár frá síðustu ákvörðun, nema rétthafar séu sammála um annað.

Útgjöldum, sem einn eða fleiri rétthafar hafa haft af viðhaldi og ekki hefur verið skipt, er ekki hægt að krefjast skipt með matsgjörð, eftir að liðin eru 3 ár frá því að stofnað var til þeirra.

42. gr.

Meiri hluti rétthafa getur ákveðið, að rétthafar velji stjórn eða eftirlitsmann með veginum, til þriggja ára í senn.

Stjórn vegarins eða eftirlitsmaður skal sjá um, að viðhaldsskyldu sé fullnægt, eins og til er tekið í mati eða samkomulagi, og sker úr ágreiningi í því sambandi.

Stjórn eða eftirlitsmaður getur bannað umferð um veginn til að forða veginum frá skemmdum. Vanræki einhver, sem til þess er skyldur, að halda veginum við að sínum hluta, getur stjórnin látið framkvæma viðhald á hans kostnað.

43. gr.

Einkavegir, sem opnir eru fyrir almenna umferð, eru háðir eftirliti Vegagerðar ríkisins, bæði að því er varðar gerð og viðhald. Virðist vegagerðinni vegi áfátt í því efni, þannig að hætta geti stafað af, skal tafarlaust tilkynna það viðkomandi lögreglustjóra og gera tillögur til úrbóta. Lögreglustjóri getur skyldað eiganda að framkvæma úrbætur og stöðvað vegagerð eða bannað umferð um veginn, þar til bót hefur verið á ráðin.

## VII. KAFLI
### Um fjallvegi, ferjuhald, sæluhús o. fl.

44. gr.

Fjallvegir eru þeir vegir yfir fjöll og heiðar, sem vegamálastjóri ákveður og eigi teljast til neins annars vegaflokks.

Fjallvegir, sem tengja saman landshluta, nefnast aðalfjallvegir og skulu taldir sérstaklega í vegáætlun samkv. 10. gr.

45. gr

Kostnaður við fjallvegi greiðist úr ríkissjóði, samkvæmt vegáætlun.

46. gr.

Vegagerð ríkisins skal aðstoða nýbýlastjórn við lagningu nýbýlavega og samtök hestamanna við gerð reiðvega, enda sé kostnaður greiddur af sérstakri fjárveitingu í fjárlögum, samkv. vegáætlun eða á annan hátt.

47. gr.

Kostnað við bifreiðaferjur til flutnings yfir vötn eða firði og við lendingarbætur og bryggjur í sambandi við þær er heimilt að greiða úr ríkissjóði og telja með öðrum kostnaði vegamála.

48. gr.

Lögferjuskylda skal vera hin sama og nú er. Sýslunefndir hafa eftirlit með því, hver í sinni sýslu, að lögferjumenn haldi lögferjum vel við og gæti skyldu sinnar að öðru leyti, eftir nánari reglum, sem sýslunefnd setur á hverjum stað.

Ekki má sýslunefnd hækka lögferjugjöld né afnema lögferju, nema með samþykki vegamálastjóra.

Nú samþykkir sýslunefnd að lækka lögferjugjöld, en lögferjumaður vill ekki hlíta samþykkt sýslunefndar, og skal þá málinu skotið til úrskurðar vegamálastjóra.

49. gr.

Nú vill sýslunefnd setja lögferju þar sem ekki var lögferja áður, og skulu þá taka við henni landeigandi og ábúandi, en geta krafizt þess, að ferjan sé lögð þeim til í upphafi. Ferjugjöld skulu, ef samkomulag næst ekki, ákveðin af óvilhöllum, dómkvöddum mönnum.

50. gr.

Nú verða ábúendaskipti á býli því, er lögferja fylgir, og má viðtakandi þá krefjast þess, að honum sé metið álag á ferjuna.

51. gr.

Sæluhús skal gera á fjallvegum og annars staðar þar, er þurfa þykir, og telst kostnaður við byggingu þeirra með vegagerðarkostnaði, en kostnaður við viðhald þeirra og rekstur með viðhaldskostnaði.

## VIII. KAFLI
### Um greiðslu brúargerðarkostnaðar á sýslu-, einka- og fjallvegum.

52. gr.

Kostnaður við brýr á sýsluvegum greiðist þannig:

1) Kostnaður við brýr styttri en 4 m telst með vegagerðarkostnaði.
2) Kostnað við brýr yfir 4—10 m haf má greiða úr ríkissjóði að ¼ hluta og úr sýsluvegasjóði að ¾ hlutum.
3) Kostnað við brýr yfir 10 m haf eða lengra má greiða að fullu úr ríkissjóði.
4) Kostnað við viðhald brúa á sýsluvegum skal telja með viðhaldskostnaði sýsluvega.

53. gr.

Kostnað við brýr á einkavegum yfir 4 m haf og lengra má greiða allt að hálfu úr ríkissjóði, gegn framlagi frá hlutaðeigendum að öðru leyti.

54. gr.

Kostnað við brýr á fjallvegum má greiða að öllu leyti úr ríkissjóði.

## IX. KAFLI
### Um bráðabirgðaafnot lands.

55. gr.

Vegagerð ríkisins er heimilt að framkvæma rannsóknir og byrjunarathuganir, sem nauðsynlegar eru við undirbúning vegagerðar, á hvaða landi sem er. Merki, hæla, vörður eða því líkt, sem vegagerðin hefur sett til að marka mælda veglínu, má ekki nema burt án leyfis hennar. Leit að efni til vegagerðar má vegagerðin gera hvar sem vera skal.

56. gr.

Vegagerð ríkisins eru heimil afnot lands fyrir geymslu efnis og fyrir bækistöðvar vinnuflokka við lagningu eða viðhald vegar.

57. gr.

Skylt er landeiganda að leyfa, að vatni, sem veita þarf frá vegi, sé gerð framrás um land hans.

Til framkvæmdar vetrarviðhaldi má vegagerðin ryðja snjó af vegi út fyrir veginn, ef með þarf.

58. gr.

Um bætur fyrir bráðabirgðaafnot lands fer eftir ákvæðum X. kafla, eftir því sem við á.

## X. KAFLI
### Um eignarnám, jarðrask, átroðning o. fl.

59. gr.

Hver landeigandi er skyldur til að láta af hendi land það, er þarf undir vegi eða til breytingar eða breikkunar eða viðhalds vegum, svo og leyfa, að efni til

vega sé tekið í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, enda komi fullar bætur fyrir. Bætur fyrir jarðrask og eignarnám á óyrktu landi skulu því aðeins greiddar, að þeirra sé krafizt og álitið verði, að landeigandi hafi beðið skaða við það.

Bætur fyrir jarðrask og eignarnám vegna vegar teljast með kostnaði vegarins.

Veghaldari skal jafnan leitast við að valda sem minnstum spjöllum á gróðri við vegagerð og græða upp sár, sem myndast á grónu landi við vegaframkvæmdir.

60. gr.

Bætur fyrir eignarnám, jarðrask og átroðning þann, er nýr vegur kann að hafa í för með sér, má ákveða eftir samkomulagi milli landeiganda og umboðsmanns þeirra, sem bætur eiga að greiða. Nú næst ekki samkomulag, og skal þá ákveða bætur með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnað við matið greiðir landeigandi, ef upphæð sú, er honum er metin, er nær því, sem honum hefur verið boðið, en því, sem hann hefur krafizt, ella telst kostnaðurinn við matið með skaðabótakostnaðinum.

Nú vill annar hvor málsaðili eigi una mati, og getur hann þá krafizt yfirmats, en gera skal hann það innan mánaðar frá því matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af þremur dómkvöddum mönnum.

61. gr.

Mat skal fara fram á vettvangi, þá er jörð er snjólaus. Við matið skal taka tillit til árlegs afrakstrar af landi því, er um ræðir, svo og til þess, hvort girðingar þurfi að flytja eða nýjar að setja, og athuga vandlega allt það, er getur haft áhrif á verðmæti þess, er meta skal. Sérstaklega skal taka tillit til þess, ef ætla má, að land hækki í verði við vegagerðina. Nú leggst eldri stígur eða vegur niður við lagningu nýs vegar og fellur til landeiganda, og skal þá við matsgerðina meta sérstaklega hið gamla vegarstæði eða götutroðninga og draga frá upphæð þeirri, er landeiganda er metin fyrir eignarnám lands fyrir hinn nýja veg eða jarðrask, er leiðir af lagningu hans. Bætur fyrir átroðning skal eigi meta í slíkum tilfellum, nema sannað verði, að meiri átroðningur stafi af hinum nýja vegi en af hinum eldri vegi eða stíg.

62. gr.

Landeigandi á bætur allar fyrir eignarnám, jarðrask og átroðning, en sé jörð leigð öðrum, greiði landeigandi honum 5 af hundraði árlega af skaðabótaupphæðinni, meðan leigusamningur sá er í gildi, sem var, þegar bæturnar voru ákveðnar. Ábúandi á þó bætur fyrir skemmdir á mannvirkjum þeim, sem eru hans eign, og skal meta þær sérstaklega.

63. gr.

Skaðabóta, er af vegagerð eða vegaviðhaldi leiðir, skal krefjast innan árs frá því, er verk það var unnið, sem skaðanum olli, ella fellur réttur til skaðabóta niður.

## XI. KAFLI

### Um viðhald og reglur fyrir umferð á opinberum vegum.

64. gr.

Þegar vegur er fullgerður eða almenn umferð hefur verið leyfð um hann, skal honum haldið við, eftir því sem aðstæður leyfa, þannig að hann gegni sem bezt hlutverki sínu.

65. gr.

Vegagerðin skal, svo fljótt sem við verður komið, eftir að hún hefur fengið vitneskju um vegaskemmdir, sem hættulegar eru umferð, láta gera við þær eða merkja hina hættulegu staði, þar til viðgerð hefur farið fram.

Vegagerð ríkisins er ekki ábyrg fyrir tjóni, sem hljótast kann af slysum á opinberum vegum, nema um sé að ræða stórkostlegt gáleysi af hendi starfsmanna hennar og sannað sé, að slysi hefði ekki orðið afstýrt, þótt ökumaður hefði sýnt ýtrustu varkárni.

66. gr.

Nú þykir ástæða til að halda vegi akfærum með snjómokstri, og skal þá telja þann kostnað með öðru viðhaldi vegarins. Heimilt er vegamálastjóra að binda slíkt vetrarviðhald því skilyrði, að allur slíkur kostnaður eða nokkur hluti hans verði endurgreiddur með framlagi úr héraði, sé um þjóðveg að ræða. Sömu heimild hefur sýslunefnd, að því er sýsluvegi snertir.

67. gr.

Vegamálastjóri getur sett þær reglur fyrir umferð, sem nauðsynlegar eru, til þess að girða fyrir skemmdir á vegum eða til þess að greiða fyrir umferð, svo sem um hámarksþunga bifreiða, er fara mega um ákveðna vegarkafla.

Vegamálastjóri getur enn fremur bannað umferð ökutækja þann tíma árs, sem hættast er við skemmdum á vegum. Einnig getur vegamálastjóri bannað alla umferð ökutækja um vegi, sem hættulegir eru vegna skemmda eða af öðrum slíkum orsökum, þar til viðgerð er lokið.

## XII. KAFLI

### Um öryggi vega o. fl.

68. gr.

Heimilt er vegamálastjóra að banna, að hús verði reist eða önnur mannvirki gerð innan marka fyrirhugaðs vegar, sem mælt hefur verið fyrir og markað. Má slíkt bann vera í gildi í allt að 3 árum hverju sinni.

69. gr.

Byggingar, leiðslur eða önnur mannvirki, föst eða laus, má ekki staðsetja, nema leyfi vegamálastjóra komi til, nær vegi en 15 m frá miðlínu landsbrauta, 20 m frá miðlínu þjóðbrauta og 30 m frá miðlínu hraðbrauta. Verði ágreiningur um, hvar miðlína vegar muni verða, sker vegamálastjóri úr. Þar sem þjóðvegur liggur um skipulagt svæði, skal fjarlægð bygginga frá vegi ákveðin í samræmi við skipulag.

Vörupalla eða vöruskýli vegna mjólkurflutninga skal heimilt að setja nær vegi en um getur í 1. mgr., þó ekki nær en svo, að bifreið geti staðnæmzt við skýlið utan akbrautar.

Loftlínur má ekki strengja yfir veg, nema lægsti hluti línu sé a. m. k. 5 metra frá yfirborði vegar.

70. gr.

Vegamálastjóri getur ákveðið, að fjarlægð mannvirkja frá vegi, samkvæmt 69. gr., skuli aukin. Enn fremur getur vegamálastjóri leyft, að fjarlægð verði minnkuð á tilteknum köflum, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, enda sé ekki um varanleg mannvirki að ræða, en slík leyfi eru þó ætíð afturkallanleg.

71. gr.

Óheimilt er að reisa mannvirki, nema með leyfi vegamálastjóra, við vegamót á svæði, sem takmarkast af beinum línum milli punkta á miðlínu vega, 40 m frá

skurðpunkti þeirra. Vegamálastjóri getur, ef sérstaklega stendur á, fært út mörk þessi, allt að 150 m.

72. gr.

Óheimilt er að grafa framræsluskurði nær vegi en 15 m frá vegmiðju landsbrautar eða þjóðbrautar og 30 m frá miðju hraðbrautar. Einnig er óheimilt að leggja uppgröft úr skurðum að vegi, nema að fengnu leyfi vegagerðarinnar.

73. gr.

Óheimilt er að gera skurði eða önnur mannvirki, sem aukið geta vatnsrennsli í vegskurðum, án leyfis vegagerðarinnar. Enn fremur er óheimilt að leiða holræsi úr íbúðarhúsum, verksmiðjum eða þess háttar í vegskurði. Bannað er og að kasta sorpi eða hvers konar úrgangi á vegi, í vegskurði eða svo nærri vegum, að til lýta sé eða óþæginda.

74. gr.

Girðingar má ekki setja nær vegi en ákveðið er í reglugerð samkvæmt 13. gr. laga þessara.

75. gr.

Um grjótgarða, torfgarða og skíðgarða gilda ákvæði 69. gr.

76. gr.

Enginn má gera girðingu yfir veg með hliði á veginum án leyfis vegamálastjóra, nema um einkaveg sé að ræða. Sama bann gildir þar sem mælt og markað hefur verið fyrir vegi, enda hafi vegamálastjóri tilkynnt jarðarábúanda, hvar mælt hefur verið.

77. gr.

Nú er leyft að gera girðingu yfir veg með hliði á veginum, og skal þá grind vera í hliðinu, að minnsta kosti 4 metrar á breidd, þannig gerð, að hún haldist opin af sjálfu sér, meðan ekið er um hliðið. Skylt er vegfarendum að loka hliðinu á eftir sér.

Vegamálastjóra er heimilt að afturkalla með eins árs fyrirvara gefið leyfi til þess að gera girðingu yfir veg með hliði á veginum.

78. gr.

Skylt er að halda við girðingum, svo að aldrei geti þær hindrað eða bagað umferð um veginn. Þyki þessa ekki gætt, er vegagerðinni heimilt að framkvæma viðgerð á kostnað þess, sem að réttu ber að halda girðingunni við.

Vegagerðinni er heimilt að flytja girðingar og fjarlægja tré og annan gróður, ef nauðsyn ber til af öryggisástæðum eða til framkvæmdar viðhaldi, svo sem snjómokstri.

79. gr.

Nú liggur vegur, stígur eða götutroðningur yfir land manns og telst eigi til neins vegaflokks, og er landeiganda þá heimilt að gera girðingu yfir þann veg, með hliði á veginum, en eigi má hann læsa hliðinu né með öðru móti hindra umferð um þann veg, nema sveitarstjórn leyfi.

Ákvörðun sveitarstjórnar, samkv. 1. mgr., má leggja undir úrskurð vegamálastjóra.

80. gr.

Nú er lagður vegur gegnum land manns, og á hann þá rétt á að fá óhindraðan aðgang að veginum, a. m. k. á einum stað frá landareign sinni. Skal í því skyni gera fláa í veginn, ef hann er upphleyptur eða niðurgrafinn, og skal hallinn á fláanum eigi meiri en 1:8, svo og brú á skurðinn, ef nokkur er fram með veginum, að minnsta kosti 3 metra breiða. Landeigandi skal birta vegagerðinni kröfu sína í þessu efni, áður

en vegurinn er fullgerður á þeim stað, sem hann vill hafa aðgang að, og skal aðgangur gerður þar eða svo nálægt, sem kostur er á. Telst kostnaður við það verk með öðrum vegagerðarkostnaði.

Nú birtir landeigandi vegagerðinni eigi kröfu sína um aðgang að veginum í tæka tíð, og skal hann þá gera aðganginn á sinn kostnað, svo og ef hann vill hafa aðgang frá fleiri stöðum í landi sínu en þeim eina, sbr. þó 81. gr.

Ákvæði þessarar greinar gilda þó ekki um hraðbrautir.

81. gr.

Óheimilt er að tengja einkavegi þjóðvegum, nema leyfi vegamálastjóra komi til.

## XIII. KAFLI

### Um skemmdir á mannvirkjum o. fl.

82. gr.

Enginn má stífla skurði meðfram vegi eða ræsi gegnum veg eða gera neitt það, er hindrað getur eða aukið eðlilegt vatnsrennsli gegnum veg eða frá vegi, eða veita vatni á veg.

83. gr.

Enginn má skemma nein mannvirki, sem til vegarins teljast, svo sem brýr, ferjur, háskamerki eða önnur leiðbeiningarmerki, vörður eða sæluhús.

Skemmist eitthvert slíkt mannvirki við árekstur bifreiðar, er bifreiðarstjóra skylt að tilkynna það þegar vegamálastjóra eða umsjónarmanni vegarins eða lögreglustjóra. Skal sá, er valdið hefur árekstrinum, skyldur að bæta áorðnar skemmdir.

84. gr.

Hver sá, sem notar sæluhús, skal ganga þriflega um það, fara gætilega með eld, eldfæri og önnur tæki, er þar kunna að vera, ganga frá hverju á sínum stað og loka dyrum, svo að ekki nái að fenna inn. Skylt er hverjum, sem verður var við, að brotið hafi verið á móti þessu, að tilkynna það tafarlaust umsjónarmanni sæluhússins eða lögreglustjóra.

## XIV. KAFLI

### Um fjáröflun til vega- og gatnagerðar o. fl.

**85. gr.**

**Greiða skal sérstakt innflutningsgjald af benzíni, og skal gjaldið nema kr. 2.77 af hverjum lítra. Gjald þetta tekur einnig til benzínbirgða, sem til eru í landinu, þá er lög þessi ganga í gildi, sbr. þó 92. gr.**

**86. gr.**

**Greiða skal sérstakt innflutningsgjald af hjólbörðum og gúmmíslöngum á bifreiðar, og skal gjaldið nema kr. 9.00 af hverju kg. Gjald þetta tekur einnig til hjólbarða og gúmmíslangna, sem fylgja bifreiðum, er fluttar eru til landsins.**

**87. gr.**

**Árlega skal greiða þungaskatt af bifreiðum sem hér segir:**

**a. Af bifreiðum, sem aðallega eru gerðar til fólksflutninga og nota benzín að eldsneyti, kr. 72.00 af hverjum fullum 100 kg þunga þeirra.**

b. Af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín:

| Þungi bifreiðar, kg | Þungaskattur, kr. |
|---|---|
| 0—2000 | 8500 |
| 2000—2200 | 8650 |
| 2200—2400 | 8800 |
| 2400—2600 | 8950 |
| 2600—2800 | 9100 |
| 2800—3000 | 9250 |
| 3000—3200 | 9400 |
| 3200—3400 | 9550 |
| 3400—3600 | 9700 |
| 3600—3800 | 9850 |
| 3800—4000 | 10000 |
| 4000—4100 | 10100 |
| 4100—4200 | 10200 |
| 4200—4300 | 10300 |
| 4300—4400 | 10400 |
| 4400—4500 | 10500 |
| 4500—4600 | 10600 |
| 4600—4700 | 10700 |
| 4700—4800 | 10800 |
| 4800—4900 | 10900 |
| 4900—5000 | 11000 |
| 5000—5100 | 11100 |
| 5100—5200 | 11200 |
| 5200—5300 | 11300 |
| 5300—5400 | 11400 |
| 5400—5500 | 11500 |
| 5500—5600 | 11600 |
| 5600—5700 | 11700 |
| 5700—5800 | 11800 |
| 5800—5900 | 11900 |
| 5900—6000 | 12000 |

Fyrir hver 100 kg yfir 6000 kg greiðast kr. 200.00.

c. Af bifhjólum kr. 200.00.
Verði ágreiningur um gerð bifreiðar, sker fjármálaráðherra úr.

88. gr.

Undanþegnar gjaldi samkvæmt 87. gr. eru eftirtaldar bifreiðar:

a. Skólabifreiðar.
b. Bifreiðar erlendra sendisveita og erlendra ræðismanna, ef þeir eru eigi íslenzkir ríkisborgarar.
c. Slökkvibifreiðar.
d. Sjúkrabifreiðar.
e. Snjóbifreiðar.
f. Vagnar, sem renna á spori.

Eigendur jeppabifreiða eiga rétt á endurgreiðslu skatts samkv. a- og b-liðum 87. gr., ef þeir sanna með vottorðum frá hlutaðeigandi skattstjóra eða umboðsmanni hans, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð, er fjármálaráðherra setur,

að bifreiðarnar hafi verið notaðar næstliðið ár að mestu eða öllu leyti við framleiðslu- og jarðyrkjustörf.

89. gr.

Til greiðslu kostnaðar samkvæmt lögum þessum skal, auk þeirra gjalda, sem um getur í 85.—87. gr., veita árlega sérstakt framlag á fjárlögum.

90. gr.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um innheimtu gjalda samkvæmt 85.—87. gr.

Heimilt er að ákveða með reglugerð, að innflytjendur fái gjaldfrest á greiðslu innflutningsgjalds af benzíni, er miðist við sölu birgða.

91. gr.

Eindagi skatts þess, sem um ræðir í 87. gr., er 1. janúar ár hvert, og skal skatturinn innheimtast þar sem bifreið er skrásett. Skattskyldan telst frá afhendingu skrásetningarmerkis, ef um nýskrásetta bifreið er að ræða, en ella frá 1. janúar næsta ár á undan, og reiknast skatturinn hlutfallslega fyrir hluta úr ári, ef merki hefur verið afhent á skattárinu eða skattskyld bifreið hefur ónýtzt. Skatturinn telst aðeins fyrir heila mánuði, þannig að 15 dagar eða meira telst heill mánuður, en minna broti er sleppt. Lækka skal þó skattinn samkvæmt 87. gr. að réttri tiltölu, ef skrásetningarmerki bifreiðar er afhent lögreglustjóra í skrásetningarumdæmi hennar til geymslu um tíma, þó aldrei skemur en 3 mánuði, en sleppa skal broti úr mánuði við frádrátt skattsins, þannig að meira en hálfur mánuður skal reiknast sem heill mánuður, en hálfum mánuði eða minna broti skal sleppt.

Skattinn skal sá greiða, sem er skráður eigandi á gjalddaga, eða síðast var það, ef bifreið er ónýt. Hafi bifreið skipt um eiganda (nothafa), án þess að það hafi verið tilkynnt til skráningar, hvílir greiðsluskyldan jafnframt á hinum nýja eiganda (nothafa).

Við aðalskoðun bifreiðar ár hvert skal eigandi hennar eða umráðamaður færa sönnur á, að greiddur hafi verið af henni bifreiðaskattur fyrir síðast liðið skattár, svo og skoðunargjald og vátryggingariðgjald ökumanns fyrir sama tímabil. Að öðrum kosti skal skoðunarmaður neita um skoðun á henni, taka af henni skrásetningarmerki hennar og afhenda þau lögreglustjóra, en lögreglustjóri skal ekki afhenda þau aftur, fyrr en færðar hafa verið sönnur á greiðslu fyrrgreindra gjalda.

Sé ekki komið með bifreið til skoðunar á tilsettum tíma og gjöld af henni ekki greidd, skal lögreglustjóri eftir kröfu skattheimtumanns eða skoðunarmanns stöðva bifreiðina, hvar sem hún hittist, og taka merki hennar til geymslu, svo sem að framan segir.

Bifreiðaskattur, skoðunargjald af bifreiðum og vátryggingariðgjald ökumanns hafa lögtaksrétt, og skal bifreiðin vera að veði fyrir gjöldum þessum, og skal það veð ganga fyrir öðrum veðum.

92. gr.

Sama gjald af benzíni og segir í 85. gr. skal greiða af öllum benzínbirgðum innflytjenda, sem til eru í landinu, þá er lög þessi ganga í gildi, sömuleiðis af birgðum einstakra manna eða félaga. Þó skulu gjaldfrjálsir 300 lítrar hjá hverjum eiganda.

Gjaldið skal greiða, hvort heldur benzínið er í vörzlu eiganda sjálfs eða ekki.

Hver sá, er á eða hefur umráð yfir 300 lítrum af benzíni eða meiru þann dag, er lög þessi ganga í gildi, skal skyldur að tilkynna það innheimtumanni innan 10 daga. Skal hann skyldur að aðstoða við að kanna birgðir hans og mæla, ef til kemur.

Sama gjald af hjólbörðum og gúmmíslöngum á bifreiðar og segir í 86. gr. skulu innflytjendur og heildverzlanir greiða af öllum birgðum sínum, þá er lög þessi ganga í gildi.

Innheimtumaður getur krafizt upplýsinga hjá benzíninnflytjendum og benzínsölum um sölu samkvæmt verzlunarbókum til viðskiptamanna, áður en lög þessi ganga í gildi.

93. gr.

Innheimtu gjaldsins annast lögreglustjórar, en í Reykjavík tollstjóri, og fer um reikningsskil eftir því, sem fjármálaráðuneytið skipar fyrir.

94. gr.

Fjármálaráðuneytið getur með reglugerð sett ákvæði um endurgreiðslu á innflutningsgjaldi af benzíni, er sönnur eru færðar á, að það hafi ekki verið notað eða verði ekki notað til bifreiða. Má í reglugerðinni setja ákvæði, er takmarki endurgreiðslu við ársnotkun, er nemi að minnsta kosti 250 lítrum hjá hverjum notanda, svo og aðrar takmarkanir, er nauðsynlegar þykja til að tryggja, að heimildin til endurgreiðslu gjaldsins nái réttum tilgangi.

95. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð, að greiða skuli sérstakt umferðargjald af bifreiðum, sem fara um tiltekna vegi eða brýr.

96. gr.

Tekjum samkvæmt lögum þessum skal varið til vega- og gatnagerðar, að frádregnum hálfum hundraðshluta, er varið skal til rannsókna og tilrauna við vega- og gatnagerð undir stjórn vegamálastjóra.

## XV. KAFLI

### Um sektir fyrir brot gegn lögum þessum.

97. gr.

Brot gegn lögum þessum og þeim reglugerðum og ákvæðum, sem sett verða samkvæmt lögunum, varða sektum allt að 100 þúsund krónum, nema þyngri hegning liggi við að lögum. Bæta skal einnig á kostnað hins seka tjón það, sem hann hefur unnið.

98. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

## XVI. KAFLI

### Niðurlagsákvæði.

99. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin eftirtalin lög: Vegalög, nr. 34 22. apríl 1947, með síðari breytingum, nr. 92 22. nóvember 1950, nr. 116 29. desember 1951 og nr. 36 14. maí 1955; brúalög, nr. 37 14. apríl 1954, og lög um samþykktir um sýsluvegasjóði, nr. 102 19. júní 1933, með áorðnum breytingum nr. 50 17. maí 1947 og nr. 37 23. maí 1959; lög um Austurveg, nr. 32 23. apríl 1946, l. nr. 68 25. maí 1949, um bifreiðaskatt o. fl., með áorðnum breytingum, nr. 65 5. desember 1958 og 17. gr. l. nr. 4 20. febrúar 1960, svo og önnur lagaákvæði, sem fara í bága við lög þessi.

100. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1964.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Svo fljótt sem auðið er eftir gildistöku laga þessara, skal leggja fyrir Alþingi tillögu til bráðabirgða vegáætlunar, er gildi fyrir árið 1964.

Framkvæmdaáætlanir fyrir sýsluvegi samkv. 17. gr. laga þessara skulu einnig gerðar til bráðabirgða fyrir árið 1964.

Fyrir reglulegt Alþingi haustið 1964 skal leggja tillögu til vegáætlunar samkv. III. kafla laga þessara og nái hún yfir árin 1965—1968.

Framkvæmdaáætlanir fyrir sýsluvegi 1965—1969 skulu gerðar fyrir 1. júní 1965.

Enginn vegur skal falla úr þjóðvegatölu næstu 5 ár eftir gildistöku laga þessara, nema nýr vegur hafi komið í stað gamals.

*Gjört í Reykjavík, 30. desember 1963.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**
(L. S.)

*Ingólfur Jónsson.*

Nr. 72. 9. desember.

# LÖG

## um hækkun á bótum almannatrygginganna.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Bætur samkv. lögum nr. 24/1956, um almannatryggingar, sbr. lög nr. 13/1960, um breyting á þeim lögum, lög nr. 86/1960, um bráðabirgðabreyting sömu laga, lög nr. 95/1961, um hækkun á bótum almannatrygginganna, og lög nr. 89/1962, um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 24/1956, um almannatryggingar, að undanteknum fjölskyldubótum, skulu, eftir því sem við getur átt, hækka um 15% frá 1. júlí 1963.

Frá 1. janúar 1964 skulu bætur, samkvæmt lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar, að undanteknum fjölskyldubótum, samkvæmt 15. gr. laganna, hækka um 15%.

2. gr.

Tryggingastofnun ríkisins skal greiða hækkun þá á bótum á árinu 1963, sem um ræðir í 1. mgr. 1. gr., til hvers bótaþega í einu lagi fyrir árslok 1963.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 9. desember 1963.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**
(L. S.)

*Emil Jónsson.*

# LÖG
## um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1964 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

a. Með 140% viðauka stimpilgjald og leyfisbréfagjöld önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 40/1954.
b. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkvæmt lögum nr. 60/1939, nema af gosdrykkjum samkv. 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkv. 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkv. 1. lið 3. kafla með 50% álagi.

2. gr.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

Gjöld samkvæmt lögum nr. 68/1949, um bifreiðaskatt o. fl., skal á árinu 1964 innheimta þannig:

a. Bifreiðaskattur samkvæmt c—e-liðum 1. gr. laganna fyrir árið 1963, er fellur í gjalddaga 1. janúar 1964, skal innheimtur með 100% álagi, að undanteknum skatti af vöru- og sérleyfisbifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín, en skattur af þeim skal innheimtur með 50% álagi. Einnig skal bifreiðaskattur fyrir árið 1964, er kann að verða greiddur á því ári vegna eigendaskipta á bifreiðum eða af öðrum ástæðum, innheimtur með sömu álögum. Álögin njóta sömu lögverndar og bifreiðaskatturinn, þar með talið lögveð, sem gengur fyrir öðrum veðum.
b. Innheimta skal innflutningsgjald samkvæmt b-lið 1. gr. laganna með 6 — sex — krónum af hverju kg af hjólbörðum og gúmmíslöngum á bifreiðar.

Álögin á innflutningsgjöldin af hjólbörðum og slöngum njóta sömu lögverndar og aðflutningsgjöld.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1964.

*Gjört í Reykjavík, 30. desember 1963.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**
(L. S.)

*Gunnar Thoroddsen.*

# LÖG

**um breyting á lögum nr. 41 27. apríl 1963, um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að fella niður þinglesturs- og stimpilgjöld af lánsskjölum þeim, sem um getur í 1. mgr., enn fremur af afsalsbréfum fyrir löndum og lóðum, sem keypt eru eða keypt hafa verið með aðstoð ríkissjóðs samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 30. desember 1963.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Emil Jónsson.*

Nr. 75. 30. desember.

# LÖG

**um breyting á siglingalögum, nr. 56 30. nóv. 1914.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. málsliður 1. mgr. 225. gr. laganna falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 30. desember 1963.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Emil Jónsson.*

# AUGLÝSING

## um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands.

Forseti Íslands hefur hinn 9. þ. m., samkvæmt tillögu ráðuneytisins, staðfest eftirfarandi breytingu á reglugerð nr. 76 frá 17. júní 1958 fyrir Háskóla Íslands:

1. gr.

84. gr. 2. töluliður orðist svo:

„Í læknadeild 12: Í efnafræði, í geðlæknisfræði, í handlæknisfræði, í heilbrigðisfræði, í lífeðlisfræði og lífefnafræði, í líffærafræði, í lyfjafræði, í lyflæknisfræði, í meina- og sýklafræði og 3 í tannlæknisfræði. Prófessorsembætti í tannlæknisfræði í klíniskum greinum skulu eigi veitt öðrum en tannlæknum, sem stundað hafa í 3 ár hið skemmsta sérnám í aðalgrein prófessorsembættisins við háskóla eða aðra viðurkennda stofnun. Prófessorsembætti í tannlækningum skal veita í einni grein, en með kennsluskyldu til bráðabirgða í öðrum greinum, ef þörf er á.“

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi tekur þegar gildi.

*Í menntamálaráðuneytinu, 11. október 1963.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Birgir Thorlacius.*

31. desember. Nr. 77.

# LÖG

## um breyting á lögum nr. 48 7. apríl 1956, um náttúruvernd.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Menntamálaráðherra skipar náttúruverndarráð með aðsetri í Reykjavík til fjögurra ára í senn. Er það skipað sjö mönnum, forstöðumönnum þriggja deilda Náttúrugripasafnsins, einum manni með sérþekkingu á búnaðarmálum, samkvæmt tillögu Búnaðarfélags Íslands, einum manni, sem Skógræktarfélag Íslands nefnir til, og einum verkfræðingi, samkvæmt tillögu Verkfræðingafélags Íslands. Þrjá varamenn skal skipa samkvæmt tilnefningu framangreindra félagasamtaka, og enn er menntamálaráðherra rétt að skipa þrjá náttúrufræðinga varamenn forstöðumanna Náttúrugripasafnsins. Formann og varaformann skipar menntamálaráðherra án tilnefningar.

Nú varðar náttúruverndarmál, sem náttúruverndarráð fjallar um, að einhverju leyti landsvæði eða náttúrumyndanir, sem hafa fornfræðilegt gildi, og skal þjóðminjavörður þá sitja fundi ráðsins eftir kvaðningu formanns þess.

Náttúruverndarráði er heimilt að kveðja sérfræðing á fundi ráðsins til ráðuneytis, svo sem skógræktarstjóra, skipulagsstjóra ríkisins, vegamálastjóra og raforkumálastjóra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1963.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**
(L. S.)

*Gylfi Þ. Gíslason.*

Nr. 78. 30. desember.

# FJÁRAUKALÖG
## fyrir árið 1962.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum fyrir árið 1962, eru veittar kr. 255 420 542.22 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2. gr.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 3. gr. A. er veitt:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Póstur og sími ........ af kr. 27 760 612.59 tekjum umfram fjárlagaáætlun. | kr. | 27 195 612.04 |
| 2. | Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins ........ en tekjur fóru kr. 51 177 036.47 fram úr fjárlagaáætlun. | — | 40 678 158.94 |
| 3. | Ríkisútvarp ........ en tekjur fóru kr. 3 544 363.48 fram úr fjárlagaáætlun. | — | 1 839 055.43 |
| 4. | Viðtækjaverzlun ........ af kr. 1 264 212.22 tekjum umfram fjárlagaáætlun. | — | 518 448.46 |
| 5. | Ríkisprentsmiðjan Gutenberg ........ af kr. 1 198 073.29 tekjum umfram fjárlagaáætlun. | — | 776 802.38 |
| 6. | Landssmiðjan ........ af kr. 1 426 451.66 tekjum umfram fjárlagaáætlun. | — | 1 124 037.12 |
| 7. | Tunnuverksmiðjur ........ af kr. 3 152 238.12 tekjum umfram fjárlagaáætlun. | — | 3 152 238.12 |
| 8. | Innkaupastofnun ........ af kr. 2 020 807.86 tekjum umfram fjárlagaáætlun. | — | 1 420 191.37 |
| 9. | Bessastaðabú ........ af kr 118 761.52 tekjum umfram fjárlagaáætlun. | — | 336 991.61 |
| 10. | Hvanneyrarbú ........ af kr. 561 779.64 tekjum umfram fjárlagaáætlun. | — | 773 190.37 |
| 11.a. | Hólabú ........ af kr. 593 100.14 tekjum umfram fjárlagaáætlun. | — | 1 118 517.18 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 11.b. | Hólabú (til gjalda ársins 1961) ........................ en tekjur búsins árið 1961 fóru kr. 350 098.83 fram úr fjárlagaáætlun. | kr. | 832 775.71 |
| 12. | Kópavogsbú ........................................ af kr. 106 425.83 tekjum umfram fjárlagaáætlun. | — | 82 234.19 |
| | | Kr. | 79 848 252.92 |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Til viðbótar í | 8. gr. | | eru veittar ...................... | kr. | 183 878.42 |
| — — | - 10. — | I. | — — ...................... | — | 4 485 991.53 |
| — — | - 10. — | II. | — — ...................... | — | 1 277 684.00 |
| — — | - 11. — | A. | — — ...................... | — | 4 925 047.82 |
| — — | - 11. — | B. | — — ...................... | — | 4 559 027.18 |
| — — | - 11. — | C. | — — ...................... | — | 90 606.89 |
| — — | - 12. — | | — — ...................... | — | 4 926.658.81 |
| — — | - 13. — | A. | — — ...................... | — | 6 315 888.84 |
| — — | - 13. — | B. | — — ...................... | — | 7 272 874.88 |
| — — | - 13. — | D. | — — ...................... | — | 7 769.539.49 |
| — — | - 13. — | E. | — — ...................... | — | 613 589.53 |
| — — | - 13. — | F. | — — ...................... | — | 1 433 738.77 |
| — — | - 14. — | A. | — — ...................... | — | 833 059.25 |
| — — | - 14. — | B. | — — ...................... | — | 557 854.16 |
| — — | - 16. — | B. | — — ...................... | — | 667 344.36 |
| — — | - 16. — | C. | — — ...................... | — | 325 306.00 |
| — — | - 16. — | D. | — — ...................... | — | 1 007 065.40 |
| — — | - 16. — | E. | — — ...................... | — | 307 168.81 |
| — — | - 17. — | | — — ...................... | — | 3 224 491.16 |
| — — | - 18. — | | — — ...................... | — | 3 337 297.48 |
| — — | - 19. — | 1 | — — ...................... | — | 78 101 026.54 |
| — — | - 19. — | 2 | — — ...................... | — | 713 956.67 |
| — — | - 19. — | 4 | — — ...................... | — | 3 512 910.71 |
| | | | | Kr. | 216 290 259.62 |
| Til eignaaukningar skv. 20. gr. Út eru veittar ............... Inn fóru kr. 87 742 814.07 fram úr fjárlagaáætlun. | | | | — | 41 932 624.91 |
| | | | Samtals | kr. | 258 222 884.53 |

*Gjört í Reykjavík, 30. desember 1963.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Gunnar Thoroddsen.*

# LÖG

## um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1962.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1962 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðutölum:

| | Innborganir: | | Áætlun: | | Reikningur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Tekjur samkvæmt 2. gr. fjárlaga | kr. | 1 431 800 000.00 | kr. | 1 713 813 702.00 |
| 2. | — — 3. — A. — | — | 295 000 000.00 | — | 306 101 882.03 |
| 3. | — — 3. — B. — | — | 75 000.00 | — | 78 283.22 |
| 4. | — — 4. — — | — | 2 000 000.00 | — | 8 833 809.34 |
| 5. | — — 5. — — | — | 20 000 000.00 | — | 22 632 860.23 |
| 6. | Eignahreyfingar skv. 20. gr. fjárlaga | — | 3 100 000.00 | — | 90 842 814.07 |
| | | kr. | 1 751 975 000.00 | kr. | 2 142 303 350.89 |

| | Útborganir: | | Áætlun: | | Reikningur: |
|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Gjöld samkvæmt 7. gr. fjárlaga | kr. | 9 184 184.00 | kr. | 2 838 239.55 |
| 2. | — — 8. — — | — | 1 606 430.00 | — | 1 790 308.42 |
| 3. | — — 9. — | — | 11 125 000.00 | — | 12 764 552.68 |
| 4. | — — 10. — I. — | — | 22 176 820.00 | — | 26 662 811.53 |
| 5. | — — 10. — II. — | — | 21 063 000.00 | — | 22 340 684.00 |
| 6. | — — 10. — III. — | — | 5 518 470.00 | — | 5 074 889.30 |
| 7. | — — 11. — A. — | — | 96 612 896.00 | — | 101 537 943.82 |
| 8. | — — 11. — B. — | — | 30 291 151.00 | — | 34 850 178.18 |
| 9. | — — 11. — C. — | — | 2 015 000.00 | — | 2 105 606.89 |
| 10. | — — 12. — — | — | 64 343 626.00 | — | 69 270 284.81 |
| 11. | — — 13. — A. — | — | 108 313 117.00 | — | 114 629 005.84 |
| 12. | — — 13. — B. — | — | 14 120 500.00 | — | 21 393 374.88 |
| 13. | — — 13. — C. — | — | 34 107 875.00 | — | 33 612 938.34 |
| 14. | — — 13. — D. — | — | 11 102 694.00 | — | 18 872 233.49 |
| 15. | — — 13. — E. — | — | 5 108 154.00 | — | 5 721 743.53 |
| 16. | — — 13. — F. — | — | 5 493 164.00 | — | 6 926 902.77 |
| 17. | — — 14. — A. — | — | 223 063 931.00 | — | 223 896 990.25 |
| 18. | — — 14. — B. — | — | 14 541 013.00 | — | 15 098 867.16 |
| 19. | — — 15. — — | — | 15 797 401.00 | — | 15 390 732.74 |
| 20. | — — 16. — A. — | — | 85 950 627.00 | — | 81 713 552.09 |
| 21. | — — 16. — B. — | — | 27 753 448.00 | — | 28 430 792.36 |
| 22. | — — 16. — C. — | — | 5 646 000.00 | — | 5 971 306.00 |
| 23. | — — 16. — D. — | — | 31 786 407.00 | — | 32 793 472.40 |
| 24. | — — 16. — E. — | — | 11 503 289.00 | — | 11 810 457.81 |
| 25. | — — 17. — — | — | 418 663 434.00 | — | 421 887 925.16 |
| 26. | — — 18. — — | — | 37 858 797.00 | — | 41 196 094.48 |
| 27. | — — 19. — 1. — | — | 300 000 000.00 | — | 378 101 026.54 |
| 28. | — — 19. — 2. — | — | 5 000 000 00 | — | 5 713 956.67 |
| 29. | — — 19. — 3. — | — | 8 000 000.00 | | |
| 30. | — — 19. — 4. — | — | 10 000 000.00 | — | 13 512 910.71 |

| Útborganir: | | Áætlun: | | Reikningur: |
|---|---|---|---|---|
| 31. Eignahreyfingar skv. 20. gr. fjárlaga | kr. | 110 947 172.00 | kr. | 223 634 556.50 |
| Mismunur ........................ | — | 3 281 400.00 | — | 162 759 011.99 |
| | kr. | 1 751 975 000.00 | kr. | 2 142 303 350.89 |

*Gjört í Reykjavík, 30. desember 1963.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**
(L. S.)

*Gunnar Thoroddsen.*

5. september. Nr. 80.

# AUGLÝSING

**um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.**

Forseti Íslands, herra Ásgeir Ásgeirsson, kom í nótt úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Í forsætisráðuneytinu, 5. september 1963.*

**Ólafur Thors.**

*Birgir Thorlacius.*

16. september. Nr. 81.

# FORSETABRÉF

**um að Alþingi skuli koma saman til fundar fimmtudaginn 10. október 1963.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Ég hef ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til fundar fimmtudaginn 10. október 1963.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

*Gjört að Bessastöðum, 16. september 1963.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**
(L. S.)

*Ólafur Thors.*

# AUGLÝSING

## um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands.

Forseti Íslands hefur hinn 26. okt. s. l. samkvæmt tillögu ráðuneytisins staðfest eftirfarandi breytingu á reglugerð nr. 76/1958 fyrir Háskóla Íslands:

1. gr.

46. gr. b 1 orðist svo:

„Nám í lyfjafræði lyfsala við Háskóla Íslands miðast við þrjú kennsluár, en kennsla á þriðja námsári fer þó ekki fram, nema þrír stúdentar hið fæsta séu skráðir til náms. Próf eru haldin í lok hvers kennslutímabils.“

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi tekur þegar gildi.

*Í menntamálaráðuneytinu, 6. nóvember 1963.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Birgir Thorlacius.*

Nr. 83. 18. nóvember.

# AUGLÝSING

## um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ásgeir Ásgeirsson, fór í dag í opinbera heimsókn til Bretlands.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Í forsætisráðuneytinu, 18. nóvember 1963.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Birgir Thorlacius.*

Nr. 84. 3. desember.

# AUGLÝSING

## um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ásgeir Ásgeirsson, kom í dag úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Í forsætisráðuneytinu, 3. desember 1963.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Birgir Thorlacius.*

# LÖG

## um Lífeyrissjóð barnakennara.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Lífeyrissjóður barnakennara starfar með því markmiði og skipulagi, sem segir í lögum þessum.

2. gr.

Sjóðfélagar eru þeir nefndir í lögum þessum, er skylt er að greiða iðgjöld í sjóðinn og rétt eiga á lífeyri úr honum.

3. gr.

Sjóðfélagar eru allir barnakennarar og námsstjórar barnafræðslustigsins, sem taka föst laun samkvæmt launakerfi ríkisstarfsmanna og skipaðir eru, settir eða ráðnir til ekki skemmri tíma en eins árs eða með minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti, enda sé það starf þeirra aðalstarf og hlutaðeigandi taki ekki minna en hálf þau laun, er slíku starfi fylgja fyrir fullan vinnutíma.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum. Skal einn þeirra tilnefndur af hæstarétti, og er hann formaður stjórnarinnar. Annar skal skipaður af fjármálaráðherra, en hinn þriðji kosinn af sjóðfélögum eða félagsskap þeirra, svo sem nánar verður ákveðið í reglugerð sjóðsins.

Skipunar- og kjörtími stjórnarmanna er þrjú ár.

5. gr.

Tryggingastofnun ríkisins annast reikningshald og daglega afgreiðslu sjóðsins fyrir þóknun eftir samkomulagi hennar og stjórnar sjóðsins.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðuninni án sérstakrar þóknunar.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun fjár hans. Skal ávaxta sjóðinn í tryggum verðbréfum, svo sem ríkisskuldabréfum eða öðrum bréfum með ríkisábyrgð, skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga, vaxtabréfum veðdeildar Landsbankans eða Búnaðarbankans, jarðræktarbréfum, skuldabréfum, tryggðum með fyrsta veðrétti í fasteignum samkvæmt því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð, eða með öðrum álíka tryggilegum hætti.

Ráðherra getur kveðið nánar á um útlán sjóðsins með reglugerð, þar á meðal sett fyrirmæli um lánveitingar til íbúðarhúsabygginga fyrir sjóðfélaga.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal hið fimmta hvert ár láta tryggingafræðing rannsaka fjárhag sjóðsins. Þyki honum rannsókn sín leiða í ljós, að fjárhagsgrundvöllur sjóðsins sé ótryggur, skal hann gera tillögur til stjórnar sjóðsins um aðgerðir til að efla sjóðinn. Sýni rannsóknin hins vegar, að fjárhagur sjóðsins sé svo góður, að iðgjöld mætti lækka, skal hann athuga vandlega, hversu mikil sú lækkun mætti vera, og

gera tillögur sínar um það til sjóðstjórnarinnar. Sjóðstjórnin má aldrei lækka iðgjöld meira en tryggingafræðingur hefur lagt til, að gert yrði.

8. gr.

Iðgjöld sjóðfélaga skulu eigi vera lægri en 2¼% og eigi hærri en 4¼% af launum þeirra. Ráðherra skiptir starfandi sjóðfélögum í flokka eftir upphæð launa. Skiptingin í launaflokka skal gerð þannig, að iðgjald til sjóðsins og iðgjald til almannatrygginga fyrir ógiftan karlmann sé samanlagt sem næst 6% — sex hundruðustu — af launum í öllum flokkum. Skal flokkaskipting þessi vera hin sama og fyrir aðra starfsmenn ríkisins, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 29/1963. Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum eftir af launum sjóðfélaga og greiða þau til sjóðsins innan tveggja vikna frá útborgun launanna.

Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins nema með iðgjöldum sínum.

Launagreiðendur greiði fyrst um sinn í iðgjöld til sjóðsins 6% af launum þeim, er sjóðfélagi tekur hjá þeim, og skal greiða þau til sjóðsins samtímis iðgjöldum sjóðfélaga.

Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í 30 ár, falla iðgjaldagreiðslur hans niður svo og iðgjaldagreiðslur launagreiðanda hans vegna.

Launþegi, sem yngri er en 20 ára, greiðir eigi iðgjöld til sjóðsins, enda öðlast hann eigi réttindi sjóðfélaga fyrr en hann hefur náð nefndum aldri.

9. gr.

Sjóðurinn greiðir sjóðfélögum ellilífeyri og örorkulífeyri og eftirlátnum maka þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum þeim, sem hér fara á eftir.

10. gr.

Hver sjóðfélagi, er greitt hefur iðgjöld til sjóðsins í 5 ár eða lengur og er orðinn fullra 65 ára að aldri, á rétt á árlegum ellilífeyri úr sjóðnum.

Þeir, sem gerðust sjóðfélagar, áður en lög nr. 35 14. maí 1955 tóku gildi, halda rétti þeim, er lög nr. 102 30. des. 1943, 10. gr., veittu þeim til að krefjast greiðslu ellilífeyris úr sjóðnum, er samanlagður aldur þeirra og þjónustutími nemur 95 árum, enda hafi þeir fullnægt þeim skilyrðum, sem þeirri reglu fylgdu samkvæmt eldri lögum, þar á meðal um greiðslu iðgjalda í lífeyrissjóðinn, unz greindu tímamarki er náð.

Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja starfi því, sem sjóðfélaginn gegndi síðast. Hundraðshluti þessi fer eftir iðgjaldagreiðslutíma og launaflokki samkvæmt 1. málsgrein 8. greinar. Hann er 1.6% fyrir hvert ár, ef sjóðfélaginn hefur greitt 2¼% af launum sínum í iðgjald til sjóðsins, en hækkar um 0.02% fyrir hvert 0.1%, sem sjóðfélaginn hefur greitt umfram 2¼% af launum í iðgjald, og getur hæst orðið 2% af launum fyrir hvert ár, ef sjóðfélaginn hefur greitt 4¼% iðgjald. Fyrir hvert starfsár, eftir að iðgjaldagreiðslu lýkur og þar til sjóðfélaginn öðlast rétt til að láta af störfum og fá ellilífeyri, bætist við 1% af launum í öllum flokkum, en 2% fyrir hvert starfsár eftir að iðgjaldagreiðslu er lokið og hann hefur öðlazt rétt til að fá ellilífeyri.

Heimilt er stjórn sjóðsins að greiða ellilífeyrisþegum á aldrinum 65 til 67 ára uppbót á lífeyri allt að einstaklingslífeyri almannatrygginga. Það er skilyrði fyrir slíkri uppbót, að sjóðfélaginn sé ekki lengur fullfær um að gegna starfi sínu. Til sönnunar því ber viðkomanda að leggja fram umsögn yfirmanns síns um starfshæfnina og vottorð tryggingayfirlæknis um heilsufar.

11. gr.

Hver sjóðfélagi, sem ófær verður til að gegna því starfi, sem hann hefur gegnt þangað til, og eigi á kost á öðru jafngóðu starfi við hans hæfi hjá stofnun þeirri, er hann hefur unnið hjá, eða annarri stofnun, sem tryggir starfsfólk sitt í sjóðnum, eða missir einhvern hluta af launum sínum sökum slíkrar örorku, á rétt á örorkulífeyri, ef tryggingayfirlæknir í samráði við landlækni metur örorkuna meiri en 10%. Örorkumat þetta skal aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna starfi því, er hann hefur gegnt að undanförnu.

Hámark örorkulífeyris miðast við áunninn lífeyrisrétt samkvæmt 10. gr. að viðbættum einstaklingslífeyri almannatrygginga. Ef rekja má aðalorsök örorkunnar til starfs í þágu stöðu þeirrar, sem öryrkinn gegndi, skal þó reikna áunninn lífeyrisrétt eins og sjóðfélaginn hefði gegnt stöðu sinni til 65 ára aldurs. Áunnin lífeyrisréttindi skulu reiknast af launum í því starfi sem sjóðfélaginn gegndi síðast, eins og þau eru á hverjum tíma.

Sé örorka sjóðfélagans á milli 10% og 50%, er örorkulífeyrir hans sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri eins og örorkan er metin. Sé örorkan metin 50% til 75%, er örorkulífeyririnn 50% af hámarkinu að viðbættum 2% af því fyrir hvert 1%, sem örorkan er metin umfram 50%. Sé örorkan metin 75% eða meiri, greiðist hámarksörorkulífeyrir að frádregnum örorkulífeyri almannatrygginga. Þegar öryrki, sem metinn er undir 75%, nær 65 ára aldri, fær hann greiddan ellilífeyri samkvæmt ákvæðum 10. gr. Frá sama tíma fellur niður örorkulífeyrir hans. Þó skal hann halda til 67 ára aldurs þeim hluta hans, sem miðaður er við lífeyri almannatrygginga.

Skylt er öryrkja, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur hans, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til örorkulífeyris.

Stjórn sjóðsins er heimilt að lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti.

Sömuleiðis ber stjórn sjóðsins að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvíta frá því, sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi öryrkinn á þeim tíma, sem örorkan óx, ekki verið í þjónustu annarra en þeirra aðila, sem tryggja starfsfólk sitt í sjóðnum.

12. gr.

Nú andast sjóðfélagi og lætur hann eftir sig maka á lífi, og á þá hinn eftirlifandi maki rétt til lífeyris úr sjóðnum.

Upphæð makalífeyris ákvarðast þannig, að samanlagður makalífeyrir úr sjóðnum og maka- eða ellilífeyrir, sem makinn kann að eiga rétt á frá almannatryggingunum, er hundraðshluti af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja starfi því, er hinn látni gegndi síðast. Ef starfstími sjóðfélagans hefur verið 30 ár eða skemmri, er hundraðshluti þessi 20% af greiddum launum að viðbættu 1% fyrir hvert iðgjaldagreiðsluár. Fyrir hvert ár, sem hinn látni hafði starfað eftir að iðgjaldagreiðslu lauk, en áður en hann öðlaðist rétt til ellilífeyris, hækkar makalífeyririnn um ½% af launum, en um 1% fyrir hvert starfsár eftir að iðgjaldagreiðslu var lokið og hann öðlaðist rétt til að taka ellilífeyri.

Sé makalífeyrir samkvæmt næstu málsgrein hér á undan lægri en tvöfaldur einstaklingslífeyrir almannatrygginganna, skal greiða úr sjóðnum þeim makalífeyrisþegum, sem rétt eiga á maka- eða ellilífeyri frá almannatryggingunum, það sem á vantar, að samanlagður lífeyrir þeirra nái tvöföldum einstaklingslífeyri almannatrygginganna. Þó skal greiðsla sjóðsins aldrei fara fram úr hundraðshlutum þeim, sem nefndir eru í 2. málsgrein þessarar greinar.

Nú hefur sjóðfélagi gengið í hjónaband, eftir að hann var orðinn 60 ára, eða

á þeim tíma er hann naut lífeyris úr sjóðnum eða hann var lagztur banaleguna, og úrskurðar þá stjórn sjóðsins, hvort eftirlifandi maki hans skuli njóta lífeyris úr sjóðnum eða eigi.

Réttur til lífeyris samkvæmt þessari grein fellur niður, ef hinn eftirlifandi maki gengur í hjónaband að nýju, en kemur aftur í gildi, sé hinu síðara hjónabandi slitið, enda veiti hið síðara hjónaband eigi rétt til lífeyris úr sjóðnum. Veiti síðara hjónabandið einnig rétt til lífeyris, má eftirlifandi maki velja um, hvort hann tekur lífeyri eftir fyrri eða síðari makann.

Þegar sjóðfélagi deyr, sem verið hefur tvígiftur, og lætur eftir sig tvo maka á lífi, skiptist makalífeyririnn milli þeirra, í beinu hlutfalli við þann tíma, sem hvor þeirra hefur verið giftur hinum látna sjóðfélaga á þeim tíma, er hann ávann sér lífeyrisréttindi og/eða naut lífeyris úr sjóðnum. Ef annar hinna eftirlifandi maka giftist að nýju, fellur allur lífeyririnn til hins, en skiptist aftur, sé því hjónabandi slitið, enda veiti síðara hjónabandið ekki rétt til lífeyris úr sjóðnum, eða öðrum hliðstæðum sjóði. Hliðstæð regla gildir, séu rétthafar makalífeyris fleiri en tveir.

13. gr.

Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og tekur jafnframt við öðru starfi hjá stofnun, er veitir aðgang að sjóðnum, lægra launuðu en því, er hann gegndi áður, og skal þá reikna lífeyri eftir því starfinu, sem hærra var launað.

Sama regla gildir, þegar sjóðfélagi verður af heilsufarsástæðum að láta af stöðu sinni, en tekur við öðru léttara og lægra launuðu starfi, er veitir aðgang að sjóðnum. Þegar svo stendur á sem í þessari málsgrein ræðir um, er sjóðfélaga heimilt að kaupa sér réttindi í sjóðnum fyrir þann tíma, sem úr hefur fallið. Stjórn sjóðsins getur krafizt vottorðs tryggingayfirlæknis til sönnunar því, að sjóðfélaginn verði að láta af stöðu sinni vegna heilsubrests.

Nú hefur kennari áður gegnt skólastjórastarfi það lengi, að það hefði gefið hámarkslaun í viðkomandi launaflokki á þeim tíma, er hann lætur af störfum, og skal þá taka tillit til þess við ákvörðun lífeyris samkvæmt 10., 11. og 12. gr. Laun þau, sem lífeyrir reiknast af í þessum tilfellum, skulu ákveðin að hluta eftir þeim launum, er á hverjum tíma fylgja kennarastarfinu, og að hluta eftir þeim launum, er á hverjum tíma fylgja skólastjórastarfinu. Skiptingin skal gerð í beinu hlutfalli við þann tíma, er hann gegndi hvoru starfinu um sig.

14. gr.

Börn eða kjörbörn, sem sjóðfélagi lætur eftir sig, er hann andast, og yngri eru en 18 ára, skulu fá árlegan lífeyri úr sjóðnum, þar til þau eru fullra 18 ára að aldri, enda hafi hinn látni séð um framfærslu þeirra að nokkru eða öllu leyti. Sama gildir um börn eða kjörbörn, er sá maður lætur eftir sig, er naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, er hann andaðist.

Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi, er sér um framfærslu þess, er samanlagður lífeyrir þess frá almannatryggingum og úr þessum sjóði 50% hærri en barnalífeyrir almannatrygginga. Að öðrum kosti er lífeyririnn tvöfaldur barnalífeyrir almannatrygginga.

Sama rétt öðlast börn og kjörbörn þeirra sjóðfélaga, er njóta elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, þó svo, að barnalífeyrir úr þessum sjóði til barna eða kjörbarna örorkulífeyrisþega skal vera jafnmargir hundraðshlutar af fullum barnalífeyri eins og örorkulífeyrir hans er margir hundraðshlutar af hámarksörorkulífeyri.

Fósturbörn, er sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, njóta sama réttar og börnum og kjörbörnum er veittur hér að framan.

15. gr.

Nú lætur sjóðfélagi í lifanda lífi og af öðrum ástæðum en elli eða örorku af stöðu þeirri, er veitti honum aðgang að sjóðnum, og á hann þá rétt á að fá endurgreidd með vöxtum iðgjöld þau, er hann hefur greitt í sjóðinn. Stjórn sjóðsins ákveður vextina með hliðsjón af ávöxtun sjóðsins. Hafi hann verið sjóðfélagi í 5 ár, er hann lætur af stöðunni, getur hann með samþykki sjóðstjórnarinnar valið um, hvort hann fær iðgjöld sín endurgreidd eða hann lætur þau standa inni í sjóðnum. Velji hann síðari kostinn, fellur niður réttur hans og skylda til að greiða framvegis iðgjöld til sjóðsins og réttur hans til örorkulífeyris. Ellilífeyrir hans og lífeyrir eftirlátins maka, sbr. 10. og 12. gr., miðast þá við starfstíma hans og laun þau, er hann hafði, er hann lét af stöðu þeirri, er veitti aðgang að sjóðnum, en tekur sömu breytingum og lífeyrir annarra, eftir að taka lífeyris hefst. Hafi hann gegnt stöðunni skemur en 30 ár, skal lífeyrir barna hans ákveðinn þannig, að full upphæð samkvæmt 14. gr. skal margfölduð með hlutfallinu á milli þess ellilífeyris, sem hann hefur öðlazt rétt til, og þess ellilífeyris, sem hann hefði öðlazt rétt til, ef hann hefði gegnt starfinu í 30 ár.

Sé staða eða starfi sjóðfélaga lagður niður, á hann rétt á að vera áfram í sjóðnum og greiða iðgjöld, sem miðuð séu við laun í þeim launaflokki, er staða hans var í, er hún var lögð niður. Nýtur hann þá sömu réttinda úr sjóðnum sem hann hefði gegnt starfi sínu áfram.

16. gr.

Þeir, sem keypt hafa sér og ekkjum sínum lífeyri samkvæmt lögum nr. 33 27. júní 1921, öðlast réttindi eftir lögum þessum, enda greiði þeir iðgjöld sín samkvæmt ákvæðum þeirra frá þeim tíma, er þau öðlast gildi.

17. gr.

Nú flyzt starfsmaður, er verið hefur í lífeyrissjóði barnakennara, í starf, sem veitir aðgang að öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum, og má þá endurgreiða með vöxtum öll iðgjöld, sem greidd hafa verið í sjóðinn hans vegna. Það er skilyrði fyrir þessari endurgreiðslu, að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir viðkomandi mann í þeim sjóði, er hann flyzt til. Þó má aldrei endurgreiða hærri upphæð en þarf til þess að kaupa réttindi í hinum nýja sjóði, er svari til þess starfstíma, er sjóðfélaginn hafði öðlazt.

Sjóðstjórninni er heimilt að nota sömu endurgreiðslureglu, þegar sjóðfélagi flyzt í annan sjóð, sem viðurkenndur er af fjármálaráðuneytinu, eða kaupir sér lífeyri hjá tryggingarfélagi eða stofnun, sem starfar eftir reglum, er fjármálaráðuneytið samþykkir, enda gildi þar sömu reglur um endurkaup og greiðslu lífeyris eins og ákveðnar eru í þessum lögum.

Á tilsvarandi hátt er sjóðstjórninni heimilt, að fengnu samþykki fjármálaráðherra, að veita viðtöku, vegna manns, er gerist sjóðfélagi í þessum sjóði, fé því, er kann að vera endurgreitt hans vegna úr sjóði, tryggingarfélagi eða stofnun, sem að framan greinir, og veita honum réttindi í samræmi við það.

Einnig getur stjórnin, þegar sérstaklega stendur á, og með samþykki fjármálaráðherra, heimilað réttindakaup aftur í tímann, þó að ekki sé um að ræða yfirfærslu á réttindum annars staðar frá. Það skal meðal annars sett sem skilyrði fyrir slíkum réttindakaupum, að mælt sé með þeim af fræðslumálastjóra, að gengið sé frá réttindakaupunum innan árs frá því kennarinn var ráðinn og að hann sé eldri en 35 ára, þegar hann öðlast aðgang að sjóðnum.

Hafi kennari, sem gerist sjóðfélagi, áður stundað barnakennslu sem forfallakennari eða stundakennari, er honum heimilt, að fengnum meðmælum fræðslumálastjóra, að kaupa sér réttindi í sjóðnum fyrir þann tíma, enda hafi starfið verið að minnsta kosti helmingur af fullu kennarastarfi við hlutaðeigandi skóla. Stjórn

sjóðsins ákveður, eftir tillögum tryggingafræðings hans, upphæð þá, er greiða skal fyrir réttindi þessi, eftir því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð sjóðsins.

18. gr.

Ríkissjóður ábyrgist greiðslu lífeyris samkvæmt lögum þessum, og greiðist hann með 1/12 árslífeyrisins fyrirfram á hverjum mánuði.

19. gr.

Nánari ákvæði um skipulag sjóðsins og starfsemi hans skal setja í reglugerð, er fjármálaráðherra staðfestir, en stjórn sjóðsins semur.

20. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja lífeyriskröfur samkvæmt lögum þessum, og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt, og eigi má halda lífeyrisfé eftir til greiðslu opinberra gjalda.

21. gr.

Þeir, sem orðnir voru sjóðfélagar fyrir gildistöku laga þessara og eiga betri lífeyrisrétt samkvæmt eldri lögum um Lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra, skulu halda honum.

22. gr.

Frá og með 1. janúar 1964 skulu allir sjóðfélagar öðlast full réttindi samkvæmt lögum um almannatryggingar. Allir sjóðfélagar, sem gjaldskyldir eru til almannatrygginganna, skulu frá sama tíma greiða fullt gjald til þeirra. Stjórn sjóðsins semur við Tryggingastofnun ríkisins um uppgjör fyrir liðinn tíma í samræmi við ákvæði almannatryggingalaga um það atriði.

Sjóðfélagar, sem fengið hafa lífeyri fyrir 1. janúar 1964, skulu fá greiddan lífeyri samkvæmt ákvæðum þessara laga frá gildistöku þeirra. Þeim lífeyrisþegum, er fengu greiddan lífeyri samkvæmt 18. gr. fjárlaga og höfðu að honum meðtöldum hærri lífeyri eftir gömlu reglunum en hinar nýju mundu veita þeim, skal greidd uppbót þannig, að þeir haldi sama heildarlífeyri og þeir höfðu áður. Ríkissjóður endurgreiðir Lífeyrissjóði barnakennara mismuninn á þeim lífeyri, sem þannig verður greiddur, og þeim lífeyri, er viðkomandi lífeyrisþegum bar samkvæmt eldri reglum.

23. gr.

Nú verður almenn hækkun á áður úrskurðuðum elli-, örorku- og makalífeyri, vegna almennrar hækkunar á launum opinberra starfsmanna, sbr. 10., 11. og 12. gr., og endurgreiðir þá ríkissjóður Lífeyrissjóði barnakennara þá hækkun, er þannig verður á lífeyrisgreiðslum.

24. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1964. Jafnframt eru þá úr gildi numin lög nr. 66/1955, um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra, 3. gr. laga nr. 111/1954 og 1. mgr. 53. gr. laga nr. 33/1958, báðar að því er varðar lífeyri úr Lífeyrissjóði barnakennara og ekkna þeirra, svo og önnur ákvæði, sem fara kunna í bága við ákvæði laga þessara.

*Gjört í Reykjavík, 30. desember 1963.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Gunnar Thoroddsen.*

# LÖG
## um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Að ég samkvæmt 3. gr. laga nr. 14 20. apríl 1963, um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland, hef látið fella meginmál hinna fyrrnefndu laga, laga, nr. 6 1943, laga nr. 14 1955, laga nr. 36 1959, og laga nr. 74 1960, inn í lög nr. 44 19. júní 1933 og gef þau út svo breytt:

1. gr.

Ráðuneytinu veitist heimild til að veita Háskóla Íslands einkaleyfi til stofnunar íslenzks happdrættis með þeim skilyrðum, er nú skal greina:

a) Hlutatalan má ekki fara fram úr 65000, er skiptist í 12 flokka á ári hverju, og skal dráttur fara fram fyrir einn flokk í mánuði hverjum, dráttur fyrsta flokks í janúarmánuði og tólfta flokks í desembermánuði. Enn fremur er heimilt að gefa út nýjan flokk hlutamiða, B-flokk, er tengist við þau númer, sem heimilt er að gefa út samkv. ákvæðum þessa töluliðs.

b) Hlutina má selja bæði í heilu lagi og hálfu og enn fremur skipta þeim í fjórðunga, ef reynslan sýnir, að það sé hentugra. Iðgjald fyrir hvern hlut ákveður fjármálaráðherra, að fengnum tillögum happdrættisráðs og happdrættisstjórnar Háskólans.

c) Vinningarnir skulu vera samtals ekki færri en 5000 og nema að minnsta kosti 70% af iðgjöldunum samantöldum í öllum 12 flokkum.

d) Drættirnir fara opinberlega fram í Reykjavík, og skal happdrættinu stjórnað þaðan undir eftirliti nefndar, er ráðuneytið skipar til þess. Skulu í henni sitja 5 menn, og skulu að minnsta kosti 2 nefndarmenn vera lögfræðingar. Nefndin leggur fullnaðarúrskurð á allan ágreining um lögmæti eða gildi dráttanna, bæði meðan dráttur fer fram og eftir að honum er lokið, enda hefur hún eftirlit með happdrættinu. Kostnaðinn af þessu ber happdrættið.

e) Einkaleyfið til að reka happdrættið má veita til 1. janúar 1974. Ágóðanum skal varið til að reisa byggingar á vegum Háskóla Íslands. Enn fremur er heimilt að verja honum til greiðslu kostnaðar af viðhaldi háskólabyggingarinnar, til fegrunar á háskólalóðinni, til þess að koma á fót og efla rannsóknarstöðvar við hinar ýmsu deildir háskólans, svo og til að greiða andvirði rannsóknar- og kennslutækja, sem háskólinn telur sér nauðsyn að eignast. Leyfishafi greiði í ríkissjóð 20% af nettóársarði í einkaleyfisgjald.

2. gr.

Þegar nægilegs fjár hefur verið aflað til þess að reisa hús handa háskólanum, skal ríkið taka happdrættið í sínar hendur og reka það á þann hátt, sem fyrir er mælt í lögum þessum. — Hreinum ágóða af happdrættinu skal varið til þess að mynda sjóð, sem nefnist byggingarsjóður Íslands. Skal tekjum sjóðsins varið samkvæmt ályktun á fundi í sameinuðu þingi í hvert skipti, til þess að reisa opinberar byggingar eftir því sem til vinnst og þörf krefur.

3. gr.

Frá því er happdrættið tekur til starfa er bannað að setja á stofn nokkurt annað peningahappdrætti hér á landi, svo og að verzla með eða hafa á boðstólum

miða erlendra happdrætta, auglýsa þá í innlendum blöðum eða hvetja menn til að kaupa þá, að viðlögðum sektum, 200—2000 kr. Þó getur ráðherra veitt undanþágu að því er kemur til happdrættis, sem stofnað er til í góðgerðaskyni einungis, og þó með skýrum takmörkum, t. d. fyrir einn bæ eða sveitarfélag, og aldrei nema um ákveðinn tíma, lengst eitt ár.

4. gr.

Enginn má selja hlutamiða happdrættisins, nema löggiltir útsölumenn þess, er fá miðana frá aðalskrifstofu happdrættisins, og öll önnur verzlun með miðana er bönnuð, að viðlögðum sektum, er nánar má ákveða í reglugerð. Ráðuneytinu er heimilt að leyfa happdrættinu að taka í sínar hendur útsölu hlutamiða.

5. gr.

Ekki skal taka tillit til vinninga í happdrættinu við útreikning tekjuskatts eða aukaútsvars það ár, sem vinningarnir falla.

6. gr.

Ráðuneytið setur reglugerð um starfsemi happdrættisins í einstökum atriðum og má í henni ákveða sektir fyrir brot. Mál út af brotum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

*Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1963.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**
(L. S.)

*Gunnar Thoroddsen.*